Hæstaréttardómar 1962

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1962

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Aðfararheimild 736
Afréttur 641
Atvinnuheiti 475
Ábúðarlög 119
Ábyrgð 272
Áfengislagabrot 50, 115, 141, 147, 481, 492, 556, 559, 562, 587, 702, 710, 715, 718, 819, 868
Áfrýjun 795
Ásiglingartilraun 291
Átroðningur 123
Barn, umráð 349
Barnsfaðernismál 660
Beitarréttur 31
Beitiland 90
Bifreiðar:
a) Refsikrafa 46, 50, 115, 141, 238, 481, 492, 556, 559, 562, 587, 702, 710, 715, 718, 819, 868
b) Nytjastuldur 141
Brunabætur 207
Búskipti hjóna 376, 381, 387
Dómarar 12
Dráttarvextir 123
Eignarnám 31
Eignarréttur 84, 90, 488, 590, 881
Endurheimta 184, 401
Fasteignir 580, 590
Félagsdómur 318
Fiskveiðabrot 291, 565, 573
Fjallskil 641
Fjármál hjóna 376, 381, 387, 415
Fjárnám 405, 695

Bls.
Fjársvik 243
Foreldravald 349
Framhaldsöflun gagna 1, 237, 271, 317, 603
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 277, 415, 449, 453, 485, 780, 850, 907
b) frá Hæstarétti 2, 323, 846, 916
Fyrirsvar aðilja 449
Gerðardómur 736
Heimvísun, sjá Ómerking.
Hjónaskilnaður 376, 381, 387
Hlutafélög 853
Innheimtufé 649
Innsetningargerð 349, 372
Kaup 24, 424, 580, 666
Kaupmiðlun 24
Kosningarréttur 485, 752
Kvöð 835
Kynferðisbrot 740
Kærumál:
Dómari 12
Frávísun 323, 449, 453, 780
Frestur 446
Lögmenn 95
Matsbeiðni 105
Málskostnaður 147
Sakasamlag 646
Vitni 844
Landhelgisbrot 291, 565, 573
Lax- og silungsveiði 488
Leigusamningur um svæði í kaupstað 152
Lífeyrissjóður togarasjómanna 330
Líkamsáverkar 14, 46
Lóð, eignarréttur 881
Lóð, umferðarréttur 835
Lóðarréttindi 84, 152, 881
Lóðamörk 881
Lyfsöluleyfi 460
Læknaráð 237
Lögbannsgerð 610, 846
Lögmenn 95, 159, 356
Lögtak 310, 625
Lögveð 330
Manndráp 238, 755
Matsbeiðni 105
Málflutningsmenn 95, 159, 356
Málsgögn 1, 237, 271, 317, 603

Bls.
Málskostnaður 147
Meiðyrðamál 101, 159, 861, 900
Miskabætur 900
Niðurfelling máls 721
Nytjastuldur 141
Opinberir starfsmenn 243
Ómerking 277, 318, 410, 415, 485, 623, 625, 850, 875, 907
Sakasamlag 646
Sameign 881
Samningar 31, 152, 424, 456, 721, 808, 835, 881
Siðferðisbrot 740
Sjóveð 392
Skaðabótamál 14, 19, 40, 56, 74, 123, 137, 163, 192, 217, 232, 302, 335, 356, 424, 438, 456, 512, 536, 545, 605, 613, 628, 685, 705, 745, 783, 797, 814, 823, 900, 907
Skiptamál 376, 381, 387, 415, 637, 907
Skuldamál 123, 272, 405, 499, 649, 666, 695
Starfslaun, sjá Vinnulaun.
Stóreignaskattur 310, 680
Sýslunarmenn 243
Söluskattur 182
Togveiðar 291, 565, 573
Tómlæti 456, 532
Umferð um land 123
Umferðarréttur um lóð 835
Umferðarlög 46, 50, 115, 141, 238, 481, 556, 559, 562, 587, 702, 710, 715, 718, 819, 868
Útburðarmál 119, 527, 721
Útsvarsmál 69, 119, 283, 288, 401
Vátrygging 5, 207
Veiðiréttindi 488
Vinnulaun 184, 392, 405, 435, 456, 532, 808
Vitni 844
Þjófnaður 109, 141
Ættarjörð 508
Ökuleyfissvipting 50, 115, 141, 238, 481, 556, 559, 562, 587, 702, 710, 715, 718, 819, 868

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLIII. árgangur **1962**

Miðvikudaginn 10. janúar 1962.

Nr. 77/1961. X
gegn
Y

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur Hæstaréttar gengur í máli þessu, er rétt, að Læknaráð láti í té álitsgerð um eftirfarandi:

1. Er hugsanlegt, að barn áfrýjanda, er í málinu greinir, sé getið 23. nóvember 1958?

2. Verði umsögn Læknaráðs samkvæmt 1. tölulið neikvæð, er um það spurt, hvort tiltök séu á, að barnið sé getið 16. nóvember 1958.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð um framangreind atriði.

Mánudaginn 15. janúar 1962.

Nr. 137/1961. **Hjörleifur Gústafsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Benedikt Sigurbjörnssyni (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júlí 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1961 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma fjárnám í eignum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi hefur eigi sótt þing í Hæstarétti og enginn af hans hendi, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt símskeyti sýslumannsins í Suður-Múlasýslu 8. janúar 1962, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, var sama dag „í skiptarétti Suður-Múlasýslu felldur úr gildi úrskurður um gjaldþrot Benedikts Sigurbjörnssonar frá Gilsárteigi S.-Múl., dags. 16/5 '60, samkvæmt eigin beiðni gjaldþrota þar um og 2. mgr. 5. gr. gjaldþrotaskiptalaga".

Úrskurði skiptadóms Suður-Múlasýslu um, að bú stefnda skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, varð einungis haggað samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1929 eða með áfrýjun, en eigi með úrskurði hliðstæðs dóms í héraði. Skiptadómur hefur nú fellt úr gildi úrskurð sinn um gjaldþrotaskipti á búi stefnda. Er nefndur úrskurður skiptadómsins þannig eigi til fyrirstöðu því, að áfrýjandi haldi fram fjárnámi því, sem

hann hyggst gera á hendur stefnda. Hinn áfrýjaði úrskurður stendur af sömu ástæðum eigi fjárnámi í vegi. Það brestur því rök til að bera mál þetta undir Hæstarétt, og ber að vísa því frá dómi.

Þar sem eigi hefur verið komið fyrir Hæstarétt af hendi stefnda, fellur málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 28. október 1960.

Með beiðni, dags. 1. þ. m., fór Jón Hjaltason hdl. þess á leit f. h. Hjörleifs Gústafssonar, Vestmannaeyjum, að fjárnám yrði gert hjá gerðarþola, Benedikt Sigurbjörnssyni, sem talinn er eiga heima að Gilsárteigi I, Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, til lúkningar dómsskuld, kr. 20.000.00, ásamt vöxtum og kostnaði allt samkvæmt dómi bæjarþings Vestmannaeyja frá 11. júní s.l. Var tekið fram í beiðninni, að óskað væri eftir því, að fjárnám yrði gert í fjárhæð þeirri, sem lagt var á löghald hjá m. b. Sjöfn, VE 37, 28. apríl s.l., en gerðarþoli var þar skipverji s.l. vertíð. Upphæð þessi, kr. 4.443,10, er nú í vörzlum embættisins.

Gerðarþola var tilkynnt með símskeyti 15. þ. m., að gerðin myndi hefjast miðvikudaginn 19. þ. m. á skrifstofu embættisins, kl. 10.00.

Gerðarþoli mætti ekki og enginn af hans hálfu, en fógeti skipaði gerðarþola réttargæzlumann.

Skömmu eftir að gerðin hófst, hringdi sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu til fógeta og tilkynnti, að með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Suður-Múlasýslu s.l. vor, hefði gerðarþoli verið úrskurðaður gjaldþrota. Mótmælti sýslumaður því f. h. þrotabúsins, að umbeðin gerð næði fram að ganga. Kvaðst sýslumaður mundu árétta mótmæli sín í símskeyti samdægurs. Sýslumaður upplýsti og, að umræddur gjaldþrotaskiptaúrskurður hefði ekki enn verið auglýstur og innköllun til skuldheimtumanna ekki verið gefin út.

Fógeti kvaðst þá mundu fresta gerðinni ex officio, unz símskeyti þetta lægi fyrir. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælti því, að gerðinni væri frestað á þeim forsendum, að ekki væri

rétt, að gerðarþoli hefði verið úrskurðaður gjaldþrota, enda engin auglýsing verið birt um úrskurðinn. Krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda, að gerðin færi fram þegar í stað. Með úrskurði, sem kveðinn var upp í réttinum samdægurs, var gerðinni frestað ex officio til föstudagsins 21. þ. mán.

Í símskeyti, sem embættinu barst 19. þ. m. frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, kveður hann gerðarþola hafa verið úrskurðaðan gjaldþrota 16. maí s.l. með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Suður-Múlasýslu, og mótmælir sýslumaður hverjum þeim aðgerðum, sem á einhvern hátt kynnu að raska rétti þrotabúsins.

Er málið var tekið fyrir aftur 21. þ. m., krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að gerðin næði fram að ganga þrátt fyrir framkomin mótmæli. Mótmælti umboðsmaður gerðarbeiðanda því, að gerðarþoli væri gjaldþrota lögum samkvæmt, með því að gjaldþrot, sem úrskurðað kynni að hafa verið fyrir hálfum fimmta mánuði, væri niður fallið og ekki lengur gildandi þegar af þeirri ástæðu, að gjaldþrotaskiptin hafi ekki verið auglýst og engin innköllun gefin út til lánardrottna gerðarþola, sbr. 6. gr. laga nr. 25/1929.

Svo sem að framan greinir, tilkynnti sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu réttinum, að gerðarþoli hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 16. maí s.l., og mótmælti því f. h. þrotabúsins, að gerðin færi fram. Upplýst er, að gjaldþrotaskiptaúrskurður hefur ekki enn verið auglýstur eða innköllun gefin út. Með því að það þannig liggur fyrir, að gerðarþoli hefur verið úrskurðaður gjaldþrota og vitneskja um þetta barst réttinum, áður en gerðin hafði farið fram, þykir, þrátt fyrir það að ákvæða 6. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 virðist ekki hafa verið gætt, bera með tilvísun til 22. gr. nefndra laga að neita um framgang gerðarinnar.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Því úrskurðast:

Synja ber um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 124/1961. **Vátryggingafélagið h/f**
(Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Sveini Bergmann Bjarnasyni og gagnsök
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. júlí 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. s. m. og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og svo málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júlí 1961, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. s. m. og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 83.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1960 til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Vátryggingafélagið h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sveini Bergmann Bjarnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. janúar, hefur Sveinn Bergmann Bjarnason bifreiðarstjóri, Seljavegi 5 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. september 1960, gegn Vátryggingafélaginu h.f., Klapparstíg 26 hér í bæ, til greiðslu á kr. 137.000.00 með 11% ársvöxtum af kr. 83.000.00 frá 1. apríl 1960 til greiðsludags og af kr. 54.000.00 frá 22. september s. á. til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara krafðist hann þess við munnlegan flutning málsins, að hann yrði aðeins dæmdur til að greiða ¾ hluta af kr. 83.000.00 og að upphæðin 54.000.00 verði lækkuð verulega.

Samkomulag er með aðiljum málsins, að ganga fram hjá sáttanefnd, og sáttatilraun fyrir dóminum hefur reynzt árangurslaus.

Málavextir eru svofelldir:

Stefnandi í þessu máli er leigubifreiðarstjóri að atvinnu. Átti hann fólksflutningabifreiðina R 6750, sem er Kaiser gerð, smíðaár 1954, og ók henni frá bifreiðastöðinni Hreyfli hér í bæ. Bifreið þessa hafði stefnandi kaskó-tryggða hjá stefnda fyrir kr. 90.000.00. Stefnandi hafði síðast greitt vátryggingariðgjald sitt hinn 14. janúar 1960, og gilti sú greiðsla fyrir tímabilið frá 2. janúar 1960 til 2. apríl 1960.

Að kveldi föstudagsins hinn 18. marz 1960 lagði stefnandi bifreið sinni á bílastæðið milli Safnhússins og Arnarhvols.

Bifreiðina lét stefnandi síðan standa á nefndu bílastæði í nokkra daga. Er hann hugðist sækja hana til aksturs skömmu fyrir hádegi hinn 23. marz, var hún horfin. Stefnandi fór þá niður að bifreiðastöðinni Hreyfli og spurðist fyrir um, hvort nokkur þar hefði séð bifreiðina. Frétti hann þá, að kunningi hans, Guðbjartur Pálsson, Eskihlíð 16B hér í bæ, hefði spurt eftir honum þar. Skömmu síðar náði stefnandi sambandi við Guðbjart þennan, sem tjáði honum, að bifreiðin hefði sézt oltin uppi í Hvalfjarðarfjöru. Hringdi Guðbjartur fyrir stefnanda til Sveins Sæmundssonar yfirlögregluþjóns og tilkynnti honum þjófnað bifreiðarinnar. Sveinn sendi Guðmund Erlendsson rannsóknarlögreglumann með þeim stefnanda og Guðbjarti á staðinn, þar sem bifreiðin var sögð oltin. Er þeir koma upp í Hvalfjörð, þar sem heitir undir Múlafjalli, sjá þeir bifreiðina, þar sem hún liggur á hvolfi niðri í fjöru, í um það bil 35—40 metra fjarlægð

frá veginum, og mátti heita gerónýt. Var bifreiðin svo dregin til Reykjavíkur af kranabíl frá Þungavinnuvélum h/f, og hefur hún verið geymd á vegum þess fyrirtækis síðan.

Fram hefur farið umfangsmikil rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu Reykjavíkur á því, hver valdur muni vera að verknaðinum, en ekki hefur tekizt að upplýsa það. Stefnandi hefur verið yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni og skýrt svo frá:

„Föstudaginn 18. marz ók ég bifreið minni síðast, því að á föstudagskvöld, um kl. 22.30, þá ákvað ég að fara á kendirí og lagði bifreiðinni á bílastæðið við Þjóðleikhúsið norðan við Safnhúsið. Ég læsti öllum hurðum á venjulegan hátt, en fór síðan út um framhurðina. Allar rúður voru uppi. Hurðarhún vantaði á vinstri afturhurð, og því var ekki hægt að læsa henni á venjulegan hátt. Ég gat opnað bifreiðina þannig, að ég stakk fingri inn í gatið, þar sem húnninn átti að vera, og gat á þann hátt ýtt læsingarjárninu til, svo að hurðin opnaðist. Þeir, sem þekkja til bifreiða og læsinga á þeim, vita um það, hvernig var hægt að opna bifreiðina. Er ég hafði gengið frá bifreiðinni á framangreindan hátt, fór ég á dansleik í Þórskaffi. Að dansleiknum loknum fór ég niður á plan Hreyfils við Kalkofnsveg. Lenti ég þar í handalögmálum við mann, er Einar Hjaltason heitir og er frá Keflavík. Í áflogum þessum hlaut ég glóðarauga á bæði augu. Næsta morgun, er ég vaknaði, voru augu mín bólgin og blá, þannig að ekki var nokkur leið, að ég gæti sinnt atvinnu minni. Ég var heima hjá mér laugardaginn 19. og sunnudaginn 20. marz. Mánudaginn 21. marz fór ég til Guðmundar Björnssonar læknis, og leit hann á augu mín. Ég var á lækningastofunni frá því kl. 15.30 til 17.00. Guðmundur Björnsson læknir, hefur gefið svohljóðandi vottorð, dagsett 24. marz 1960: „Það vottast hér með, að Sveinn Bjarnason, Seljavegi 5, Reykjavík, leitaði til mín 21. marz, 1960 (síðari hluta dags) vegna glóðarauga á báðum augum.“ Er ég losnaði af lækningastofunni, fór ég á kvikmyndasýningu í Nýja-bíó, er hófst kl. 17.00. Að lokinni sýningunni fór ég heim til mín. Um kl. 21 sama kvöld fór ég í húsið nr. 36 við Lindargötu, en þar býr fyrrverandi eiginkona mín ásamt börnum okkar. Á leið minni þangað sá ég, að bifreið mín stóð enn á bílastæðinu við Þjóðleikhúsið, þar sem ég hafði lagt henni á föstudaginn. Ég var heima hjá fyrrverandi eiginkonu minni og börnum þar til kl. um 10 að morgni miðvikudagsins hinn 23. marz, en þá fór ég heim til mín til þess að sækja kveikjuláslyklana að bifreiðinni og síðan upp að Safnhúsi til að sækja bifreiðina, en þá var hún horfin.

Er ég kom að bifreiðinni upp í Hvalfirði, sá ég, að ekki hafði verið tengt beint á vélina, því að auðséð var á kveikjulásnum, að honum hafði verið snúið með lykli. En ég veit ekki til þess, að aðrir en ég hafi lykla að bifreið minni. Ég átti bifreiðina einn, og ekki hvíldu á henni aðrar skuldir en kr. 7.000.00, er ég skulda Lánasjóði bifreiðarstjórafélags Hreyfils. Einnig skulda ég Guðbjarti Pálssyni, Eskihlíð 16B, kr. 10.000.00, en sú skuld er ekki beint í sambandi við bifreiðina, þótt þessir peningar hafi runnið til hennar að mestu. Ég harðneita að hafa snert bifreiðina, R 6750, frá því á föstudagskvöldið hinn 18. marz, er ég lagði henni á áðurgreint bílastæði, og hefi engan grunaðan um þjófnaðinn."

Fimmtudaginn hinn 24. marz s. á. talaði Kristján Sigurðsson lögreglumaður við Jóhönnu Árnadóttur, Lindargötu 36, fyrrverandi eiginkonu stefnanda. Aðspurð sagði hún Kristjáni, að stefnandi hefði komið til sín seint að kveldi mánudagsins 21. marz s.l. og dvalizt hjá sér þar til á miðvikudagsmorgun, um kl. 10.00. Þá fór hann út og ætlaði að ná í bifreiðina og koma fljótlega aftur og fara inn í Laugarnes fyrir Jóhönnu, en hann kom þá ekki aftur. Jóhanna kveðst hafa farið út um kl. 21.00 á þriðjudagskvöldið hinn 22. marz, og hafi hún þá séð bifreið stefnanda á bílastæðinu við Þjóðleikhúsið. Jóhanna fullyrti, að stefnandi hefði ekkert farið út á því tímabili, er hann var hjá henni, en hún kveðst hafa farið út bæði á þriðjudag og þriðjudagskvöld.

Miðvikudaginn 23. marz s. á. hafði lögregluþjónninn Einar Halldórsson ásamt lögregluþjóni nr. 32 tal af móður stefnanda að heimili hans Seljavegi 5. Kvað hún stefnanda ekki heima. Sagði hún, að hann hefði farið að heiman um kl. 11.30 f. h. og sagzt ætla að fara að aka bifreið sinni, sem átti að hafa verið geymd við Arnarhólstún frá því á aðfaranótt síðastliðins laugardags. Hún sagði stefnanda hafa verið heima síðastliðna nótt, þ. e. miðvikudagsnóttina, vegna lasleika, og hann muni hafa setið eitthvað að víndrykkju um síðastliðna helgi.

Guðbjartur Pálsson bifreiðasali, Eskihlíð 16B, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Miðvikudagsmorguninn hinn 23. marz kom Ragnar Thorvaldsen, Framnesvegi 34, til mín á bifreiðasöluna og sagði mér, að hann hefði frétt, að bifreiðin R 6750 hefði fundizt niðri í fjöru undir Múlafjalli í Hvalfirði. Ég þekkti vel Svein Bjarnason, er venjulega ekur þeirri bifreið, og datt mér strax í hug, að Sveinn hefði verið með bifreiðina. Hringdi ég því til móður hans, sem tjáði mér, að hann væri nýfarinn að heiman. Ég ók þá áleiðis heim

til stefnanda, ef ske kynni að ég mætti honum, en svo var ekki. Ég spurðist einnig fyrir um stefnanda, en án árangurs. Fór ég þá aftur á bílasöluna, en skömmu síðar, um kl. 11.30, kom stefnandi til mín og sagði mér, að bifreið sinni hefði verið stolið. Ég hringdi þá strax til Sveins Sæmundssonar yfirlögregluþjóns og sagði honum frá þjófnaðinum á bifreiðinni. Mér er ókunnugt um ferðir stefnanda síðustu daga, áður en ég hitti hann umræddan dag."

Ragnar Thorvaldsen leigubifreiðastjóri hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá: „Á miðvikudagsmorguninn, um kl. 10.00, fór ég inn á veitingastofuna í Aðalstræti 8 og fékk mér kaffi. Meðan ég var staddur þar, komu þar inn maður og kona. Kannaðist ég við manninn í sjón, en veit ekki nafn hans. Maðurinn sagði mér, að hann hefði verið á ferð um Hvalfjörð um morguninn og séð bifreiðina R 6750, þar sem hún lá niðri í fjöru undir Múlafjalli. Ég kom þessu númeri ekki fyrir mig og skildi við nefndan mann, án þess að ræða frekar við hann. Er ég kom út af veitingastofunni, var ég að reyna að koma því fyrir mig, hver æki umræddri bifreið, og mundi þá, að stefnandi var með þessa bifreið. Ég fór svo niður á bílasölu Guðbjarts Pálssonar í Varðarhúsinu og sagði honum frá því, sem ég hafði frétt. Ég þekki stefnanda og sá hann miðvikudaginn 23. marz, um hádegi, niðri á bílasölu Guðbjarts Pálssonar, en þar áður hafði ég séð hann einhvern tíma í síðastliðinni viku."

Guðmundur Erlendsson rannsóknarlögreglumaður hefur gefið svofellda skýrslu: „Miðvikudaginn 23. marz 1960, um kl. 12.45, fór ég ásamt Sveini Bjarnasyni, en hann er eigandi bifreiðarinnar R 6750, sem stolið var úr bænum í gær, upp í Hvalfjörð. Þar fannst bifreiðin oltin út af veginum. Í bifreiðinni með okkur Sveini voru þrír aðrir bílstjórar. Bifreiðin R 6750, sem er af Kaiser gerð, svört á lit, lá á hvolfi niðri í fjöru, um 35—40 metra frá veginum. Í vegkantinum voru för í veginum, er gáfu til kynna, að hún hafði verið á leið til Reykjavíkur, er hún fór út af veginum, og virtist mér, sem hún hefði verið á lítilli ferð. Bifreiðin hefur farið nokkrar veltur, áður en hún staðnæmdist í fjörunni, en ekki er unnt að segja, hve margar. Ég tók nokkrar ljósmyndir af bifreiðinni. Enginn kveikjuláslykill var í bifreiðinni, en af stöðu kveikjulássins mátti sjá, að lykill hafði verið notaður. Mér láðist að aðgæta, í hvaða gír bifreiðin var. Ekki gat ég annað séð en bifreiðin væri gerónýt."

Ýmsir fleiri voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglunni í sambandi við mál þetta, en ekki þykir ástæða til að rekja það nánar í dómi þessum, þar eð ekki tókst að upplýsa, hver valdur var að verknaðinum.

Samkvæmt beiðni rannsóknarlögreglunnar fór fram athugun á kveikjulás bifreiðarinnar, R 6750, hinn 27. september 1960. Þá athugun framkvæmdu bifreiðaeftirlitsmennirnir Hörður Jónsson og Magnús Wíum, að viðstöddum tveimur lögreglumönnum. Við athugun þessa kom í ljós, að unnt var að opna kveikjulásinn með nokkrum lyklum af mismunandi gerðum.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Skaðabætur vegna skemmda á bifreiðinni .... kr. 83.000.00
2. Bætur fyrir atvinnutjón ..... — 54.000.00

Alls kr. 137.000.00

Um 1.

Stefnandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á því, að bifreiðinni hafi verið stolið og velt þannig, að hún gereyðilagðist. Bifreiðin hafi verið í löglegri kaskótryggingu hjá stefnda, er tjónið varð, og vátryggingariðgjöld hafi verið greidd skilvíslega. Tryggingin taki til þess háttar tjóns, er varð á bifreiðinni, og beri stefnda því að greiða sér kr. 83.000.00, en það er mismunurinn á tryggingarupphæðinni, sem er kr. 90.000.00, og á núverandi verðmæti bifreiðarinnar, er stefnandi telur vera kr. 7.000.00. Stefndi byggir sýknukröfu sína á þessum lið á því, að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlega óvarkárni með því að skilja bifreið sína eftir á nefndu bílastæði og láta hana standa þar dögum saman í hirðuleysi, þrátt fyrir það að stefnanda væri kunnugt um, að mjög auðvelt var að komast inn í bifreiðina, eins og læsingu vinstri afturhurðar hennar var háttað. Þetta tiltæki stefnanda hafi leitt til þess, að henni var stolið og hún ónýtt. En samkvæmt 10. grein hinna almennu vátryggingarskilyrða, er prentuð séu aftan á tryggingarskírteini bifreiðarinnar, séu skemmdir, er stafi af stórkostlegri óvarkárni, undanskildar ábyrgð félagsins. Verði ekki litið svo á, að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlega óvarkárni, þá krafðist stefndi þess til vara við munnlegan flutning málsins, að vátryggingarupphæðin yrði lækkuð um 25% samkvæmt 12. grein, 3. málsgrein, hinna almennu vátryggingarskilyrða, er segir: Hafi vátryggði valdið

tjóninu af óvarkárni, sem þó ekki má telja stórkostlega (sbr. 10. gr.), má félagið draga allt að 25% frá skaðabótunum.

Ekki verður talið, að framangreind hegðun stefnanda feli í sér stórkostlega óvarkárni, en þegar þess er gætt, hversu auðvelt hefur verið að komast inn í bifreið stefnanda, eins og læsingarútbúnaði hennar var háttað, verður ekki hjá því komizt að telja það gálaust af honum að skilja bifreiðina eftir í hirðuleysi á oftnefndu bílastæði dögum saman. Að vísu er ekki sannað, inn um hvaða dyr þjófurinn hefur farið, en eins og málum er hér háttað, verður að skýra þann vafa stefnanda í óhag. Þykir af þessum sökum verða að lækka nokkuð bætur til stefnanda. Með hliðsjón af 3. málsgrein 12. greinar hinna almennu vátryggingarskilyrða þykir rétt að lækka bætur til stefnanda um ¼ hluta. Þannig ber stefnda að greiða stefnanda kr. 62.250.00 samkvæmt þessum kröfulið. Hafa þá áður verið dregnar frá vátryggingarupphæðinni þær kr. 7.000.00, er stefnandi telur ræfil bifreiðarinnar verðan, enda hefur stefndi ekki mótmælt því mati stefnanda.

Um 2.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 1. febrúar s.l., var þessum lið vísað frá dómi ex officio vegna vanreifunar. Umboðsmaður stefnanda hefur lýst því yfir, að hann muni ekki kæra þennan dóm.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 62.250.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 7.400.00 í málskostnað.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélagið h/f, greiði stefnanda, Sveini Bergmann Bjarnasyni, kr. 62.250.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 191/1961. **Ragnar Halldórsson**
gegn
Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni, og Marteini Björgvinssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Héraðsdómari víkur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1961. Hann krefst þess, að hinn reglulegi héraðsdómari, Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður, víki sæti og að varnaraðili Marteinn Björgvinsson greiði honum kærumálskostnað.

Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir um kæruefnið.

Frá varnaraðilja Marteini Björgvinssyni hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Samkvæmt beiðni varnaraðilja Marteins Björgvinssonar lét héraðsdómari sem lögreglustjóri tvívegis hinn 29. ágúst 1961 rjúfa læsingu hliðs þess, sem í málinu greinir, en eigi er í ljós leitt, að svo brýnir hagsmunir hafi verið í húfi, að aðgerðir mættu eigi bíða fógetaúrskurðar. Að svo vöxnu máli þykir héraðsdómari eiga að víkja sæti í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili Marteinn Björgvinsson greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Björn Sveinbjörnsson, víkur sæti í máli þessu.

Varnaraðili Marteinn Björgvinsson greiði sóknaraðila,

Ragnari Halldórssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. des. 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 13. des., var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í framangreindu máli um málsatriði, sem tekið var til úrskurðar í gær.

Lögmaður stefnanda, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., hefur krafizt þess, að hinn reglulegi dómari víki sæti í máli þessu vegna fyrri afskipta hans af því.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1961, af Ragnari Halldórssyni, Kirkjubrú, Bessastaðahreppi, gegn Marteini Björgvinssyni, Litlu-Brekku, sama hreppi, til viðurkenningar á því, að stefndi eigi ekki rétt til umferðar yfir land stefnanda að „sumarbústaðnum" Litlu-Brekku.

Af hálfu stefnda hefur enn eigi verið lögð fram greinargerð í málinu.

Málsatvik kveður stefnandi vera þau, að hinn 19. júlí 1954 hafi hann orðið eigandi að jörðinni Kirkjubrú. Yfir land þessarar jarðar er vegur að þjóðjörðinni Brekku, og er umferðarréttur eiganda hennar viðurkenndur. Árið 1947 leigði landbúnaðarráðherra Gunnlaugi Árnasyni 457,7 m^2 lóð úr landi jarðarinnar til byggingar sumarbústaðar. Er lóðin í túni jarðarinnar, á túnmörkum, í horni á milli heimreiðarinnar og túns jarðarinnar Kirkjubrúar. Leigutaki mun hafa byggt á lóðinni sama ár. Árið 1958 eignaðist stefndi, Marteinn Björgvinsson, svo hús þetta. Stefnandi eignaðist jörðina Kirkjubrú árið 1954. Lét hann afskiptalaust, að stefndi notaði umræddan veg yfir land hans að jörðinni Brekku, enda kvaðst hann lítið ónæði hafa haft af því.

Á s.l. sumri hafi það hins vegar gerzt, að stefndi og fólk hans hafi hvað eftir annað skilið eftir opið hliðið á girðingu um tún jarðar hans. Þar sem beiðni stefnanda um, að hliðinu væri lokað, var ekki sinnt, lokaði hann því með lás.

Stefnandi virðist reisa kröfu sína um það, að dómarinn víki sæti á eftirfarandi atriðum, sem koma fram í stefnu:

„Marteinn fékk þá lögregluþjón úr Hafnarfirði til þess að saga lásinn í sundur. Tók þá Marteinn og hans fólk upp aftur að skilja hliðið eftir opið. Setti ég því enn nýjan lás fyrir hliðið,

en þá mun Sveinn Erlendsson hreppstjóri hafa fengið fyrirmæli sýslumanns um að fjarlægja lás þennan, og gerði hann það. Skildi hreppstjóri eftir hliðið opið. Fauk það fyrir vindi, og mátti ég bæta úr þessu, svo að skaði hlytist ekki af vegna gripa minna.

Þar sem ég taldi þessar aðfarir sýslumanns og manna hans lögleysu, lokaði ég enn á ný hliðinu með lás og mótmælti því við sýslumann, að hann hefði nokkra heimild til að opna hliðið. Mun sýslumaður hafa við nánari athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að hér væri um einkamál að ræða, og skipti hann sér ekki af málinu frekar sem lögreglustjóri."

Með vísan til framanritaðs verður eigi á það fallizt, að dómarinn hafi haft þau afskipti af því deilumáli, sem hér er til úrlausnar, að ástæða sé til, að hann víki dómarasæti í málinu, og verður krafa umboðsmanns stefnanda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns stefnanda um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 70/1961. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Garðari Söebeck Jónssyni.
(Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Líkamsmeiðing.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali er atburður sá, sem mál þetta er af risið, ranglega talinn hafa gerzt hinn 14. febrúar 1960 í stað 1959, en eigi skiptir þetta máli um úrlausn sakarefnis, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951. Hér fyrir dómi hefur niðurstaða

héraðsdóms, að því er skaðabætur varðar, verið samþykkt af hendi ákærða.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Garðar Söebeck Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Áka Jakobssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 3. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 7576/1960: Ákæruvaldið gegn Garðari Söebeck Jónssyni, er tekið var til dóms 28. október s.l.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 14. maí 1960, höfðað gegn ákærðum Garðari Söebeck Jónssyni, Hverfisgötu 34 í Reykjavík, fyrir líkamsárás skv. 217. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er ákærður fyrir:

að ráðast á Sigurð Jónsson, Grenimel 5, á Kjörbarnum í Lækjargötu snemma morguns 14. febr. s.l. og slá Sigurð 3 högg í andlitið. Fékk Sigurður áverka af höggunum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 10. september 1912 á Bíldudal.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1935 12/5 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun og 14 kr. skaðabætur í sama máli.

— 12/8 Kærður af Freygarði Þorvaldssyni fyrir bifreiðaárekstur. Lokið með skaðabótagreiðslu.
— 20/9 Aðvaraður fyrir akstur án afturljóss.
1936 10/2 Kærður af Kr. Friðrikssyni fyrir meint svik. Málið féll niður, af því að kærandinn fékkst ekki til að mæta og gefa skýrslu.
1937 30/3 Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
— 25/8 Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar á alm. færi.
— 28/8 Kærður fyrir að aka bifreið á girðingu. Afgreitt til hlutaðeigandi vátryggingarfélags. Ekki talin ástæða til málssóknar.
— 7/11 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
— 23/11 Aðvörun fyrir að hafa of marga farþega í bifreið.
— 2/12 Sætt, 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1938 5/2 Kærður af Sveini Egilssyni fyrir meint svik. Sent sýslumanni í Barðastrandarsýslu 28/10 til dómsálagningar. Fellt niður, sbr. bréf Dómsmálaráðuneytisins 24/1 '39.
— 15/6 Kærður fyrir smáþjófnað. Látið falla niður, með því þýfið var undir 30 kr. virði.
1940 26/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 27/12 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1938 8/9 Siglufjörður: 30 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 26/5 Kærður fyrir innbrot og skemmdarverk í sumarbústað. Afgreitt með skaðabótum. Að öðru leyti féll málið niður, sbr. 257. gr. hegningarlaga, með því að refsingar var ekki krafizt.
— 3/8 Kærður fyrir árás. Afgreitt með 125 kr. skaðabótum.
1943 28/4 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 29/10 Sátt: 300 kr. sekt og 500 kr. skaðabætur fyrir brot á 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 18. gr. áfengislaga.
1944 11/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1/12 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1945 8/1 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
— 13/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.
— 15/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 8/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 22/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt
— 7/9 Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningar-

laga og 18. gr. áfengislaga, 100 kr. skaðabætur í sama máli.

1947 23/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.

— 10/8 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 1/12 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1948 15/5 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.

1950 8/7 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1954 14/12 Rvík. Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á 109. gr. hegningarlaga, 23. gr. bifreiðalaga, lögreglusamþykkt og umferðarlögum.

1955 20/4 Rvík. Áminning fyrir ölvun og ólæti.

1956 12/4 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1958 18/4 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1959 6/1 Rvík. Kærður fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytis 4/3 1959 (1167/59).

Hinn 14. febrúar 1959 kærði Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, Grenimel 5 hér í borg, til rannsóknarlögreglu yfir því, að ákærði hefði ölvaður þá um morguninn, klukkan um 06.30, að tilefnislausu slegið sig með krepptum hnefa þrjú högg, fyrst á vinstra gagnauga, þá á vinstra kjálkabarð og loks á munninn, þar sem hann var við matarkaup á Kjörbarnum við Lækjargötu í Reykjavík. Frásögn þessa staðfesti Sigurður fyrir dómi. Hann kvað höggin hafa verið þung og þegar tekið að blæða úr andliti hans. Engin orðaskipti hafi farið milli þeirra og hann ekkert viðnám veitt ákærða, er þegar hvarf á braut. Sigurður kvaðst hafa þekkt ákærða í yfir tuttugu ár og þeir ekið frá sömu bifreiðastöð, og neitaði að hafa gert nokkuð á hlut ákærða áður, sem réttlætt gæti slíka árás.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið við vínneyzlu föstudagskvöldið 13. febrúar 1959 og aðfaranótt næsta laugardags. Hann kvaðst hafa gerzt ölvaður og óljóst munað atvik síðari hluta næturinnar, en taldi þó, að hann hefði gengið til hvílu. Ekki sagðist ákærði minnast þess, að hann hefði komið í Kjörbarinn við Lækjargötu árla laugardagsmorgunins og þar veitzt að Sigurði Jónssyni. Kvaðst hann stórlega efast um, að svo hefði getað verið. Ekki sagðist ákærði hafa borið kala til Sigurðar.

Þrjú vitni voru kvödd fyrir dóm, er öll voru algáð stödd á Kjörbarnum umrætt sinn. Staðhæfðu þau öll, að Sigurði hefðu verið veitt þrjú hnefahögg í andlitið algjörlega að ósekju og án þess að hann lyfti hendi til varnar. Unnu vitnin eiða að framburðum sínum. Eitt vitnanna, Gunnar Bjarg Ólafsson bifreiðarstjóri, kvaðst hafa þekkt ákærða til margra ára, og fullyrti vitnið, að það hefði verið ákærði í máli þessu, er sló Sigurð Jónsson umrætt sinn.

Í læknisvottorði er áverkum Sigurðar Jónssonar lýst þannig, en hann fór samstundis á Slysavarðstofu Reykjavíkur: „Á neðri vör innanverðri er ca. 3 cm langur og nokkuð djúpur skurður. Annar minni skurður (ca. ½ cm) á höku, rétt neðan við neðri vör. Örlítið glóðarauga (hæmatom) á efra augnloki v. auga, og er hvítan (sclera) dálítið blóðhlaupin. Maðurinn kvartar um verki í v. auga og dálítinn höfuðverk. Hann virðist alveg ódrukkinn og kemur sjálfur akandi í bifreið sinni.

Aðgerð: Skurður innan á neðri vör saumaður saman í staðdeyfingu. Skyndiplástur á minni skurðinn á hökunni."

Fullsannað er með vitnaframburðum þeim, sem raktir hafa verið hér að framan og í samræmi eru við önnur gögn málsins, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem réttilega er lýst í ákæruskjali. Varðar brot hans við 217. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans eftir atvikum og með sérstakri hliðsjón af sakarvottorði hans hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði.

Sigurður Jónsson hefur gert eftirfarandi skaðabótakröfu á hendur ákærða:

1.	Atvinnutap í 6 daga á kr. 500.00	kr. 3.000.00
2.	Læknishjálp	— 100.00
3.	Fataskemmdir	— 800.00
4.	Miskabætur	— 4.000.00
		Samtals kr. 7.900.00

Gegn mótmælum ákærða er ekki auðið að taka til greina bætur samkvæmt töluliðum 1—3, að öðru leyti en með kr. 10.00 samkvæmt 2. lið, sem er hluti Sigurðar af læknishostnaði og reikningur er lagður fram fyrir, enda hefur Sigurður Jónsson á engan hátt rökstutt kröfurnar, þótt honum hafi ítrekað verið gefinn þess kostur. Bætur samkvæmt 4. lið eru hæfilega ákveðnar kr. 4000.00.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu og þar með talin máls-

varnarlaun hins skipaða verjanda, hr. hdl. Kristjáns Eiríkssonar, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Garðar Söebeck Jónsson, sæti varðhaldi 4 mánuði.

Ákærði greiði Sigurði Jónssyni, Grenimel 5, kr. 4010.00 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hr. hdl. Kristjáns Eiríkssonar, kr. 1000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 24/1959. **Leifur Kristleifsson** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1959. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 126.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Slysi því, sem mál þetta er af risið, var eigi svo háttað, að það verði rakið til vanbúnaðar skips, handvammar skipverja eða annarrar áhættu, er stefndi ber ábyrgð á. Sam-

kvæmt þessu og forsendum héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. nóvember 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Leifur Kristleifsson sjómaður, Lyngbergi, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 12. janúar 1957, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 126.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu, en stefndi hefur ábyrgðartryggingu hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Mál þetta var rekið fyrir bæjarþinginu til 13. febrúar 1957, en var þá með samkomulagi aðilja flutt í sjó- og verzlunardóm.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 1. júlí 1956 var b/v Þorsteinn Ingólfsson að veiðum fyrir norðurlandi. Veður var kyrrt og lítill sjór. Um kl. 18.00, er unnið var að því að koma bakborðsvörpunni útbyrðis, reyndist rosskúlan föst í gálgarúllunni. Var þá slakað á togvírnum og rykkt í hann á víxl í því skyni að losa rosskúluna. Sveiflaðist togvírinn við þetta upp og niður. Meðan þetta gerðist, stóð stefnandi, sem var háseti á togaranum, í svelgnum mitt á milli öftustu lúgu og öldustokks og var að taka snúninga af litla gilsinum. Er hér var komið, var hann búinn að festa krók þann, sem er á öðrum enda gilsins, í öldustokkinn og bjóst nú til að festa hinn enda hans á togvinduásinn. Er hann hafði stigið áfram eitt skref á leið sinni þangað, skrikaði honum fótur á hálu þilfarinu, og rann hann í áttina að öldustokknum, en þilfarinu mun halla á þessum stað lítið eitt til þeirrar áttar. Um leið og þetta varð, sveiflaði stefn-

andi vinstri hendinni, og slóst togvírinn, að sögn hans, þá í höndina með þeim afleiðingum, að þumalfingurinn brotnaði.

Stefnandi tekur það skýrt fram, að hann hafi verið búinn að festa gilskrókinn í öldustokkinn, áður en fyrirmæli voru gefin um að losa rosskúluna á þann hátt, sem lýst hefur verið. Kveðst hann ekki muna greinilega, hvort oft hafi verið búið að framkvæma þessa tilraun, er slysið varð, en telur, að búið hafi verið að endurtaka hana oftar en einu sinni. Honum hafi og verið kunnugt um, hvað til stóð, er byrjað var á þessu, og hafi hann talið sig vera á öruggum stað, þar sem hann var, áður en honum skrikaði fótur. Stefnandi segir, að ekki hafi verið veltingur á skipinu, og kveðst hann telja hálku á þilfarinu orsök þess, að honum skrikaði fótur, en á þessum stað hafi, auk slors, verið mikil slepja, enda hafi mjög gott veður verið búið að vera næstu daga á undan og því aldrei gengið sjór yfir þilfarið.

Vitnið Þórður Guðmundur Hermannsson, skipstjóri á b/v Þorsteini Ingólfssyni, kveðst hafa verið á stjórnpalli, þegar umrætt slys varð. Er kallað var, að rosskúlan hefði festst, hafi það staðið við framglugga stýrishúss og séð stefnanda standa mitt á milli lestarops og öldustokks, að því er virtist, í algjörlega öruggri fjarlægð frá öllu hættulegu, eins og vitnið kemst að orði. Vitnið kveðst hafa litið af stefnanda og aftur eftir skipinu, en um leið og vírinn var strengdur hafi það litið fram aftur og séð þá, að stefnandi var kominn nálægt vírnum. Kveðst vitnið telja, að slysið hafi orðið, um leið og vírinn var strengdur. Vitnið kveður stefnanda hafa verið með gilsinn í hendinni, og hafi því dottið í hug, að hann hafi ætlað að seilast með hann yfir vírinn og hengja hann í öldustokkinn, en slíkt hafi verið óvarlegt, eins og hér stóð á. Vitnið segir, að enginn teljandi sláttur hafi getað komið á vírinn, er rykkt var í hann, þó hafi að sjálfsögðu verið nokkur titringur á honum og sveifla upp á við. Vitnið kveðst að lokum ekki hafa séð, að stefnanda skrikaði fótur, en það hafi allt að einu vel getað átt sér stað.

Vitnið Karl Adólfsson var við togvinduna í umrætt sinn og hafði það starf á hendi að slaka á togvírnum, þegar varpan var látin falla í sjó. Vitnið kveðst vera vant þessu starfi og í þetta skipti hafi það verið vel fyrir kallað og óþreytt. Ekkert hafi verið athugavert við togvinduna og hún hafi látið vel að stjórn. Þegar rosskúlan festist, hafi það kippt í vírinn og losað hann á víxl, svo sem venja sé til, þegar slíkt kemur fyrir. Áður en það kippti í vírinn, hafi það að gætt, hvort nokkur væri fyrir vírnum. Stefn-

andi hafi þá staðið á þilfarinu bakborðsmegin, og hafi það ekki séð, að honum væri nokkur hætta búin. Stefnandi hafi verið þessu verki vanur, og því hafi það talið ástæðulaust að vara hann sérstaklega við því, að kippt yrði í vírinn. Slysið hafi orðið, þegar kippt var í vírinn í fyrsta skiptið. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að stefnandi hrasaði, þó geti vel verið, að hann hafi runnið til, þótt það sæi það ekki.

Framangreind vitni og fjórir skipstjórar, sem látið hafa uppi álit í málinu að beiðni stefnda, eru á einu máli um það, að aðferðin við að losa rosskúluna, sem lýst hefur verið hér að framan, sé sú, sem venjulega sé við höfð, og ekki komi til annarra úrræða, nema hún bregðist.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að óverjandi hafi verið að ætla að losa rosskúluna á þann hátt, sem lýst hefur verið, enda hafi sveiflur þær á togvírnum, sem við þetta mynduðust, valdið slysinu. Eðlilegast hafi verið að losa rosskúluna með sleggju, en úr því að það var ekki gert, heldur beitt aðferð þeirri, sem lýst hefur verið, hafi þeim er verkinu stjórnuðu, borið að vara þá við, er nærstaddir voru. Með hliðsjón af þessu telur stefnandi, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð á slysinu.

Sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

1.	Atvinnutjón	kr.	106.000.00
2.	Sársauki og óþægindi	—	20.000.00
		Kr.	126.000.00

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að slys það, sem um ræðir, hafi ekki orðið með þeim hætti, að unnt sé að leggja á hann fébótaábyrgð á afleiðingum þess að neinu leyti. Að rosskúlan festist á þann hátt, sem hér varð, sé mjög algengt á togveiðum. Þegar svo fer, sé yfirleitt ekki um aðra aðferð að ræða til að losa hana en hér var beitt. Þetta hvort tveggja sé öllum þeim, sem á togurum starfa, kunnugt. Þyki því með öllu óþarft að taka fram hverju sinni, að skipverjar eigi að gæta sín að verða ekki fyrir togvírnum, þegar svona stendur á. Slys það, sem stefnandi varð fyrir, hafi ekki átt orsök sína í því, að öðruvísi væri farið að í umrætt sinn en venja sé til. Heldur hafi orsök slyssins verið sú, að hann rann til á þilfarinu, sveiflaði um leið út vinstri hendi til þess að verja sig falli, en rak þá fingurinn í togvírinn. Tilviljun ein hafi ráðið því, í hvað fingur stefnanda rakst. Það hefði allt

eins getað orðið einhver fastur hlutur eða sjálft þilfarið. Um orsök þess, að stefnanda skrikaði fótur, sé aftur á móti ekki fullkunnugt. Þó sé fullvíst, að það hafi ekki átt rætur að rekja til tilrauna til að losa rosskúluna á þann hátt, sem lýst hefur verið. Sennilegt megi telja, að stefnandi hafi runnið á slori eða einhverju því líku, en á afleiðingum slíks beri hann einn ábyrgð.

Það er algengt á togveiðum, að hin svonefnda rosskúla sé föst, þegar setja á vörpuna útbyrðis. Þegar þetta kemur fyrir, er tíðast, að reynt er að losa kúluna með þeirri aðferð, sem lýst hefur verið hér að framan. Aðferð þessi er fljótvirk og ber oftast árangur. Verður ekki fallizt á það með stefnanda, að óvarlegt sé að beita henni, enda sveiflast togvírinn eingöngu upp og niður, meðan á þessu stendur, og er því hættulaust þeim, sem framhjá gengur og heldur sig í hæfilegri fjarlægð. Stefnandi er vanur störfum á togurum, og honum var kunnugt um, hvað hér var á seyði og að til stóð að freista þess að losa rosskúluna með umræddri aðferð. Það verður og eigi annað séð en hann hafi þá verið á alveg öruggum stað. Með hliðsjón af þessu verður að vísa framangreindum röksemdum stefnanda á bug.

Við munnlegan flutning málsins var því hreyft af hálfu stefnanda, að vanrækt hafi verið að halda þilfari skipsins hreinu, en það, hve hált þar var af slori, hafi einmitt valdið því, að honum skrikaði fótur. Á þessari vanrækslu þeirra, er verkum stjórnuðu á þilfari, beri stefndi ábyrgð.

Það er ekki véfengt, að stefnanda hafi skrikað fótur sakir þess, að þilfarið, þar sem hann var staddur, var hált af slori, eins og hann staðhæfir. Á hinn bóginn verður skipstjórnarmönnum ekki gefið að sök, að hált var á þilfarinu af þessum sökum, þar sem ógjörningur er að koma í veg fyrir slíkt, meðan á veiðum stendur.

Samkvæmt því, sem að framan getur, verður slys það, er mál þetta fjallar um, ekki rakið til neinna þeirra atvika, er starfsmönnum stefnda verði gefin sök á. Slysið var og heldur ekki í eðli sínu þannig, að reglum skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur verði beitt. Brestur því skilyrði til að leggja á stefnda fébótaábyrgð á slysinu og afleiðingum þess, og verður hann sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Leifs Kristleifssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 194/1960. **Magnús Thorlacius f. h. Veuve Louis Le Drézen**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Jóni Halldórssyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Riftun kaups. Kaupmiðlun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1960. Hann hefur hinn 19. júlí 1961 fengið novaleyfi til að hafa uppi nýjar kröfur í Hæstarétti. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum frakkneska franka 174.835.00 eldri (anciens francs) með 6% ársvöxtum af frakkneskum frönkum 906.163.00 frá 3. febrúar 1956 til 14. marz 1958, af frakkneskum frönkum 174.835.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 23. nóvember 1960 og krafizt þess, að önnur ákvæði héraðsdóms en málskostnaðar verði staðfest og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ferdinand Jóhannsson & Co. hafði á hendi kaupmiðlun

netja þeirra, sem í máli þessu greinir. Ferdinand Jóhannsson stórkaupmaður hefur í vottorði 6. desember 1957 skýrt frá því, að gagnáfrýjandi hafi kvartað við hann undan of lítilli möskvastærð á netjum þeim, sem komu hingað til lands 18. janúar 1956 og leyst höfðu verið út af hendi gagnáfrýjanda 7. marz 1956, og hafi gagnáfrýjandi jafnframt lýst því, að hann neitaði að taka við síðari netjasendingunni, þar sem ugga mætti, að möskvastærð þeirra netja væri heldur eigi rétt. Hins vegar hafi verksmiðjan „er hér var komið, sent frá sér netin, og komu þau nokkru síðar til Reykjavíkur". En samkvæmt öðrum gögnum kom síðari netjasendingin til Reykjavíkur 10. marz 1956. Þar sem Ferdinand Jóhannsson hafði kaupmiðlunina á hendi, mátti gagnáfrýjandi beina til hans yfirlýsingu sinni um riftun. Meta verður, að yfirlýsing þessi hafi verið gild, þótt fram kæmi, áður en síðari netjasendingin kom hingað til lands og gagnáfrýjandi mátti kanna netin, þar sem síðar meir kom í ljós við skoðun sérfróðra manna á þeim, að möskvar þeirra voru allmiklum mun stærri en gagnáfrýjandi hafði áskilið sér í samningi. Eru því eigi efni til að taka kröfur aðaláfrýjanda í málinu til greina, en með hliðsjón af því, að gagnáfrýjandi tjáði eigi kaupmiðlaranum afstöðu sína með skýrum og tvímælalausum skriflegum yfirlýsingum, svo sem góð viðskiptavenja útheimtir, þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 19. október 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hrl. hér í borg höfðað f. h. Veuve Louis Le Drézen, Léchiagat-Guilvinec, Finistèresýslu, Bretaníuskaga, Frakklandi, með stefnu, birtri 16. nóvember 1957, gegn Jóni Halldórssyni útgerðarmanni, Holtsgötu 8 hér í borg, til greiðslu skuldar, að fjárhæð fr. franka 906.163.00, með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1956 til greiðsludags

og málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu farmskírteinis um síðargreinda vörusendingu.

Við hinn munnlega málflutning breytti stefnandi kröfum sínum á þann veg, að hann krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda hina eldri frönsku franka 174.835.00 með 6% ársvöxtum af fr. fr. 906.163.00 frá 3. febrúar 1956 til 14. marz 1958, en af fr. fr. 174.835.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Þann 8. október 1955 pantaði firmað F. Johannsson & Co hér í borg fyrir stefnda 200 nælonþorskanet. Pöntun þessa sendi F. Johannsson & Co til umboðsfirma í Frakklandi, að nafni Guy Nahmias. Síðast greint firma sendi því næst hingað til landsins staðfestingu á pöntuninni, dagsetta 19. október 1955. Undirritaði stefndi staðfestinguna, og mun hún síðan hafa verið send stefnanda, sem þar var tilgreindur seljandi netjanna. Bæði í frumpöntuninni, dagsettri 8. október, og staðfestingu hennar, dagsettri 19. október, er skýrt tekið fram, að möskvar allra netjanna eigi að vera 93 mm milli hnúta (knot to knot). Sölufirmað, stefnandi máls þessa, afgreiddi netin í tvennu lagi. Kom fyrri sendingin til landsins þann 18. janúar 1956, en henni var veitt móttaka á afgreiðslu Eimskipafélags Íslands þann 7. marz 1956. Var kaupverð þeirrar sendingar jafnframt greitt. Síðari sendingin, 96 net, kom til landsins 10. marz 1956. Stefndi neitaði að taka við vörunni og greiddi ekki kaupverðið, og höfðaði stefnandi þá mál þetta.

Í aðiljaskýrslu, dagsettri 16. nóvember 1957, skýrir stefndi svo frá málavöxtum:

„Seint á árinu 1955 pantaði ég hjá herra stórkaupmanni Ferdinand Jóhannssyni, Rvík, 100 nælonþorskanetjaslöngur, 26 möskva djúpar og 93 mm legg milli hnúta. Og 100 sl. og 30 möskva djúpar 93 mm leggur.

Verksmiðjan afgreiddi pöntun þessa þannig, að fyrst komu 100 sl., 26. möskva djúpar, sem ég innleysti fljótlega. Þegar farið var að fella þessi net, kom í ljós, að möskvastærðin var ekki eins og umsamið var, heldur neðan við 90 mm. Af því leiddi, að netin náðu ekki venjulegri lengd, og varð því afgangur af teinunum, sem skera varð af til stórtjóns („standard" lengd á þorskanetjum, felldum, 30 faðmar). Þegar farið var að fiska í netin, fékkst í þau miklu minni afli en þau net, sem notuð voru jafnhliða og höfðu rétta möskvastærð, þ. e. 93 mm legg.

Að fenginni þessari reynslu neitaði ég að taka við síðari helm-

ingi pöntunarinnar. En síðar gaf ég kost á því til samkomulags við umboðsmanninn, herra Ferdinand Jóhannsson, að innleysa slöngurnar með 40% afslætti. Þessu boði var ekki sinnt, en í þess stað löngu seinna höfðaði verksmiðjan mál á hendur mér. Og hefur herra Ferdinand Jóhannsson tjáð mér, að í því sambandi hafi verið framkvæmd mæling á möskvastærð á þessum netjum (sem liggja á afgreiðslunni), og hafi þá komið í ljós, að möskvastærðin sé um 100 mm milli hnúta. Þetta var mér ókunnugt, en hins vegar er þessi möskvastærð sízt betur passandi en á þeim netjum, sem ég fékk.

Það skal tekið fram, að þegar ég og aðrir pöntuðu net og línur frá erlendum verksmiðjum, treystum við því ávallt, að rétt sé afgreitt, og gerum aldrei mælingu á veiðarfærum við móttöku þeirra á skipaafgreiðslu, enda er það í fyrsta sinni, sem svona ónákvæmni kemur fyrir í þau 35 ár, sem ég hef að staðaldri keypt inn veiðarfæri, og mætti það verða mér til afsökunar á því að athuga þetta ekki strax við móttöku fyrri sendingarinnar.

Það bakaði mér mikið tjón, að net þessi voru ekki eins og um var beðið, því af þeirri ástæðu varð ég netjalaus á þeim tíma, sem vel aflaðist, og einnig það, að þau voru ódýrari en þau net, sem ég varð að kaupa með allt of litlum fyrirvara."

Þessa skýrslu sína staðfesti stefndi fyrir dómi þann 8. desember 1958.

Vitnið Ferdinand Jóhannsson stórkaupmaður hefur skýrt svo frá í vottorði, dags. 6. desember 1957:

„Seinast á árinu 1955 pantaði Jón Halldórsson útgerðarmaður, Holtsgötu 9 í Reykjavík, hjá mér 200 nælonþorskanetjaslöngur frá Veuve Louis Le Drèsen, Boite Post í Bretagne. Skyldi möskvastærð vera 93 mm og helmingur netjanna vera 26 möskva djúp, en hinn helmingurinn vera 30 möskva djúp net.

All-löngu eftir að fyrri sendingin kom til landsins, kom Jón Halldórsson að máli við mig og tjáði mér, að hann hefði eftirlátið þau net Gunnari Guðmundssyni skipstjóra, nú til heimilis að Vesturgötu 56 hér í bænum. Kvartaði Jón um, að möskvastærðin væri ekki rétt á netjunum, hefðu þeir Gunnar mælt möskvann, og reyndist hann vera 90 mm og tæplega það. Treystist hann því eigi til að taka síðari sendinguna, enda mætti ugga um, að möskvastærð þeirra netja væri heldur ekki rétt. Neitaði Jón þannig að taka sendingu þessa. Verksmiðjan hafði þó, er hér var komið, sent frá sér netin, og komu þau nokkru síðar til Reykjavíkur. Fékk ég nú til menn hjá Eimskipafélagi Íslands að mæla umrædd net,

þar sem þau lágu í geymsluhúsi félagsins, og var ég viðstaddur mælinguna. Netin eru geymd í strigaumbúðum, 6 colli, að mig minnir. Var mæld möskvastærð tveggja netja í hverjum poka, og reyndist hún vera 100 mm. Má því gera ráð fyrir, að öll netin séu með þeirri möskvastærð.

Jón Halldórsson ítrekaði eftir þetta, að hann neitaði að taka netin, en bauð þó til samkomulags að taka þau með 40% afslætti á kaupverðinu. Því boði svaraði ekki seljandi." Vitnið Ferdinand Jóhannsson kom fyrir dóm 5. marz 1959 og skýrði þá svo frá, að þar sem talað sé um „all-löngu eftir" í vottorðinu, væri nákvæmara að geta þess, að það hafi verið þann 8. ágúst 1956, og skírskotaði vitnið í því sambandi til bréfs síns, dags. sama dag, til firmans Guy Nahmias, dskj. nr. 18.

Þann 7. október 1960 kom stefndi aftur fyrir dóm og skýrði m. a. svo frá, að mjög skömmu eftir að Gunnar Guðmundsson tók við netjunum, eða dagana 9. til 11. marz, hafi hann kvartað við vitnið Ferdinand Jóhannsson. Nokkru síðar hafi hann hitt vitnið Ferdinand á götu, og þá ítrekað fyrri kvörtun sína. Stefndi kvað það hins vegar alrangt, að hann hafi kvartað við vitnið þann 8. ágúst 1956, þar sem hann hafi verið staddur norður í landi frá því 15.—20. júlí og seint fram í ágústmánuð það ár. Kvaðst hann þess fullviss, að hann hafi ekki átt neitt samtal við vitnið Ferdinand á því tímabili. Í þessu sama þinghaldi kom vitnið Ferdinand aftur fyrir dóminn og kvaðst þá ekki muna lengur, hvenær því barst kvörtunin, og ekki taldi vitnið útilokað, að vegna orðalagsins á bréfinu á dskj. 18. hafi það rangminnt um það, hvenær kvörtun kom fram, enda hafi verið liðin um þrjú ár, frá því að kvörtun kom fram, þar til það gaf skýrslu sína fyrir dómi. Þá skýrði vitnið svo frá, að það hafi dvalið í Danmörku í 4—5 vikur fyrri hluta sumars 1956.

Vitnið Gunnar Guðmundsson útgerðarmaður, sem tók við fyrri netjasendingunni og virðist hafa haft einhvers konar félagsskap við stefnda um pöntun netjanna, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að möskvarnir í þessari netjasendingu hafi verið neðan við 90 mm, hafi það orsakað minni afla í netin og fleiri óþægindi.

Þann 5. marz 1958 fékk stefnandi dómkvadda tvo skoðunarmenn til að rannsaka hin umdeildu net. Í skoðunargerðinni, sem er dagsett 20. marz 1958, segir m. a.:

„Um atriði þau, sem greinir í beiðninni, viljum við taka fram eftirfarandi:

1. Möskvastærð netjanna er 99 mm (leggur).

2. Munur á umsaminni möskvastærð og afgreiddri er 6 mm. Ekki er að sjá, að neinir gallar séu á netjunum.
3. Algengasta möskvastærð hér við land er nálægt 95—100 mm.
4. Hugsast getur, að minna hafi fiskazt í net með 3 mm minni möskvum, eftir því á hvaða svæðum veitt er."

Samkvæmt reikningi stefnanda yfir hin umdeildu net er verð þeirra franskir frankar, hinir eldri 906.163.00. Eftir að mál þetta var höfðað, varð það að samkomulagi með aðiljum málsins þann 14. marz 1958 að selja firmanu Jónsson & Júlíusson hér í borg netin fyrir £ 2624-0-0, að áskildum öllum rétti aðilja.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að möskvastærð hinna umdeildu netja hafi ekki verið svo frábrugðin pöntun stefnda, að þar geti verið um galla á afgreiðslu að ræða, enda sé möskvastærðin innan þess ramma, sem sé algengastur hér á landi. Þá hafi netin verið fyrsta flokks, hvað gerð og gæði almennt snertir. Jafnvel þó litið væri svo á, að um einhverja galla hafi verið að ræða á afgreiðslunni, þ. e. of stórir möskvar á netjunum, þá hafi stefndi átt að skoða netin strax og síðan umsvifalaust að kvarta um gallana, þar sem hér sé um verzlunarkaup að ræða. Þetta hafi hann ekki gert. Hann hafi fyrst kvartað, svo sannað sé, 8. ágúst og þá um of litla möskvastærð. Fyrst í nóvember hafi komið fram frá honum riftunarkrafa. Með því að kvartanir hans hafi komið svo seint fram, þá leiði það til þess, að ekki eigi að taka þær til greina. Er því sérstaklega mótmælt af stefnanda, að möskvastærð fyrri sendingarinnar hafi verið ranglega afgreidd. Samkvæmt þessu beri að dæma stefnda til að greiða stefnanda mismuninn á upphaflega reiknuðu verði netjanna, fr. fr. eldri 906.163,00, og því verði, er samkomulag hafi verið um að selja netin á, þ. e. 5 × £ 624-0-0, eða fr. fr. eldri 174.835.00.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að fyrri netjasendingin hafi verið svo ranglega afgreidd, að um galla hafi verið að ræða. Hafi hann því kvartað við umboðsmann stefnanda hér á landi án tafar og riftað kaupunum við hann á síðari hluta af pöntuninni og neitað að taka við honum. Síðar hafi komið í ljós, að síðari netjasendingin var ranglega afgreidd, og því full heimild til riftunar, svo sem gert hafði verið. Beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Það er fram komið í málinu, að fyrra hluta sumars 1956 hefur umboðsmaður stefnanda í Frakklandi haft bréfaskipti við sendiherra Frakklands hér á landi. Í einu af bréfum þessum kemur

fram, að sendiherrann hefur með bréfi, dags. 10. júlí 1956, tilkynnt umboðsmanninum, að stefndi hefði borið fyrir sig afturköllun á pöntuninni. Í sama bréfi kveðst umboðsmaður þessi hafa fengið bréf frá Ferdinand Jóhannssyni — „áreiðanlega vegna íhlutunar yðar," þ. e. sendiherrans, eins og greint er frá í bréfinu.

Kaupum þeim, sem um ræðir í máli þessu, verður ekki öldungis jafnað til verzlunarkaupa. Gegn andmælum stefnanda verður að telja, að stefndi hafi ekki fært fullar sönnur á það, að fyrri netjasendingin hafi verið rangt afgreidd. Síðari sendingin, sú sem um er deilt í málinu, er að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna svo verulega í ósamræmi við pöntun stefnda, að telja verður, að stefnda hafi verið heimilt að rifta kaupunum, að því er hana varðar. Þessi vörusending kom aldrei í vörzlu stefnda, og var því eigi um rannsókn á vörunni að ræða af hans hálfu. Í ljós er leitt, að stefndi neitaði að taka við vörusendingunni, og með skírskotan til þess, sem að framan er rakið, þykir sú neitun eftir atvikum hafa komið nægjanlega fljótt fram. Eru því ekki efni til að taka kröfur stefnanda til greina. Verður stefnda því dæmd sýkna í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Halldóri Gíslasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Halldórsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl. f. h. Veuve Louis Le Drézen, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. janúar 1962.

Nr. 12/1960. **Þorsteinn Guðmundsson**
(Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Eiríki Eyleifssyni,
dánarbúi Guðjóns Eyleifssonar og
dánarbúi Metúsalems Jónssonar
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um beitarafnot á eignarnumdu landi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1960. Eru kröfur hans þær, að í aðalsök í héraði verði stefndu dæmt að greiða honum kr. 155.714.45 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. febrúar 1958 til greiðsludags, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í gagnsök í héraði og að stefndu verði gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar Þorsteinn Guðmundsson, áfrýjandi máls þessa, seldi þeim Guðjóni Eyleifssyni, Metúsalem Jónssyni og Eiríki Eyleifssyni tilteknar eignir á Stafnesi með afsalsbréfi, dags. 5. október 1945, undanskildi hann sölunni berum orðum landspildu þá, „sem á sínum tíma var tekin úr eigninni af hernaðarástæðum undir flugvöll o. fl.“. Á þeirri landspildu er beitarréttur sá, sem stefndu telja hafa fylgt í kaupunum, en áfrýjandi kveður vera undanskilinn þeim eins og aðrar eignarheimildir á landspildunni. Samkvæmt gögnum málsins nær hinn umdeildi beitarréttur hvergi út fyrir greinda eignarnámsspildu.

Svo sem afsalsbréfið ber með sér, seldi áfrýjandi ekki jörð sína Stafnes I í heild, heldur aðeins sérstaklega tilgreinda hluta hennar, þ. e. í fyrsta lagi land nefndrar jarðar „utantúns", skipt og óskipt, ásamt girðingum, að undantekinni framangreindri eignarnámsspildu, í öðru lagi sjávarrekaréttindi áfrýjanda á jörðinni og í þriðja lagi húseignir hans á Stafnesi, sem seldar voru Guðjóni Eyleifssyni sér í lagi. Beitarréttar á eignarnámsspildunni er ekki getið meðal hinna seldu eigna, og hefur stefndu ekki tekizt að sanna, að þeir hafi með afsalsbréfi eða á annan hátt orðið eigendur að honum.

Áfrýjandi stóð ásamt öðrum eigendum Stafnestorfunnar að samningi þeim, dags. 25. nóvember 1955, er utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisins tók við beitarafnotum á Miðnesjörðum, þar á meðal á oftnefndri eignarnámsspildu, gegn leigugjaldi, sem gerðardómur ákvað síðar, eins og ráð var gert fyrir í samningnum. Eru fjárhæðir þær, sem um er deilt í málinu, hluti af leigugjaldi, sem þannig er til komið, eins og nánar getur í héraðsdómi.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir áfrýjandi eiga rétt til leigugjalds að sínum hluta fyrir beitarafnot á eignarnámsspildunni. Ber því að taka til greina kröfur hans, sem þar að lúta. Eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður bæði í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Í aðalsök í héraði greiði stefndu, Eiríkur Eyleifsson, dánarbú Guðjóns Eyleifssonar og dánarbú Metúsalems Jónssonar, áfrýjanda, Þorsteini Guðmundssyni, kr. 155.714.45 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. febrúar 1958 til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Með bréfi Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. apríl 1944 var m. a. kveðið á um eignarnám lands úr Stafnestorfunni, þ. e. sameiginlegu landi Stafness I, II og III, Nýlendu, Bala og Glaumbæjar, vegna flugvallar. Land þetta er 1916 ha að stærð. Skyldi nokkur hluti þess vera algert bannsvæði, en landeigendur hafa „óskert beitarafnot" af hinum hluta landsins, sem reyndist vera 1677,7 ha. Land þetta var hrjóstugt heiðarland, en þar var samt sæmileg sauðbeit vor, sumar og haust, en heldur rýr vetrarbeit. Beit fyrir nautgripi var þarna allt að því engin. Ráðuneytið hugðist komast hjá því að greiða jarðeigendum bætur fyrir búfjárskerðingu með því að láta þá halda beitarafnotunum.

Á nefndum tíma var áfrýjandi eigandi Stafness I, sem er einn fjórði hluti Stafnestorfunnar. Hann afsalaði hinn 5. október 1945 sameigendum sínum í Stafnestorfunni, þeim Guðjóni Eyleifssyni og Metúsalem Jónssyni á Stafnesi og Eiríki Eyleifssyni, Nýlendu, landi sínu utan túns, og skyldu kaupendur njóta „allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar" frá afsalsdegi „og greiða frá sama tíma allar skyldur og skatta af" henni. Undan skilin kaupunum var þó landspilda sú, „sem á sínum tíma var tekin úr eigninni af hernaðarástæðum undir flugvöll o. fl.". Eftir að áfrýjandi hafði selt land sitt, hætti hann búskap þar suður og fluttist til Reykjavíkur, en kaupendur tóku til búskapar á Stafnesi I, sem þeir eignuðust.

Undirmat og yfirmat fóru fram á löndum þeim, sem tekin voru eignarnámi vegna Keflavíkurflugvallar. Lauk yfirmati hinn 12. janúar 1948, og veittu eignarnámsþolendur, þ. á m. áfrýjandi, eignarnámsbótum viðtöku í september 1948.

Kaupendur Stafness I hagnýttu beitarafnotin á hinni eignarnumdu landspildu frá afsalsdegi og þar til 1. ágúst 1951, en þá voru þeim meinuð afnotin vegna framkvæmda varnarliðsins. Hinn 25. nóvember 1955 tókust samningar um, að

ríkissjóður greiddi jarðeigendum árlega bætur vegna missis beitarafnotanna samkvæmt úrskurði gerðardóms. Skyldu bætur þær, sem gerðardómurinn kvæði á um, greiðast fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1951 til ársloka 1957. Gerðardómurinn kvað upp gerð sína 26. maí 1957 og ákvað heildarbætur til Stafnestorfunnar kr. 93.000.00 á ári. Hinn 11. febrúar 1958 veitti lögmaður stefndu viðtöku vegna Stafness einum fjórða hluta bótanna ásamt vöxtum fyrir tímabilið 1. ágúst 1951 til ársloka 1957, kr. 155.714.45. Samkvæmt gerðardómssamningnum skyldu ákvæði gerðardómsins gilda áfram um fimm ár frá ársbyrjun 1958, ef eigi væri krafizt endurmats. Slíks mats var eigi óskað, og hinn 13. marz 1958 veitti lögmaður áfrýjanda viðtöku bótum vegna Stafness I fyrir árið 1958, sem að frádregnum kostnaði nemur kr. 21.111.60. Er deilt um fjárhæðir þessar í málinu.

Beitarafnot þau, sem í máli þessu greinir, urðu, eins og þeim og allri afstöðu var háttað, einungis hagnýtt af ábúendum þeirra jarða, sem að hinni eignarnumdu landspildu liggja, einkum stefndu. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið lét jarðeigendurna upphaflega halda beitarafnotunum til að afstýra því, að eignarnámsbætur hækkuðu vegna fyrirsjáanlegrar búfjárskerðingar ábúenda af völdum örtraðar og búsifja. Bætur þær, sem gerðardómurinn ákvað og virðast mjög háar, eru augsýnilega miðaðar við örtröð og búsifjar, er jarðeigendur verða fyrir. En áfrýjandi varð eigi fyrir örtröð og búsifjum vegna niðurfellingar á beitarafnotunum, þar sem hann hafði selt jörð sína, hætt búskap og flutzt til Reykjavíkur, áður en beitarafnotin voru aftekin. Í samræmi við þetta mótmælti hann því á engan hátt, að kaupendur Stafness I hagnýttu beitarafnotin til 1. ágúst 1951, og styrkti hann kaupendur með þeirri háttsemi sinni í þeirri trú, að þeir mættu hafa bústofn á Stafnesi I, er svaraði til beitarafnotanna. Niðurfall beitarafnotanna hefur því eigi, svo sannað sé, valdið áfrýjanda tjóni, en hins vegar má með hliðsjón af atvikum málsins og forsendum gerðardómsins ætla, að það hafi valdið kaupendum Stafness I örtröð og óþægilegum búsifjum. Afsal áfrýjanda frá 5. október 1945 lætur beitarafnotanna að engu

getið. Orðalag afsalsins um hina eignarnumdu landspildu verður að skýra með hliðsjón af aðdraganda afsalsins, eftirfarandi hegðun áfrýjanda, atvikum málsins, skýringarreglum samninga og lögrökum. Öll þessi atriði leiða til þess, að bætur þær, er í hlut Stafness I falla vegna niðurfellingar beitarafnotanna, skuli renna til stefndu, en eigi til áfrýjanda, sem eigi hefur orðið fyrir örtröð og óþægilegum búsifjum vegna aftöku nefndra beitarafnota.

Samkvæmt framanrituðu og öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Guðmundsson, greiði stefndu, Eiríki Eyleifssyni, dánarbúi Guðjóns Eyleifssonar og dánarbúi Metúsalems Jónssonar, málskostnað í Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. f. m. hefur Þorsteinn Guðmundsson, Hverfisgötu 108 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 9. september 1958, gegn Vilhjálmi Jónssyni hæstaréttarlögmanni hér í bænum fyrir hönd Eiríks Eyleifssonar, Nýlendu á Stafnesi í Miðneshreppi, dánarbús Guðjóns Eyleifssonar, fyrrum að Stafnesi í sama hreppi, og dánarbús Metúsalems Jónssonar, fyrrum á sama stað, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 155.714.45, auk 7% ársvaxta frá 11. febrúar 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur fyrir hönd umbjóðenda sinna krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Þá hefur hinn stefndi hæstaréttarlögmaður fyrir hönd allra áðurnefndra umbjóðenda sinna gagnstefnt aðalstefnanda með utanréttarstefnu, dags. 19. sept. 1958, til greiðslu á kr. 21.111.60 auk 6% ársvaxta frá 13. marz 1958 til greiðsludags og málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómarans.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans vegna umbjóðenda sinna eftir mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að hinn 27. apríl 1944 ritaði Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu tveir virðingarmenn til þess að meta andvirði tilgreindra landsvæða á Reykjanesi, samtals að stærð 9208,4 ha., sem taka skyldi eignarnámi til flugvallargerðar samkvæmt lögum nr. 20 frá 1941, svo og til að kveða á um fébætur til handa eigendum og umráðamönnum landsvæða þessara vegna skerðingar á hagnýtingu landanna frá þeim tíma, er setulið Bandaríkjanna hafði tekið þau til afnota. Í umræddu bréfi var tekið fram, að eignarnámsþolar skyldu halda óskertum beitarafnotum á nánar tilteknum lendum á uppdrætti, sem bréfinu fylgdi, svo og halda rekarétti, þar sem matslöndin takmörkuðust af sjó.

Hinn 3. maí 1944 voru tveir menn dómkvaddir til að meta bætur fyrir hin eignarnumdu landsvæði, og luku þeir matinu 20. febrúar 1946. Hvorki matsbeiðandi né matsþolar vildu una mati þessu, og var matinu því skotið til yfirmats, og yfirmatsmenn dómkvaddir 19. marz 1946. Kváðu þeir upp yfirvirðingargerð hinn 12. janúar 1948.

Meðal jarða þeirra, sem land var tekið af með umræddu eignarnámi, var Stafnes í Miðneshreppi. Var þar um að ræða óskipt land jarðanna Stafness I, II og III og Nýlendu, Bala og Glaumbæjar. Samkvæmt yfirvirðingargerðinni var hið eignarnumda land þessarar torfu talið 1916 ha. Var nokkur hluti landsins algert bannsvæði, en landeigendur héldu beitarafnotum á rúmum 1670 ha.

Með afsalsbréfi, dags. 5. október 1945, afsalaði stefnandi til Eiríks Eyleifssonar, Guðjóns Eyleifssonar og Metúsalems Jónssonar fjórðungi sínum af Stafnestorfunni, þ. e. Stafnesi I. Samkvæmt endurriti af afsalsbréfinu, er lagt hefur verið fram í málinu, segir þar m. a. svo:

„Ég hér undirskrifaður, Þorsteinn Guðmundsson, gjöri með bréfi þessu kunnugt, að ég í dag sel og afsala frá mér og mínum erfingjum landi mínu utan túns, skiptu og óskiptu, girtu og ógirtu, ásamt girðingum, sem nú eru, sem ég á sem fyrrverandi eigandi Stafness I, að undantekinni landspildu þeirri, sem á sínum tíma var tekin úr eigninni af hernaðarástæðum undir flugvöll o. fl. Einnig sel ég og afsala sjávarrekaréttindum mínum þeim herrum Guð-

jóni Eyleifssyni og Metúsalem Jónssyni á Stafnesi og Eiríki Eyleifssyni í Nýlendu, öllum í Gullbringusýslu.

Landspilda þessi selst í því ástandi, sem hún nú er í, og hafa kaupendur kynnt sér það.

Verð hinnar seldu eignar er kr. 9500.00, — níu þúsund og fimm hundruð krónur ...

Kaupendur njóta frá því í dag allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar og greiða frá sama tíma allar skyldur og skatta af þeim ..."

Beitarréttindi á áðurgreindum hluta hins eignarnumda lands héldust þar til 1. ágúst 1951, en þá voru jarðeigendum meinuð afnot landsins vegna framkvæmda varnarliðsins á Reykjanesskaganum. En með samningi, dags. 25. nóv. 1955, milli eigenda og umráðamanna jarða þeirra, sem land hafði verið tekið af með eignarnámi, annars vegar og varnarmáladeildar Utanríkisráðuneytisins hins vegar var svo um samið, að ríkissjóður skyldi greiða árlegt gjald fyrir missi beitarafnotanna, er ákveðið yrði af gerðardómi. Skyldi gjald það, er gerðardómurinn gerði í upphafi, haldast til ársloka 1957 og síðan óbreytt í fimm ár, ef ekki væri óskað endurmats. Gerðardómur var síðan skipaður, og lauk hann upp gerð sinni 26. maí 1957. Samkvæmt gerðinni voru bætur til eigenda Stafnestorfunnar í heild ákveðnar kr. 93.000.00 á ári, eða kr. 596.750.00 fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1951 til 31. desember 1957. Var lögmanni landeigenda greitt fé þetta auk áfallinna vaxta, kr. 26.107.82, eða samtals kr. 622.857.82. Bar fjórðung fjár þessa undir Stafnes I, þar sem sú jörð er talin vera fjórði hluti allrar Stafnestorfunnar. Var lögmanni aðalstefndu fyrir hönd umbjóðenda sinna greiddur fjárhlutur þessi, eða kr. 155.714.45, hinn 11. febrúar 1958, en aðalstefnandi telur sig eiga rétt til fjár þessa, og er því aðalsökin höfðuð til heimtu þess.

Árið 1958 hélzt enn óbreytt árgjaldið fyrir missi beitarafnotanna, eða kr. 93.000.00, vegna Stafnestorfunnar. Hinn 13. marz 1958 veitti lögmaður stefnanda fé þessu viðtöku. Gagnstefnendur telja sig sem eigendur Stafness I eiga rétt til fjórðungs fjárins og hafa höfðað gagnsökina til heimtu þess, og nemur það að frádregnum ýmsum kostnaði, sem enginn ágreiningur er um, hinni umstefndu fjárhæð í gagnsök, eða kr. 21.111.60.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök og gagnsök á því, að við söluna á Stafnesi I hafi beitarrétturinn á hinu eignarnumda landssvæði ekki fylgt með til kaupenda. Telur hann sig hafa undanþegið beitarréttinn sölunni með þeim fyrirvara í afsalsbréfinu

að taka undan landspildu þá, sem á sínum tíma hafði verið tekin úr eigninni undir flugvöll o. fl. Af þessum ástæðum eigi að renna til hans allt endurgjald fyrir afnám beitarafnota á landi tilheyrandi Stafnesi I, en endurgjald þetta fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1951 til 31. desember 1957 hafi verið greitt lögmanni kaupenda af misgáningi.

Lögmaður kaupenda, sem er aðalstefndi og gagnstefnandi fyrir þeirra hönd, reisir hins vegar kröfur sínar í aðalsök og gagnsök á því, að umræddur beitarréttur hafi fylgt með til þeirra við kaupin. Á beitarréttinn hafi ekki verið minnzt í afsalinu, heldur sé þar tekið fram, að kaupendur njóti frá afsalsdegi allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar og greiði frá sama tíma alla skatta og skyldur af henni. Telur lögmaðurinn, að það geti ekki farið milli mála, að beitarréttur falli undir „afnot og réttindi" jarðar, og hafi því kaupendur Stafness I orðið eigendur þessara réttinda. Þeir hafi einnig hagnýtt sér beitarréttinn allt frá afsalsdegi og þar til 1. ágúst 1951, að þeim hafi verið meinuð afnotin, eða í um það bil 5 ár og 9 mánuði. Aðalstefnandi hafi heldur ekki á þessu tímabili gert kröfu til leigu eftir beitarréttinn. Það sé fyrst eftir að endurgjald fyrir sviptingu beitarréttarins hafi verið greitt af hendi, að hann gefi til kynna, að hann telji sig rétthafa. Þetta aðgerðarleysi aðalstefnanda sýni og sanni, að aðalstefnandi hafi ekki talið sig eiga neinn rétt í umræddu efni, fyrr en honum hafi orðið kunnugt um, að allmikil fjárhæð hafði verið greidd fyrir afnám beitarréttarins.

Þá bendir lögmaður kaupenda á, að aðalstefnandi hafi flutt til Reykjavíkur, þegar eftir söluna á Stafnesi I, og telur hann, að tómthúsmaður í Reykjavík geti ekki átt sjálfstæðan beitarrétt, nema slíkur réttur fylgi jörð.

Loks bendir lögmaðurinn á, að samkvæmt gerðardómnum um endurgjald fyrir missi beitarafnotanna (dskj. 5) sé það miðað við tjón jarðeigenda, en allur grundvöllur væri fallinn undan skyldu til bótagreiðslu, ef beitarrétturinn væri sérstök eign tómthúsmanns, enda hafi og aðalstefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þegar meinuð voru beitarafnotin hinn 1. ágúst 1951.

Aðalstefnandi hefur mótmælt framangreindum málsástæðum lögmanns kaupenda.

Aðalstefnandi hefur komið fyrir dóm svo og aðilinn Eiríkur og Sigurbjörn, sonur Metúsalems Jónssonar, en hann mun að einhverju leyti hafa aðstoðað föður sinn við kaupin. Þeir Metúsalem og Guðjón eru báðir dánir.

Í skýrslum nefndra manna kemur fram, að ekki mun hafa verið minnzt sérstaklega á hinn umdeilda beitarrétt við kaupin.

Aðalstefnandi kveður, að það hafi ekki verið ætlun sín að láta beitarréttindin fylgja í sölunni, en hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvort beitarrétturinn fengi að haldast áfram um óákveðinn tíma. Hann segist hafa sett klausuna „að undantekinni landspildu þeirri, sem á sínum tíma var tekin úr eigninni undir flugvöll o. fl." í afsalið í því skyni að fyrirbyggja það, að svo yrði litið á, að hann hefði selt fleirum sama landið. Loks fullyrðir aðalstefnandi, að það hafi verið skýrt tekið fram af öllum aðiljum og um það enginn misskilningur, að undan þegnar væru sölunni hvers konar bætur, sem greiðast kynnu fyrir hið eignarnumda land og réttindi yfir því eða í sambandi við það.

Þeir Sigurbjörn og Eiríkur fullyrða, að þegar ákveðið hafði verið að undanskilja beitarréttinn eignarnámi, þá hafi allir talið, að beitarrétturinn myndi fylgja jörðunum í framtíðinni og ekki verða frá þeim tekinn.

Þá kveðst Sigurbjörn hafa verið viðstaddur, er gengið var á landið vegna kaupanna. Hafi hann þá heyrt aðalstefnanda segja, að undanskildar við söluna væru aðeins bætur samkvæmt mati því, er þá stóð yfir, en öll önnur réttindi og hlunnindi fylgdu jörðinni við söluna, og ef minna yrði tekið eignarnámi en þá var ætlað, félli það land til kaupenda.

Loks skýrði Eiríkur svo frá, að það, sem þeir Metúsalem og Guðjón hafi sagt honum, sé í samræmi við það, sem hér að framan er haft eftir Sigurbirni.

Standa þannig staðhæfingar gegn staðhæfingum um veigamikil atriði. Hins vegar eru þeir aðalstefnandi og Sigurbjörn sammála um það, að þegar kaupin gerðust, hafi aðiljar ekki búizt við því, að fjár væri að vænta út á beitarréttinn.

Áður er fram komið, að þegar umrædd kaup fóru fram, hafði þegar verið ákveðið, að beitarréttur skyldi haldast á nokkrum hluta þess landsvæðis, sem tekið var af Stafnesi I með eignarnámi. Í áðurgreindu afsalsbréfi aðalstefnanda er ekki á þennan beitarrétt minnzt, en þar tekið berum orðum fram, að kaupendur njóti frá afsalsdegi allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar. Þá hefur ekki annað komið fram en Stafnes I teljist enn jörð eða býli þrátt fyrir skeringu lands þess við eignarnámið.

Að þessu athuguðu og þar sem aðalstefnandi undanskildi ekki beitarréttinn við söluna, þykir eðlilegast að líta svo á, að beitarrétturinn hafi fylgt jörðinni áfram og því orðið eign kaupenda

með fyrrgreindu afsali til þeirra fyrir Stafnesi I. En af þessu leiðir annars vegar, að í aðalsök ber að sýkna aðalstefnda fyrir hönd umbjóðenda sinna af kröfum aðalstefnanda og hins vegar, að í gagnsök ber að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda vegna umbjóðenda sinna hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Í aðalsök á aðalstefndi, Vilhjálmur Jónsson f. h. Eiríks Eyleifssonar, dánarbús Guðjóns Eyleifssonar og dánarbús Metúsalems Jónssonar, að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Þorsteins Guðmundssonar.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda, Vilhjálmi Jónssyni vegna nefndra umbjóðenda sinna, kr. 21.111.60 með 6% ársvöxtum frá 13. marz 1958 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Mánudaginn 22. janúar 1962.

Nr. 101/1961. **Björn Jóhannsson** (Hörður Ólafsson hdl.)
gegn
Sameinaða gufuskipafélaginu
(Jón Skaftason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1961 og krafizt þess, *að* stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 82.797.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum

frá þeim tíma til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, *að* honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, *að* staðfest verði löghald, er lagt var hinn 13. nóvember 1959 á skip stefnda, M/S Dronning Alexandrine, og loks *að* viðurkenndur verði sjóveðréttur í greindu skipi til tryggingar fjárhæðum, er dæmdar verða.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

Þegar litið er til þess, hvernig för áfrýjanda var háttað í skip stefnda og hvert áfrýjandi lagði þar leið sína, og virt þau atvik önnur, er til slyssins lágu, þá þykir bera að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ábyrgð á tjóni áfrýjanda verði eigi lögð á stefnda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Jóhannsson, greiði stefnda, Sameinaða gufuskipafélaginu, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. marz 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Björn Jóhannsson, Flókagötu 21 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 13. nóvember 1959, gegn Sameinaða gufuskipafélaginu, Kaupmannahöfn, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 38.300.00 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá krafðist stefnandi þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í skipi stefnda, m/s Dronning Alexandrine, hinn 13. nóvember 1959 til tryggingar dómkröfunum, auk kostnaðar við löghaldið, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kemur.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi skaðabóta-

kröfu sína með samþykki stefnda um kr. 56.497.00, eða í kr. 94.247.00. Þá breytti hann varakröfu sinni á þá leið, að hann krafðist 6% ársvaxta af hinni umkröfðu fjárhæð frá 15. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Loks krafðist stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í m/s Dronning Alexandrine til tryggingar fjárhæðum þeim, sem dæmdar kynnu að verða.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til *vara* krefst hann þess, að bótakröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Þá hefur stefndi mótmælt því sérstaklega, að kröfu stefnanda um hækkaða vexti frá því, sem í stefnu er krafizt, komizt að í málinu, svo og að stefnandi eigi rétt til vaxta af stefnukröfunni frá fyrri tíma en stefnudegi og viðbótarkröfunni frá fyrri tíma en þeim degi, er hún kom fram, eða 21. þ. m.

Eftir gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, eru málavextir þessir:

Hinn 15. nóvember 1958, milli kl. 12.00 og 13.00, lagði stefnandi leið sína út í m/s Dronning Alexandrine, er lá við bryggju hér í höfninni og átti að sigla samdægurs, í því skyni að hitta kunningja sinn, Mogens Rönnow, sem var þjónn á skipinu, og eiga við hann kunningjarabb. Kveður stefnandi, að þeir hafi átt samræður í skipinu daginn áður, og þá hafi verið ákveðið, að þeir hittust þar næsta dag. Þjónninn, Mogens Rönnow, skýrir svo frá, að hann hafi kynnzt stefnanda í einhverri af fyrstu viðkomum skipsins hér í Reykjavík, eftir að hann fékk starf sem þjónn á skipinu í desember 1957. Eftir þetta hafi stefnandi svo að segja í hvert skipti, sem skipið hafði verið statt í Reykjavík, komið til skips og átt tal við hann og ýmsa aðra skipverja. Stefnandi hafi eiginlega ekki átt neitt erindi út í skipið, en hann hafi komið þangað til að sjá sig um og „slaa en sludder af med mandskabet". Segir þjónninn, að stefnandi hafi verið góður strákur (flink fyr), sem hann hafi ekki haft neitt á móti „at slaa en sludder af med", og aldrei kveðst hann hafa sagt stefnanda, að hann mætti ekki koma um borð. Hann kveður, að stefnandi hafi alltaf komið um borð af sjálfsdáðum, og svo hafi einnig verið áðurgreindan dag, en þó kunni stefnandi að hafa sagt, þegar þeir hittust daginn áður, að hann mundi koma aftur.

Þegar stefnandi var kominn um borð fyrrgreindan dag, lagði

hann leið sína um dyr frá aðalþilfari, sem liggja inn í yfirbyggingu skipsins fyrir framan afturlestina. Yfir dyrum þessum stendur orðið „Proviant". Þarna hagar svo til, að fyrir innan dyrnar er stigapallur og dyr frá honum inn í eldhús skipsins. Til hægri frá stigapallinum liggur fremur mjór og all brattur stigi niður á næsta þilfar, og eru handrið við stigann beggja megin. Fast við neðri enda stigans hægra megin er kæliklefi skipsins, og er hurðin fyrir honum svo þung, að venjulegt er að nota báðar hendur við að opna kæliklefann og loka honum. Beint framundan stiganum er opið út á gang, sem klefar ýmissa skipverja eru við, þar á meðal klefi áðurnefnds þjóns, og nær gangur þessi fram á fyrsta farrými. Það er ljóst, að umræddur stigi er til þess ætlaður fyrst og fremst að skapa greiða og stutta leið milli eldhúss og kæliklefa svo og til þess að innangengt sé milli eldhúss og hýbýla þeirra skipverja, þjóna og matreiðslumanna, sem búa við áðurnefndan gang.

Fyrsti stýrimaður á m/s Dronning Alexandrine skýrir svo frá, að í hvert skipti, sem skipið dvelji hér í Reykjavík, sé hengt á landgöngubrúna skilti með árituninni „adgang forbudt for uvedkommende", en banni þessu hefur ekki verið sinnt og af hálfu skipsins hafi engin skipverji verið settur til að halda því í gildi. Stefnandi segir hins vegar, að hann minnist þess ekki, að nokkru sinni, er hann fór út í skipið, hafi verið á landgöngubrúnni skilti með áletrun um, að aðgangur væri bannaður. Hann hafi heldur aldrei verið hindraður í því að fara um borð og ekki einu sinni verið um það spurður, hvað hann væri að gera þangað.

Þá segir stýrimaðurinn, að dyr þær, sem stefnandi fór inn um, standi venjulega opnar, og þegar bjart sé af degi, sé dagsbirtan nægileg til að lýsa stigann. Enn fremur sé rafmagnsljós í loftinu yfir stigapallinum. En ekki kemur fram, hvort dyrnar voru opnar eða kveikt á loftljósum, þegar atburður sá gerðist, sem nú verður lýst. Hins vegar er ljóst af staðháttum, sem koma fram á framlögðum ljósmyndum, að þó að hurð kæliklefans sé opin, skyggir hún ekki á birtu, sem berst á stigann frá dyrunum eða loftljósinu, sé það tendrað.

Um það leyti sem stefnandi kom um borð, hafði ungþjónn, Arne Rasmussen, verið sendur eftir matvælum í kæliklefann. Tók hann bakka, um 40—50 sm langan, með pylsum út úr honum og lagði bakkann frá sér í þriðju tröppu stigans neðan frá, meðan hann var að loka skápnum. Þetta kveðst hann hafa þurft að gera, þar sem klefahurðin sé úr járni og þykk og þung, enda hafi það verið venja að leggja það, sem út úr klefanum var tekið, frá sér

í stigann, meðan honum var lokað, til þess að láta ekki matinn á gólfið. Meðan á þessu stóð, segir ungþjónninn, að ljós hafi verið í kæliklefanum og niðri í ganginum.

Í þeim svifum, sem ungþjónninn var að loka klefahurðinni, hélt stefnandi niður umræddan stiga. Tók hann ekki eftir pylsubakkanum og steig í hann. Við það kveðst stefnandi hafa runnið til, tekizt á loft og fallið aftur á bak og komið niður á þilfarið á rassinn og hægri handlegginn. Við fallið brotnaði hægri handleggur stefnanda um olnboga. Samkvæmt vottorði Páls Sigurðssonar læknis, dags. 24. janúar s.l., hefur hann metið örorku stefnanda vegna handleggsbrotsins sem hér segir: Í 1 mánuð 100%, í 1 mánuð 50%, í 1 mánuð 25%, í 3 mánuði 10%, í 6 mánuði 5% og síðan varanlega örorku 3%.

Stefnandi heldur því fram, að það hafi verið verulegt gáleysi hjá ungþjóninum að leggja pylsubakkann frá sér í umræddan stiga, þar sem hann hafi orðið á gangvegi þeirra, sem leið áttu um stigann, og til þessa atferlis megi rekja orsakir slyssins. Reisir stefnandi dómkröfur sínar á hendur stefnda á því, að hann sem eigandi og útgerðarmaður Dronning Alexandrine beri fébótaábyrgð á afleiðingum slyssins samkvæmt ákvæðum 13. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914. Þá telur hann og, að eftir almennum reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð atvinnurekenda á yfirsjónum starfsmanna þeirra beri stefndi fébótaábyrgð á slysinu. Kveður hann tjón sitt vegna slyssins nema hinni umkröfðu fjárhæð.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi í umrætt skipti verið á skipsfjöl án þess að eiga þangað nokkurt erindi. Þá hafi hann í skipinu farið alveg óvenjulega leið til þess að komast þangað, sem hann hafi ætlað. Yfir dyrum þeim, sem hann hafi farið inn um, hafi staðið orðið „Proviant", og hafi stefnanda af því mátt vera ljóst, að þar væri engin alfaraleið. Telur stefndi, að af þessu sé einsætt, að ferðalag stefnanda út í skipið og um það hafi verið á hans eigin ábyrgð.

Þá bendir stefndi á, að stigi sá, sem stefnandi datt í, hafi á engan hátt verið óvenjulegur, hann hafi í umrætt skipti verið vel lýstur og með handriði beggja megin. Loks mótmælir stefndi því, að ungþjónn (messadrengur) sá, sem sendur var til að sækja matvælin í kæliklefann, hafi gerzt sekur um nokkurt gáleysi. Hann hafi við það starf sitt hagað sér samkvæmt venju, sem kunn hafi verið öllum þeim, sem nota áttu stigann. Heldur stefndi því fram, að umrætt slys megi rekja til gáleysis stefnanda sjálfs, og sé það því einnig af þeim ástæðum að öllu leyti á hans ábyrgð.

Að sögn stefnanda sjálfs átti hann það eitt erindi, ef erindi skyldi kalla, á skipsfjöl í umrætt skipti að eiga kunningjarabb við skipsþjóninn Mogens Rönnow. Kemur þetta heim við frásögn þjónsins um samskipti hans og stefnanda. Af áletruninni yfir dyrunum, sem stefnandi fór um á leið sinni til að hitta þjóninn, mátti stefnanda vera ljóst, að leið sú, sem hann valdi og fór, var ekki ætluð óviðkomandi mönnum, heldur eingöngu áhöfn skipsins. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó að í ljós sé leitt, að áður hafði komið fyrir, að stefnandi fór þessa leið í fylgd með nefndum þjóni.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir verða að líta svo á, að í umrætt skipti hafi stefnandi komið á skipsfjöl og farið um skipið á eigin ábyrgð og áhættu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu og fella fyrrgreinda löghaldsgjörð úr gildi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Bjarna Jónssyni og Jóni Sigurðssyni skipstjórum.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Stefndi, Sameinaða gufuskipafélagið, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Björns Jóhannssonar, í máli þessu, og er framangreind löghaldsgjörð úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. janúar 1962.

Nr. 102/1961. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
Þráni Sigtryggssyni
(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Líkamsmeiðing.

Dómur Hæstaréttar.

Vitnið Guðný Helgadóttir og ákærði eru samsaga um það, að drengurinn Einar Ingþór Einarsson, er varð fyrir bifreið ákærða og slasaðist, hafi hlaupið fyrir bifreiðina. Vitnið kveður bifreiðina, sem ekið hafi verið „frekar hægt", hafa stöðvazt, „rétt í því er ákeyrslan skeði". Ákærði, sem telur sig „hafa verið á fremur rólegri ferð, ca 15—20 km hraða pr. klst.", kveðst, er hann varð drengsins var, „rétt í því að hann skall á" bifreiðinni, „hafa snarhemlað bifreið sinni, sem þá stöðvaðist mjög fljótt". Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærði hafi átt refsiverða sök á slysinu og brotið gegn lagaboðum þeim, sem í ákæru greinir. Verður honum því dæmd sýkna af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Sigtryggsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda

fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar og Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1961.

Ár 1961, mánudaginn 6. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1336/1961: Ákæruvaldið gegn Þráni Sigtryggssyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 18. nóvember s.l., höfðað á hendur Þráni Sigtryggssyni vélstjóra, Skipasundi 26, Reykjavík, fyrir að hafa þriðjudaginn 14. október s.l., um kl. 10.00, ekið bifreiðinni R 10722 vestur Sundlaugaveg í Reykjavík án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn, miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum, að 5 ára drengur varð fyrir bifreiðinni á fyrrnefndum vegi skammt frá Hrísateigi, og slasaðist hann, lærbrotnaði m. a. Þykir þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 49. gr. l og n, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 2. mgr. 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 3. júní 1927 að Héðinshöfða á Tjörnesi, hefur sætt eftirfarandi refsingu:

Í Reykjavík:

1951 2/4 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 4. október s.l., kl. 10.05, var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt, að þá skömmu áður hefði orðið umferðarslys á Sundlaugavegi við Hrísateig. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang. Slys þetta hafði orðið með þeim hætti, að ákærði ók bifreiðinni R 10722 vestur Sundlaugaveg. Á Sundlaugavegi, skammt vestan Hrísateigs, þar sem slysið varð, var verið að grafa upp syðri helming götunnar, og stóð vörubifreið mannlaus á akbrautinni við uppgröftinn. Er ákærði ók framhjá vörubifreið þessari, varð Einar Ingþór Einarsson, fæddur 15/12 1954, er átti leið um akbrautina, skammt vestan við vörubifreiðina, fyrir bifreið ákærða, með þeim afleiðingum, að Einar lærbrotnaði. Er lögreglumenn komu á vettvang, hafði ákærði fært bifreið sína úr stað, auk þess hafði hinn slasaði piltur verið færður inn í bifreið, er leið átti þarna um. Torveldaði þetta rannsókn lögreglu á vett-

vangi. Færð var góð, dagsbirta, heiðskírt og þurrt, yfirborð vegarins var malbikað.

Við skoðun á bifreiðinni R 10722, sem er „skoda station" bifreið, smíðaár 1952, með vökvahemlabúnaði og vinstri hliðar stýri, reyndist öryggisútbúnaður í lagi, nema framrúða var mjög rispuð og slitin undan rúðuþurrkum, einnig vantaði glitgler að aftan. Bifreið ákærða hafði verið skoðuð 29. september s.l., og hafði ákærði þá fengið frest til þess að skipta um framrúðu og setja glitgler á bifreiðina. Frestur þessi var útrunninn á slysdegi.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að er slysið varð, hafi hann ekið vestur Sundlaugaveg á fremur rólegri ferð, 15—20 km pr. klst., og hafi bifreiðin verið tengd í þriðja eða fjórða ganghraðastig. Fjögur ganghraðastig eru áfram á bifreiðinni. Er ákærði kveðst hafa verið kominn að mestu framhjá hinni kyrrstæðu vörubifreið, er stóð sunnanvert á akbraut Sundlaugavegar, hafi komið högg framan á bifreið hans, og í því hafi hann séð, að ungur piltur hafði hlaupið fyrir bifreiðina, og án efa komið frá syðri jaðri Sundlaugavegar, enda hafi hann ekki séð drenginn fyrr en rétt í því, að hann skall á bifreiðinni. Ákærði kveðst hafa snarhemlað bifreið sína, sem stanzaði mjög fljótt, en umgetinn piltur hafi kastazt frá bifreiðinni 1—2 faðma í vesturátt og legið þar á götunni. Ákærði kveðst nú hafa farið til hjálpar piltinum, sem þegar var að nokkru risinn á fætur. Bar nú ákærði piltinn ásamt manni nokkrum, er kom þarna að, inn í bifreið manns þessa, og var ætlunin að aka drengnum á slysavarðstofu. Ekkert varð þó úr því, en í þess stað hringdi ákærði í lögreglu og kvaddi hana á vettvang. Pilturinn, Einar Ingþór, var fluttur af vettvangi í sjúkrabifreið. Ákærði kvaðst skömmu fyrir slysið hafa séð nokkuð af krökkum og öðrum vegfarendum standa norðanvert við götuna á biðstöð strætisvagna, á móts við þann stað, er slysið varð á. Hins vegar segir ákærði, að hann hafi ekki séð til mannaferða sunnan megin götunnar þar, enda á þeim vegarhelmingi verið djúpur skurður, en all miklu austar hafi hann þó orðið var mannaferða þeim megin götunnar. Ákærði kvaðst hafa haft góða yfirsýn yfir veginn og sýnt fyllstu aðgát.

Einn sjónarvottur var að slysi þessu, vitnið Sesselja Guðný Helgadóttir, Miðtúni 88, 14 ára að aldri. Vitnið hefur skýrt svo frá, að bifreiðinni R 10722 hafi ekki verið ekið hratt, er slysið varð, heldur á frekar hægri ferð, eftir því sem tíðkast. Vitnið sá drenginn, er fyrir slysinu varð, hlaupa fyrir bifreiðina R 10722.

Við höggið hafi drengurinn kastazt nokkuð frá bifreiðinni áfram eftir götunni í vesturátt.

Af gögnum málsins er ljóst, að pilturinn Einar Ingþór hefur hlaupið af óvitahætti gáleysislega af syðri og í átt að nyrðri helming Sundlaugavegar umrætt sinn og með því átt verulega sök á slysinu. Á hinn bóginn þegar haft er í huga, að ákærði ók í umrætt sinn um þrönga götu og framhjá kyrrstæðri bifreið þar, að hann ók í þriðja eða fjórða ganghraðastigi með ágizkuðum hraða 15—20 km pr. klst., að hann í umrætt skipti ók framhjá biðstöð strætisvagna, þar sem ávallt má búast við mannaferðum yfir þvera akbraut, að framrúða bifreiðar ákærða var mikið slitin, sem ætíð hlýtur að einhverju leyti að torvelda ökumanni útsýn, þá lítur rétturinn svo á, að við hin erfiðu skilyrði hafi ákærði ekið gáleysislega og með því orðið meðvaldur að slysinu og gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 49. gr., 1 og n, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 2. mgr. 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Refsing ákærða ákveðst 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Sigtryggsson, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. janúar 1962.

Nr. 114/1961. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
Halldóri Indriðasyni
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki verður talið öldungis öruggt, eftir því sem háttað hefur verið um blóðtöku og meðferð blóðsýnishorna í máli þessu, að ekki kunni að hafa ruglazt blóðsýnishorn af blóði ákærða og vitnisins Jóns Konráðs Magnússonar, enda voru þau ekki þegar í stað látin í lokuð og merkt umslög. Verður því að leggja til grundvallar dómi, að blóðsýnishorn það, sem sýndi minna áfengismagn í blóði, hafi verið úr ákærða. Ákærði verður því aðeins sakfelldur eftir 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 auk 2. mgr. sömu greinar og 2. mgr. 45. gr. sbr. 80. gr. sömu laga svo og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing sú, sem ákærði hefur unnið til, þykir hæfilega ákveðin 2000.00 kr. sekt í ríkissjóð og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber með hliðsjón af hegðun ákærða við aksturinn samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 að svipta ákærða ökuréttindum í 3 ár alls.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Indriðason, greiði kr. 2000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 3 ár alls.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sveinbjörns Dagfinnssonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1961.

Ár 1961, föstudaginn 21. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2175/1961: Ákæruvaldið gegn Halldóri Indriðasyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins með ákæruskjali, dagsettu 8. desember 1959, höfðað á hendur Halldóri Indriðasyni múrara, Smiðjustíg 5 B, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 20. nóvember s.l., kl. rúmlega 02.20, undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 938 frá Strandgötu 19 í Hafnarfirði og suður á Krísuvíkurveg svo og fyrir að hafa ekki gert lögmætar ráðstafanir eftir árekstur á Strandgötu 19.

Telst þetta varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 29/11 1933 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1952 15/4 An. Sátt: 400 kr. sekt f. brot á 27. gr. laga nr. 33/1935.
1956 27/8 Rvík. Sátt: 400 kr. sekt f. brot á 33. gr. áfengislaga.
— 28/9 Rvík. Kærður fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþ. F. n.

1958 20/11 Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 20. nóvember 1959, um kl. 02.20, var tilkynnt á lögreglustöðina í Hafnarfirði, að þá rétt í því hefði bifreið ekið á glugga Skartgripaverzlunar Magnúsar Guðlaugssonar og brotið hann, ekið síðan af vettvangi suður Strandgötu og á Krísuvíkurveg. Lögreglumenn hófu þegar að leita að bifreið þessari og fundu hana skömmu síðar. Reyndist þetta vera fólksbifreiðin R 938, eign ákærða, Halldórs Indriðasonar. Auk ákærða í bifreiðinni umrætt skipti voru Jón Konráð Magnússon ritstjóri, Dunhaga 11, og stúlkurnar Guðrún Hanna Guðmundsdóttir, Hólmgarði 21, 14 ára að aldri, og Dagbjört Guðmundsdóttir, Kleppsvegi 52, 17 ára að aldri.

Tildrög að ákeyrslu þessari reyndist vera þau, að nefndar stúlkur höfðu nokkru fyrr sömu nótt komið upp í bifreiðina R 938 í Reykjavík. Ákærði ók þá bifreiðinni. Ákærði ók nú nokkuð um götur Reykjavíkur og þaðan áleiðis til Hafnarfjarðar. Skammt austan við Hafnarfjörð leyfði ákærði Guðrúnu Hönnu að taka við stjórn bifreiðar sinnar. Guðrún Hanna ók nú inn í Hafnarfjörð og þar nokkuð um götur bæjarins. Er hún hugðist beygja af götu þeirri, er liggur hjá kirkjunni og inn á Strandgötu, rann bifreiðin á hálli akbrautinni, en Guðrún Hanna missti vald á bifreiðinni, sem lenti á glugga skartgripaverzlunarinnar. Ákærði tók þá að nýju við stjórn bifreiðar sinnar og ók á braut suður á Krísuvíkurveg, en þar náði lögreglan bifreiðinni og færði farþega og ökumann á lögreglustöðina í Hafnarfirði til yfirheyrslu.

Lögreglumenn sáu þegar við frumrannsókn, að ákærði og Jón Konráð höfðu neytt áfengis. Voru þeir því báðir fluttir til blóðtöku til alkóhólrannsóknar. Í blóðsýnishorni ákærða, Halldórs, er merkt var HF 76, fundust reducerandi efni, er samsvara 1.47‰ af alkóhóli. Í blóðsýnishorni Jóns Konráðs, er merkt var HF 77, fundust reducerandi efni, er samsvara 0,68‰ af alkóhóli.

Fyrir dómi 20. nóvember 1959 skýrði ákærði, Halldór, svo frá, að kvöldið fyrir ökuóhappið hafi hann verið á dansleik í Þórscafé hér í bæ. Þar hafi hann ekki neytt áfengis. Hins vegar, eftir að dansleiknum lauk, hafi hann ekið um Aðalstræti, þar sem stúlkurnar komu í bifreið hans. Að því búnu hafi hann keypt áfengi fyrir Jón Konráð, er fylgzt hafði með honum af dansleiknum, af óþekktum leigubifreiðarstjóra í Tryggvagötu. Hann hafi síðan ekið sem leið liggur til Hafnarfjarðar. Við afleggjar-

ann út á Álftanes hafi hann leyft stúlkunni Guðrúnu Hönnu að taka við stjórn bifreiðar sinnar, en Guðrún Hanna hafi tjáð sér, að hún hefði ökuréttindi. Ástæðan fyrir því, að hann leyfði stúlkunni aksturinn, hafi verið sú, að hann hafi haft hug á því að neyta einhvers áfengis með Jóni Konráði. Hann hafi verið búinn að drekka nokkra sopa af áfenginu, er Guðrún Hanna missti bifreiðina á verzlunargluggann. Við óhappið hafi komið fát á sig. Hafi þá orðið úr, að hann tók við stjórn bifreiðarinnar af nýju og ók suður fyrir Hafnarfjörð. Þar kveðst ákærði hafa áttað sig á því, að hann væri að gera vitleysu. Hafi hann því stöðvað bifreiðina. Lögreglan hafi svo komið þar að bílnum.

Ákærði kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en hins vegar aðeins eftir að hann kom á lögreglustöðina í Hafnarfirði til frekari rannsóknar.

Fyrir dóm kom sem vitni sama dag Jón Konráð Magnússon. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið ásamt ákærða á dansleiknum í Þórscafé, þar hafi það drukkið allmikið áfengismagn og fundið til greinilegra áfengisáhrifa. Eftir dansleikinn hafi það síðan fylgzt með ákærða, er þá hóf að aka bifreið sinni. Ákærði hafi síðan ekið sjálfur utan þess, að stúlkan Guðrún Hanna ók nokkuð í Hafnarfirði, þar til óhappið varð. Eftir það hafi ákærði aftur tekið við stjórn. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að ákærði hafi neytt áfengis á dansleiknum. Vitnið kveðst þó ekki minnast þess, að ákærði neytti af áfengi því, er ákærði keypti fyrir vitnið eftir dansleikinn. Vitnið kveðst halda, að það hafi boðið stúlkunum áfengi, en kveðst þó halda, að þær hafi ekki smakkað á því.

Með bréfi 4. febrúar 1960 fór skipaður verjandi ákærða þess á leit við dóminn, að framhaldsrannsókn yrði háð í málinu til að kanna það, hvort blóðsýnishorn ákærða Halldórs og vitnisins Jóns Konráðs hefðu getað ruglazt umrætt skipti. Í þessu sambandi fór fram víðtæk rannsókn bæði í sakadómi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Kristján Jóhannesson læknir, Mjósundi 15, Hafnarfirði, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið tók ákærðum og Jóni Konráði blóðsýnishornin umgetið sinn. Fyrir dómi mundi vitnið ekki eftir umræddum blóðsýnishornatökum, en kvað það á hinn bóginn venju sína, er það taki blóðsýnishorn úr fleiri mönnum en einum í sama skiptið, að taka einn í einu inn á lækningastofuna. Að lokinni blóðtöku þar kveðst vitnið strax fylla út vottorð um blóðtökuna. Vitnið kveðst spyrja þann, er blóðið er tekið úr, að

nafni og rita það á vottorðið ásamt tíma þeim, er blóðtakan fer fram á. Síðan kveðst vitnið jafnan afhenda lögreglumanni þeim, er færi menn til blóðtöku, sýnishornið og vottorðið, áður en blóð er tekið úr næsta manni.

Steingrímur Helgi Atlason lögregluþjónn, Hraunbrekku 15, Hafnarfirði, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitni þetta færði ákærða og Jón Konráð til blóðtökunnar. Vitnið hefur skýrt svo frá, að sýnileg áfengisáhrif hafi verið svipuð á báðum mönnunum, þó hafi ákærði verið heldur rauðeygðari. Báðir hafi þeir verið stöðugir í göngulagi og prúðir í framkomu. Blóðtakan sjálf hafi farið fram með þeim hætti, að ákærði fór einn inn á lækningastofuna til læknisins, en vitnið og Jón Konráð biðu fyrir framan á meðan. Að blóðtöku ákærða lokinni hafi læknirinn fengið sér blóðsýnishornið ásamt blóðtökuvottorði. Vitnið kveðst nú hafa vafið vottorði læknisins utan um glasið og stungið því síðan í annan buxnavasa sinn. Síðan hafi blóðtakan farið fram úr Jóni Konráði, og hafi það gengið svipað fyrir sig, þannig að vitnið kveðst hafa stungið því blóðglasi umvöfðu vottorði læknisins í annan buxnavasa heldur en fyrra glasið var þá í. Vitnið kveðst síðan ekki hafa látið blóðglös þessi úr sinni vörzlu fyrr en það hafi merkt þau og fært merkingar inn í skrá lögreglu. Við merkingarnar hafi það aðeins handfjatlað annað blóðglasið í einu, og gengið þannig fyllilega frá því, áður en hitt glasið var tekið fram. Ruglingur hafi því ekki getað orðið hjá því í meðferð á glösunum.

Vitnið Jón Konráð Magnússon hefur borið um blóðtöku læknisins á svipaðan hátt og framangreint vitni, þannig að læknirinn hafi tekið þá sinn í hvoru lagi inn á lækningastofuna til aðgerðarinnar. Þó kveður vitnið sig minna það, að læknirinn hafi að loknum aðgerðunum afhent lögreglumanninum samtímis tvær „túbur“ úr gleri.

Ákærði, Halldór, hefur skýrt svo frá, að læknirinn hafi fyrst tekið sér blóðið á stofu sinni og komið því fyrir í tilraunaglasi. Síðan hafi læknirinn spurt um nafn sitt og heimilisfang og skrifað það á miða. Að því búnu hafi honum verið vísað aftur fram í biðherbergi. Ákærði kveðst ekki frekar hafa fylgzt með blóðglasinu né miða þeim, er læknirinn skrifaði nafn hans á, nema hvað læknirinn afhenti lögreglumanni þeim, er fylgdi þeim Jóni, tvö sívöl glös umvafin bréfmiðum, eftir að Jóni hafði einnig verið tekið blóðið. Ákærði hefur þá tekið fram í þessu sambandi, að lögreglumaðurinn, er fylgdi þeim félögum til læknisins, hafi lagt bæði

blóðglösin á borð á lögreglustöðinni, er þangað var aftur komið. Ákærði kveðst ekki hafa séð lögreglumennina fást við að merkja glösin þá.

Vitnin Guðrún Hanna Guðmundsdóttir, Dagbjört Garðarsdóttir og lögreglumennirnir Sigurður Jónsson, Hafnarfirði, og Kristinn Hans Hákonarson, Hafnarfirði, hafa öll talið ákærða hafa verið undir áfengisáhrifum í umrætt skipti. Til samanburðar við áfengiseinkenni vitnisins Jóns Konráðs hefur vitnið Dagbjört talið, að líkt hafi verið á komið í þeim efnum með ákærða og Jóni Konráði. Vitnið Sigurður Jónsson hefur talið, að Jón Konráð hafi verið örari greint sinn, og því virzt hann vera undir meiri áfengisáhrifum en ákærði. Vitnið Kristinn Hans Hákonarson hefur á hinn bóginn talið ákærða hafa virzt vera undir meiri áfengisáhrifum en Jón Konráð, sem vitnið telur, að haft hafi sig minna í frammi við það.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið úr framhaldsrannsókninni, þykir eigi vera komin fram þau rök, er bent gætu til þess, að ruglingur hefði orðið í meðförum á blóðsýnishornum ákærða og vitnisins Jóns Konráðs. Verður því alkóhólrannsókn ákærða, eins og hún liggur fyrir, lögð til grundvallar í máli þessu ásamt öðrum gögnum.

Samkvæmt viðurkenningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, samkvæmt framburðum vitnanna, er raktir eru að nokkru hér að framan, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir og þar er rétt heimfærð til refsiákvæða.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt framansögðu varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum sínum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hdl., kr. 2500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Indriðason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur ökuréttindum sínum í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hdl., kr. 2500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1962.

Nr. 22/1961. **Dráttarbraut Keflavíkur h/f**
(Vilhjálmur Árnason hdl.)
gegn
Sigurði Jóhannssyni (Magnús Árnason hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1961 og gerir þessar dómkröfur:

1. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 25.875.70 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags.
2. Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og
3. Að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1961 og gerir þessar dómkröfur:

1. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 181.857.71 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1959 til greiðsludags.
2. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa gagna og þau lögð fyrir Hæstarétt.

Þá er litið er til þess, að gagnáfrýjanda, sem hafði stjórn vélar v/b Freyju, KE 10, á hendi við fiskveiðar, brast kunnáttu í meðferð véla, þykja sönnur eigi leiddar að því, að tvisttægjur þær, sem skoðunarmenn fundu í vélinni, hafi komizt í vélina á verkstæði aðaláfrýjanda.

Hinir vélfróðu skoðunarmenn segja, að ásinn hafi „legið illa í höfuðlegum og ekki fallið alls staðar að slitflötunum". Þessi missmíð og svo það, að aðaláfrýjandi varð að beita bifreið til að koma vélinni í gang eftir viðgerðir hvað eftir annað, veitir ástæðu til að ætla, að starfsmönnum aðaláfrýjanda hafi orðið á nokkur handvömm við viðgerð vélarinnar og að sú handvömm eigi einhvern þátt í því, að vélin bræddi úr sér og varð ógangfær. Að svo vöxnu máli þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda upp í tjónbætur vegna vélarspjalla og aflamissis kr. 25.000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og dæma gagnáfrýjanda sýknu af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Dráttarbraut Keflavíkur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Jóhannssyni, kr. 25.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1959 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í málinu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 31. desember 1960.

Ár 1960, laugardaginn 31. desember, kl. 12.00, var í sjó- og verzlunardómi Keflavíkur kveðinn upp dómur í málinu: Sigurður Jóhannsson gegn Dráttarbraut Keflavíkur h.f. og gagnsök. Dómurinn er kveðinn upp af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, með sérstaklega tilkvöddum meðdómsmönnum vegna sérþekkingar þeirra, þeim vélfræðingunum Óskari Jónssyni og Ingvari Jóhannssyni, báðum til heimilis í Ytri-Njarðvík.

Mál þetta, sem að undangengnum munnlegum málflutningi var tekið til dóms hinn 5. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Keflavíkur með stefnu, útgefinni hinn 29. febrúar 1960, af Sigurði Jóhannssyni, Faxabraut 33c, Keflavík, gegn Dráttarbraut Keflavíkur h.f. til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 339.005.31 auk 7% ársvaxta frá 8. maí 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Til vara er krafizt annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins og áskilinn réttur til þess að framhaldsstefna í málinu til hækkunar á kröfu. Við munnlegan flutning málsins lækkar aðalstefnandi kröfur sínar í kr. 294.478.29.

Með gagnstefnu, dags. 26. október 1960, gagnstefnir Dráttarbraut Keflavíkur h.f. aðalstefnanda, Sigurði Jóhannssyni, til að greiða kr. 27.571.68 auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og til vara, að skuld þessi sé viðurkennd til skuldajafnaðar við dómkröfur gagnstefnda, að svo miklu leyti sem þær kunna að verða viðurkenndar með dómi réttarins. Við munnlegan flutning málsins lækkar gagnstefnandi stefnukröfur sínar um kr. 1.695.78.

Aðalstefnandi byggir kröfu sína í aðalsök á því, að frá 11. marz 1959 og til 4. apríl s. á. þá hafi bátur hans, m/b Freyja, verið oftsinnis til viðgerðar hjá Dráttarbraut Keflavíkur h.f. vegna vélabilana, en vegna handvammar hjá starfsmönnum aðalstefnda þá hafi þessar vélaviðgerðir tekizt svo illa, og starfsmenn Dráttarbrautar Keflavíkur h.f. hafi einnig skilið eftir tvisttægju, sem stíflað hafi síðar olíusigti, og að endirinn hafi svo orðið sá, að vél bátsins bræddi úr sér í róðri hinn 4. apríl 1959, og hafi það bundið endi á útgerð bátsins hjá aðalstefnanda. Beint og óbeint tjón, svo sem dómkrafa í aðalsök greinir, sem aðalstefnandi telur sig hafa beðið, sé að rekja til þess, að starfsmenn aðalstefnda hafi eigi unnið að vélaviðgerðinni af þeirri samvizkusemi, sem krefjast verður, og því beri aðalstefndi alla ábyrgð á tjóni hans.

Í aðalsök gerir aðalstefndi þær dómkröfur, að hann verði algjör-

lega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Vél sú, sem í bátnum var og gera átti við, hafi verið gömul og af sér gengin. Aðalstefnandi hafi fylgzt með viðgerðinni, hann hafi sjálfur snapað saman varahluti til viðgerðarinnar og suma lítt nothæfa. Hann hafi sjálfur verið vélstjóri, þó hann hefði eigi tilskilin réttindi, og sé úrbræðslan því m. a. að kenna kunnáttuleysi og eftirlitsleysi hans sjálfs. Engar sannanir séu hins vegar fyrir því, að starfsmenn aðalstefnda hafi sýnt af sér vanrækslu eða að störfum þeirra hafi í nokkru verið ábótavant. Þess vegna geti eigi orðið um það að ræða, að aðalstefndi verði gerður ábyrgur á því tjóni, sem aðalstefnandi kann að hafa beðið.

Stefnukröfu sína í gagnsök kveður gagnstefnandi vera eftirstöðvar af viðgerðarkostnaði vegna viðgerða, sem framkvæmdar hafa verið í Dráttarbraut Keflavíkur h.f. á m/b Freyju, báti og vél, en viðskiptareikningurinn hafi staðið þannig hinn 1. janúar 1960, að gagnstefndi skuldaði gagnstefnanda kr. 27.571.68 (sem lækkar um kr. 1.695.78).

Í gagnsök gerir gagnstefndi þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum gagnstefnanda í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Hann kveður, að af þeim heildarreikningum, sem fram hafi verið lagðir í málinu, þá séu kr. 33.851.18 fyrir viðgerðir þær, sem voru ónýtar og honum til einskis gagns. Hinn hluta reikninganna telur hann sig eiga að greiða og hefur þegar gert það.

Málavextir eru í höfuðatriðum þessir:

Hinn 11. marz 1959 kemur m/b Freyja KE 10, eign aðalstefnanda, að landi úr róðri með bilaða kúplingu. Var þá leitað til Dráttarbrautar Keflavíkur h.f., aðalstefnda í máli þessu, um viðgerð, og var þá m. a. skipt um eina legu í kúplingu. Í stefnu er í þessu sambandi talað um, að skipt hafi verið um eina legu í vél, en það er hins vegar upplýst, að um legu í kúplingu var að ræða. Hinn 16. s. m. fer báturinn svo aftur í róður, og þá lagðar tvær netjatrossur. Þann 17. s. m. er svo legið í Keflavík. Þann 18. s. m. fer báturinn svo út að vitja um fyrrnefndar tvær trossur. Þegar verið var að draga þriðja netið, stanzaði vélin. Var hún þá orðin mjög heit, og er báturinn dreginn í land af m/b Sæbjörgu. Enn er leitað til aðalstefnda um viðgerðir, og er báturinn til viðgerðar hjá honum frá 18. marz 1959 til 1. apríl s. á. Sveifaráslegur og höfuðlegur reyndust úrbræddar og sveifarásinn boginn og rifinn. Dráttarbraut Keflavíkur h.f. framkvæmdi viðgerð. Sveifarás var

slípaður og réttur í rennibekk, og var notað við réttinguna gas og sandpappír, skipt var um legur og vélin sett saman. Legurnar útvegaði f. h. aðalstefnanda Jón Sigurðsson, starfsmaður hjá Hraðfrystistöð Reykjavíkur, og segir hann fyrir rétti, að um nýjar legur hafi í það sinn verið að ræða, eftir því sem hann bezt muni. Aðalstefnandi heldur því sjálfur fram, að eitthvað af varahlutunum hafi verið keypt nýtt til viðgerðarinnar hjá Kelvinumboðinu, og hafi reikningar þar um verið lagðir fram í málinu, tveir dagsettir 24. marz 1959, einn dagsettur 23. s. m. og einn dagsettur 9. s. m. Á reikningi, dags. 23. marz 1959, er 8 sveifaráslegur ½, 2 bullur, 1 bulluás og 1 bulluáslega og 16 stimpilhringir, en á reikningi, dags. 24. s. m., eru 2 stimpilboltar og 2 stimpilboltalegur. Ólafur Hannesson vélaverkstæðisformaður hefur hins vegar haldið því fram, að til allra viðgerða á ofangreindum tíma hafi verið notaðar gamlar legur. Starfsmenn aðalstefnda skiptu nú um legur. Erfitt reyndist að ræsa vélina, og varð að notast við bifreið til þess, og með því móti tókst að koma vélinni í gang, en eftir 10 mínútur hafi hún brætt úr sér aftur. Enn er skipt um legur og vélin ræst á sama máta og fyrr, og enn bræðir hún úr sér, nú á nokkrum mínútum. Enn eru felldar legur undir, og nú tekst að gera vélina gangfæra. Samkvæmt útskrift af dagbók bátsins er svo farið í róður 2. apríl 1959 út undir Stakk og lagðar tvær trossur. Hinn 3. s. m. fer báturinn enn í róður og dregur tvær hálfsmánaðar gamlar trossur. Þegar þeir voru nýbúnir að draga og rétt lagðir á stað til lands, bilaði eldsneytiskerfi vélarinnar, og er þá báturinn dreginn í land af m/b Gylfa. Enn er þetta lagfært hjá aðalstefnda. Um hádegi 4. apríl s. á. er enn haldið í róður. Dregnar voru tvær netjatrossur, sem báturinn átti í sjó, en er þeir höfðu keyrt í ca 5 mínútur, bræðir vélin enn úr sér og stoppar algjörlega. Var báturinn dreginn í land af m/b Sæbjörgu.

Hinn 8. maí 1959 eru að beiðni aðalstefnanda skipaðir tveir matsmenn til þess að segja álit sitt á orsökum úrbræðslu vélarinnar í m/b Freyju og enn fremur að meta til peningaverðs kostnað við að setja vélina í eigi lakara stand en hún var í, áður en hún byrjaði að bræða úr sér. Voru þeir vélfræðingarnir Jóhannes Zoëga og Þorsteinn Loftsson, báðir til heimilis í Reykjavík, kvaddir til matsins. Skoðunar- og matsgjörð þeirra er dagsett 12. júní 1959 og hefur verið lögð fram í réttinum. Skoðun þeirra leiddi í ljós:

a) bullurnar voru allar rifnar, einkum 1, 2 og 4.

b) Bulluvélar og leg höfðu auðsjáanlega hitnað svo mikið, að þau má telja ónothæf.
c) Slitfletir strokkanna voru ekki skemmdir til muna, svo við teljum þá nothæfa með nokkurri lagfæringu.
d) Öll sveifarleg og öll höfuðleg vélarinnar voru meira og minna „úrbrædd", svo við teljum þau öll ónothæf. Sýnilegt var, að ásinn hafði legið illa í höfuðlegum og ekki fallið alls staðar að slitflötunum.
e) Mæld var sveigja sveifarássins, og reyndist hún alls staðar langt innan þeirra marka, sem talin eru leyfileg. Hins vegar var slitflöturinn á völunum ósléttur, og teljum við því, að lagfæra þurfi ásinn í rennibekk.
f) Gangskiptir og núningstengsli vélarinnar virtust óskemmd.
g) Skoðuð var smurningsdæla og leiðslur í sveifarhúsi. Kom í ljós, að sían á soghlið dælunnar var stífluð af tvisttægjum og óhreinindum, sem höfðu einnig borizt gegnum síunetið þannig, að þeirra varð vart í soglokanum.

Þeir álíta, að óhreinindin í smurdælunni hafi valdið því, að slitfletir vélarinnar fengu ekki næga smurningu, og telja það orsök skemmdanna á þeim.

Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að við vélaviðgerðir þær, eftir að búið er að gera við kúplingu í vél bátsins, hafi starfsmenn aðalstefnda sýnt af sér handvömm, og að til þeirra handvamma megi rekja úrbræðslurnar. Hann telur, að fyrsta úrbræðslan hafi stafað af því, að endaslag hafi eigi verið tekið af sveifarás, eftir að gert var við kúplinguna, og að síðustu úrbreiðsluna megi rekja til þess, að tvisttægjur hafi orðið eftir í sveifarhúsi við hreinsingu vélarinnar. Hann kveðst ekkert hafa unnið við vélaviðgerðina, en þó komið öðru hvoru á verkstæðið. Hann kveðst ekki hafa vitað betur en að þeir varahlutir, sem útvegaðir höfðu verið til viðgerðarinnar, væru góðir, enda hafi verkstæðisformaðurinn ekki gert neinar athugasemdir við þá, og segist ekki hafa látið setja þá í, ef hann hefði vitað, að þeir væru gallaðir, og segir hann það ósatt, að verkstæðisformaðurinn hafi tjáð sér, að þeir væru lítt nothæfir. Aðalstefnandi kveður það rétt, að hann hafi stjórnað vélinni, en neitar því hins vegar með öllu, að meðferð hans á henni hefði verið henni til skemmda. Aðalstefnandi leiðrétti það, sem í stefnu segir, er olíukerfi bátsins bilaði, að olíuverk vélarinnar hafi verið tekið úr sambandi, heldur hafi það verið úr sambandi, er að var gáð.

Í sambandi við síðustu úrbræðsluna segist aðalstefnandi hafa rétt sem snöggvast brugðið sér frá til þess að fá sér kaffisopa, og hafi hann eigi verið frá meira en 5 mínútur, og telur hann slíkt ekki vangæzlu.

Hann segir og, að hann hafi eigi sett vélina í gang, eftir að hann opnaði sveifarhúsið.

Vitnið Jón Sigurðsson kveðst hafa útvegað legur í vélina. Fyrstu legurnar hafi verið nýjar, eftir því sem hann bezt man. Eftir aðra úrbræðslu vélarinnar segir vitnið, að Ólafur Hannesson verkstæðisformaður hafi oft talað við sig um útvegun lega, hafi tekið langan tíma að útvega hlutina, og segir vitnið, að eitthvað af legum, sem það útvegaði í þetta seinna skipti, hafi verið notað. Vitnið kveður Ólaf hafa tjáð sér ákveðið, að það væri í lagi að setja legurnar í vélina. Að lokum vantaði 2 eða 3 heilar legur, og kveðst vitnið hafa fengið 3 heilar legur úr m/b Happasæl, sem sé með sams konar legur og m/b Freyja. Vitnið kveðst hafa beðið Ólaf að senda legurnar til baka, ef hann væri ekki fullviss um, að það væri í lagi að nota þær.

Forstjóri aðalstefnda, Valtýr Guðjónsson, segir í skýrslu, réttarskj. nr. 12, að aðalstefndi hafi gert allt, sem hægt er, til þess að hjálpa aðalstefnanda til að halda bátnum í gangi. Hins vegar hafi skort mjög á um alla aðgæzlu aðalstefnanda, sem sjálfur var vélamaður á bátnum, auk þess sem hann skorti kunnáttu til að halda vélinni í lagi þrátt fyrir endurteknar viðgerðir. Fyrsta úrbræðslan stafi eingöngu af því, að aðalstefnanda hafi sézt yfir nauðsynlega og sjálfsagða gæzlu vélarinnar, þegar hann varð þess var, að hlíf yfir kúplingu hitnaði óeðlilega mikið, og ekkert hafi sannazt um það, að starfsmönnum aðalstefnda hafi láðst að taka endaslagið af sveifarásnum. Þær tvær úrbræðslur vélarinnar, sem urðu, er hún var hjá Dráttarbrautinni, stafi af því, að legur þær sem notaðar hafi verið, hafi ekki verið nýjar, og geti úrbræðslan því eigi sannað, að um mistök hafi verið að ræða. Hafi verkstæðisformaður bent aðalstefnanda á, að eigi væri unnt að ábyrgjast gagnsemi leganna, en tilraun mætti gera með þær. Síðasta úrbræðslan stafi hins vegar eingöngu af vangæzlu aðalstefnanda, hann hafi eigi fylgzt nægilega vel með smurningu vélarinnar.

Starfsmenn Dráttarbrautarinnar hafi hreinsað vélina innan m. a. með tvisti, en síðar skolað hana innan með olíu til að fjarlægja óhreinindi, sem óhjákvæmilega verða eftir, þegar vél er sett saman. Það séu því engin rök fyrir því, að þeir hafi skilið eftir tvist og óhreinindi inni í vélinni.

Ólafur Hannesson, verkstæðisformaður hjá Dráttarbraut Keflavíkur h.f., kveður í vottorði, réttarskj. nr. 16, skýrslu Valtýs Guðjónssonar, réttarskj. nr. 12, hafa verið samin að öllu leyti í samráði við sig og segir meginefni hennar að öllu leyti sem sína eigin vitnaskýrslu. Hann hefur fyrir rétti borið, að ekki hafi verið notaðar nýjar legur, hvorki höfuðlegur né sveifaráslegur, við vélaviðgerðina, heldur hafi þær legur, sem útvegaðar voru, verið gamlar og ekki nothæfar nema nokkuð af þeim, og það jafnvel illa nothæft, en reynt hafi verið að notast við þær til að halda bátnum gangandi, og hafi það verið gert að tilhlutun aðalstefnanda og Hraðfrystistöðvar Keflavíkur, sem átti að fá fiskinn af bátnum. Vitnið minnist þess ekki að hafa borið það undir aðalstefnanda sérstaklega, hvort nota ætti þessar gömlu legur, enda hafi hann ekki séð um útvegun þeirra. Hins vegar hafi vitnið álitið, að hann vissi um þetta, þar eð mikið umstang var í sambandi við útvegun þeirra. Vitnið segist hafa séð aðalstefnanda og formann bátsins oft á verkstæðinu og niður í bát og taldi það, að þeir væru þar til eftirlits. Ekki kveðst vitnið minnast þess, að Jón Sigurðsson hafi beðið það að endursenda legur, ef ekki væri hægt að nota þær.

Vitnið Jóhannes Zoëga, annar matsmanna, segir, að það hafi verið hægt að sjá, að ásinn hafi legið illa í höfuðlegum. Það segir, að þetta þurfi ekki að valda úrbræðslu. Það segir, að ekki sé það nauðsynlegt, að vélin sé öll sundurtekin, til þess að tvistur geti komizt í hana, en óhjákvæmilegt sé, að sveifar-húsið sé opnað, til þess að slíkt geti skeð. Vitnið kveðst ekki telja það eðlilegt, að þurft hafi að draga vélina í gang með bifreið, og telur það orsökina fyrir slíku geta verið stífni eða klemma á hreyfanlegum hlutum vélarinnar eða smurningsleysi eða óhreinindi á slitflötum. Stífni eða klemma gæti hugsanlega stafað af því, að notaðir séu hlutir í vélina, sem illa falla.

Vitnið Þorsteinn Loftsson, hinn matsmaðurinn, segir, að ásinn hafi legið illa í höfuðlegum og að legurnar hafi verið skemmdar en misskemmdar, og segir þetta stafa af úrbræðslu. Vitnið segist ekki geta um það sagt, hvort úrbræðslan hafi eingöngu stafað af smurningsleysi, en segir, að það, að vélin fái ekki fullnægjandi smurning, geti verið næg ástæða fyrir því, að vélin bræðir úr sér. Vitnið kveðst ekki geta um það sagt, hvernig eða hvenær tvistur hafi komizt í vélina, en það telur slíkt óhugsandi, nema sveifarhúsið sé opið. Vitnið telur óeðlilegt, að nota hafi þurft bíl til að draga vélina í gang.

Eins og málavöxtum nú hefur verið lýst, og af gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, verður dómurinn að líta svo á, að ekki hafi verið leiddar neinar sannanir að því, að fyrsta úrbræðsla vélarinnar hafi stafað frá mistökum starfsmanna aðalstefnda eða því, að þeir hafi eigi tekið endaslagið af sveifarásnum. Hins vegar verður að telja, að þær tvær úrbræðslur, sem á vélinni verða, á meðan hún er til viðgerðar hjá aðalstefnda og verið var að gangprófa hana, hafi stafað af því, að eigi hafi starfsmenn aðalstefnda sýnt nægja vandvirkni. Má telja ljóst af framburði vitnisins Jóns Sigurðssonar svo og samkvæmt framlögðum reikningum frá vélaumboðinu, að minnsta kosti hafi eitthvað af þeim legum, sem notaðar voru til þessara viðgerða, verið nýjar, og séu gamlar legur notaðar, þá lítur dómurinn svo á, að vélaverkstæði það, sem þær setur í, verði að ganga úr skugga um það, hvort slíkir gamlir varahlutir séu nothæfir eða eigi. Verður að telja, að vélaverkstæði sé slíkt mun auðgerðara heldur en þeim, sem viðgerð láta framkvæma, og lítur dómurinn svo á, að vélaverkstæðið geti eigi skotið sér undan ábyrgð vegna viðgerðar, sem þar er framkvæmd, þótt sá, sem viðgerðin er framkvæmd fyrir, hafi sjálfur útvegað varastykkin.

Dómurinn telur, að ekki séu færðar nægar sönnur fyrir því, að mistökum starfsmanna aðalstefnda sé um að kenna, er olíuverk fór úr sambandi.

Dómurinn lítur svo á, að síðasta úrbræðslan hafi stafað af því, að tvistur hefur komizt í olíusíu, svo og af því, að sveifarásinn hefur eigi legið rétt í höfuðlegum. Síðara atriðið verður dómurinn að telja, að stafi frá því, að eigi hafi starfsmenn aðalstefnda gætt nægrar vandvirkni við fellingu lega. Varðandi tvist í olíusigti lítur dómurinn svo á, að ekki sé ótvíræðar sönnur á það færðar, hvernig hann hefur þangað komizt. Aðalstefnandi hefur neitað því fyrir rétti, að hann hafi sett vélina í gang, eftir að hann opnaði sveifarhúsið. Það er upplýst, að tvistur var notaður við hreinsun vélarinnar á verkstæði aðalstefnda, en því verið haldið fram, að hún hafi svo verið hreinsuð með hreinsiolíu. Dómurinn telur með hliðsjón af öllum atvikum við viðgerð vélarinnar og því m. a. á hvern hátt hún var gangsett, en annar matsmanna getur þess m. a., að það kunni að stafa af einhverjum óhreinindum í vél, yfirgnæfandi líkur fyrir því, að tvisturinn hafi í vélina komizt á vélaverkstæðinu. Hins vegar verður dómurinn að telja, þrátt fyrir það að aðalstefnandi kveðst sjálfur hafa gætt að olíu á vélinni, að hann hafi alls ekki sýnt

næga aðgæzlu um það, hvort vélin smyrði sig eða eigi, sérstaklega með hliðsjón af því, að vélin var ný upp tekin.

Með hliðsjón af framanrituðu lítur dómurinn svo á, að aðalstefnda beri að dæma til að greiða aðalstefnanda tjón það, sem hann kann að hafa orðið fyrir af framangreindum sökum, en við ákvörðun tjónbóta ber hins vegar að hafa það í huga, að sumt af því, sem aflaga fór, má rekja til aðgæzluskorts aðalstefnanda sjálfs, eins og að framan hefur verið lýst.

Aðalstefnandi sundurliðar stefnukröfu sína í aðalsök þannig:

1.	Bætur sbr. mat matsmanna	kr.	28.200.00
2.	Tapaðir róðrar 11/3—15/5 að frádregnum kostnaði	—	176.144.15
3.	Peningar greiddir í Dráttarbraut Keflavíkur h.f. 1. apríl 1959	—	52.395.90
4.	Víxill afhentur Dráttarbraut Keflavíkur ..	—	42.000.00
5.	Veiðarfæri, sem týndust	—	16.539.50
6.	Varastykki frá Kelvinumboðinu, sem urðu ónýt	—	9.997.41
7.	Tryggingargjald til samábyrgðarinnar	—	4.630.00
8.	Dráttur á vél í gang	—	728.27
9.	Björgunarlaun m/b Sæbjörg 18/3 '59	—	3.500.00
	Björgunarlaun m/b Sæbjörg 4/4 '59	—	750.00
	Björgunarlaun m/b Gylfa 3/4 '59	—	2.000.00
10.	Trygging skipshafnar	—	1.500.00
11.	Sundurtekning á vél	—	620.08
		Samtals kr.	339.005.31

Við munnlegan málflutning lækkar aðalstefnandi kröfu sína í kr. 294.478.29.

Um 1) Lögð hefur verið fram í málinu matsgjörð dómkvaddra matsmanna, þar sem þeir meta kostnað við viðgerð á vélinni, þar innifalið allt efni og vinna, á kr. 28.200.00.

Aðalstefndi hefur mótmælt matinu sem röngu og þýðingarlausu, enda sé í mati við það miðað að koma vélinni í lag, en ekki það að setja hana í eigi lakara stand en hún var, áður en hún byrjaði að bræða úr sér, eins og beðið er um í matsbeiðni. Þar eð eigi hefur verið gerð tilraun til þess að hnekkja matinu með yfirmati og matsmenn staðfest matsgjörð sína fyrir rétti, þá lítur dómurinn svo á, að leggja skuli matsupphæð til grundvallar, og því beri að taka liðinn til greina óbreytt.

Um 2) Aðalstefnandi telur, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna tapaðra róðra á tímabilinu 11/3—15/5 1959, og reiknast honum til, að tjón sitt sé kr. 176.144.15. Byggir hann þessa tölu á upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þar sem reiknað er út frá því, að brúttóverðmæti aflans, sem skipið mundi hafa fengið, miðað við önnur sambærileg skip á sama tíma, er reiknað kr. 309.447.97. Frá þessari upphæð dregur hann svo ýmsa kostnaðarliði, sem sparast vegna þess, að báturinn er ekki gerður út svo og hásetahlut, sem orðið hefði, miðað við framangreint fiskverð. En bætir svo við því kaupi, sem hann samkvæmt dómum hefur orðið að greiða skipshöfninni, þrátt fyrir hvernig fór um útgerðina, en það er kr. 22.592.98.

Þess ber fyrst að geta, að yfirlit það um meðaltals róðrafjölda og aflaverðmæti, sem aðalstefnandi byggir kröfu sína á, nær allt frá 1. marz 1959, en fyrsta úrbræðsla vélar bátsins verður eigi fyrr en 18. marz s. á., og verður aðalstefnda eigi um þá úrbræðslu kennt.

Aðalstefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og að hann eigi engan stað í veruleikanum. Hann hefur lagt fram reikningsyfirlit, sem hann kveður gert af löggiltum endurskoðanda í þjónustu samtaka útvegsmanna, sem sýnir tap á útgerð slíks báts, kr. 17.700.00. Ekki er þetta yfirlit undirritað né staðfest fyrir dómi. Dómurinn lítur svo á, að ekki hafi aðalstefnandi lagt fram fullnægjandi sannanir fyrir þeirri tjónkröfu, sem hann gerir. Hins vegar telur dómurinn, að dæma beri honum nokkrar bætur vegna beins tjóns, vegna þess að útgerð báts hans fór svo skyndilega út um þúfur og rekja má til atvika, sem að framan greinir, t. d. kaup til skipverja, er hann var dæmdur til að greiða, svo og tíma, fyrirhöfn og óþægindi, sem hann hefur orðið fyrir í þessu sambandi, og að nokkru fjártjón vegna misheppnaðrar sjóferða og tapaðrar útgerðar. Þykir réttinum með hliðsjón af því, að aðalstefnandi sjálfur á að nokkru sök á tjóni sínu, sem fyrr er rakið og hér verður í heild tekið til greina, hæfilegar bætur honum til handa samkvæmt þessum tölulið ákveðnar kr. 50.000.00.

Um 3) Þennan lið stefnukröfunnar lækkaði aðalstefnandi við munnlegan flutning málsins úr kr. 52.395.90 niður í kr. 8.018.88. Dómurinn lítur svo á, að gegn mótmælum aðalstefnda sé eigi unnt að taka þennan lið til greina, enda hefur aðalstefnandi greitt fé þetta inn á reikning sinn hjá aðalstefnda fyrirvaralaust og án athugasemda, eftir að vélin bræddi endanlega úr sér, eða hinn 11.

apríl 1959, eins og reikningsyfirlit, réttarskj. nr. 20, ber með sér (sjá síðar um gagnsök).

Um 4) Þessi kröfuliður fellur niður, enda mun nú víxillinn hafa verið afhentur aðalstefnanda.

Um 5) Þennan kröfulið verður eigi gegn mótmælum aðalstefnda unnt að taka til greina, enda ekkert sannað um tjón að þessu leyti.

Um 6) Gegn mótmælum aðalstefnda verður eigi unnt að taka þennan lið til greina, enda ekki gerð nein grein fyrir því, hvað af þeim varastykkjum, sem þar eru talin, hafa orðið ónýt (sjá síðar um gagnsök).

Um 7) Gegn mótmælum aðalstefnda verður þessi liður eigi tekinn til greina, enda engin gögn lögð fram, er styðji þessa kröfu.

Um 8) Þrátt fyrir mótmæli aðalstefnda verður þessi liður tekinn til greina að fullu, kr. 728.27.

Um 9) Bjarglaun eða dráttaraðstoð semkvæmt þessum lið verður aðeins tekin til greina, að því er varðar aðstoð veitta 4. apríl 1959 af m/b Sæbjörgu, kr. 750.00.

Um 10) Þessi liður verður eigi tekinn til greina, þar eð engin gögn hafa verið lögð fram, er styðji þessa kröfu.

Um 11) Þennan lið ber að taka til greina, þar eð um sundurtekningu vélarinnar er að ræða vegna mats- og skoðunargjörðar, kr. 620.08.

Úrslit máls þessa í aðalsök verða því þau, að aðalstefnda, Dráttarbraut Keflavíkur h.f., ber að greiða aðalstefnanda, Sigurði Jóhannssyni, kr. 80.298.35, með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1959 til greiðsludags.

Gagnsök:

Um málavaxtalýsingu í gagnsök vísast til þess, sem að framan greinir, en þar hefur verið lýst, hvern veg dómurinn lítur á þær viðgerðir, sem framkvæmdar voru af gagnstefnanda við vél báts gagnstefnda á tímabilinu frá 11. marz 1959 til 4. apríl 1959 svo og, hvernig þær viðgerðir reyndust, m. a. tvær úrbræðslur, án þess að gagnstefndi tæki vélina í sínar vörzlur. Öll vinna og efni á þessum tíma hefur verið reiknuð gagnstefnda að fullu til skuldar á reikningum gagnstefnanda, sem fram hafa verið lagðir. Auk þess hefur eitthvað af efni, útveguðu fyrir milligöngu gagnstefnda og greitt af honum sérstaklega, sumt nýtt, verið gert ónýtt við þessar viðgerðir.

Dómurinn lítur svo á, að eigi verði unnt að gera gagnstefnda

að greiða fyrir það efni og þá vinnu, sem starfsmenn gagnstefnanda inntu af hendi, en reyndist ónýtt. Hins vegar er lítt gerlegt að sundurgreina þann kostnað frá, sem farið hefur til hinnar ónýtu viðgerðar. En þegar litið er til allra aðstæðna og krafan í gagnsök og 3. og 6. kröfuliðir í aðalsök eru allir hafðir í huga í einu, þá telur dómurinn rétt að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök. 3. og 6. kröfuliður í aðalsök eru eigi teknir til greina þar, eins og þar segir.

Samkvæmt úrslitum málsins bæði í aðalsök og gagnsök þá ber og að dæma aðalstefnda til þess að greiða aðalstefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, og þykir hann með hliðsjón af málavöxtum hæfilega ákveðinn 8.000.00 kr.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Dráttarbraut Keflavíkur h.f., greiði aðalstefnanda, Sigurði Jóhannssyni, í aðalsök kr. 80.298.35 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1959 til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Sigurður Jóhannsson, sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Dráttarbrautar Keflavíkur h.f.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda í málskostnað kr. 8.000.00, og er þar með talinn matskostnaður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. janúar 1962.

Nr. 8/1961. **Oddviti Patrekshrepps f. h. hreppsins**
(Gunnlaugur Þórðarson hdl.)
gegn
Olíuverzlun Íslands h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Útvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1961. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3482.00 ásamt 10% ársvöxtum af kr. 1200.00 frá 1. október 1956, af kr. 1152.00 frá 1. október 1955 og af kr. 1130.00 frá 1. október 1954 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, er Hafnarstræti 21 h/f eigandi tækja þeirra, þ. e. rafknúinnar benzíndælu og jarðgeymis, sem notuð eru í atvinnurekstri þeim, er í málinu greinir. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að Hafnarstræti 21 h/f er dótturfélag stefnda, Olíuverzlunar Íslands h/f. Er hlutafé Hafnarstrætis 21 h/f að fjárhæð kr. 40.000.00, og á stefndi kr. 39.500.00 af því, en aðrir nafngreindir aðiljar, fimm að tölu, kr. 100.00 hver. Þá hefur einnig komið fram, að stefndi greiðir Hafnarstræti 21 h/f tiltekna ársleigu fyrir framangreind tæki, en Hafnarstræti 21 h/f annast viðhald og viðgerðir þeirra á sinn kostnað, eins og í héraðsdómi greinir.

Í héraðsdómi er rakið efni samnings þess, dags. 4. júní 1952, er stefndi gerði við Ásmund B. Olsen, kaupmann á Vatn-

eyri, um sölu á benzíni og olíuvörum. Eins og þeim samningi er háttað og þar sem stefndi leggur til og kostar tæki þau, sem nauðsynleg eru til starfrækslunnar, eins og að framan segir, þá verður að telja, að salan fari raunverulega fram á vegum stefnda, enda er hún einn þáttur í víðtækara sölukerfi hans. Var stefndi því útsvarsskyldur í Patrekshreppi samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. laga nr. 66/1945 á þeim tíma, sem útsvars er krafizt fyrir í máli þessu. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu á kr. 3482.00 ásamt 10% ársvöxtum, sem reiknast einungis frá stefnudegi, 11. nóvember 1957, eins og málflutningi áfrýjanda er háttað.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði áfrýjanda, oddvita Patrekshrepps f. h. hreppsins, kr. 3482.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 11. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Theódórs B. Líndals prófessors.

Viðskipti stefnda og Ásmundar B. Olsens kaupmanns, þau er um ræðir í máli þessu og lýst er í héraðsdómi, verða eigi talin leiða til útsvarsskyldu stefnda í Patrekshreppi samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947, enda skiptir eigi máli, eins og atvikum er háttað hér, hvort um var að ræða heildsölu til Ásmundar kaupmanns eða afhendingu vara til hans í umboðssölu.

Þess er getið í hinum áfrýjaða dómi, að Ásmundur kaupmaður hafi endurgjaldslaust haft að láni frá Hafnarstræti 21 h/f í Reykjavík rafknúna benzíndælu og jarðgeymi, er

rúmaði 8000 lítra, og annaðist félagið viðhald þessara tækja. Er málið var flutt hér fyrir dómi, kom fram, að árlega greiddi stefndi Hafnarstræti 21 h/f fyrningu tækjanna, er nam 10% af verði þeirra. Á gjald þetta verður að líta sem leigu fyrir tækin. En þótt stefndi sé talinn hafa haft tækin á leigu og hvernig sem sambandi hans og Hafnarstrætis 21 h/f var annars háttað, þá veita hvorki A né B liðir 8. gr. laga nr. 66/1945, eigi heldur önnur lagaákvæði, heimild til útsvarsálagningar, er miðast við það, hvar tækin eru hverju sinni.

Í máli þessu er ekkert fram komið, er bendi til þess, að stefndi hafi arðbær lóðarafnot í Patrekshreppi. Og eigi verður séð, að hann eigi eða hafi á leigu land það, sem framannefnd tæki standa á. Verður því heimild til útsvarsálagningarinnar eigi sótt í B lið 8. gr. laga nr. 66/1945.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt er þó, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, því að efni voru til áfrýjunar málsins.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjardóms Reykjavíkur 24. október 1960.

Mál þetta, er dómtekið var 28. f. m., hefur Sveitarsjóður Patrekshrepps höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. nóvember 1957, gegn Olíuverzlun Íslands h.f. hér í bænum, til greiðslu útsvarsskuldar, að fjárhæð kr. 3.152.00 auk dráttarvaxta, kr. 450.00, og 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Undir rekstri málsins var kröfugerð stefnanda breytt með samþykki af hálfu stefnda, og er þess nú krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.482.00 auk 10% dráttarvaxta af kr. 1.200.00 frá 1. október 1956, af kr. 1152.00 frá 1. október 1955 og af kr. 1130.00 frá 1. október 1954 svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hinn 13. júní 1952 hafi stefndi fengið heimild byggingarnefndar Patrekshrepps til að setja niður benzíngeymi á Vatneyri í Patreksfjarðarkaup-

túni samkvæmt beiðni frá verzlun Ásmundar B. Olsen, Vatneyri, fyrir hönd stefnda. Heimild þessi hafi náð til benzíngeymis, er rúmaði allt að 8000 lítra, ásamt tilheyrandi dælu, og hafi staðurinn verið ákveðinn við Aðalstræti út af verzlunarhúsi Magnúsar B. Olsens, eins og óskað hafði verið eftir. Stefnandi kveður stefnda síðan hafa selt benzín frá geymi þessum og hafa gefið út nótur fyrir þeim viðskiptum með árituninni: „Benzíngeymir B.P.“ Þá kveður stefnandi smurolíur einnig hafa verið seldar frá benzíngeyminum í nafni „B.P“. Stefnandi kveður útsvar síðan hafa verið lagt á starfsemi stefnda árin 1954, 1955 og 1956, 1% af söluverðmæti því, sem afgreitt var frá geyminum, en stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að greiða.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að hann eigi engar eignir í Patrekshreppi og hafi þar ekki heimilisfasta atvinnustöð, enda sé félagið skrásett í Reykavík og hafi þar starfsemi sína. Viðskipti þau, sem greind útsvarsálagning sé byggð á, séu því heildsöluviðskipti, sem ekki hafi í för með sér útsvarsskyldu í Patrekshreppi.

Með samningi stefnda og Ásmundar B. Olsens kaupmanns á Vatneyri, Patreksfirði, dags. 4. júní 1952, en samningur þessi hefur verið lagður fram í málinu, skuldbatt stefndi sig til að selja Ásmundi benzín, smurningsolíur og aðrar olíur samkvæmt skilmálum þeim, sem tilgreindir eru í samningnum. Á hinn bóginn skuldbatt Ásmundur B. Olsen sig til að kaupa allt benzín, smurningsolíur og aðrar olíur til eigin nota eða, sem hann annaðist kaup á fyrir aðra eða til almennrar sölu, hjá stefnda. Jafnframt skuldbatt Ásmundur sig til að kaupa ekki olíur frá öðrum olíusölum, meðan stefndi selur honum þessar vörur sannanlega ekki á hærra verði en aðrir olíusalar. Stefndi skal annast flutning á benzíni á smásölugeymi kaupanda og sjá um að fylla á geyminn, þegar kaupandi óskar eftir og eftir því sem við verður komið. Stefndi selur Ásmundi benzín og smurningsolíur í mánaðarreikning, og ber Ásmundi að greiða andvirði vara þeirra, sem hann selur á hverjum mánuði, fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir sölu vörunnar. Er Ásmundur í samningnum sagður eigandi vörunnar eftir móttöku hennar og sagður bera alla áhættu af rýrnun hennar. Sú skylda er lögð á Ásmund, að hafa greinilegt bókhald yfir útlán á tunnum og yfir tunnubirgðir stefnda. Í samningnum er verðið á benzíni ákveðið 12 aurum lægra en útsöluverð á sölustað, sem ákveðið er af Verðlagsskrifstofunni í Reykjavík, og skal verðmismunur þessi breytast samkvæmt

ákvörðun Verðlagsskrifstofunnar á hverjum tíma. Um smurningsolíur er svohljóðandi ákvæði í 7. gr. samningsins: „Meðan núverandi reglur gilda um framhaldandi flutninga erlendis frá, selur Olíuverzlunin kaupanda smurningsolíur frá firmunum C. C. Wakefield & Co., Ltd., London, og Socony-Vacuum Oil Company, Inc., New York, c.i.f. á ákvörðunarhöfn með 10% — tíu af hundraði — afslætti frá reikningsverði vörunnar í Reykjavík.“ Samningurinn gildir frá og með 1. janúar 1952 og er uppsegjanlegur af hálfu hvors aðilja með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Samkvæmt yfirlýsingu, dags. 20. júní 1952, hefur Ásmundur B. Olsen fengið rafknúna benzíndælu ásamt jarðgeymi að láni frá Hafnarstræti 21 h.f. í Reykjavík. Samkvæmt yfirlýsingunni hefur Hafnarstræti 21 h.f. sett dæluna niður Ásmundi að kostnaðarlausu og annazt viðhald og viðgerðir á dælunni, en skila skal Ásmundur tækjunum eigi síðar en einum mánuði eftir að krafa kemur fram um það frá eiganda þeirra.

Af hálfu stefnda hefur því eindregið verið mótmælt, að Ásmundur B. Olsen hafi komið fram fyrir hans hönd, er hann fékk leyfi byggingarnefndar Patrekshrepps til að setja niður benzíngeymi ásamt dælu, eins og rakið hefur verið.

Að því athuguðu, sem rakið hefur verið, verður að fallast á það með stefnda, að hann hafi ekki átt neinar eignir og ekki haft neinn atvinnurekstur í Patrekshreppi á árunum 1953, 1954 og 1955 og sé því ekki útsvarsskyldur þar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, sveitarsjóðs Patrekshrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. janúar 1962.

Nr. 74/1961. **Jóhann Benediktsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Bergi Gestssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. apríl 1961 og gjafsóknarleyfi 27. marz 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1961 og krafizt þess, að gagnáfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 210.699.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1952 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi Bergur Gestsson hefur fengið áfrýjunarleyfi 19. maí 1961 og gjafsóknarleyfi 8. júní s. á. Hann hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. maí 1961 og krafizt *aðallega* sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, *en til vara* lækkunar á bótakröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október 1961, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember s. á. Hann krefst *aðallega* sýknu, *en til vara* lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda, og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

I.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f af kröfum aðaláfrýjanda.

II.

Aðaláfrýjandi átti upptökin að viðureign þeirri, er varð með honum og gagnáfrýjanda Bergi Gestssyni, er hann beitti valdi í því skyni að taka af gagnáfrýjanda vatnsslöngu þá, er hann hafði í höndum. Eftir fyrstu lotu þessara átaka beindi gagnáfrýjandi hins vegar vatnsslöngunni gegn aðaláfrýjanda, eins og í héraðsdómi greinir, en af því efni veittist aðaláfrýjandi að gagnáfrýjanda af nýju, og varð þá slysið. Þegar virt er aðstaða aðilja, þáttur þeirra hvors um sig í atburðum þeim, er til slyssins leiddu, og svo æska gagnáfrýjanda þykir rétt, að aðaláfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að ¾ hlutum, en gagnáfrýjandi bæti honum það að ¼ hluta.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður 1. kröfuliður aðaláfrýjanda tekinn til greina að fullu	kr.	3.675.00
Bætur samkvæmt 2. kröfulið aðaláfrýjanda þykja hæfilega metnar	—	150.000.00
Bætur samkvæmt 3. kröfulið ákveðast	—	20.000.00
Samtals	kr.	173.675.00
Þar frá dragast slysabætur, er Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt aðaláfrýjanda	kr.	40.950.43
	Kr.	132.724.57,

og ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda ¼ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 33.181.14, ásamt 6% ársvöxtum frá 5. nóvember 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en fyrri vextir eru fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

III.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Málflutningslaun talsmanna aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Bergs Gestssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Jóhanns Benediktssonar.

Gagnáfrýjandi Bergur Gestsson greiði aðaláfrýjanda kr. 33.181.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. nóvember 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanna aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Bergs Gestssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius og Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 12.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 26. nóvember 1960.

Ár 1960, laugardaginn 26. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af Jóni Finnssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var hinn 19. þessa mánaðar.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1957, af Jóhanni Benediktssyni, Óðinsgötu 22, Reykjavík, gegn Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f og Bergi Gestssyni, Nýlendu, báðum í Gerðahreppi, til greiðslu in solidum skuldar, að fjárhæð kr. 237.543.20 með 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málssóknarlauna til skipaðs talsmanns.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð

sinni og lækkaði stefnufjárhæðina í kr. 210.699,57 með 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1952 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Samþykktu umboðsmenn stefndu, að breyting þessi kæmist að.

Stefnda, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómsins, og hvernig sem málið fer, krefst það sakarkostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu meðstefnda, Bergs Gestssonar, er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Á vetrarvertíðinni 1952 voru stefnandi og stefndi, Bergur Gestsson, starfsmenn í hraðfrystihúsi í Gerðahreppi, eign Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f. Föstudaginn 4. apríl voru þeir við vinnu í flökunarsal hraðfrystihússins ásamt fleiri starfsmönnum. Stefndi, Bergur, vann við fiskflökun, en stefnandi var að gella fisk. Stefndi hafði verið að hreinsa flökunarborðið, sem hann vann við, og notaði til þess vatnsslöngu, er hann hélt á í vinstri hendi, en í hægri hendi hélt hann á flatningshníf.

Stefnandi skýrir þannig frá, að gólfið þar sem hann var við vinnu sína, hafi verið orðið slorugt, og því hafi hann beðið stefnda, sem hafi verið búinn að hreinsa hjá sér, um vatnsslönguna til þess að hreinsa gólfið, en stefndi hafi neitað að láta slönguna af hendi. Kveðst stefnandi þá hafa tekið í slönguendann og gert ráð fyrir því, að stefndi myndi sleppa slöngunni. Þess í stað hafi stefndi brugðið flatningshníf sínum á slönguna og skorið hana í sundur. Hélt stefnandi eftir smábút. Því næst kveður hann stefnda hafa gengið aftur á bak og haldið slöngunni þannig, að vatnið sprautaðist á sig. Hafi hann þá gengið að stefnda, tekið um enda slöngunnar með hægri hendi og beygt hann svo, að vatnið sprautaðist á stefnda. Jafnframt hafi hann reynt að grípa í öxlina á stefnda, er vék sér undan og reyndi að snúa slönguna af stefnanda. Kveður stefnandi það ekki hafa skipt neinum togum, að stefndi brá hnífnum á nýjan leik og ætlaði að skera slönguna aftur í sundur, en hnífurinn lenti á innanverðum hægri úlnlið stefnanda og skar í sundur æðar og sinar inn í bein.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki ætlað að skipta sér frekar af stefnda, þegar hann var búinn að skera slönguna

í sundur, og hafi hann ætlað að snúa sér að vinnu sinni, er stefndi byrjaði að sprauta á hann.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hann hafi ekki verið búinn að nota slönguna, er stefnandi bað um hana. Hafi þeir átt orðaskipti um þetta, en allt í góðu. Stefnandi hafi síðan gripið um slönguendann þannig, að ca. ½ metri var á milli handtaka þeirra. Hafi orðið átök um slönguna og stefnandi því næst snúið slönguopinu að stefnda, svo að vatnið sprautaðist á hann. Kveðst stefndi þá hafa skorið slönguna í sundur milli handtaka þeirra og snúið vatnsbununni að stefnanda. Hann kveðst hafa tekið stimpingar þessar sem glettni og leik, þótt nokkurrar stífni gætti. Þessu næst kveður stefndi stefnanda hafa stokkið á sig, gripið sig höfuðtaki, að hann minnti. Engin átök hafi þó orðið, því að hann hafi ekki tekið á móti stefnanda, sem svo að segja samstundis hafi hrökklazt undan og rekið upp vein. Ekki kveðst stefndi hafa áttað sig á því þá þegar, hvað gerzt hafði. Stefndi neitaði því eindregið, að hafa brugðið hnífnum öðru sinni til þess að skera á slönguna, enda ekkert svigrúm til þess, þar sem árás stefnanda hafi borið svo brátt að.

Sakadómsrannsókn fór fram út af atburði þessum, og voru skýrslur teknar af vitnum í sambandi við hana, en einnig hafa þau vitni, sem eitthvað sáu af viðureign stefnda og stefnanda, mætt í þessu máli, og verður nú framburður þeirra rakinn.

Vitnið Hallmann Sigurðsson kveðst aðeins hafa litið um öxl og séð stefnda sprauta á stefnanda, sem í sömu svifum hafi hlaupið á stefnda, þ. e. nálgazt hann, en hrökklazt þegar frá honum, og spýttist blóð úr hendi hans.

Vitnið Eggert Ólafsson Guðmundsson fylgdist ekki stöðugt með viðureign stefnda og stefnanda. Það sá þá togast á um slönguna. Eftir slysið varð það vart við, að stefnandi var rennblautur.

Vitnið Sumarliði Eiríksson veitti því athygli, að stefnandi og stefndi voru að kíta út af vatnsslöngu, sem stefndi var með, en í galsa. Því næst sá það stefnda sprauta á stefnanda, sem hljóp þá á stefnda. Minnti vitnið, að þeir hefðu verið í ryskingum og tekið hvor í annan, auk þess sem þeir tókust á um slönguna. Hafi þeir gengið fast hvor að öðrum, og hafi þá ekki skipt nema fáum sekúndum, að stefnandi hörfaði til baka og hljóp fram gólfið með hljóðum.

Vitnið Örn Erlingsson kvað stefnda hafa sprautað síðast á stefnanda, sem hafi gengið nær honum í því skyni að taka af

honum slönguna. Skipti þá engum togum, að stefnandi hrökk til baka, og sá vitnið, að hönd hans var alblóðug.

Vitnið Sölvi Kriststeinn Þórðarson bar, að stefndi hefði verið búinn að hreinsa flökunarborðið, er stefnandi ætlaði að fá slönguna. Stefndi hafi tekið slönguna upp af gólfinu og ekki viljað sleppa henni við stefnanda, sem hafi farið aftur að vinnu sinni. Þá hafi stefndi byrjað að sprauta á stefnanda, en honum hafi tekizt að komast aftan að stefnda og eftir smástimpingar að seilast fram fyrir hann og beygja slönguna þannig, að vatnsrennslið stöðvaðist. Leit vitnið þá af þeim, en í sömu mund rak stefnandi upp ógurlegt vein.

Vitnið Eyjólfur Kristinn Eyjólfsson sá, er því var litið upp frá vinnu sinni, að stefndi stóð og sprautaði á stefnanda, sem því virtist verða holdvotur. Stefnandi hafi hörfað undan, hlaupið á hlið til við stefnda og aftan að honum, gripið yfir háls hans og herðar og í sama bili rekið upp vein og hlaupið út.

Umræddan dag var verkstjóri hraðfrystihússins ekki á vinnustað vegna veikinda, en mun hafa falið öðrum manni verksumsjón þennan dag, en hann var ekki staddur í flökunarsalnum.

Stefnandi var fyrst fluttur til læknis í Keflavík og þaðan á Landspítalann, en þar lá hann til 23. maí 1952.

Í vottorði Friðriks Einarssonar læknis segir svo um meiðsli stefnanda:

„Við athugun kom í ljós þverskurður á hægri úlnlið sjúklingsins, lófamegin. Voru allar flexorsinarnar í sundur, bæði grynnra og dýpra búntið, og náði skurðurinn alveg inn að beini. Taugar voru einnig í sundur (nervus medianus og nervus ulnaris). Einnig báðar slagæðarnar. Þá var og opið inn í úlnliðinn."

Hinn 3. marz 1954 mat tryggingayfirlæknir örorku stefnanda sem hér segir:

Frá slysdegi til 30. júní 1952	100%
— 1. júlí 1952—31. des. 1952	80%
— 1. jan. 1953—30. júní 1953	70%
— 1. júlí 1953—31. okt. 1953	60%
— 1. nóv. 1953—31. jan. 1954	50%
— 1. febr. 1954	40% p.t.

Hinn 15. febrúar 1955 var örorka stefnanda metin á ný, og varð niðurstaðan 35% varanleg örorka. Í vottorði tryggingalæknisins segir, að engin vöðvarýrnun sé nú mælanleg á framhand-

leggnum, en mikil rýrnun sé á þumalfingursvöðvum á hægri hendi, og aðrir vöðvar handarinnar nokkuð rýrnaðir. Slasaði geti ekki rétt fingur hægri handar til fulls aktivt, en geti kreppt fingur í lófa með litlum krafti. Þumalfingur nær alveg stífur í fullri réttingu. Aðeins lítilsháttar hreyfing í fremsta og næstfremsta lið hans. Slasaði hálfdofinn í allri hendinni.

Stefnandi var skoðaður enn á ný 7. október 1959, en niðurstaða örorkumatsins varð sú sama.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á hendur stefnda, Bergi Gestssyni, á því, að stefndi hafi átt alla sök á slysinu. Kröfur sínar á hendur Hraðfrystihúsi Gerðabátanna rökstyður stefnandi þannig, að atvinnurekandinn beri ábyrgð á því tjóni, sem starfsmaður hans valdi í starfi, að starfið hafi verið hættulegt og loks að eftirliti með starfsmönnum hraðfrystihússins hafi verið ábóta vant.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Útlagður kostnaður	kr.	3.675.00
2.	Atvinnutjón	—	222.975.00
3.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	25.000.00
		Kr.	251.650.00
4.	÷ Slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	40.950.43
		Kr.	210.699.57

Stefndi, Bergur Gestsson, reisir aðalkröfu sína á því, að hann eigi enga sök á slysinu, og varakröfu, að skipta beri sökinni þannig, að stefnandi beri meginhluta sakar, og höfð sé hliðsjón af 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947.

Stefndi, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, reisir sýknukröfu sína á því, að atferli stefnda og stefnanda standi í engu sambandi við störf þeirra í þágu hraðfrystihússins og engin sök verði fundin hjá verkstjóra þess. Varakröfuna reisir það á sömu forsendum og meðstefndi, Bergur, sína.

Verður þá fyrst vikið að kröfum stefnanda á hendur Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f. Telja verður, að atferli stefnanda og stefnda sé það fjarlægt starfsskyldum þeirra sem starfsmanna hraðfrystihússins, að slysinu verði ekki jafnað til slyss í starfi. Af því leiðir einnig, að ekki getur verið um ábyrgð að ræða, sökum þess að starfið sé hættulegt. Engin rök hafa verið færð að því, að verksumsjón og verkstjórn hafi almennt verið ábóta

vant hjá hinu stefnda félagi. Atvik gerast einnig með svo skjótum hætti, að þeir, sem viðstaddir eru, átta sig ekki, fyrr en allt er um garð gengið. Er því engin vissa fyrir því, að verkstjóra hefði gefizt ráðrúm til þess að skakka leikinn, þótt hann hefði verið staddur í flökunarsalnum, enda verður þess naumast krafizt, að vanir starfsmenn séu undir stöðugu eftirliti verkstjóra. Þeir menn, sem voru í flökunarsalnum, voru allir fullorðnir og flestir vel rosknir, að undanskildum stefnda, Bergi, og tveimur unglingum á líku reki.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, af kröfum stefnanda í máli þessu.

Framburðir vitna, sem raktir hafa verið hér að framan, skera ekki úr um þau atriði, sem á milli ber í framburði aðilja, en samkvæmt fyrrgreindum framburðum má telja eftirfarandi upplýst. Stefnandi reynir að taka vatnsslönguna af stefnda með valdi, þegar stefndi neitar að afhenda hana, og togast á við hann um hana. Stefndi byrjar að sprauta á stefnanda eftir að hafa skorið slönguna í sundur. Stefnandi hleypur þá að stefnda, grípur um slönguna, snýr vatnsbununni að honum, og virðist það ekki skipta neinum togum, að hann stórslasast. Ósannað er, að stefndi hafi brugðið hnífnum í síðara skiptið. Allan tímann, sem aðiljar áttust við, hélt stefndi á vatnsslöngunni í annarri hendi og hnífnum í hinni.

Þegar slysið varð, var stefnandi tæpra 42 ára gamall, en stefndi tæplega 16 ára, fæddur 14. júní 1936.

Ljóst er, að stefndi, Bergur Gestsson, hefur með áreitni sinni við stefnanda og óforsvaranlegri meðferð á hættulegu bitvopni átt verulegan þátt í slysinu. Hins vegar hagaði stefnandi sér einnig mjög óvarlega í viðskiptum sínum við unglinginn og virðist hafa átt sinn þátt í því að koma honum til við sig. Þótt stefnanda væri vorkunn að vilja ekki standa undir vatnsbununni frá stefnda, mátti honum vera það ljóst, að frekari átök við hann voru stórhættuleg, þar sem stefndi hélt á hárbeittum flatningshníf í hendinni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða stefnandi og stefndi taldir eiga jafna sök á slysinu. Hins vegar þykir, með hliðsjón af aldri stefnda, efnahag og öðrum atvikum og samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 21. greinar laga nr. 95/1947 rétt að skipta fébótaábyrgðinni þannig, að stefndi beri ⅓ hluta, en stefnandi sjálfur ⅔ hluta hennar.

Verða þá einstakir kröfuliðir bótakröfunnar teknir til athugunar:

Um 1. Kröfulið þessum, sem er útlagt fé vegna máls þessa, er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Árni Björnsson tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað út vinnutekjutap stefnanda. Fyrri útreikningurinn var gerður 30. janúar 1956. Reikningsgrundvöllurinn var 4% vextir p.a., og miðað við breytilega örorku frá 4/4 '52—15/2 '55 og 35% varanlega örorku frá þeim tíma til 67 ára aldurs, launatekjur dagsbrúnarverkamanns og 2400 vinnustundir á ári. Samkvæmt þessum útreikningi reyndist atvinnutjón stefnanda 268.-118.63 kr., og voru kröfur hans upphaflega miðaðar við þennan útreikning. Hinn 3. október s.l. reiknaði tryggingafræðingurinn atvinnutjón stefnanda út á ný. Var tjónið umreiknað í kapítalverð pr. slysdag 4. apríl 1952, miðað við 35% örorku, sama vinnustundafjölda og kauptaxta og áður, en 6% vexti, í stað 4% p.a. áður. Við útreikning á tilfallandi atvinnutjóni frá 4/4 1952—4/4 1960 og á atvinnutjóni frá 4/4 1960 vegna varanlegrar örorku frá þeim tímamótum, kr. 16.971.00 árlega, er byggt á innlendri reynslu um dánarlíkur karla á árunum 1941—1950 og stuðzt við sænska reynslu um líkur fyrir missi starfsorku. Samkvæmt þessu er miðað við, að menn á aldri stefnanda, þegar slysið verður, haldi starfskröftum til rúmlega 65 ára aldurs.

Lögð hafa verið fram í málinu staðfest eftirrit af skattframtölum stefnanda. Árin 1948—1950, er stefnandi bjó að Hlíð í Húsavíkurhreppi, voru tekjur hans kr. 12.984.00 (þar af kr. 6.900.00 af landbúnaði), kr. 10.674.00 (þar af kr. 2.180.00 af landbúnaði), kr. 9.466.00 (þar af kr. 69.00 af landbúnaði). Samkvæmt þessu er einfalt meðaltal af heildartekjum þessara ára 51.3% af launatekjum dagsbrúnarverkamanns. Upplýsingar vantar um tekjuárið 1951, og árið 1952 var stefnandi alger öryrki ¾ hluta ársins. Tekjur stefnanda 1953—1958 og samanburður við dagsbrúnarkaup, miðað við 2400 vinnustundir, verður sem hér segir:

	Tekjur stefnanda	Tekjur dagsbrúnarverkamanns
1953	kr. 0	kr. 36.621.00
1954	— 20.000.00	— 36.811.00
1955	— 12.000.00	— 40.942.00

1956	kr. 34.052.00	kr. 45.994.00
1957	— 54.026.00	— 47.333.00
1958	— 79.516.00	— 50.087.00

Telur tryggingafræðingurinn, að útreikningur á atvinnutjóni stefnanda, sem miðaður væri við lágt metnar tekjur hans af landbúnaði og stopular tekjur af daglaunavinnu á Húsavík, myndi ekki leiða til réttrar niðurstöðu, þar sem hann hefði eftir flutning sinn til Reykjavíkur haft jafna aðstöðu til tekjuöflunar samkvæmt Dagsbrúnartaxta og aðrir þar búsettir, ef hann hefði ekki slasazt. Niðurstaða tryggingafræðingsins er sú, að tjónið, umreiknað í kapítalverð pr. slysdag, nemi alls kr. 222.975.00.

Af hálfu stefnda, Bergs, hefur þessari aðferð tryggingafræðingsins verið mótmælt, þar sem raunverulegar tekjur stefnanda hafi verið mun minni en verkamanns í Reykjavík, sem vinnur fulla vinnu. Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að framan, eru tekjur stefnanda 1957 og 1958 orðnar hærri en meðaltekjur dagsbrúnarverkamanns, en þrjú næstu árin þar á undan eru þær allmiklu lægri, einkum árin 1955 og 1954, enda þótt örorka hans sé svipuð þá og hún er nú.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með tilliti til þess, að dæmdar fébætur verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, að miðað er við stöðuga atvinnu og loks að vextir eru nú almennt hærri en 6%, þykir örorkutjón stefnanda, þegar frá eru dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, hæfilega áætlaðar kr. 95.000.00.

Um 3. Þegar virt eru þau meiðsli, er stefnandi hlaut, og varanleg lýti, eins og þeim er lýst hér að framan, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 15.000.00.

Vaxtakröfum stefnanda fyrir 5. nóvember 1953 hefur verið mótmælt sem fyrndum, og ber samkvæmt 3. gr., 2. tl., fyrningarlaga nr. 14/1905 að taka þá kröfu til greina.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda, Bergi Gestssyni, verður dæmt að greiða stefnanda ⅓ hluta af kr. 113.675.00 (kr. 95.000.00 + 15.000.00 + 3.675.00), þ. e. kr. 37.891.67 auk vaxta, eins og krafizt hefur verið, frá 5. nóvember 1953.

Mál þetta er bæði gjafsóknar- og gjafvarnarmál, og þykja laun hinna skipuðu lögmanna aðilja, Magnúsar Thorlacius hrl. og Benedikts Sigurjónssonar hrl., hæfilega ákveðin kr. 6.000.00 til

hvors, og greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Benediktssonar, í máli þessu.

Stefndi Bergur Gestsson greiði stefnanda, Jóhanni Benediktssyni, kr. 37.891.67 auk 6% ársvaxta frá 5. nóvember 1953 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málflutningslaun lögmanna gjafsóknar- og gjafvarnarhafa, Magnúsar Thorlacius hrl. og Benedikts Sigurjónssonar hrl., kr. 6.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. janúar 1962.

Nr. 98/1961. **Halldór Ólafsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Halldóri Sigurðssyni og
Sigríði Bogadóttur (Páll S. Pálsson hrl.)
og til réttargæzlu
Jóhannesi Hannessyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
og
Þorleifi Finnbogasyni (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Deilt um skúr og lóðarréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1961 og krafizt sýknu af kröfum stefndu

og málskostnaðar in solidum úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Af hendi réttargæzlustefnda Jóhannesar Hannessonar hefur verið tekið undir kröfur áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að undanskildu ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að undanskildu ákvæði hans um málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. f. m., hafa Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, Rauðarárstíg 24 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. febrúar 1959, gegn Halldóri Ólafssyni, Rauðarárstíg 20 hér í bænum.

Stefnendur hafa gert þær dómkröfur í málinu, „að viðurkennt verði með dómi réttarins, að þeir séu eigendur að samtals 13/21 hlutum húseignar og lóðarréttinda að Rauðarárstíg 24 án skilyrða um lóðarréttindi fyrir bílskúr á lóðinni og innkeyrslu að honum. Þá krefjast stefnendur einnig viðurkenningar fyrir því, að stefndi, Halldór Ólafsson, eigi ekki hlutdeild í lóðarréttindum fasteignarinnar Rauðarárstíg 24 hér í bænum né hafi öðlazt þau réttindi við kaup á skúr, sem á lóðinni stendur."

Stefnendur krefjast málskostnaðar úr hendi aðalstefnda.

Stefnendur hafa stefnt þeim Þorleifi Finnbogasyni, Fornhaga 13, og Jóhannesi Hannessyni, Blönduhlíð 22, til réttargæzlu.

Af hálfu réttargæzlustefnda Jóhannesar hefur verið krafizt málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 3. febrúar 1943, var þeim Sigurði Jónssyni, Fjölnisvegi 18, og Sigurði Jónssyni, Skeggjagötu 25 hér í bænum, leigð lóðin nr. 24 við Rauðarárstíg til 75

ára frá 1. ágúst 1942 og veitt leyfi til að byggja íbúðarhús á henni.

Með afsali, dags. 23. júlí 1943, seldu þeir Sigurður Jónsson, Fjölnisvegi 18, og Sigurður Jónsson, Skeggjagötu 25, þeim Jóhannesi Hannessyni og Gunnlaugi Bjarnasyni umrædda húseign „með tilheyrandi leigulóð, öllu múr- og naglföstu og öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber, og í því ástandi, sem eignin er í", eins og í afsalinu segir. Þá segir einnig svo í afsalinu:

„Kaupendurnir kaupa í sameiningu allt húsið, en kaupin skiptast þannig á milli þeirra, að Jóhannes kaupir kjallara hússins og fyrstu hæð ásamt 2 herbergjum á þakhæð og að Gunnlaugur kaupir aðra hæðina ásamt 1 herbergi á þakhæð. Þó athugast, að Gunnlaugur hefur afnot þvottahússins í kjallaranum sameiginlega með Jóhannesi og geymslu á lofthæð. Kaupendur eru ásáttir um, að eignahlutföll þeirra í allri eigninni verði þannig, að Jóhannes teljist eiga 13/21 og Gunnlaugur 8/21 hluta hennar. Kaupendur eiga sameiginlega miðstöð og þvottahús."

Samkvæmt umsókn réttargæzlustefnda Jóhannesar veitti byggingarnefnd Reykjavíkur honum hinn 13. apríl 1944 leyfi til að byggja bílskúr við umrætt hús. Hinn 12. október s. á. veitti byggingarnefnd Jóhannesi síðan leyfi til að breyta bílskúrnum. Reisti Jóhannes bílskúr þennan, og var það með vitund og samþykki meðeiganda hans, Gunnlaugs Bjarnasonar.

Með afsali, dags. 14. maí 1946, seldi Jóhannes Hannesson þeim Helga Gíslasyni og Sigríði Bogadóttur, Frakkastíg 15, „1. hæðina (4 herbergi og eldhús ásamt steypibaði og WC) húseignarinnar nr. 24 við Rauðarárstíg ásamt sérgeymslu í kjallara og enn fremur miðstöð, þvottahús og leigulóðarréttindi til jafns við aðra eigendur hússins hlutfallslega." Enn fremur segir svo í afsalinu:

„Salan miðast við núverandi ástand hins selda, sem kaupendur þekkja. Hið selda telst vera 7/21 hlutar af allri húseigninni, og ber kaupendum að greiða skatta og skyldur og sameiginlegt viðhald í þessu hlutfalli."

Með afsali, dags. 17. maí 1955, seldi Jóhannes Hannesson nú Halldóri Sigurðssyni, Edduhúsinu hér í bænum, „kjallaraíbúð húseignarinnar nr. 24 við Rauðarárstíg hér í bæ, sem er 2 herbergi, eldhús og bað ásamt 2 herbergjum í risi hússins (vesturhlið), svo og sérgeymslu í kjallara. Enn fremur fylgir íbúðinni geymsla í risi sameign með eiganda efri hæðar hússins, en þvottahús, miðstöð og lóðarréttindi í réttu hlutfalli við eignar-

hluta kaupanda í öllu húsinu. Íbúðin selst með öllu múr- og naglföstu."

Þá segir einnig svo í afsalinu:

„Eignarhlutinn er 9/21 hlutar af allri húseigninni, og ber kaupanda að greiða skatta og önnur gjöld og taka þátt í sameiginlegu viðhaldi í því hlutfalli."

Með afsali, dags. 27. júlí 1957, seldi Jóhannes Hannesson Halldóri Ólafssyni, Rauðarárstíg 20, bifreiðarskúr þann, sem stendur á lóðinni nr. 24 við Rauðarárstíg. Í afsalinu er tekið fram, að seljandi taki að sér að greiða allan þann kostnað, þ. á m. málskostnað, sem kann að verða út af þrætu, sem er vegna lóðarréttinda bílskúrsins. Afsal þetta var fært í veðmálaskrá Reykjavíkur 25. september 1957 með þeirri athugasemd m. a., að vafi sé um lóðarréttindi.

Nokkru áður en sala bílskúrsins fór fram, eða 15. febrúar 1957, hafði lögmaður stefnanda Halldórs Sigurðssonar ritað réttargæzlustefnda Jóhannesi bréf, þar sem hann óskaði þess, að umræddur bílskúr yrði fjarlægður. Samningar munu síðan hafa verið teknir upp um þetta, en af þeim varð þó ekki. Lögmaður stefnandans Halldórs ritaði nú réttargæzlustefnda Jóhannesi bréf hinn 12. júní 1957, þar sem áðurgreindar kröfur eru ítrekaðar og jafnframt mótmælt þinglýsingu bílskúrsins, sem fram hafði farið. Tjáði lögmaðurinn Jóhannesi jafnframt, að stefnendurnir, Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, svo og Helgi Gíslason hefðu falið sér umboð til að krefjast þess, að hann flytti bílskúrinn tafarlaust af lóð hússins, enda fylgdu honum engin lóðarréttindi. Hinn 12. júní 1958 ritaði lögmaður stefnenda loks stefnda Halldóri bréf og krafðist þess fyrir hönd stefnenda í máli þessu, að skúrinn yrði fjarlægður. Bréfi þessu mun ekki hafa verið svarað.

Stefnendur reisa kröfur sínar í máli þessu í fyrsta lagi á því, að réttur til bílskúrsstæðis á húslóð og umferðarréttur að og frá bílskúr séu hluti þeirra réttinda, sem hver íbúðareigandi í sambýlishúsi kaupir, þegar hann fær „lóðarréttindi í réttu hlutfalli við eignarhluta kaupanda í öllu húsinu", eins og fram sé tekið í afsali stefnandans Halldórs fyrir eignarhluta sínum, enda sé þetta hið algilda orðalag í afsölum fyrir íbúðum hér í bænum, nema sérstaklega sé fram tekið, að bílskúrsréttindi eða bílskúr, sem á lóðinni er, fylgi ákveðinni íbúð í húsinu.

Þá reisa stefnendur kröfur sínar á því, að óheimilt sé og andstætt rökum þeim, sem byggingaryfirvöld byggja á leyfis-

veitingar fyrir bílskúrsbyggingum, að svipta alla eigendur íbúðarhúss eignarumráðum bílskúrs á húslóð með undanskoti við afsöl fyrir húsinu og selja síðan bílskúrinn einhverjum þriðja manni, sem ekki á nokkurn hluta í sjálfu íbúðarhúsinu.

Þá er því að lokum haldið fram af hálfu stefnenda, að þar sem þau séu þinglýstir eigendur að $^{13}/_{21}$ ($^{6}/_{21}$ + $^{7}/_{21}$) lóðarréttinda hússins og þriðji eigandinn, Þorleifur Finnbogason, þinglýstur eigandi að $^{8}/_{21}$ hlutum sömu lóðarréttinda, þá eigi stefndi engin lóðarréttindi, þó að hann hafi fengið afsal fyrir bílskúrnum hjá réttargæzlustefnda Jóhannesi, og þá sem hverju öðru lausafé.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að umræddur bílskúr sé alls ekki lóðarréttindalaus. Réttargæzlustefndi Jóhannes hafi reist bílskúrinn að fengnu samþykki byggingaryfirvalda og óátalið af Gunnlaugi Bjarnasyni, sem þá hafi verið sameigandi hans að húsinu. Jóhannes hafi alla tíð síðan greitt sameigendum sínum lóðarleigu eftir skúrinn, sem hafi verið umsamið ¼ hluti lóðarleigugjalds eftir alla lóðina. Gjald þetta hafi stefndi greitt Þorleifi Finnbogasyni, en hann síðan greitt öðrum sameigendum hússins þeirra hluta gjaldsins. Hafi þeir, m. a. stefnandinn Sigríður, tekið við þessu leigugjaldi að sínum hluta athugasemdalaust síðan árið 1946. Sameigendur stefnda hafi eigi viljað taka við greiðslu lóðarleigu eftir skúrinn fyrir árin 1958 og 1959, en fjárhæðir þessar hafi verið greiddar inn á reikning í Landsbanka Íslands á nafn hinna sameigendanna sem geymslufé. — Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann sé þinglýstur eigandi bílskúrsins ásamt meðfylgjandi leigulóðarréttindum, þ. e. ¼ hluta leigulóðarréttinda alls hússins.

Af hálfu réttargæzlustefnda er eingöngu krafizt málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómarans. Af hans hálfu er að öllu leyti tekið undir dómkröfur stefnda og málsútlistun.

Ekki er fram komið, að hinir upphaflegu leigutakar lóðarinnar hafi gert með sér neinn sameignarsamning, er þeir tóku að reisa hús á lóðinni eða síðar. Er þeir seldu þeim Jóhannesi og Gunnlaugi húseignina, varð samkomulag með kaupendum og seljendum um að telja eignarhluta Gunnlaugs $^{8}/_{21}$ hluta allrar eignarinnar og eignarhluta Jóhannesar $^{13}/_{21}$ hluta hennar. Við síðari sölur hafa eignarhlutföll þessi haldizt óbreytt, þannig að samkvæmt afsali því, sem dags. er 17. maí 1955, er kjallaraíbúðin ásamt því, sem henni fylgdi, talin $^{6}/_{21}$ hlutar allrar eign-

arinnar, og íbúðin á fyrstu hæð hússins ásamt því, sem henni fylgdi, talin 7/21 hlutar allrar eignarinnar. Það er að vísu ekki fram komið, á hvaða grundvelli þessi skipting í eignarhlutföll er byggð, en þrátt fyrir það verður að telja, að um hafi verið að ræða bindandi samning varðandi þetta atriði milli seljenda þeirra og kaupenda, sem upphaflega sömdu um þetta atriði. Á sama hátt verður að telja, að síðari skipting á eignarhlutföllum eignarinnar, eins og hún kemur fram í síðari afsölum, hafi verið bindandi samningur um það atriði.

Í dómkröfum sínum í stefnu hafa stefnendur krafizt viðurkenningar á því, að þeir séu „eigendur að samtals 13/21 hlutum húseignar og lóðarréttinda að Rauðarárstíg 24". Ekki er undir rekstri málsins annað fram komið en hér sé eingöngu átt við lóðarréttindi.

Er réttargæzlustefndi Jóhannes seldi stefnda umræddan bílskúr „ásamt þeim lóðarréttindum, sem honum fylgja", eins og segir í afsali stefnda fyrir bílskúrnum, dags. 27. júlí 1957, sem afhent var til þinglýsingar hinn 25. september 1959, hafði hann þegar selt allan eignarhluta sinn í leigulóðarréttindum eignarinnar, eins og fram kemur í afsölum þeim, sem rakin hafa verið. Verður því að telja, að er svo var komið, hafi réttargæzlustefndi Jóhannes ekki átt lóðarréttindi undir bílskúrnum og að stefndi hafi því eigi öðlazt nein lóðarréttindi með bílskúrnum, enda er enginn fyrirvari gerður í hinum fyrri afsölum um lóðarréttindi fyrir bílskúrinn. Þykir það heldur ekki hafa skapað stefnda rétt til lóðarréttinda undir bílskúrinn, þótt réttargæzlustefndi Jóhannes greiddi sameigendum sínum og síðan síðari eigendum gjald af þeim hluta lóðarinnar, sem bílskúrinn stendur á.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfur stefnenda til greina þannig, að viðurkennt verði með dómi, að stefnendur teljist eigendur að samtals 13/21 hlutum húseignar og leigulóðarréttinda fasteignarinnar nr. 24 við Rauðarárstíg og jafnframt, að stefndi eigi ekki hlutdeild í leigulóðarréttindum fasteignar þessarar.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800.00, en málskostnaður gagnvart réttargæzlustefnda fellur niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnendur, Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, skulu teljast eigendur að samtals 13/21 hlutum húseignar og leigulóðarréttinda fasteignarinnar nr. 24 við Rauðarárstíg.

Aðalstefndi, Halldór Ólafsson, skal ekki talinn eiga hlutdeild í lóðarréttindum fasteignarinnar nr. 24 við Rauðarárstíg.

Aðalstefndi greiði stefnendum kr. 1.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 145/1960. **Kalman Sigurðsson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Sveinbjörnssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Deila um hlutdeild í óskiptu beitilandi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1960. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.800.23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165.00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 3800.23 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. júní 1960.

Ár 1960, laugardaginn 18. júní, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Jóhanni Þórðarsyni og meðdómsmönnum Guðmanni Magnússyni hreppstjóra og Einari Halldórssyni oddvita uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 31. maí s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir vettvangsdómi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 4. maí 1959, af Kalmani Sigurðssyni, Stað í Hafnarhreppi, gegn Guðmundi Sveinbjörnssyni, Teigi í Hafnahreppi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.800.23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165.00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 3.800.23 frá þeim degi til greiðsludags, svo og kostnaðar sakarinnar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 936.55 án vaxta og honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Sátta var leitað í málinu, en það reyndist árangurslaust.

Af fjórum mönnum, sem dómarinn tilnefndi sem meðdómsmenn, ruddi sinn aðilinn hvorum manni. Urðu þá eftir sem meðdómendur þeir Guðmann Magnússon, Dysjum, Garðahreppi, og Einar Halldórsson oddviti, Setbergi, Garðahreppi.

Málavextir eru þeir, að í síðustu heimsstyrjöld tók setulið Bandaríkjanna undir sig hluta af Hafnarlandi og hélt því landi út styrjöldina og næstu ár á eftir. Var síðan tekið eignarnámi nokkuð af landinu. Voru 100 ha teknir algeru eignarnámi og 1.000 ha þannig, að bændur höfðu áfram nokkur not af landinu, sem að öðru leyti var eignarnumið. Með yfirvirðingu, dags. 12. janúar 1948, voru bætur til Hafnarbænda ákveðnar kr. 136.000.00. Með úrskurði gerðardóms, uppkveðnum 23/11 1951, voru Hafnarbændum ákveðnar bætur, að upphæð kr. 28.000.00, fyrir notkun setuliðsins á 1.755 ha lands.

Af bótum samkvæmt yfirmatinu 12. janúar 1948 kom í hlut Kirkjuvogs II kr. 15.000.00 og samkvæmt úrskurði gerðardóms 23. nóv. 1951 kr. 3.010.55, eða samtals kr. 18.010.55. Við greiðsl-

um þessum tók stefndi, sem á sínum tíma var þinglesinn eigandi jarðarinnar allrar.

Árið 1928 eða 1929 skipti Pálmi Einarsson landnámsstjóri við þriðja mann óskiptu heimalandi Kirkjuvogsjarða, en fyrir þann tíma var allt land Kirkjuvogsjarða óskipt nema túnin, þau voru girt. Skipting á þessu heimalandi var gerð vegna þess, að bændur hugðust taka land þetta til ræktunar. Spilda sú, er féll í hlut Kirkjuvogs II, er land það, sem nú er kallað Teigur.

Árið 1938 flytur stefndi í Kirkjuvogshverfið. Átti Landsbanki Íslands þá Kirkjuvog II, en selur stefnda síðan jörðina með afsali, útgefnu 31. janúar 1940, og er þess getið í afsalinu, að stefndi skuli njóta arðs af jörðinni frá 10. desember 1938 og greiða skyldur af henni frá sama tíma. Engin hús fylgdu með í kaupunum. Fór stefndi fyrst í leiguhúsnæði í hverfinu. Strax á árinu 1938 byrjaði stefndi að byggja hús á jörðinni, og staðsetti þau á landi því, er féll í hlut jarðarinnar 1928 eða 1929, girti hann það land af, en land þetta hafði verið til þessa ógirt og óræktað. Gaf stefndi landi þessu nafnið Teigur. Land Kirkjuvogs II er allt í sundurlausum skákum sem og annarra jarða þarna í hverfinu. Stærsta skákin er Teigur.

Árið 1941 selur stefndi hluta úr jörð sinni með afsali, útgefnu 16. október 1941, til handa stefnanda. Hluti sá, er stefndi afsalar, er þannig aðgreindur „.... svonefndri Vesturbæjarskák úr jörðinni Kirkjuvog í Höfnum. Er skák þessi 1¼ dagslátta að stærð. Með í kaupunum er hlutdeild í óskiptu beitilandi jarðarinnar í hlutfalli við stærð hinnar seldu lóðar. Enn fremur lóð mín í Norðurhústúninu í sama hreppi".

Er mál þetta var fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á sínum tíma, lét stefnandi framkvæma mat, og skyldu matsmennirnir meta, „hve mikill hluti hið afsalaða land er úr jörðinni Kirkjuvogi II í Höfnum". Matsgerð þessi er dagsett 1. sept. 1953, og komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að hið afsalaða land væri 21.1% af jörðinni. Eftir að málið var komið í Hæstarétt, bað stefndi um yfirmat. Yfirmatsgerð þessi er dagsett 31. júlí 1958, og er niðurstaða yfirmatsmanna sú, að hið afsalaða land sé 5.2% af jörðinni.

Við mælingar þær, er fram fóru í sambandi við möt þessi, kom í ljós, að stærð þess lands, er stefnandi keypti af stefnda, er 3.937 m^2, land það, sem kom í hlut Kirkjuvogs II 1928 eða 1929, 54.990 m^2, land það, sem úrskipt var fyrir þann tíma, 20.607 m^2

og allt land Kirkjuvogs II á afsalsdegi 75.597 m^2. Stærðir þessar eru óumdeildar af aðilum málsins.

Hinn mikli munur á matsgerðum þessum byggist á því, að undirmatið tók aðeins til greina land það, sem úrskipt var fyrir 1928 eða 1929, en yfirmatið tók allt úrskipt land jarðarinnar eins og það var á afsalsdegi. Við bæði mötin var farið eftir stærðum. Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að við skiptingu á fébótum þeim, sem hér um ræðir, eigi að fara eftir reglum landskiptalaganna nr. 46 27. júní 1941, einkum 2. og 3. gr. Bendir stefnandi á það, að Teigur sé metinn sér í fasteignamatinu 1942 sem lóð og ekki sem hluti af Kirkjuvogi II. Teigi fylgi engin réttindi, sem jörðum fylgja, og eigi hann því ekki að koma til álits um skiptingu á fébótum þeim, er hér um ræðir. Miða eigi við hlutfallið milli Vesturbæjarskákar og gamla túnsins á Kirkjuvogi II, og svo hafi undirmatsmennirnir gert, og vilji hann una undirmatinu. Vaxtaákvæðin eru miðuð við þá daga, sem talið er, að stefndi hafi tekið við fyrrgreindum bótagreiðslum. Fari svo, að Teigur verði talinn hluti af Kirkjuvogi II, sem hann mótmælir, telur hann algerlega rangt að fara eftir flatarmáli þess lands, heldur beri að fara eftir 3. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að miða beri við yfirmatið, það sé byggt á réttum grundvelli. Hann hafi miðað við allt úrskipta land jarðarinnar, er hann afsalaði stefnanda spildunni. Teigur sé óumdeilanlega hluti af Kirkjuvogi II og hafi aldrei verið annað, því fylgi honum engin réttindi sér í lagi. Telur stefndi sig ekki eiga að greiða vexti né málskostnað, þar sem greiðsla á þessum 936.55 kr. hafi staðið stefnanda til boða strax og hann vissi, hve mikið hann átti að greiða.

Dómurinn fór á vettvang ásamt aðiljum málsins og Guðmundi Jósepssyni, hreppstjóra í Hafnahreppi.

Eigi hafa verið færð gild rök að því, að stefnandi hafi skilið afsalið þannig, er finna á hlutdeild hans í óskipta beitilandinu, að aðeins ætti að miðast við gamla túnið að Kirkjuvogi II. Þar sem honum hlaut að vera ljóst, að Teigur, sem þá var afgirtur, hafði fallið í hlut Kirkjuvogs II 1928 eða 1929 og ekki, að því er séð verður, verið skiptur út úr þeirri jörð. En þó svo að stefnandi hefði álitið Teig Kirkjuvogi II óviðkomandi, þá hlaut hann að álíta, að Teigi fylgdu beitarréttindi, því að á þeim tíma, er kaupin áttu sér stað, voru á Teigi byggð gripahús

og heyhlaða, þar taldir góðir ræktunarmöguleikar og svo það, að Teigur er stærsta samfellda spilda Kirkjuvogs II og þar af leiðandi hentugust til atvinnurekstrar.

Dómurinn lítur því svo á, að eigi verði hægt að skilja orðalag afsalsins á annan veg en þann, er finna á hverja hlutdeild stefnandi á í óskipta beitilandinu, að taka beri Teig sem hluta af jörðinni Kirkjuvogi II og taka þannig tillit til alls úrskipts lands jarðarinnar, eins og það var á afsalsdegi, hvort sem það var ræktað eða óræktað.

Eigi fellst dómurinn á það, að fara eigi eftir reglum landskiptalaganna nr. 46/1941, þegar finna á hið umdeilda eignarhlutfall. Þar sem landskipti höfðu þá þegar farið fram, er salan átti sér stað, og stærð jarða í Kirkjuvogshverfinu, er til skipta komu, hafði verið ákveðin á heimalandi jarðanna í hlutfalli við gildandi skiptagrundvöll. Hagga því ákvæði landskiptalaganna í engu þeirri ákvörðun stefnanda, að miða eigi við stærð lóðarinnar, enda er þess sérstaklega getið, að hin selda lóð sé 1¼ dagslátta að stærð.

Samkvæmt framansögðu lítur dómurinn svo á, að réttur stefnanda til framangreindra bótagreiðslna sé 5.2%, eða kr. 936.55.

Rétt þykir að taka kröfu stefnanda um vaxtagreiðslur til greina.

Eftir úrslitum þessum þykir rétt, að um málskostnað fari sem hér segir. Stefnandi greiði dómendum kr. 1.500.00 til hvers, eða kr. 4.500.00, og stefnda kr. 3.000.00 í málskostnað. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Kalman Sigurðssyni, kr. 936.55 með 6% ársvöxtum af kr. 780.00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 936.55 frá þeim degi til greiðsludags.

Kostnað af vettvangsdómnum, kr. 4.500.00, ber stefnanda, Kalman Sigurðssyni, að greiða svo og kr. 3.000.00 í málskostnað til stefnda. Málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 3/1962. **Magnús Thorlacius**
gegn
Karólínu Jósefsson.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þóknun fyrir lögmannsstarf.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember s.l. Hann krefst þess, að endurgjald fyrir lögmannsstarf hans í þágu varnaraðilja verði ákveðið *aðallega* kr. 799.589.50, en *til vara* kr. 728.922.83, og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar eftir mati dómsins úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 23. nóvember 1961.

Ár 1961, fimmtudaginn 23. nóvember, kl. 10, kom stjórn Lögmannafélags Íslands saman á fundi í skrifstofu félagsins að Garðastræti 17 hér í bæ.

Mættir stjórnendur voru: Egill Sigurgeirsson hrl., varaformaður félagsins, Einar B. Guðmundsson hrl. í stað hrl. Ágústs Fjeldsteds, er vikið hafði sæti í máli þessu, Jón N. Sigurðsson hrl., Gísli Einarsson hrl. og Jón S. Magnússon hdl. í stað Þorvalds Lúðvíkssonar hrl., er vikið hafði sæti í málinu.

Var þá tekið fyrir ágreiningsmálið:

Karólína Jósefsson
gegn
Magnúsi Thorlacius,
og í því kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

Ágreiningsmál þetta, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 20. október s.l., hefur frú Karólína Jósefsson borið undir stjórn félagsins með bréfi, dags. 8. nóv. 1960, og gerði lögmaður sóknaraðilja eftirgreindar kröfur í málinu við munnlegan flutning þess:

1. Þóknun varnaraðilja fyrir flutning málsins: Karólína Jósefsson gegn Jóhannesi Jósefssyni í héraði og Hæstarétti verði ákveðin kr. 100.000.00 eða önnur fjárhæð að mati stjórnar L.M.F.Í.
2. Þóknun varnaraðilja fyrir bæjarþingsmálið nr. 615/1958 verði ákveðin kr. 0.00 eða einhver fjárhæð að mati stjórnar L.M.F.Í.
3. Þóknun varnaraðilja fyrir aðstoð við búskipti verði ákveðin ½% af kr. 9.522.239.82, þ. e. kr. 47.611.19, eða önnur fjárhæð að mati stjórnar L.M.F.Í.

Varnaraðili hefur aðallega gert þá kröfu, að endurgjald hans fyrir lögmannsstörf í þágu sóknaraðilja verði ákveðið kr. 799.589.50, en til vara kr. 728.922.83.

Málavextir eru sem hér segir:

Í júnímánuði 1958 leitaði sóknaraðili aðstoðar varnaraðilja af því tilefni, að eiginmaður sóknaraðilja, Jóhannes Jósefsson, hefði í hyggju að selja fasteignina Hótel Borg hér í bænum með tilheyrandi fylgifé fyrir kr. 18.200.000.00. Kemur ljóst fram, að sóknaraðili vildi alls ekki fallast á sölu eignarinnar fyrir þetta verð. — Hinn 2. júlí 1958 gefur svo sóknaraðili varnaraðilja svohljóðandi

umboð:

„Undirrituð, frú Karólína Jósefsson, Hótel Borg, veitir hér með hrl. Magnúsi Thorlacius eða þeim, sem hann setur í sinn stað, fullt og ótakmarkað umboð til þess að höfða og flytja af minni hálfu riftunar- og skaðabótamál út af yfirlýsingu eiginmanns síns, Jóhannesar Jósefssonar, dags. 4. júní 1958 (kauptilboð um Hótel Borg), gjafaafsali frá honum til Brynhildar Sigurðardóttur, dags. 17. maí 1958, og gjafaafsali frá honum til Sveinbjarnar Gíslasonar, dags. s. d.

Nær umboð þetta til þess að framkvæma í mínu nafni, hvort heldur utan eða innan réttar, allt það, sem hann telur við þurfa vegna þessa, þar á meðal kæra málið fyrir sáttanefnd, sækja sáttafund fyrir mína hönd og gera sætt, stefna málinu fyrir héraðsdóm og Hæstarétt, flytja það þar, leggja löghald á eigur skuldunauts og ábyrgjast fyrir mína hönd allar afleiðingar löghaldsins svo og höfða mál til staðfestingar á löghaldinu og framfylgja því, láta að gengnum dómi gera fjárnám, láta selja hina fjárnumdu muni við uppboð og veita andvirðinu móttöku, krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldunauts, gera kröfu í búið og sækja skiptafundi fyrir mína hönd og greiða þar atkvæði í mínu nafni, veita móttöku og kvitta fyrir öllum greiðslum, sem til mín eiga að renna, og skal allt, sem nefndur hæstaréttarlögmaður gerir eða lætur gera í þessu efni, vera jafngilt og skuldbindandi fyrir mig, sem hefði ég gert það sjálf."

Með stefnu, útgefinni 2. júlí 1958, höfðaði svo varnaraðili mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og gerði í því þær kröfur, „að svokölluð yfirlýsing Jóhannesar Jósefssonar, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbúið og að Jóhannesi verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu."

Mál þetta var mikið að vöxtum og ágreiningsefnin mörg, matsgerð var látin fram fara og úrskurðir kveðnir upp um deiluefni, en lok þess á bæjarþingi Reykjavíkur 17. febrúar 1959 urðu þau, að Jóhannes Jósefsson var sýknaður af kröfum stefnanda, Karólínu Jósefsson, en málskostnaður var látinn falla niður.

Sóknaraðili áfrýjaði þessum dómi bæjarþings Reykjavíkur til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 18. febr. 1959, og Jóhannes Jósefsson gagnáfrýjaði málinu með stefnu, dags. 20. febr. 1959. —

Á bæjarþingi Reykjavíkur hafði sóknaraðili stefnt inn í málið til réttargæzlu þeim Pétri Daníelssyni, Bollagötu 1, og Ragnari Guðlaugssyni, Víðimel 59, báðum hér í bæ. Í greinargerð í héraði gerðu réttargæzlustefndir þær dómkröfur, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðilja og dæmdur málskostnaður úr hendi hennar, en við munnlegan flutning málsins breyttu þeir kröfugerð sinni og kröfðust sýknu til handa Jóhannesi Jósefssyni, en málskostnaðar sem fyrr segir.

Eigi þótti bæjarþinginu efni til að taka málskostnaðarkröfu réttargæzlustefndu til greina.

Í Hæstarétti gerðu aðiljar þeir, sem nú hafa verið greindir,

þessar kröfur í málinu: Sóknaraðili krafðist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað til meðferðar fyrir héraðsdómi að nýju, en til vara, að yfirlýsing gagnáfrýjanda, dags. 4. júní 1958, yrði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbú málsaðilja. Þá krafðist hún málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi krafðist þess, að ómerkingarkröfunni yrði hrundið, honum dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Réttargæzlustefndu kröfðust staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Lok þessa máls í Hæstarétti urðu þau, að hinn áfrýjaði dómur var staðfestur. Þá var sóknaraðilja gert að greiða Jóhannesi Jósefssyni upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 25.000.00, og réttargæzlustefndum kr. 5.000.00.

Eins og greinir í fyrrgreindu umboði, dags. 2. júlí 1958, veitti sóknaraðili varnaraðilja og umboð til að flytja riftunar- og skaðabótamál út af gjafaafsali til Brynhildar Sigurðardóttur, dags. 17. maí 1958, og gjafaafsali til Sveinbjarnar Gíslasonar, dags. sama dag.

Með stefnu, dags. 5. júlí 1958, höfðaði síðan varnaraðili vegna sóknaraðilja mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og með framhaldsstefnu 26. ágúst 1958 breytti hann og jók kröfugerð sína í máli þessu á þá lund, aðallega að tilgreind „gjafaafsöl" Jóhannesar Jósefssonar (þ. e. 1) um laxveiðihús Jóhannesar við Hítará í Hraunhreppi ásamt tilheyrandi, 2) um húseignina Svalbarða á Seltjarnarnesi ásamt tilheyrandi og 3) um húseignina Sækamb á Seltjarnarnesi ásamt tilheyrandi) yrðu dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbú þeirra hjóna, en til vara, að Jóhannesi yrði dæmt að greiða sóknaraðilja skaðabætur af hans hluta félagsbúsins eftir mati dómkvaddra manna með 6% ársvöxtum frá 6. júní 1958 til greiðsludags. Þá var og krafizt málskostnaðar, hver sem úrslit málsins yrðu, in solidum úr hendi Jóhannesar Jósefssonar, Brynhildar Sigurðardóttur og Sveinbjarnar Gíslasonar, sem öllum var stefnt til þess að þola dóm í málinu. —

Hinn 20. ágúst 1958 sendi varnaraðili borgardómara beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta til fjár laxveiðihúsið við Hítará ásamt tilheyrandi. Hinn 21. ágúst s. á. dómkvaddi borgardómari svo þá Þór Guðjónsson veiðimálastjóra, dr. Finn

Guðmundsson og Ögmund Jónsson verkfræðing til þess að framkvæma umbeðið mat. Fóru matsmenn ásamt lögmönnum aðilja vestur að Hítará hinn 2. nóv. 1958 til skoðunar og mats á eignum þessum, og nam matsfjárhæð þeirra kr. 404.000.00.

Hinn 20. ágúst 1958 sendi varnaraðili borgardómara beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta til fjár 1) húseignina Svalbarða ásamt tilheyrandi og 2) húseignina Sækamb ásamt tilheyrandi.

Hinn 21. ágúst 1958 dómkvaddi borgardómari þá Magnús Þ. Torfason prófessor og Ögmund Jónsson verkfræðing til að framkvæma umbeðið mat. Hinn 14. jan. 1959 kváðu matsmenn upp mat sitt, og nam matsfjárhæðin kr. 877.000.00.

Varakrafa sóknaraðilja í málinu gegn Jóhannesi Jósefssyni, Brynhildi Sigurðardóttur og Sveinbirni Gíslasyni, nam þannig kr. 1.281.000.00.

Eftir dóminn í hæstaréttarmálinu, er rakinn var hér á undan, taldi varnaraðili, að ráðin væru örlög þessa seinna máls. Samdi hann svo um við stefndu, að málið yrði fellt niður, og var svo gert 6. okt. 1960, en málskostnaður í málinu féll niður.

Hinn 5. júní 1958 veitti sóknaraðili varnaraðilja svohljóðandi umboð:

„Undirrituð frú Karólína Jósefsson, Hótel Borg, veitir hér með hrl. Magnúsi Thorlacius eða þeim, sem hann setur í sinn stað, fullt og ótakmarkað umboð til þess að fara með af minni hálfu hjónaskilnaðarmál við eiginmann minn, Jóhannes Jósefsson hóteleiganda, og skipti á félagsbúi okkar hjóna fyrir skiptarétti Reykjavíkur.

Nær umboð þetta til þess að framkvæma í mínu nafni, hvort heldur utan eða innan réttar, allt það, sem hann telur við þurfa vegna þessa, þar á meðal kæra málið fyrir sáttanefnd, sækja sáttafund fyrir mína hönd og gera sætt, stefna í málinu fyrir héraðsdóm og Hæstarétt, flytja það þar, leggja löghald á eigur skuldunauts og ábyrgjast fyrir mína hönd allar afleiðingar löghaldsins svo og höfða mál til staðfestingar á löghaldinu og framfylgja því, láta að gengnum dómi gera fjárnám, láta selja hina fjárnumdu muni við uppboð og veita andvirði móttöku, krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldunauts, gera kröfu í búið og sækja skiptafundi fyrir mína hönd og greiða þar atkvæði í mínu nafni, veita móttöku og kvitta fyrir öllum greiðslum, sem til mín eiga að renna, og skal allt, sem nefndur hæstaréttarlög-

maður gerir eða lætur gera í þessu efni, vera jafngilt og skuldbindandi fyrir mig sem hefði ég gert það sjálf."

Bú það, sem hér kom til skipta og skipt var opinberum skiptum, var óvenjulega stórt, eða eignir alls kr. 19.044.479.64, skiptafundir fjölmargir og tóku langan tíma, enda ýmis ágreiningsefni og viðfangsefni, sem ráða þurfti til lykta. —

Varnaraðili hefur reiknað sér laun fyrir lögmannsstörf þau, sem að framan er lýst, þannig:

1) Hæstaréttarmálið nr. 28/1959.

Málflutningslaun í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 562.000.00 og miðar þá varnaraðili við kr. 5.500.000.00 og gjaldskrá LMFÍ frá 19. maí 1959, en lækkar síðan upphæðina um ⅓.

2) Riftunarmálið gegn Brynhildi Sigurðardóttur o. fl. Málflutningslaun í héraði, kr. 49.850.00, sem hann lækkar síðan um ⅓. Fyrir stjórninni hefur varnaraðili hækkað þenna lið í kr. 70.050.00, sem hann síðan lækkar um ⅓, þar sem láðst hafði hjá honum að taka laxveiðihúsið með, er hann útbjó reikning sinn til sóknaraðilja. Er aðalkrafa varnaraðilja hér fyrir stjórninni reist á þessum ástæðum.

3) Fyrir aðstoð við búskiptin, fjölmörg mót o. fl., kr. 380.889.58.

Stjórnin telur, að ofangreint lögmannskaup varnaraðilja beri að reikna þannig:

1) Undir þessum lið telur stjórnin, að miða beri við helming fjárhæðarinnar kr. 5.500.000.00, eða kr. 2.750.000.00, en það voru hagsmunir sóknaraðilja í málinu. Einnig beri að ákveða málflutningslaunin í héraði eftir gjaldskrá LMFÍ frá 2. des. 1958, þar sem dómur gekk í málinu í héraði, áður en núgildandi gjaldskrá var samþykkt. Samkvæmt því verða málflutningslaunin í héraði kr. 93.000.00. Með tilliti til úrslita málsins og annarra atriða, sem hér skipta máli, þykir rétt að lækka fjárhæð þessa um ¼ hluta, eða kr. 23.250.00. Samkvæmt því verða málflutningslaunin í héraði kr. 69.750.00. Í Hæstarétti þykir rétt að reikna málflutningslaunin eftir gjaldskrá félagsins frá 19. maí 1959, og verða þau samkvæmt því kr. 143.500.00. Rétt þykir einnig með sömu röksemdum og hér að framan að lækka fjárhæð þessa um ¼ hluta, eða kr. 35.875.00. Samkvæmt því verða málflutningslaunin í Hæstarétti kr. 107.625.00.

2) Þóknun varnaraðilja fyrir flutning riftunarmálsins gegn Brynhildi Sigurðardóttur o. fl., þykir með hliðsjón af öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 20.000.00.

3) Vegna margvíslegra ágreiningsefna við búskiptin, reyndust

störf varnaraðilja óvenjulega fyrirhafnarsöm og tímafrek. Telur stjórnin því ekki andstætt gjaldskrá LMFÍ að reikna þóknun fyrir lögmannsstörfin á þann veg, er varnaraðili hefur gert. Hins vegar þykir rétt með hliðsjón af óvenjulegri stærð búsins að lækka fjárhæð þessa um ⅕ hluta, eða um kr. 76.177.00. Samkvæmt því reiknast þessi liður kr. 304.712.00.

Vegna fjarveru tveggja stjórnarmanna, er þurftu að fara til útlanda, og anna einstakra stjórnarmanna hefur ekki unnizt tími til að kveða upp úrskurð þenna fyrr.

Ályktarorð:

Þóknun varnaraðilja, Magnúsar hrl. Thorlacius, fyrir ofangreind lögmannsstörf ákveðst þannig:

Samkvæmt tölulið 1 kr. 69.750.00 + kr. 107.625.00, samkvæmt tölulið 2 kr. 20.000.00 og samkvæmt tölulið 3 kr. 304.712.00.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 111/1961. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
og
Olíufélagið h/f
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Agnari Bogasyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1961 og gert þessar dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem í héraðsstefnu greinir, verði ómerkt.
2. Að stefnda verði fyrir nefnd ummæli dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa.

3. Að stefnda verði dæmt skylt að birta dóm Hæstaréttar í máli þessu ásamt forsendum héraðsdóms í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir birtingu dóms þessa fyrir stefnda.
4. Að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Er mál þetta var þingfest í Hæstarétti í septembermánuði 1961, var þing sótt af hálfu stefnda og málinu frestað til nóvembermánaðar s. á. En er málið var þá tekið fyrir, kom enginn fyrir dóm af hendi stefnda. Hefur málið því verið flutt skriflega, sbr. 1. tl. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af og greind eru í héraðsdómi, birtust í Mánudagsblaðinu hinn 31. október 1960. Höfundur ummælanna var eigi nafngreindur, og ber stefndi, sem er ritstjóri blaðsins, því ábyrgð á þeim, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Telja verður ótvírætt, að í hinum umstefndu ummælum sé átt við skip áfrýjenda Hamrafell. Samkvæmt skýrslu áfrýjenda, sem lögð var fram í héraði, var vátryggingarfjárhæð þess skips hinn 21. september 1960 lækkuð úr $ 4.200.000.00 í $ 3.000.000.00, en sú fjárhæð svarar samkvæmt þáverandi gengi til um kr. 114.000.000.00.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti forsendum hins áfrýjaða dóms ber að refsa stefnda eftir 235. gr. laga nr. 19/1940. Með tilliti til fyrri brota stefnda gegn meiðyrðalöggjöfinni ber við ákvörðun refsingar hans að hafa hliðsjón af 72. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu staðfestast.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 er stefnda skylt að birta forsendur héraðsdóms og svo forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í málinu, og skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Agnar Bogason, greiði 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Stefnda er skylt að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í 1. eða 2. tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjendum, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Olíufélaginu h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hafa Jakob Frímannsson, Þingvallastræti 2, Akureyri, f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Helgi Þorsteinsson, Skaftahlíð 30, Reykjavík, f. h. Olíufélagsins h.f. höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1960, gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, Tjarnargötu 39 í Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í Mánudagsblaðinu 31. október 1960 undir mynd af karli í kassa.

Ummælin, sem stefnt er út af, eru þessi: „Er það satt, að hinn illræmdi olíudallur SÍS hafi nú verið tryggður fyrir 280 milljónir — og forsprakkarnir séu farnir að vona — — —?“

Stefnendur, sem telja stefnda bera ábyrgð á greindum ummælum, hafa gert eftirfarandi dómkröfur:

1. Að hin tilteknu ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga.
2. Að stefndur verði fyrir ummælin dæmdur til þyngstu refs-

ingar, sem lög leyfa samkvæmt 234. gr., 236. gr. eða til vara 235. gr. almennra hegningarlaga 19/1940.

3. Að stefndur verði með dómi skyldaður til þess að birta í Mánudagsblaðinu, að viðlögðum dagsektum, greinargerð um úrslit málsins, sbr. 11. gr. tilskipunar 9. maí 1855.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefnendur telja, að með ofangreindri klausu sé átt við m/s Hamrafell og að í henni sé ótvírætt gefið í skyn, þótt í spurnarformi sé, að vátryggingarfjárhæð m/s Hamrafells hafi í sviksamlegum tilgangi verið hækkuð og að fyrirsvarsmenn skipseigendanna geri sér vonir um, að skipið farist.

Eigendur m/s Hamrafells, stefnendur máls þessa, telja aðdróttun þessa, sem sé algjörlega tilhæfulaus, mjög móðgandi fyrir sig. Krefjast þeir þess, að við ákvörðun refsingar til handa stefndum verði tekið tillit til fyrri brota hans og að með tilliti til þeirra beri að ákveða stefnda mjög aukna refsingu, sbr. 5. tl. 70. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda sé ljóst, að refsingar þær, sem stefndum hafa verið gerðar á undanförnum árum, hafi ekki náð þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir ný brot.

Stefndi hefur krafizt þess, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið og að þeim verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ummælin, eins og þau birtust, séu ekki til þess fallin að lítillækka eða sverta stefnendur málsins eða forráðamenn þeirra í augum almennings. Því hefur verið mótmælt, að með þeim væri gefið í skyn, að von forráðamanna stefnenda væri sú, að skipið farist. Það sé ekkert minnzt á, hver von þeirra er. Í samræmi við þetta telur stefndi, að það beri að sýkna sig af kröfum stefnenda.

Fallast má á það með stefnendum, að í ummælunum, sem stefnt er vegna, felist ærumeiðandi aðdróttun í garð fyrirsvarsmanna stefnenda. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 1800.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Enn fremur þykir bera samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að dæma stefnda skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða

öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, en með hliðsjón af síðustu málsgrein fyrrgreinds lagaákvæðis verða dagsektir ekki dæmdar.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Grétar Haraldsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði 1800 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefnda er skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber stefnda að greiða stefnendum kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 1/1962. **Hersteinn Pálsson og Blaðaútgáfan Vísir h/f**
gegn
Birni Snæbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Matsbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 6. september 1961, óskaði umboðsmaður stefnanda í bæjarþingsmálinu nr. 255/1960: Björn Snæbjörnsson gegn Hersteini Pálssyni og til réttargæzlu gegn Blaðaútgáfunni Vísi h/f, sem þá var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þess, að borgardómarinn í Reykjavík útnefndi „tvo óvilhalla og hæfa menn til að meta til verðs hluta-

bréf þau, er málið snýst um", en í máli þessu taldi stefnandi sig eiga forkaupsrétt að nokkrum hlutabréfum í Blaðaútgáfunni Vísi h/f, sem Sjálfstæðisflokknum höfðu verið boðin með ákveðnum skilyrðum, sumpart til kaups, en sumpart að gjöf.

Í samræmi við beiðni þessa útnefndi borgardómari í bæjarþingi Reykjavíkur 7. nóvember 1961 tvo nafngreinda menn til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Í bæjarþingi Reykjavíkur 1. desember 1961 útnefndi borgardómarinn annan matsmann í stað annars þeirra, er útnefndir höfðu verið, þar sem hann skoraðist undan að framkvæma matsgerðina.

Dómkvaðningar þessar hefur varnaraðili í bæjarþingsmálinu kært til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 28. desember 1961, er barst réttinum 2. janúar s.l., og krafizt þess, að þær verði úr gildi felldar og varnaraðilja fyrir Hæstarétti gert að greiða sér kærumálskostnað fyrir þeim dómi.

Varnaraðili fyrir Hæstarétti krefst staðfestingar dómkvaðningarinnar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi kæranda.

Þar sem fyrir lá samkvæmt dómkvaðningarbeiðninni að meta eignir og fjárhagsaðstöðu aðilja, sem aðeins var stefnt til réttargæzlu, en ekki matsbeiðanda sjálfs, verður að telja, að nauðsynlegt hefði verið að gefa matsþola kost á að tjá sig um það, hvort hann yrði að sætta sig við, að mat á eignum hans fari fram.

Samkvæmt vottorði yfirborgardómara Reykjavíkur, dags. 29. janúar 1962, hefur þetta ekki verið gert, og ber því að ómerkja dómkvaðningu matsmanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Dómkvaðningar matsmanna í bæjarþingsmálinu nr. 255/1960: Björn Snæbjörnsson gegn Hersteini Pálssyni og til réttargæzlu Blaðaútgáfunni Vísi h/f, sem fram fóru í bæjarþingi Reykjavíkur 7. nóvember og 1. desember 1961, eru úr gildi felldar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómkvaðning matsmanna á bæjarþingi Reykjavíkur 7. nóvember og 1. desember 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 7. nóvember, setti Einar Arnalds borgardómari bæjarþing Reykjavíkur í skrifstofu sinni að Laugavegi 13 og hélt það ásamt undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir:

Matsmálið nr. 113/1961:

Beiðni Magnúsar Thorlacius hrl. um, að dómkvaddir verði tveir menn til að meta til verðs hlutabréf í blaðaútgáfunni Vísi h/f, eins og nánar greinir í beiðninni.

Fram var lagt í dóminum nr. 1, beiðni um gjörð þessa, svohljóðandi:

Nr. 1.

Magnús Thorlacius, hæstaréttarlögmaður.

Reykjavík, 5. sept. 1961.

Jafnframt því sem ég sendi yður, herra borgardómari, hjálagt eftirrit dómskjala nr. 1—22 í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 255/1960: Björn Snæbjörnsson gegn Hersteini Pálssyni, leyfi ég mér hér með að beiðast þess, að þér dómkveðjið tvo óvilhalla og hæfa menn til að meta til verðs hlutabréf þau, er málið snýst um.

Þess er beiðzt, að matsmenn skili rækilegri matsgerð.

Þá er þess beiðzt, að þeir geri aðiljum, Birni Snæbjörnssyni og Hersteini Pálssyni, sannanlega viðvart með að minnsta kosti nætur fyrirvara, hvenær matið á fram að fara, svo að þeim geti veitzt kostur á að vera viðstaddir og gæta hagsmuna sinna.

Loks er þess beiðzt, að matsmönnum sé settur sem styztur frestur til að framkvæma matið.

Virðingarfyllst,

Magnús Thorlacius.

Til borgardómara.

Lagt fram á bæjarþingi Reykjavíkur 7/11 1961.

Einar Arnalds.

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat, kvaddi dómarinn, sem hæfa menn og óvilhalla þá

Magnús Þ. Torfason prófessor

og

Sigurð Jónsson endurskoðanda,

báða hér í bæ.

Ber þeim að semja skriflega matsgjörð, vanda hana eftir

beztu þekkingu og samvizku og vera reiðubúnir að staðfesta hana með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt verður.

Matsmennirnir tilkynna þessum aðiljum, hvenær matið á fram að fara:

Birni Snæbjörnssyni stórkaupmanni,

Hersteini Pálssyni ritstjóra svo og Árna Stefánssyni hrl. f. h. meðalgöngustefnenda.

Samkvæmt 4. málsgr. 139. gr. einkamálalaganna ákveðst, að matsmennirnir skuli hafa lokið gjörðinni svo fljótt sem kostur er.

Ár 1961, föstudaginn 1. desember, setti Einar Arnalds, borgardómari, bæjarþing Reykjavíkur í skrifstofu sinni að Laugavegi 13 og hélt það ásamt undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir:

Matsmálið 113/1961:

Beiðni Magnúsar Thorlacius hrl. um, að dómkvaddir verði 2 menn til þess að meta til verðs hlutabréf í Blaðaútgáfunni Vísi h/f.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 7. nóvember s.l. voru þeir Magnús Þ. Torfason prófessor og Sigurður Jónsson endurskoðandi dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Magnús Þ. Torfason, prófessor hefur nú mælzt undan starfanum sökum tengda við eiganda nokkurra hlutabréfa þeirra, sem fjallað er um í máli þessu.

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat í hans stað kvaddi dómarinn sem hæfan mann og óvilhallan

Theódór B. Líndal prófessor

hér í bæ.

Ber honum að framkvæma hið umbeðna mat ásamt Sigurði Jónssyni endurskoðanda eftir beztu samvizku og þekkingu og vera reiðubúinn að staðfesta það með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt verður.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 75/1961. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
Björgólfi Schou Jensen Kristjánssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm þykir mega staðfesta með skirskotun til forsendna hans, sbr. og nú 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940, að því er varðar kröfu í ákæruskjali um sviptingu réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Björgólfur Schou Jensen Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Dagfinnssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanna, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. marz 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 7. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1264/1961: Ákæruvaldið gegn Björgólfi Schou Jensen Kristjánssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað með ákæruskjali, dags. 25. ágúst 1959, á hendur Björgólfi Schou Jensen Kristjánssyni verkamanni, Langagerði 104 hér í borg, fyrir

brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 (þjófnað). Ákærða er gefið að sök, að hann hafi einhvern tíma á árunum 1953 eða 1954 skammhleypt eða látið skammhleypa tvo rafmagnsmæla í húsinu Langagerði 104 að baki rafspjalds, þannig að einangrun víra var skorin af og 4 mm^2 vír snúið yfir og tengt á milli til og frá straumspólu mælanna og vafið síðan með einangrunarbandi og að hann hafi með þessum hætti aflað sér í heimildarleysi raforku frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur til 23. ágúst 1958, allt að 190.426 kílówattstundum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, til skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 25. september 1914. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1941 9/5 Sátt: 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
— 26/6 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 13/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og 15 kr. skaðabætur fyrir skemmdir á varðhaldsklefa.
1942 19/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 5/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 5/9 Siglufj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 4/7 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 6/9 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 8/8 Rvík. Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur rétti til ökuleyfis í 8 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum og umferðarlögum.
1958 30/5 Rvík. Dómur: 25 daga varðhald, sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 31/5 '58 fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
1958 2/7 Rvík. Sátt: 2000 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 12/8 Rvík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

Ákærði er eigandi einbýlishússins Langagerði 104 hér í borg. Byggði hann það og fluttist í það að eigin sögn einhvern tíma um 1950. Hefur hann síðan búið þar ásamt konu sinni og börnum, en þau eru nú orðin sjö talsins. Um nokkurt árabil leigði ákærði út tvö herbergi og eldhús og hafði til eigin afnota aðeins eitt herbergi og eldhús. Nú hefur ákærði um skeið haft allt húsið fyrir sig og sína.

Hinn 23. ágúst 1958 gerðu tveir eftirlitsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Oddur Guðmundur Jónsson og Hjörtþór Ágústsson, athugun á rafmagnsmælum í húsi ákærða. Tveir mælar mældu raf-

magnseyðsluna í húsinu, og leiddi athugun í ljós, að báðir voru skammhleyptir að baki rafspjalds, þannig að einangrun víra var skorin af og 4 mm^2 vír snúinn yfir og tengt á milli til og frá straumspólu mælanna, en síðan vafið vandlega með einangrunarbandi. Leit út fyrir, að þetta hefði verið gert fyrir alllöngu. Var síðan gerð athugun á eyðslu, er komið hafði fram á mælunum undanfarin ár. Sýndi sú athugun, að rafmagnseyðslan samkvæmt mælunum minnkar allt í einu að miklum mun sumarið 1954, svo sem hér greinir

Dags. álestrar	Mælir 1974195 notkun kw.	Mælir 1974153 notkun kw.
26/1 1954	430	2357 (Síðan 21/12 1953)
27/2 —	442	2083
27/3 —	280	1682
3/4 —	391	2224
30/5 —	267	1337
22/7 —	449	1044
24/8 —	44	146
23/9 —	46	156
21/10 —	85	214
18/11 —	101	275
22/1 1955	105	396
20/12 —	96	355
19/2 —	83	341
17/3 —	70	292
25/4 —	95	427
25/5 —	105	318

Notkunin, er mælarnir sýna síðan (skráin nær til 12/8 1958), hefur haldizt í svipuðu horfi.

Bendir þetta til þess, að breytingin á mælunum muni hafa verið gerð í júní eða júlí 1954.

Mælaprófun Rafmagnsveitunnar gerði prófun á öðrum mælinum með því að skammhleypa straumspólu mælisins með sama vír og notaður hafði verið á áðurnefndum stað. Kom í ljós, að mælir gekk 92% of hægt, og er því talið, að mælarnir hafi ekki mælt nema 8—10% af álaginu. Er reiknuð var út eyðsla mælanna 22/7 1954 til 23/8 1958, kom í ljós, að mælir 1974195 sýndi eyðslu 4534 kw, en mælir 1974153 22684 kw. Vanreiknuð eyðsla, miðuð við að hún væri áttföld sú eyðsla, er mælarnir sýndu, reyndist vera 190426 kw., og er verðmæti þeirrar raforku, miðað við kr. 0.20 pr. kwst., kr. 38085.20.

Ákærði neitaði því, er hann var fyrst yfirheyrður í tilefni af kæru Rafmagnsveitunnar, að honum væri kunnugt um, að neinar breytingar hefðu verið gerðar á raforkumælum húss hans, hvað þá að hann hefði gert þær eða látið gera. Við þennan framburð hefur ákærði og haldið staðfastlega við meðferð máls þessa.

Yfirheyrðir hafa verið leigutakar í húsi ákærða á árunum 1952—1957. Ingólfur Kristjánsson sjómaður bjó þar um það bil eitt ár, líklega 1952—1953. Hann kveðst hafa greitt okurleigu, en man þó ekki, hve há leigan var. Hann segir og, að sig minni, að hann greiddi sérstaklega rafmagn, og hafi það verið mikill kostnaðarliður, enda er húsið hitað upp með rafmagni og hefur verið frá upphafi. Benedikt Bjarnason iðnverkamaður mun hafa búið í Langagerði 104 frá vori 1953 til 1954, alls um það bil eitt ár. Hann man ekki, hver leigan var, en telur hana ekki hafa verið ósanngjarna. Hann fullyrðir, að hann hafi greitt rafmagnskostnað sérstaklega, og hafi það verið mikill kostnaðarliður, enda hitað upp með rafmagni. Næsti leigutaki var Eyjólfur Bjarnason verkamaður. Mun hann hafa búið í íbúðinni ásamt konu sinni og 2 börnum frá því snemma á ári 1954 fram í byrjun marz 1955. Hann kveðst hafa greitt í leigu 800 kr. á mánuði, og hafi rafmagnskostnaður (og þar með hitakostnaður) verið innifalinn í leigunni. Leigan hafi því ekki getað kallazt há, en þess sé þó að gæta, að íbúðin hafi verið léleg og illa úr garði gerð.

Næsti leigjandi ákærða var Eymar Ísfeld Karlsson, er virðist hafa búið í íbúðinni frá því í apríl 1955 og fram á árið 1956. Hann kveðst hafa greitt 800 kr. á mánuði í leigu, og rafmagnskostnaður hafi verið innifalinn. Kveðst hann því ekkert vita um, hver rafmagnskostnaður íbúðarinnar hafi verið. Íbúðin hafi verið lítil og léleg, og leigan því ekki eins lág og ætla mætti.

Ragnar Lundborg Jónsson rafvirki, sem bjó í Langagerði 104 júní 1956—júní 1957, kveðst hafa greitt 900 kr. á mánuði í leigu, og rafmagnskostnaður verið innifalinn. Telur hann leiguna mjög lága.

Ákærði hefur ekkert að athuga við ofanskráða framburði leigutaka sinna. Mótmælir hann alls ekki framburðum þeirra um leigukjör.

Enginn leigutakanna kveðst neitt vita til þess, að breytt hafi verið rafmagnsmælunum í húsinu, og ekki hefur neitt komið fram í málinu, er bendir til þess, að neinn leigutakanna hafi átt þar hlut að máli.

Ákærði hefur verið húsráðandi í Langagerði 104 alla tíð, síðan rafmagn var lagt í húsið. Hann leigði út hluta af húsinu og í fyrstu með þeim kjörum, að leigutakar greiddu sérstaklega raforkunotkun sína. Á árinu 1954 fer hann hins vegar að leigja út húsnæðið með rafmagnskostnaði inniföldum í leigunni. Er það alveg um sama leyti og röskunin hefur verið gerð á rafmagnsmælunum. Höfðu leigutakar því enga hagsmuni af því sjálfir að breyta rafmagnsmælunum, enda þótt þeir kynnu að hafa haft aðstöðu til þess. Ákærði hefur ekki leitt að því neinar líkur, að neinn annar en hann hafi staðið að breytingunum. Eins og ástatt er, þykir óhugsandi, að breytingar þessar hafi verið gerðar án vitundar ákærða. Samkvæmt þessu þykir verða að telja sannað, að ákærði hafi gert eða látið gera röskunina á mælunum. Ber hann því ábyrgðina á þeim raforkustuldi, er fram hefur farið í húsi hans. Með honum hefur hann brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rafmagnsveita Reykjavíkur krefst bóta, að fjárhæð kr. 38.085.20, úr hendi ákærða. Er þar farið eftir mælingum þeim og útreikningum, er að framan getur. Verður ekki séð, að nánari reifunar á bótakröfunni verði krafizt, sbr. og ákvæði 6. tl. 14. gr. reglugerðar um Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 5/1939, þar sem gert er ráð fyrir, að áætluð sé orka sú, sem notuð hefur verið með ólöglegum hætti. Þess er að gæta, að ekki hefur verið krafizt þrefalds gjalds fyrir orkueyðsluna samkvæmt nefndu ákvæði, enda á það ekki við nema í þeim tilfellum, þegar eigi er beitt þyngri viðurlögum.

Ákærði hefur mótmælt bótaskyldu sinni, en samkvæmt áðurgreindri niðurstöðu sakarefnisins og þar sem fjárhæðin þykir nægilega rökstudd, ber að taka kröfuna til greina.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Eftir atvikum þykir þó rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þar sem refsingin er skilorðsbundin, verður ákærði ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða bætur samkvæmt því, er áður segir, og svo til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Björgólfur Schou Jensen Kristjánsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Rafmagnsveitu Reykjavíkur kr. 38.085.20.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 175/1961. **Haraldur Eiríksson**
gegn
Jóni B. Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. febrúar 1962.

Nr. 168/1961. **Ákæruvaldið**
(Páll S. Pálsson, settur saksóknari)
gegn
Böðvari Ámundasyni og
Guðmundi Stefáni Gíslasyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki þykir öruggt að fullyrða, að áfengismagn í blóði ákærða Guðmundar Stefáns hafi á þeim tíma, er hann hafði stjórn bifreiðarinnar með höndum, verið eins mikið og blóðrannsókn leiddi síðar í ljós. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða Guðmundar Stefáns verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málssóknarlaun, kr. 3.500.00, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu í Hæstarétti, kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða Guðmundar Stefáns Gíslasonar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Böðvar Ámundason og Guðmundur Stefán Gíslason, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3.500.00, og málsvarnarlaun til verjanda ákærðu í

Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 2. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 3950—51/1961: Ákæruvaldið gegn Böðvari Ámundasyni og Guðmundi Stefáni Gíslasyni, er tekið var til dóms 10. f. m.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 7. janúar 1960, höfðað gegn ákærða Böðvari Ámundasyni brunaverði, Hátúni 45, Reykjavík, og Guðmundi Stefáni Gíslasyni múrarameistara, Sigtúni 27, Reykjavík. Ákærði Guðmundur Stefán er ákærður fyrir að hafa um kl. 15.30 laugardaginn 2. maí s.l. í beinu framhaldi af neyzlu áfengis, samfara neyzlu áfengis og undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 3802 frá Reykjavík og austur að Þjótanda í Flóa.

Ákærði Böðvar er ákærður fyrir að hafa síðan ekið greindri bifreið undir áhrifum áfengis frá Þjótanda og að Selfossi og nokkuð þar um.

Teljast hinir ákærðu hafa með þessu brotið, ákærði Guðmundur Stefán 1. og 2. mgr. og ákærði Böðvar 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Böðvar Ámundason er fæddur 1. janúar 1917 að Dalkoti í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann hefur á árunum 1941—1958 hlotið níu sinnum sektir, 30—150 kr., fyrir brot gegn bifreiða-, umferðar- og áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Árið 1948 var hann með dómi lögregluréttar Reykjavíkur sýknaður af kæru fyrir brot gegn bifreiðalögum. Með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 8. janúar 1957 hlaut hann 1800 kr. sekt og var sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Ákærði Guðmundur Stefán Gíslason er fæddur 15. janúar 1906 í Reykjavík. Hann hefur á árunum 1941—1958 átta sinnum hlotið sektir, 20—200 krónur, og einu sinni áminningu fyrir brot gegn

umferðarlöggjöf og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 2. maí 1959, klukkan um 20.00, var Jóni Í Guðmundssyni yfirlögregluþjóni á Selfossi tilkynnt, að bifreiðinni R 3802 væri ekið um götur þorpsins og mundi ökumaður hennar ölvaður. Fór lögreglumaðurinn ásamt Jóni Sigurðssyni bifreiðaeftirlitsmanni strax að sinna kallinu, og fundu þeir bifreiðina von bráðar úti fyrir Tryggvaskála. Í sömu mund og löggæzlumennirnir náðu vettvangi, kom ölvaður maður slangrandi út úr veitingaskálanum, og var þeim af nærstöddum sagt, að þar færi ökumaður bifreiðarinnar R 3802. Reyndist maður þessi vera ákærði Böðvar. Ekki vildi hann kannast við að hafa ekið, en sagði eiganda bifreiðarinnar, meðákærða Guðmund Stefán, ef til vill geta vísað á ökumann. Í anddyri Tryggvaskála hafði yfirlögregluþjónninn tal af ákærða Guðmundi Stefáni, sem staðhæfði, að meðákærði Böðvar hefði ekið bifreiðinni. Farið var með ákærðu til Reykjavíkur. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra þar játuðu ákærðu báðir akstri bifreiðarinnar með áhrifum áfengis, ákærði Guðmundur Stefán frá Reykjavík að Þjótanda og meðákærði Böðvar þaðan að Selfossi. Voru játningar þeirra skráðar milli klukkan 22.00 og 23.00, og skrifuðu báðir nöfn sín undir til staðfestu. Verður ráðið af varðstjóraskýrslum lögreglumannsins, að ölvíman hafi þá að mestu verið runnin af ákærðu.

Er ákærði Böðvar kom fyrir dóm hinn 10. júní 1959, neitaði hann gagngert akstri bifreiðarinnar umræddan dag, sagði meðákærða Guðmund Stefán hafa ekið henni alla leiðina. Hins vegar viðurkenndi hann að hafa verið með áhrifum áfengis, meðan á akstri stóð, og einnig hafi hann neytt nokkurra sopa af víni, eftir að numið var staðar á Selfossi. Að spurður kvaðst ákærði Böðvar ekki muna, hvort hann hefði játað akstri bifreiðarinnar R 3802 við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Ákærði Guðmundur Stefán játaði fyrir dómi hinn 11. júní 1959 að hafa neytt víns, áður en lagt var af stað í austurförina, en síðan ekið bifreið sinni R 3802 í beinu framhaldi neyzlunnar og jafnframt drukkið á leiðinni og komizt undir áhrif áfengis við akstur inn. Sökum ölvunar sagði hann minni sitt hafa þorrið, er að Þjótanda kom, og því gæti hann ekki borið um, hvort hann eða meðákærði Böðvar hefði verið við stjórn bifreiðarinnar frá Þjótanda að Selfossi. Ekki vildi hann þó efa, að rétt væri eftir honum haft við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Tekizt hefur að afla þriggja sjónarvotta að akstri bifreiðarinn-

ar R 3802 á Selfossi umrætt sinn. Fyrir dómi staðhæfðu tveir þeirra, að yngri maðurinn, þ. e. ákærði Böðvar, hefði verið við stjórn hennar, og hinn þriðji hugði hið sama, þótt hann vildi ekki fullyrða það, þar sem hann hefði ekki veitt ökumanni slíka athygli. Annar hinna fyrrtöldu kom fyrir dóm ásamt ákærðu og benti þar á ákærða Böðvar sem ökumann bifreiðarinnar. Hinir sjónarvottarnir eru búsettir á Selfossi. Vitnin unnu eið að framburðum sínum. Öll töldu þau, að ákærðu hafi sýnilega báðir verið ölvaðir.

Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða Böðvari klukkan 23.05 nefnt kvöld. Reyndust vera í því „reducerandi efni", er samsvara 0.96‰ af alkóhóli. Sýnishorn úr blóði ákærða Guðmundar Stefáns var tekið klukkan 22.45. Í því fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1.28‰ af alkóhóli.

Með eiðfestum framburði tveggja sjónarvotta og með hliðsjón af vætti hins þriðja sem og framburðum ákærðu, er raktir hafa verið hér að framan, telst nægilega sannað, að ákærði Böðvar hafi ekið bifreiðinni R 3802 um götur Selfoss laugardaginn 2. maí s.l. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin játningu og vitnaframburði er og sannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn. Varðar háttsemin við lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir, og er refsing hans samkvæmt þeim hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga. Varhugavert þykir að telja nægilega sannað, að ákærði Böðvar hafi umrætt sinn ekið bifreiðinni frá Þjótanda að Selfossi, og verður hann því sýknaður af því ákæruatriði. Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða Böðvar ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Guðmundar Stefáns og samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um hegðun þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er rétt færð til refsiákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að svipta ákærða Guðmund Stefán ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Böðvar ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 2000.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómari sá, er málið dæmir, fór með rannsókn þess í júnímánuði 1959. Að öðru leyti hefur hann ekki haft af því afskipti, fyrr en nokkru eftir að það var dómtekið.

Dómsorð:

Ákærði Böðvar Ámundason sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Guðmundur Stefán Gíslason greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Böðvar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 2000.00. Allan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1962.

Nr. 144/1961. **Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Þorvaldi Jósefssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skýring á ábúðarlögum. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Valgarð Briem setufógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1961 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að bera stefnda út af jörðinni Efranesi í Stafholtstungum og svo

að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Stefndi fluttist samkvæmt samningi við áfrýjendur að Efranesi vorið 1960 með búfénað sinn og hóf þar búrekstur á mestum hluta jarðarinnar. Áfrýjendum var eigi rétt að tímabinda ábúð stefnda á jörðinni, sbr. 3. og 9. gr. ábúðarlaga nr. 8 frá 1951 og nú 3. og 9. gr. ábúðarlaga nr. 36 frá 1961. Að svo vöxnu máli og þar sem áfrýjendur hafa eigi fært fram nein tilvik eða sakir, sem mega samkvæmt 10. gr. laga nr. 8 frá 1951 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 36 frá 1961 eða öðrum ákvæðum laga þessara leiða til útburðar á hendur stefnda, ber að staðfesta úrskurð fógeta að niðurstöðu til.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir fógetadómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir fógetadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. ágúst 1961.

Gjörðarbeiðendur, Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir, Silfurteig 2 í Reykjavík, eigendur jarðarinnar Efranes í Stafholtstungum, krefjast þess, að Þorvaldur Jósefsson verði borinn út af nefndri jörð.

Gjörðarþoli mótmælir því, aðallega að útburðarbeiðnin nái fram að ganga í réttinum, en til vara, að sér verði heimiluð ábúð á jörðinni til næstu fardaga gegn greiðslu eftir mati samkvæmt 7. gr. ábúðarlaganna. Enn fremur er krafizt málskostnaðar.

Mótmæli sín byggir gerðarþoli á því, að sér hafi ekki verið sagt upp afnotum af Efranesi. Þvert á móti hafi sér verið boðin áframhaldandi afnot af jörðinni.

Telur gjörðarþoli, að það af gæðum jarðarinnar, sem leigurétt ur hans náði ekki til, hafi verið svo óverulegt, að í eðli sínu hafi verið um venjulega ábúð að ræða, enda hafi hreppstjóri og odd-

viti sveitarinnar, sem jafnframt eru úttektarmenn hennar, báðir litið svo á, að afnotum gjörðarþola af jörðinni mætti jafna við ábúð.

Telur gjörðarþoli, að af landi því, sem samningur hans við gjörðarbeiðendur frá 12. apríl 1960 og leiguyfirlýsing þeirra frá 6. júní s. á. nái ekki til af jörðinni, komi aðeins 15—20% af heyfeng hennar. Þá telur gjörðarþoli, að með því að kalla rétt sinn til dvalar á jörðinni húsmennsku, en ekki ábúð, í samningi frá 12. apríl 1960, hafi gjörðarbeiðendur einungis viljað skjóta sér undan ákvæðum ábúðarlaganna. Enginn annar hafi verið búandi þar á jörðinni síðasta árið, og hann því ekki í húsmennsku hjá neinum, enda ekki fylgt lögbundnum reglum um útgáfu húsmennskubréfs.

Gjörðarþoli mótmælir því, að hann hafi nokkru sinni neitað að fara af jörðinni, ef annar ábúandi kæmi þangað, enda hafi þess ekki verið krafizt fyrr. Þvert á móti telur hann, að gjörðarbeiðendur hafi boðið honum áframhaldandi dvöl á jörðinni eftir síðustu fardaga, og hafi nýr samningur þar að lútandi verið undirbúinn og drög að honum lesin í heyrandi hljóði að Efranesi í júní s.l. Hafi hann þá gert tilboð í leigu jarðarinnar og oddviti hreppsins boðið fram persónulega ábyrgð sína á greiðslu afgjaldsins. Telur gjörðarþoli, að við því tilboði hafi hann ekki fengið svar, og hafi því verið áfram á jörðinni í góðri trú um, að hann væri þar ekki að óvilja gjörðarbeiðenda. Með því að tilboði hans hafi ekki verið hafnað, enginn annar ábúandi hafi gefið sig fram, né sér borizt tilkynning um, að hann væri væntanlegur, telur gjörðarþoli, að hann hafi haft þegjandi samþykki gjörðarbeiðenda til áframhaldandi dvalar á jörðinni.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum málflutningi hinn 11. þ. m.

Fyrir liggur í málinu sem réttarskjal nr. 3 samningur aðilja svohljóðandi:

Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir, Silfurteig 2, Reykjavík, og Þorvaldur Jósefsson, Hamraendum, Stafholtstungum, gera með sér eftirfarandi samning:

Ásdís og Áslaug leyfa Þorvaldi húsmennsku á jörð sinni, Efranesi, frá undirritun samnings þessa til fardaga 1961. Þorvaldur hefur afnotarétt af húsum jarðarinnar og nytjar af túni, sem er norðan og vestan sýsluvegarins.

Enn fremur hefur hann rétt til beitar í högum jarðarinnar fyrir fénað sinn. Þorvaldur greiðir með því, að hann leggur til alla

vinnu við girðingu, sem jarðeigendur óska eftir og þær leggja til. Verður það ýmist nývirki eða vönduð viðgerð á eldri girðingu eftir vali jarðeigenda. Nýja girðingin skal vera það vel úr garði gerð, að hún sé styrkhæf. Enn fremur greiðir Þorvaldur gjöld af síma og rafmagni og heldur uppi fjallskilum af jörðinni fardagaárið 1960—1961.

Jarðeigendur lofa að kosta niðursetningu á vatnsklósetti í kjallara íbúðarhússins og kosta festingu á asbestplötum þeim, er þær eiga á staðnum, í loft kjallarans.

Reykjavík, 12. apríl 1960

Ásdís Jóhannesdóttir sign.
Áslaug Snorradóttir sign.
Þorvaldur Jósefsson sign.

Vottar:
Snorri Jóhannesson sign.
Páll Guðjónsson sign.

Rétturinn lítur svo á, að leiguréttur sá, sem gjörðarþoli öðlaðist með ofangreindum samningi og yfirlýsingu gjörðarbeiðenda frá 6. júní 1960, jafngildi ekki ábúðarrétti í skilningi ábúðarlaga 8/1951 og 36/1961 og gjörðarþoli geti ekki byggt rétt sinn til áframhaldandi leigu jarðarinnar á því atriði.

Oddviti hreppsins hefur staðfest, að hann hafi í júnímánuði s.l. boðið fram ábyrgð sína persónulega eða hreppsins á leigu þeirri, kr. 18000.00 á ári, sem gjörðarþoli bauð gjörðarbeiðendum, þegar áframhaldandi dvöl hans og fjölskyldu hans var rædd, en hann tekur jafnframt fram, að tilboðið um ábyrgð á greiðslu leigunnar hafi verið háð því skilyrði, að því yrði svarað strax.

Því er ómótmælt af hálfu gjörðarbeiðenda, að til greina hafi komið, að þeir leigðu gjörðarþola jörðina áfram, eftir að samningurinn frá 12. apríl 1960 var útrunninn í fardögum 1961.

Því er enn fremur ómótmælt, að af þeirra hálfu hafi uppkast verið gert af framhalds-leigusamningi og það lesið upp að Efranesi í júníbyrjun 1961.

Gjörðarbeiðendur hafa ekki tilnefnt neinn ábúanda, sem taka myndi við jörðinni við brottför gjörðarþola af henni.

Ábúðarlögin nr. 8/1951 og nr. 36/1961 miða að því, að byggilegar jarðir séu nytjaðar, og leggja í þeim efnum þungar skyldur á jarðeigendur.

Þótt ekki verði á það fallizt, að framkoma gjörðarbeiðenda hafi ein gefið gjörðarþola ótvíræða ástæðu til að ætla, að gjörðarbeiðendur óskuðu áframhaldandi dvalar hans á jörðinni, verður þó að

líta svo á, að hann hafi mátt búast við, að dvöl hans þar yrði ekki þeim móti skapi, fyrr en gjörðarbeiðendur hefðu annan ábúanda á jörðina. Þó ber og á það að líta, að gjörðarbeiðendur létu rúmlega mánuð líða fram yfir fardaga, án þess að hafast að um að losa jörðina, og gáfu, að því er virðist, engin ákveðin svör við tilboði gjörðarþola um framhaldsleigu jarðarinnar.

Ekki verður séð, að dvöl gjörðarþola á jörðinni Efranesi til næstu fardaga geti skaðað gjörðarbeiðendur, meðan annar ábúandi er ekki tilbúinn til að taka við henni. Hins vegar myndi útburður gjörðarþola og fjölskyldu hans af jörðinni á þessum tíma árs skaða gjörðarþola tilfinnanlega og vera andstæður hagsmunum hreppsfélagsins og þeim anda, sem fram kemur í ábúðarlögunum.

Því úrskurðast:

Synjað er um útburð gjörðarþola af jörðinni Efranesi. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. febrúar 1962.

Nr. 180/1959. **Árni Klemens Hallgrímsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Oddvita Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins og gagnsök
(Vilhjálmur Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um bætur vegna átroðnings af umferð um land.

Dráttarvextir af útsvarsskuld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. mán. Eru kröfur hans þessar hér fyrir dómi:

1. **Í aðalsök í héraði:** Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 16.683.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. september 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði að skaðlausu.

2. **Í gagnsök í héraði:** Aðallega að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður í héraði að skaðlausu, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 5761.79 án vaxta og málskostnaðar.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. febrúar 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Kröfur hans hér fyrir dómi eru þessar:

1. **Í aðalsök í héraði:** Aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að fébótakrafa aðaláfrýjanda verði færð niður.

2. **Í gagnsök í héraði:** Aðallega að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.114.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags. Til vara, að dæmd fjárhæð í héraði verði hækkuð eftir mati dómsins, og til þrautavara, að niðurstaða héraðsdóms verði staðfest.

3. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn í málinu.

Aðalsök í héraði.

Krafa aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði er í tveimur liðum, þ. e. bætur fyrir vegarstæði, kr. 8683.50, og bætur fyrir ágang búfjár á tún jarðar hans, Austurkots, kr. 8000.00.

A. **Krafa um bætur fyrir vegarstæði, kr. 8683.50.**

Árið 1930 var stofnað félag, er nefndist Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar. Gerðist aðaláfrýjandi framkvæmdastjóri þess. Félagið tók á erfðafestu svonefndan Eyrarkotsbakka, sem er skák úr landi Stóru-Vogatorfunnar niður við sjó, og kom sér þar upp atvinnustöð. Félagið fór þess á leit við hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, að lagður yrði hreppsvegur frá þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka, en á fundi hreppsnefndarinnar hinn 18. október 1930 var þeirri málaleitan synjað. Árið 1931 var svo á vegum félagsins lagður akvegur frá þjóðveginum niður að atvinnustöð þess. Kveður

aðaláfrýjandi veg þenna hafa þá verið 3 metra breiðan. Vegurinn lá að nokkru leyti um ræktað land Minni-Vogatorfunnar, þar á meðal jarðanna Austurkots og Norðurkots. Samkvæmt skýrslum í málflutningi var Hallgrímur Scheving Árnason, faðir aðaláfrýjnda, þá eigandi Austurkots. Aðaláfrýjandi hefur í bréfum til hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps, dags 20. júní og 13. júlí 1942, skýrt svo frá, að leyft hafi verið að leggja veginn gegnum túnin endurgjaldslaust, en með því skilyrði þó, að girt væri beggja megin vegarins.

Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar virðist aðeins hafa starfað fá ár, en eftir að því var slitið, eignaðist Sigurjón J. Waage í Stóru-Vogum erfðafesturéttindin á Eyrarkotsbakka. Seldi Sigurjón síðan Vatnsleysustrandarhreppi erfðafesturéttindin með kaupsamningi 17. desember 1939. Hinn 25. maí 1940 var vegurinn frá þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka tekinn í tölu hreppsvega.

Árið 1945 ákvað hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps að breikka umræddan veg. Hinn 26. maí 1945 dómkvaddi sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt beiðni hreppsnefndar tvo menn til að meta til peningaverðs land, sem taka átti til breikkunarinnar, sbr. 24. og 6. gr. þágildandi vegalaga nr. 101/1933. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna var tekið land meðfram veginum, að breidd 3,5 metrar, til aukningar hans, þar á meðal af ræktuðu landi Austurkots, sem þá var í eign aðaláfrýjanda, og af ræktuðu landi Norðurkots, sem hann átti að ⅓ hluta. Eru málflytjendur aðilja hér fyrir dómi sammála um, að fébætur fyrir landnám, sem samkvæmt matsgerðinni skyldu renna til aðaláfrýjanda, hafi numið kr. 889.68. Er það einnig sammæli málflytjendanna, að gagnáfrýjandi hafi boðið aðaláfrýjanda greiðslu fjárhæðar þessarar, en hann synjað viðtöku. Ekki skaut aðaláfrýjandi þó gerðinni til yfirmats.

Hreppsnefndin lét breikka veginn árið 1945, að undanteknum þeim kafla hans, sem lá um tún Austurkots, en þar var hann breikkaður árið 1953.

Í héraðsstefnu, dags. 21. september 1956, krafðist aðal-

áfrýjandi þess m. a., að gagnáfrýjanda yrði dæmt að greiða honum „skaðabætur fyrir vegarstæði eftir mati dómkvaddra manna". Meðan málið var fyrir héraðsdómi, fékk aðaláfrýjandi hinn 10. marz 1959 dómkvadda tvo menn til að meta til fjár tjón hans, sem bóta var krafizt fyrir í málinu, þar á meðal „fyrir vegarstæði". Í matsgerð, dags. 30. marz 1959, kveða matsmenn umræddan veg þá vera 8 metra breiðan, en auk þess sé fyrirhugað að breikka hann síðar um 2 metra. Miða þeir matið við, að vegarstæði það, sem bótakrafa aðaláfrýjanda taki til, sé 10 metra breitt. Meta þeir bætur fyrir landnám honum til handa alls kr. 8683.50. Leggur aðaláfrýjandi þá fjárhæð til grundvallar kröfulið þeim, sem hér er um fjallað.

Eins og fyrr var getið, lagði faðir aðaláfrýjanda til árið 1931 að sínum hluta vegarstæði undir hinn upphaflega veg frá þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka í þágu Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar. Hefur aðaláfrýjandi ekki fært sönnur á, að hann hafi öðlazt bótarétt á hendur gagnáfrýjanda fyrir þann hluta vegarstæðisins, og skiptir ekki máli um það, þó að vegurinn hafi síðar verið tekinn í tölu hreppsvega. Hins vegar á aðaláfrýjandi rétt til þeirra bóta, sem ákveðnar voru honum til handa með matsgerðinni 2. júní 1945, kr. 889.68, enda hefur hann ekki fyrirgert þeim rétti, þó að hann á sínum tíma tæki ekki við framboðinni greiðslu. En vegna viðtökudráttarins verða honum ekki dæmdir vextir af greindri fjárhæð. Um frekari breikkun vegarins en þá, sem ákveðin var með matsgerðinni 2. júní 1945, hafa ekki komið fram nein þau gögn í málinu, sem unnt sé að leggja til grundvallar efnisdómi. Verður að vísa bótakröfunni, að því er til slíkrar breikkunar tekur, frá héraðsdómi.

B. **Kafa um bætur fyrir ágang búfjár, kr. 8000.00.**

Í framangreindum bréfum aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, dags. 20. júní og 13. júlí 1942, er því lýst, að þegar lagt var til land undir veginn frá þjóðvegi niður á Eyrarkotsbakka árið 1931, hafi landeigendur sett það ákveðna skilyrði, að girt yrði beggja megin vegarins, þar sem hann lægi um tún. Hefur þessi staðhæfing ekki sætt andmælum af hálfu

gagnáfrýjanda. Kveður aðaláfrýjandi girðingu hafa verið setta meðfram veginum árið 1932, að nokkru leyti á vegum Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar. Telur hann, að skylda til viðhalds á girðingunni í samræmi við áðurgreint girðingarskilyrði hafi hvílt á þeim aðilja, sem á hverjum tíma hafði umráð vegarins, og hafi viðhaldsskyldan því færzt yfir á gagnáfrýjanda, þegar vegurinn var gerður að hreppsvegi hinn 25. maí 1940. Á þeim tíma var girðingin orðin léleg, og samkvæmt skýrslu fyrrverandi oddvita Vatnsleysustrandarhrepps gerði aðaláfrýjandi þá fljótlega kröfur til hreppsins um endurbætur á henni. Sú málsástæða gagnáfrýjanda, að krafa aðaláfrýjanda um átroðningsbætur hafi fallið niður vegna fyrningar samkvæmt ákvæðum 29. gr. þágildandi vegalaga nr. 101/1933, verður því þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Krafa aðaláfrýjanda um endurbætur á girðingunni var tekin fyrir á fundi hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps hinn 6. september 1942. Gerði nefndin þá eftirfarandi samþykkt:

„2 bréf lágu fyrir fundinum frá Árna Kl. Hallgrímssyni, Austurkoti, þar sem hann fer fram á að fá girðingu meðfram veginum, er liggur í gegnum tún hans að lóð hreppsins á Eyrarkotsbakka. Kvartar hann undan ágangi af skepnum, er um veginn fara, og öðrum umgangi, en telur það vera hreppsins að gera girðingu þessa. Gekkst hreppsnefnd inn á að verða við kröfu þessari".

Eftir gögnum málsins hefur aðaláfrýjandi fengið eitt sinn, að því er virðist árið 1942, kr. 250.00 til endurbóta á girðingunni. Að öðru leyti hefur hreppsnefndin ekki endurnýjað eða haldið við umræddri girðingu meðfram veginum, þar sem hann liggur um tún aðaláfrýjanda, enda þótt hún hafi viðurkennt girðingarskylduna með framanskráðri samþykkt. Af hálfu gagnáfrýjanda er kannazt við, að um ágang búfjár muni hafa verið að ræða á tún Austurkots, sem rót eigi að rekja til nefndrar vegarlagningar. Með því að hreppsnefndin hefur vanefnt girðingarskyldu sína, eins og að framan segir, þykir aðaláfrýjandi eiga rétt til bóta úr hreppssjóði fyrir ágang búfjár á land hans, sem leitt hefur af vanefndun-

um. Í áðurgreindri matsgerð, dags. 30. marz 1959, meta hinir dómkvöddu menn hæfilegar bætur til handa aðaláfrýjanda af þessum sökum kr. 8000.00, og leggur aðaláfrýjandi það mat til grundvallar þessum lið kröfugerðar sinnar. Þykir matsfjárhæðin eftir atvikum ekki of hátt ákveðin, og verður kröfuliður þessi því tekinn til greina ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 21. september 1956.

Gagnsök í héraði.

Í gagnsökinni krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um vangoldin útsvör, kr. 19.980.65, og dráttarvexti af útsvarsfjárhæðum, kr. 15.134.28. Með því að gagnáfrýjandi hefur, eins og í héraðsdómi segir, gert næga grein fyrir ófyrndum og ógoldnum útsvörum aðaláfrýjanda, er nema framangreindri fjárhæð, kr. 19.980.65, verður niðurstaða héraðsdóms staðfest um þenna lið gagnkröfunnar. Samkvæmt endurriti úr hreppsbók hefur sú aðferð verið höfð um margra ára skeið að færa aðaláfrýjanda útsvör hans til gjalda á viðskiptareikningi, en færa honum þar jafnframt til tekna þóknanir til hans fyrir ýmis störf í þágu hreppsfélagsins. Á viðskiptareikning þenna hafa aldrei verið færðir neinir dráttarvextir. Eins og þessum samskiptum málsaðilja var háttað, gaf gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda ástæðu til að ætla, að hann yrði ekki krafinn um dráttarvexti. Má því staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi eigi að vera sýkn af þessum kröfulið.

Málalok.

Samkvæmt framangreindu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði kr. 8889.68 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 8000.00 frá 21. september 1956 til greiðsludags. Í gagnsök í héraði greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 19.980.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu vísast frá héraðsdómi.

Í aðalsök í héraði greiði gagnáfrýjandi, oddviti Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins, aðaláfrýjanda, Árna

Klemens Hallgrímssyni, kr. 8889.68 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 8000.00 frá 21. september 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 19.980.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 23. júní 1959.

Ár 1959, þriðjudag 23. júní, var í aukadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni ásamt meðdómurum Sigurgeiri Guðmundssyni byggingarfræðing og Einari Halldórssyni bónda uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 21. september 1956, af Árna Kl. Hallgrímssyni hreppstjóra, Minni-Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, gegn hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps fyrir hönd hreppsins og gegn Vogum h/f, Vatnsleysustrandarhreppi, og gjörir stefnandi þær dómkröfur, að hreppsnefndinni verði fyrir hreppsins hönd dæmt að greiða honum skaðabætur fyrir vegstæði eftir mati dómkvaddra manna, að hreppsnefndinni verði fyrir hreppsins hönd dæmt að greiða honum skaðabætur fyrir átroðning, einnig eftir mati dómkvaddra manna, og að hreppsnefndinni verði fyrir hreppsins hönd dæmt, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, að taka af átroðning á tún Austurkots og skepnuumferð um veginn, þ. e. afleggjara frá Keflavíkurvegi niður á hafnarbakka (Eyrarkotsbakka), og loks að stjórn Voga h/f verði dæmt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda, að girða lóð sína samkvæmt grunnleigusamningi, dags. 1. júlí 1942. Að endingu er þess krafizt, að hreppsnefndinni f. h. hreppsins og stjórn Voga h/f f. h. félagsins verði dæmt að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins og stjórn Voga h/f f. h. félagsins verði dæmt að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins, er krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Með stefnu, útgefinni 5. febrúar s.l., höfðaði oddviti hreppsins, Pétur Jónsson, f. h. hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps gagnsök fyrir aukadómþingi á hendur aðalstefnanda, Árna Kl. Hallgrímssyni, Austurkoti, til greiðslu á eftirstöðvum vangoldinna útsvara og hreppsvegagjalda, samtals að upphæð kr. 19.989.56, ásamt dráttarvöxtum, samtals að upphæð kr. 15.150.03 auk 6% af upphæðinni samanlagðri, kr. 35.139.59, frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð gagnstefnda í gagnsök lýsir hann yfir, að málsókn hans í aðalsök gegn Vogum h/f hafi verið felld niður, og gjörir hann svofelldar endanlegar dómkröfur í aðalsök, *að* aðalstefnda verði dæmt að greiða aðalstefnanda kr. 16.683.50 með 6% ársvöxtum frá 21. september 1956 til greiðsludags og *að* aðalstefnda verði dæmt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til aðalstefnanda, að taka af átroðning á tún Austurkots og skepnuumferð um veginn, þ. e. afleggjara (hliðarveg) frá Keflavíkurvegi niður á hafnarbakka (Eyrarkotsbakka). Þá krefst hann, *að* aðalstefnda verði dæmt að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök að skaðlausu, þar á meðal matskostnað.

Í gagnsök gjörir gagnstefndi þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og *að* gagnstefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í gagnsök að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Árið 1930 var stofnað í Vogum á Vatnsleysuströnd samvinnufélag, sem hét Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar. Gerði félag þetta út tvo vélbáta, og hafði útgerðin bækistöð sína á svonefndum Eyrarkotsbakka fyrir neðan Vogatjörn. Enginn akvegur var þá niður í Vogana, fyrr en félag þetta lagði veg af þjóðveginum niður að útgerðarstöð sinni árið 1931. Vegur þessi var lagður norðan við Vogatjörn yfir tún Austurkots og Minni-Voga.

Á hreppsnefndarfundi, sem haldinn var 18. okt. 1930, „lá fyrir beiðni frá Útgerðarfélagi hreppsins í Vogum um, að lagður yrði hreppsvegur ofan af þjóðveginum niður til útgerðarstöðvarinnar, sem félagið hefur í hyggju að reisa á Eyrarkotsbakka".

Hreppsnefndin taldi fjárhag hreppsins þannig, að ekki gæti komið til mála, að hreppurinn legði fram fé til slíkrar vegalagn-

ingar að þessu sinni, en taldi hins vegar rétt, að nefndin beitti sér fyrir því, að vegurinn fengist lagður án skaðabótakröfu frá landeigendum fyrir það land, sem vegurinn yrði lagður yfir, annaðhvort með því að leita samkomulags hjá hlutaðeigandi aðiljum eða að öðrum kosti með mati dómkvaddra manna, ef til skaðabótakröfu kæmi.

Með bréfi til útgerðarstjórnarinnar, dags. 20. okt. 1930, tilkynnir þáverandi oddviti hreppsnefndar, Kristmann Runólfsson, félagsstjórninni ofangreinda samþykkt, og segir þar meðal annars: „Landeigendur að sunnan áskilja sér rétt til skaðabóta fyrir landspjöll, en landeigendur að norðan gera það ekki.“ Vegurinn var síðan lagður norðan við Vogatjörn, og stóð útgerðarfélagið fyrir því, en félagsmenn unnu að því. Ekki munu hafa verið gerðar neinar kröfur á hreppinn í því sambandi, en hann útvegaði 1000 kr. styrk til verksins. Viðhald vegarins mun útgerðarfélagið hafa séð um og, eftir að það leið undir lok, næsti eigandi að bryggju þess og húsum. En 25. maí 1940 keypti hreppurinn bryggjuna, og segir oddvitinn, að síðan hafi vegur þessi kallazt hreppsvegur og honum verið haldið við og hann breikkaður af hreppnum, meðal annars í sambandi við hafnargerðina, sem hófst árið 1945.

Eftir að hreppsnefnd keypti umrædda eign, mun aðalstefnandi hafa byrjað að hafa uppi sumar af kröfum þeim, sem komið hafa fram í máli þessu. Elztu gögn í málinu um þetta eru bréf stefnanda frá 1942. Í bréfi, dags. 20. júní, kvartar aðalstefnandi yfir, að leiguland hreppsins, Eyrarkotsbakki, sé að öllu ógirt og vegna þess sífelldur straumur stórgripa inn á afleggjarann, og þetta geri þeim svo erfitt að verja tún sín, að ófært sé við að búa. Fer hann fram á, að hreppsnefnd bregðist þegar við og láti girða landið. Þegar landið var leyft undir veginn, hafi verið stranglega tekið fram, að girt væri beggja megin vegarins, þar sem hann lægi um tún, og telur hann því hiklaust skyldu hreppsins að viðhalda hliði á hliðargirðingunni. Með því að hafa þar gott hlið og afgirða Eyrarkotsbakkalóðina teldi hann hreppinn fullnægja skyldum sínum við afleggjarann. Í bréfi, dags. 13. júlí s. á., tekur aðalstefnandi þetta fram: Leyft var að fara í gegnum túnin endurgjaldslaust með því skilyrði þó, að girt væri beggja megin vegarins og aðeins til notkunar landsins, sem bryggjan var byggð á eða átti að nota til útgerðarstarfsemi. Jafnframt heldur hann fram, að réttur hreppsins til þessa vegar og landsins, sem hann liggur á, sé ekki annar en sem við kem-

ur útgerðarstarfsemi á Eyrarkotsbakka, og fer fram á, að hreppsnefnd hlutist til um, að önnur umferð á veginum verði algjörlega lögð niður.

Síðan hefur aðalstefnandi átt í stöðugu stappi við hreppsnefndina út af þessu og lagt fram mikið af umkvörtunum og kröfum, einkum síðari árin.

Er dómurinn gerði áreið á landið 27. apríl s.l., tókst milli aðilja samkomulag um önnur atriði máls þessa en bætur fyrir átroðning fyrir liðinn tíma og bætur fyrir land, hvort tveggja samkvæmt framlögðu mati.

Skal þá vikið nánar að kröfum aðilja, fyrst í aðalsök og síðan í gagnsök.

Aðalsök.

Aðalstefnandi heldur fram, að hann hafi leyft land undir veginn frá þjóðveginum niður á Eyrarkotsbakka með því afdráttarlausa skilyrði, að hreppsnefnd sæi um, að ekki yrði átroðningur af skepnuumferð um veginn, þar sem hann lægi um tún. Þrátt fyrir þetta hafi tún eignarjarðar hans, Austurkots, orðið fyrir miklum átroðningi. Hann hafi margsinnis krafizt, að hreppsnefnd gerði ráðstafanir til að létta af þessum átroðningi, en hreppsnefnd fengizt ekki til þess. Auk þess hafi aðalstefnandi ekki fengið neinar bætur fyrir vegarstæðið. Að vísu muni hafa farið fram mat á því, en hann mótmæli mati þessu sem ógildu, bæði þar sem aðiljum hafi ekki gefizt kostur á að mæta við það og gæta hagsmuna sinna, og af því að matið hafi ekki náð til tjóns af átroðningi.

Hefur aðalstefnandi því látið fram fara nýtt mat, sem er dagsett 30. marz 1959, og miðar hann endanlegar kröfur sínar við það.

Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að hreppurinn hafi eignazt umræddan veg árið 1940 í því ástandi, sem hann þá var, og enga ábyrgð tekið á sig vegna viðskipta fyrri eigenda vegarins og aðalstefnanda og hafi aldrei gert það. Vegurinn hafi verið lagður með fullu leyfi aðalstefnanda, löngu áður en hreppurinn eignaðist hann, og aðalstefnandi aldrei eignazt neinn rétt á hendur hreppnum til greiðslu á vegarstæðinu eða skaðabótum fyrir það.

Þá er af hálfu aðalstefnda haldið fram, að á hreppnum hvíli engin skylda til að verja tún aðalstefnanda, sem verið hafi um fjölda ára ógirt, og búfénaður því getað um það gengið óhindrað. Og þó það hefði verið girt meðfram veginum, hefði

það ekki getað komið í veg fyrir átroðning á túnið af hálfu búfénaðar, þar sem það hafi verið ógirt annars staðar. Auk þess hafi vegurinn verið girtur, þegar hreppurinn eignaðist hann, og verið það, þangað til aðalstefnandi tók girðinguna burtu. Neitar hann því, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir nokkrum átroðningi af völdum þess, að vegurinn sé ógirtur eða illa girtur, og þó svo hefði verið, beri hreppurinn enga ábyrgð á því gagnvart aðalstefnanda.

Kröfu sína um sýknu af málskostnaði byggir aðalstefndi á sýknukröfum af hinum stefnuatriðunum.

Í skýrslu sinni, dags. 8. nóv. 1958, segir aðalstefnandi, Árni Kl. Hallgrímsson, svo frá atvikum að lagningu umræddS vegar.

„Vorið og sumarið 1931 er svo vegurinn lagður af Ú. V. eftir þeirri leið, sem hreppsnefnd ákveður í bréfi sínu, dags. 20. okt. 1930, hafður á sérreikningi til þess að geta sýnt, hvað hann kostaði, þegar hreppsnefndin teldi sig þess umkomna að geta greitt."

Ekki er upplýst í málinu, hve miklu þessi kostnaður hefur numið, né heldur verður séð, að hreppsnefnd hafi nokkurn tíma verið krafin um þann kostnað eða nokkurn hluta hans. Því næst segir í sömu skýrslu: Vorið 1932 girtum við svo veginn frá Eyrarkotsbakka upp á Kirkjuholt norðan vegarins, sunnan hans er Vogatjörn frá bakkanum upp að túni Austurkots. Þar sem hann fer í gegnum túnið, girtum við einnig sunnan vegarins frá tjörninni að afleggjara, sem liggur að afleggjara, sem liggur að Hábæ. Þá segir, að við þessa girðingu hafi unnið Minni-Vogabræður og aðalstefnandi, sem voru landeigendur, og lögðu þeir til alla girðingarstólpa, en vírnet og gaddavír var fengið í reikning Ú.V. Engin greiðsla hafi komið fyrir vinnuna og staurana, og ekki verður séð af máli þessu, að hreppsnefndin hafi nokkurn tíma verið krafin um þennan kostnað, og ekki verður heldur annað séð en landeigendur hafi þá talið þetta fullnægjandi girðingu. Þegar þetta var gert, mun aðalstefnandi hafa verið framkvæmdarstjóri Útgerðarfélags Vatnsleysustrandarhrepps, sem bar kostnað af þessum framkvæmdum, og var aðalstefnanda því innan handar að gæta hagsmuna sinna við þessa vegarlagningu. Að lokum segir aðalstefnandi í skýrslunni: „Ég ætlaði að fá samning um veginn, meðan ég var framkvæmdarstjóri Ú. V., en það fórst fyrir." Að vísu verður ekki séð, hvað aðalstefnandi hefur átt við með þessu orðalagi, en á hinn bóginn hefði honum mátt vera hæg heimatökin, meðan hann var framkvæmdarstjóri félagsins, að koma fram kröfum um endurgjald fyrir veg-

arstæði eða girðingar meðfram veginum, hafi hann þá hugað á slíkt, sem ekki verður séð nú, af því sem fyrir liggur.

Í málinu hafa mætt tvö vitni, sem viðriðin voru umrædda vegarlagningu á sínum tíma. Vitnið Guðmundur Þórarinsson var í stjórn Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar fyrstu árin og allt fram að síðasta ári þess. Segir hann, að hreppsnefnd hafi ekki talið sig megnuga að leggja fé til þessa, og félagið og félagsmenn hafi þá ráðizt í og unnið að því. Þá hafi þeir stjórnarmeðlimir félagsins og bræðurnir í Minni-Vogum komið saman og rætt málið, og þar hafi þá einnig verið Árni Kl. Hallgrímsson, aðalstefnandi máls þessa, enda var hann þá framkvæmdarstjóri félagsins. Mundi vitnið eftir, að Þórður Klemensson hefði haft orð á því, að þeir ættu að gefa landið undir veginn, og Árni hefði samþykkt þetta ásamt öðrum aðiljum þess, án þess að nein skilyrði hefði verið sett fyrir þessari gjöf, svo vitnið mundi. Hins vegar muni þarna, eins og venja var, að girðing væri sett upp meðfram veginum og frá því muni hafa verið gengið. Þeir, sem að vegagerð þessari unnu, hafi ekki talið sig eiga neinar kröfur á hreppinn í því sambandi.

Þá mætti einnig fyrir rétti í máli þessu Sigurjón Sigurðsson, sem kosinn hafði verið í hreppsnefnd 1927 eða 1928 og sat þar næstu sex ár. Hann hafði því verið í hreppsnefnd, þegar umræddur vegur var þar til afgreiðslu, og gengið með þáverandi oddvita, Kristmanni Runólfssyni, á staðinn til að skoða tvö vegarstæði, sem til greina komu þá. Það hefði ráðið úrslitum hjá þeim, að land undir vegarstæðið, þar sem vegurinn var lagður, hefði verið gefið af eigendum þess, en hitt hefði þurft að borga bætur fyrir. Kristmann oddviti hefði tjáð vitninu, að þeim stæði landið til boða endurgjaldslaust, og það hefði ráðið úrslitum.

Framburðir beggja vitnanna voru teknir sem eiðfestir væru.

Við aðiljayfirheyrslu, sem fram fór 16. desember 1958, kvaðst aðalstefnandi ekkert hafa gert fyrir 1940 til þess að fá greiðslu fyrir landið, sem fór undir „Hafnarveginn", og tekur fram, að hann hafi aldrei rukkað hreppinn hvorki um viðhald né fyrir landið, en alltaf verið að rífast í að fá Eyrarkotsbakkann afgirtan og Norðurkotslóðina afgirta til þess að losna við skepnurás inn á veginn.

Í bréfi til hreppsnefndar, dags. 2. júní 1947, kveðst aðalstefnandi telja sig samkvæmt vegalögum eiga bætur fyrir jarðrask, landnám, átroðning o. fl., en fara aðeins fram á bætur fyrir átroðning. Þar sem þetta mál hafi verið á döfinni, síðan hreppurinn keypti

bryggjuna og taldi sér veginn, sýnist mál til komið að leysa það, og vill hann fá samkomulag.

Í bréfi, dags. 21. júlí 1955, til hreppsnefndar segir aðalstefnandi, að hann væri búinn að fá 20 ára reynslu á girðingu meðfram vegi þessum og hafi því kosið rörahlið, sem hann vill fá fullgert. Í bréfi sínu til hreppsnefndar, dags. 3. ágúst 1955, segir sami, að það sé algjörlega rangt, að hann hafi í bréfi sínu 21. júlí 1955 borið fram nokkra kröfu um girðingar og lagfæringar á ýmsum girðingum í Vogum, og sömuleiðis sé það einnig ósatt, að hann hafi borið fram slíkar kröfur áður.

Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að aðalstefnandi eigi engar kröfur á hendur aðalstefnda, hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps vegna hreppsins, um bætur fyrir umrætt vegarstæði eða átroðning af völdum búfjár vegna lagningar vegarins um tún Austurkots. Ekki verður annað séð en það mál hafi verið útkljáð, þegar umræddur vegur varð eign hreppsins við kaup á eignum við höfnina 25. nóv. 1940, enda lætur aðalstefnandi rúm 25 ár líða, frá því verkið er framkvæmt, þar til hann gjörir reka að því að koma fram kröfum sínum eða hafa uppi þær kröfur, sem endanlega er gjört í máli þessu, á hendur aðalstefnda. Verður því krafa aðalstefnanda um bótagreiðslu, að upphæð kr. 16.683.50 auk vaxta, ekki tekin til greina.

Um málskostnað verður ákveðið í einu lagi um aðalsök og gagnsök. Verður þá vikið að

Gagnsök.

Með skýringum, sem gagnstefnandi hefur lagt fram í gagnsök, leiðréttir hann gagnstefnukröfur til lækkunar, þannig að upphæð vangoldinna útsvara og hreppsvegagjalds verður kr. 19.980.65 og útreikningur dráttarvaxta samkvæmt því lækkaður í kr. 15.134.28, eða gagnkröfuupphæð samanlögð kr. 35.114.93, og er jafnframt krafizt 6% vaxta af þeirri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Af hálfu gagnstefnanda er lagt fram í málinu notarialstaðfest endurrit úr viðskiptamannabók Vatnsleysustrandarhrepps. Samkvæmt því er hér um að ræða útsvarsskuldir gagnstefnda og hreppsvegagjöld árin 1945 til 1959 auk dráttarvaxta af skuldinni öll árin.

Af hálfu gagnstefnda er skuldarupphæðinni mótmælt sem rangri og fyrndri. Enn fremur er því haldið fram, að sannanir bresti fyrir, að umkrafin gjöld séu rétt samkvæmt álagningu, enda leggi gagn-

stefnandi ekki fram útsvars- og hreppsvegagjaldsseðla gagnstefnda sundurliðaða.

Framlagt staðfest endurrit úr viðskiptamannabók verður að teljast fullnægjandi sönnunargagn fyrir viðskiptum aðilja og skuld gagnstefnda við hreppinn.

Öll þau ár, sem hér er krafið fyrir, nema 1945, 1948 og 1956, eru færðar meira og minna innborganir í reikning gagnstefnda, ýmist peningar eða þóknun fyrir störf, og nemur það samtals kr. 21.794.35. Þar sem slíkar innborganir hafa farið fram af hálfu gagnstefnda, verður ekki á það fallizt, að um fyrningu sé að ræða, enda er skuldarupphæðin, kr. 19.980.65, töluvert lægri en álögð útsvör gagnstefnda fyrir árin 1956—1958. Í viðskiptamannabók hafa ekki verið færðir dráttarvextir, enda ber að fella þá niður, eins og þessum viðskiptum hefur verið háttað.

Hins vegar þykir rétt að taka til greina kröfu gagnstefnda um 6% ársvexti af tildæmdri fjárhæð frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi, hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Árna Kl. Hallgrímssonar, í aðalsök.

Gagnstefndi, Árni Kl. Hallgrímsson, greiði gagnstefnanda, Pétri Jónssyni f. h. Vatnsleysustrandarhrepps, kr. 19.980.65 auk 6% ársvaxta frá 5. febrúar 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1962.

Nr. 171/1961. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hannesi Guðmundssyni og gagnsök.
(Jón Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1961. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 20.714.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vætti verkstjórans Kristjáns Júlíussonar var á hvassviðri, þegar slys það, er í málinu greinir, varð hinn 14. marz 1958. Talið er, að vegna súgs, er myndist í þvottahúsinu sökum gufu þar, hafi verið sérstaklega erfitt að opna útidyrahurðina í hvassviðri. Gagnáfrýjanda, sem unnið hafði í þvottahúsinu frá því í ágústmánuði 1955, hlaut að vera þetta kunnugt. Þrátt fyrir það reyndi hann í nefnt skipti að opna umrædda hurð með þeim hætti, að hann tók með hægri hendi um hurðarhúninn, opnaði hurðina örlítið, en greip svo jafnframt með vinstri hendi um hurðarbrúnina sömu megin. Þegar svo snögg vindkviða þeytti hurðinni að stöfum, hlaut gagnáfrýjandi þau meiðsl á vinstri hendi, sem lýst er í héraðsdómi.

Telja verður, að slys þetta stafi af framangreindri vangæzlu gagnáfrýjanda svo og þeirri óhappatilviljun, að snögg vindkviða skall á í sama mund. Að svo vöxnu máli þykir gagnáfrýjandi verða að bera sjálfur tjón sitt vegna nefnds slyss, enda verður ekki talið, að um slíkan vanbúnað á útidyrahurðinni hafi verið að tefla, að aðaláfrýjandi eigi að bera nokkra bótaábyrgð af þeim sökum. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði, og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi naut gjafsóknar í málinu í héraði. Héraðsdómara hefur láðst að kveða á um greiðslu málskostnaðar í samræmi við ákvæði 174. gr. laga nr. 85/1936. Verða talsmanni gagnáfrýjanda í héraði því ákveðin hér málflutningslaun, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hannesar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði, Jóns Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadóms Keflavíkurflugvallar 14. september 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. júní s.l., er höfðað með samkomulagi aðilja fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar með stefnu, útgefinni 17. maí 1960 og birtri 30. sama mánaðar, af Hannesi Guðmundssyni, Vífilsgötu 15, Reykjavík, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20.714.00, fyrir örorku, þjáningar og líkamslýti vegna slyss, er stefnandi varð fyrir hinn 14. marz 1958 í aðaldyrum þvottahúss varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Enn fremur krefst hann 11% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. marz 1958, kl. 15.40, var stefnandi, sem var starfsmaður þvottahúss varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, á leið inn í þvottahúsbygginguna um aðaldyr hennar.

Er hann var í þann veginn að opna dyrnar, en hurðin opnast út, og hafði tekið hægri hendi um hurðarhún og dregið hurðina að sér lítilsháttar, taldi hann sig finna, að hann hefði ekki fullkomið vald yfir hurðinni með annarri hendi, og greip hann þá vinstri hendi um hurðarbrún, en um leið svipti vindhviða hann valdi yfir hurðinni, sem við það skall að stöfum. Varð vinstri hönd stefnanda á milli hurðar og stafs með þeim afleiðingum, að fremsti köggull baugfingurs kubbaðist af og hrökk inn á gólf hússins.

Vegna slyss þessa var stefnandi frá vinnu í 4 til 5 vikur, þar til sár hans var að fullu gróið, en þó hélt hann fullum launum á meðan.

Stefnandi telur orsök slyss þessa vera, að dyraumbúnaður hafi verið ófullnægjandi, miðað við aðstæður, og að stefndi beri á því fébótaábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/1951.

Telur stefnandi, að vegna þunga hurðarinnar hafi honum verið ókleyft að valda henni einungis með því að taka um hurðarhúninn, sem var kúlulagaður og því afslappur. Þegar þar við bættist, að stöðugs dragsúgs gæti í dyrunum vegna hita og gufumyndunar inni í byggingunni, hafi húsráðendum verið skylt að útbúa hurðina með traustu handfangi, sem auðvelt væri að ná öruggu taki á, og að öðru leyti ganga þannig frá hurðinni, að ekki stafaði af henni slysahætta, eins og raun hafi orðið á.

Til styrktar framangreindum staðhæfingum sínum hefur hann lagt fram skýrslu öryggiseftirlits ríkisins, en niðurstaða hennar hljóðar svo: „Að sögn starfsmanna þvottahússins er oft, þegar hvasst er, mjög erfitt að opna umrædda hurð. Eðlilegast hefði því verið að útbúa hurðina þannig, að ekki hefði þurft óeðlilega mikið afl til að opna hana. Fyrirmæli þar að lútandi hafa verið gefin, það er að segja, setja fang á hurðina.

Orsök slyssins verður því að teljast að miklu leyti vanbúnaður á hurðinni".

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann beri enga fébóta-

ábyrgð vegna slyss þessa, í fyrsta lagi vegna aðildarskorts, þar eð umræddur atburður verður ekki rakinn til verknaðar manna úr liði Bandaríkjanna á Íslandi, og í öðru lagi vegna þess, að stefnandi hafi átt alla sök á slysinu vegna klaufaskapar við að opna hurðina.

Ljóst er, af því, sem að framan er rakið, að frágangur við framangreindar dyr, miðað við þunga hurðar og aðrar aðstæður, hefur ekki verið fullnægjandi og að slysið má að nokkru leyti rekja til greinds vanbúnaðar.

Telur rétturinn hins vegar, að stefnandi, sem var kunnugur staðháttum og aðstæðum, hefði átt að sýna meiri varúð, er hann opnaði hurðina í umrætt skipti, og að aðgæzluskorti hans verði hér að nokkru leyti um kennt.

Samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 verður talið, að stefndi beri fébótaábyrgð vegna slyss þessa, og þykir rétt, að hann beri ábyrgð að ¾ hlutum, en stefnandi að ¼ hluta.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað stefnukröfuna, kr. 20.714.00, en ljóst er samkvæmt örorkumati Guðjóns Hansens cand act., þar sem örorka stefnda vegna umrædds slyss er metin til fjár á kr. 10.714.00, að krafa stefnanda fyrir þjáningar og líkamslýti nemur kr. 10.000.00. Samkvæmt vottorði tryggingalæknis er varanleg örorka stefnanda vegna umrædds slyss talin nema 1½%.

Ekki er ágreiningur um fjárupphæð örorkumats, og verður það því tekið til greina óbreytt.

Kröfu stefnanda fyrir þjáningar og líkamslýti hefur stefndi mótmælt sem of hárri.

Þegar hliðsjón er höfð af því, að sárið greri fljótt og með eðlilegum hætti og að hönd stefnanda var lýtt áður, tvær fremstu kjúkur á litla fingur sömu handar vantaði, þykja bætur vegna greinds kröfuliðs hæfilega ákveðnar kr. 6.000.00.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda því að greiða stefnanda ¾ hluta af kr. 16.714.00, eða samtals kr. 12.560.50, með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað.

Þar eð atvik máls þessa lágu ljóst fyrir, þótti dómaranum ekki ástæða til að taka málið til flutnings af nýju, eftir að réttarhléi lauk hinn 31. ágúst s.l.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppkvaðningu að loknu réttarhléi, stafar af önnum dómarans við rannsókn opinbers máls, sem ekki þoldi bið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Guðmundssyni, kr. 12.560.50 með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1962.

Nr. 157/1961. **Ákæruvaldið**
(Páll S. Pálsson settur saksóknari)
gegn
Hálfdáni Inga Jensen
(Magnús Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður, nytjastuldur á bifreið og brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Atferli ákærða er í héraðsdómi fært til réttra refsiákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuðir, og rétt er að svipta hann ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3500.00, og laun verjanda hér fyrir dómi, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfdán Ingi Jensen, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3500.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Magnúsar Árnasonar, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 26. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Valdimar Stefánssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3949/1961: Ákæruvaldið gegn Hálfdáni Inga Jensen, sem dómtekið var 4. þ. m.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 14. september s.l., höfðað á hendur Hálfdáni Inga Jensen verkamanni, Höfðaborg 10, Reykjavík, fyrir að hafa:

1. Laugardagskvöldið 13. ágúst s.l. stolið veski í veitingasal Hótels Garðs, en í veskinu voru allt að kr. 1200.00, 10 kr. seðill, danskur, og ávísun, að fjárhæð kr. 35.70.

2. Um eða nokkru eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 27. ágúst s.l. neytt áfengis í bifreiðinni R 9084, er ákærði ók bifreiðinni úr Reykjavík suður í Kópavog, svo og fyrir að hafa síðar þessa sömu nótt í heimildarleysi tekið þessa sömu bifreið, er var við Kársnesbraut 133 í Kópavogi, og ekið henni nokkurn spöl eftir Kársnesbraut verandi undir áhrifum áfengis og án þess að sýna næga aðgæzlu við aksturinn með þeim afleiðingum, að bifreið ákærða rakst utan í bifreiðina Y 228, sem var móts við hús nr. 137 við nefnda götu, og fór síðan út af veginum.

Brot það, sem í nr. 1 að framan greinir, þykir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot þau, er í nr. 2 eru rakin, teljast varða við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga, til greiðslu skaðabóta svo og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 3. nóvember 1932 á Sauðárkróki, hefur sætt eftirfarandi refsingum:

1950 7/8 Rvík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á a-lið 50. gr. lögreglusamþykktar.

1953 23/6 Rvík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2. og 27. gr. áfengislaga.

1954 6/3 Rvík. Dómur: Fangelsi 6 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 155. gr. hegningarlaga.

1955 1/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 20/12 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.

1956 18/4 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. reglugerðar fyrir Reykjavíkurflugvöll.

1958 21/3 Hf. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.

1960 21/1 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þessir:

I. Laugardaginn 13. ágúst s.l., um kl. 21.30, var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að þá fyrir nokkurri stundu hefði peningaveski framreiðslustúlku á Hótel Garði hér í bæ horfið af afgreiðsluborði í veitingasal hótelsins, er framreiðslustúlkan hefði vikið sér frá stutta stund. Rannsóknarlögreglan fór þegar að vinna í máli þessu. Kom þá eftirfarandi í ljós:

Framreiðslustúlkan í veitingasalnum, Sigríður Svanlaugsdóttir, Hrísateig 35, hafði brugðið sér út úr salnum í 5 til 10 mínútur um kl. 20.30. Þá var enginn maður í veitingasalnum. Eldhús er inn af veitingasalnum í hótelinu, og er það aðskilið frá salnum með forhengi. Kona var að störfum í eldhúsinu, þegar framreiðslustúlkan vék sér frá. Um þetta leyti heyrði konan í eldhúsinu dump við afgreiðsluborðið í salnum og hélt þá, að framreiðslustúlkan væri þar, og sinnti því ekki frekar. Rétt á eftir var bankað á eldhúsdyr þær, er snúa út í forstofuna utan veitingasalsins. Var þar kominn ákærði í máli þessu og bað nú konuna í eldhúsinu um kvöldverð. Konan færði ákærða súpudisk inn í veitingasalinn. Rétt þar á eftir kom framreiðslustúlkan og lauk við að afgreiða ákærða. Þegar ákærði bjó sig undir að greiða veitingarnar, varð framreiðslustúlkan þess vör, að veski hennar hafði horfið af afgreiðsluborðinu. Framreiðslustúlkan og konan í eldhúsinu höfðu hvorugar orðið þess varar, að nokkur annar maður en ákærði hefði komið inn í veitingasalinn, frá því að framreiðslustúlkan brá sér frá og þar til veskishvarfið var uppgötvað.

Ákærði, sem leigði herbergi í hótelinu, þegar þetta gerðist,

samþykkti, að leitað væri að veskinu í fórum sínum. Var það gert án árangurs.

Hinn 23. ágúst s.l. mætti ákærði hjá rannsóknarlögreglu út af máli þessu. Þar var ákærði yfirheyrður af tveimur rannsóknarlögreglumönnum. Við fyrri yfirheyrsluna neitaði ákærði eindregið sekt sinni. Við síðari yfirheyrsluna hjá Hauki Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni viðurkenndi ákærði á hinn bóginn töku sína á veskinu. Ákærði skýrði þá svo frá, að þegar hann kom inn í mannlausan veitingasalinn umrætt sinn, hafi hann séð veski liggjandi á gólfinu við afgreiðsluborðið þar. Hann hafi spyrnt veskinu undir borð þar skammt frá án þess að hugsa frekar um það. Er hann hafi síðar um kvöldið frétt það, að veskisins væri saknað, og leitað hafði verið á honum í því sambandi, hafi hann ákveðið að reyna að taka veskið. Síðar um kvöldið hafi hann fengið sér kaffi í veitingasalnum ásamt vinkonu sinni. Hann hafi látið bera kaffið á næsta borð við það, er veskið var undir. Hann hafi síðan náð veskinu, án þess að nokkur sæi til. Peningana hafi hann síðan tekið úr veskinu, samtals rúmlega 1000 krónur, en veskinu sjálfu ásamt ávísun hafi hann síðar brennt.

Hinn 1. nóvember s.l. kom ákærði fyrir dóm. Þar viðurkenndi ákærði að hafa á laun tekið peningaveskið á Hótel Garði 13. ágúst s.l. og slegið eign sinni á innihald þess, liðugar 1000 krónur.

Hinn 9. nóvember s.l. kom ákærði aftur fyrir dóm. Var honum þá kynnt fram komin bótakrafa vegna tökunnar á veskinu. Bótakrafan er á þessa leið:

1	Bætur fyrir peninga þá, sem í veskinu voru ..	kr. 1200.00
2.	Bætur vegna ávísunar, er í veskinu var	— 39.37
3.	Bætur fyrir veskið sjálft	— 100.00
4.	Bætur vegna dansks 10 kr. seðils, er í veskinu var	— 55.38
	eða samtals kr.	1394.75

Ákærði gerði engar athugasemdir við bótakröfuna, er hann taldi sanngjarna.

Samkvæmt játningu ákærða sjálfs og öðru því, sem hér er rakið að framan, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, lið 1, og þannig brotið 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að vísu hefur ákærði tekið aftur framangreindar játningar sínar við framhaldsrannsóknir í málinu. Þykir það eigi geta breytt niðurstöðu málsins.

II. Laugardaginn 27. ágúst, kl. 04.15, hringdi ákærði á lögreglustöðina í Reykjavík. Kvaðst hann vera staddur á Kársnesbraut 172 og skýrði svo frá, að bifreiðaárekstur hefði átt sér stað þar skammt frá. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang. Ummerki á staðnum voru þau, að fólksbifreiðin R 9084 hafði sýnilega ekið á fólksbifreiðina Y 228, er staðið hafði kyrr á vegarbrúninni. Við ákeyrsluna hafði R 9084 kastazt út af veginum og stóð þar mannlaus. Við athugun á bifreiðinni R 9084 kom í ljós, að tengiþræðir í kveikjulás höfðu verið rofnir, og því auðvelt að ræsa bifreiðina án lykils. Skömmu eftir að lögreglumenn komu á vettvang, kom ákærði þar að. Var ákærði mjög áberandi ölvaður. Ákærði viðurkenndi að hafa verið í bifreiðinni R 9084, er ákeyrslan varð. Frekari upplýsingar gaf hann þó ekki. Vegna gruns um ölvunarakstur var ákærða tekið blóð til alkóhólákvörðunar kl. 05.30 samdægurs. Fundust þá í blóði hans „reducerandi" efni, er samsvara 1.63‰ af alkóhóli.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa neytt áfengis við stjórn bifreiðarinnar R 9084 á leið frá Reykjavík til Kópavogs aðfaranótt 27. ágúst s.l. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið nefnda bifreið í heimildarleysi og undir áhrifum áfengis síðar sömu nótt og þá ekið henni utan í kyrrstæða bifreið við Kársnesbraut og síðan að hafa ekið bifreiðinni út af veginum þá í sömu andrá eða skömmu síðar. Við frekari rannsókn á akstri ákærða í bifreiðinni R 9084 greint sinn kom í ljós, að eigandi nefndrar bifreiðar, Sveinn Sigurjónsson, hafði komið heim til ákærða kvöldið fyrir framangreint ökuóhapp. Eigandinn hafði þá falið ákærða akstur bifreiðar sinnar, þar til á Kársnesbraut í Kópavogi kom. Þar fór ákærði ásamt bifreiðareigandanum Sveini inn í hús nokkurt í kunningjaheimsókn. Ákærði hvarf úr húsi þessu án vitundar nefnds Sveins og hóf að aka bifreiðinni R 9084 án vitundar Sveins, er þegar hafði tekið við kveikjuláslyklum bifreiðar sinnar. Ákærði ræsti bifreiðina í umrætt skipti með því að tengja fram hjá kveikjulás.

Samkvæmt játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og samkvæmt öðru því, sem rakið er hér að framan í II. þætti, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, lið 2, og með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sigríði Svanlaugsdóttur, Hrísateig 35, ómótmælta bótakröfu, samtals kr. 1394.75. Ekki verður ákærða gerð réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga í þessu máli, svo sem þeirri grein hefur verið breytt með 6. gr. laga nr. 31/1961.

Á hinn bóginn ber samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum sínum í 1 ár frá 13. marz s.l. að telja, en þann dag var ákærður sviptur ökuskírteini sínu til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Sveins Snorrasonar, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfdán Ingi Jensen, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sigríði Svanlaugsdóttur kr. 1394.75.

Ákærði er frá 13. marz s.l. sviptur ökuréttindum í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Sveins Snorrasonar, kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1962.

Nr. 158/1961. **Ákæruvaldið**
(Páll S. Pálsson settur saksóknari).
gegn
Birni Guðmundssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot á áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Ekki verður talið, að ákærði hafi leitt að því sterkar líkur, að þær tvær flöskur af brennivíni, sem fundust við leit í bifreið hans við aðalhlið Keflavíkurflugvallar aðfaranótt þriðjudagsins 30. ágúst 1960, eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða héraðsdómi, hafi ekki verið ætlaðar til sölu. Hefur hann því gerzt sekur við ákvæði 4. sbr. 3. málsgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Leitt er í ljós, að á þeim tíma nam söluverð á hverri brennivínsflösku kr. 170.00 hjá Áfengisverzlun ríkisins.

Í 2. mgr. 42. gr. greindra áfengislaga er mælt, að brot gegn 4. mgr. 19. gr. laganna varði sektum, er nemi í fyrsta sinn fimmföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Samkvæmt því ber að ákveða refsingu ákærða fyrir brot þetta kr. 1700.00 sekt, er renni til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, 2 flöskur af brennivíni, sem tekið var af ákærða, skal vera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 58/1954.

II.

Ákærði er kærður fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 11. september 1960, kl. um 1.20, selt Guðjóni Birki Kristjánssyni eina flösku af brennivíni fyrir 240 krónur, með

þeim hætti, sem segir í héraðsdómnum. Ákærði hefur ákveðið neitað að hafa selt áfengi í umrætt skipti.

Um þetta sakaratriði fór fram ný yfirheyrsla í sakadómi Reykjavíkur 9. febrúar s.l. yfir lögreglumönnum þeim, sem áður höfðu borið vætti í málinu. Leiddi sú rannsókn ekki til neinna nýrra upplýsinga í málinu, enda langt liðið, frá því að atburðurinn á að hafa gerzt.

Skilyrði þau, sem lögreglumenn þeir, sem vætti hafa borið í málinu, höfðu til að skynja þau „viðskipti", sem þeir telja, að fram hafi farið milli ákærða og vitnisins Guðjóns Birkis, voru erfið. Framburður þeirra um, hvar þeir hafi staðið, hver um sig, í umrætt skipti, er ónákvæmur, og ónógar upplýsingar eru um, hvernig veðri og birtu á staðnum var háttað. Lögreglumennirnir gerðu ekki gangskör að því að ná þegar í stað í ákærða til yfirheyrslu, en það hefði átt að vera auðvelt, og ekki heldur í það fólk, sem vitnið Guðjón Birkir taldi sig hafa keypt brennivínsflöskuna fyrir og kveður hafa haft hana á brott með sér.

Þá er framburður vitnisins Guðjóns Birkis, sem ekki var samprófaður við ákærða um útlit hans og bifreiðar hans, mjög ónákvæmur.

Að öllu þessu athuguðu verður ekki talið, að fram sé komin lögfull sönnun fyrir þeirri áfengissölu af hendi ákærða, sem greinir í þessum kærulið.

Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

III.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar af málinu, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Til sakarkostnaðar teljast saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Guðmundsson, greiði kr. 1700.00 sekt

til Menningarsjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 2 flöskur af brennivíni eru upptækar til handa ríkissjóði.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða, en að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3500.00, og laun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 5500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. maí 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 10. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 3959/1961: Ákæruvaldið gegn Birni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 24. apríl s.l.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 2. marz 1961, höfðað gegn ákærða, Birni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Starhaga 10, Reykjavík, fyrir að hafa:

I. Aðfaranótt þriðjudagsins 30. ágúst 1960 haft meðferðis í leigubifreið sinni, R 6870, tvær flöskur af brennivíni, er fundust við leit, er lögreglan gerði í bifreiðinni í aðalhliði Keflavíkurflugvallar um kl. 01.20 umrædda nótt, en áfengi þetta þykir ákærði hafa ætlað til sölu.

II. Aðfaranótt sunnudagsins 11. september s.l., um kl. 01.20, selt farþega, er ákærði ók í leigubifreið sinni, R 6870, 1 flösku af brennivíni fyrir kr. 240.00, en viðskipti þessi áttu sér stað í bifreiðinni, er stönzuð hafði verið móts við Bifreiðastöð Íslands í Tryggvagötu í Reykjavík.

Brot það, sem rakið er í nr. 1 hér að framan, þykir varða við 4., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og brot það, sem greinir í nr. II að ofan, telst varða við 18. gr., sbr. 39. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til svipt-

ingar leigubifreiðarstjóraréttinda og atvinnuleyfis samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, að tvær brennivínsflöskur, sem um er fjallað í nr. I hér að framan, verði upptækar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, svo og verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 17. júní 1914 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1941 21/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur.
1941 1/11 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. C lið lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1953 23/11 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1953 8/12 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1956 7/3 Rvík. Kærður fyrir ölvun og óspektir. Fellt niður.
— 16/8 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 18/9 Rvík. Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.
1957 19/9 Rvík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1958 16/4 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1959 2/10 Rvík. Sátt, 350 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málsatvik eru þessi:

I.

Aðfaranótt þriðjudagsins 30. ágúst s.l., klukkan 01.20, stöðvaði lögreglan á Keflavíkurflugvelli leigubifreiðina R 6870 í aðalhliði vallarins, en ákærði ók henni. Var gerð leit í bifreiðinni, og fundust tvær heilflöskur af brennivíni undir framsæti. Bar lögreglumaður sá, er þær fann, að eigi hafi verið unnt að merkja flöskurnar undir sætinu, nema með því að þreifa eftir gólfinu, þar sem þeim var komið fyrir undir gúmmídúk, er á gólfinu var. Fyrir dómi hefur ákærði játað að hafa haft vínið í leigubifreið sinni umrætt sinn og vörzlu þess verið svo háttað, sem greint var hér að framan, en hann neitaði, að geymslustaður vínsins hefði verið valinn þessi til að villa lögreglu sýn. Ákærði kveðst hafa keypt áfengið deginum fyrr og ætlað það til eigin nota, en ekki unnizt tími til að koma víninu heim til sín.

Með sérstakri tilvísan til dóms Hæstaréttar frá 22. febrúar s.l. í máli ákæruvaldsins gegn Þorsteini Skúlasyni verður að telja, að skilyrði séu til að beita 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 í máli þessu, en ákærði þykir ekki hafa fært nægilega sterkar líkur fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu.

Samkvæmt verðmiðum á flöskunum var söluverð hvorrar flösku kr. 170.00.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 11. september s.l., klukkan um 01.20, voru þrír lögreglumenn í eftirliti, er þeir veittu athygli manni nokkrum, er sté inn í leigubifreiðina R 6870 á bifreiðastæði Hreyfils við Kalkofnsveg. Var bifreiðinni síðan ekið skamman spöl, eða á Tryggvagötu á móts við Bifreiðastöð Íslands. Staðhæfðu lögreglumennirnir fyrir dómi, að þeir hefðu séð ökumann eiga viðskipti við nefndan farþega, og þekktu tveir þeirra ökumann sem ákærða í máli þessu. Fór farþeginn því næst úr leigubifreiðinni og gekk að Varðarhúsinu. Lögreglumennirnir höfðu tal af honum, og játaði hann áfengiskaupin.

Fyrir dómi skýrði farþeginn, Guðjón Birkir Kristjánsson, svo frá, að maður og kona, er hann ekki þekkti, hefðu mælzt til þess við hann, að hann keypti eina flösku af áfengi hjá leigubifreiðarstjóra. Varð hann við bón þeirra, fór að leigubifreið á bifreiðastæði Hreyfils og falaðist eftir áfengi hjá ökumanni, er bað hann koma inn í bifreiðina og ók því næst að Bifreiðastöð Íslands. Þar seldi ökumaður honum eina brennivínsflösku, og taldi farþegi sig hafa greitt fyrir hana kr. 240.00. Fór hann þá þegar úr bifreiðinni, en er lögreglan litlu síðar gaf sig á tal við hann, hafði hann afhent þeim flöskuna, er hann keypti hana fyrir. Ákærði neitaði fyrir dómi að hafa selt áfengi umrætt sinn, kvaðst ekki minnast atviks þess sérstaklega, er málið fjallar um, en sagðist vera eigandi leigubifreiðarinnar R 6870, og aðrir en hann ækju henni ekki.

Með eiðfestum framburði vitnisins Guðjóns Birkis Kristjánssonar svo og þriggja lögreglumanna telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem greind er í ákæruskjali hér að framan við lið II. Varðar það brot við 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

III.

Refsing ákærða samkvæmt 39. og 2. mgr. 42. gr. áfengislaga þykir hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til Menningarsjóðs, en vararefsing varðhald í 25 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, og samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er rétt að svipta ákærða leigubif-

reiðarstjóraréttindum og atvinnuleyfi í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga að gera upptækar til handa ríkissjóði tvær flöskur af brennivíni.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hrl. Þorvalds Þórarinssonar, krónur 2000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Guðmundsson, greiði 4000.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 25 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur atvinnuleyfi og leigubifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptækar eru til ríkissjóðs tvær flöskur af brennivíni.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hrl. Þorvalds Þórarinssonar, kr. 2000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1962.

Nr. 201/1959. **Kaupfélag verkamanna, Akureyri** (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl.)
gegn
Akureyrarkaupstað (Friðrik Magnússon hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Riftun leigusamnings um svæði í kaupstað.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi leigði áfrýjanda lóð þá, sem í málinu greinir, til fiskverkunar um 50 ára skeið frá 1. febrúar 1929 að telja. Lóðin hefur ekki um langan tíma verið hagnýtt á þennan hátt, og því er lýst af hálfu málsaðilja, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að hún muni ekki framar verða nýtt á þann veg, en af leiguskilmálunum er ljóst, að lóðin var ekki leigð til annarra nota. Að svo vöxnu máli er stefnda heimil riftun nefnds leigusamnings, enda getur hagnýting lóðarinnar af hendi áfrýjanda til ýmissa annarra nota undanfarin ár ekki raskað þeim riftunarrétti, eins og nánar er lýst í héraðsdómi. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., var höfðað hér fyrir bæjarþinginu af bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar með stefnu, útgefinni 28. júní s.l., gegn stjórn Kaupfélags Verkamanna, Akureyri, f. h. félagsins.

Stefnendur kveða mál þetta höfðað til riftunar á leigumála um lóð á Gleráreyrum á Akureyri, sem stefndu hafi verið leigð til fiskverkunar með samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar 1. febrúar 1929, og til heimtu lóðarinnar úr hendi stefndu til afnota og ráðstöfunar fyrir stefnanda.

Land það, sem hér um ræðir, er á svonefndum Gleráreyrum norðaustanundir svokölluðum Klöppum og er samkvæmt uppdráttum, er fram hafa verið lagðir, rétthyrndur ferhyrningur, 84,6 m frá suðri til norðurs og 130 m frá austri til vesturs, og er flatarmálið talið 11.000 ferm. Við framlengingu Glerárgötu nú fyrir nokkrum árum var gata þessi lögð yfir lóðina, og skiptist hún við það í tvo hluta, og er upphafleg stærð lóðarinnar nú skert, að því er svæðinu undir götu þessari nemur. Enn fremur liggur

nú um lóð þessa akbraut frá Glerárgötu í vestlæga stefnu að „Þórshamri", og skipta götur þessar lóðinni þannig í 3 reiti, sbr. dskj. nr. 20. Gera stefnendur kröfu til, að réttur þeirra til riftingar á leigumálanum verði viðurkenndur og að stefndu verði gert að skila lóðinni aftur í hendur stefnenda til þeirra afnota og ráðstöfunar, sem stefnendum þykir henta. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómarans.

Kröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra.

Verður nú vikið að aðalmálsástæðum stefnenda. Þeir benda á, að upphaflega hafi lóðin eingöngu verið leigð til fiskverkunar, þar á meðal að byggja mátti á lóðinni hús til fiskgeymslu, en þó skyldi koma fyrir sama leiga og grunnleigur annars staðar í bænum. Í annan stað benda stefnendur á, að nú um langt skeið hafi lóðin ekki verið höfð neitt til þessara nota, heldur hafi stefndu tekið upp önnur afnot af lóðinni, svo sem til að leigja húsgrunna á henni, sem sé óheimilt, enda hefði aldrei verið fallizt á að leigja lóðina í upphafi, ef vitað hefði verið, að hún yrði notuð til annars en fiskverkunar, þegar samþykkt var að selja lóðina á leigu.

Aðdraganda og grundvöll þessa máls hafa stefnendur rakið svo. Með erindi, dags. 17. janúar 1929, hafði stjórn Kaupfélags Verkamanna farið þess á leit við bæjarstjórn Akureyrar, að hún fengi stækkaða lóð, er félagið hafði til afnota til fiskverkunar á Gleráreyrum, og að ákveðin yrðu leigukjör fyrir lóðina í heild. Þá var þess óskað, að lóðin yrði leigð með erfðafestukjörum og að leyft yrði að byggja á henni nauðsynleg hús til fiskgeymslu. Jarðeignarnefnd fjallaði um málið, og tók hún erindið til meðferðar 26. jan. 1929, sbr. dskj. nr. 5. Samkvæmt dskj. nr. 5 lagði nefndin til, að stefndu yrði leigt þetta pláss til fiskverkunar. Einnig var lagt til, að félagið fengi að byggja þarna fiskgeymsluhús eftir þörfum. Lagt var til, að leigan og önnur kjör, svo sem leigutími, yrði ákveðið síðar eftir tillögum nefndarinnar. Tekið var fram, að leigur undir hús þarna hlíti sömu reglum og gildi um grunnleigur annars staðar í bænum. Þetta var staðfest af bæjarstjórn 1. febrúar s. á. 5. apríl s. á. kveða stefnendur jarðeignanefnd bæjarins síðan hafa fjallað um málið á fundi að nýju og hafi þá gert tillögur um leigukjörin á nefndri lóð, og eru þau í 4 liðum:

a) Leigan sé 1,5 aur. á ferm. b) leigan sé óuppsegjanleg af leigusala, en leiguhafar megi segja upp með árs fyrirvara. c) Leig-

an sé metin upp á 5 ára fresti, ef annarhvor aðili óskar þess. d) Grunnleigur undir fiskverkunar- og fiskgeymsluhús hlíti sömu reglum og gildi um grunnleigur á bænum.

Á fundi sínum 9. s. m. samþykkti bæjarstjórn þessar reglur með þeirri breytingu, að lóðirnar séu óuppsegjanlegar í 50 ár af leigusala hálfu, en eftir þann tíma geti hann sagt leigunni upp með eins árs fyrirvara. Stefndu stunduðu svo fiskverkun á lóð þessari í nokkur ár, síðast árið 1937. Eftir það breyttust aðstæður hér, hvað aflabrögð snerti, og fékkst þá enginn fiskur til verkunar. Það var vegna þessa ástands að stefndu skrifuðu bæjarstjórn 4. júlí 1938 og fóru þess á leit, að fastaleiga eftir lóðir þessar yrði felld niður, en buðust hins vegar til að greiða ákveðið gjald fyrir hvert verkað skippund af fiski. Þessari málaleitan var hafnað. Telja stefnendur, að af þessu megi meðal annars ráða það, að 1938 hafi hvorki leigutaki né leigusali reiknað með annarri notkun lóðarinnar en til fiskverkunar, eins og upphaflega hafi verið ákveðið. Eftir að herinn kom hingað á stríðsárunum, lagði hann undir sig mest allar svokallaðar Gleráreyrar, þar á meðal þessa lóð og hélt þeim fram á árið 1944. Telja stefnendur, að þann tíma hafi eigi verið um nein afnot stefndu af lóðinni að ræða. Við brottför hersins varð Akureyrarbær eigandi að herskálunum á Gleráreyrum, og skipaði bæjarstjórn sérstaka nefnd til að annast sölu skálanna. Þann 25. júlí 1944 samdist svo milli svonefndrar sölunefndar og stefndu, að þeir síðarnefndu keyptu 14 skála og 2 steinhús, allt frá hernum, sem var á nefndri lóð eða við hana, og hafi verið veitt 5 ára stöðuleyfi fyrir þeim húsum, sem stefndu vildu láta standa. Nú þegar þessi stöðuleyfistími sé liðinn, sé stefndu ekki heimil önnur afnot af lóð þessari en upphaflega hafi verið um samið. Þannig séu núverandi leigur stefndu á skálagrunnunum óheimilar og brjóti í bága við ákvæði leigusamningsins. Með tilvísan til framanritaðs hafa stefnendur mótmælt því, að stefndu hafi notað lóðina í 20 ár til annars en fiskverkunar, án þess að við því væri amazt af bæjarins hálfu.

Núverandi ástand, þ. e. að látið væri viðgangast undanfarið, að stefndu fengi að leigja lóðina eða hluta hennar sem skála- og húsgrunna, telja stefndu algert bráðabirgðaástand, sem leiði af tilliti bæjarstjórnar til hinna einstöku skálaeigenda en ekki stefndu. Þá telja stefnendur, að eigi geti það hafa verið meining bæjarstjórnar, að stefndu fengi lóðina til að braska með hana, enda hafi þeir ekki einu sinni mátt byggja á lóðinni fiskgeymsluhús fyrir sjálfa sig, nema greiða fulla grunnleigu. Með vísan til þess, sem

nú er rakið, telja stefnendur, að brostnar séu forsendur hins upphaflega samnings, og beri því að fella hann úr gildi, enda mótmælir hann eindregið, að stefndu hafi unnið hefð á notkun lóðarinnar til annarra afnota en til fiskverkunar, né heldur unnið slíkan rétt vegna tómlætis af hálfu stefnenda.

Stefndu bera fyrst og fremst fyrir sig þá ástæðu, að enn séu 20 ár eftir af leigutímanum um lóð þessa, þar sem leigusamningurinn hafi verið gerður árið 1929 til 50 ára. Mótmæli sín gegn þeirri staðhæfingu stefnenda, að samningurinn skyldi falla úr gildi, vegna þess að forsendur hans væru fallnar niður, hafa þeir byggt á eftirfarandi. Þeir staðhæfa, að þótt upphaflega hafi lóðin átt að vera til fiskverkunar, þá hafi þeir nú notað hana til annarra afnota í 21 ár, þar sem enginn fiskur hafi verið verkaður þar síðan á árinu 1937, án þess, að nokkuð væri við því amazt af hálfu bæjarstjórnar, sbr. dskj. nr. 12. Með afnotum þessum telja stefndu, að þeir hafi unnið hefð á öðrum notum lóðarinnar en til fiskverkunar. Þá telja stefndu, að þótt stefnendur hafi einhvern tíma getað rift leigusamningi þessum vegna vanefnda, þá séu þeir búnir að fyrirgera þeim rétti með vangæzlu. Í því sambandi benda þeir meðal annars á, að árið 1944 hafi sölunefnd herskála á Akureyri, er starfað hafi á vegum bæjarsjóðs og undir forystu bæjarstjóra, samið við þá, þar sem gengið sé út frá því, að stefndu hafi full umráð lóða þessara, sbr. dskj. nr. 13. Telja stefndu, að á þeim tíma hafi lóð þessi verið komin í það ástand vegna mikilla bygginga og vegalagninga á henni, að útilokað hafi þá verið orðið, að fiskur yrði verkaður þarna framar. Þá segjast stefndu einnig, eftir að setuliðið fór 1944, alla tíð hafa leigt lóðirnar fyrir skemmur og íbúðir o. s. frv. að áskildu stöðuleyfi bæjaryfirvalda. Hafi þetta verið gert með vitund og þegjandi samþykki stefnenda.

Stefndu hafa einnig gert grein fyrir húsum þeim, er þeir byggðu á lóðinni á sínum tíma til fiskverkunar, en öll voru hús þessi rifin, að undanskildum nokkrum hluta af svokölluðu Hervararhúsi, þegar Glerárgata var lögð gegnum lóðina, sbr. að framan, eftir kröfu bæjarstjórnar, og hafi það verið gert án samþykkis stefndu, en áður höfðu stefndu selt öll þessi hús, að mestu á árinu 1940. Einnig hafa stefndu gert þá grein fyrir leigu þeirri, er þeir hafa haft eftir hús þessi frá og með árinu 1938 til þess tíma, er þau voru seld. Þá hefur formaður stefndu skýrt svo frá, að þegar fyrir árið 1938 hafi félagið notað hús sín á lóðinni til ýmislegs annars en fiskverkunar, þannig hafi þau verið notuð til slátrunar á fé og

hrossum í tvö eða þrjú haust fyrir 1938 óátalið af stefnendum. Í málinu hefur formaður stefndu enn fremur gefið skýrslu um núverandi not lóðarinnar og lagði fram í því sambandi uppdrátt á dskj. nr. 20, sem sýnir núverandi byggingar og vegi á lóðinni. Svo sem áður segir og síðastgreint dómskjal ber með sér, skiptist lóðin nú í þrjá reiti af götunum, sem um hana liggja. Reiturinn austan Glerárgötu er leigður tveimur aðiljum, sem hafa þar vöruskála og geymsluport. Á reitunum austan Glerárgötu, en norðan Þórshamarsgötu er leigð lóð fyrir eitt íbúðarhús, en verulegur hluti hans er ónotaður að öðru leyti en sem almennt bílastæði og umferðarsvæði. Reiturinn sunnan síðast greindrar götu er leigður 6 tilgreindum aðiljum fyrir verkstæði, íbúðarhús og geymsluskála. Öll munu hús þessi vera með bráðabirgðastöðuleyfi eða án allra leyfa. Stefndu taka leigu eftir allar þessar byggingar.

Með bréfi, dags. 8. marz 1957, til stefndu virðast stefnendur fyrst hreyfa þessu máli við stefndu, þar sem þess er óskað samkvæmt samþykkt bæjarráðs, að stefndu láti svæði þetta allt af hendi, þar sem sótt hafi verið um byggingarlóðir á því, og báru fyrir sig, að lóðin hefði á sínum tíma verið leigð til fiskverkunar, sbr. dskj. nr. 2. Með bréfi, dags. 28. maí s. á., svöruðu stefndu þessari ósk og höfnuðu henni með þeim rökum, að þeir hefðu notað lóð þessa til annars en fiskverkunar í nær 20 ár, án þess að bærinn amaðist við því. Hins vegar kváðust þeir ekki amast við því, þótt byggt yrði á svæðinu, en áskildu sér rétt til að taka leigurnar eftir byggingarlóðirnar.

Skal nú vikið að þeirri staðhæfingu stefnenda, að leigusamningurinn eigi að falla niður, vegna þess að brostnar séu forsendur fyrir honum. Eins og að framan greinir, var lóð þessi upphaflega leigð stefndu eingöngu til fiskverkunar. Nú er svo orðið ástatt á þessu svæði, að báðir aðiljar virðast vera sammála um, að nýting lóðarinnar til þeirra hluta komi eigi héðan af til greina. Eins og áður greinir, liggur þvert yfir lóðina aðalbraut að og frá bænum að norðan, staðurinn er orðinn sem næst um mitt byggingarland bæjarins, og á síðustu árum hafa byggingar risið upp hvaðanæva í kring og nálgast lóð þessa frá öllum hliðum. Með tilvísan til þessa og þess, að lóðin hefur raunverulega eigi verið notuð til fiskverkunar síðan á árinu 1937, þá telur rétturinn, að hinar upphaflegu forsendur samningsins séu brostnar. Þá er eftir að leysa úr þeirri spurningu, hvort samningurinn sé samt enn í gildi vegna afnotahefðar stefndu eða vangæzlu stefnenda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að líta svo á,

að allt fram til ársins 1938 hafi meginafnot lóðarinnar verið til fiskverkunar. Frá og með árinu 1938 til vors 1941 virðist lóðin ekki hafa verið notuð til annars en að hús þau, er stefndu áttu þar, stóðu á lóðinni, og stefndu tóku leigu eftir þau frá ýmsum aðiljum, er höfðu þau á leigu. Var þetta svo skammur tími og eigi þær breytingar á orðnar, að stefnendur gætu þá rift samningi þessum vegna vanefnda stefndu.

Eins og lýst er í málinu, tók herinn lóð þessa til sinna þarfa vorið 1941 og hóf þar skála- og húsbyggingar og hélt lóðunum fram á árið 1944. Ekki var þá neitt samið um þessi afnot. Síðar, það er eftir að herinn hafði tekið lóðina, var samið um ákveðna mánaðarleigu eftir hana. Þennan tíma virðist eðlilegast að líta svo á, að lóðin hafi eigi verið í vörzlu stefndu, og getur þessi tími því eigi leitt til hefðar. Þegar húsin og skálarnir frá setuliðinu var selt, var yfirleitt veitt stöðuleyfi fyrir því til 5 ára, og var um það samið af aðiljum þessa máls sérstaklega. Síðan hefur annaðhvort verið samið um framlengingu á stöðu sumra húsanna eða látið viðgangast, að þau stæðu, sem áður greinir, og má fallast á það með stefnendum, að það var fyrst og fremst vegna tillitsins til húseigendanna en eigi stefndu. Þegar stefnendur létu leggja veginn yfir lóð þessa fyrir nokkrum árum, létu þeir rífa mest af gömlu fiskhúsunum, sem þá voru að vísu komin úr eign stefndu, og tóku þar með töluvert stóran hluta af lóðinni í sínar vörzlur, án þess að stefndu hafi mótmælt því eða krafizt bóta fyrr en í þessu máli, að þeir hafa krafizt þess, að fá jafnstóra lóð í staðinn. Þegar á öll þau atriði er litið, er nú hafa greind verið, og þá sérstaklega það óvenjulega ástand, sem hér hefur skapazt með dvöl setuliðsins og sem afleiðingar af því og svo þess annars vegar, að eigi er upplýst, að stefndu hafi lagt í neinn verulegan kostnað eða skuldbindingar, er byggt væri á trausti þess, að þeir héldu lóð þessari allan hinn upphaflega leigutíma, en hins vegar stendur fyrir dyrum, að stefnendur þurfi að taka þessa lóð nú þegar til skipulagningar og sem byggingarlóðir, lítur rétturinn svo á, að stefndu hafi hvorki unnið slíka afnotahefð á lóðum þessum, né heldur að stefnendur hafi verið með vangeymslu búnir að glata þeim rétti, er þeir hafi verið búnir að öðlazt til riftingar samningsins, eftir að útséð var orðið, að samningurinn gæti eigi orðið framkvæmdur eftir því upprunalega orðalagi. Á það ber líka að líta, að eigi verður annað séð en stefndu hafi hagnazt á drætti þeim, er orðið hefur af hálfu stefnenda að gera reka að máli þessu. Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, fellst rétt-

urinn á kröfu stefnenda, að réttur hans til riftingar leigumálans um lóðir þessar verði viðurkenndur og að stefndu beri að skila þeim lóðinni í hendur. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Réttur stefnenda, bæjarstjórans á Akureyri f. h. bæjarstjórnar, til að rifta leigumála þeim við stefndu, Kaupfélag Verkamanna, Akureyri, er í máli þessu greinir, er viðurkenndur, og ber stefndu að afhenda stefnendum lóðina.. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. febrúar 1962.

Nr. 90/1960. **Magnús Thorlacius** (sjálfur).
gegn
Gunnari Þorsteinssyni
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1960 og krafizt þess, *að* ummæli, er í héraðsdómi greinir, verði ómerkt, *að* stefnda verði dæmd þyngsta refsing að lögum, *að* stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5.700.00 með 6% ársvöxtum frá 17. október 1959 til greiðsludags og *að* stefndi greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt héraðsstefnu er málssókn áfrýjanda á því reist, að stefndi hafi brotið m. a. gegn 236. gr. laga nr. 19/1940. Af þessu leiðir, að efni eru eigi til að ómerkja

ummæli áfrýjanda í greinargerð í héraði, er í héraðsdómi getur. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að undanskildu ákvæði hans um ómerkingu framangreindra ummæla.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. október 1959, gegn Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, Hávallagötu 41 hér í bæ, vegna ummæla um stefnanda í grein, sem birtist í „Morgunblaðinu", sem út kom 17. október 1959.

Hin umstefndu ummæli, sem birtust í grein eftir stefnda með fyrirsögninni „Athugasemd", eru þessi:

1. „ ... ef M. Th. finnst nokkur „sárabót" í því fyrir sig ..."
2. „ ... að opinbera þá *óskhyggju* sína, að Hæstiréttur hafi fellt niður vítur þær, sem hann hlaut svo og frú Karólína fyrir héraðsdómi ... "
3. „ ... þessi „skýring" M. Th. sé harla hæpin og sérstæð, svo ekki sé dýpra í árina (sic) tekið."
4. „ ... heldur hann því fram, að dæma hefði átt sakarefnið eftir ákvæðum laga nr. 20/1923, en ekki eftir lögum nr. 3/1900. Einhliða og órökstuddar fullyrðingar M. Th. hagga vitanlega ekki dómsniðurstöðum og hæfa því ekki í mark."
5. „Í forsendum, bæði að héraðsdómi og Hæstarétti (sic) er að finna svör við tilvitnuðum fullyrðingum M. Th., sem sýna jafnhliða, hve haldlausar og ósmekklegar þær eru."
6. „ ... haldleysi framangreindra órökstuddra staðhæfinga M. Th. ..."
7. „ ... var því mjög óviðeigandi að ræða dóm réttarins eftir á, sérstaklega á opinberum vettvangi. En þar sem M. Th. lét það eftir sér að viðhafa óviðeigandi og villandi ummæli um málsmeðferð og rök að dómaniðurstöðum ..."

Stefnandi telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig. Telur hann þau varða refsingu samkvæmt 234.—236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ómerkingu samkvæmt 241. gr. sömu laga, greiðslu bóta fyrir birtingu samkvæmt sömu grein, greiðslu miskabóta samkvæmt 264. gr. sömu laga og greiðslu málskostnaðar. Hefur stefnandi gert eftirfarandi dómkröfur: *að* átalin ummæli verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, er lög standa til, *að* stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5.700.00 með 6% ársvöxtum frá 17. október 1959 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Tildrög máls þessa eru þau, að í Morgunblaðinu 13. október s.l. birtist grein með fyrirsögninni: „Salan á Hótel Borg fer fram á næstunni." Var þar skýrt frá úrslitum svo nefnds „Borgarmáls", en stefnandi og stefndi höfðu verið lögmenn aðilja þess máls og flutt það bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Af þessu tilefni birtist í Morgunblaðinu 15. október s.l. athugasemd frá stefnanda, og í Morgunblaðið 17. október ritaði stefndi athugasemd þá, sem hin umstefndu ummæli birtust í.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að öll hin umstefndu ummæli séu bæði meiðandi og móðgandi fyrir sig, ósönn og tilefnislaus.

Stefndi hefur haldið því fram, að ummæli sín séu rituð af hófsemi og stillingu og með engu móti ámælisverð. Sér hafi sem lögmanni í „Borgarmálinu" verið heimilt að svara grein stefnanda, en í henni hafi því verið haldið fram, að umbjóðandi hans hafi beitt fyrir sig ranglátri löggjöf, sem sé þjóðinni til vansæmdar. Þá hafi hann mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda í grein hans, að Hæstiréttur hafi fellt niður vítur, sem stefnandi og umbjóðandi hans í „Borgarmálinu" hlutu fyrir héraðsdómi. Hæstiréttur hafi staðfest þann héraðsdóm, að öðru leyti en snerti þær breytingar, sem rétturinn nefndi sérstaklega. Víturnar hafi rétturinn ekki minnzt á í dómi sínum og standi þær því óhaggaðar. Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi hafi ekki berum orðum sagt, að dæma hefði átt sakarefnið eftir ákvæðum laga nr. 20/1923 í stað laga nr. 3/1900. Hann hafi hins vegar misskilið grein stefnanda. Stafi það af því, að stefnandi hafi í grein sinni tekið upp röksemdir sínar úr málflutningi, en á þær hafi dómstólar ekki fallizt.

Eins og fram er komið, voru stefnandi og umbjóðandi hans

í „Borgarmálinu“ vítt af héraðsdómara. Í dómi Hæstaréttar setti rétturinn sínar eigin forsendur um efni málsins og staðfesti héraðsdóminn að niðurstöðu til, en vék ekki að vítum þessum, enda var hvorki af stefnanda né umbjóðanda hans gerð krafa um niðurfellingu þeirra. Standa vítur héraðsdómara því óhraktar.

Ummæli stefnda, sem talin eru undir töluliðum 1—3, eru þannig fyllilega réttlætt og verða hvorki talin meiðandi né móðgandi fyrir stefnanda.

Að því er varðar ummæli stefnda í 4. tölulið, þykir mega fallast á, að orðin „heldur ... 3/1900“ séu móðgandi fyrir stefnanda sem hæstaréttarlögmann, og ber samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja þau. Hins vegar þykir ekki vera næg ástæða til að refsa stefnda fyrir ummæli þessi. Önnur ummæli 4. töluliðar þykja ekki varða við lög, né heldur ummæli 5.—7. töluliðar.

Ekki þykir vera næg ástæða til að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á kostnaði við birtingu dóms þessa. Eins og mál þetta horfir við, þykja ekki vera efni til að taka til greina kröfu stefnanda um miskabætur.

Í greinargerð sinni hefur stefnandi haldið því fram, að ummæli stefnda undir 2. tölulið séu borin fram „gegn betri vitund“. Hefur stefndi krafizt þess, að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi dæmdur til refsingar, til greiðslu miskabóta og málskostnaðar. Fallast má á það, að ummæli þessi verði dæmd ómerk, en að öðru leyti þykja ekki efni til að taka kröfu stefnanda til greina. Þá þykir bera að víta stefnanda fyrir þau ummæli hans í greinargerð, að „ekki leyni sér löngun stefnda til þess, að atvinnurógurinn loði við mig framvegis.“

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur W. Stefánsson setuborgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Að öðru leyti skal stefndi, Gunnar Þorsteinsson, vera sýkn af kröfu stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. febrúar 1962.

Nr. 120/1961. **Almenna byggingafélagið h/f**
(Agnar Gústafsson hdl.)
gegn
Steindóri Sigursteinssyni
(Guðjón Steingrímsson hdl.)
og
Jarðborunum ríkisins
(Kristján Eiríksson hdl.)
og
Jarðboranir ríkisins
gegn
Steindóri Sigursteinssyni og
Almenna byggingafélaginu h/f
og
Steindór Sigursteinsson
gegn
Jarðborunum ríkisins,
Almenna byggingafélaginu h/f og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Agnar Gústafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Almenna byggingafélagið h/f, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1961 og gerir þessar dómkröfur:

1. **Í aðalsök í héraði, aðallega** að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar og gagnáfrýjanda Steindóri dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en **til vara,** að dæmdar skaðabætur verði færðar niður til mikilla muna og málskostnaður felldur niður.

2. **Í gagnsök í héraði,** að gagnáfrýjendum, Steindóri Sigursteinssyni og Jarðborunum ríkisins, verði dæmt að greiða

honum in solidum kr. 45.211.03 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. október 1961, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. s. m. og gert þessar dómkröfur:

1. **Í aðalsök í héraði, aðallega,** að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar og gagnáfrýjanda Steindóri verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en **til vara,** að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um efni aðalsakar og málskostnaður felldur niður.

2. **Í gagnsök í héraði,** að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um efni þessarar sakar og aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélaginu h/f, verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Steindór Sigursteinsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóvember 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar s. d. og gert þessar dómkröfur:

1. **Í aðalsök í héraði,** að aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélaginu h/f, gagnáfrýjanda Jarðborunum ríkisins og stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 25.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. **Í gagnsök í héraði,** að honum verði dæmd sýkna og

3. Að aðaláfrýjanda, gagnáfrýjanda Jarðborunum ríkisins og stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar fyrir Hæstarétti.

I. Aðalsök í héraði.

Svo sem rækilega er rakið í héraðsdómi, flutti gagn-

áfrýjandi Steindór Sigursteinsson hinn 28. nóvember 1958 skúr á vörubifreið sinni, X 5, fyrir gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins frá Hveragerði til Reykjavíkur, og var lyfta frá aðaláfrýjanda fengin til að taka skúrinn af vörubílnum á borsvæði gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins milli Brautarholts og Skipholts. Nefndri lyftu hafði verið komið fyrir á bifreiðinni R 8265. Í lyftunni var sérstakur benzínhreyfill, er sneri rafali, en rafallinn var sambyggður rafhreyfli, sem knúði lyftuna og stjórnaði hreyfingum hennar. Sérstakur maður stjórnaði bifreiðinni og annar maður lyftunni. Þá er lyfta skyldi skúrnum af vörubifreiðinni X 5, var bifreiðin R 8265 kyrrstæð og vél hennar eigi í gangi. Var hún því einungis notuð sem undirstaða lyftunnar. Stóð bifreiðin á rauðamöl, sem nýlega hafði verið borin á svæðið. Undir rauðamölinni var leirkennd for, en klappir komu víða upp. Starfsmenn gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins, átta að tölu, voru til aðstoðar við affermingunа undir forustu verkstjóra. Lyftubíllinn var fyrst staðsettur aftarlega hægra megin við bifreiðina X 5, og voru framhjól lyftubílsins uppi á vegarbrún. Þá er lyftustjórinn hafði lyft skúrnum nokkuð, gaf verkstjórinn að beiðni lyftustjórans gagnáfrýjanda Steindóri merki um að aka bifreiðinni X 5 undan skúrnum, en í sömu svifum og bifreiðinni var ekið af stað, lét lyftustjórinn skúrinn falla niður á pall X 5 aftur, að hans sögn vegna ótraustrar undirstöðu undir lyftubílnum. Eftir fallið stóð skúrinn mikið aftur af pallinum og út af hlið hans hægra megin, svo að hann nam allt að því við jörðu. Við þetta kom mikil sveigja á bílpallinn og bílgrindina. Lyftubílnum var nú ekið til og hann staðsettur þannig, að lyftan var vinstra megin við bifreiðina X 5, sem eigi hafði verið hreyfð. Gerði lyftustjórinn því næst aðra tilraun til að lyfta skúrnum af X 5. Þá er skúrinn hafði lyfzt lítið eitt frá pallinum, varð lyftustjórinn að hvíla rafhreyfil þann, er sneri vindu lyftunnar, en í sömu svifum hrópaði einhver viðstaddur til gagnáfrýjanda Steindórs að aka undan skúrnum, og hlýddi Steindór því. Þegar nú bifreiðin X 5 hafði hreyfzt rétt úr stað, skelltist skúrinn af nýju niður á pall

hennar. Lyftustjórinn skýrir svo frá, að bifreiðin X 5 hafi lyfzt upp úr hjólförum sínum í rauðamölinni, er henni var ekið af stað, Við það hafi pallur hennar numið við skúrinn og sett hliðarsveiflu á hann, er valdið hafi því, að festing hafi brotnað í lyftustönginni, og hafi lyftan þá orðið óvirk, raftaugar hennar slitnað og rafkerfi hennar ónýtzt. Eftir þetta síðara fall lá skúrinn enn lengra en áður út af hægra horni bílpallsins og nam svo að segja við jörðu, og vindingur á bílgrindinni jókst stórlega og svo vatzt bílpallurinn og brákaðist. Varð nú að taka jarðýtu í notkun til að rétta skúrinn og halda við hann, meðan honum var velt af bílnum. Við það brotnuðu tvö borð í bílpallinum.

Ályktа verður af atvikum málsins, að lyftustjórinn hafi eigi staðsett bifreiðirnar nægilega örugglega, miðað við jarðvegsundirstöðu. Þá verður að ætla, að lyftan hafi eigi verið nægilega öflug til að inna af hendi hlutverk sitt við þær aðstæður, sem þarna voru. Loks hafði lyftustjórinn eigi fullkomin stjórntök á lyftunni, eins og á stóð, en hann átti að vita bezt þeirra manna, sem við afferminguna voru, hvað bjóða mátti lyftunni. Hann hafði sjálfstæða stjórn á lyftunni og vann verk sitt á áhættu sjálfs sín og starfsherra síns, aðaláfrýjanda. Verður því að leggja aðalábyrgðina á tjóni því, sem hlauzt af hinni misheppnuðu affermingu skúrsins, á aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins hafði þarna við afferminguna, svo sem sagt var, átta manna sveit með verkstjóra í fararbroddi. Bar sveit þessari m. a. að annast um, að örugg verkaskipting væri við höfð við afferminguna og að rétt boð væru flutt milli lyftustjóra og gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar, sem sat við stýri X 5. Rétt boð bárust um munn verkstjórans við fyrri lyftitilraunina. Við seinni lyftinguna var kallað til gagnáfrýjanda Steindórs að aka undan skúrnum, án þess að lyftustjóri hefði gefið um það merki. Þessi mistök hefðu eigi orðið, ef starfsmenn gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins hefðu skipulagt starf sitt, svo sem þeim bar. Verður því að leggja ábyrgð nokkra á starfsherra þeirra.

Gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni verður eigi legið á hálsi, þótt hann treysti því, að verkstjóri gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins og sveit hans önnuðust um að flytja honum rétt boð um það, hvenær hann ætti að aka undan skúrnum. Ber því eigi að leggja á hann ábyrgð á mistökunum.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að dæma aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélagið h/f, og gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins til að greiða in solidum gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni skaðabætur, sem þykja hæfilega metnar í héraðsdómi kr. 22.038.32, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er litið er til þess, að bifreiðin R 8265 var einungis notuð sem undirstaða undir lyftuna, án þess vél hennar væri í gangi, er atvik máls þessa gerðust, verður eigi talið, að skaðinn hafi hlotizt af henni í notkun, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 26/1958, og ber því að sýkna stefnda, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, af kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar í málinu.

II. Gagnsök í héraði.

Svo sem greint hefur verið, varð lyfta aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélagsins h/f, fyrir allmiklum skemmdum við affermingu skúrsins. Aðaláfrýjandi reiknar tjón sitt þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr. 22.971.03
2.	Tjón af afnotamissi	— 22.240.00
		Alls kr. 45.211.03

Sækir aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda Steindór Sigursteinsson og gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins til greiðslu þessarar fjárhæðar in solidum.

1. Með skírskotun til raka þeirra, sem talin eru undir I að ofan, er rætt var um aðalsök í héraði, ber að sýkna gagnáfrýjanda Steindór Sigursteinsson af kröfum aðaláfrýjanda.

2. Með tilvísun til rökstuðnings undir I að ofan um aðalsök í héraði þykir ábyrgð gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins á tjóni aðaláfrýjanda hæfilega metin 20% af kr. 45.211.03, þ. e. kr. 9042.20, enda hefur bótakröfu aðaláfrýjanda eigi verið hnekkt tölulega. Ber að dæma gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins til að greiða aðaláfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags.

III. Málskostnaður.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að aðaláfrýjandi, Almenna byggingafélagið h/f, og gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði in solidum gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Rétt telst og, að gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélaginu h/f, málskostnaði í gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Að öðru leyti ber að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Steindór Sigursteinsson á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélagsins h/f, í málinu.

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar í málinu.

Aðaláfrýjandi, Almenna byggingafélagið h/f, og gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni in solidum kr. 22.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði aðaláfrýj-

anda, Almenna byggingafélaginu h/f, kr. 9042.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Málskostnaður fellur niður að öðru en sagt var.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Steindór Sigursteinsson bifreiðarstjóri, Austurvegi 27, Selfossi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. marz 1960, gegn Almenna byggingafélaginu h/f hér í bæ, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ og Jarðborunum ríkisins til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 25.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% ársvöxtum til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Tryggingu h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu, en Jarðboranir ríkisins eru ábyrgðartryggðar hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndi Almenna byggingafélagið h/f hefur aðallega krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómarans, til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefur krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi Jarðboranir ríkisins hefur krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 25. apríl 1960, höfðaði Almenna byggingafélagið h/f gagnsök á hendur stefnanda, Steindóri Sigursteinssyni, og meðstefnda Jarðborunum ríkisins til greiðslu skaðabóta in solidum, að upphæð kr. 45.211.03 með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Gagnstefndi Steindór Sigursteinsson hefur krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að sér verði tildæmd-

ur málskostnaður að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda í gagnsök.

Gagnstefndi Jarðboranir ríkisins hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda auk málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Í gagnsök hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Tryggingu h/f verið stefnt til réttargæzlu. Á hendur réttargæzlustefndu hafa ekki verið gerðar kröfur, og þeir hafa engar kröfur gert.

Aðalsök:

Aðalstefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá málavöxtum, að hinn 28. nóvember 1958 hafi hann samkvæmt beiðni yfirverkstjóra hjá Jarðborunum ríkisins tekið að sér að flytja skúr á vörubifreið sinni X 5, sem sé Chevrolet af árgerð 1955, frá Hveragerði til Reykjavíkur. Skúr þennan kveður aðalstefnandi hafa verið notaðan austur í Hveragerði við jarðboranir. Hafi hann verið allstór, svo að hann muni hafa staðið lítils háttar út af palli vörubifreiðarinnar og aftur af honum. Aðalstefnandi kveður það hafa gengið greiðlega að lyfta skúrnum upp á pall vörubílsins. Hafi bílkrani frá Almenna byggingafélaginu h/f, er þarna starfaði á vegum Jarðborana ríkisins, framkvæmt það verk.

Ferðina til Reykjavíkur segir hann hafa gengið að óskum og án tafar. Er komið var að Elliðaárbrekku, kveður hann lögreglumann á bifhjóli hafa komið á móti sér og þeir ræðzt við. Ekki kveður hann lögregluþjóninn hafa gert neina athugasemd við hleðslu bifreiðarinnar, en þar sem birtu hafi verið tekið að bregða, hafi hann fengið lögreglumanninn til að fylgja sér í bæinn til öryggis.

Er til Reykjavíkur kom, skyldi skúrinn fluttur á svæði milli Brautarholts og Skipholts, sem er borsvæði Jarðborana ríkisins. Aðalstefnandi man ekki, hvað klukkan var, er þangað kom. Aldimmt var orðið, en svæðið var upplýst.

Haraldur Sigurðsson, verkstjóri hjá Jarðborunum ríkisins, var viðstaddur og sá um afferminguna.

Aðalstefnandi kveður svæði þetta hafa verið nýorpið rauðamöl og hafi því verið laust í sér. Hafi bifreiðin aðeins dældað ofan í mölina, en þó hafi ekki verið um neitt sig að ræða, enda hafi bifreiðin verið á tvöföldum afturhjólum.

Stroffur þær, sem skúrnum var lyft í austur í Hveragerði, kveður aðalstefnandi enn hafa verið á skúrnum, og umbúnaður hafi verið eins við affermingu og þegar skúrnum var lyft á bílinn fyrir austan.

Kranabíll frá Almenna byggingafélaginu h/f var notaður til að taka skúrinn af vörubílnum. Kveður aðalstefnandi krana-

bílinn munu hafa staðið aftarlega við bíl sinn, hægra megin, og hafi framhjól kranabílsins verið uppi á vegarbrúninni. Hafi afturhluti kranabílsins því staðið lægra og gálgi kranans hafi vitað beint aftur af honum.

Er krækt hafði verið í stroffurnar og stjórnandi kranans hafði lyft skúrnum nokkuð, kveður aðalstefnandi Harald verkstjóra hafa gefið sér merki um að aka undan skúrnum. Hafi hann þá ekið áfram og verið kominn um það bil eitt fet, er skúrinn hafi skyndilega fallið niður á pall bifreiðarinnar aftur. Hafði kraninn þá dregið skúrinn til sín þannig, að hann stóð nú langt út af hægri hlið pallsins og hafði færzt aftur eftir honum um það bil einn metra, og hafi skúrhornið hægra megin að aftan næstum numið við jörðu. Við það hafi vinstra pallhorn að framan lyfzt um það bil 80—100 cm, miðað við grind bifreiðarinnar, samkvæmt ágizkun aðalstefnanda. Hafi þetta orsakað miklar skemmdir á bifreiðinni, grindin undizt til og bognað og sturtur brotnað.

Aðalstefnandi kveður kranann nú hafa verið færðan yfir að vinstri hlið bifreiðar sinnar, krækt hafi verið aftur í stroffurnar og skúrnum lyft. Kveður hann sér hafa verið gefið merki um að aka undan skúrnum, en nú hafi það ekki verið Haraldur verkstjóri, er merkið gaf, heldur einhver annar, er þar hafi verið viðstaddur, en ekki veit aðalstefnandi, hver sá maður var, enda kveðst hann ekki hafa séð mann þennan, heldur aðeins heyrt kallið. Kveður aðalstefnandi margt manna hafa verið á fyrrnefndu svæði, er skúrinn hafi verið tekinn af bifreiðinni. Er aðalstefnandi ók bifreið sinni áfram í annað skiptið, kveður hann, að það hafi verið mjög svipað og í fyrra sinnið, bifreiðin hafi ekkert sigið niður í rauðamölina. Þegar bifreiðin var komin úr stað um það bil eitt fet, kveður aðalstefnandi skúrinn aftur hafa fallið niður á bílpallinn, og hafi það orsakað enn frekari skemmdir á bifreiðinni. Grindin hafi bognað meira og undizt til, einnig hafi bílpallurinn nú skemmzt. Eftir þessa misheppnuðu lyftitilraun segir aðalstefnandi kranabílinn hafa orðið óvirkan.

Skúrinn hafi nú numið næstum við jörðu, hægra megin á bifreiðinni, og halli hafi verið orðinn það mikill á skúrnum, að hætta hafi leikið á því, að hann ylti.

Er hér var komið, kveður stefnandi, að horfið hafi verið að því ráði að ná skúrnum af bílpallinum með aðstoð jarðýtu, er hafi staðið þar á svæðinu. Hafi það verið gert þannig, að jarðýtan var látin styðja við skúrinn hægra megin, um leið og aðal-

stefnandi ók undan honum. Við þetta skemmdist bílpallurinn þannig, að í honum brotnuðu tvö borð.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, verkstjóri hjá Jarðborunum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að þann 28. nóvember 1958, milli kl. 18.00 og 18.30, hafi oftnefndur skúr verið affermdur af vörubifreiðinni X 5 á framangreindu svæði. Kveðst vitnið hafa haft á hendi verkstjórn við affermingu þeirra stykkja, sem flutt hafi verið á umrætt svæði, þar á meðal nefnds skúrs.

Við fyrstu tilraun hafi skúrinn lyfzt alveg frá palli bílsins, og hafi kranastjórinn þá beðið sig að láta bílstjórann á X 5 aka undan, en í sömu svifum og bílnum hafi verið ekið af stað, kveður vitnið skúrinn hafa fallið aftur niður á pallinn, og hafi hann þá staðið mikið út af hægri hlið bílpallsins og aftur af honum þannig, að hann hafi næstum numið við jörðu. Við það hafi komið mikil sveigja á bílpall og grind, og segir vitnið skúrinn hafa staðið þannig, meðan kraninn hafi flutt sig að vinstri hlið vörubílsins, en vörubifreiðin hafi ekki verið færð úr stað.

Er seinni lyftitilraunin var gerð, kveðst vitnið hafa gengið fram fyrir vörubílinn, og hafi hann þá heyrt, að kallað var til bílstjóra hans að aka undan. Við það hafi skúrinn færzt aftar og lengra út af hægra horni pallsins. Nam skúrinn þá næstum við jörðu, og jókst vindingur á bílpalli og grind stórlega við það. Við þessa tilraun kveður vitnið kranann hafa orðið óvirkan, svo að nota hafi orðið jarðýtu til þess að rétta skúrinn við og halda við hann, meðan honum hafi verið sturtað af, en við það hafi tvö borð brotnað í pallinum. Vitnið kveðst hafa átt hlut í því að kalla jarðýtuna á vettvang. Ekki kveður það Jarðboranir ríkisins hafa átt jarðýtu þessa. Vitnið man ekki, hver staðið hafi fyrir því, að skúrnum var sturtað af pallinum, en það hafi þótt tiltækasta ráðið, eins og komið var málum.

Eftir affermingu kveður vitnið hafa komið í ljós, að mikill vindingur hafi verið á aðalgrind vörubifreiðarinnar, svo að pallurinn hafi ekki setið réttur.

Vitnið telur það orsök þess, að skúrinn féll niður á bílpallinn í fyrra skiptið, að kraninn hafi ekki verið nægilega öflugur til að lyfta honum, svo og það, að kraninn hafi ekki verið vel staðsettur af kranastjóranum við fyrri „hífinguna“. Vitnið veit ekki, hve þungur skúrinn var, en gizkar á, að hann hafi verið 5—7 smálestir. Hafi ýmis verkfæri verið í skúrnum, meðan á flutningnum stóð, og hafi þau ekki verið tekin úr, þegar honum var

lyft. Kveður vitnið kranastjórann engum athugasemdum hafa hreyft við því að lyfta skúrnum.

Vitnið segir, að á því svæði, er skúrinn var affermdur, hafi verið búið að ýta til jarðveginum og þekja hann með ofaníburði, en undirstaðan hafi þrátt fyrir þetta verið góð. Vitnið segir bifreiðina X 5 sjálfsagt hafa sigið eitthvað í jörð, en ekki hafi þó verið nein veruleg brögð að því.

Vitnið Ólafur Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi stjórnað krana þeim, er lyfti oftnefndum skúr. Hafi það, er þetta gerðist, verið búið að starfa hjá Almenna byggingafélaginu h/f sem kranastjóri í rúmt ár, en kveðst nú vera orðinn verkstjóri hjá Jarðborunum ríkisins.

Krananum lýsir vitnið þannig, að hann sé enskur af Colis-gerð og sé settur á Diamond-bifreið. Í krananum sé sérstakur benzínhreyfill af Ford-gerð, og snúi hann rafali, sem sé sambyggður rafmagnsmótor, sem knýi allar hreyfingar kranans. Vitnið segir, að bílstjóri á kranabílnum hafi um þessar mundir verið Þorsteinn Kristjánsson og hafi þeir tveir skipzt á að aka bifreiðinni og stjórna krananum.

Vitnið segist hafa starfað á umræddu svæði, áður en rauðamölin var borin á það. Hafi undirstaðan undir rauðamölinni verið leirkennd for, en klappir komið upp úr henni á víð og dreif. undirstaðan því verið mistraust.

Er vitnið hafði lyft skúrnum í fyrra skiptið, kveðst það hafa beðið Harald verkstjóra að láta bifreiðarstjórann á X 5 aka undan, en þá hafi það orðið vart við, að undirstaðan undir kranabílnum var ekki eins traust og skyldi. Hafi það því látið skúrinn síga aftur niður á pallinn, ef til vill aðeins hraðar en æskilegt hefði verið, og hafi þá komið mikil sveigja á grind og pall bílsins.

Kveðst vitnið hafa þurft að framkvæma „hífinguna" í tveim atrennum, vegna þess að nauðsynlegt hafi verið að hvíla rafmagnsmótor þann, sem sneri spili kranans.

Kveður vitnið kranabílinn nú hafa verið færðan til, í því skyni að betri aðstaða skapaðist við lyftinguna.

Hafi því næst verið tekið til á nýjan leik við lyftinguna, og hafi skúrinn verið orðinn laus við bílpallinn, en þá kveðst vitnið hafa orðið að hvíla rafmagnsmótorinn með því að rjúfa straumin til hans. Hafi þá einhver af starfsmönnum Jarðborana ríkisins kallað til bílstjórans á X 5 og sagt honum að aka undan.

Ekki kveðst vitnið þó geta sagt til um það, hver sá starfsmaður hafi verið.

Þegar bifreiðinni, X 5, var ekið áfram, kveður vitnið hana hafa lyfzt við að aka upp úr hjólförum þeim, er hún hafði sigið í, meðan hlassið var á henni. Við þetta hafi pallur bifreiðarinnar rekizt upp undir skúrinn og hafi þá komið svo snöggt hliðarátak á kranabómuna, að festing hennar hafi brotnað og kraninn orðið óvirkur, þar sem rafkerti hans hafi ónýtzt um leið. Við þetta hafi skúrinn fallið aftur niður á pall bílsins.

Vitnið tók fram, að á oftnefndu svæði hafi verið fyrir nokkrir starfsmenn Jarðborana ríkisins, líklega 8 menn, en auk þeirra hafi þar verið margir óviðkomandi áhorfendur. Kveðst vitnið því ekki geta sagt um það, hver hafi kallað til bílstjórans á X 5 að aka áfram.

Vitnið segir, að þarna hafi verið tveir verkamenn frá Almenna byggingafélaginu h/f. Hafi þeir unnið við lagfæringu á svæðinu. Telur vitnið víst, að menn þessir hafi engan þátt átt í því að gefa framangreint merki né því að taka skúrinn af bifreiðinni, þar eð starfsmenn Jarðborananna hafi jafnan annazt fermingu og affermingu þeirra muna, er jarðborunum fylgdi.

Vitnið telur, að lyftihæfi kranans hafi verið um 5 tonn á þeim tíma, er hér um ræðir, miðað við tvöfaldan vír, eins og þann, er notaður var við framangreinda affermingu.

Vitnið vissi ekki, hve þungur skúrinn var, og kveðst ekki hafa hreyft neinum athugasemdum við að lyfta honum, enda kveður vitnið, að sér hafi verið kunnugt um, að krani með svipað lyftiþol og krani sá, er það stjórnaði, hafi lyft skúrnum á bílinn, og hafi það því talið öruggt, að affermingin yrði sínum krana ekki ofviða.

Vitnið Þorsteinn Kristjánsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið bifreiðarstjóri framangreindrar kranabifreiðar í umrætt sinn. Kveðst vitnið hafa staðið hjá, er verið var að lyfta skúrnum af bifreiðinni X 5, og séð, hvað fram fór bæði við fyrri og síðari lyftingu. Kveðst það hafa heyrt kallað, að bifreiðinni X 5 skyldi ekið undan, en segist ekki muna, hvort þar var að verki einn eða fleiri menn. Segist vitnið ekki hafa þekkt neinn þeirra manna, er viðstaddir voru.

Við munnlegan flutning málsins sýndi lögmaður stefnda Almenna byggingafélagsins h/f bogmyndað járnstykki í réttinum. Kvað hann það hafa verið tekið úr umræddri kranabifreið og sýna lyftihæfi kranans í hinum ýmsu stellingum gálgans. Járn-

stykki þetta var sett upphleyptum tölustöfum, og á því gat að líta, að hámarkslyftiþol kranans væri 5 tonn.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð, dags. 22. marz 1961, undirritað af Per Krogh verkfræðingi, svohljóðandi:

„Að mínu áliti var vinnuskúr, er fluttur var frá Hveragerði til Reykjavíkur 28. nóvember 1958 á vegum Jarðborana ríkisins á bifreiðinni X 5, að þyngd með verkfærum um 5 tonn."

Aðalstefnandi reisir stefnukröfur sínar á því, að aðalstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Jarðboranir ríkisins beri solidariska ábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir, þar eð rekja megi það til bilunar á kranabifreið aðalstefnda Almenna byggingafélagsins h/f eða mistaka hjá stjórnanda hennar og verkstjóra aðalstefnda Jarðborana ríkisins. Þá hefur aðalstefnandi einnig stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til solidariskrar greiðslu á stefnufjárhæðinni, og byggir hann þá kröfu sína á 74. gr., 2. mgr., umferðarlaga nr. 26 frá 1958, þar sem umrædd kranabifreið hafi verið tryggð hjá því tryggingafélagi. Við munnlegan málflutning lækkaði aðalstefnandi vaxtakröfu sína þannig, að nú krefst hann 8% ársvaxta frá 29. desember 1960 til greiðsludags, en að öðru leyti er vaxtakrafa hans óbreytt.

Aðalstefndi Jarðboranir ríkisins byggir sýknukröfu sína á því, að eigi sé í ljós leitt, að nokkur starfsmanna hans eigi sök á tjóni því, er varð. Það sé að vísu rétt, að verkstjóri Jarðborana ríkisins, Haraldur Sigurðsson, hafi átt að leiðbeina stjórnanda kranans við affermingu skúrsins, og hafi hann gefið ökumanni bifreiðarinnar X 5 merki um að aka undan skúrnum samkvæmt beiðni kranastjórans, er kraninn hafði lyft honum, en nefndur verkstjóri hafi alls ekki hegðað sér gálauslega í þessu tilfelli og geti ekki átt sök á því, þótt stjórnandi kranabílsins hafi misst skúrinn niður á vörupall bifreiðar aðalstefnanda. Orsakir til slyssins hljóti fyrst og fremst að vera þær, að kranabifreiðin hafi eigi verið í fullkomnu lagi eða að stjórnandi hennar hafi eigi sýnt af sér fulla aðgæzlu.

Að lokum telur aðalstefndi Jarðboranir ríkisins, að 67. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958 taki af allan vafa um það, að meðstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f séu einir bótaskyldir gagnvart aðalstefnanda vegna margnefnds tjóns.

Aðalstefndi Almenna byggingafélagið h/f reisir sýknukröfu sína á því, að stjórnandi kranans hafi enga sök átt á því slysi, er varð, og beri félagið því ekki fébótaábyrgð á því tjóni, er

kunni að hafa orðið á bifreiðinni X 5 af framangreindum ástæðum.

Eins og fram hafi komið í gögnum málsins, þá megi ljóst vera, að tjón það, er varð í umrætt sinn á bifreiðinni X 5, hafi eingöngu verið því að kenna, að starfsmenn meðstefnda Jarðborana ríkisins hafi gefið ökumanni bifreiðarinnar, aðalstefnanda í málinu, skipun um að aka henni áfram, þegar slíkt var óforsvaranlegt. Á slíku framferði geti Almenna byggingafélagið h/f enga sök borið, og komi því ekki til mála, að það beri fébótaábyrgð á tjóni aðalstefnanda. Er í þessu sambandi sérstaklega mótmælt sem rangri skýrslu Haralds Sigurðssonar verkstjóra hjá Jarðborunum ríkisins, þar sem hann kveður stjórnanda kranans hafa beðið sig að sjá um, að bifreiðinni X 5 væri ekið undan skúrnum.

Varakröfuna byggir þessi aðalstefndi á því, að skipta beri sök á tjóni þessu þannig, að starfsmenn hans verði aðeins taldir bera sökina að litlu leyti, en meginsökin verði talin hvíla á aðalstefnanda sjálfum og á starfsmönnum Jarðborana ríkisins.

Þá hefur aðalstefndi mótmælt reikningum aðalstefnanda sem of háum. Bendir hann í því sambandi á dskj. nr. 13, en þar sé um að ræða skoðunargerð á bifreiðinni X 5 eftir tjónið. Skoðunargerð þessi, sem er dags. 3/3 1959, er undirrituð af Arinbirni Sigurgeirssyni, umboðsmanni Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f á Selfossi, en þar fór viðgerðin fram. Hún er svohljóðandi: „Ég hefi í dag samkv. ósk yðar skoðað vörubifreiðina X 5. Eftirtaldar skemmdir voru á X 5: Hægri grindarkjálki boginn fyrir framan fremri afturfjaðraklossa. Sturtugrind bogin og brotin. Brotið borð í bílpalli."

Af þessu sé ljóst, að verk það, er framkvæmt hafi verið, sbr. viðgerðarreikninga á dskj. nr. 5, hafi verið allt of mikið, og þurfi ekki annað en líta á, hvílík kynstur af járni hafi verið tekin út, og einnig hitt, að alveg hafi verið skipt um pall á bílnum, en slíkt hafi verið alger óþarfi, þótt eitt borð hafi brotnað.

Þá hefur aðalstefndi algerlega mótmælt því, að aðalstefnandi geti reiknað sér kr. 400.00 í bætur á dag vegna afnotamissis, þar eð slíkt sé vitanlega óhæfilega hátt gjald fyrir bifreið þessa.

Að endingu mótmælir hann 10% vaxtakröfu aðalstefnanda frá 22. febrúar 1960.

Aðalstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f byggir sýknukröfu sína á því, að félagið beri ekki fébótaábyrgð á tjóni því, er kunni að hafa orðið á bifreiðinni X 5, þótt það sé vátrygg-

ingartaki, hvað bifreiðina R 8265 snertir, samkvæmt 70. gr. laga nr. 26/1958, þar sem hér sé um að ræða venjulega bifreið, er ekið geti á vegum, en á hana hafi síðar verið sett sjálfstæð lyfta, er gangi sem sjálfstæð vél, og hafi sitt hvor maðurinn stjórnað bifreiðinni og lyftunni.

Aðalstefndi telur að vísu heimild vera fyrir hendi til þess, að sér sé stefnt, sbr. 74. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 26/1958, en hins vegar sé ljóst af ákvæðum 6. kafla sömu laga, að vátryggingarfélög þau, sem þar um ræðir, og vátryggingartaka, sem þar greinir, sé einungis bundin við bifreiðarnar sem ökutæki. Þegar á bifreiðarnar séu fest slík tæki sem umrædd lyfta, þá geti slíkt ekki fallið undir fyrrgreinda tryggingu.

Af þessum sökum telur aðalstefndi, að þó svo yrði litið á, að stjórnandi kranans hafi sýnt af sér sök í umrætt sinn og atvinnuveitandi hans, Almenna byggingafélagið h/f, bæri af þeim sökum fébótaábyrgð að einhverju eða öllu leyti á tjóni því, sem aðalstefnandi hafi orðið fyrir, þá komi allt að einu ekki til mála, að tryggingarfélagið sé hér bótaskylt eða greiðsluskylt samkvæmt ákvæðum umferðarlaganna.

Aðalstefndi vitnar í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaganna, er segir, að með vátryggingunni skuli tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrökkvi, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt þeim lögum eða almennum skaðabótareglum, en þrátt fyrir þetta orðalag sé ljóst, að hér sé einungis átt við það, ef bifreiðin sem slík valdi tjóni. Hins vegar kveðst hann ekki líta svo á, að hér falli undir tjón, er verði af sérstökum tækjum, sem borin séu af bifreiðinni, sérstaklega þegar þess sé gætt, að þau ganga fyrir sjálfstæðu vélarafli og séu ekki í neinu sambandi við hreyfil bifreiðarinnar sjálfrar. Bifreiðin komi þá aðeins fram sem burðar- eða flutningstæki á þessari umræddu vél, sem í raun og veru sé alveg sjálfstæð.

Telur aðalstefndi því ekki geta komið til greina, að tjónþoli geti í slíkum tilfellum krafið tjón sitt bætt af vátryggingarfélaginu.

Verði ekki á þessa skoðun fallizt, tekur hann undir allar varnir meðstefnda Almenna byggingafélagsins h/f hér að framan.

Þegar höfðað er einkamál gegn manni til heimtu bóta fyrir tjón, er skrásetningarskylt ökutæki hefur valdið, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 26/1958, má samkvæmt 2. mgr. 74. gr. sömu laga

jafnframt höfða mál gegn vátryggingarfélagi ökutækisins, og er þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því.

Þegar virt eru ákvæði 67. og 68. gr., þykir verða að skýra þau á þá lund, að hér sé einungis átt við tjón, sem hlýzt af hinu skrásetningarskylda ökutæki sem slíku í eðlilegri notkun sem ökutæki, þ.e.a.s. á hreyfingu.

Þar sem slíku var ekki til að dreifa í því tilfelli, sem hér um ræðir, þykir verða að sýkna aðalstefnda Sjóvátryggingafélag Íslands h/f af kröfum aðalstefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stjórnandi framangreinds krana hefur viðurkennt fyrir dóminum að hafa beðið Harald Sigurðsson verkstjóra um að láta ökumann X 5 aka undan skúrnum, eftir að honum hafði verið lyft í fyrra sinnið. Verður því ekki talið, að nefndur Haraldur eigi sök á þeim skemmdum, er urðu á bifreiðinni X 5 við hinar misheppnuðu lyftitilraunir á oftnefndum skúr, heldur eigi kranastjórinn einn sökina vegna gálauslegrar staðsetningar kranabílsins við fyrri „hífinguna" svo og af þeim sökum, að hann lét skúrinn í bæði skiptin falla of hratt niður á pall bifreiðarinnar að lokinni lyftingu, enda verður að telja stjórnanda kranans það sjálfstætt í starfi sínu, að hann taki ekki við fyrirmælum frá verkstjóranum um það, hvernig lyftingunni sjálfri skuli hagað.

Þá ber þess og að gæta, að kraninn virðist tæpast hafa verið nægilega öflugur til að lyfta þessari byrði, sbr. ummæli kranastjórans sjálfs um það, að hann hafi orðið að hvíla rafmagnsmótorinn við lyftinguna. Hefur það einnig átt sinn þátt í því, hvernig fór.

Á hinn bóginn er það ljóst, að frekari skemmdir urðu á bifreiðinni X 5 en þær, er stöfuðu af völdum kranabifreiðarinnar, því að, þegar skúrnum var endanlega náð af bifreiðinni, brotnuðu í palli hennar tvö borð. Verður að telja Harald Sigurðsson eiga sök á því tjóni, þar sem hann hafði á hendi verkstjórn við afferminguna og bar því ábyrgð á þeim vinnubrögðum, er þar voru við höfð.

Þykir því samkvæmt meginreglum íslenzks réttar um ábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, er starfsmenn þeirra valda á saknæman og ólögmætan hátt, verða að leggja á aðalstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Jarðboranir ríkisins solidariska fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er aðalstefnandi varð fyrir við framangreinda

affermingu, enda verður ekki ákveðið með öruggri vissu, hve mikla sök hvor aðili um sig á á tjóninu.

Aðalstefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður, sbr. reikninga á dskj. nr. 5, kr. 17.038.32
2. Afnotamissir í 20 daga á kr. 400.00 pr. dag, alls — 8.000.00

Um 1. lið.

Af reikningum þeim, er lagðir hafa verið fram í málinu yfir þennan lið, sést, að hvað viðgerð á bílpallinum snertir, er aðeins krafizt bóta fyrir viðgerðarkostnað þann, er af skemmdunum stafaði, það er tvö ný pallborð og kostnaður við að setja þau í.

Aðalstefnandi kveður, að allt það járn, er tekið hafi verið út til viðgerðarinnnar, hafi farið innan í og utan á bílgrindina svo og í sturturnar, enda hafi þurft að byggja sturtubitana alveg upp.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að aðalstefndu hafi tekizt að hnekkja viðgerðarreikningunum, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 2. lið.

Fallast má á það með aðalstefndu, að atvinnutjónsbætur þær, er aðalstefnandi fer fram á að fá greiddar, séu of hátt áætlaðar, enda gerir hann ráð fyrir stöðugri vinnu allt bótatímabilið, en það verður að teljast mjög hæpið að gera ráð fyrir svo stöðugri vinnu í þessari starfsgrein. Þá verður einnig að telja, að hin daglega bótaupphæð sé of hátt áætluð.

Þegar það er haft í huga, er nú hefur verið rakið, og þess er enn fremur gætt, að aðalstefnanda hefur sparazt rekstrarútgjöld, meðan bifreiðin var í viðgerð, þykir rétt að taka þennan lið til greina með kr. 5.000.00.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndu Almenna byggingafélaginu h/f og Jarðborunum ríkisins ber að greiða aðalstefnanda in solidum kr. 22.038.32 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið við munnlegan flutning málsins, auk málskostnaðar, einnig in solidum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Gagnsök.

Í gagnsök hefur gagnstefnandi, Almenna byggingafélagið h/f, krafizt þess, að gagnstefndu, Steindór Sigursteinsson og Jarðboranir ríkisins, verði dæmdir til að greiða sér in solidum kr. 45.211.03 í skaðabætur vegna skemmda, er þeir hafi valdið á oftnefndum

krana, ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Gagnkröfu sína byggir gagnstefnandi á því, að hann telur gagnstefnda Steindór Sigursteinsson eiga sök á því tjóni, er varð á krananum, með því að aka bifreið sinni undan skúrnum, áður en kranastjórinn hafði gefið honum merki um, að slíkt væri óhætt, en sök gagnstefnda Jarðborana ríkisins telur gagnstefnandi aðallega fólgna í því, að starfsmenn hans skyldu gefa ökumanninum á X 5 fyrirskipanir um að aka áfram, áður en lyftustjórinn hafði leyft slíkt.

Verði ekki á þetta fallizt, þá telur gagnstefnandi þó að minnsta kosti ljóst, að umræddir menn beri að verulegum hluta ábyrgð á því tjóni, er varð á krananum.

Gagnstefnandi hefur sundurliðað tjón sitt þannig:

1. Viðgerðarkostnaður samkv. reikningum ..... kr. 22.971.03
2. Bætur fyrir afnotamissi ..... — 22.240.00

Hvað bætur fyrir afnotamissi varðar, tekur gagnstefnandi fram, að vegna efnisskorts hafi eigi verið unnt að ljúka viðgerðinni þegar í stað, heldur hafi orðið að bíða eftir varahlutum. Af þessum ástæðum hafi viðgerðartíminn skipzt í tvö tímabil, og sé hér reiknað með, að viðgerðin hafi tekið tvo mánuði. Gjald fyrir slíka krana, sem hér um ræðir, sé kr. 139.00, fyrir hverja klukkustund, og sé hér gert ráð fyrir, að unnar séu að jafnaði 80 stundir með tækinu á mánuði.

Gagnstefndi Steindór Sigursteinsson byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi enga sök átt á skemmdum þeim, er umrædd kranabifreið varð fyrir, er hún hafi verið notuð til að taka skúrinn af palli bifreiðar hans.

Kveðst hann ekkert hafa blandað sér í það, hvernig margnefndum skúr hafi verið lyft af bílpallinum, heldur aðeins farið eftir fyrirmælum starfsmanna gagnstefnanda og starfsmanna Jarðborana ríkisins.

Gagnstefndi Jarðboranir ríkisins byggir sýknukröfu sína á því, að gagnstefnanda hafi eigi tekizt að leiða í ljós, að tjón það, er kraninn varð fyrir í umrætt sinn, hafi orðið með þeim hætti, að starfsmenn hans eigi sök á því. Þvert á móti sé orsaka tjónsins að leita í mistökum lyftumannsins sjálfs. Hann hafi staðsett kranann illa við lyftinguna og auk þess ætlað honum of þunga byrði til að lyfta. Þá er því algerlega mótmælt, að Haraldur Sigurðsson verkstjóri hafi gefið ökumanni bifreiðarinnar X 5 merki um að aka undan skúrnum, án þess að lyftustjórinn bæði um það.

Viðurkennt er í málinu, að gagnstefndi Steindór Sigursteinsson hafi fengið fyrirmæli um að aka bifreið sinni undan skúrnum, þegar hann var kominn á loft við síðari lyftinguna. Af þessum sökum verður að telja, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að aka áfram og að þess verði ekki krafizt af honum, eins og á stóð, að hann fullvissaði sig um það sérstaklega, hvort téð fyrirmæli kæmu frá kranastjóranum sjálfum. Verður honum því ekki gefin sök á því tjóni, er varð í umrætt skipti, og ber að sýkna hann af kröfum gagnstefnanda.

Gagnstefnanda hefur ekki tekizt að sanna, að það hafi verið starfsmaður gagnstefnda Jarðborana ríkisins, er gaf ökumanni bifreiðarinnar X 5 fyrirmæli um að aka undan skúrnum í síðara sinnið. Ber því einnig að sýkna Jarðboranir ríkisins af kröfum gagnstefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f er sýkn af kröfum aðalstefnanda, Steindórs Sigursteinssonar, en málskostnaður fellur niður,

Aðalstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Jarðboranir ríkisins greiði in solidum aðalstefnanda, Steindóri Sigursteinssyni, kr. 22.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% frá þeim degi til 29. desember 1960, og 8% frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í aðalsök, að fjárhæð kr. 3500.00.

Gagnstefndu, Steindór Sigursteinsson og Jarðboranir ríkisins, eiga að vera sýknir af kröfum gagnstefnanda, Almenna byggingafélagsins h/f, en málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1962.

Nr. 104/1961. **Vikan h/f** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1961 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.049.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 31. ágúst 1960 til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vikan h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Vikan h.f. höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri 24. september 1960, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 12.049.00 með 9% ársvöxtum frá 31. ágúst 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður stefnanda

dómkröfum umbjóðanda síns þannig, að hann krafðist 10% ársvaxta af stefnufjárhæðinni frá 31. ágúst 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Lögmaður stefnda samþykkti, að koma mætti þessum breyttu kröfum fram í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera söluskatt, sem hann hafi greitt til tollstjórans í Reykjavík 31/8 1960 með fyrirvara, eftir að stefnanda hafi verið hótað stöðvun á atvinnurekstri, ef hann greiddi ekki.

Stefnandi heldur því fram, að ríkissjóði beri að endurgreiða fé þetta, því að samkvæmt lögum nr. 10/1960; 6. gr., 11. tölul., sé hann ekki söluskattskyldur.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi ritað Fjármálaráðuneytinu bréf þann 13/9 1960 og farið fram á að fá söluskattinn endurgreiddan, en Fjármálaráðuneytið hafi synjað endurgreiðslu.

Samkvæmt 11. tölul. 6. gr. laga nr. 10/1960 eru innlend dagblöð, hliðstæð blöð svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, undanþegin söluskatti.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að Vikan sé ekki hliðstæð innlendum dagblöðum, hvorki að formi né efni.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 100/1948, sem numin voru úr gildi með lögum nr. 10/1960, voru dagblöð og vikublöð undanþegin söluskatti.

Því hefur verið haldið fram að hálfu stefnanda, að þess vegna hefði þurft að taka það sérstaklega fram í lögum nr. 10/1960, ef um breytingu væri að ræða á undanþágu vikublaða frá söluskatti.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hið breytta orðalag 11. tl. 6. gr. laga nr. 10/1960, frá því sem var í 23. gr. A laga nr. 100/1948, beri vott um breytta afstöðu löggjafans til þessara mála.

Í 2. gr. laga nr. 10/1960 segir, að greiða skuli 3% söluskatt af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, eftir því sem nánar sé ákveðið í lögum þessum.

Ákvæði 6. gr. laga þessara er því undantekningarákvæði. Í athugasemdum við frumvarp að lögum nr. 10/1960 er þess getið, að með 6. gr. laganna sé undanþágum frá söluskatti á vöru og verðmætum sölu fækkað verulega, frá því sem þá hafi verið. Með hliðsjón af þessu verður ekki fallizt á þá röksemdafærslu

stefnanda, að nauðsynlegt hafi verið að taka það sérstaklega fram í lögum nr. 10/1960, að um breytingu væri að ræða á undanþágu vikublaða frá söluskatti.

Vikublaðið Vikan er frábrugðið innlendum dagblöðum um margt.

Dagblöðin eru, auk þess að vera fréttablöð, flest eða öll málgögn stjórnmálaflokka, og efni þeirra er að miklu leyti við það miðað, að það verði til stuðnings þessum flokkum og stefnum þeirra.

Vikublaðið Vikan er hins vegar gefið út í ágóðaskyni og efni hennar ætlað lesendum aðallega til skemmtunar.

Samkvæmt lögum nr. 100/1948 voru tímarit ekki undanþegin söluskatti, en samkvæmt 11. tl. 6. gr. laga nr. 10/1960 eru tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, undanþegin söluskatti. Vikublaðið Vikan er áþekk þeim tímaritum, sem gefin eru út í ágóðaskyni mánaðarlega og ekki eru undanþegin söluskatti.

Með skírskotun til framanritaðs ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vikunnar h.f.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. febrúar 1962.

Nr. 167/1960. **Páll Guðjónsson** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Hallbirni Elinmundarsyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafizt var frádráttar á vinnulaunum vegna ófullkominna vinnubragða. Endurheimta.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 27. september 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Krefst hann þess, að sér verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 3.555.15 og málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og lýst er í héraðsdómi, krefur stefndi áfrýjanda um vangoldin vinnulaun, samtals að fjárhæð kr. 16.000.00. Áfrýjandi viðurkennir skuld þessa, en hefur uppi til skuldajafnaðar tvær kröfur, sem hann telur sig eiga á hendur stefnda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, má fallast á úrlausn hans, að því er varðar a-lið gagnkrafna áfrýjanda. Krafa sú, er greinir í b-lið, varðar endurgreiðslu fjár, sem áfrýjandi telur sig hafa ofgreitt stefnda fyrir vélavinnu, og er þar um að tefla önnur skipti aðilja en dómkröfur stefnda lúta að. Þessi krafa áfrýjanda um endurheimt greiðslu, sem hann innti fyrirvaralaust af hendi, verður ekki höfð uppi til skuldajafnaðar verkkaupskröfu stefnda.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hefur Hallbjörn Elínmundarson húsasmiður, Kópavogsbraut 44 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. maí 1957, gegn Páli Guðjónssyni húsasmíðameistara, Kirkjuteigi 13, Reykjavík. Stefnandi krefst greiðslu á skuld vegna ógreidds kaups, að fjárhæð kr. 16.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1957 til greiðsludags, og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, eftir að upphaflegri kröfu hafði verið nokkuð breytt, að hann verði „sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu“ á kr. 3.555.15. Þá er og krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Í nóvembermánuði árið 1956 vann stefnandi í þjónustu stefnda að því að setja rúður í sambýlishúsið Fornhaga 11, 13, 15 og 17 í Reykjavík, en stefnandi er meistari við smíði þess. Kveður stefnandi hina umstefndu upphæð vera ógreitt kaup til sín fyrir vinnu þessa. Eru að sögn hans kr. 14.000.00 eftirstöðvar af kaupi samkvæmt uppmælingartaxta, en kr. 2.000.00 eru fyrir tímavinnu. Af hálfu stefnda er játað, að stefnandi hafi unnið verk, sem samkvæmt kauptaxta eigi að greiða fyrir hina umstefndu upphæð og að hún sé ógreidd.

Hins vegar krefst stefndi þess, að frá fyrrgreindri upphæð séu dregnar kr. 12.444.85. Þessa upphæð hefur stefndi sundurliðað, og kemur fram, að upphæðin er þannig til komin:

a) Vegna upptöku á rúðulistum ..... kr. 11.073.32
b) Vegna vélavinnu (ofgreitt) ..... — 1.371.53

Kr. 12.444.85

Um a) Óumdeilt er, að kr. 11.073.32 séu útlagður kostnaður við að taka upp í marz 1957 rúðulista þá, sem stefnandi hafði lagt niður í nóvember 1956, bera undir þá kítti og setja þá aftur niður. Aðilja greinir hins vegar á um, hvor þeirra eigi að bera kostnaðinn við verk þetta.

Stefnandi segir, að vegna rigninga og kulda hafi aðstæður verið slæmar til að setja í rúðurnar, en telur, að fólk, sem flutt var í húsið, hafi rekið mjög á eftir stefnda og hafi viljað láta vinna verkið fljótt. Kveður stefnandi aðalverkið hafa verið við suðurhlið hússins og aðalrigningaráttina suðlæga. Hafi masonít og bráðabirgðagler verið í gluggum, en undirburður enginn, svo að vatn hafi átt greiðan aðgang að timbrinu. Stefnandi segir, að stefndi hafi komið á vinnustað á hverjum degi og oftast oftar en einu sinni á dag. Hafi hann haft fullkomið eftirlit með verkinu, fylgzt með því og talið það ágætt. Stefnandi segir, að stefndi hafi, þegar stefnandi kvartaði um bleytu í körmum, lagt fyrir sig að vera í hléi við rigningarátt og bera inn lausa glugga. Kveðst stefnandi hafa gætt þessa. Þá segir hann, að stefndi hafi sagt sér að nota mikinn undirburð. Kveðst stefnandi hafa þurft að hita hann og oft á tíðum hafa þurft að skafa hann af aftur, þar sem hann hafi ekki tollað.

Stefndi segir, að í nóvember 1956 hafi á sínum vegum samtímis verið unnið við smíði innréttinga og glerjun í byggingu þeirri, sem hér um ræðir. Hafi hann komið í bygginguna oft á

dag og verið þar nokkuð. Hann kveðst hafa lagt fyrir stefnanda að vinna verk sitt vel, vera í skjóli og bera inn lausa glugga, er stefnandi kvartaði um bleytu í körmum. Stefnandi sé iðnlærður maður, en glerjunin einfalt verk, a.m.k. tiltölulega, og hafi hann því ekki séð ástæðu til að standa yfir honum. Einnig hefur stefndi látið þess getið, að erfitt sé að fylgjast með glerjun. Ef sveinninn „eigi ekki í sér" að vinna verkið vel, verði meistari að skoða hverja einustu rúðu til að komast hjá göllum. Stefndi segir, að glerjun fari fram á öllum árstímum, þótt haustin séu eigi heppilegur tími til þess. Talað hafi verið um, að votviðrasamt hafi verið í nóvember 1956, en þó hafi verið tekið til við glerjunina, þar sem kapp hafi verið lagt á það af eigendum, enda innréttingar langt komnar og málun hafin.

Fram hefur verið lögð í málinu úttekt, undirrituð 8. desember 1956 af Páli Kristjánssyni. Segir þar, að eina rúðu þurfi að taka úr, þar sem hún sé 10 mm frá karmi, og jafnframt segir, að undirburður sé ófullnægjandi, þar sem hann hafi verið athugaður. Leggur Páll til, að allir rúðulistar séu teknir frá og borinn á þá undirburður. Þá hefur verið lögð fram matsgerð Ólafs Jenssonar og Einars Kristjánssonar, en þeir voru á bæjarþingi 18. desember 1956 kvaddir til að meta kostnað við nauðsynlegar lagfæringar, til að frágangur á rúðum í fyrrgreindu húsi gæti talizt fullnægjandi. Matsmennirnir töldu, að ráðunum hefði sums staðar ekki verið ýtt nógu vel að karmi, en töldu ekki ástæðu til lagfæringa umfram það, sem þá hafði verið gert eða var verið að gera í sambandi við málun á íbúðum hússins. Þó töldu matsmennirnir, að eina rúðu þurfi að taka úr og rétta karm gluggans, sem hún var í. Kostnað við þetta mátu þeir kr. 200.00. Þá segir í matsgerðinni, að rúðulistar hafi að mestu verið án undirburðar þeim megin, er að karmi sneri. Ekki treysta matsmennirnir sér til að fullyrða, að nauðsynlegt sé að lagfæra þetta, enda ekki fullséð, hvort gluggarnir leki.

Þá segja matsmennirnir, að nóvembermánuður 1956 hafi verið einn mesti rigningarmánuður á þessari öld og því hafi mátt búast við rakaeinkennum í timbrinu. Telja þeir, að þau ættu að hverfa smám saman, en þó geti skemmdir orðið varanlegar. Álíta þeir rétt að bíða átekta, unz séð verði, hvort um leka verður að ræða, og lagfæra þá aðeins í þurru og hlýju veðri. Kostnað við að taka rúðulista frá og kítta í þá að nýju mátu matsmennirnir kr. 10.300.00.

Húseigendur virðast ekki hafa sætt sig við þetta álit. Aðiljar

dómsmáls þessa munu og fljótlega hafa rætt málið. Í bréfi, dags. 1. febrúar 1957, mótmælir stefnandi því, að hann sé ábyrgur vegna verks síns, en hinn 12. marz sama ár gera aðiljar þessa máls með sér samning fyrir milligöngu talsmanns húseigenda, Þórhalls Pálssonar lögfræðings. Segir þar, að þeir séu ásáttir um að byrja nú þegar að taka upp glerlista á öllum gluggum í Fornhaga 11, 13, 15 og 17 „og leggja þá aftur í kítti, eins og vera ber". Fellst Hallbjörn, stefnandi þessa máls á, að verkið sé í bráð unnið á sinn kostnað, en tekið er fram, að ekki sé endanlega ákveðið, hvernig eða hvort kostnaður við verkið skiptist. Segir í samningnum, að um það skuli leitað úrskurðar gerðardóms. Aðiljar hafa nú samið um, að samningur þessi skuli niður fallinn og hafa lagt málið fyrir bæjarþingið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það sé meginregla íslenzks réttar, að meistari beri hina fjárhaglegu ábyrgð á því, að verk sé unnið, eins og vera ber. Er í því sambandi vitnað í bréf Trésmíðafélags Reykjavíkur, sem lagt hefur verið fram í málinu, en þar segir m. a.:

„Páll (þ. e. stefndi í máli þessu) segir, að verk, sem unnin eru samkvæmt verðskrá Trésmíðafélagsins, séu miðuð við 1. flokks vinnu, og er það rétt fram tekið hjá honum, en það léttir ekki af honum þeirri skyldu og þeirri ábyrgð gagnvart eigendum og sveinum, sem honum ber sem meistara á verkinu, því hann er um leið verkstjóri á verkinu, og ber honum að sjá um, að verkið sé unnið samkvæmt fyrirmælum sínum.

Trésmíðafélag Reykjavíkur vill taka fram, að það lítur svo á, að sveinar, einn eða fleiri, sem vinna í uppmælingu hjá einhverjum meistara, séu ekki á nokkurn hátt ábyrgir né undir neinn komnir nema meistarann. Viðvíkjandi því, hvort sveinar séu meisturunum óviðkomandi, er þeir vinna í uppmælingu, er rétt að benda á, að meistarar eiga rétt á í öllum tilfellum að taka þóknun fyrir umsjón á verkinu, og geta allir sagt sér það sjálfir, að þessi þóknun er fyrir umsjón og þá ábyrgð, sem meistarinn hefur á verkinu. Enn fremur má benda á, að meistarinn borgar út öll vinnulaun og heldur í mörgum tilfellum eftir orlofspeningum hjá sér, skatta, útsvör o. fl."

Þorvaldur Ó. Karlsson, sem f. h. Trésmíðafélags Reykjavíkur ritaði undir bréf það, sem ofanskráð er úr, hefur komið fyrir dóm og staðfest, að þetta sé skoðun Trésmíðafélagsins.

Jafnframt hefur verið tekið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi lagt fyrir stefnanda að vinna við glerjunina og hafi stefndi

einn ráðið, að það verk var unnið. Þá hafi fyrirmælum hans um vinnutilhögun verið fylgt, og séu því ekki nein atvik fyrir hendi, sem leitt geti til þess, að stefnandi sé fjárhagslega ábyrgur.

Af hálfu stefnda er því fyrst og fremst haldið fram, að sveinn, sem vinnur samkvæmt uppmælingartaxta, beri fjárhagslega ábyrgð á göllum, sem fram koma á verki hans. Bent er á, að samkvæmt lögum um iðju og iðnað megi enginn stunda iðnað nema meistarar, sveinar og iðnnemar. Sveinar séu þeir einir, sem hlotið hafa sérstakan undirbúning, enda sé það meginreglan, að þeim sé heimilt að vinna sjálfstætt að iðn sinni. Þegar þeir geri það, megi verkkaupi ætlast til, að þeir vinni eins og sérmenntuðum mönnum ber, og til hins sama megi sá meistari ætlast, sem hefur svein í þjónustu sinni. Ef út af ber, hljóti sveinn að bæta fyrir glöp sín. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að kaupgrundvöllur meistara og sveina sé, þegar eins stendur á og hér, sá sami og fái meistararnir ekki aðrar greiðslur en þær, sem fundnar eru með því að leggja vissa hundraðstölu ofan á kaup sveina samkvæmt uppmælingu. Þar sem kaup sveina miðist við afköst, sé eðlilegt, að þeir beri einnig ábyrgð á göllum á verki þeirra, enda sé meistaraþóknunin ekki svo há, að eðlilegt sé, að leggja ábyrgðina á meistarann. Jafnframt er því haldið fram af hálfu stefnda, að uppmælingartaxti sá, sem notaður er við húsasmíðar, sé upprunninn frá þeim tíma, er meistarar og sveinar í iðninni voru í sama félagi. Nú sé uppmælingin hins vegar í höndum fulltrúa sveinafélagsins. Sýnir það álit stefnda, að sveinar séu sjálfstæðir og jafnframt fjárhagslega ábyrgir aðiljar. Þá er af hálfu stefnda á það bent, að í matsgerð hinna dómkvöddu manna segir, að verk það, sem síðar var bætt, hafi eigi verið svo vandað sem æskilegt hafi verið og að stefnandi og stefndi hafi verið sammála um, að það bæri að taka upp glerlista á kostnað stefnanda í bráðina.

Dómendur líta svo á, að það fari eftir almennum reglum bótaréttarins, hvort iðnmeistarar geta að einhverju eða öllu leyti endurkrafið sveina sína vegna tjóns, sem þeir hafa bætt verkkaupum. Verður því að athuga, hvort stefnandi í máli þessu sé bótaskyldur eftir hinni almennu skaðabótareglu. Til að svo sé hér, þarf atferli stefnanda að hafa verið saknæmt, hann þarf að hafa framkvæmt glerjunina með öðrum hætti en ætlazt verður til að gert sé af góðum og skynsömum sveini í húsasmíði. Í því sambandi er á þetta að líta: Það var stefndi en ekki stefnandi, sem ákvað, að verkið skyldi unnið. Telja verður sannað

í málinu, að aðstæður til að vinna það hafi verið slæmar vegna þess, hve blautt timbrið var. Í máli þessu er ekki leitt í ljós, að stefnandi hafi unnið á ófullnægjandi hátt eftir aðstæðum, enda ekki komið fram, að stefnandi hafi á neinn hátt brotið gegn fyrirmælum stefnda eða sætt gagnrýni af hans hálfu, meðan verkið stóð yfir. Að þessu athuguðu verður að telja, að stefnandi hafi ekki bakað stefnda tjón með saknæmu atferli sínu, og verður því ekki um það að ræða, að tekin verði til greina skuldajafnaðarkrafa sú, sem hér er til athugunar.

Um b). Í verðskrá Trésmiðafélags Reykjavíkur yfir ákvæðisvinnu segir í kaflanum um eldhúsinnréttingar: „Á alla þessa taxta má bæta við vélavinnu, er nemur 18 prósent". Upphæð sú, sem hér er um deilt, er þannig til komin, að stefnandi vann í sambýlishúsinu, sem um ræðir að framan, við ýmsa innréttingasmíði. Telur stefndi, að hann hafi greitt stefnanda vegna vinnu í vélum við eldhúsinnréttingar kr. 1.371.53, og kveðst stefndi hafa átt vélar þær, sem notaðar voru. Upphæðin hafi verið greidd vegna mistaka, og hafi húseigendur, þegar til kom, algerlega neitað greiðsluskyldu og stefndi því endurgreitt þeim féð. Er því haldið fram að hálfu stefnda, að stefnanda beri að endurgreiða upphæð þessa.

Endurgreiðslukrafan er nánar rökstudd þannig, að það 18% álag, sem hér er um að ræða, hafi verið sett í verðskrá Trésmiðafélags Reykjavíkur, þegar það var félag bæði meistara og sveina. Álag hafi átt að vera til greiðslu fyrir leigu á vélum, þannig hafi það jafnan verið skilið, og séu venjur hér að lútandi þær, að meistarar fái álag þetta, þegar þeir leggja til vélarnar.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að upphæð þessi komi til frádráttar stefnukröfunni. Því er hins vegar ekki mótmælt, að stefndi hafi fengið kr. 1.371.53 á grundvelli fyrrgreinds verðskrárákvæðis og að stefndi hafi átt vélar þær, sem notaðar voru.

Í hinum munnlega málflutningi rökstuddi lögmaður stefnanda sjónarmið sitt þannig í fyrsta lagi, að krafa sú, sem stefndi hefur hér gert um endurgreiðslu, sé til komin vegna annars verks stefnanda en þess, sem krafa hans er sprottin af. Taldi lögmaðurinn af þeim sökum ekki unnt að lækka kröfu umbjóðanda síns með skuldajöfnuði.

Þá var sjónarmið stefnanda rökstutt þannig, að álag það, sem hér um ræðir, væri við það miðað, að vinna í vélum væri vanda-

og áhættusamari en almenn trésmíðavinna og ætti því að greiðast betur. Er í því sambandi bent á, að greitt er hærra fyrir vinnu í vélum en fyrir almenna vinnu, þegar greitt er tímakaup. Er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að það sé venja, að sveinar fái það 18% álag, sem um er deilt.

Bréf og vitnisburðir fyrirsvarsmanna félaga meistara og sveina í húsasmíði liggja fyrir í máli þessu.

Í bréfi, dagsettu 21. október 1959, frá stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur er sjónarmið stefnanda í málinu stutt, en ekki segir þar beinlínis, hverjar venjur eru hér að lútandi.

Eftir að mál þetta var tekið til dóms 4. marz s.l., var kveðinn upp úrskurður, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að afla umsagna stjórna fyrrnefndra félaga um venjur varðandi deiluatriðið. Voru síðar lögð fram bréf frá báðum félögunum, og fyrirsvarsmenn þeirra komu fyrir dóm. Af hálfu sveinafélagsins var því haldið fram, að venjan sé sú, að sveinar fái umrætt 18% álag, og formaður félagsins sagði m. a. fyrir dómi, að hann hefði verið starfsmaður félagsins um eins árs skeið og þá haft með höndum útreikninga á verkum, sem unnin voru í ákvæðisvinnu. Væri sér því fullkunnugt um þetta atriði. Af hálfu meistarafélagsins var hinu gagnstæða haldið fram um venjur á þessu sviði, þegar meistarar eiga vélar þær, sem notaðar eru. Stjórnarmaður í félaginu, sem kom fyrir dóm og hélt þessu fram, lét þess getið, að hann hefði verið í nefnd þeirri, er samdi gjaldskrána, sem fyrr er nefnd.

Stefndi hefur ekki sannað, að það sé venja, að umrætt 18% álag rennj ekki til sveina. Þegar af þeirri ástæðu verður krafa hans um lækkun stefnukröfu um kr. 1.371.53 ekki tekin til greina.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 16.000.00 með vöxtum, eins og krafizt er, og að auki málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Birni Rögnvaldssyni byggingameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi. Dómsuppsaga hefur tafizt vegna anna við embætti borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Guðjónsson, greiði stefnanda, Hallbirni Elímundarsyni, kr. 16.000.00 ásamt 6% vöxtum p.a. frá 1. febrú-

ar 1957 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1962.

Nr. 139/1961. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Baldvini Sigurbjörnssyni og gagnsök
(Árni Stefánsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1961. Hann krefst sýknu, en til vara lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda, og svo málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 12. september 1961 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 93.935.00, til vara kr. 67.965.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, kom gagnáfrýjandi ölvaður á lögreglustöðina í Reykjavík aðfaranótt 27. febrúar 1957 að eigin sögn í þeim erindum að eiga kunningjarabb við nafngreindan fangavörð. Á lögreglustöðinni var gagnáfrýjandi með málæði og háreysti, og vildi varðstjóri eigi una vist hans þar. Varðstjóri lét þó eigi setja gagnáfrýjanda í fangageymslu né flytja hann heim, heldur var hann látinn út af lögreglustöðinni. Nokkru síðar kom gagnáfrýjandi aftur inn á lögreglustöðina. Lögreglumaður sá, er í héraðsdómi greinir, kveðst þá umsvifalaust hafa leitt gagnáfrýjanda til

dyra, og gekk hann að sögn lögreglumannsins sjálfviljugur út. Gagnáfrýjandi kveðst hins vegar hafa hrökklazt aftur á bak undan lögreglumanninum, sem hafi „mismunað“ honum út. Lögreglumaðurinn felldi útidyrahurðina að stöfum á eftir gagnáfrýjanda og stóð því næst við hana, þar sem hann taldi gagnáfrýjanda mundu vilja leita inn af nýju. Er lögreglumaðurinn lokaði, varð þumalfingur hægri handar gagnáfrýjanda milli stafs og hurðar hjaramegin. Hlauzt af því áverki gagnáfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi.

Er lögreglumaðurinn leiddi gagnáfrýjanda út og lokaði dyrum lögreglustöðvarinnar, mátti hann vænta óeðlilegra viðbragða af hendi gagnáfrýjanda sökum ölvunar hans. Bar lögreglumanninum að kosta kapps um eftir föngum, að gagnáfrýjandi yrði eigi fyrir meiðslum. Þetta átti lögreglumanninum að mega takast, enda sýndi gagnáfrýjandi honum eigi tilræði né átti lögreglumaðurinn á neinn hátt hendur sínar að verja.

Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms má rekja slys gagnáfrýjanda til ölvunar hans sjálfs, óhappatilviljunar og vangæzlu lögreglumannsins. Þegar litið er til allra málavaxta, þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt, sem er hæfilega metið í héraðsdómi, að ¾ hlutum sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að ¼ hluta. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 13.950.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Baldvini Sigurbjörnssyni, kr. 13.950.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Sératkvæði

Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara og Magnúsar Þ. Torfasonar prófessors.

Gagnáfrýjandi kom inn á lögreglustöðina í Reykjavík aðfaranótt 27. febrúar 1957. Segist hann ekki hafa átt þangað annað erindi en að ræða við fangavörð stöðvarinnar, sem hann hafi þekkt frá fyrri tíð. Gagnáfrýjandi var þá samkvæmt frásögn hans sjálfs og vitna alldrukkinn. Hann virðist þó hafa verið fær um að fara ferða sinna, enda kveðst Pálmi Jónsson varðstjóri, sem þá hafði varðgæzlu á stöðinni, ekki hafa talið ástæðu til að setja hann í fangageymslu vegna ölvunar. Eftir að gagnáfrýjandi hafði hitt fangavörðinn að máli, dvaldist hann áfram á lögreglustöðinni og var þar til óþæginda. Bauðst Pálmi varðstjóri til að láta aka honum heim, en það þáði hann ekki. Var gagnáfrýjanda þá vísað út af stöðinni.

Skömmu síðar kom gagnáfrýjandi aftur inn á lögreglustöðina. Var þar þá fyrir Grétar Finnbogason lögreglumaður, og var honum kunnugt um fyrri brottvísun gagnáfrýjanda af stöðinni. Samkvæmt skýrslu Grétars, sem ekki hefur verið hnekkt, mæltist hann til, að gagnáfrýjandi hyrfi brott af stöðinni. Þar sem gagnáfrýjandi sinnti ekki þeim tilmælum, kveðst Gretar hafa tekið í öxl hans og leitt hann til útidyra stöðvarinnar. Fyrir dyrunum er þung hurð, sem opnast inn, og er handfang hennar hægra megin, þegar út er farið. Kveðst Grétar hafa opnað dyrnar, stutt við gagnáfrýjanda, um leið og hann gekk út, og síðan hallað hurðinni aftur án þess að gera það harkalega eða leggjast á hana. Hafi hann þá heyrt hróp til gagnáfrýjanda, opnað dyrnar aftur og þá orðið þess var, að þumalfingur hægri handar gagnáfrýjanda hafði klemmzt í dyragættinni hjaramegin. Kveðst Gretar ekki hafa orðið þess var, að gagnáfrýjandi hafði stungið fingrinum í dyragættina, enda hefði hann ekki látið hurðina falla aftur, ef hann hefði um það vitað.

Auðsætt er, að orsakir slyssins má rekja til mótþróa gagnáfrýjanda og mikillar ógætni hans. Þykir Gretar ekki hafa sýnt af sér óvarkárni eða gáleysi í starfi sínu, sem skaðabótaskyldu eigi að varða. Samkvæmt því ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvik-

um telst rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Baldvins Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 26. janúar 1959, af Baldvini Sigurbjörnssyni skipstjóra, Kirkjuvegi 10, Hafnarfirði. Þar stefnir hann fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og krefst skaðabóta vegna slyss, að fjárhæð kr. 93.935.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags, og að auki málskostnaðar samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar upphæða og málskostnaðar eða þess, að málskostnaður falli niður.

Málsatvik eru þessi: Nokkru eftir hádegi 27. febrúar 1957 kom stefnandi í lögreglustöðina í Reykjavík, og spurði hann þar eftir kunningja sínum, Bjarna Jónssyni fangaverði. Stefnandi var undir áhrifum áfengis, og var honum eftir nokkra stund vísað af stöðinni. Hann kom þó aftur innan tíðar, en var enn á ný vísað út, og fór lögreglumaður með honum. Lét lögreglumaðurinn aftur útidyrahurðina á eftir stefnanda, en stefnandi varð milli stafs og hurðar hjaramegin með hægri þumalfingur og hefur þá snúið að hurðinni. Varð síðar að taka framan af fingrinum, og eru kröfur í máli þessu til komnar vegna þessara meiðsla.

Stefnandi skýrði frá atvikum í sakadómi 13. apríl 1957. Kvaðst hann hafa verið „allölvaður" í umrætt sinn. Um hina síðari komu sína á lögreglustöðina sagði stefnandi samkvæmt bókun sakadóms:

„Í ganginum mætti hann lögreglumanni, sem vísaði mættum á brott, en mættur kveðst ekki hafa komizt að með skýringar á erindi sínu, því að maðurinn hafi þegar ýtt sér til dyranna. Kveðst mættur hafa hrökklazt undan manninum til dyra og gengið aftur á bak. Ósjálfrátt kveðst hann síðan hafa gripið í dyrastafi með báðum höndum. Í dyrum þessum er þung eikar-

hurð og opnast inn. Hurðarhandfang er vinstra megin, þegar inn er gengið. Hélt mættur því hægri hendi í dyrastaf hjaramegin. Maður sá, er mismunaði mættum út, lokaði dyrum allsnöggt og fylgdi vel eftir með því að leggjast á hurðina. Fingur mætta varð þá milli hurðar og stafa í falsinu hjaramegin, þannig að fremsti hluti þumalfingurs hægri handar klesstist alveg saman, en fremsti köggull fingursins þverkubbaðist og hékk laus framan við. Mætti kveðst hafa hrópað upp yfir sig vegna sársaukans, og opnaði lögreglumaðurinn þá þegar. Var mætti þá að bragði fluttur í Slysavarðstofuna, þar sem gert var að meiðslum hans til bráðabirgða ....“

Lögregluþjónn sá, er hlut átti að máli, er Grétar Finnbogason. Sendi hann lögreglustjóra skýrslu. Þar segir m. a.:

„Miðvikudaginn 27.2. 1957, um kl. 02.50, er ég undirritaður var á verði á lögreglustöðinni, kom ölvaður maður á stöðina í erindisleysu. Maður þessi, sem heitir Baldvin Sigurbjörnsson, til heimilis Framnesvegi 14, var búinn að slæpast á stöðinni um það bil eina klukkustund með allskonar þvælu og æsing. Að boði varðstjóra var búið að láta Baldvin út áður, og var hann að koma inn eftir það, þegar ég sá hann. Bað ég hann um að fara heim til sín, en hann neitaði og vildi ekki fara út, tók ég í öxlina á honum og leiddi hann fram ganginn og að aðaldyrunum, en þar bað hann um að fá að ganga út.

Opnaði ég hurðina og studdi við Baldvin, um leið og hann gekk út.

Hallaði ég síðan hurðinni aftur og stóð við hana, þar sem mér virtist Baldvin gera tilraun til að komast inn aftur, en hann kallaði þá til mín og kvaðst hafa orðið á milli með fingurinn.

Opnaði ég þegar og hjálpaði Baldvin inn fyrir, og var hann fluttur í snatri upp á slysavarðstofu. Slys þetta mun hafa orðið með þeim hætti, að um leið og Baldvin kom út fyrir, mun hann hafa gripið hægri hendinni í hurðarfalsið og orðið á milli með þumalfingurinn, um leið og hurðin lokaðist.

Fingurinn var marinn hér um bil sundur um fremsta köggul. Ég vil taka fram, að þar sem ég stóð innanvert við hurðina, þegar hún lokaðist, gat mig ekki grunað, að slys gæti hlotizt af áðurnefndum atburði ....“

Skýrsla þessi var lögð fram í sakadómi sama dag og stefnandi gaf þar skýrslu sína. Las stefnandi í dómnum skýrslu lögregluþjónsins og hreyfði þeim athugasemdum einum við hana, að

sér fyndist „vægt að orði komizt“, að lögreglumaðurinn hafi „hallað hurðinni og stutt við mættan, um leið og hann gekk út“.

Hinn 29. apríl 1957 var rannsókn haldið áfram í sakadómi, og kom lögregluþjónninn fyrir dóm. Sagði hann þá, að stefnandi hefði verið alldrukkinn og nokkuð æstur í skapi „og haft í frammi hvimleitt orðbragð á varðstofunni“ við lögreglumenn og aðkomufólk. Gaf þá Pálmi Jónsson varðstjóri fyrirmæli um að vísa stefnanda út að sögn lögregluþjónsins. Taldi hann, að stefnandi hefði verið leiddur út eða honum mismunað út, og kvað Ívar Hannesson hafa sagt sér, að hann hefði látið hann út að boði varðstjóra.

Þá sagði Grétar Finnbogason lögregluþjónn, að stefnandi hefði ekki, þegar hann kom í annað sinn, viljað fara út, þegar á hann var skorað. Er síðan bókað eftir Grétari: „.... leiddi mættur hann þá fram til aðaldyranna, en í tröppunum við aðaldyrnar, segir mættur, að Baldvin hafi beðið um að fá að ganga einn. Kveðst mættur hafa orðið við beiðni hans og opnað fyrir honum, og segir mættur, að Baldvin hafi gengið einn um dyrnar og gengið áfram. Kveðst mættur hafa talið, að Baldvin mundi hafa látið sér segjast og reyndi ekki frekari inngöngu, og kveðst hafa lokað dyrunum á eftir honum, en neitar því að hafa gert það harkalega eða lagzt á hurðina, sem hann lokaði, en hins vegar kveðst hann hafa staðið við hurðina og ætlað að vita, hvort Baldvin reyndi að komast inn aftur, en þá heyrði hann hróp Baldvins og opnaði þegar.“

Enn var í sakadómi bókað eftir lögregluþjóninum:

„Sérstaklega aðspurður, kveðst mættur ekki hafa orðið var við, að Baldvin sneri sér við í dyrunum og greip um dyrakarma, enda kveðst hann ekki mundu hafa lokað, ef hann hefði haft minnsta grun um það. Mætta er bent á staðhæfingu Baldvins um þetta atriði í skýrslu hans 13. þ. m., og staðhæfir mætti, að hann sé alveg viss um, að Baldvin hafi gengið áfram og farið að frjálsum vilja um dyrnar. Hins vegar segir mættur, að um leið og hann hafi lokað dyrunum, hafi hann gengið á bak við hurðina þannig, að hann sá ekki til Baldvins, og hljóti hann að hafa einmitt snúið sér þá. Hins vegar kveðst vitnið vera öruggt um, að Baldvin hafi ekki haldið vinstri hendi í dyrakarminn læsingarmegin, en mættur kveðst að sjálfsögðu hafa séð um gáttina, þó það hafi ekki séð Baldvin, meðan hurðin féll að stöfum ....“

Pálmi Jónsson lögregluvarðstjóri kom fyrir sakadóm. Hann

kvað stefnanda hafa verið drukkinn allvel og nokkuð háværan. Ekki þótti Pálma ástæða til að setja stefnanda í fangageymslu, en kvaðst hafa margbeðið hann um að fara út og hafa boðið honum að láta aka honum heim. Síðan kveðst Pálmi hafa skroppið frá, en á meðan hafi Guðmundur Þorvaldsson látið stefnanda út.

Pálmi skýrði svo frá, að hann hefði, þegar hann kom aftur, mætt stefnanda og Grétari Finnbogasyni, þar sem þeir voru að ganga niður tröppur í forstofu lögreglustöðvarinnar. Hélt Grétar annarri hendi yfir axlir stefnanda, sem sýndist ekki ófús að ganga með Grétari. Ekki kvaðst Pálmi hafa skipt sér af þeim, en eftir litla stund hafi Grétar komið aftur með stefnanda, sem var meiddur á fingri. Ekki kvaðst Pálmi vita til, að neinn af vaktmönnum sínum sæi, er stefnandi slasaðist.

Bjarni Jónsson fangavörður kvaðst fyrir sakadómi hafa verið á verði og hafa hitt stefnanda, nokkru áður en hann slasaðist. Er eftir Bjarna bókað: „Kveðst mættur hafa talað við hann nokkra stund, en Baldvin hafi ekki borið fram við sig neitt sérstakt erindi, en sagði mættum, að hann væri kominn til að sjá framan í mætta. Baldvin, sem mættur þekkir mjög vel, var allmikið drukkinn í umrætt sinn og mjög langt frá sínu eðli, eins og mætti orðar það. Hafi hann verið málugur mjög og lítið talað af viti. Bæði þess vegna og svo vegna starfs mætts og eftirlits með fangageymslunni hvarf því mættur fljótlega og gerði sér ekki far um að hitta Baldvin aftur, enda taldi mættur hann ekki hafa átt neitt sérstakt erindi við sig."

Páll Sigurðsson læknir hefur lýst meiðslum stefnanda í vottorði, dagsettu 17. apríl 1957. Þar segir m. a.:

„Hinn 27.2. 1957, kl. 02.30, kom ofannefndur maður á Slysavarðstofuna í lögreglufylgd. Maðurinn var við komuna mikið drukkinn. Samkvæmt frásögn fylgdarmanna hefur maðurinn lent milli stafs og hurðar og klemmzt á hægri þumalfingri.

Það kemur í ljós við skoðun, að hægri þumalfingur er nær kraminn sundur rétt framan við fremri liðinn, og er beinið brotið, en stúfurinn hangir í ca. ½ cm ræmu lófamegin.

Reynt var að sauma stúfinn við, og síðan lagðar umbúðir á sárið. Síðan slysið varð, hefur maðurinn komið til eftirlits og skiptinga á Slysavarðstofuna.

Fljótlega kom í ljós, að drep var í nokkrum hluta fingurgóms og naglar, og tvívegis var hreinsaður burtu dauður vefur, 28/3 og 11/4. Fingurinn hefur stytzt dálítið, nöglin er ónýt, og enn

er sár handarbaksmegin á naglarstæðinu, og er í ráði að gera skinnflutning á þetta sár einhvern næstu daga."

Sami læknir, Páll Sigurðsson, gaf annað vottorð 30. maí 1957. Þar segir m. a.:

„Til viðbótar upplýsingum um ofannefndan mann í vottorði 17.4. 1957 skal eftirfarandi tekið fram:

Hinn 20.4. var sárið á þumalfingrinum skorið hreint í staðdeyfingu. Ekki taldist ráðlegt að reyna skinnflutning, og því numið af beininu og gómflipinn saumaður upp yfir stúfinn.

Sárið greri eðlilega.

Hinn 27.5. kom maðurinn til eftirlits. Sárið er nú að fullu gróið, en skinnið á stúfnum allfast bundið við undirlag. Fingurinn hefur stytzt, sem svarar hálfri kjúku, og er öll nöglin burtu. Snerti- og sársaukaskyn á stúfnum minnkað, en ekki upphafið. Hreyfing í fingrinum allgóð, en kraftur nokkuð minnkaður.

Maðurinn mun nú reyna að hefja vinnu að nýju."

Hinn 29. október 1957 kom stefnandi til Þórarins Sveinssonar læknis til skoðunar, og hinn 21. nóvember næstan á eftir ritaði læknirinn þáverandi lögmanni stefnanda, Lárusi Jóhannessyni hrl., bréf. Segir þar m. a., að slasaði segist vera viðkvæmur í stúfnum og kulsækinn og hafa verið algerlega frá störfum um þriggja mánaða skeið. Síðan segir í bréfinu:

„Skoðun: Kemur eðlilega fram og er hressilegur maður. Skýrir skipulega frá atburðinum.

Við almenna skoðun var ekkert athugavert.

H. hendi: Við samanburð á hægri og vinstri þumalfingri sést, að numið hefur verið framan af h. þumalfingri ca. 1.5 cm, þ.e.a.s. nöglin og þvert í gegnum fingurinn. Aðeins kastið af kjúkunni er eftir. Húðin er blárauð og hefur að sögn verið viðkvæm, en er nú ekki áberandi viðkvæm við skoðun. Slasaði getur lítið hreyft kjúkubrotið, en þó örlar fyrir hreyfingu í kjúkuliðnum. Má gera ráð fyrir, að kjúkubrotið geti, er stundir líða fram, komið að notum að einhverju leyti til viðnáms í handgripi. Kraftar eru sæmilegir orðnir í hendinni.

Ályktun: Um er að ræða slys, er olli sköddun á hægra þumalfingri, svo að rúmur helmingur fremstu kjúkunnar misstist framan af ...."

Kröfur stefnanda eru studdar þeim rökum, að samkvæmt íslenzkum lögum beri ríkissjóði að greiða bætur fyrir skaðaverk lögreglumanna. Hér sé um slíkt verk að ræða, þar sem leggja verði til grundvallar skýrslu stefnanda um slysið. Á framburði

Grétars Finnbogasonar verði ekki byggt, enda hafi hann orðið tvísaga um mikilvægt atriði. Standi í skýrslu hans til lögreglustjóra, að hann hafi hallað hurðinni á eftir stefnanda, en fyrir rétti hafi Grétar sagt, að hann hafi lokað dyrunum á eftir honum. Þá fái það ekki samrýmzt, sem Grétar sagði fyrir dómi, að hann hefði gengið á bak við hurðina og að hann hefði séð um gáttina. Skýrsla hans um fyrri komu stefnanda á lögreglustöðina sé og að nokkru í ósamræmi við skýrslu Pálma Jónssonar. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi sjálfur viljað fara út úr lögreglustöðinni, en honum hafi ekki gefizt kostur á því, þar sem hann hafi hrökklazt aftur á bak undan lögreglumanninum, sem síðan hafi lokað, eins og segir í framburði stefnanda, í stað þess að fylgjast með því, hvað um stefnanda varð utan við dyrnar, eins og lögreglumanni hafi borið að gera, eins og á stóð. Þá hefur því verið haldið fram til stuðnings kröfum stefnanda, að lögreglumaðurinn hafi átt að sýna sérstaka varúð, ef stefnandi hafi verið jafndrukkinn og lögreglumenn halda fram.

Sýknukrafa stefnda er rökstudd með því, að ekki sé um það að ræða, að sannað sé, að lögreglumaðurinn hafi viljandi eða af gáleysi hegðað sér með öðrum hætti en honum bar. Stefnandi hafi verið drukkinn á lögreglustöðinni, hann hafi þrjózkazt við að fara út og hann hafi lagt hægri hönd á dyrastaf hægra megin, en á slíku hafi lögreglumaðurinn ekki getað varað sig. Er því haldið fram, að slysið sé annaðhvort sök stefnanda eða að það hafi orðið fyrir óhappatilviljun, sem ekki leiði til bótaskyldu stefnda.

Varakrafa stefnda er rökstudd með því, að í öllu falli megi ljóst vera, að stefnandi eigi meginsök á tjóni því, sem hann varð fyrir.

Það er fram komið í málinu, að lögreglumaður sá, sem fór með stefnanda til dyra, fylgdist ekki með manninum utan við gættina, en lagði aftur hurðina, svo að fingur stefnanda varð milli stafs og hurðar. Verður að telja, að lögreglumanninum hafi borið að fylgjast með ferðum stefnanda lengur en hann gerði og láta hurðina ekki þannig aftur, að nokkur hætta gæti verið á, að slíkt yrði stefnanda til meins. Á lögreglumaðurinn því sök á slysinu.

Á hinn bóginn átti stefnandi sjálfur einnig sök á því, hvernig fór. Af vottorði Páls Sigurðssonar læknis, sem stutt er af framburði starfsmanna lögreglunnar, sést, að stefnandi hefur verið

mikið drukkinn. Það verður og að teljast sannað af framburðum stefnanda sjálfs og fyrrgreindra starfsmanna, að hann hefur verið í erindisleysu á lögreglustöðinni og að framkoma hans þar hefur verið með öðrum hætti en vera bar. Þá setti og stefnandi hönd sína þannig á dyrastaf útidyra lögreglustöðvarinnar, að bráðhættulegt var, en óupplýst verður að telja, hvernig það bar nánar að.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir eiga að telja, að stefnandi og lögreglumaðurinn eigi jafnmikla sök á slysinu, og ber stefnda því að greiða stefnanda hálft tjón hans, enda ekki mótmælt, að stefndi beri ábyrgð á skaðaverki lögreglumannsins.

Kröfur stefnanda eru sundurliðaðar sem hér segir í greinargerð lögmanns hans:

1)	Tapaður aflahlutur á vetrarvertíð 1957	kr. 43.195.00
2)	Atvinnu- og örorkutjón	— 39.940.00
3)	Fyrir þjáningar, lýti og óþægindi	— 10.000.00
4)	Útlagður kostnaður	— 800.00
		Alls kr. 93.935.00

Um 1).

Þessi kröfuliður er skýrður svo, að stefnandi hafi, þegar hann slasaðist, verið búinn að fá loforð fyrir leigu á m/b Auði frá Reykjavík hjá Hallgrími útgerðarmanni Oddssyni til að gera út á handfæri frá Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni. Lögmaður stefnanda skýrir svo frá, að a.m.k. 4 bátar hafi stundað handfæraveiðar frá kaupstaðnum umræddan vetur, og hefur hann lagt fram yfirlit yfir hásetahlut á þeim. Er krafan samkvæmt lið þeim, sem hér er til athugunar, fundin með því að taka meðaltal þessara fjögurra upphæða.

Þessum kröfulið hefur af hálfu stefnda verið sérstaklega mótmælt. Er á það bent, að 2. liður í kröfum stefnanda sé miðaður við örorkumat og að því hafi verið tekið tillit til allra vinnutekna stefnanda árin fyrir slysið. Verði að miða við þær eingöngu, þegar metið er tap hans eftir slysið. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið búinn að leigja fyrrnefndan bát og að Hallgrímur Oddsson hafi ekki haft ráðstöfunarrétt yfir bátnum. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi ætlað að gera bátinn út frá Vestmannaeyjum með öðrum. Sé algerlega ósannað, að stefnandi hefði haft nokkrar tekjur af aflahlut, þótt hann hefði sloppið við meiðsli þau, sem urðu tilefni málssóknar þessarar.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Njáli Gunnlaugssyni, Blómvallagötu 13, Reykjavík. Segir þar m. a.:

„Í ársbyrjun 1957 ræddi ég um það við Baldvin Sigurbjörnsson skipstjóra, nú til heimilis að Kirkjuvegi 20, Hafnarfirði, að við gerðum út bát á handfæraveiðar á vetrarvertíðinni 1957 frá Vestmannaeyjum og að Baldvin yrði skipstjóri á bátnum. Þetta samþykkti Baldvin. Í framhaldi af þessu ræddi ég við Hallgrím Oddsson útgerðarmann hér í Reykjavík um leigu á m.b. Auði í þessu augnamiði, en Hallgrímur hafði þá með þann bát að gera. Hallgrímur var fús til að leigja okkur bátinn, en að öðru leyti voru samningar um leiguna á umræðustigi. Vegna meiðsla þeirra, sem Baldvin varð fyrir þann 27. febrúar 1957, varð ekkert úr þessari útgerð okkar.

Þess skal enn fremur getið, að ég athugaði einnig um leigu á m.b. Villa frá Hafnarfirði, og hafði Kristinn O. Karlsson netjagerðarmaður með hann að gera. Þann bát var einnig hægt að fá leigðan. Á þessum tíma var auðvelt að fá báta á leigu til handfæraveiða."

Þá hefur verið lagt fram vottorð frá Hallgrími Oddssyni. Þar segir:

„Í tilefni af vottorði hr. Njáls Gunnlaugssonar, dags. 14. september 1959, sem mér hefur verið sýnt í dag, leyfi ég mér að taka fram, að það er að vísu rétt, að nefndur Njáll kom að máli við mig og spurðist fyrir um umræddan bát, m.b. Auði, í sambandi við væntanlega leigu á bátnum. Sagði ég Njáli, að við gætum rætt um þetta, þegar lengra væri komið, en annars geri ég ráð fyrir, að úr slíkum samningum hefði ekki orðið, m. a. af því að báturinn hafði þá ekki haffærisskírteini og var ekki í haffæru standi."

Það er fram komið í máli þessu, að uppi voru ráðagerðir um, að stefnandi yrði á handfæraveiðum, eins og haldið er fram, að hann hafi ætlað sér. Jafnframt er fram komið, að ráðagerðir þessar höfðu ekki leitt til þess, að bátur hefði verið fenginn, og ekki er fram komið, að neinar aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar í þessu sambandi. Verður því ekki talið, að stefnandi hafi, þegar hann varð fyrir slysinu, verið búinn að gera slíkar ráðstafanir, að hann hafi tryggt sér aðstöðu til handfæraveiðanna og hefði slíka hagsvon í því sambandi, að hún geti orðið sjálfstæður grundvöllur skaðabóta, eins og hér er krafizt. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda að þessu leyti.

Um bætur fyrir þann tíma, sem hér er um að ræða, verður

að öðru leyti fjallað í sambandi við næsta lið í kröfum stefnanda.

Um 2).

Þórarinn Sveinsson læknir hefur metið örorku stefnanda, og er áður rakin lýsing læknisins á áverka hans. Læknirinn komst að þeirri niðurstöðu, að örorka fyrstu þrjá mánuði eftir slysið hafi verið 75%, 30% næsta mánuð þar á eftir, en úr því 8% varanleg örorka.

K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknaði út tjón stefnanda vegna örorkunnar, og segir í álitsgerð hans:

„Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum Baldvins 1953—7 hafa vinnutekjur hans árin 1952—6 verið, svo sem sýnt er í töflu 2.

Tafla 2.

Ár	Vinnutekjur
1952	29.818 kr.
1953	45.600 —
1954	23.419 —
1955	57.523 —
1956	47.552 —

Eftir skattaframtölunum virðist mér vinnuteknanna hafa verið aflað að verulegu leyti á sjó (á mótorbátum), en þó einnig nokkurs við vinnu í landi. Því miður hef ég ekki neinar ábyggilegar upplýsingar um hlutfallið á milli vinnutekna bátasjómanna á liðnum árum og tekna þeirra nú. Í þessu tilfelli hugsa ég, að ekki fari fjarri lagi að áætla helming vinnuteknanna háðan vísitölu- og grunnkaupsbreytingum eins og hjá verkamönnum í landi, en hinn helminginn háðan aflabreytingum en ekki vísitölu. Út frá þeirri forsendu hef ég gert áætlun þá um vinnutekjur, sem sýnd er í töflu 3. Áætlað vinnutekjutap er fundið út frá áætluðum vinnutekjum með því að taka á hverjum tíma jafn marga hundraðshluta af þeim eins og örorkan er metin.

Rétt er að vekja athygli á því, að árin 1952 og 1954 hafa tekjur Baldvins verið miklu lægri en hin árin. Þér hafið gefið þá skýringu á þessu, að því er árið 1954 snertir, að hann hafi þá verið eitthvað veikur. Ekki er þess þó getið í skattskýrslunni og ekki liggja fyrir læknisvottorð um þau veikindi. Er því ekki um annað að ræða en taka vinnutekjurnar, eins og þær liggja fyrir, enda er það ekkert óeðlilegt, þótt einhver veikindaforföll séu á 5 ára tímabili.

Tafla 3.

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. ár eftir slysið	48.039 kr.	12.682 kr.
Síðan árlega	48.267 —	3.861 —

Verðmæti þessa áætlaða vinnutekjutaps reiknast mér, miðað við slysdag: *48.940 kr.*

Reiknað er með 6% vöxtum p.a., dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1941—50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur hefur verið gerður fyrir opinberum gjöldum."

Við munnlegan málflutning í dag lagði lögmaður stefnanda fram útreikning, gerðan af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Í skjali þessu segir m. a.:

„Þér hafið sent mér útreikning K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings, dags. 8. apríl 1958, vegna Baldvins G. Sigurbjörnssonar skipstjóra, Kirkjuvegi 20, Hafnarfirði, og óskað eftir endurskoðun með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kauplagi, síðan útreikningurinn átti sér stað."

Síðar segir Guðjón Hansen:

„Við endurskoðun mína hef ég engar breytingar gert á tekjuáætluninni fram til þess tíma, er útreikningurinn átti sér stað, en reiknað, hverjar breytingar síðan hafa orðið á árstekjum, sem í apríl 1958 námu kr. 48.267.00, ef gert er ráð fyrir, að þær hafi að hálfu leyti breytzt eftir kauptaxta verkamanna (Dagsbrúnar í Reykjavík), en að hálfu eftir aflaverði (skiptaverði) bátafisks. Reiknast mér árstekjur þá vera sem hér segir:

Í apríl—maí 1958	kr.	48.267.00
Í júní—des. 1958	—	51.218.00
Árið 1959	—	53.938.00
— 1960	—	53.587.00
— 1961	—	55.164.00

Tekið skal fram, að erfitt hefur reynzt að fá upplýst, hver breyting varð á kjörum bátasjómanna í byrjun yfirstandandi árs, en þó breyttust bæði hlutaskipti og skiptaverð. Hef ég spurzt fyrir um þetta hjá Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna o. fl. Augljóst mun þó vera, að um hækkun hefur verið að ræða, og af þeim upplýsingum, er ég hef fengið, virðist sennilegt, að hún sé nálægt 6%. Hef ég miðað útreikninginn við það. Ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum breytingum á taxta verkamanna frá því, er núverandi verkfall hófst.

Á framangreindum grundvelli reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Vegna tekjutaps fram til júníloka 1961	kr. 24.060.00
Vegna tekjutaps eftir júnílok 1961	— 29.735.00
Samtals	kr. 53.795.00

Vegna óvissu um kjör verkamanna í náinni framtíð hef ég sundurliðað verðmæti tapaðra vinnutekna á ofangreindan hátt. Ef breyting yrði á Dagsbrúnartaxta í yfirstandandi mánuði, mundi hluti verðmætisins (kr. 29.735.00) breytast að hálfu leyti í samræmi við hana.

Við samanburð á vinnutekjum togarasjómanna, sem að ýmsu leyti fást betri upplýsingar um en tekjur bátasjómanna, sést, að niðurstaða mundi verða nokkru hærri, ef *allar* tekjurnar væru umreiknaðar með tilliti til breytinga á kjörum togarasjómanna."

Eins og af þessu sést, hefur tryggingafræðingurinn K. G. Guðmundsson metið verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps kr. 48.940.00, en liður sá í kröfum í greinargerð lögmanns stefnanda, sem á þessu atriði er byggður og hér er til athugunar, er 9.000.00 kr. lægri, eða kr. 39.940.00. Er sú lækkun skýrð svo, að hér sé um að ræða það vinnutekjutap, sem tryggingarfræðingurinn áætli fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið, en bóta þessa tíma vegna sé krafizt í 1. lið. Í munnlegum málflutningi lögmanns stefnanda var þess krafizt í samræmi við áskilnað í greinargerð, að 2. liður yrði hækkaður um kr. 9.000.00, ef 1. liður yrði ekki tekinn til greina.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt lækkunar á þessum lið, sem fyrr greinir, og er sá rökstuðningur, sem hér skiptir máli, á því byggður, að ekki sé tekið tillit til þess, að skaðabætur sem þessar séu ekki skattlagðar. Í greinargerð lögmanns stefnda var áskilinn réttur til að gera sérstakar athugasemdir við vottorð G.K. Guðmundssonar tryggingafræðings á síðara stigi málsins, en ekki komu slíkar athugasemdir fram. Í munnlegum málflutningi var því mótmælt af lögmanninum, að unnt væri að hækka lið þann, sem hér er til umræðu, ef 1. liður yrði ekki tekinn til greina. Lögmaður stefnda mótmælti útreikningum Guðjóns Hansens sem þýðingarlausum.

Eins og rakið er í vottorði K. G. Guðmundssonar, eru forsendur útreikninga hans að nokkru byggðar á áætlunum, og hið sama er um útreikninga Guðjóns Hansens að segja. Þó þykir, eins og á stendur, verða að leggja niðurstöður tryggingafræðinganna

til grundvallar, en þó ber að hafa til hliðsjónar, að ekki er í þeim reiknað með skattkjörum af bótum sem þessum.

Mál þetta er höfðað til að fá endi bundinn á viðskipti aðilja út af atvikum þeim, sem urðu tilefni málssóknarinnar, og er ekki unnt að fallast á það með lögmanni stefnda, að sundurliðun lögmanns stefnanda á kröfum sé á þann hátt bindandi, að óheimilt sé að taka tillit til tjóns stefnanda fyrstu 3 mánuðina eftir slysið, ef fullnægjandi gögn liggja fyrir um það, þó að ekki sé unnt að dæma bætur fyrir þetta tjón á þeim grundvelli, sem lögmaður stefnanda krefst í 1. lið. Þykir því mega leggja til grundvallar dómi í málinu, að tjón stefnanda vegna örorku hans hafi allt orðið kr. 45.000.00. Samkvæmt því, sem áður greinir, ber stefnda að bæta stefnanda tjón þetta að hálfu, eða með kr. 22.500.00.

Um 3).

Af hálfu stefnda er krafizt lækkunar á þessum lið. Eftir atvikum þykir eiga að telja miskabæturnar hæfilega metnar, og verður stefnda því gert að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 5.000.00.

Um 4).

Upphæð þessa liðar er ekki sérstaklega mótmælt. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 400.00.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 27.900.00 með 6% vöxtum p.a. frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags, eins og krafizt er. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500.00.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Baldvini Sigurbjörnssyni, kr. 27.900.00 ásamt 6% vöxtum p.a. frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1962.

Nr. 149/1961. **Roger K. Bonnichsen f. h. dánarbús Bjargar Bonnichsens** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Brunabótafélagi Íslands
(Gísli Ísleifsson hrl.)
og
Jens Nikulássyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).
og
Jens Nikulásson
gegn
Roger L. Bonnichsen f. h. dánarbús Bjargar Bonnichsens.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um skiptingu brunabótafjár.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1961. Krefst hann þess, að stefnda og gagnáfrýjanda verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 27.927.90 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. ágúst 1956 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðdóms, að því er hann varðar, og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara* sýknu að svo stöddu. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kristín Guðmundsdóttir, móðir Bjargar heitinnar Bonnichsens, var eigandi meginhluta jarðarinnar Sviðna í Flateyrar-

hreppi í júnímánuði 1920, er Nikulás Jensson tók við jarðarafnotum. Liggur fyrir úttektargerð, dags. 24. júní 1920, þar sem m. a. er lýst húsum þeim, er þá voru á jörðinni. Með byggingarbréfi, dags. 3. desember 1924, veitti Kristín Nikulási og syni hans Jens, gagnáfrýjanda þessa máls, lífstíðarábúð á þeim hluta jarðarinnar, sem Kristín átti. Nikulás og síðar Jens eignuðust smátt og smátt aukinn hluta í jörðinni, og 1. nóvember 1948, er Kristín Guðmundsdóttir gaf dóttur sinni, Björgu, eignarhluta sinn í jörðinni, 6 hundruð að fornu mati, var gagnáfrýjandi orðinn eigandi 14 hundraða, en jörðin öll er 20 hundruð að fornu mati. Þessi eignarhlutföll hafa síðan haldizt óbreytt. Þrátt fyrir flutning gagnáfrýjanda af jörðinni, eins og síðar getur, hefur og ábúðarsamningnum frá 3. desember 1924 verið haldið uppi af aðiljum með lækkuðu eftirgjaldi, sem gagnáfrýjandi hefur staðið Björgu Bonnichsen og síðar syni hennar skil á, enda nytjar gagnáfrýjandi enn jörðina að nokkru. Ábúð þessi lýtur ákvæðum laga nr. 1/1884.

Þegar Nikulás Jensson hóf ábúð á jörðinni 1920, voru jarðarhús um 70 ára gömul, að því er talið er. Árið 1930 lét gagnáfrýjandi og faðir hans á eigin kostnað framkvæma talsverðar endurbætur á íbúðarhúsum og jafnvel endurbyggingu þeirra að hluta. Og um það bil 20 árum síðar framkvæmdi gagnáfrýjandi enn endurbætur með sama hætti. Húsin voru skyldutryggð gegn brunatjóni hjá Brunabótafélagi Íslands, stefnda í máli þessu, og mun gagnáfrýjandi hafa annazt greiðslu iðgjalda. Vátryggingarfjárhæðin nam rúmum 100 þús. krónum, er íbúðarhúsin brunnu hinn 27. ágúst 1956. Fluttist gagnáfrýjandi þá af jörðinni og hefur ekki búið þar síðan. Hinn 13. febrúar 1957 tók hann við brunabótum, að fjárhæð kr. 93.093.00, úr hendi stefnda, og voru það fullar bætur fyrir húsin, eftir að frá hafði verið dreginn heimill hundraðshluti vegna þess, að því var lýst, að ekki yrði aftur byggt á jörðinni, eins og raun hefur og á orðið.

Í máli þessu krefur aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda og stefnda um $\frac{9}{20}$ hluta framangreindrar vátryggingarfjárhæðar.

Þar sem því er lýst, að umrædd hús verði ekki reist aftur á jörðinni, er aðaláfrýjanda óskylt að bíða endanlegra slita á ábúðarsamningi aðilja til að fá greiddan hluta sinn af nefndri fjárhæð. Eins og áður greinir, átti aðaláfrýjandi 6 hundruð og gagnáfrýjandi 14 hundruð fasteignarinnar, þegar brunann bar að höndum. Ljóst er þó, þegar litið er til þeirra endurbóta á húsunum og endurbyggingar þeirra, sem gagnáfrýjandi hefur gert á eigin kostnað, svo og iðgjaldagreiðslna hans, að ekki verður miðað við þau hlutföll, er ákveða skal hluta aðaláfrýjanda af vátryggingarfénu. Þykir því, eins og sönnunarreglum er háttað, verða að áætla hæfilegan frádrátt af þessum sökum, og er þá við það miðað, að lög nr. 1/1884 taka til ábúðar gagnáfrýjanda á jarðarhluta aðaláfrýjanda. Nokkur lýsing á húsakosti jarðarinnar á ýmsum tímum felst í úttektargerð frá 1920, brunabótamatsgerðum frá 1934 og 1952 svo og fasteignamatsgerð frá 1940. Með hliðsjón af þessum og öðrum gögnum telst rétt, að gagnáfrýjandi endurgreiði aðaláfrýjanda kr. 12.000.00 af nefndu vátryggingarfé.

Því er lýst í héraðsdómi, hvaða skilríki voru lögð fyrir stefnda, áður en hann innti framangreinda greiðslu af hendi til gagnáfrýjanda. Gögn þessi veittu stefnda ekki réttmæta ástæðu til að telja, að gagnáfrýjandi einn ætti rétt til vátryggingarfjárins. Þessi greiðsla var því stefnda óheimil, og ber að dæma hann til að greiða aðaláfrýjanda in solidum með gagnáfrýjanda framangreinda fjárhæð, kr. 12.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 27. ágúst 1956 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma gagnáfrýjanda og stefnda til að greiða aðaláfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Jens Nikulásson, og stefndi, Brunabótafélag Íslands, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Roger K. Bonnichsen f. h. dánarbús Bjargar Bonnichsens, kr.

12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. ágúst 1956 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Gagnáfrýjandi og stefndi greiði og aðaláfrýjanda in solidum kr. 6.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 15. ágúst 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 15. ágúst klukkan 14, var í aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem haldið var á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði af hinum reglulega dómara, Ara Kristinssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1961: Björg Bonnichsen gegn Brunabótafélagi Íslands og Jens Nikulássyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta hefur frú Björg Bonnichsen, h.c. Örstedsvej 24, Kaupmannahöfn, upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. nóv. 1959, gegn herra Ásgeiri Ólafssyni forstjóra f. h. Brunabótafélags Íslands í Reykjavík og Jens bónda Nikulássyni í Svefneyjum í Flateyjarhreppi í Barðastrandarsýslu *in solidum* til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 27.927.90 með sex % ársvöxtum frá 27. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Málið var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 10. nóv. 1959 nr. 1522/1959. Í þinghaldi þar 12. jan. 1960 var sátt reynd árangurslaust og í sama þinghaldi ákveðinn munnlegur málflutningur. Í bæjarþingi Reykjavíkur 8. nóv. 1960 telja umboðsmenn aðilja gagnasöfnun lokið, en í bæjarþingi 16. des. 1960 verða þeir sammála um að flytja málið til aukadómþings Barðastrandarsýslu. Mál þetta var síðan tekið fyrir í þeim dómi 1. þ. m. Sátt þá reynd árangurslaust. Umboðsmenn aðilja lögðu þá fram nokkur dómsskjöl, og var málið síðan munnlega flutt og tekið til dóms og er nú dæmt í þeim dómi.

Við munnlegan málflutning málsins gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði *in solidum* dæmt að greiða stefnanda kr. 27.927.90 með 6% ársvöxtum frá 27. ágúst 1956 til 22. febr. 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960 og 8% árs-

vöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Í aukadómþingi 1. þ. m. upplýsir umboðsmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, að stefnandi hafi andazt, á meðan á rekstri málsins stóð, og dánarbú hennar tekið við málinu.

Stefndi Brunabótafélag Íslands krefst sýknu á öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi að mati dómarans.

Við munnlegan málflutning málsins breytti stefndi Jens Nikulásson þrautavarakröfu sinni, og eru dómkröfur hans þá þessar:

Aðallega, að hann verði sýknaður með öllu.

Til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, þar sem ábúð hans á 6. hundruðum í jörðinni Sviðnum sé enn ekki lokið og álag á jarðarhús, ef eitthvað yrði, þá ekki ákveðið, og loks til *þrautavara,* að hann verði dæmdur til að greiða einhverja miklu lægri fjárhæð en stefnukröfuna, er miðuð væri við raunverulega eign stefnanda í jarðarhúsum, ef einhver kynnu að vera eða hafa verið, þegar bæjarhúsin brunnu, en að frádregnu verðmæti þeirra endurbóta, sem hann (stefndi) hefur gert á jörðinni, allt samkvæmt mati úttektarmanna eða annarra hæfra og óvilhallra matsmanna, með öðrum orðum sagt, að kröfur hans á hendur stefnanda vegna umbóta stefnda á jörðinni og húsum á henni komi til skuldajafnaðar gegn kröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins í öllum tilfellum.

Málavextir eru þessir:

Jörðin Sviðnur í Flateyjarhreppi er að fornu mati 20 hundruð að dýrleika. Árið 1887 til 1919 búa þar óðalsbóndi Eyjólfur Ólafsson og kona hans, Kristín Guðmundsdóttir. Eyjólfur Ólafsson andaðist 19. des. 1918. Árin 1918 til 1920 mun Nikulás Jensson, faðir stefnda Jens, hafa haft nokkur afnot jarðarinnar samkvæmt sérstökum samningi, og 24. júní 1920 tekur Nikulás Jensson við jörðinni samkvæmt úttektargerð, sem lögð hefur verið fram í málinu sem afrit úr úttektarbók Flateyjarhrepps. Í úttektargerðinni stendur m. a.: „Fráfarandi er ekkjan Kristín Guðmundsdóttir, sem er eigandi jarðarinnar að mestu leyti. Viðtakandi er Nikulás Jensson bóndi."

Samkvæmt byggingarbréfi, dskj. nr. 5, dags. 3. des. 1924, byggir Kristín Guðmundsdóttir, þá í Flatey, þeim Nikulási Jenssyni og Jens syni hans, stefnda í máli þessu, jörðina Sviðnur í Flateyjarhreppi innan Barðastrandarsýslu, „sem er 15 hundruð að dýrleika eftir fornu mati, til ábúðar og löglegra leiguliðaafnota" ævi-

langt frá fardögum 1925. Eigi verður séð, að jörðin hafi verið tekin út í fardögum 1925. Nú er öll jörðin 20 hundruð að fornu mati, en þeim stefnda og föður hans eru byggð 15 hundruð. Verður því að álykta, að þeir feðgar hafi þá þegar, þ. e. 3. des. 1924, verið eigendur að 5 hundruðum úr jörðinni.

Stefndi Jens kveðst hafa búið í Sviðnum frá því árið 1920.

Við skipti á dánarbúi fær Kristín Guðmundsdóttir 12 hundruð úr jörðinni í sinn part og virðist eiga þau árið 1930, en þá hafði Nikulás Jensson eignazt hin 8 hundruðin. Það ár ráðast þeir félagar í að endurbyggja bæinn að sögn stefnda Jens, og tekur Kristín engan þátt í endurbyggingunni. Nikulás Jenson lézt 28. ágúst 1931. Tók þá stefndi Jens einn við öllu búinu og ábúð á jörðinni.

Kringum 1940 lækkaði landsskuld af Sviðnum úr 625 gr af dún fyrir hvert hundrað samkvæmt byggingarbréfinu í 500 gr, og árið 1948 var landsskuld enn lækkuð niður í 333 gr fyrir hvert hundrað, sem stefndi hafði þá á leigu. Hinn 1. nóv. 1948 gefur Kristín Guðmundsdóttir dóttur sinni, Björgu Eyjólfsdóttur Bonnichsen, stefnanda í máli þessu, „alla fasteign sína", sex hundruð að fornu mati í jörðinni Sviðnur í Flateyjarhreppi.

Telur stefnandi, að stefndi Jens hafi þá átt hin 14 hundr. á móti henni. Kringum árið 1950 kveðst stefndi Jens einn hafa framkvæmt gagngerðar endurbætur á bæjarhúsunum, sem kostuðu mikið fé, t. d. múrhúðað bæjarhúsin að utan, lagt í þau miðstöð, leitt um þau rafleiðslur til suðu og ljósa auk fjölmargra annarra breytinga á innréttingum o. fl. innanhúss. Hafi stefnandi ekkert lagt til þessara endurbóta.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð tveggja kvenna, þess efnis, að vottorðsgjafar hafi heyrt Kristínu Guðmundsdóttur tala um, að afgjaldslækkun sú, sem áður er getið, úr 625 gr í 500 gr pr. hundrað, hafi verið vegna viðhalds á bæjarhúsum í Sviðnum. Stefndi Jens mótmælir því algerlega sem röngu, að eftirgjald hafi nokkurn tíma verið lækkað af þessum sökum, þ. e. að lækkun eftirgjalds hafi átt að skoðast sem framlag til bygginga á jörðinni.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 26/1932 um Brunabótafélag Íslands var skylt frá 15. okt. 1934 að tryggja í félaginu öll íbúðarhús utan kaupstaðar og kauptúna, úr hverju því efni, sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst, þannig að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin.

Afrit af virðingargerð fyrir Sviðnur frá 11. sept. 1934 hefur verið lögð fram í málinu, dskj. nr. 14. Samkvæmt henni er íbúðarhúsið og sambyggð hlaða virt á kr. 4.300.00. Eigandi húsanna var þá talin vera Klásína Guðfinnsdóttir o. fl., en Klásína er móðir stefnda Jens. Veggir íbúðarhússins þá taldir vera úr timbri, járnklæddir, pappaklæddir, þak, gólf, loft og skilrúm úr timbri. Kol o. fl. er notað til upphitunar og steinolía til ljósa. Húsið ekki talið vera vátryggt áður. — Endurvirðing fer fram 28. febr. 1952, sbr. dskj. nr. 15. Eigandi var þá talinn vera stefndi Jens Nikulásson. Húsið þá talið vera úr timbri, járnklætt, múrhúðað. Þakið úr timbri, járnklætt. Upphitun talin vera kolamiðstöð. Til ljósa notað rafmagn frá benzínstöð. Húsið þá virt á kr. 87.000.00.

Hinn 27. ágúst 1956 brennur íbúðarhúsið á Sviðnum. Tilkynning um brunatjón, dskj. nr. 17, er undirrituð af stefnda Jens, sem telur þar hið brunna, þ. e. íbúðarhúsið, vera sína eign. Brunabótamat hússins er þá komið upp í kr. 100.100.00 (eða kr. 100.200.00).

Hinn 13. febr. 1957 fær stefndi Jens greiddar kr. 93.093.00 hjá meðstefnda Brunabótafélagi Íslands. Vegna þess að eigi skyldi byggja bæjarhúsin upp, fær stefndi Jens eigi greidda vátryggingarfjárhæð hússanna, kr. 100.100.00, að fullu. Áður en greiðsla fer fram, hefur stefndi Jens fengið veðbókarvottorð í símskeyti, dskj. nr. 20, um eign sína í jörðinni, og er það dagsett 22. jan. 1957. Veðbókarvottorðið getur aðeins um eign stefnda Jens í jörðinni Sviðnum, sem þar er talin 14 hundruð að fornu mati, en segir ekkert um, hver sé eigandi hinna 6 hundraðanna. Veðbókarvottorð tilgreinir, hvað hvílir á jarðarhluta stefnda Jens, en ekkert um eigendur húsa eða mannvirkja á jörðinni.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því, að hún sé eigandi 6 hundraða að fornu mati í jörðinni Sviðnur, þ. e. 6/20 hluta jarðarinnar ásamt með jarðarhúsum, og beri því að fá greidda 6/20 hluta þessa brunabótafjár, sem greitt var, eða kr. 27.927.90. Telur stefnandi, að stefndi Jens hafi ekki getað eignazt einhvern hluta jarðarhúsa fyrir endurbætur á þeim. Samkvæmt 6. gr. byggingarbréfsins hafi stefnda Jens borið að annast og kosta viðhald jarðarhúsa, sbr. 15. gr. ábúðarlaga nr. 1/1884, og véfengir stefnandi, að hann hafi meira gert, „enda geti eignarhlutföll jarðar og fylgifjár eigi raskazt við viðgerðir á húsum“. Stefnandi segir og, að skyldutrygging sé á íbúðarhúsum í sveit, sbr. 7. gr. laga nr. 9/1955, og lögveð fyrir iðgjöldum samkvæmt 18.

gr. Samkvæmt 3. gr. byggingarbréfsins hafi leiguliðum borið að greiða alla skatta og skyldur, sem á jörðinni hvíldu eftir þeim lögum, sem þá giltu eða síðar kynnu að verða sett í ábúðartíma leiguliða, og halda uppi öllum lögskilum á jörðinni án nokkurs styrks frá landsdrottni. Stefnda Jens hafi því samkvæmt framansögðu borið að greiða brunabótaiðgjöld íbúðarhúsanna. Stefnandi telur meðstefnda Brunabótafélag Íslands bera ábyrgð gagnvart sér á greiðslu brunabótafjárins, þar sem Brunabótafélag Íslands hafi borið að afla sér veðbókarvottorðs fyrir allri jörðinni og greiða síðan eigendum jarðarinnar brunabótafé út í eignarhlutföllum þeirra í jörðinni.

Meðstefndi Brunabótafélag Íslands byggir sýknukröfu sína á því, að meðstefndi Jens hafi komið fram sem eigandi bæjarhúsanna gagnvart sér og sér hafi verið ókunnugt um, að aðrir væru eigendur jarðarhúsanna, enda hafi hann átt skipti við meðstefnda Jens einan, sem greiddi iðgjöldin af höndum. Eftir að bæjarhúsin brunnu og verulegar athuganir höfðu átt sér stað, hafi hann þá gert tjónið að fullu upp við meðstefnda Jens og greitt honum kr. 93.093.00, en það hafi verið það fé, sem greiða bar með hliðsjón af því, að eigi skyldi byggja bæjarhúsin upp. Meðstefndi Brunabótafélag Íslands kveðst hafa gætt þess að fá veðbókarvottorð varðandi eignina. Honum hafi verið fullheimilt og enda skylt að greiða vátryggingartaka bótafé. Deilur stefnanda og meðstefnda Jens séu honum þá algerlega óviðkomandi. Engin lagaskylda sé að greiða eiganda og þá sé ekki óeðlilegt að greiða vátryggingartaka brunabótafé.

Þegar endurvirðing fer fram á íbúðarhúsinu í Sviðnum 28. febr. 1952, sbr. dskj. nr. 15, telur stefndi Jens sig einn eiganda þeirra og eins, þegar hann tilkynnir brunatjónið, dskj. nr. 17, og undirritar sjálfur bæði þessi skjöl. Hann greiðir einn brunabótaiðgjöld hússins og kemur því ávallt fram gagnvart meðstefnda Brunabótafélagi Íslands sem eigandi þeirra. Stefndi Jens er þinglesinn eigandi hluta jarðarinnar.

Eigandi jarðarhluta getur átt hús á jörð, án þess að meðeigendur hans í jörðinni eigi nokkuð í þeim, og eru mörg dæmi þessa.

Meðstefndi Brunabótafélag Íslands hafði ekki ástæðu til að ætla annað en stefndi Jens væri einn eigandi íbúðarhúss þess, sem brann, og er í góðri trú, þegar hann greiðir út brunabótafé. Að vísu má segja, að óvarlegt hafi verið að afla eigi veðbókarvottorðs fyrir allri jörðinni, en það breytir því ekki, að stefndi Jens gat vel verið einn eigandi íbúðarhússins.

Samkvæmt framansögðu verður að sýkna meðstefnda Brunabótafélag Íslands af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þá er að taka til athugunar kröfur stefnanda á hendur meðstefnda Jens.

Aðalkrafa stefnda Jens er sú, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og hún dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Jens byggir þessa sýknukröfu sína á því, að í gjafabréfi móður stefnanda, dskj. nr. 5, sé stefnanda gefin 6 hundruð að fornu mati í jörðinni Sviðnur. Fornt mat jarðar taki aðeins til lands, ekki húsa. Stefnandi hafi því aldrei átt neitt í húsum jarðarinnar.

Á þessa skoðun stefnda Jens getur dómarinn ekki fallizt. Í gjafabréfinu er sagt, að gefandi gefi stefnanda alla fasteign sína, 6 hundruð að fornu mati. Þegar úttekt jarðarinnar fer fram 20. júní 1920, dskj. 11, er gefandinn, ekkjan Kristín Guðmundsdóttir, eigandi jarðarinnar „að mestu leyti" og er þá einnig eigandi þeirra húsa, sem lýst er í úttektargjörðinni. Verður því að ályktа, að gefandi hafi gefið þau hús, sem þessum jarðarparti á að fylgja samkvæmt úttektargjörðinni, þótt húsanna sé ekki sérstaklega getið í gjafabréfinu. Verður því aðalkrafa stefnda Jens í máli þessu ekki tekin til greina.

Til vara krefst stefndi Jens þess, að hann verði sýknaður að svo stöddu, þar sem ábúð hans á 6 hundruðum í jörðinni sé enn ekki lokið og álag á jarðarhús, ef eitthvað yrði, þá ekki ákveðið. Í þessu falli krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu.

Þessa kröfu sína byggir stefndi Jens á því, að hann hafi enn ábúð á eignarhluta stefnanda í Sviðnum. Það sé því ótímabært að höfða mál þetta, þar sem honum sé óskylt samkvæmt 15. gr. laga nr. 1/1884 að svara álagi fyrr en ábúð lýkur, þótt stefnandi kynni að eiga eitthvað í jarðarhúsum, sem hann mótmælir.

Byggingarbréfið, sbr. 7. gr., og ábúðarlögin frá 1884, sbr. 10. gr., gera ráð fyrir því, að ábúandi geti átt hús á jörð þeirri, sem hann býr á, þótt hann eigi ekkert í jörðinni.

Leiguliði er skyldur samkvæmt 15. gr. ábúðarlaganna frá 1884 að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru á jörð, er hann kom til jarðar, og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrningu þeirra. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu eða deyr, og skal hann þá eða bú hans skila öllu, er jörð fylgir, fullgildu *eða með fullu álagi* eftir mati úttektarmanna, sbr. og 7. gr. byggingarbréfsins.

Eins og áður er sagt, fer síðasta úttekt jarðarinnar fram 20. júní 1920. Verður að álíta, að hús þau, sem í úttektargerð er lýst, séu sameign jarðeigenda og beri ábúanda að skila þeim lögum samkvæmt, þegar ábúð lýkur, fullgildum, eða með fullu álagi samkvæmt mati úttektarmanna.

Eigi verður fallizt á þá skoðun stefnanda, að eignarhlutföll hennar í húsum jarðarinnar þurfi að vera þau sömu og í jörðinni, þegar íbúðarhúsið brennur. Nú hefur stefndi Jens enn ábúð á jarðarparti stefnanda, þótt hann sitji jörðina ekki lengur. Úttekt hefur því enn ekki farið fram á jörðinni og því eigi enn séð né sannað, hver sé eign stefnanda í jarðarhúsunum.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna stefnda Jens að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af óvenju miklu annríki dómarans, sem sumpart er vegna sumarleyfa starfsfólks hans.

Dóm þennan kvað upp Ari Kristinsson sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi Brunabótafélag Íslands skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjargar Bonnichsens, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Stefnandi Jens Nikulásson skal vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda, Bjargar Bonnichsens, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 155/1961. **Jónatan Stefánsson og sveitarsjóður Njarðvíkurhrepps** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alden M. Wright og Thomas D. Bullerwell og gagnsök (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 26. október 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., og krafizt þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér samtals kr. 160.672.87 með 6% ársvöxtum frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, dagsettri 7. nóvember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á., og gert eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara,* að fjárhæðir þær, sem þeim verði gert að greiða, verði lækkaðar verulega.

Þá hafa þeir sérstaklega krafizt lækkunar á vaxtahæð.

Loks hafa þeir krafizt málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að gagnáfrýjendur greiði 7% ársvexti á tímabilinu frá 29. desember 1960 til greiðsludags í stað 8%.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjendum 7% ársvexti á tímabilinu frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Jónatan Stefánsson, Ytri Njarðvík, og sveitarstjórinn í Njarðvíkurhreppi f. h. sveitarsjóðs höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 29. apríl 1960, gegn Alden M. Wright og Thomas D. Bullerwell, báðum til heimilis á Keflavíkurflugvelli, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 160.672.87 með 6% ársvöxtum frá 18. desember 1957 til 21. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, þar eð síðargreind bifreið, J 02052, var vátryggð hjá því tryggingafélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Dómarinn hefur leitazt við að sætta aðilja, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Stefnandi Jónatan Stefánsson hefur skýrt svo frá atvikum málsins í sakadómi Keflavíkurflugvallar, að hinn 18. desember 1957, um kl. 19.20, hafi hann komið út úr húsinu Herðubreið við Reykjanesbraut í Ytri-Njarðvík ásamt þeim Skafta og Sverri Sigurðssonum. Hafi þeir ætlað að taka sér far með áætlunarbifreið til Keflavíkur, en biðsstöð þeirrar bifreiðar er þarna gegnt húsinu, hinum megin götunnar. Er hann hafi komið út úr húsinu, kveðst hann hafa séð, að vagninn var að koma. Var hann stöðvaður á vinstri vegarbrún beint á móti Herðubreið,

en þeir félagar voru þá á hægri vegarbrún, hvort tveggja miðað við aksturssstefnu til Keflavíkur. Er vagninn var að stöðva, ætlaði Jónatan, er kveðst hafa gengið fyrstur þeirra félaga, að ganga yfir götuna og ná í vagninn. Er hann var kominn út á götuna, kveðst hann fyrst hafa orðið var við bifreiðina J 02052, sem kom akandi frá Keflavík og var ekið á sínum vinstra vegarhelmingi. Kveður Jónatan bifreiðina hafa rétt verið komna að honum, er hann varð hennar var. Hafi hann nú ætlað að snúa við aftur, en það hafi verið orðið of seint, og hafi það engum togum skipt, að hann varð fyrir bifreiðinni og féll í götuna.

Jónatan kveður, að bjart hafi verið yfir, er slysið varð, og útsýnið hafi verið gott þarna á staðnum í umrætt sinn. Bifreiðinni kveður Jónatan hafa verið ekið með ljósum, þegar hann varð fyrir henni, en hann kveðst ekki hafa getað gert sér grein fyrir hraða hennar.

Vitnið Sverrir Sigurðsson hefur skýrt svo frá fyrir sama rétti, að það hafi komið út úr Herðubreið í umrætt sinn ásamt þeim Skafta Sigurðssyni og Jónatan Stefánssyni. Kveðst vitnið hafa gengið svo til samsíða Jónatan á undan Skafta. Er komið var að vegarbrúninni, staðnæmdist vitnið til að huga að umferðinni, en bílar voru að koma úr báðum áttum. Kveðst vitnið hafa talað til Jónatans og hafa sagt við hann eitthvað á þá leið, að bílar væru að koma, en í því hafi Jónatan hlaupið út á götuna og ætlað yfir hana, enda hafi ætlun þeirra félaganna verið að taka strætisvagn, er var á leið til Keflavíkur og var að koma að stöðlinum handan götunnar. Er Jónatan hafi verið kominn um það bil á miðjan veginn og þó ef til vill heldur lengra, hafi hann allt í einu stanzað og hlaupið langs eftir veginum í stefnu á Keflavík, en færzt þó nær þeirri vegarbrún, er hann kom frá. Í því er Jónatan var kominn nokkra metra, hafi lent á honum bifreið, er var að koma frá Keflavík. Vitnið heldur, að Jónatan hafi snúið við, vegna þess að hann hafi haft einhvern ótta af strætisvagninum, er var að koma innan frá og átti skammt eftir ófarið að stöðlinum, er var þarna nokkrum metrum nær Keflavík hinum megin við veginn, þar sem vitnið stóð í umrætt sinn. Aðspurt taldi vitnið, að bifreið sú, er Jónatan varð fyrir, hafi verið ekið með um 40 km hraða, miðað við klukkustund, á sínum vinstra kanti og með ljósum. Bjart hafi verið yfir, er slysið varð, og enginn éljagangur þá stundina. Vitnið segir veginn hafa verið hálan. Aðspurt segir vitnið, að sér hafi ekkert athugavert fundizt við akstur umræddrar bifreiðar, fyrr

en hún rakst á Jónatan, en hann hafi lent hægra megin á höggh-líf bifreiðarinnar, er slysið varð.

Vitnið Agnes Jóhannsdóttir hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum rétti, að um kl. 19.20, kvöldið, sem slysið varð, hafi það verið að koma út úr húsinu Herðubreið. Í því er vitnið kemur út, sér það, hvar fólksbíll kemur frá Keflavík og, að því er virtist, á hægri ferð. Um leið og bíllinn ætlar fram hjá húsinu, sér vitnið, hvar maður hleypur út á götuna og verður fyrir bílnum. Vitnið kveður, að er slysið varð, hafi verið bjart yfir og því sézt vel til.

Vitnið Ari Arnljóts Sigurðsson hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum rétti, að það hafi ekið strætisvagninum VL 873 á vegum Íslenzkra Aðalverktaka s/f og verið á leið til Keflavíkur hið umrædda kvöld, er slysið varð. Um kl. 19.20 kom vitnið að Herðubreið í Ytri Njarðvík. Þar kveðst það hafa þurft að stöðva vegna annars strætisvagns, eign Kjartans og Ingimars, er var á sömu leið og var að hleypa út farþegum. Voru báðir vagnarnir yzt á vinstra kanti. Er vitnið hafði alveg stöðvað vagninn og leit til hægri, sá það fólksbíl standa við hlið vagnsins og snúa í gagnstæða átt við hann. Lá maður í götunni fyrir framan fólksbílinn. Vitnið fór út úr vagninum og hlúði að hinum slasaða, þar sem hann lá á götunni, og hringdi til lögreglunnar í Keflavík og tilkynnti henni slysið. Vitnið kveður yfirborð vegarins þarna malborið, fast, en lítið eitt holótt. Nokkuð var af fastþjöppuðum snjó á veginum, og var hann því mjög háll. Vitnið kveður hafa verið bjart yfir, er það kom á vettvang.

Vitnið Páll Ingimarsson hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum dómi, að það hafi ekið strætisvagninum R 5356 á leið til Keflavíkur um kvöldið, er slysið varð. Um kl. 19.20 var vitnið að koma að Herðubreið og ætlaði að stöðva vagninn þar. Er það átti eftir um það bil 20 m að stöðlinum við Herðubreið, sér það, hvar maður hleypur út á götuna frá hægri og ætlaði augsýnilega að ná strætisvagninum, er vitnið ók. Í því er maðurinn hljóp út á götuna, sá vitnið fólksbifreið koma frá Keflavík, og var hún komin mjög nærri manninum. Kveður vitnið manninn þá allt í einu hafa stanzað á miðri götunni og snúið sér að bílnum, en féll í götuna, í því er bifreiðin stöðvaðist. Telur vitnið, að ökumaður bifreiðar þessarar hafi flautað, er maðurinn sneri sér að henni. Vitnið, sem er atvinnubifreiðarstjóri, telur, að bif-

reiðinni hafi verið ekið á hægri ferð og með lágum ljósum. Vitnið kveður veginn hafa verið nokkuð hálan. Bjart var yfir, er slysið varð, en nokkuð tekið að dimma, svo að aka varð með ljósum.

Stefndi, Thomas D. Bullerwell, hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni J 02052 í umrætt sinn og verið á leið frá Keflavík upp á Keflavíkurflugvöll. Er hann var kominn á móts við Herðubreið í Ytri-Njarðvík, hljóp maður allt í einu fyrir bílinn. Stefndi kveðst hafa ekið á um það bil 18—20 mílna hraða, miðað við klukkustund, og hafi hann hemlað strax og hann sá manninn hlaupa út á götuna, en ekki getað stöðvað bifreiðina nógu fljótt, þar sem atvik þetta hafi borið að með svo snöggum hætti. Hafi maðurinn orðið fyrir bílnum og kastazt á götuna. Stefndi segir, að bjart hafi verið yfir, er slysið varð, en vegurinn sleipur og því hafi hann ekið mjög hægt, eða með um það bil 18—20 mílna hraða, miðað við klukkustund, sem fyrr segir.

Vitnið Dora Jean Bullerwell, eiginkona stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir oftnefndum dómi, að hún hafi setið í framsæti bifreiðarinnar J 02052, er slysið varð. Segir vitnið, að eiginmaður þess hafi ekið mjög hægt, þar eð vegurinn hafi verið nokkuð háll. Er komið var á móts við Herðubreið í Ytri-Njarðvík, kveðst vitnið hafa séð nokkra menn standa við vinstra vegkantinn, og er bifreiðin hafi næstum verið komin að þeim, hafi einn þeirra hlaupið í veg fyrir hana. Þar eð ekki hafi tekizt að stöðva bifreiðina nægilega snemma, hafi maðurinn orðið fyrir henni og fallið í götuna. Vitnið kvað bifreiðina hafa verið vel á vinstra vegarhelmingi, er slysið vildi til.

Vitnið John Sirrano hefur skýrt svo frá fyrir áðurnefndum rétti, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni J 02052 í umrætt sinn. Hafi henni verið ekið með um það bil 20 mílna hraða, miðað við klukkustund, á vinstra vegkanti. Er komið var á móts við Herðubreið, hafi maður allt í einu hlaupið út á götuna í veg fyrir bifreiðina, og hafi það engum togum skipt, að bifreiðin hafi lent á manninum. Vitnið kveður bjart hafa verið yfir umrætt sinn og útsýni því gott.

Vitnið Rósa Sirrano hefur skýrt svo frá fyrir margnefndum rétti, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni J 02052 í umrætt sinn og setið í aftursæti hennar. Hafi bifreiðinni verið ekið á hægri ferð á vinstra vegkanti. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið

var við neitt óvenjulegt, fyrr en bifreiðin hafi allt í einu verið stöðvuð. Rétt áður segist vitnið hafa séð mann hlaupa út á götuna frá vinstri.

Skömmu eftir slysið kom löggæzlumaður á vettvang og gerði uppdrátt að slysstaðnum. Inn á afstöðumynd þessa eru mörkuð hemlaför bifreiðarinnar J 02052, sem eru um 16—18 m löng. Við hemlun hefur framendi bílsins runnið um hálfa bílbreidd til vinstri á veginum. Samkvæmt uppdrættinum mun vegurinn hafa verið um 8 m breiður á þessum stað. Á uppdrættinum er sýnt, hvar hinn slasaði lá í götunni fyrir framan hægra framaurbretti bifreiðarinnar J 02052, í um það bil eins metra fjarlægð frá vinstra vegjaðri, miðað við stefnu framangreindrar bifreiðar. Lögreglumaður sá, er afstöðuteikninguna gerði, getur þess í skýrslu sinni til lögreglustjóra, að bifreiðin hafi verið með snjókeðjum á afturhjólum.

Lögregla Keflavíkurflugvallar tók bifreiðina í sínar vörzlur strax eftir slysið, og daginn eftir var hún skoðuð af starfsmönnum bifreiðaeftirlits ríkisins, þeim Sverri Samúelssyni og Júlíusi Bernburg. Í vottorði þeirra, dags. 19. desember 1957 og staðfestu sama dag í sakadómi Keflavíkurflugvallar, segir svo: „Við skoðuðum bifreiðina og reyndum í akstri, og kom eftirfarandi í ljós: Fóthemlar í lagi og rúðuþurrka. Bifreið þessi var skoðuð 14/11 1957 og reyndist þá í ólagi. Það, sem þá var að: Stýrisendi hægra megin, lagfæra handhemil, ljósastillingu og endurnýja númerspjöld. Bifreið þessi átti að mæta til endurskoðunar ekki seinna en 20/11 1957, og eru sömu aðfinnslur að enn. Að öðru leyti virtist bifreiðin vera í lagi."

Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað opinbert mál gegn stefnda, Thomas D. Bullerwell, vegna umræddS slyss, þar eð hann var talinn hafa gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr., 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Með dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar, uppkveðnum 13. febrúar 1958, var hann sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í refsimálinu.

Samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1958, sbr. dskj. nr. 25, mun þeim dómi eigi verða áfrýjað til Hæstaréttar.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur á Sjúkrahús Keflavíkur, þar sem gert var að meiðslum hans af Bjarna Sigurðssyni sjúkrahúslækni. Í vottorði nefnds læknis, dags. 20/3 1958, segir svo að loknum inngangsorðum:

„Meiðsli hans voru: Húðafrifur, mar og bólga á barnslófastóru svæði á enni hægra megin. Utanvert við hægri augnkrók var ca 3 cm langur skurður. Hægri handleggur var mikið bólginn og aumur.

Vinstri fótleggur var brotinn í miðju, og hékk fóturinn máttlaus og sveigður út á við og til hliðar. Eymsli og bólga voru mikil á öllum leggnum, en mest um miðju.

Röntgenmynd: Bæði beinin mölbrotin, brotið stórt stykki úr öðru beininu. Brotið var sett saman og sjúklingurinn settur í gipsumbúðir. Líðan sjúklingsins var frekar slæm fyrstu þrjár vikurnar, en fór síðan batnandi. Fyrir hálfum mánuði var sjúklingurinn settur í göngugips og fór að hafa fótavist og gengur með hækju og staf.

Röntgenmynd sýndi, að brotið var ekki orðið fast. Sennilega þarf sjúklingurinn að vera rúman mánuð enn í gipsumbúðum. Ekki er hægt að segja nú, hvenær sjúklingurinn verður vinnufær."

Jónatan lá síðan á sjúkrahúsi Keflavíkur þar til 5/7 '58, en þar sem brotið greri ekki, var hann fluttur á Landakotsspítalann í Reykjavík til frekari læknisaðgerðar. Í vottorði dr. med. Bjarna Jónssonar, dags. 10. ágúst 1959, segir m. a. á þessa leið:

„Þann 5/7 1958 var hann lagður í Landakotsspítala, og var gert að brotinu með skurðaðgerð þann 17. júlí. Hann fór úr spítalanum þann 21. október og var þá í göngugipsi.

Ég sá sjúklinginn síðast 13/7 1959. Hann gekk þá óhaltur, hafði tekið til við vinnu í maíbyrjun. Hann sagðist þreytast fyrr í vinstra fæti við gang og sigi bjúgur á legg og ökla, en renni að mestu af yfir nótt. Það, sem hann bagaði helzt, var stirðleiki í vinstri ökla.

Fætur sjúklingsins voru jafnlangir, kálfar jafngildir, dálítill bjúgur á vinstri mjóalegg, vinstra læri nokkru rýrara en það hægra.

	H.	V.
Ummál: 10 cm ofan hnéskeljar	48 cm	44½ cm
kálfi	36½ cm	36½ —

Hreyfingar í mjöðmum og hnjám eðlilegar.

	H.	V.
Hjarahreyfing í öklum	65°/120°	80°/110°

Hverfihreyfing á vinstra fæti ⅓ á móti því, sem er í þeim hægri. 29 cm langt, striklaga ör, vel gróið yfir miðfleti vinstri sköflungs.

Röntgenskoðun í Landakotsspítala þann 11/7 '59:

„Svæði: V. tibia.

Tibia sin, hefur verið brotin um miðja diafysuna og síðan spengd með beinspöng, sem tekin hefur verið úr efri hluta tibiae, og sjást þar ennþá smá-defectar. Beinspöngin hefur verið fest með málmskrúfum, og fara þær vel, en beinspöngin er mikið til horfin. Brotið er vel gróið, en dálítil sclerosis á brotstaðnum, mergholið er ennþá mikið til oblithererað (en þó opið). Öxulstefna virðist vera góð, bæði í a.p. proj. og á hliðarmynd, enda þótt örlítil dislokatio hafi orðið um brotstaðinn. Fibula sin. hefur einnig brotnað í sömu hæð og tibia og er fibula einnig vel gróin. Töluverð úrkölkun er í vinstri öklalið og sennilega vottar þar fyrir örlítilli varusstöðu.

R.diag.: Seq. fract. cruris sin.
Status post osteosynthesem tibiae sin.

Ól. Jóh. (sign.)"

Hér er um að ræða 58 ára gamlan mann, sem fótbrotnaði um miðjan desember 1957. Brotið greri ekki, og myndaðist falskur liður (pseudarthrosis) á sköflung. Um miðjan júlí 1958 var gert að brotinu með skurðaðgerð, og greri það þá í góðri stillingu. Vinstri ökli er enn dálítið stirðari en sá hægri. Hann kann að liðkast nokkuð frá því sem nú er, en búast má við, að hann nái ekki fullri hreyfingu, og er það ekki óalgengt eftir slys af þessu tagi. Vonir standa til, að fóturinn verði að öðru leyti albata."

Eftir að stefnandi fór af Landakotsspítalanum, lagðist hann aftur inn á sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hann lá til 19. febrúar 1959 einnig vegna afleiðinga brotsins.

Hinn 15. september 1959 skoðaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnanda og mat örorku hans vegna slyssins. Í örorkumati læknisins, dags. 18. september s. á., segir m. a. á þessa leið:

„.... Hann hóf fyrst vinnu 15. apríl 1959 og fékk að vinna við léttari störf og var hlíft. Segist hann finna stöðuga framför, en finnur þó óeðlilega fljótt til þreytu í fætinum við meiri háttar áreynslu.

Skoðun: Maður í góðum holdum, kemur eðlilega fyrir. Skýrir frá gangi mála með eðlilegum hætti. — Við höfuð og háls var ekkert athugavert. Blóðþrýstingurinn mældist 170/100. Hjartahljóð voru hrein og regluleg.

Vinstri ganglimur: Engin rýrnun mælanleg á ganglimnum nú. Engin stytting, enda gengur slasaði óhaltur. Framan á endilöngum fótleggnum er 28 cm langt ör, sem mjög lítið ber á, svo vel

er það gróið. Slasaði sagði, að lengi vel hefði bjúgur sótt á fótinn og upp á fótlegginn við stöður og setur. Við prófanir á hreyfanleika í liðamótum finnst, að eðlileg hreyfing er í mjaðmarlið og hnélið. Hjarahreyfing er því nær eðlileg í öklaliðnum, en hins vegar er hverfihreyfing verulega hindruð, eða ca að hálfu, borið saman við hægri ganglim.

Við þuklun á brotstað finnst smá slöður þar framan í leggnum, en önnur missmíði finnast ekki. Húð er hreyfanleg yfir brotsvæðinu. Við athugun á röntgenmyndum sést, að sköflungurinn er spengdur saman, og sitja stálskrúfur, 2 ofan og 2 neðan við brotstaðinn. Beinmyndun er mikil á brotstaðnum, og má gera ráð fyrir, að vöðvar framan á fótleggnum séu nokkuð hindraðir í eðlilegu starfi sínu vegna þess, en með tímanum getur slíkt lagazt. Má gera ráð fyrir, að þreyta sú, er slasaði kvartar um í fætinum, stafi aðallega af þessu. — Blóðrás er að sjá eðlileg í fætinum. Reflexar eru eðlilegir.

Ályktun: Um er að ræða fótbrot, er hlauzt í bílslysi. Báðar pípur þverbrotnuðu. Beinin greru ekki saman, og mynduðust svikaliðamót. Gera varð skurðaðgerð til að festa brotið, og hefur beinsamvöxtur síðan orðið með eðlilegum hætti og bati farið eðlilega að stöfnum.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	14	mán.	fyrst	eftir	slysið	.... 100%	örorka
—	1	—	þar á	eftir		..... 75%	—
—	1	—	—	-	—	..... 35%	—
—	1	—	—	-	—	..... 20%	—
—	1	—	—	-	—	..... 15%	—

Úr því má ætla, að 10% örorka í 6 mánuði og 5% örorka um 1 árs bil sé hæfilegt framhaldsmat. Úr því ætti ekki að verða um örorku að ræða frá fótbrotinu. Þó verður að taka fram, að hugsanlegt er, að skrúfur í beininu losni, og verður þá slasaði að fá bætur fyrir þann tíma, er slík aðgerð við að nema skrúfurnar burt tæki."

Stefnendur byggja stefnukröfu sína á því, að ökumaður J 02052 eigi alla sök á slysinu með óhæfilega hröðum og gáleysislegum akstri. Hafa verði það í huga, þegar ekið sé um eins fjölfarinn veg og hér um ræðir, að ekki megi aka hraðar en svo, að bifreiðin verði stöðvuð þegar í stað. Af hinum löngu hemlaförum megi sjá, að ökumaðurinn hafi ekki gætt þessarar varúðar. Auk þess beri á það að líta, að hann virðist hafa haft nægilegt

vegrými til þess að sveigja til hægri fram hjá stefnanda Jónatan, ef hann hefði gætt þess. Þá benda stefnendur á það, að nokkur ástæða sé til að ætla, að bifreiðinni hafi verið ekið með lágum ljósum, og þar sem þarna hafi verið myrkur og slæm lýsing, hafi ökumaðurinn ekki átt þess kost að sjá Jónatan fyrr en um seinan. Í þessu sambandi geta stefnendur þess, að bifreiðin J 02052 hafi verið í megnu ólagi, þar eð stýrisendar hægra megin voru bilaðir, handhemill ónýtur og ljósastilling óvirk, og ástæða sé til að ætla, að þessi atriði hafi haft það í för með sér, að bifreiðin hafi ekki látið eins vel að stjórn og nauðsynlegt hefði verið. Þegar á allt þetta sé litið, telja stefnendur, að ekki komi annað til álita en að ökumaður bifreiðarinnar J 02052 verði talinn eiga alla sök á framangreindu slysi.

Með vísan til þessa svo og 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 um fébótaábyrgð á bifreiðaslysum og ákvæða 1. og 3. mgr. 35. gr. sömu laga telja stefnendur, að stefndu beri in solidum að bæta þeim allt það tjón, er af slysinu hefur hlotizt.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að stefnandinn Jónatan eigi alla sök á slysinu með því stórkostlega gáleysi sínu að hlaupa út á götuna án þess að gá að umferð úr áttinni frá Keflavík, enda þótt hún sé geysilega mikil á þessum vegi, ekki hvað sízt á þessum tíma dags. Háttsemi Jónatans kveða stefndu enn gálauslegri, þegar þess sé gætt, að Sverrir Sigurðsson hafi áður kallað til hans aðvörunarorð á þá lund, að bílar væru að koma. Þá kveða stefndu það ljóst, að Jónatan hafi verið kominn a.m.k. út á miðjan veginn, er hann hafi snúið við og nálgazt aftur vegbrúnina, sem hann kom frá, enda hafði hann að öðrum kosti ekki getað orðið fyrir bifreiðinni. Ökumaður bifreiðarinnar hafi að sjálfsögðu haft fulla ástæðu til þess að ætla, að Jónatan nygðist halda áfram yfir götuna, og hafi þess því verið með engu móti að vænta, að hann reyndi að komast fram hjá honum hægra megin. Hafi þessi viðbrögð Jónatans því verið mjög villandi fyrir ökumann bifreiðarinnar J 02052 og sízt til þess fallin að bæta úr því hættuástandi, er stefnandinn Jónatan hafði skapað með gáleysi sínu. Hvað ökuhraðann snertir, kveða stefndu hann hafa verið óaðfinnanlegan, miðað við aðstæður. Bifreiðinni hafi verið ekið með snjókeðjum á afturhjólum, alveg á vinstri vegbrún og með lágum ljósum logandi, svo sem eðlilegt hafi verið, þar eð bifreiðar hafi komið á móti. Þá taka stefndu fram, að ökumaður bifreiðarinnar hafi þegar hemlað, er hann varð Jónatans var, og síðan gefið hljóðmerki, er Jónatan sneri við á veginum.

Óhugsandi sé með öllu, að gallar þeir á margnefndri bifreið, er lýst hefur verið hér að framan, hafi átt nokkurn þátt í því, hvernig fór, þar eð fóthemlar og horn bifreiðarinnar hafi verið í fullkomnu lagi og ljósmagnið frá henni eðlilegt, enda þótt ljósastillingunni hafi verið áfátt að einhverju leyti. Að lokum benda stefndu á það, að ökumaður bifreiðarinnar J 02052 hafi algerlega verið sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í refsimáli því, er höfðað var gegn honum, og þó að sú staðreynd ein út af fyrir sig girði ekki fyrir hina objektivu bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, þá sé allt að einu ljóst, að þá ábyrgð beri að fella algerlega niður samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, þar sem stefnandinn Jónatan hafi einn valdið slysinu með hinu stórfellda gáleysi sínu.

Þegar athuguð eru hin löngu hemlaför bifreiðarinnar J 02052, verður að telja, að henni hafi verið ekið of hratt, miðað við aðstæður, þar eð vegurinn var mjög háll á þessum stað og viðkomustaður strætisvagna rétt fram undan. Bar ökumanni bifreiðarinnar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum og draga verulega úr ferðinni, er hann nálgaðist áðurgreindan strætisvagnastöðul. Þar eð hann gætti eigi þessarar varúðar og ekki er heldur í ljós leitt, að slysinu hefði ekki verið forðað, þótt ökumaður hefði sýnt af sér fulla aðgæzlu í akstri sínum, verður að telja, að ökumaðurinn hafi að nokkru leyti orðið valdur að umræddu slysi með ökulagi sínu. Hins vegar verður ekki séð, að gallar þeir, er voru á bifreiðinni J 02052, hafi átt þátt í slysinu, og koma þeir því ekki til álita, þá sakarskipting verður metin.

Á hinn bóginn er ljóst, að stefnandinn Jónatan á meginsök á nefndu slysi með því gálauslega atferli sínu að hlaupa út á götuna, án þess að gæta að umferð sunnan hennar, og hlaupa síðan aftur í veg fyrir bifreiðina, er hann varð hennar var.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið um atvik að slysinu, þykir ökumaður eiga sök á því að $\frac{2}{5}$ hlutum. Samkvæmt því ber honum og meðstefnda Alden M. Wright sem eiganda bifreiðarinnar J 02052 að bæta stefnendum in solidum tjón það, er af hefur hlotizt, að $\frac{2}{5}$ hlutum, sbr. 1. mgr. 34. gr. og 1. og 3. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941, en stefnendur verða sjálfir að bera $\frac{3}{5}$ hluta tjónsins, sbr. 3. mgr. 34. gr. nefndra laga.

Verður fyrst vikið að kröfum stefnandans Jónatans Stefánssonar. Kröfu sína hefur hann sundurliðað þannig:

1. Atvinnutjónsbætur ..... kr. 91.093.87

2. Þjáningabætur og bætur fyrir lýti .. kr. 30.000.00
3. Hluti af sjúkrahúskostnaði ..... — 10.000.00
4. Læknisvottorð, röntgenmyndir o. fl. .. — 3.644.00

Kr. 134.737.87

Frá þessari upphæð dregur stefnandinn Jónatan kr. 12.000.00, er réttargæzlustefndi hefur þegar greitt honum án viðurkenningar á bótaskyldu. Eftir standa þá kr. 122.737.87, er Jónatan krefst að sér verði tildæmdar í máli þessu. Hinir einstöku kröfuliðir verða nú teknir til athugunar.

Um 1. lið:

Á grundvelli örorkumats Þórarins Sveinssonar læknis hefur lögmaður stefnenda, Benedikt Sigurjónsson hrl., reiknað út atvinnutjón Jónatans vegna hinnar tímabundnu örorku hans. Lögmaðurinn hefur reiknað með kr. 20.67 pr. klukkustund í dagvinnu, sem er í samræmi við kaup verkamanna eftir dagsbrúnartaxta, eins og hann var oftast á þessum tíma.

Þá hefur lögmaðurinn talið hverja vinnuviku 48 stundir og 48 vinnuvikur á ári. Reiknað er með 9 stunda eftirvinnu á viku hverri og 6% orlofsfé. Lögmaðurinn lætur þess getið í útreikningi sínum, að verulegan hluta þess tímabils, er Jónatan var haldinn hinni tímabundnu örorku, hafi tímakaup verkamanna verið hærra en það, er hann hefur miðað við.

Samkvæmt þessu telst lögmanninum atvinnutjón Jónatans af völdum slyssins nema kr. 91.093.87.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og telja lögmanninn hafa áætlað Jónatan of háar tekjur í útreikningi sínum. Þá benda þeir á, að taka beri tillit til þess, að Jónatan hafi sparazt veruleg útgjöld til framfærslu sinnar vegna hinnar löngu sjúkrahúsvistar. Að lokum telja stefndu, að lækka beri bæturnar með tilliti til skattfrelsis þeirra.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Jónatans hafa framtaldar tekjur hans numið sem hér segir:

Árið 1955 ..... kr. 58.946.86
— 1956 ..... — 34.967.00

Jónatan taldi ekki fram tekjur sínar fyrir árið 1954, og voru honum því áætlaðar kr. 21.000.00 í tekjur fyrir það ár.

Þegar litið er til þessara skattframtala, verður að telja kröfulið þennan of hátt áætlaðan. Með tilliti til þessa svo og þeirra röksemda, sem stefndu hafa fært fram til lækkunar þessum kröfulið, og annarra þeirra atriða, er hér skipta máli, þykja

bætur til Jónatans fyrir atvinnutjón hans hæfilega ákveðnar kr. 70.000.00.

Um 2. lið.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hér að framan hefur áverkum Jónatans verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar er rakið, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00

Um 3. og 4. lið.

Kröfuliðum þessum hefur ei verið andmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Úrslit þessa þáttar málsins verða því þau, að stefndu verða dæmdir in solidum til að greiða stefnandanum Jónatan Stefánssyni kr. 29.457.60, þ. e. ⅔ (70.000.00 + 20.000.00 + 10.000.00 +3.644.00 + 12.000.00) auk 6% ársvaxta frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 9% til 29. desember s. á., og frá þeim degi 8% til greiðsludags, enda hafa stefndu mótmælt því, að reiknað verði með 9% vöxtum lengur en til 29. desember 1960.

Verður nú vikið að kröfu sveitarsjóðs Njarðvíkurhrepps. Þar eð stefnandinn Jónatan Stefánsson naut ekki réttinda í sjúkrasamlagi, er slysið vildi til, og var maður örsnauður, varð sveitarsjóður Njarðvíkurhrepps að standa straum af sjúkrakostnaði hans að mestu leyti.

Sjúkrakostnaðurinn sundurliðast þannig:

Sjúkrahúsið í Keflavík, 18/12 1957 til 5/7 1958 og frá 21/10 1958 til 19/2 1959	kr.	35.115.00
Sjúkrahúsið að Landakoti frá 5/7 1958 til 20/10 '58	—	12.535.00
Sjúkraflutningur	—	285.00
	Kr.	47.935.00

Jónatan Stefánsson hefur greitt kr. 10.000.00 upp í þennan kostnað, þannig að krafa þessa stefnanda verður kr. 37.935.00.

Þar sem hér er um endurkræfan sveitarstyrk að ræða og krafa þessi er einn þáttur þessa tjóns, er stefnandinn Jónatan Stefánsson varð fyrir vegna slyssins, ber að taka kröfu þessa stefnanda til greina að fullu, enda hefur hún ei sætt tölulegum andmælum. Verða stefndu því dæmdir in solidum til að greiða sveitarsjóði Njarðvíkurhrepps kr. 15.174.00 (þ. e. ⅔ af kr. 37.935.00) auk 6% ársvaxta frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, en frá

þeim degi 9% til 29. desember s. á., og 8% frá þeim degi til greiðsludags, enda hafa stefndu mótmælt því, að reiknað verði með 9% vöxtum lengur en til 29. desember 1960.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnendum málskostnað, sbr. 4. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.700.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Alden M. Wright og Thomas D. Bullerwell, greiði in solidum stefnandanum Jónatan Stefánssyni kr. 29.457.60 og stefnandanum sveitarstjóra Njarðvíkurhrepps f. h. sveitarsjóðs kr. 15.174.00 auk 6% ársvaxta af báðum fjárhæðunum frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, en 9% frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber stefndu að greiða stefnendunum kr. 5.700.00 í málskostnað, einnig in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 12/1962. **Hans Kragh, Elfer Berg, Hans Jensen o. fl.**
gegn
Guðjóni Bernharðssyni f. h. Plútó h.f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Hans Kragh, Elfer Berg, Hans Jensen o. fl., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 152/1961. **Guðjón Magnússon**
gegn
Ágústi Fjeldsted f. h. Daníels Thomsens.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Magnússon, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ágústi Fjeldsted f. h. Daniels Thomsens, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 1200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 190/1961. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Vatni og Hita h.f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 5/1962. **Davíð Sigurðsson**
gegn
Guðna Jónssyni f. h. Einars Guðnasonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Davíð Sigurðsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. marz 1962.

Nr. 220/1960. **Óli Anton Þórarinsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Gylfa h/f (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýjað málinu með stefnu 20. desember 1960. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 208.279.66 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. desember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. október 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Óli Anton Þórarinsson sjómaður, Hverfisgötu 92 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 28. nóvember 1959, gegn Gylfa h/f, Patreksfirði, Barðastrandarsýslu, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 223130.70 auk 6% ársvaxta frá 14. desember 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. marz 1959, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Þorvaldur Lúðvíksson héraðsdómslögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa. Jafnframt krafðist stefnandi þess, að viðurkenndur yrði sjóveðréttur hans í b/v Ólafi Jóhannessyni, BA 77, til tryggingar dómkröfunum.

Þá hefur stefnandi stefnt vátryggjanda nefnds skips, Vátryggingarfélaginu h/f, hér í bænum til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur heldur ekki gert neinar kröfur gegn stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 7498.40, eða niður í kr. 215632.30, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi, Gylfi h/f, hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu. Til *vara* krefst hann þess, að krafa stefnanda verði lækkuð til verulegra muna, og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi verið háseti á b/v Ólafi Jóhannessyni um haustið og framan af vetri 1957. Hinn 14. desember hafi skipið verið á veiðum í svonefndum Djúpál um 17 sjómílur undan Rit. Um kl. 13.50 hafi hann verið á þilfari og unnið að því að binda bakborðsvörpuna. Þegar því

hafi verið lokið, hafi hann séð sjóhnút rísa rétt við bakborðshlið skipsins og stefna á það. Hann hafi þá gripið til þess ráðs að hlaupa upp í stigann, sem liggur upp á vélarreisnina („keisinn"), en þegar hann hafi verið kominn ofarlega í stigann, hafi sjóhnúturinn skollið á hann, með þeim afleiðingum, að hann hafi fallið niður á þilfarið og fótbrotnað á hægra fæti fyrir neðan hné, auk þess sem hann hafi meiðzt á hægri hendi. Kveður hann, að bæði sköflungur og dálkur (sperrileggur) hægri fótar hafi brotnað. Hann gizkar á, að í umrætt skipti hafi vindur verið 7—8 vindstig, og segir, að veður hafi farið versnandi.

Stefnandi kveður, að strax og slysið var orðið, hafi verið siglt með hann til Ísafjarðar og hann verið lagður inn á sjúkrahúsið þar. Á sjúkrahúsinu á Ísafirði hafi hann legið þar til 1. marz 1958, en þá hafi honum verið leyft að fara heim til sín til Reykjavíkur. Þegar þangað kom, hafi hann fyrst legið heima hjá sér, en verið lagður inn á Landakotsspítala 17. marz 1958 og legið þar til 1. apríl s. á. Þá hafi honum aftur verið leyft að fara heim, en hinn 9. maí hafi hann enn verið látinn fara á spítalann í Landakoti og legið þar til 14. júní 1958. Þegar hann hafi farið þaðan, hafi fóturinn verið gipslaus, en hann hafi gengið við hækjur og verið leyft að byrja að reyna vægilega á brotna fótinn. Vinnufær kveðst stefnandi ekki hafa orðið fyrr en í lok maímánaðar 1959, og enn kveðst hann ekki hafa náð sér að fullu. Telur hann, að hann verði aldrei sami maður til vinnu og fyrir slysið.

Stefnandi telur stefnda sem eiganda b/v Ólafs Jóhannessonar fébótaskyldan vegna slyss þessa og reisir í fyrsta lagi bótaskyldu hans á því, að ekki hafi verið forsvaranlegt af skipstjóranum að vera að veiðum í veðri því, sem var á veiðistaðnum slysdaginn. Jafnframt styður stefnandi bótaskylduna þeim rökum, að skipstjórinn hafi eigi sýnt næga aðgæzlu við skipstjórnina, þar sem hann hafi eigi aðvarað menn þá, sem á þilfari unnu, í tæka tíð við því, að sjóhnútur væri að skella á skipinu, þannig að þeir mættu forða sér. Loks heldur stefnandi því fram, að jafnvel þótt eigi yrði á það fallizt, að slysið megi rekja til mistaka skipstjórnarmanna togarans, þá sé stefndi eigi að síður fébótaskyldur, þar sem slysið hafi orðið í hættulegum atvinnurekstri, en í slíkum atvinnurekstri beri atvinnurekandi ábyrgð á slysum starfsmanna sinna í starfi.

Stefnandi kveður hina umkröfðu fjárhæð hæfilegar fébætur til sín vegna slyssins, og liggur hún fyrir í málinu sundurliðuð.

Stefndi hefur mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnanda. Heldur hann því fram, að slysið verði að engu leyti rakið til mistaka af hálfu skipstjórnarmanna togarans. Þá mótmælir stefndi því, að útgerð togara geti talizt svo hættulegur atvinnurekstur, að af henni leiði atvinnurekandaábyrgð á slysum starfsmanna í starfi, nema fleira komi til.

Útgerðarmaður togarans eða skipstjóri hlutuðust ekki til um það, að sjóferðarpróf færi fram út af umræddu slysi, en að ósk lögmanns stefnanda var sjóferðarpróf haldið út af því í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 14. júlí 1958.

Skipstjórinn á b/v Ólafi Jóhannessyni skýrir svo frá, að hann hafi sjálfur verið á stjórnpalli í umrætt skipti. Kveðst hann hafa séð sjóhnút rísa á bakborða móts við stjórnpallinn um 10—20 metra frá skipinu, en enginn tími hafi verið til þess að snúa skipinu neitt í því skyni að forðast sjóhnútinn. Hann segist ekki hafa gefið hásetum þeim, sem á þilfari voru, neinar fyrirskipanir eða aðvörunarmerki, þar sem hann hafi séð mennina (þar á meðal stefnanda) vera að forða sér, enda enginn tími til stefnu. Skipstjórinn álítur, að stefnandi hafi ekki notað stigann til að forða sér í, heldur gangbretti (stig) upp á reisnina, en það sé aftan við stigann. Hann gat ekki um það sagt, hve vindhraðinn var mikill í umrætt skipti, en segir, að slæmt hafi verið í sjó, togveður hafi þó verið sæmilegt.

Einn skipverja á b/v Ólafi Jóhannessyni, II. stýrimaður, kom fyrir dóm sem vitni við sjóferðarprófið. Vitni þetta kveðst hafa staðið fyrir framan afturgálgann, er það hafi heyrt skipstjórann kalla aðvörunarorð vegna sjóhnúts, sem komið hafi upp rétt hjá skipinu. Aðvörunina hafi það endurtekið til hásetanna, og hafi þeir allir forðað sér, en stefnandi hafi verið síðastur. Þessi framburður vitnisins um aðvörunina kemur ekki heim við framburð skipstjórans um það efni hér að framan.

Vitnið segir, að sjóhnúturinn eða brotið hafi komið skáhallt framan á skipið og slegizt aftur með því. Það er álit vitnisins, að stefnandi hafi fyrst ætlað að hlaupa upp stigann og upp á reisnina, en einhver muni hafa verið fyrir í stiganum og þess vegna hafi hann ætlað beint upp á reisnina eftir gangbretti fyrir aftan stigann. Þetta hafi orðið til þess, að stefnandi hafi orðið seinni til að komast upp en ella. Telur vitnið, að stefnandi hafi verið kominn með annan fótinn upp á gangbrettið, þegar brotið af sjóhnútnum reið yfir og felldi hann niður á þilfarið. Í þeim svifum kveðst vitnið hafa gripið í stefnanda, en misst hann niður

á þilfarið með ólaginu, það hafi þó ekki misst alveg af honum.

Vitnið og stefnandi voru við sjóferðarprófið samprófaðir um það, hvar stefnandi hafði verið staddur, þegar ólagið reið yfir. Kvaðst stefnandi hafa ætlað upp stigann, og að hann minni fastlega, að hann hafi staðið þar, þegar brotið skall á. Vitnið hélt hins vegar fast við skýrslu sína hér að framan, og náðist ekki samræmi.

Í málinu liggur fyrir vottorð Veðurstofu Íslands um veður á Galtarvita og Hornbjargsvita hinn 14. desember 1957. Á Galtarvita var vindur kl. 14.00 SSA 5 og kl. 17.00 SSA 8 og á Hornbjargsvita kl. 11.00 SSA 3 og kl. 17.00 SV 12. Af veðurvottorðum þessum verður ekki ráðið neitt örugglega um það, hvernig veðrið var á þeim slóðum, þar sem b/v Ólafur Jóhannesson var staddur, þegar slysið varð, og er því ósannað, að þar hafi verið óforsvaranlegt togveður.

Þegar virt er það, sem hér að framan er sagt, verður ekki talið í ljós leitt, að umrætt slys verði rakið til mistaka eða handvammar skipstjórnarmanna eða annarra skipverja á b/v Ólafi Jóhannessyni. Að þessu athuguðu og þar sem slysið verður heldur eigi rakið til annarrar áhættu, sem stefndi lögum samkvæmt ber ábyrgð á, verður hann sýknaður af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs sækjanda, sem ákveðast kr. 9.500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jónasi Jónassyni og Bjarna Jónssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Gylfi h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Óla Antons Þórarinssonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hdl., kr. 9.500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marz 1962.

Nr. 169/1961. **Hafsilfur h/f**
gegn
Sighvati Snæbjörnssyni og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Leitað umsagnar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 18. september 1959 mat Páll Sigurðsson, þáverandi tryggingayfirlæknir, örorku gagnáfrýjanda 10% frá 1. september s. á., svo sem í héraðsdómi greinir.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný læknisgögn.

1. Skýrsla dr. med. Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis um skoðun á gagnáfrýjanda 5. febrúar 1962.

2. Álitsgerð Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingayfirlæknis, dags. 18. febrúar 1962, þar sem hann telur varanlega örorku gagnáfrýjanda, eins og nú horfi, hæfilega metna 15% frá 1. janúar 1962.

Af hendi aðaláfrýjanda er mótmælt hinu nýja örorkumati, og hafa aðiljar krafizt þess, að um það verði fengin umsögn Læknaráðs Íslands. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942.

Ályktarorð:
Læknaráð láti í té framangreinda umsögn.

Mánudaginn 5. marz 1962.

Nr. 159/1961. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Óskari Gunnarssyni
(Vilhjálmur Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Umferðarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Atburður sá, sem mál þetta er af risið, gerðist utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Sakaratriði verða því eigi færð til lögreglusamþykktarákvæða, er í ákæruskjali getur, enda hefur saksóknari fallið frá kröfu um það. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Óskar Gunnarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Vilhjálms Árnasonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. ágúst 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 2. ágúst, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Bergi Bjarnasyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 8/1961. Ákæruvaldið gegn Jóni Óskari Gunnarssyni, en mál þetta var dómtekið 27. júlí 1961. Málið er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, útgefnu 8. maí 1961, gegn Jóni Óskari Gunnarssyni bifreiðarstjóra, Borgarholtsbraut 33, Kópavogi, fæddum

3. marz 1922 í Tobbakoti, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, fyrir að hafa um kl. 15.15 föstudaginn 17. marz s.l. ekið vörubifreiðinni R 7775 austur Nesveg í Reykjavík, án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn og of hratt, miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum, að 8 ára telpa, sem fór yfir Nesveginn móts við húsið Útsali, varð fyrir bifreiðinni eða lenti utan í henni og beið þegar bana. Þykir þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur, svo sem áður greinir, 3. marz 1922 í Tobbakoti, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir.

Í Kópavogi:

1957 21/6 Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. bifreiðalaga og 7. gr. umferðarlaga.

1960 12/9 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 15.15 hinn 17. marz s.l. varð telpa, Elísabet Jónsdóttir, Útsölum, Seltjarnarnesi, fyrir bifreiðinni R 7775 á Nesvegi í Reykjavík, skammt austan við verzlun Kron, sem þar er. Beið hún þegar bana. Ákærði, sem ók bifreiðinni, er slysið varð, hefur skýrt svo frá, að hann hafi upp úr kl. 15 hinn 17. marz s.l. ekið bifreiðinni R 7775 frá fiskverkunarstöðinni Ísbirninum á Seltjarnarnesi, og ætlaði hann út á Reykjavíkurflugvöll að sækja skreið, sem átti að fara í m/s Brúarfoss. Verkstjóri í Ísbirninum tjáði ákærða, að útskipun í m/s Brúarfoss ætti að vera lokið kl. 17.00 um daginn, og segist ákærði af þessum sökum heldur hafa hraðað sér. Ákærði ók austur Nesveg og telur, að hraði bifreiðar sinnar hafi verið um 40 km á klukkustund eða rúmlega það. Hann ók í 4. gír vestar á Nesveginum, en kveðst hafa skipt niður í 3. gír nokkru fyrir vestan slysstaðinn. Að sögn ákærða var veður bjart, snjólaust og ekki hálka, en yfirborð vegarins var leðjukennt og nokkuð mjúkt.

Ákærði sá telpuna, skömmu áður en slysið varð. Var hún þá á göngu eftir stíg, sem liggur á Nesveg frá húsinu Útsölum. Örlitlu síðar sá ákærði, að telpan hafði tekið á sprett út á Nesveg, og virtist ákærða telpan hlaupa heldur til austurs.

Sá ákærði, að telpan veitti bifreið hans enga athygli, og kveðst hann þá hafa snarhemlað.

Bíllinn rann í hemlun nokkurn spöl, og skipti engum togum, að hún lenti á bílnum, og telur ákærði, að hún hafi lent á hægri hurð bílsins. Ákærði reyndi að sveigja til vinstri frá telpunni, en slysi varð ekki forðað. Er bifreið ákærða stöðvaðist, fór hann út og hljóp fram fyrir bílinn. Sá hann þá telpuna liggja með höfuðið rétt við hægra afturhjól bifreiðarinnar, en líkaminn lá þvert á götunni. Lá telpan á grúfu og var hreyfingarlaus. Virtist ákærða höfuð telpunnar lagt saman, og blæddi mikið úr því. Lögreglu var strax gert aðvart.

Eigi varð ákærði þess var, að telpan yrði undir hjólum bílsins, og eigi var hún föst undir afturhjóli, þegar ákærði kom að henni.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi beitt athygli sinni ótruflaðri að akstri bifreiðarinnar og götunni framundan. Þá hefur hann talið, að hann hafi mætt bifreið skömmu fyrir slysið, og kveðst hafa verið búinn að sjá telpuna, áður en bíll hans og sá bíll mættust. Eigi hefur tekizt að hafa upp á ökumanni bíls þessa.

Réttarkrufning á líki telpunnar, Elísabetar Jónsdóttur, fór fram 18. marz s.l. Segir þar, að fundizt hafi mikið brot á höfuðkúpu. Hægra megin var næstum helmingur af kúpubeininu brotinn frá, og þar hafði hægri helmingur litla heilans tætzt í sundur. Telur prófessor Níels Dungal, er krufði líkið, að þessar miklu skemmdir hafi leitt telpuna samstundis til bana. Um frekari atvik slyssins er eftirfarandi kunnugt: Vitnið Þorgerður Sigurgeirsdóttir húsfreyja, Sólvallagötu 24, Reykjavík, sat við hlið ákærða hægra megin í bílnum, er slysið varð. Vitninu fannst ákærði aka hægt. Ekki sá vitnið telpuna fyrr en á því augnabliki, er slysið varð, og ekki sá það til ferða telpunnar út á götuna. Vitnið veitti ekki eftirtekt, hvar telpan kom á bílinn, né hvernig hún lá eftir slysið, og ekki kveðst það hafa merkt, að hjól færu yfir telpuna. Vitnið fékk taugaáfall við slysið og gat varla hreyft sig eftir það, enda fór það ekki út úr bílnum. Samkvæmt þessu verður því ekki byggt á framburði vitnis þessa um slysið. Vitnið Sverrir Úlfsson bifvélavirki, Skeiðarvogi 111, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það hafi setið í bíl sínum norðan Nesvegar, skammt fyrir vestan þar sem slysið varð. Sá vitnið í gegnum framrúðu bifreiðar sinnar, er slysið skeði, einnig sá það til ferða R 7775 í spegli bifreiðar sinnar, áður en

R 7775 ók fram hjá bíl þess. Eigi sá vitnið annað en að bifreiðin héldi jöfnum hraða, þar til slysið varð, og gizkaði vitnið á, að hraði hennar hefði verið um 50—60 km á klukkustund.

Vitnið sá greinilega hemlaför eftir afturhjól R 7775, en ekki framhjól, og taldi, að bifreiðinni hefði verið sveigt til vinstri frá telpunni til að reyna að forða slysi.

Um líkt leyti og R 7775 var ekið framhjá bíl vitnisins, sá það telpuna, og stóð hún þá við gatnamót Nesvegar og afleggjara heim að húsinu Útsölum, sem er skammt frá slysstaðnum. Eftir að R 7775 var komin fram hjá bíl vitnisins, missti það sjónar á telpunni örlitla stund, en sá hana, er slysið varð.

Vitnið áleit, að telpan hefði hlaupið aðeins vestur í veg fyrir bílinn og á hann framanverðan hægra megin. Hentist hún upp við árekstur inn að sögn vitnisins og kom niður fyrir framan hægra afturhjól, og áleit vitnið, að hjólið, sem beitt hafði verið hemlum, hefði dregið telpuna á undan sér einhvern spöl, en ekki farið yfir hana. Eftir slysið lá telpan með fæturna út á götuna til suðurs. Ekki sá vitnið, að neinir bílar væru á ferð vestur Nesveg í nálægð slysstaðarins, rétt áður en ökumaður R 7775 hemlaði. Vitnið áleit, að ákærði hefði hemlað, eins og hægt var, til að reyna að forða slysi. Vitnið Helga Wium, Akurgerði, Seltjarnarnesi, hefur skýrt svo frá, að um kl. 15.15 hinn 17. marz s.l. hafi það verið að koma heiman að frá sér og ætlað að taka strætisvagn við Vegamót á Seltjarnarnesi. Þegar vitnið var á leiðinni til viðkomustaðar strætisvagnsins, veitti það athygli bíl, sem kom á eftir því, og hægði bíllinn á sér, er hann fór fram hjá vitninu. Þegar hann var kominn nokkrar bíllengdir fram hjá, sá vitnið litla telpu, sem því virtist hlaupa út á götuna, beint á bílinn og skella á öðru framhjóli hans. Virtist vitninu ökumaðurinn vera að auka hraðann, er slysið varð. Sérstaklega aðspurt um hraða bifreiðarinnar, kvaðst vitnið ekki hafa vit á að dæma um kílómetrahraða, en fannst hraði bílsins vera venjulegur innanbæjarhraði, þó frekar miðað við akstur í miðbænum en á Nesvegi.

Vitnið mundi ekki eftir því, hvort bifreið kom á móti því skömmu fyrir slysið, og eigi veitti það athygli kyrrstæðum bíl á Nesveg vestan slysstaðar. Lögreglumennirnir Héðinn Skúlason og Borgþór Þórhallsson hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest skýrslu og afstöðumynd af vettvangi. Báðir telja þeir, að hemlaför bílsins á slysstað hafi verið 17.70 m. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Hörður Jónsson og Júlíus Bernburg skoðuðu bílinn og reyndu í akstri eftir slysið.

Hafa þeir gefið svohljóðandi vottorð: „.... Við reyndum hemla þar á staðnum og ókum á ca 35 til 40 km hraða (hraðamælir var ekki í lagi), og stöðvaðist bifreiðin á 11.45 metra vegalengd. Greinileg hemlaför eru eftir öll hjól, fótstig hemilsins gekk samt fast að gólfi. Handhemill var í lagi, stýrisútbúnaður var í lagi, nema lager efst við stýrishjólið var ónýtur, stefnuljós var ekki í lagi, þegar við stöðvuðum í umrætt skipti, og beittum fullu átaki við að stöðva bifreiðina. Brotnaði þá augablað í afturfjöður, og drifskafa gekk úr sambandi. Það skal tekið fram, að bifreiðin var óhlaðin, þegar við reyndum hana í akstri.

Tegund: Chevrolet vörubifreið, smíðaár 1946. Með vinstrihliðarstýri og vökvahemlaútbúnaði og vakúmkút til að létta hemla." Bifreiðaeftirlitsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð þetta sem rétt og sannleika samkvæmt.

Samkvæmt eigin framburði ákærða, sem rakinn hefur verið og studdur er framburði vitnisins Sverris Úlfssonar, svo og lengd hemlafara bifreiðarinnar R 7775 á slysstað, verður að telja sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið hraðar en hæfilegt var, miðað við staðhætti og aðstæður, en hraði bifreiðarinnar var einnig meiri en hámarksákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur leyfa á Nesvegi í Reykjavík. Ákærði hefur sjálfur viðurkennt að hafa séð til telpunnar Elísabetar Jónsdóttur, nokkru áður en slysið varð. Bar honum þá samkvæmt L. lið 49. gr. laga 26/1958 að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni.

Með framangreindum of hröðum akstri með tilliti til aðstæðna hefur ákærði gerzt brotlegur við 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Hann þykir og hafa brotið 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 26/1958 með því að sýna eigi þá varúð í akstrinum, er krefjast mátti af honum á þessum stað.

Með ofangreindri óvarkárni og of hröðum akstri telst ákærði meðvaldur að dauða Elísabetar Jónsdóttur, og er hann því brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing hans samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Þá ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 1500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir réttinum, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hdl.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Gunnarsson, sæti varðhaldi í 60 daga. Hann skal sviptur ökuleyfi í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Honum ber að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 1500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1962.

Nr. 154/1961. **Ákæruvaldið**
(Páll S. Pálsson settur saksóknari)
gegn
Einari Gunnari Einarssyni
(Kristján Guðlaugsson hrl.)
og
Jóni Andrési Sveini Valberg Hallgrímssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Brot gegn 248. gr. og 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

I.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson.

Ákærði var starfsmaður á fasteignasöluskrifstofu Einars Gunnars Einarssonar og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanna. Var honum m. a. falið að afla umboða frá aðiljum, sem selja vildu fasteignir, og leita síðan tilboða í þær, en samningsgerðir og önnur lögfræðileg störf í sambandi við fasteignasöluna hafði ákærði Einar Gunnar Einarsson á hendi. Í máli þessu er ákærði Jón Andrés Sveinn sakað-

ur um misferli við milligöngu um sölu húseignanna nr. 7 við Þrastargötu í Reykjavík og nr. 52 B við Njálsgötu s. st. Í ákæruskjali er háttsemi hans í báðum þessum tilvikum talin varða við 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

A. **Sala húseignarinnar nr. 7 við Þrastargötu.**

Í júlímánuði 1958 hafði Gunnar Jónsson, sem í málinu greinir, falið fasteignasöluskrifstofunni að annast sölu húseignar sinnar nr. 7 við Þrastargötu. Ákærði Jón Andrés Sveinn fékk vitneskju um, að Jóhannes Helgason hefði hug á að kaupa eign þessa fyrir kr. 160.000.00, en jafnframt var honum kunnugt um, að Gunnar Jónsson mundi samþykkja sölu við lægra verði. Kom honum þá til hugar að hagnast sjálfur á sölu eignarinnar með því að koma á kaupum til bráðabirgða fyrir það verð, sem Gunnar sætti sig við, og selja síðan Jóhannesi eignina fyrir hærra verð. Leitaði ákærði til kunningja síns Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar og fékk hann til að gera Gunnari Jónssyni ýmis tilboð í húseignina. Voru það undirmál þeirra ákærða og Guðvarðs, að ákærði bæri veg og vanda af kaupunum, ef þau kæmust á, og seldi svo eignina fljótlega aftur. Eins og rakið er í héraðsdómi, samþykkti Gunnar að lokum að selja Guðvarði húseignina fyrir kr. 110.000.00, enda var honum ókunnugt um, þegar frá þeim kaupum var gengið, hinn 10. september 1958, að fram var komið tilboð frá Jóhannesi um að kaupa eignina fyrir kr. 160.000.00. Eftir þetta annaðist svo fasteignasöluskrifstofan sölu húseignarinnar til Jóhannesar fyrir kr. 160.000.00. Mismun kaupverðanna, kr. 50.000.00, kveðst ákærði Jón Andrés Sveinn hafa ætlað að hirða sjálfum sér til handa.

Sú háttsemi ákærða að leyna seljanda fasteignarinnar, Gunnar Jónsson, kauptilboði Jóhannesar Helgasonar í því skyni að afla sér framangreinds ávinnings varðar við 248. gr. laga nr. 19/1940, svo sem dæmt er í héraði. Einnig má fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákvæði 138. gr. sömu laga taki ekki til brots ákærða.

B. **Sala húseignarinnar Njálsgötu 52 B.**

Í héraðsdómi er rækilega lýst, hvernig háttað var sölu á

húseigninni nr. 52 B við Njálsgötu og tildrögum sölunnar. Guðjón Jónsson, sá er eignina keypti af Árna Björgvin Jósefssyni, hefur fullyrt, að hann hafi einungis gert kaupin í því skyni að útvega bróður sínum húsnæði eftir beiðni hans, og verður sá framburður ekki talinn grunsamlegur. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sýknuákvæði dómsins, að því er til þessa ákæruatriðis tekur.

II. **Ákærði Einar Gunnar Einarsson.**

Í ákæruskjali er ákærði Einar Gunnar sakaður um hlutdeild í broti ákærða Jóns Andrésar Sveins, að því er tekur til milligöngu um sölu húseignarinnar nr. 7 við Þrastargötu. Er brot ákærða Einars Gunnars talið varða aðallega við 248. gr. sbr. 22. gr. og 138. gr. laga nr. 19/1940, en til vara við 254. sbr. 138. gr. sömu laga.

Samkvæmt skýrslu ákærða Einars Gunnars kom Gunnar Jónsson á fasteignasöluskrifstofu hans síðast í ágústmánuði 1958. Kveðst ákærði þá hafa gert uppkast að tilboði, þar sem Gunnar Jónsson býðst til að selja Guðvarði Skagfjörð Sigurðssyni húseignina nr. 7 við Þrastargötu fyrir kr. 110.000.00 með tilteknum greiðsluskilmálum. Hafi Gunnar síðan undirritað skjalið sem tilboðsgjafi, en Guðvarður hafi þá ekki verið viðstaddur. Með því að Gunnar Jónsson hafi þá verið á förum úr bænum, kveðst ákærði hafa ætlað að geyma tilboð hans, unz séð yrði, hvort Guðvarður vildi ganga að því.

Hinn 5. september 1958, er Gunnar Jónsson var enn fjarverandi úr bænum, kom Jóhannes Helgason á fasteignasöluskrifstofuna, gerði tilboð um kaup á greindri húseign fyrir kr. 160.000.00 og afhenti skrifstofunni kr. 5000.00 til tryggingar því, að hann stæði við tilboðið. Samkvæmt eiðfestum framburði Jóhannesar voru báðir hinir ákærðu, Einar Gunnar og Jón Andrés Sveinn, þá staddir á skrifstofunni, og kveður hann þá báða hafa vitað um tilboð sitt, enda hafi hann sett tryggingarfé að ráðum beggja. Ákærði Einar Gunnar hefur og kannazt við, að hann hafi ritað meginmál kvittunar þeirrar fyrir tryggingarfénu, sem Jóhannesi

var afhent, og er því ljóst, að hann hefur verið viðstaddur, þegar Jóhannes gerði tilboð sitt.

Þegar Gunnar Jónsson var aftur kominn til bæjarins, fór hann á skrifstofu ákærða hinn 10. september 1958. Kveður ákærði Einar Gunnar, að þá hafi verið fastmælum bundið, að Gunnar seldi Guðvarði húseignina fyrir kr. 110.000.00, en með breyttum greiðsluskilmálum frá því, er áður hafði verið ráð fyrir gert. Galt ákærði Einar Gunnar þá Gunnari Jónssyni kr. 50.000.00 úr sjálfs sín sjóði upp í kaupverðið. Hefur Gunnar Jónsson stöðugt haldið því fram og eiðfest þá skýrslu sína, að honum hafi þá ekki verið gert kunnugt um tilboð Jóhannesar, og hafi hann ekki um það vitað fyrr en löngu síðar. Í prófum málsins staðhæfði ákærði Einar Gunnar margsinnis, að hann hefði skýrt Gunnari Jónssyni frá tilboðum þeirra beggja, Guðvarðs og Jóhannesar, áður en til fullnaðar var gengið frá sölunni til Guðvarðs. Hafi Gunnar átt þess kost að velja á milli tilboðanna, en þótt tilboð Guðvarðs aðgengilegra, þar sem greiðsla við samnningsgerð hafi verið hærri samkvæmt því tilboði. Síðar viðurkenndi ákærði, að hann hefði ekki skýrt Gunnari frá tilboði Jóhannesar, en breytti jafnframt framburði sínum á þá leið, að hinn 10. september hafi honum ekki verið kunnugt um tilboð Jóhannesar. Sú staðhæfing brýtur í bága við fyrri framburð hans, eiðfesta skýrslu Jóhannesar og þá staðreynd, að ákærði var viðstaddur, þegar Jóhannes gerði tilboð sitt hinn 5. september. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir ákærði Einar Gunnar hafa gerzt samsekur ákærða Jóni Andrési Valberg um að leyna Gunnar Jónsson tilboði Jóhannesar. Varðar það brot hans við 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940. Verður ekki talið, að hér sé um hlutdeildarbrot að ræða, en þar sem ákært er fyrir hlutdeild samkvæmt 22. gr. greindra laga, verður refsing ekki ákveðin hærri en fyrir hlutdeildarbrot.

III.

Refsing hinna ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Einar Gunnar Einarsson sé sviptur rétti til málflutnings fyrir héraðsdómi. Réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 verður ekki dæmd, enda hefur saksóknari fallið frá kröfu um hana, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Verjandi ákærða Einars Gunnars Einarssonar hefur afsalað sér málsvarnarlaunum í Hæstarétti, ef svo færi, að skjólstæðingur hans yrði sakfelldur. Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málflutningslaun, kr. 7000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærðu, Einar Gunnar Einarsson og Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson, sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Einar Gunnar Einarsson sé sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði Jón Andrés Sveinn Hallgrímsson Valberg greiði skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 7000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. febrúar 1961.

Ár 1961, laugardaginn 25. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörns-

syni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1022—1023/1961: Ákæruvaldið gegn Einari Gunnari Einarssyni og Jóni Andrési Sveini Hallgrímssyni Valberg.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. þ. m., er höfðað með ákæruskjali, útgefnu 3. maí 1960, gegn Einari Gunnari Einarssyni héraðsdómslögmanni, Heiðargerði 114, og Jóni Andrési Sveini Hallgrímssyni Valberg, Langagerði 106, báðum hér í borg.

Verður hér tekið upp orðrétt meginmál ákæruskjals:

„Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

I. Í júlí 1958 bað Gunnar Jónsson, þá til heimilis Þrastargötu 7, fasteignasölu Einars Gunnars Einarssonar hdl. og Guðlaugs M. Einarssonar hdl., Reykjavík, um að annast sölu á húseign hans, Þrastargötu 7. Sölumaður fasteignasölunnar, ákærði Jón A. S. Valberg Hallgrímsson, fékk Guðvarð Skagfjörð Sigurðsson kaupmann, Bröttugötu 3, til að gera tilboð í nefnda eign fyrir sig (Valberg), þannig að svo leit út sem Guðvarður væri hinn raunverulegi tilboðsgjafi, en í raun og veru var það ákærði Valberg, sem ætlaði sér að verða eigandi eignarinnar. Lokatilboð Guðvarðs í eignina var kr. 110.000.00, er skyldi greiðast þannig, að kr. 70.000.00 skyldu greiddar í peningum, en kr. 40.000.00 með skuldabréfi, tryggðu með 1. veðrétti í eigninni. Gerður var bindandi samningur um kaup eignarinnar á þessum grundvelli 10. sept. 1958. Greiddi ákærði Einar Gunnar þá seljanda af útborguninni kr. 50.000.00, og nokkru síðar greiddi annarhvor ákærðu eftirstöðvar hennar, kr. 20.000.00.

Nokkrum dögum áður en fastmælum var bundið um nefnd kaup, hafði Jóhannes Helgason útvarpsvirki gert kauptilboð í nefnda eign, að upphæð kr. 160.000.00. Var það 5. september 1958, og greiddi hann þá ákærðu kr. 5.000.00 til tryggingar því, að hann stæði við tilboðið, og um mánuði síðar var gengið frá kaupum á eigninni til Jóhannesar. Samþykkti hann þá víxil, að fjárhæð kr. 60.000.00, þannig að útborgun hans varð í peningum og víxli samtals kr. 65.0000.00. Eftirstöðvar kaupverðsins gerði hann upp þannig, að hann gaf út veðskuldabréf, tryggt með 1. veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 40.000.00, og annað veðskuldabréf, að upphæð kr. 55.000.00, tryggt með 2. veðrétti í eigninni. Víxilinn greiddi Jóhannes síðan upp, og var eigninni afsalað beint frá Gunnari til Jóhannesar. Er afsalið dags. 3. nóv. 1958.

Ákærðu létu Gunnar aldrei vita um kauptilboð Jóhannesar, og ekki skýrðu þeir Jóhannesi frá söluverðinu til Gunnars.

Með því að leyna Gunnar kauptilboði Jóhannesar í því skyni

að hagnast sjálfur á sölu húseignarinnar til Jóhannesar um kr. 50.000.00 og leyna Jóhannes hinu raunverulega söluverði til Gunnars þykir ákærði Jón A. S. Valberg Hallgrímsson hafa brotið almenn hegningarlög nr. 19/1940, 248. gr., sbr. 138. gr.

Ákærði Einar Gunnar þykir hafa aðstoðað ákærða Valberg við framkvæmd fyrrgreinds brots og viðhaldið ástandi því, er af brotinu leiddi. Þykir ákærði Einar Gunnar aðallega hafa brotið 248. gr. sbr. 22. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, en til vara 254. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

II. Í apríl 1959 fékk Árni B. Jósefsson, nú til heimilis Silfurtúni 8, Garðahreppi, nefndri fasteignasölu til sölu eignarhluta hans í húseigninni Njálsgata 52 B. Tjáði Árni báðum ákærðu, að Ingimar Jónsson, sem átti hluta af nefndri húseign, hefði boðið sér (Árna) kr. 40.000.00 fyrir eitt herbergið í eignarhluta Árna, ef það væri selt sérstaklega. Staðhæfir Árni, að báðir ákærðu hafi eindregið ráðlagt honum að selja ekki þetta eina herbergi sérstaklega, því það myndi eyðileggja sölu á hinum hluta eignarhlutans.

Ákærði Valberg benti mági sínum Guðjóni Jónssyni kennara, sem var á þessum tíma að leita að húsnæði fyrir bróður sinn Ara, sem þá bjó í Borgarhöfn í Suðursveit (sic). Virðist Guðjón fyrst hafa boðið í allan eignarhluta Árna kr. 200.000.00, 4. maí, að því er Guðjón segir. Árni vildi ekki selja eignarhlutann fyrir þetta verð, en hinn 6. maí samþykkti hann kauptilboð Guðjóns í eignarhlutann, að upphæð kr. 220.000.00. Var gengið endanlega frá kaupsamningi um eignarhlutann 9. maí 1959.

Áður en gengið var endanlega frá nefndum kaupum 9. maí, hafði ákærði tal af eiginkonu nefnds Ingimars Jónssonar og bauð henni til kaups herbergi það, er áður greinir úr eignarhluta Árna fyrir kr. 60.000.00. Konan tjáði Valberg, að hún og maður hennar, Ingimar, væru reiðubúin að kaupa herbergið fyrir kr. 50.000.00 staðgreiðslu.

Ákærði Valberg lét Árna ekkert vita um þetta tilboð Ingimars og konu hans.

Guðjón seldi síðan nefnt herbergi nefndum Ingimar fyrir kr. 50.000.00 staðgreiðslu. Er kaupsamningurinn dags. 12. maí. Hinn hluta eignarhlutans seldi hann síðan Kristni Óskarssyni fyrir kr. 250.000.00, og er sá kaupsamningur dags. 6. júní 1959.

Með því að leyna Árna nefndu kr. 50.000.00 kauptilboði Ingimars í nefnt herbergi, í því skyni að Árni gengi endanlega frá sölunni á öllum eignarhlutanum til Guðjóns fyrir augljóslega

of lágt verð og til þess að þeir bræðurnir Guðjón og Ari gætu endurselt eignina aftur þá þegar eða fljótlega, þykir ákærði Valberg hafa brotið 248. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

III. Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta, til sviptingar réttinda skv. 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna og til greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði Einar Gunnar verði að auki sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi samkvæmt 63. gr. 1. mgr., hegningarlaganna."

Ákærði Einar Gunnar Einarsson er fæddur í Reykjavík 10. júní 1926. Hann hefur ekki fyrr sætt ákæru né refsingu nema einni 50 kr. sekt fyrir umferðarbrot. Hann lauk kandídatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1952. Hinn 8. marz 1955 var honum veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Rak hann síðan um árabil málflutningsskrifstofu og fasteignasölu hér í borg ásamt Guðlaugi Magga Einarssyni héraðsdómslögmanni, bróður sínum.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Hallgrímsson Valberg er fæddur að Mælifellsá í Lýtingsstaðahreppi hinn 15. okt. 1919. Hann hefur áður sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1948 23/11 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 4/3 — Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 6/4 — Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. og 26. gr. bifreiðarlaga og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1950 16/5 Rvík. Dómur lögregluréttar: 6000 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum og tolllögum.
1951 17/4 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1952 17/7 — Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 17. gr. bifreiðalaga.
1953 3/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
— 7/10 Rvík. Kærður fyrir ólögl. bifreiðarstæði. Fellt niður.
1954 6/1 — Dómur: 4000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot á 15. sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga.
1955 26/10 Rvík. Kærður fyrir umferðarlagabrot. Fellt niður.
1957 21/1 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólögl. bifreiðarstæði.

Ákærði Jón Andrés Sveinn réðst í apríl 1957 til starfa hjá þeim bræðrum, Guðlaugi Magga og ákærða Einari Gunnari. Starfaði hann að fasteignasölunni, og samkvæmt munnlegum samningum skyldi hann hafa að launum fyrir störf sín ⅓ hluta af brúttótekjum af fasteignasölunni. Hann skyldi og leggja til og kosta

bíl, er hann notaði við starfið. Sjálfur hafði Jón Andrés Sveinn ekki öðlazt leyfi til rekstrar fasteignasölu. Þeir Guðlaugur Maggi og ákærði Einar Gunnar sáu um allar samningagerðir út af kaupum og sölu fasteigna, og þó einkum Einar Gunnar. Ákærði Jón Andrés Sveinn starfaði að fasteignasölunni til hausts 1959, en hætti þeim störfum, eftir að farið hafði fram dómsrannsókn sú, er leiddi síðar til höfðunar þessa máls.

Verða nú rakin sakargögn.

I.

Um mitt sumar 1958 leitaði til fasteignasölu ákærðu Gunnar Jónsson verkamaður, nú til heimilis að Gnoðarvogi 36 hér í borg. Hann var þá eigandi hússins nr. 7 við Þrastargötu, en var í þann veginn að festa sér íbúð þá, sem hann býr í nú, og þurfti þá að selja hús sitt. Samkvæmt veðbókarvottorði má húsið (Þrastargata 7), sem er lítið einbýlishús úr timbri, standa í 10 ár frá 1. júlí 1958 að telja.

Gunnar taldi sig þurfa að fá um 140 þús. krónur fyrir húsið og vildi fá 70—80 þúsund króna útborgun. Segir Gunnar, að í ágústmánuði hafi allmargir komið til að líta á íbúðina. Rétt fyrir mánaðamót ágúst—september segir hann, að hann hafi fengið tilboð í húsið frá Guðvarði nokkrum Skagfjörð Sigurðssyni. Hljóðaði tilboðið á 120 þúsund króna kaupverð með 80 þúsund króna útborgun. Kveðst Gunnar hafa samþykkt tilboðið. Hinn 1. sept. hafi hann farið úr bænum og komið aftur eftir 10 daga og farið þá strax til fasteignasölu ákærðu til að ganga frá kaupunum. Þá hafi verið búið að breyta tilboðinu á þann veg, að kaupverð skyldi vera 110 þúsund krónur, en útborgun 60 þúsund. Þessu kvaðst Gunnar hafa hafnað. Gunnar kveðst hafa rætt við ákærða Einar Gunnar í þetta skipti, og hafi hann nú boðizt til að hækka útborgun úr 60 í 70 þúsund krónur. Kveðst Gunnar hafa verið í fjárþröng og gengið að tilboði þessu. Ekki hafi verið gengið frá formlegum kaupsamningi, en kaupunum slegið föstum og ákærði Einar Gunnar þegar greitt 50 þúsund krónur af kaupverðinu með tékka. Tékki þessi, sem fyrir liggur í málinu, undirritaður af ákærða Einari Gunnari, er dagsettur 10. sept. 1958. Gunnar segir, að næsta dag hafi ákærði Jón Andrés Sveinn svo greitt eftirstöðvar útborgunarinnar, 20 þúsund krónur. Eftir þetta hafi orðið bið á, að gengið væri frá formsatriðum um kaup þessi. Löngu síðar, eða nær áramótum, hafi hann fengið boð um að koma til skrifstofunnar og ganga frá kaupunum. Er þang-

að kom, hafði legið fyrir afsalsbréf fyrir eigninni, þar sem henni var afsalað til Jóhannesar Helgasonar, en þann mann hafi hann þá ekkert vitað um. Enn fremur hafi legið fyrir veðskuldarbréf, tryggt með 1. veðrétti í Þrastargötu 7, að fjárhæð kr. 40.000.00. Ákærði Einar Gunnar hafi óskað eftir því, að hann (Gunnar) undirritaði afsal þetta. Guðvarður hafði selt Jóhannesi húsið, og væri í alla staði löglegt að afsala húsinu beint til Jóhannesar. Kveðst Gunnar ekkert hafa haft við þetta að athuga, að svo vöxnu máli, og undirritað afsalið og tekið við skuldabréfi Jóhannesar. Í afsalinu er kaupverð eignarinnar ekki tilgreint. Afsalið er dagsett 3. nóvember 1958, en Gunnar fullyrðir, að það hafi verið alllöngu síðar, sem hann undirritaði það, eða nær áramótum, sem fyrr getur.

Gunnar kveðst ekki hafa vitað annað en að hann seldi Guðvarði húsið, og um söluverð þess til Jóhannesar hafi hann ekkert vitað, en frá því verður brátt greint.

Jóhannes Helgason útvarpsvirki, nú til heimilis Þrastargötu 7, fæddur 1936, skýrir svo frá, að sig hafi á umræddum tíma vantað íbúð til leigu. Hann hafi snúið sér til ákærða Jóns Andrésar Sveins, sem hann hafi þekkt nokkuð og hafi hann bent á ýmsar íbúðir, en ekki orðið af leigumála. Í byrjun september 1958 hafi Jón Andrés Sveinn sagt sér, að Þrastargata 7 væri til sölu með viðráðanlegum kjörum, þ. e. kaupverð 160 þúsund krónur með 80 þúsund króna útborgun, er þó mætti ef til vill lækka nokkuð. Jóhannes kveðst hafa skoðað húsið og sagt að því búnu, að hann væri fús á að kaupa það fyrir 160 þúsund, en of mikið þætti sér að borga 80 þúsund krónur út. Ákærði Jón Andrés Sveinn hafi sagt, að hann skyldi ræða við eigandann, Gunnar Jónsson, um væntanlega lækkun. Jóhannes segir, að Jón Andrés Sveinn hafi haldið því fram, að eigandinn byggi ekki í húsinu, heldur leigjendur, og einnig minnir Jóhannes, að ákærði Einar Gunnar hafi sagt hið sama. Þeir hafi talið sig hafa fullt umboð Gunnars til að ganga frá kaupunum. Þeir hafi nú óskað þess, að hann greiddi 5000 krónur sem geymslufé til tryggingar því, að hann stæði við tilboð sitt. Jóhannes greiddi síðan fjárhæð þessa og fékk kvittun fyrir. Kom kvittunin fram í máli þessu og er dagsett 5. september 1958. Er meginmál ritað með rithendi Einars Gunnars, en Andrés hefur undirritað hana.

Alllöngu síðar kveðst Jóhannes hafa komið til ákærða til að ganga frá kaupunum formlega. Hann hafi þá undirritað tilboð um kaup á eigninni fyrir 160 þúsund krónur. Skyldu greidd

65 þúsund við undirskrift samnings, 40 þúsund á næstu 10 árum, og skyldi skuld sú tryggð með 1. veðrétti og 55 þúsund með skuldabréfi, er skyldi greitt á 5 næstu árum og vera tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í eigninni. Síðastnefnt skuldabréf kom fram í málinu, svo sem síðar verður vikið að. Er það raunar að fjárhæð 60.000.00 krónur, en ekki 55.000.00, svo sem samningurinn gerir ráð fyrir. Hefur ekki fengizt skýring á því, hvernig á því misræmi stendur.

Ekki man Jóhannes fyrir víst, hvenær hann undirritaði tilboð þetta. Í fyrstu taldi hann, að það hefði gerzt um það bil mánuði eftir að hann gerði tilboðið og greiddi 5000 krónurnar. Síðar hefur hann sagt, að hann geti ekkert fullyrt um þetta. Hann muni ekki fyrir víst, hvort það hafi gerzt áður eða eftir að hann fluttist á Þrastargötu 7 (en það mun hafa verið í byrjun nóvember 1958).

Jóhannes afhenti óundirritað afrit af kauptilboði sínu. Er það dagsett 2. október 1958. Jóhannes kveðst aldrei hafa fengið í hendur neina skjöl varðandi kaupin, önnur en afrit þetta. Hann segir, að ákærðu hafi tekið að sér að sjá um öll formsatriði við kaupin, stimplun skjala og þinglýsingu.

Jóhannes segir, að í lok janúar 1959 hafi hann beðið ákærða Einar Gunnar að annast skattaframtal fyrir sig og fengið honum í hendur skýrslu yfir tekjur sínar. Segir Jóhannes, að Einar Gunnar hafi, að honum viðstöddum, skrifað skýrsluna á ritvél. Kveðst Jóhannes svo hafa skrifað undir skýrsluna, en ekki gefið sér tíma til að lesa hana fyrst, enda hafi hann verið á hraðri ferð. Löngu seinna hafi hann komizt að því, að skattframtalinu hafði aldrei verið skilað. Þá hafi hann farið til skrifstofu ákærðu til þess að fá að vita, hverju þetta sætti. Ákærðu hafi ekki verið viðstaddir, en skrifstofumaður þeirra hafi fundið skýrsluna og fengið honum hana, en hann kveðst síðan hafa afhent hana skattstofunni.

Afrits hefur verið aflað af skattframtali Jóhannesar fyrir árið 1959. Er þar gerð svofelld grein fyrir húsakaupum hans: „Keypti húseignina nr. 7 við Þrastargötu af Gunnari Jónssyni, Gnoðarvogi 26, fyrir kr. 110.000.00.“ Þessar skuldir Jóhannesar eru tilgreindar: Gunnar Jónsson, Gnoðarvogi 26, kr. 40.000.00, Útvegsbanki Íslands, víxill, kr. 35.000.00, handhafabréf kr. 22.000.00.

Jóhannes segir, að meðan á samningum stóð, hafi ákærðu jafnan tilgreint Gunnar Jónsson sem seljanda eignarinnar, en Guðvarð Skagfjörð Sigurðsson hafi hann ekki heyrt nefndan á nafn.

Þeir Gunnar og Jóhannes munu hafa kynnzt einhverntíma fyrri hluta árs 1959. Er þeir báru saman bækur sínar um húsakaupin, varð þeim ljóst, hvernig í viðskiptunum lá, og nú fyrst frétti Jóhannes, að Gunnar hafði selt eignina fyrir 110 þúsund kr., og Gunnar, að Jóhannes hafði keypt fyrir 160 þúsund krónur. Leiddi þetta til þess, að þeir óskuðu sameiginlega eftir opinberri rannsókn út af viðskiptum þessum. Áður segjast þeir hafa án árangurs leitað til ákærðu um leiðréttingu.

Kæra þeirra félaga er dagsett 2. nóvember 1959. Var dómsrannsókn hafin út af henni hinn 4. nóvember og haldið áfram næsta dag. Þá játaði ákærði Jón Andrés Sveinn, að hann hefði séð sér færi á að hagnast sjálfur á kaupum og sölu á umræddu húsi, og fengið því kunningja sinn, Guðvarð Skagfjörð Sigurðsson, til að kaupa eignina til málamynda, selt hana síðan Jóhannesi Helgasyni fyrir 50 þúsund krónur meira en hún hafði verið keypt á og stungið ágóðanum í eigin vasa.

Játningu þessa gerði ákærði Jón Andrés Sveinn fyrst eftir alllangt þóf og, eftir að Guðvarður Skagfjörð hafði breytt fyrsta framburði sínum og játað, að hann hefði engan raunverulegan þátt átt í kaupunum. Þykir ekki verða hjá því komizt að rekja hér í aðalatriðum það, sem fram kom við rannsóknina. Er þess einkum þörf til úrlausnar því, hvern þátt ákærði Einar Gunnar hafi átt í broti ákærða Jóns Andrésar Sveins.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1959 komu fyrir dóm þeir Gunnar Jónsson og Jóhannes Helgason. Skýrðu þeir þar kæru sína, og hefur framburður þeirra þegar verið rakinn, en hann hefur í aðalatriðum verið á sömu lund í allri meðferð málsins. Að morgni 5. nóvember var yfirheyrður Guðvarður Skagfjörð Sigurðsson kaupmaður, Bröttugötu 3, fæddur 1917. Hann hélt því fram, að hann hefði keypt húsið nr. 7 við Þrastargötu fyrir 110 þúsund krónur með 70 þúsund króna útborgun. Hann minnti, að hann hefði greitt 50 þúsund, skömmu eftir að kaupin voru gerð, og nokkru síðar 20 þúsund. Ekki mundi hann, hvenær hann innti greiðslurnar af hendi né hvernig (með tékkum eða í reiðufé). Ekki kvaðst hann hafa verið viðstaddur samningagerðina. Fasteignasalan hefði haft umboð til að gera samninga fyrir hann. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann hefði gefið út 40 þúsund króna skuldabréf til seljandans fyrir eftirstöðvunum af kaupverðinu. Hann kvaðst hafa séð eftir kaupunum, strax og þau voru um garð gengin, og beðið ákærða að selja húsið strax aftur og verið guðsfeginn, er það seldist fyrir 160 þúsund krónur. Lítið vissi

Guðvarður um það, hverjum hann hafði selt eignina, hélt þó kaupandann heita Jóhann eða Jóhannes, og taldi sig einhvern tíma hafa séð hann. Guðvarður sagði, að hagnaður sinn af sölu hússins væri fólginn í skuldabréfi, er hann hefði beðið ákærða að geyma. Hélt Guðvarður því í þessari yfirheyrslu fast fram, að hann hefði verið raunverulegur kaupandi hússins og að hann væri eigandi skuldabréfsins. Ekki kvaðst Guðvarður hafa talið hagnað sinn fram til skatts. Hann hefði engu skattframtali skilað.

Ákærði Einar Gunnar Einarsson var síðan yfirheyrður. Ekki kvaðst hann muna, hvaða verð Gunnar hefði fyrst ætlað sér að fá fyrir hús sitt. Ákærði sagði, að Guðvarður hefði gert tilboð í húsið, er, um það er lauk, hefði miðazt við 110 þúsund króna kaupverð, og að þessu tilboði hefði Gunnar gengið. Kvaðst ákærði Einar Gunnar svo hafa samið um kaupin við Gunnar, að Guðvarði fjarstöddum, og goldið Gunnari umsamda útborgun, samtals kr. 70.000.00. Síðar hafi Guðvarður beðið hann og Andrés að selja húsið aftur. Einar Gunnar sagði, að Jóhannes Helgason hefði fyrst skoðað húsið, um svipað leyti og Guðvarður gerði sitt tilboð, og staðhæfði, að Gunnari Jónssyni hefði verið kunnugt um bæði tilboðin, Guðvarðs og Jóhannesar, en tekið tilboði Guðvarðs, vegna þess að hann hefði boðið 20 þúsund krónum hærri útborgun en Jóhannes. Kvað ákærði Einar Gunnar það hrein ósannindi, að Gunnari hefði ekki verið kunnugt um tilboð Jóhannesar. Kvaðst hann sjálfur hafa kynnt Gunnari bæði tilboðin í skrifstofu sinni. Er Einar Gunnar var inntur eftir því, hvernig Guðvarður Skagfjörð hefði greitt féð til útborgunarinnar, neitaði hann að greina frá því. Taldi hann það trúnaðarmál gagnvart skjólstæðingi sínum, Guðvarði. Ekki kvað Einar Gunnar Guðvarð hafa gefið út skuldabréf það, kr. 40.000.00, er gert var ráð fyrir í samningnum, heldur hefði skuldabréf, er Jóhannes gaf út síðar, verið látið ganga til Gunnars. Gunnari hefði verið fullkunnugt um verð það, er Jóhannes greiddi fyrir húsið, og hann hafi beinlínis boðizt til að gefa út afsal fyrir því beint til Jóhannesar. Ekki mundi Einar Gunnar, hvort báðir hefðu verið viðstaddir samtímis til að undirrita skjölin, þeir Jóhannes og Gunnar.

Ákærði Einar Gunnar neitaði því með öllu, að hann hefði skrifað skattframtal fyrir Jóhannes. Vera mætti, að hann hefði tekið við upplýsingum frá honum um launatekjur hans, en hann hefði sjálfur ekki gengið frá framtalinu, og kunni hann enga skýringu á því, að því hafði ekki verið skilað í tæka tíð.

Ákærði kvað í sinni vörzlu vera 55 þúsund króna skuldabréf það, er Jóhannes hefði gefið út í sambandi við kaupin, en eigandi þess væri Guðvarður Skagfjörð Sigurðsson.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg hélt því einnig fram við fyrstu yfirheyrslu, að Guðvarður Skagfjörð hefði raunverulega gert tilboð í Þrastargötu 7. Hefðu kaup þessi síðan verið gerð, og ákærðu annazt útborgun fyrir hönd Guðvarðs, en ekkert taldi Jón Andrés Sveinn sig vita um það, hvort eða hvernig Guðvarður hefði greitt skrifstofunni fé til þeirrar útborgunar. Hann segir, að Gunnari hafi verið sagt, að Guðvarður keypti húseignina til þess að selja hana aftur. Ekki kvaðst Jón Andrés Sveinn muna, hvort Jóhannes hefði verið búinn að gera sitt tilboð, áður en Gunnar samþykkti tilboð Guðvarðs. Kvaðst hann þó hafa það á tilfinningunni, að Gunnari hefði verið kunnugt um tilboð Jóhannesar, áður en salan til Guðvarðs var endanlega ákveðin, en ekki gerði hann nánar grein fyrir þessu og taldi sig að öðru leyti muna óljóst atvik að þessum viðskiptum. Hann taldi sig ekki vita, hvort Gunnar hefði gefið út afsal til Guðvarðs, hvort Guðvarður hefði gefið út skuldabréf til Gunnars, hvort kaupsamningi hefði verið þinglýst né hvers vegna Gunnar afsalaði beint til Jóhannesar. Hann hélt því fram, að Guðvarður væri eigandi skuldabréfsins, er lægi í skrifstofunni hjá ákærðu.

Var nú gengið á Guðvarð um að gera nánari grein fyrir viðskiptunum, og játaði Guðvarður þá, að hann hefði skýrt rangt frá áður. Hann hefði aldrei verið raunverulegur eigandi að umræddri eign, heldur gert það fyrir orð ákærða Jóns Andrésar Sveins að undirrita kauptilboðið. Hann hefði engan hagnað haft af viðskiptum með eignina og hann væri ekki eigandi skuldabréfsins, er áður getur. Sér hefði ekki verið kunnugt um, er hann gerði kauptilboðið, að fyrir hafi legið kauptilboð Jóhannesar Helgasonar um 160 þúsund krónur, og eftir að hann frétti, að Jóhannes væri orðinn eigandi hússins, hefði hann talið sig lausan allra mála.

Ákærði Einar Gunnar sagði, er á hann var gengið, að hann vissi ekkert um, hvers konar samkomulag hefði verið milli Guðvarðs og Jóns Andrésar Sveins. Hann kvaðst ekki hafa vitað betur en að Guðvarður væri raunverulegur kaupandi. Hann hefði talið Guðvarð raunverulegan eiganda skuldabréfs þess, er skrifstofan varðveitti. Enn hélt Einar Gunnar fast við það, að hann hefði kynnt Gunnari tilboð Jóhannesar og að hann hefði sagt, að Guðvarður mundi ætla að braska með eignina. Gunnar hafi

þó heldur viljað taka tilboði Guðvarðs. Hélt Einar Gunnar við framburð þennan við samprófun við Gunnar Jónsson, en tók þó fram, að ekki væri víst, að hann hefði nefnt nafn Jóhannesar við Gunnar, en áreiðanlega sagt honum frá efni tilboðsins og fjárhagsástæðum tilboðsgjafa.

Var nú ákærði Jón Andrés Sveinn yfirheyrður að nýju. Játaði hann nú, að hann hefði, er Jóhannes bauð 160 þúsund krónur í húsið, fallið fyrir þeirri freistingu að hagnast þarna sjálfur um þá fjárhæð, er svaraði til mismunarins á tilboðunum. Hefði hann því fengið Guðvarð Skagfjörð til þess að vera til málamynda kaupandi að húsinu, en raunverulegur kaupandi kveðst ákærði Jón Andrés Sveinn hafa verið sjálfur. Hann hafi greitt Gunnari útborgunina, 70 þúsund krónur. Síðar hafi hann í þess stað tekið til sín útborgun Jóhannesar, samtals 65.000.00, og enn fremur skuldabréf það, er áður getur, og er það að fjárhæð 60 þúsund krónur, en ekki 55 þúsund krónur, eins og gert er ráð fyrir í kaupsamningnum, en svo sem fyrr er greint frá, hefur ekki fengizt skýring á því, hvernig á því stendur.

Enn hélt Jón Andrés Sveinn því þó fram, að sig minnti, að hann hefði lauslega minnzt á tilboð Jóhannesar við Gunnar, en Gunnar ekki sýnt á því neinn áhuga.

Ákærði Jón Andrés Sveinn hélt því fram, að hann hefði síðar verið kominn á fremsta hlunn með að fara til Jóhannesar, skýra honum frá því, hvernig viðskiptunum hefði verið háttað í raun og veru, og skila honum skuldabréfinu, ef Jóhannes greiddi honum mismuninn á útborgununum, kr. 5000.00, og einhverju sinni hefði hann farið heim til Jóhannesar þessara erinda, en Jóhannes ekki verið heima.

Við samprófanir, er fram fóru að þessu loknu, viðurkenndu ákærðu báðir, að þeir myndu aldrei hafa nefnt Jóhannes á nafn við Gunnar, og hélt Einar Gunnar því nú fram, að hann hefði ekkert vitað um tilboð Jóhannesar fyrr en síðar. Jón Andrés Sveinn hélt því einnig fram nú, að hann hefði verið alveg einn um brot sitt, og hefði hann leynt Einar Gunnar tilboði Jóhannesar, meðan stóð á samningum við Gunnar Jónsson.

Svo sem rakið hefur verið, hélt Einar Gunnar því framan af eindregið fram, að hann hefði vitað um tilboð Jóhannesar og kynnt Gunnari Jónssyni það, meðan á samningum stóð, en síðar hvarf ákærði frá þessum framburði og hélt því þá fram, að hann hefði ekkert vitað um tilboðið fyrr en síðar. Gaf hann þá skýringu á þessu, að hann hefði viljað „reyna að forða skrif-

stofu þeirra bræðra frá óorði". Kvaðst Einar Gunnar, er hann frétti, að Gunnar eða Jóhannes hyggðust kæra viðskipti þeirra, hafa gengið á ákærða Jón Andrés Svein um það, hvað satt væri í málinu, og hann haldið því fram, að hann hefði kynnt Gunnari bæði tilboðin, og þessu kveðst ákærði Einar Gunnar hafa treyst.

Rannsókn var beint að því, með hverjum hætti Jóhannes hefði greitt 5 þúsund króna geymsluféð til skrifstofunnar. Jóhannes sagði, að hann hefði þá hitt ákærðu báða í skrifstofunni, og það hefði verið að ráðum beggja, að hann var látinn greiða þetta geymslufé. Jóhannes hélt því fram, að Jón Andrés Sveinn hefði gefið kvittun fyrir fénu, en Einar Gunnar veitt því viðtöku. Einar Gunnar mótmælti því algerlega að hann hefði tekið við fénu. Hann hefði ekkert vitað um þetta fyrr en löngu síðar. Náðist ekki samræmi í framburðina þrátt fyrir samprófun.

Eftir að málið var höfðað, var enn gengið á Jóhannes um þetta atriði. Sagði hann nú, að Einar Gunnar myndi hafa skrifað kvittunina, en hann gæti þó ekkert fullyrt um það. En ákærðu hefðu báðir verið viðstaddir, er hann greiddi féð.

Þar sem rithönd ákærða Einars Gunnars virtist vera á meginmáli kvittunarinnar, var hann spurður, hvort svo væri. Kannaðist Einar Gunnar við það. En hins vegar hélt hann því enn fram, að hann myndi ekkert eftir viðtöku fjárins. Hann gaf á þessu þá skýringu, að algengt hefði verið, að hann hefði gengið frá ýmsum skjölum fyrir Jón Andrés Svein að beiðni hans, án þess að hann setti sig neitt inn í þau viðskipti, sem um var að ræða.

Að loknu þinghaldi 5. nóvember 1959 afhenti ákærði Jón Andrés Sveinn rannsóknardómaranum skuldabréf það, sem Jóhannes hafði gefið út og reyndist vera að fjárhæð kr. 60.000.00. Bréf þetta er dagsett 3. nóv. 1958. Einnig var dómaranum afhent tilboð Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar í húseignina nr. 7 við Þrastargötu með árituðu samþykki Gunnars Jónssonar. Er kauptilboðið dagsett 29. okt. 1958, en samþykki Gunnars 30. okt.

Þeir Gunnar Jónsson, ákærði Einar Gunnar og Guðvarður Skagfjörð hafa verið spurðir nánar eftir dagsetningum þessum. Einar Gunnar segir, að sér virðist sennilegast, að hann hafi misritað dagsetningu tilboðsins 29. október í staðinn fyrir 29. ágúst, því að einmitt um það leyti hafi tilboðið verið gert. Sýni það og, að um villu hafi verið að ræða, að í tilboði þessu er gert ráð fyrir, að húsið skuli rýmt fyrir 10. október. Gunnar Jónsson segist hafa undirritað samþykkið um mánaðamót ágúst og sept-

ember 1958 og hafi skjalið þá verið ódagsett og nafn Guðvarðs eigi á því. Guðvarður man ekkert fyrir víst um það, hvenær hann undirritaði skjalið, en hann hafi gert það einhvern tíma um haustið og Jón Andrés Sveinn komið til sín þeirra erinda. Við samprófun þeirra Gunnars Jónssonar og ákærða Einars Gunnars hefur ákærði kannazt við, að það muni rétt vera, að Gunnar hafi ritað nafn sitt undir samþykki við tilboðinu, áður en Guðvarður hafi ritað undir tilboðið. Hafi þetta gerzt í sambandi við það, að Gunnar var að fara úr bænum, og hafi átt að geyma samþykkið, ef tilboðið skyldi koma á meðan. Tilboðið gerir ráð fyrir 80 þúsund króna útborgun, en þeirri tölu hefur síðan verið breytt með penna í 60 þúsund. Segist Einar Gunnar hafa gert breytingar þessar eftir fyrirmælum Jóns Andrésar Sveins, sem komið hafi fram fyrir hönd Guðvarðs. Gunnar vildi ekki fallast á tilboðið, eftir að því hafði verið breytt á þessa lund, en gekk að því, er útborgunin hafði verið hækkuð upp í 70 þúsund krónur. Ekki hefur fleira komið fram til skýringar þessu atriði.

Verður nú dregið saman það, sem fram hefur komið um ákærulið I.

Gunnar Jónsson bauð í fyrstu hús sitt til sölu fyrir 140 þúsund krónur, að hann telur, en féllst að lokum á að selja það fyrir 110 þúsund krónur, þar af 70 þúsund útborgun. Þegar Gunnar féllst á þetta hinn 10. september 1958, hafði þegar borizt tilboð í eignina frá Jóhannesi Helgasyni, að fjárhæð 160 þúsund krónur. Er ljóst, að tilboð þetta lá þegar fyrir hinn 5. september, sbr. dagsetningu kvittunar fyrir 5000 króna greiðslu Jóhannesar. Þegar ákærða Jóni Andrési var kunnugt um, að fyrir lá kauptilboð í eignina, ca. 50 þúsund krónum hærra en sölutilboðið, ákvað hann að hagnast sjálfur um þennan mismun. Í því skyni fékk hann kunningja sinn til þess pro forma að gera tilboð í eignina, er Gunnar Jónsson síðan samþykkti, en síðan seldi ákærði Jóhannesi Helgasyni húsið fyrir 160 þúsund krónur. Mismunurinn rann til ákærða Jóns Andrésar Sveins. Samkvæmt samningnum átti hagnaður Jóns Andrésar Sveins að nema 50.000.00 kr., en þar sem skuldabréf það, sem Jóhannes gaf út, var að fjárhæð 60 þúsund krónur í stað 55 þúsund, virðist hagnaðurinn hafa raunverulega orðið 55 þúsund krónur. Ljóst þykir, að Gunnar hafi verið leyndur tilboði Jóhannesar og að Jóhannes hafi verið leyndur því, að húsið var til sölu við miklu lægra verði en hann bauð í það (upphaflega á 140 þúsund krónur, en um það er lauk á 110 þúsund).

Hefur ákærði Jón Andrés Sveinn þannig notfært sér rangar hugmyndir þeirra Gunnars og Jóhannesar, þ. e. ókunnugleika þeirra á tilboðum hvors annars, til þess að hafa fé af þeim og þannig gerzt sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Kemur þá til úrlausnar þáttur ákærða Einars Gunnars í broti þessu. Svo sem fram er komið, neitar hann því, að hann hafi átt þátt í því, komið aðeins lítið nærri viðskiptunum og ekki vitað, hvernig í þeim lá í raun og veru. Sömuleiðis hefur ákærði Jón Andrés Sveinn haldið því fram, eftir að hann gekkst við broti sínu, að hann hafi framið það án aðstoðar og án vitundar ákærða Einars Gunnars, og aldrei hafi verið ætlazt til þess, að hann hefði neinn hagnað af því.

Hins vegar benda eftirtalin atriði til þess, að ákærði Einar Gunnar hafi átt þátt í broti ákærða Jóns Andrésar Sveins:

a) Einar Gunnar samdi sjálfur um sölu íbúðarinnar við Gunnar Jónsson hinn 10. september 1958 og greiddi honum út 50 þúsund krónur upp í útborgun með tékka, er hann gaf út sjálfur.

b) Jóhannes Helgason heldur því fram, að Einari Gunnari hafi verið kunnugt um tilboð hans og tekið við 5000 króna greiðslu hans hinn 5. september 1958. Rithönd Einars Gunnars er á kvittun fyrir greiðslunni.

c) Jóhannes heldur því fram, að meðan á samningnum stóð, hafi hann aldrei vitað annað en Gunnar Jónsson væri seljandi að húsinu, og hafi hann þannig verið leyndur málamyndakaupum Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar. Einar Gunnar annaðist samningsgerðir af hálfu ákærðu.

d) Jóhannes heldur því fram, að Einar Gunnar hafi skrifað skattframtal hans, en á því er kaupverð hússins ranglega skráð 110 þúsund krónur.

e) Einar Gunnar hélt því í fyrstu eindregið fram í dómsrannsókn máls þessa, að hann hefði vitað um tilboð Jóhannesar og kynnt það Gunnari Jónssyni, og Gunnar hefði þannig vitað, hvað í boði var, er hann kaus að ganga að tilboði Guðvarðs. Hélt ákærði Einar Gunnar fast við þennan framburð, allt þar til að Guðvarður og Jón Andrés Sveinn höfðu horfið frá upphaflegum framburði sínum, og játaði Einar Gunnar þá, að hann hefði skýrt rangt frá til að reyna að forða skrifstofunni frá óorði. Eftir þetta hélt hann því aftur á móti fram, að hann hefði ekkert vitað um tilboð Jóhannesar, er hann samdi við Gunnar Jónsson.

Af því, sem hér síðast greinir, er í fyrsta lagi alveg ljóst, að ákærði Einar Gunnar hefur reynt að halda við ólöglegum af-

leiðingum af broti því, er framið hafði verið gagnvart Gunnari og Jóhannesi. En jafnframt verður að telja sannað, að Einari Gunnari hafi verið kunnugt um það, hvernig kaupum Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar á umræddri húseign var háttað, þegar kaupin fóru fram. Kemur þetta einkum fram í því, að sannað verður að telja, að Einar Gunnar hafi vitað um tilboð Jóhannesar þegar hinn 5. september 1958 og verið við það riðinn, er Jóhannes greiddi geymsluféð til skrifstofunnar. En eftir það annaðist Einar Gunnar um samningsgerðina við Gunnar Jónsson og leyndi hann þá tilboði Jóhannesar. Aftur á móti er ósannað, að Einari Gunnari hafi verið ætlað að hafa hagnað af brotinu.

Samkvæmt þessu telst sannað, að ákærði Einar Gunnar hafi aðstoðað ákærða Jón Andrés Svein við brot hans gegn 248. gr. hegningarlaga, og hefur Einar því einnig gerzt sekur um brot gegn sömu lagagrein, sbr. 22. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 61/1942 eru lögmenn „opinberir sýslunarmenn" og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því. Telja verður, að refsiákvæði XIV. kafla hegningarlaga taki til lögmanna, enda hefur verið litið svo á í reynd. Ákærði Einar Gunnar framdi brot sitt með misnotkun á stöðu sinni sem héraðsdómslögmaður, og ber því að ákveða honum refsingu með hliðsjón af 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Andrés Sveinn var hins vegar ekki opinber sýslunarmaður, þótt hann væri starfsmaður hjá héraðsdómslögmanni, og þykir nefnt ákvæði 138. gr. hegningarlaganna ekki eiga við hann.

Eins og áður segir, skilaði ákærði Jón Andrés Sveinn skuldabréfi því, er fól í sér hagnað hans af broti hans. Þeir Jóhannes og Gunnar hafa komið sér saman um það, hvernig þeir skuli skipta með sér þessum endurgreidda ávinning, og hafa engar bótakröfur haft uppi í máli þessu.

II.

Á árinu 1959 bjó í húsinu nr. 52 B við Njálsgötu Árni Björgvin Jósefsson afgreiðslumaður, 40 ára að aldri. Nefnt hús er timburhús með viðbyggingu úr steini, en í henni bjó Árni Björgvin. Einnig tilheyrði íbúð hans eitt herbergi í timburhúsinu. Viðbyggingin er ein hæð og kjallari, 6,3×4,3 m að stærð, rúmmál alls 145,15 m^3, en rúmmál herbergisins í timburhúsinu um 27 m^3. Árni var eigandi þessa hluta hússins.

Vorið 1959 hugðist Árni selja hús sitt og kaupa sér nýtt hús-

næði. Hafði hann í þessu skyni leitað til fasteignasala. Í apríl frétti hann af íbúð í Silfurtúni 8, er væri til sölu á vegum fasteignasölu ákærðu. Setti Árni Björgvin sig í samband við ákærða Jón Andrés Svein og gerði tilboð í nefnda eign. Kvaðst Árni hafa handbærar 30 þúsund krónur. Árið áður höfðu Ingimar Jónsson og Jórunn Álfsdóttir, eigendur að timburhúsinu Njálsgata 52 B, falað af Árna herbergi það í timburhúsinu, er sameinað hafði verið íbúð Árna, og boðið í það um 40 þúsund krónur. Gat Árni Björgvin þessa við ákærða. Hugsaði Árni Björgvin sér jafnvel, að sér mundi nægja að selja þetta eina herbergi til þess að hafa nóg fyrir útborguninni í húseignina nr. 8 við Silfurtún.

Af því tilefni, er nú var greint, hófust þau viðskipti Árna Björgvins við fasteignasölu ákærðu, er síðar leiddu til þess hinn 5. okt. 1959, að Árni Björgvin óskaði eftir opinberri rannsókn út af svikum, er hann taldi sig hafa verið beittan í viðskiptunum. Ber margt á milli í framburðum Árna og ákærðu og annarra, er um málið hafa borið, og verður að greina sérstaklega frá framburði hvers og eins hér á eftir. Áður er þó rétt að greina frá nokkrum staðreyndum, er fyrir liggja í málinu.

Guðjón Jónsson kennari, Skaftahlíð 16, en hann er mágur ákærða Jóns Andrésar Sveins, gerði skriflegt tilboð í allan eignarhluta Árna Björgvins í Njálsgötu 52 B. Bauðst hann til að kaupa eignina á kr. 200.000.00, greiða kr. 80.000.00 út, en eftirstöðvar með skuldabréfi til 10 ára. Á tilboð þetta hefur Árni Björgvin ritað hinn 6. maí 1959 samþykki sitt, þó þannig skilyrt, að kaupverðið verði kr. 220.000.00, en útborgun óbreytt.

Hinn 9. maí gera þeir Árni Björgvin og Guðjón svo kaupsamning um eignina. Kaupverð sé kr. 220.000.00, útborgun við undirskrift samnings kr. 25.000.00, útborgun 1. okt. sama ár kr. 65.000.00, kaupandi taki að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, að fjárhæð rúmlega 38 þúsund krónur, og eftirstöðvarnar skulu greiddar með veðbréfi til 10 ára.

Hinn 12. maí er svo gerður kaupsamningur milli Guðjóns Jónssonar og Ingimars Jónssonar, þar sem Ingimar kaupir af Guðjóni eitt herbergi í umræddu húsi fyrir kr. 50.000.00, er greiddar eru við undirskrift samnings. Undir samning þennan ritar fyrir sína hönd og Ingimars kona hans Jórunn Álfsdóttir.

Þá selur Guðjón með kaupsamningi, dags 6. júní 1959, Kristni Guðbjarti Óskarssyni, Bókhlöðustíg 9, eignarhluta sinn í Njálsgötu 52 B (steinbygginguna) fyrir kr. 250.000.00. Greiði Kristinn

Guðbjartur við undirskrift samnings kr. 40.000.00, 1. okt. s. á. kr. 15.000.00, fyrir árslok kr. 15.000.00. Þá tekur hann að sér að greiða veðskuldir, er á eigninni hvíla, alls kr. 123.725.91, og fyrir eftirstöðvunum gefur hann út veðskuldabréf til 10 ára.

Hefur Guðjón Jónsson samkvæmt þessu keypt eignina fyrir 220 þúsund krónur, en selt hana fyrir alls 300 þúsund, og hefur hagnaður af viðskiptunum þannig numið kr. 80.000.00.

Þess skal getið hér, að sá sami Guðjón Jónsson, sem að framan getur, gerði hinn 9. maí, þ. e. sama dag, sem kaupsamningur þeirra Árna Björgvins var gerður, samning f. h. Ara Jónssonar bróður síns, Borgarhöfn í Suðursveit, um kaup á húseigninni nr. 178 við Sogaveg fyrir kr. 200.000.00 af Grími Jónssyni. Samningi þessum var síðar riftað af hálfu seljanda, enda hafði eiginkona hans ekki samþykkt söluna fyrir sitt leyti.

Þegar Árni Björgvin gekk frá sölunni til Guðjóns Jónssonar, keypti hann jafnframt íbúðina í Silfurtúni 8 fyrir 225 þúsund krónur.

Árni Björgvin Jósefsson telur, að hann hafi verið beittur blekkingum af hálfu ákærða Jóns Andrésar Sveins Valbergs (og reyndar ákærða Einars Gunnars líka) í sambandi við húsakaup þessi, og verður nú framburður hans rakinn.

Hann segist hafa sagt ákærðu frá möguleikanum á að selja herbergið til Jórunnar og Ingimars, en segir, að ákærðu hafi báðir eindregið ráðið honum frá að eiga við þá sölu, myndi við það rýrna mjög sölugildi íbúðarinnar. Kveðst Árni hafa lagt trúnað á orð ákærðu, einkum Einars Gunnars. Jón Andrés Sveinn hafi nú óskað eftir því, að hann undirritaði sölutilboð, miðað við kr. 170.000.00 söluverð, en því kveðst Árni hafa neitað. Næsta dag kveðst Árni hafa komið í fasteignasölu ákærðu og átt tal við þá. Þeir hafi enn ráðið honum fast frá að láta sér detta í hug að selja herbergið sérstaklega. Þeir hafi nú rætt saman um væntanlegt söluverð á íbúðinni allri, og kveðst Árni Björgvin hafa talið 220 þúsund krónur, þar af 30 þúsund krónur útborgaðar, lágmarksverð af sinni hálfu.

Hinn 8. maí kveðst Árni Björgvin hafa gengið að tilboði um kaup á Silfurtúni 8. Segir hann, að reyndar hafi verið búið að breyta tilboði því, er hann hafði áður gert í eign þessa, honum í óhag, en samkomulag hafi þó orðið um kaupin og verið gengið frá því skriflega. Næsta dag kveðst hann svo hafa samþykkt kauptilboð Guðjóns Jónssonar.

Um hádegi hinn 9. maí segir Árni, að kona hans hafi sagt

honum það eftir Jórunni Álfsdóttur, að ákærði Jón Andrés Sveinn hefði boðið henni staka herbergið til kaups. Síðdegis kveðst Árni hafa farið til skrifstofu ákærðu og þá viljað afturkalla tilboð sitt um sölu á eigninni, enda hafi hann nú litið svo á, að verið væri að leika á hann í viðskiptum þessum. Ákærðu hafi brugðizt hinir verstu við, er hann sagði þeim þetta, og haldið því fram, að hann væri bundinn við tilboð sitt, sem búið væri að samþykkja. Af þessu kveðst Árni Björgvin ekki hafa séð sér annað fært en að skrifa undir kaupsamninginn við Guðjón Jónsson um Njálsgötu 52 B.

Árni Björgvin segir einnig, að eftir að hann hafi gert sölutilboðið, hafi margt fólk komið til að líta á íbúðina, og hafi ákærði Jón Andrés Sveinn sagt konu hans, að hún skyldi ekki sýna fólkinu staka herbergið með íbúðinni.

Árni kveðst síðar hafa komizt að því, að ákærði Jón Andrés Sveinn hafi þegar hinn 4. eða 5. maí verið búinn að binda það fastmælum við Jórunni og mann hennar að selja þeim herbergið.

Hefur Árni haldið því fram, að hann hafi verið með blekkingum fenginn til að gera sölutilboðið, þar sem honum hafi verið talin trú um, að hann mætti með engu móti selja herbergið frá íbúðinni, en jafnframt hafi, þegar áður en hann gerði tilboðið, verið búið að binda fastmælum um sölu á herbergi þessu, án vitundar hans. Auk þess hafi ákærðu ranglega haldið fram, að hann mætti ekki afturkalla tilboð sitt. Þá bendir Árni Björgvin á, að þáttur Guðjóns Jónssonar sé grunsamlegur. Guðjón hafi þótzt vera að kaupa eignina fyrir bróður sinn, er væri að flytjast til Reykjavíkur, en sama daginn og hann keypti af honum (Árna), hafi hann gert kaupsamning um annað hús, einnig fyrir hönd hins sama bróður síns. Telur Árni, að Guðjón hafi aldrei verið raunverulegur kaupandi, en aðeins notaður af mági sínum, ákærða Jóni Andrési Sveini, til þess að hann gæti skapað sér hagnað af viðskiptum með þessa eign. Telur Árni og, að Guðjón hafi verið látinn gera þannig tilboð í fleiri húseignir.

Ákærðu munu hafa beðið Árna Björgvin að afsala eigninni beint til Kristins Óskarssonar, en Árni neitað því, og hefur hann aldrei gefið út neitt afsal fyrir eigninni.

Ákærði Jón Andrés Sveinn heldur því fram, að Guðjón mágur hans hafi leitað eftir húsnæði fyrir Ara bróður sinn, og kveðst hann þá hafa bent Guðjóni á húsnæði, sem Árni Björgvin var að hugsa um að selja. Hafi þetta leitt til þess, að Guðjón bauð í húsnæðið 200 þúsund krónur, en Árni Björgvin hafi svarað því

með gagntilboði, 220 þúsund (sbr. hér að framan). Guðjón hafi ákveðið að taka því tilboði. Nú hafi hann haft samband við Ara, og þá komið í ljós, að Ara gazt ekki að húsnæði þessu, og var einkum óánægður með staðsetningu þess. Hafi þá strax verið farið að athuga með annað húsnæði, og húsið nr. 178 við Sogaveg verið talið koma til mála. En þar sem búið hefði verið að samþykkja með bindandi hætti tilboð Árna Björgvins, hafi Guðjón ekki haft peninga til að festa húsið við Sogaveg, ef hann yrði að standa við tilboðið gagnvart Árna. Hafi því verið tekið að athuga, hvort hægt væri að selja nágrönnunum áðurnefnt herbergi. Þetta hafi gerzt einum eða tveimur dögum áður en endanlega var gerður kaupsamningur milli Guðjóns og Árna Björgvins.

Ákærði Jón Andrés Sveinn neitar því eindregið, að þeir Einar Gunnar hafi latt Árna Björgvin að selja herbergið sérstaklega. Þá heldur hann því eindregið fram, að Árni Björgvin hafi verið látinn vita það, áður en gengið var frá kaupunum 9. maí, að Guðjón hugsaði sér að selja íbúðina strax aftur og selja herbergið sérstaklega. Jón Andrés Sveinn hefur ekki viðurkennt, að Árni Björgvin hafi óskað þess þá, að tilboð hans gengi til baka, en ákærðu mótmælt því, að það væri hægt. Heldur hann því fram, að Árni hafi, er þetta gerðist, virzt vera hinn ánægðasti með skiptin og boðið Guðjóni það, að hann skyldi afsala eigninni beint til þeirra, er kynnu að kaupa af honum.

Seinna, einkum eftir að íbúðin hafði verið seld Kristni Óskarssyni, hafi komið fram óánægja hjá Árna Björgvin yfir viðskiptunum, og hafi hann þá neitað að undirrita afsal.

Ákærði Einar Gunnar hefur borið það, að hann hafi ekki fylgzt framan af með tilraunum til að selja umrædda eign, en hins vegar komið þar nokkuð við sögu, eftir að málum var svo langt komið, að líkur voru til, að af kaupum yrði, og einu sinni hafi hann litið á húsnæðið. Einar Gunnar mótmælir algerlega, að Árna Björgvin hafi verið ráðið frá að selja sérstaklega herbergið til Ingimars og Jórunnar, en Árni hafi hins vegar sjálfur verið hræddur við það og talið, að hann mundi með því spilla sölugildi hins hlutans. Guðjón, sem verið hafi að athuga með íbúð fyrir bróður sinn, hafi ekki haft áhuga á þessari eign, ef herbergið yrði selt sérstaklega undan henni. Eftir að Guðjón hafði samþykkt gagntilboð Árna Björgvins, hafi hann haft það eftir Ara, að honum félli ekki þetta húsnæði, en hins vegar hafi Guðjón viljað standa við tilboð sitt gagnvart Árna. Einar Gunnar staðhæfir, að Árni hafi átt þess kost að láta kaupin ganga

til baka, en hann hafi haldið fast við þau, og samningurinn frá 9. maí því verið gerður. Einar Gunnar kveðst ekki hafa haft neitt samband við Jórunni og Ingimar, áður en þetta gerðist, en hins vegar kveðst hann hafa vitað það eftir upplýsingum frá Árna Björgvin, að þau myndu fús að kaupa herbergið. Einar Gunnar mótmælir því, að um málamyndasölu til Guðjóns hafi verið að ræða. Hagnaðurinn af viðskiptunum með þessa íbúð hafi runnið til Ara eða Guðjóns. Þá heldur Einar Gunnar því fram, að þegar Guðjón og Árni Björgvin sömdu endanlega um kaupin á Njálsgötu 52 B, hafi Guðjón sagt, að hann ætlaði að selja húsið aftur, þar sem Ari mundi ekki vera ánægður með það, og Árni hafi þá boðizt til að afsala eigninni beint til viðsemjanda Guðjóns.

Guðjón Jónsson staðhæfir, að hann hafi verið raunverulegur kaupandi eignarinnar fyrir hönd Ara bróður síns. Ari hafi ætlað sér að flytjast hingað með fjölskyldu sinni, og kveðst Guðjón hafa annazt um öflun húsnæðis fyrir hann. Hann kveðst hafa gert tilboð í Njálsgötu 52 B, og er Árni Björgvin Jósefsson hafi gert gagntilboð sitt hinn 6. maí, kveðst hann strax samdægurs hafa samþykkt það. Daginn eftir kveðst hann hafa hringt til Ara og tjáð honum tíðindin, en heyrt á Ara, að hann var ekki ánægður. Kaus Ari fremur hús í úthverfi bæjarins. Samdægurs kveðst Guðjón hafa frétt um húsið Sogaveg 178, skoðað það og gert strax tilboð í það. Ekki kveðst Guðjón þá þegar hafa gert neinar ráðstafanir til að selja húsnæðið á Njálsgötu 52 B eða hluta þess. Ef Jón Andrés Sveinn hafi gert slíkar ráðstafanir, hafi hann gert það án samráðs við sig.

Guðjón segir, að þegar hann gerði kaupsamninginn við Árna Björgvin 9. maí, hafi svo verið ástatt, að sér hefði verið kærast að losna alveg úr þeim viðskiptum, en hann kveðst ekki hafa talið sér fært að ganga frá samþykki sínu á tilboði Árna, enda hafi hann vitað, að Árni var búinn að gera kaupsamning um Silfurtún 8 og taka á sig fjárskuldbindingar af þeim sökum. Hafi sér því fundizt ófært annað en að standa við kaupin. Guðjón segir, að er samningurinn var gerður, hafi þeir Árni Björgvin báðir verið staddir í skrifstofu ákærðu ásamt þeim. Árni Björgvin hafi þá rætt um að fá að ráðstafa sjálfur staka herberginu, en ekki kveðst Guðjón hafi viljað fallast á það, nema lækkað væri jafnframt söluverð hins hlutans, sem næmi rýrnun á sölugildi hans, og hafi ekki gengið saman um þetta atriði. Hins vegar kveðst Guðjón hafa gengið inn á að hækka útborgun úr 80 í 90 þúsund krónur (sbr. samninga, er áður voru raktir). Gegn því

hafi Árni Björgvin boðizt til að afsala eigninni beint til þeirra, er kynnu að kaupa af honum (Guðjóni) íbúðina, til þess þannig að komizt yrði hjá nokkrum þinglýsingar- og stimpil-kostnaði.

Guðjón telur sig ekki hafa vitað fyrr en við samningsgerðina um möguleikana á að selja herbergið til Jórunnar og Ingimars. Eftir að kaupin voru um garð gengin, hafi Jón Andrés Sveinn spurt, hvort hann ætti að reyna að selja herbergið fyrir hann, og hann samþykkt það. Hafi Andrés svo séð um þá sölu. Kveðst Guðjón hafa verið uggandi um, hvort það væri heppilegt, en hins vegar hafi hann verið búinn að taka á sig svo miklar skuldbindingar, að hann hafi ekki séð sér annað fært en að selja sem allra fyrst, og látið slag standa með söluna á herberginu, þar sem hann hafi ekki vitað, hvort strax væri hægt að selja íbúðina alla.

Salan til Kristins Óskarssonar hafi ekki komið til tals fyrr en í júní.

Guðjón neitar því með öllu, að nokkur samtök hafi verið milli hans og fasteignasölunnar um umrædd kaup í því skyni að hagnast á þeim. Staðhæfir Guðjón, að fasteignasalan hafi ekkert haft upp úr kaupunum nema venjuleg sölulaun. Hagnaðinn eigi hann sjálfur.

Ari Jónsson, bróðir Guðjóns, fæddur 1921, fluttist til Reykjavíkur í júní 1959. Hann segir, að hann hafi falið Guðjóni að útvega sér húsnæði. Í maíbyrjun hafi Guðjón tilkynnt honum í síma, að hann væri búinn að festa kaup á húseigninni Njálsgötu 52 B fyrir hann. Ari segir, að sér hafi ekki litizt á þetta, og látið í ljós, að hann hefði fremur kosið húseign í úthverfi. Nokkru síðar hafi Guðjón svo hringt aftur og sagzt vera búinn að festa kaup á einbýlishúsi við Sogaveg, og kveðst Ari hafa mælzt til, að hann semdi um þau kaup. Hafi Guðjón síðan alveg haft með þetta að gera. Ari heldur því fram, að fasteignasala ákærðu hafi ekki haft neinn hag af kaupunum og sölunni á Njálsgötu 52 B. Kveður Ari hagnaðinn renna til sín sjálfs eða þeirra Guðjóns.

Vitnið Jórunn Álfsdóttir, Njálsgötu 52 B, fædd 1888, hefur borið það, að henni og manni hennar hafi leikið hugur á því herbergi hússins, sem tengt hafði verið íbúð Árna Björgvins, og falað það af honum. Hann hafi ekki gefið nein ákveðin svör og síðan hafi ekkert verið samið við hann, en hinn 12. maí 1959 hafi svo verið gerður kaupsamningur um þetta herbergi fyrir milligöngu ákærða Jóns Andrésar Sveins. Það hafi verið um það

bil viku fyrir 12. maí, sem Jón Andrés Sveinn kom og bauð henni herbergið til kaups. Kveðst hún hafa verið fús til að kaupa herbergið, og Jón Andrés Sveinn þá sagzt ætla að bera þetta undir Guðjón Jónsson, sem væri seljandi. Tveimur dögum síðar hafi Jón Andrés Sveinn tilkynnt henni, að Guðjón væri fús að selja. Enn síðar hafi hann komið á fund hennar á laugardegi, og beðið hana að koma á tilsettum tíma og ganga frá kaupunum, og það hafi hún gert. Afsal hefur hún aldrei fengið fyrir herberginu.

Maður Jórunnar, Ingimar Jónsson, er sjúklingur (hefur fengið heilablóðfall) og hefur ekki getað komið fyrir dóm, enda virðist Jórunn hafa séð alveg um kaupin fyrir hönd þeirra hjóna.

Vitnið Kristinn Guðbjartur Óskarsson segir, að örfáir dagar hafi liðið, frá því að hann vissi um íbúðina á Njálsgötu 52 B og þar til hann keypti hana 6. júní 1959.

Samprófun Árna Björgvins við þá Einar Gunnar og ákærða Jón Andrés Svein leiddi ekki til samræmis í framburðum þeirra. Hélt Árni fast við það, að þeir hefðu neitað því með öllu hinn 9. maí, að Jórunni hefði verið boðið herbergið til sölu, en ákærðu kváðust ekki minnast þess. Þeir héldu því einnig fram gagnstætt framburði Árna, að Guðjón hefði verið fús til að láta kaupin ganga til baka, en Árni ekki viljað það. Jón Andrés Sveinn neitaði því enn með öllu, að hann hefði talið Árna af því að selja herbergið sérstaklega. Hann hélt því enn fram, að Árna hefði við samningsgerðina verið kunnugt um, að Guðjón ætlaði sér að selja strax aftur. Náðist ekkert samræmi við Árna um þessi atriði né önnur, svo sem þau, hvort Árni hefði boðizt til að afsala eigninni beint til þeirra, er keyptu af Guðjóni.

Svo sem í upphafi er greint, telur ákæruskjal ætlað brot ákærða Jóns Andrésar Sveins gegn 248. gr. almennra hegningarlaga fólgið í því, að ákærði hafi leynt Árna Björgvin kauptilboði Ingimars Jónssonar í því skyni að fá hann til að fallast á að selja eignina fyrir augljóslega of lágt verð. Atvikalýsing sú hin langa, er á undan fer ákæruskjali, skýrir ekki nánar né víkkar þessa ákæru.

Skal nú athugað, hvort ákærði Jón Andrés Sveinn hafi framið verknað þann, er ákæra greinir.

Kemur þá fyrst til álita, hvort verð það, er Árni Björgvin seldi eignina fyrir, hafi verið augljóslega of lágt. Til skýringar þessu atriði voru dómkvaddir þeir Vagn E. Jónsson héraðsdómslögmaður og Bragi Þorsteinsson verkfræðingur, og skyldu þeir

skoða eignina og segja til þess, hvert verið hefði sanngjarnt söluverð hennar á umræddum tíma. Í skýrslu sinni lýsa matsmennirnir eigninni og komast að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnt verð hennar, miðað við kaupsamninginn 9. maí 1959, hefði verið kr. 235.000.00. Ekki telja þeir þó, að söluverðið 220 þúsund krónur geti talizt óhæfilega lágt. En kaupverðið á eigninni samkvæmt samningnum 6. júní, kr. 250.000.00, eftir að eitt herbergi hafði verið tekið undan, telja þeir óhæfilega hátt, enda fari það langt fram úr því verði, er kostað hefði að smíða nýtt steinhús á lóðinni af sömu stærð, þótt eignarlóðarréttindi væru metin hæsta gangverði.

Af framanskráðri atvikalýsingu er ljóst, að sitthvað er grunsamlegt af hálfu ákærða Jóns Andrésar Sveins og raunar Einars Gunnars líka í sambandi við viðskiptin með Njálsgötu 52 B. Guðjón Jónsson telur sig vera að kaupa eignina fyrir bróður sinn. Hann gerir þó annan kaupsamning um aðra húseign sama dag, einnig fyrir hönd hins sama bróður síns. Hann ber því við, að hann hafi gert það vegna þess, að Ari hafi þá verið búinn að láta í ljós, að hann væri óánægður með húsið við Njálsgötu. Guðjón hverfur þó ekki frá kaupum á því húsi. Hann heldur því fram, að hann hafi talið sig bundinn af samþykki, er hann segist hafa gefið við hinu nýja tilboði Árna Björgvins frá 6. maí (þ. e. samþykki Árna á fyrsta tilboði Guðjóns með því skilyrði, að kaupverð hækki um 20 þúsund kr.). En ekki verður séð, að Guðjón hafi nokkurn tíma samþykkt þetta nýja tilboð Árna Björgvins með þeim hætti, er bindandi væri fyrir hann, og hefði hann því löglega getað horfið frá kaupunum á Njálsgötu 52 B, ef hann hefði viljað. Gerir þetta þátt Guðjóns Jónssonar í kaupum þessum næsta tortryggilegan. Þá er að sjá af framburði Jórunnar Álfsdóttur, að ákærði Jón Andrés Sveinn hafi þegar um 5. maí boðið henni eitt herbergi af íbúðinni til kaups, þ. e. á þeim tíma, er Guðjón telur sig ekki hafa vitað annað en að Ari mundi sætta sig við íbúðina. Er mjög óeðlilegt, að herbergið skyldi boðið fram til sölu, áður en gengið var úr skugga um, hvort Ari sætti sig við íbúðina. Bendir þetta til þess, að í upphafi hafi það verið ætlun ákærða Jóns Andrésar Sveins að láta mág sinn kaupa íbúðina til þess að selja hana aftur og skapa sér þannig hagnað. Samkvæmt því, sem Árni Björgvin Jósefsson lýsir atvikum öllum að skiptum sínum við ákærða, eru allar líkur til þess, að tilgangur þeirra Guðjóns og Jóns Andrésar Sveins hafi verið þessi. Rétt er að taka hér fram, að

á þessum tíma var þó kauptilboð Kristins Guðbjarts Óskarssonar ekki komið fram, enda kom hann ekki við sögu fyrr en alllöngu síðar.

En gegn samhljóða neitun ákærðu er ósönnuð sú staðhæfing Árna Björgvins, að ákærðu hafi blekkt hann með því að leyna hann kauptilboði Ingimars Jónssonar og Jórunnar konu hans. Hafa ekki komið fram næg gögn til styrktar þessum framburði Árna. Á það er og að líta, að Árni Björgvin vissi fyrstur manna um óskir þeirra hjóna að fá herbergið keypt. Og ekki er sannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi reynt að telja Árna af því að eiga kaup við þau Jórunni og Ingimar. Loks er á það að líta, að Árni Björgvin fékk engan veginn óhæfilega lágt verð fyrir íbúðina, enda þótt ákærðu og Guðjóni tækist síðar að selja hana fyrir óhæfilega hátt verð.

Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna ákærða Jón Andrés Svein Valberg af ákærulið II.

III.

Refsing hinna ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 68. gr. sömu laga að svipta ákærða Einar Gunnar Einarsson leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Dæma ber ákærða Jón Andrés Svein til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og ákveðast þau kr. 6000.00. Verjandi ákærða Einars Gunnars, Kristján Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum, ef svo færi, að skjólstæðingur hans yrði sakfelldur.

Allan annan sakarkostnað ber að ákveða, að ákærðu greiði in solidum, þar á meðal málssóknarlaun sækjandans, Benedikts Blöndals cand. juris, er ákveðast kr. 6000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Einar Gunnar Einarsson og Jón Andrés Sveinn Hallgrímsson Valberg, sæti, hvor um sig, fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Einar Gunnar Einarsson er sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Ákærði Jón Andrés Sveinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal kr. 6000.00 í málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Benedikts Blöndals cand. juris.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1962.

Nr. 59/1961. **Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Hallórsson og Egill Skúli Ingibergsson**
gegn
Ágúst Sigurðssyni og til réttargæzlu Kristínu Gissurardóttur og Höskuldi Jóhannessyni og Guðbjörgu Þórðardóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að láta fara fram mat dómkvaddra kunnáttumanna á:

1) hæfilegu söluverði hinn 10. júní 1958 á rishæð í húsinu nr. 48 við Drápuhlíð í Reykjavík með þeim gögnum og gæðum, er segir í kaupsamningi aðilja 10. júní 1958 og afsali 15. september 1958, enda sé við matið tekið tillit til lýsingar þeirrar á nefndu húsnæði, sem fram kemur í matsgerðum 10. apríl 1959 og 13. júní 1959,
2) hæfilegu söluverði hinn 10. júní 1958 á húseigninni nr. 7 við Bústaðahverfi í Reykjavík, er gekk upp í kaupverð rishæðarinnar í húsinu nr. 48 við Drápuhlíð.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra matsgerða.

Föstudaginn 16. marz 1962.

Nr. 132/1961. **Hraðfrystihús Dýrfirðinga**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Vísundi h.f. (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um greiðsluskyldu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1961 og gert eftirfarandi dómkröfur:

„I. *Að* hann verði algerlega sýknaður af greiðslu á kr. 70.000.00, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af þeirri fjárhæð, og

II. *að* hann verði að svo stöddu sýknaður af greiðslu á hinum hluta kröfunnar, kr. 35.000.00, og loks

III. *að* stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati Hæstaréttar, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður."

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með útgáfu „ábyrgðaryfirlýsingarinnar" 28. maí 1958, sem tekin er upp í héraðsdóminn, tókst áfrýjandi á hendur beina greiðsluskyldu gagnvart stefnda á leigu fyrir m/s Vísund við handfæraveiðar yfir það 4 mánaða leigutímabil, sem um er að ræða. Upp í þessa leigu greiddi hann samtals kr. 35.000.00, en eftir standa kr. 105.000.00.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hraðfrystihús Dýrfirðinga, greiði stefnda, Vísundi h.f., kr. 9.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1961.

Mál þetta, er dómtekið var 15. þ. m., hefur Vísundur h.f., Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. marz 1959, gegn Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga, Dýrafirði, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 105.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. september 1958 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara* krefst hann sýknu að svo stöddu. Svo krefst hann í báðum þessum tilfellum málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til *þrautavara* krefst stefndi lækkunar á stefnukröfunni niður í kr. 35.000.00, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að með leigusamningi, dags. 30. maí 1958, leigði stefnandi Einari Karli Magnússyni, Tjarnarbraut 3, Hafnarfirði, m/s Vísund, RE 280, til handfæraveiða, og var leigutímabilið frá 30. maí 1958 til 30. september 1958. Leigugjaldið var ákveðið kr. 35.000.00 á mánuði og átti að greiðast hálfsmánaðarlega með kr. 17.500.00. Einnig var tekið fram í samningnum, að leigutaki setti sem tryggingu fyrir greiðslu leigunnar ábyrgð stefnda, og átti stefndi að annast greiðslu leigunnar til stefnanda. Leigutaki var búinn að útvega sér ábyrgð þessa, þegar leigusamningurinn var gerður, og var hún dagsett 28. maí 1958. Ábyrgðarskuldbinding stefnda hljóðaði þannig:

„Vér undirritaðir ábyrgjumst fyrir Einar Karl Magnússon, Tjarnarbraut 3, Hafnarfirði, kr. 70.000.00, sjötíu þúsund krónur, sem leigu á m/s „Vísundur", RE 280, í 2 mánuði á handfæraveiðum.

Ábyrgð þessi innleysist með kr. 17.500.00 hálfsmánaðarlega til eigenda bátsins, og lækkar hún við hverja greiðslu, sem henni nemur.

Að lokum ofangreinds tímabils endurnýjast ofangreind ábyrgð um aðra 2 mánuði á sama hátt.

p. t. Reykjavík, 28. maí 1958.
pr. pr. Hraðfrystihús Dýrfirðinga.
Eiríkur Þorsteinsson."

Með viðbótarsamningi, sem einnig var dagsettur 30. maí 1958, heimilaði stefnandi máls þessa Einari Karli að nota skipið umfram handfæraveiðar einnig til reknetjaveiða, en þá bar Einari Karli að setja fullnægjandi tryggingu fyrir sjóveðshættu. Skyldi sú trygging vera þannig, að stefnandi gæti sætt sig við hana.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að stefndi hafi með ábyrgðaryfirlýsingunni frá 28. maí 1958 tekið á sig að ábyrgjast greiðslu leigunnar fyrir Vísund, RE 280, fyrir allt tímabilið, eða í fjóra mánuði, en aðeins hafi fengizt greidd leiga fyrir einn mánuð, og sé því 3ja mánaða leiga ógreidd, eða alls kr. 105.000.00, og þar sem útilokað sé að fá skuld þessa greidda hjá aðalskuldaranum, þá hljóti stefndi að eiga að greiða hina umstefndu fjárhæð, eins og krafizt er.

Kröfu sína um sýknu að svo stöddu byggir stefndi á því, að aðeins sé um einfalda ábyrgð að ræða, og því beri stefnanda að reyna fyrst til þrautar, hvort ekki sé hægt að fá skuldina greidda hjá Einari Karli.

Í stefnu málsins er sagt, að stefnda og stefnanda sé kunnugt, að aðalskuldarinn, Karl Einar Magnússon, sé með öllu ófær að greiða skuldina. Þessu neitar stefndi í greinargerð sinni. Stefnandi sneri sér þá til fógetaréttar Hafnarfjarðar og beiddist þess, að löghald yrði gert fyrir kr. 105.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði í eignum Einars Karls til tryggingar greiðslu leiguskuldarinnar. Fyrir Einar Karl mætti kona hans, Ólína Sigríður Júlíusdóttir. Lýsti hún því yfir, að engar eignir væru til í búinu nema nauðsynlegustu innanstokksmunir, og var löghaldsgerðin því árangurslaus. Löghaldsgerð þessi fór fram 13. apríl 1960. Stefnandi telur, að þetta sé nægilegur grundvöllur til að heimilt sé að ganga að stefnda, enda þótt um einfalda ábyrgð sé að ræða.

Stefndi telur löghaldsgerðina hins vegar ekki nægja.

Dómarinn lítur svo á, að árangurslaus löghaldsgerð, þar sem upplýst er, að engar eignir séu fyrir hendi í búi gerðarþola, sé nægileg sönnun þess, að hann eigi ekki eignir til greiðslu skuld-

ar þessarar, og verður krafa stefnda um sýknu að svo stöddu því ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ábyrgðarskuldbindingin hafi verið bundin við handfæraveiðar, en það hafi einmitt verið forsenda fyrir því, að ábyrgðin var gefin, en stefnandi hafi hins vegar hjálpað Einari Karli til að fara á aðrar veiðar en handfæraveiðar með því að heimila honum að nota skipið til reknetjaveiða.

Ekki er í ljós leitt í máli þessu, að stefnandi hafi á nokkurn hátt tekið að sér að tryggja það, að Einar Karl legði upp hjá stefnda, og ekki telst stefnandi heldur eiga sök á því, þótt Einar Karl hafi ekki staðið við samningana við stefnda. Verður því ekki fallizt á, að stefndi sé óbundinn af ábyrgðarskuldbindingunni af þessum sökum.

Einnig byggir hann sýknukröfu sína á því, að ef um einhverja skuld væri að ræða, þá væri sú skuld löngu gerð upp, annaðhvort með greiðslum eða skuldajöfnuði. Ekki hefur stefndi fært nein rök fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verður sýknukrafan því ekki tekin til greina, enda er því haldið fram af stefnanda, að stefndi hafi aðeins greitt kr. 35.000.00.

Verður nú þrautavarakrafa stefnanda tekin til athugunar.

Stefndi byggir þrautavarakröfu sína á því, að í ábyrgðaryfirlýsingunni hafi hann aðeins tekið ábyrgð á greiðslu leigu í tvo mánuði, þar sem síðasta málsgrein ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi aðeins gert ráð fyrir þeim möguleika, að ábyrgðin framlengdist um aðra tvo mánuði, að loknum hinum tveggja mánaða ábyrgðartíma, enda yrði frá því gengið á formlegan hátt, þegar að því kæmi. Bendir hann í því sambandi á dskj. nr. 9 í máli þessu, en það er skuldbinding Einars Karls um að leggja afla upp hjá stefnda. Í skjalinu er þess getið, að stefndi hafi gefið Einari Karli ábyrgð, að upphæð kr. 70.000.00. Einnig bendir hann þessu til stuðnings á dskj. nr. 10, en það er ábyrgðarskuldbinding Fiskiðjuvers Sauðárkróks h.f., að upphæð kr. 35.000.00, en samkvæmt henni ábyrgðist Fiskiðjuverið mannakaup á m/s Vísundi. Skuldbinding þessi var gefin út 15. ágúst 1958. Á ábyrgðarskuldbindingu þessari var strikað yfir nokkur orð í textanum, en fyrir ofan og í staðinn fyrir hin útstrikuðu orð sett orðin „sem tryggingu fyrir mannakaupi á“, en stefndi telur, að þarna hafi staðið orðin „sem leiga fyrir“. Stefndi telur þetta sönnun þess, að útveguð hafi verið ný ábyrgð fyrir leigunni, enda hafi ábyrgð sín fallið niður um mánaðamótin júlí—ágúst 1958.

Stefán Franklín, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að ekki hafi verið gengið frá leigumálanum á bátnum, fyrr en ábyrgð stefnda fékkst á 4ra mánaða leigugjaldi. Einnig skýrði hann svo frá, að ekki hafi verið gengið frá dskj. 10, fyrr en búið var að breyta texta þess í það horf, sem það nú er í. Hann kveður Eiríks Þorsteinsson, framkvæmdastjóra stefnda, hafa tjáð sér, að Einar Karl hafi svikizt um að leggja afla skipsins upp hjá stefnda, og bað Eiríkur Stefán að reyna að fá ábyrgðaryfirlýsingu eða greiðslu á þeirri leigu, sem ógreidd var hjá Fiskiðjuveri Sauðárkróks h.f., svo stefndi gæti losnað úr ábyrgðinni. Stefán kvað framkvæmdastjóra Fiskiðjuvers Sauðárkróks h.f. ekki hafa viljað gefa frekari ábyrgð en felst í dskj. 10.

Dómarinn telur, að í orðalagi ábyrgðaryfirlýsingar stefnda felist ábyrgð á greiðslu leigugjalds fyrir Vísund, RE 280, í 4 mánuði, og að ekki geti það haft nein áhrif á ábyrgðaryfirlýsingu þessa, þó talað sé um kr. 70.000.00 í yfirlýsingu Einars Karls til stefnda á dskj. 9, og þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi fengið leiguskuld þessa greidda frá öðrum, þá verða kröfur stefnanda teknar til greina, þannig, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 105.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. september 1958 til greiðsludags.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.500.00.

Grétar Haraldsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Dýrfirðinga, greiði stefnanda, Vísundi h.f., kr. 105.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. september 1958 til greiðsludags og kr. 11.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. marz 1962.

Nr. 20/1962. **Sigurður Sigurðsson**
gegn
Guðmundi Sigurðssyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 7. febrúar þ. á., sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávísunardómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 1. s. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hæstaréttardómur sá frá 9. október 1961 í útburðarmáli málsaðilja, sem um getur í héraðsdómi, felur eigi í sér bindandi úrslit sakarefnis í bæjarþingsmáli þessu. Og þótt sóknaraðili hafi lýst því í greinargerð, að sonur hans Guðfinnur muni einnig eiga tiltekinn hundraðshluta íbúðar þeirrar, sem um er að tefla, standa ekki ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 né aðrar réttarreglur því í vegi, að sóknaraðili leiti einn dómsúrlausnar um, hvort hann eigi þann hluta íbúðarinnar, sem hann krefur í máli þessu, en þau dómsúrslit binda að sjálfsögðu ekki aðra en aðilja máls þessa.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að leggja efnisdóm á bæjarþingsmál málsaðilja.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febrúar 1962.

Mál þetta var tekið til dóms í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 21. nóvember 1959. Stefnandi er Sigurður Sigurðsson sjómaður, þá til heimilis að Bergþórugötu 33 hér í borg, en stefndi Guðmundur Sigurður Sigurðsson, Suðurgötu 23 í Keflavík.

Í stefnu segir, að kröfur stefnanda séu þær, að stefndi verði með dómi skyldaður til að afsala stefnanda íbúðinni á 2. hæð Bergþórugötu gegn greiðslu á hálfu kaupverði íbúðarinnar, en til vara hálfu verðmæti íbúðarinnar samkvæmt mati dómkvaddra manna. Þá segir í stefnunni, að stefnandi krefjist málskostnaðar eftir mati dómsins.

Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnanda hinn 12. janúar 1960. Þar er kröfugerð breytt og þess krafizt, að stefndi verði með dómi skyldaður til að afsala stefnanda fyrrnefndri íbúð gegn greiðslu á 56.25% af kaupverði hennar eða því verði, sem fundið verði með mati tveggja dómkvaddra manna, enda muni stefnandi þá leysa út arfshluta Guðfinns sonar síns, 6.25% af íbúðinni, miðað við sama verð. Jafnframt var krafizt málskostnaðar.

Með bókun, sem gerð var á bæjarþingi hinn 3. febrúar 1961, var kröfum, sem gerðar eru af hálfu stefnanda, enn breytt í þá átt, að þess er krafizt, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi sé eigandi að 37.5% af íbúðinni, sem áður er nefnd. Þá var krafizt málskostnaðar.

Við munnlegan flutning málsins voru síðastgreindar kröfur ítrekaðar.

Hinn 22. marz 1960 lagði lögmaður stefnda fram greinargerð, þar sem krafizt er sýknu og málskostnaðar. Er kröfum stefnanda hafði verið breytt hinn 3. febrúar 1961, var bókað eftir lögmanni stefnda:

„Lögmaðurinn kveðst samþykkja það að flytja málið á hinum nýja grundvelli, en áskilur sér þó rétt til að hafa uppi kröfu um málskostnað, verði málinu vísað frá eða ómerkt og ekki dæmt að efni til. Hins vegar krefst hann algerrar sýknu af hinum breyttu kröfum og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda."

Í nýrri greinargerð, sem fram var lögð 15. febrúar 1961, segir lögmaður stefnda: „Ég flyt mál þetta fyrir stefnda og geri þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Sérstaklega er krafizt ríflegs málskostnaðar í

þeim þætti málsins, sem stefnandi hefur nú fellt niður, en verið hefur fyrir bæjarþinginu síðan 8. desember 1959.“ Við flutning málsins voru þessar kröfur ítrekaðar.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dagsettu 28. febrúar 1939, afsalaði Bertel Andrésson til Ásgeirs Halldórssonar fasteigninni Njálsgötu 44 hér í borg. Því er haldið fram af stefnanda, að Ásgeir hafi verið talinn eigandi til málamynda, raunverulegir eigendur hafi verið hjónin Guðmundur Helgason og Sesselja Árnadóttir, en þau voru foreldrar Helgu Kristínar, fyrri konu stefnanda. Er ekki umdeilt í málinu, að frá þeim Guðmundi og Sesselju hafi komið fé það, sem kom til útborgunar við húskaupin, kr. 3.600.00, en nokkru hærri upphæð höfðu þau hjónin fengið skömmu áður frá Tryggingastofnun ríkisins í dánarbætur eftir tvo syni sína. Ásgeir gaf út skuldabréf til Sesselju 14. marz 1939 fyrir kr. 3.600.00.

Sesselja Árnadóttir lézt 10. júlí 1939. Í málinu hefur verið lögð fram svohljóðandi kvittun undirrituð af tveim dætrum þeirra Guðmundar:

„Ásgeir Halldórsson hefur í dag greitt okkur upp í skuldabréf til Sesselju Árnadóttur, útg. 14. marz 1939, kr. 1125.00 .... Lýsum við hér með yfir því, að við höfum sem erfingjar Sesselju eigi frekari kröfur að gera út af fyrrnefndu skuldabréfi.

Reykjavík, 25. maí 1940.

Regína S. Guðmundsdóttir. Sesselja Guðmundsdóttir.“

Því er haldið fram af stefnanda, að eignir Sesselju Árnadóttur hafi verið hálf húseignin Njálsgata 44. Hafi verðmætið, þegar tillit hafi verið tekið til skulda, verið kr. 1.800.00, eða hálft skuldabréf, sem Ásgeir Halldórsson hafi gefið út. Krafa til arfs hafi ekki komið fram frá öðrum en fyrri konu stefnanda og þeim tveim systrum hennar, sem rituðu undir kvittunina frá 25. maí 1940. Hafi því hver þeirra átt að fá í arf þriðjung af helmingi eignarinnar, og hafi arfshluti hverrar þeirra því verið kr. 600.00. Stefnandi heldur því fram, að hann, en ekki Ásgeir Halldórsson, hafi greitt þeim systrum Regínu og Sesselju Guðmundsdætrum kr. 1.200.00, en af því fé hafi kr. 75.00 farið til að kosta lögfræðilega aðstoð, svo að kvittað hafi verið kr. 1.125.00. Stefnandi heldur því fram, að hann og fyrri kona hans hafi með þessu orðið eigendur að eignarhlutum mágkvenna hans, ⅓ hluta alls hússins. Þar sem fyrri kona hans hafi fengið í arf eftir móður sína ⅙ hússins, hafi þau hjónin eftir þetta átt það hálft, en Guðmundur Helgason, tengdafaðir stefnanda, jafnmikið.

Með afsali, dagsettu 12. febrúar 1942, afsalaði Ásgeir Halldórsson Njálsgötu 44 til stefnda. Stefndi er sonur stefnanda og fyrri konu hans, og var hann 3 ára, er þetta gerðist, fæddur 2. nóvember 1938. Ritaði stefnandi undir afsalið f. h. stefnda. Stefnandi heldur því fram, að afsal þetta hafi einnig verið gert til málamynda að því leyti, að hann og fyrri kona hans hafi eftir sem áður verið eigendur að hálfu húsinu. Stefndi hafi hins vegar við þetta orðið eigandi að hinum helmingnum, þeim er Guðmundur Helgason hafi átt áður.

Helga Kristín Guðmundsdóttir, fyrri kona stefnanda og móðir stefnda, lézt 18. desember 1947. Þau hjón áttu þrjú börn, Sesselju (f. 1930), stefnda og Guðfinnur (f. 16. nóvember 1941). Stefnandi heldur því fram, að skv. lagareglum um arfskipti hafi hann og börn hans eftir lát Helgu Kristínar átt Njálsgötu 44 saman þannig: Stefnandi 25% + 6.25% = 31.25%, Sesselja 6.25%, stefndi 50% + 6.25% = 56.25% og Guðfinnur 6.25%. Árið 1950 var Njálsgata 44 seld, og ritar stefnandi undir afsal, dagsett 7. september, f. h. stefnda. Í staðinn var keypt 2. hæð hússins Bergþórugötu 33. Var eigninni afsalað 15. september til stefnda, og ritar stefnandi undir afsalið fyrir hans hönd. Skv. afsölunum var verð Njálsgötu 44 kr. 120.000.00, en verð 2. hæðar Bergþórugötu 33 kr. 110.000.00. Heldur stefnandi því fram, að hann og börn hans hafi átt síðarnefndu eignina saman og eignarhlutar hvers þeirra hafi verið hinir sömu og fyrr greinir um Njálsgötu 44. Þá heldur stefnandi því fram, að hann hafi greitt dóttur sinni út arfshluta eftir móður hennar 24. apríl 1951 og þar með orðið eigandi að hennar hluta í eigninni. Með því að bæta þeim hluta við þann hluta, sem stefnandi telur sig hafa átt áður, fæst sá eignarhluti, 37.5%, sem tiltekinn er í dómkröfu stefnanda. Stefnandi bjó jafnan að Njálsgötu 44 og síðar að Bergþórugötu 33.

Í málinu hafa komið fram skjöl og vitnisburðir um nánari málsatvik, en ekki þykir ástæða til að rekja þau frekar en gert hefur verið eða geta mótmæla og málavaxtalýsingar, sem fram hefur komið af hálfu stefnda og er í verulegum atriðum önnur en hér hefur verið rakið.

Það er komið fram í málinu, að 24. janúar 1959 birtu stefnuvottar stefnanda máls þessa bréf, þar sem lögmaður stefnda segir honum fyrir stefnda hönd upp „leiguafnotum af íbúð Guðmundar á Bergþórugötu 33, til brottflutnings 14. maí 1959 ....“

Hinn 25. marz 1959 ritaði lögmaður stefnanda bréf til stefnda. Segir þar m. a.: „Yður mun kunnugt, að þér eruð ekki eigandi

að meiru en helmingi íbúðar þessarar, þrátt fyrir það þó þér séuð þinglýstur eigandi að henni allri að formi til. Þannig er krafa sú, sem lögfræðingurinn ber fram yðar vegna, hvað yður snertir, vísvitandi röng". Síðan tekur lögmaður stefnanda fram, að hann vilji koma á sáttum „um að hann leysi yður út úr sameigninni á íbúðinni, t. d. á þann hátt, að söluverð húseignarinnar Njálsgata 44 hér í bæ verði lagt til grundvallar, en það mun hafa verið kr. 160.000.00."

Hinn 25. maí 1959 óskaði lögmaður stefnda eftir því, að stefnandi yrði borinn út úr húsnæðinu að Bergþórugötu 33. Greinargerðir komu fram af hálfu lögmanna beggja aðilja. Í greinargerð lögmanns stefnanda er þess krafizt, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og það stutt þeim rökum, „a) að réttur gþ (sic) til hinnar umdeildu íbúðar sé eigi nægilega glöggur til þess að útburði varði og b) að uppsögnin á dómskj. nr. 2 sé markleysa".

Fyrri málsástæðan er rökstudd mjög með sama hætti og kröfur stefnanda í máli þessu. Þó segir í lok þess kafla greinargerðarinnar, sem um þetta fjallar: „Eign þessa eiga gb. og gþ. í óskiptri sameign, þótt gþ. hafi eigi formlega heimild fyrir eignarrétti sínum. Eignarhlutföll hafa eigi verið gerð upp, en eignarhluti gþ. er þó stærri, þar sem gþ. hefur greitt allt af framangreindum eignum, nema erfðahluta gb."

Þá segir: „Aðal-heimildin fyrir útburðargjörðum er N.L. 6—14—6. Samkvæmt þeirri grein er heimilt að láta fógeta bera þann mann út úr leiguhúsnæði, sem eigi vill flytja þaðan, þótt honum hafi verið löglega sagt upp. Eigi verður þetta þó gert, nema réttur gb. sé skýr. Eins og að framan segir, þá er eignarrétti að 2. hæð fasteignarinnar nr. 33 við Bergþórugötu þannig farið, að hann er í óskiptri sameign gb. og gþ. Er niðurstaða mín því sú, að réttur gb. sé svo vafasamur, að gerðin geti eigi náð fram að ganga."

Síðari málsástæðan, sem lögmaður stefnanda í máli þessu setti fram í útburðarmálinu, var rökstudd því, að stefnandi ætti stærri eignarhluta í hinni umdeildu íbúð og hefði sem slíkur rétt til að hafa afnot hennar.

Stefnandi máls þessa kom fyrir fógetadóm svo og Sesselja dóttir hans og stefndi í máli þessu. Þá voru ýmis skjöl lögð fram í fógetadómi.

Útburðarmálið var munnlega flutt 20. nóvember 1959, og úrskurður gekk 4. janúar 1960. Þar eru m. a. rakin sjónarmið stefn-

anda. Niðurstaða dómarans er þessi: „Með tilliti til þess sem fram hefur komið í málinu, sbr. sérstaklega veðbókarvottorðið og framtöl aðilanna, þykir ekki verða hjá því komizt að taka útburðarkröfuna til greina ....“

Úrskurði fógetadóms var skotið til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1960. Í dómi Hæstaréttar segir m. a.:

„Eftir uppkvaðningu úrskurðar fógeta hefur margs háttar gagnasöfnun farið fram í bæjarþingsmáli málsaðilja, og hafa þau gögn verið lögð fyrir Hæstarétt í máli þessu. Þessi gögn eru þó eigi fullnægjandi til að hnekkja þeim rétti, er stefndi sem skráður eigandi nefndrar íbúðar samkvæmt þinglýsingarbókum og öðrum opinberum skjölum hefur til að segja upp afnotum íbúðarinnar. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.“

Álit dómarans er þetta:

Í útburðarmáli aðilja hefur verið um það dæmt, hvort stefnda hafi verið heimilt að segja stefnanda upp afnotum íbúðarinnar að Bergþórugötu 33. Varð niðurstaðan sú, að stefnda væri þetta heimilt. Dómarinn lítur svo á, að eftir reglum íslenzks réttar um félagsskap og sameign geti stefnda ekki verið þetta heimilt, nema hann sé einn eigandi íbúðarinnar, enda er hér um að ræða verulega breytingu á nýtingu eignarinnar. Verður því að telja, að í útburðarmálinu hafi verið dæmt, að stefndi sé einn eigandi hinnar umdeildu íbúðar. Ber því að vísa máli þessu frá dómi án kröfu skv. 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Í máli þessu er því haldið fram af hálfu stefnanda, að Guðfinnur sonur hans sé einn af eigendum hinnar umdeildu íbúðar. Hagsmuna Guðfinns hefur ekki verið gætt sérstaklega í málinu. Hann tók ekki þátt í málshöfðun og honum hefur ekki verið stefnt. Þegar af þessari ástæðu bæri því og að vísa málinu frá dómi án kröfu, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað skv. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Þór Vilhjálmsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Bæjarþingsmáli nr. 1570/1959 er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sigurður Sigurðsson, greiði stefnda, Guðmundi S. Sigurðssyni, kr. 1.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. marz 1962.

Nr. 61/1961. **Gunnar Gunnarsson**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Bæjarsjóði Akureyrar
(Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1961. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda að mati réttarins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti í samræmi við úrskurð Hæstaréttar í málinu, uppkveðinn 20. desember 1961.

Er þar m. a. upplýst, *að* áfrýjandi hafði ekkert herbergi til einkaumráða hjá bróður sínum, er hann dvaldist á Akureyri, heldur fékk að sofa þar í stofu án þess að greiða húsaleigu, *að* hann hefur verið á skattskrá í Glæsibæjarhreppi árin 1958—1961, að báðum árum meðtöldum, *og að* hann var aðeins skamman tíma á Akureyri árið 1959 og var af þeim sökum ekki gert að greiða útsvar þar árið 1960.

Stefndi hefur því ekki fært á það sönnur, að áfrýjandi hafi haft heimilisfang í Akureyrarkaupstað á þeim tíma, er hér skiptir máli, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Bæjarsjóður Akureyrar, greiði áfrýjanda, Gunnari Gunnarssyni, kr. 6000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Karl Friðriksson, yfirverkstjóri hjá Vegagerð ríkisins og umsjónarmaður áhaldahúss vegagerðarinnar á Akureyri, hefur hinn 24. janúar 1961 gefið þá skýrslu, að áfrýjandi hafi fyrra hluta árs 1958 unnið í igripum hjá Vegagerðinni. Nálægt mánaðamótum júní og júlí nefnt ár hafi áfrýjandi síðan með sínu, þ. e. Karls, samþykki verið ráðinn til vinnu í Norður-Þingeyjarsýslu sem vélamaður hjá Vegagerð ríkisins og hafi þetta verið upphaf að föstu starfi áfrýjanda hjá Vegagerðinni, „því eftir að hann kom þaðan í októbermánuði, hefur hann unnið flesta daga hjá Vegagerðinni og verið tímakaupsmaður sem aðrir vélamenn stofnunarinnar". Í lok skýrslu sinnar segir Karl, að áfrýjandi hafi „þessi ár, síðan hann kom til Vegagerðarinnar, unnið mestan hluta vor- og sumarvinnu sinnar utan Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu". Samkvæmt skýrslu áfrýjanda, er gefin hefur verið eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar, vann hann í Áhaldahúsi Vegagerðar ríkisins á Akureyri öndvert ár 1959, en síðla apríls sendu stjórnendur Vegagerðarinnar hann til Siglufjarðar. Stundaði hann þar vegarstörf um sumarið og haustið, að fráskildum tveimur mánuðum, er hann vann við Múlaveginn í Ólafsfirði. Í desember kom hann aftur til starfa í áhaldahúsinu á Akureyri. Á Akureyri hafði hann fæði á Löngumýri 34 hjá bróður sínum og konu hans og svo húsnæði, þó eigi sérherbergi. Hann lét skrá lögheimili sitt á Sólborgarhóli í Glæsibæjarhreppi og var talinn heimilismaður þar samkvæmt þjóðskrá Hagstofunnar, en þar búa foreldrar hans. Þangað kveðst hann hafa farið í helgarleyfum og stundum endranær og haft þar þjónustu, en eigi stóð hann straum af því heimili, svo séð verði. Í Glæsi-

bæjarhreppi var lagt á hann útsvar 1959, kr. 9515.00, er hann greiddi að fullu 15. október 1959.

Áfrýjandi hafði miklu meiri vist á Akureyri en í Glæsibæjarhreppi árið 1959. Hann starfaði öndvert árið á Akureyri, laut boði yfirverkstjóra þar, m. a. um för til starfa í Siglufirði og í Ólafsfirði, og sneri síðast á árinu aftur til starfa á Akureyri, en þar sem hann hélt uppi nokkrum tengslum við heimili foreldra sinna á Sólborgarhóli í Glæsibæjarhreppi, skráði heimili sitt þar og var eigi, svo séð sé, krafinn um útsvar til stefnda, áður hann lyki útsvari til Glæsibæjarhrepps, þykir stefndi eigi hafa, eins og málum er komið, nægilegan grundvöll undir útsvarskröfu sinni.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarstjóri Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Gunnari Gunnarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Akureyrar 16. febrúar 1961. ..

Gjörð þessi byrjaði hér fyrir fógetadómi hinn 20. febr. s.l. með fyrirtöku beiðni bæjarritara Akureyrar f. h. bæjarsjóðsins um lögtak á hendur Gunnari Gunnarssyni, starfandi við Áhaldahús Vegagerðar ríkisins hér í bæ, til tryggingar útsvari, að upphæð kr. 11.500.00, er niðurjöfnunarnefnd Akureyrar lagði á gjörðarþola 7. ágúst 1959, með dráttarvöxtum og kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Gjörðarþoli mótmælir þá þegar kröfu bæjarins og benti á, að hann hefði greitt útsvar til Glæsibæjarhrepps árið 1959 (kr. 9.515.00), sé enda heimilisfastur að Sólborgarhóli þar í hreppi, þar sem foreldrar hans búa, en hafi hins vegar aldrei átt heimili hér í bæ. Að tilhlutan fógeta gaf gjörðarþoli í þessu fyrsta þinghaldi skýrslu um atvinnu sína og dvalarstaði undanfarin ár. Að þessu sinni gafst ekki tími til að afla frekari gagna og halda gjörðinni áfram, þar eð gjörðarþoli var á förum til Raufarhafnar vegna atvinnu

sinnar. Varð nú mjög löng bið á því, að aftur næðist til gjörðarþola hér í bænum. Í greinargerð, dskj. 6, mómælti umboðsmaður gjörðarþola, að „með mál þetta fari og dæmi lögtaksfulltrúi Akureyrarbæjar, hr. Björn Halldórsson". Var þeim mótmælum hrundið með úrskurði fógeta 15. des. s.l. Atriðið um, hvort gjörðin skyldi fara fram eða ekki, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 1. þ. m. Samkvæmt skýrslu gjörðarþola og öðrum framkomnum gögnum eru málsatvik þessi í höfuðdráttum: Gjörðarþoli hefur, að því hann sjálfur telur, verið fastráðinn starfsmaður hjá Vegagerð ríkisins frá því á árinu 1956. Starfi hans er svo háttað, að hann vinnur í áhaldahúsinu frá því snemma vetrar fram á vor, en er hinn tíma ársins við vinnu fjarri bænum. Karl Friðriksson, yfirverkstjóri hjá Vegagerð ríkisins og umsjónarmaður áhaldahússins hér, hefur gefið skýrslu um starf gjörðarþola (dskj. 10). Hann vill telja, að vinna gjörðarþola í Norður-Þingeyjarsýslu sumarið 1958 hafi verið upphaf að föstu starfi gjörðarþola hjá Vegagerð ríkisins, „því að eftir að hann kom þaðan í októbermánuði hefur hann unnið flesta daga hjá vegagerðinni og verið tímakaupsmaður sem aðrir vélamenn stofnunarinnar". Skýrsla þessi ber og með sér, að Karl Friðriksson hefur haft íhlutun eða stjórn á vinnu gjörðarþola, og enda vitað, að Áhaldahús vegagerðarinnar á Akureyri er miðstöð fyrir vegavinnuframkvæmdir og viðhald tækja fyrir stórt svæði norðanlands. Tímatakmörk vinnu gjörðarþola í áhaldahúsi hafa ekki verið nákvæmlega upplýst, en sjáanlegt er af samanburði á dskj. 3 við dskj. 5, að inni- og útivinna gjörðarþola blandast saman að vetrinum. Kemur þetta vel heim við skýringu umboðsmanns gjörðarþola í munnlegum málflutningi þess efnis, að gjörðarþoli vinni í áhaldahúsinu, þegar ekki sé hægt að „koma við vélavinnu". Gjörðarþoli, sem er einhleypur, 27 ára að aldri, hafði á leigu herbergi hér í bæ um 3ja mánaða tíma í ársbyrjun 1957. Eftir það telur hann sig ekki hafa haft hér húsnæði á leigu, heldur hafi hann, meðan hann vann hér í bænum, „gist" á heimili bróður síns að Löngumýri 34 hér, þegar hann fór ekki út í Sólborgarhól til næturdvalar, en það var sjaldnar en hitt. Telur hann sig þó hafa verið eins mikið að Sólborgarhóli utan vinnutíma og hér í bænum, enda kveðst hann vera allar helgar á Sólborgarhóli. Að sjálfsögðu á þetta aðeins við þann tíma, sem gjörðarþoli vinnur í áhaldahúsinu eða í tengslum við það að vetrinum. Gjörðarþoli kveðst kaupa fullt fæði hér í bænum téðan tíma, en hafa þjónustu að Sól-

borgarhóli. Ekkert er fram komið í þá átt, að gjörðarþoli hafi á umræddu tímabili haft nokkra atvinnu í Glæsibæjarhreppi. Við munnlegan flutning málsins var upplýst og viðurkennt, að gjörðarþoli hefði alla stund verið talinn heimilismaður að Sólborgarhóli samkvæmt þjóðskrá Hagstofunnar. Verður því að ætla, að þar hafi verið lögð á hann öll opinber gjöld. Þegar metnar eru framangreindar aðstæður, verður ljóst, að áskilnaður gjörðarþola um heimilisfang að Sólborgarhóli er næsta gerræðiskenndur og óraunhæfur. Ber hér til: 1) Gjörðarþoli er fastráðinn starfsmaður við starfsstöð hér í bæ, er í þessu sambandi má líkja við heimilisfasta atvinnustofnun. 2) Ekki er ætlandi, að gjörðarþoli fái gegnt áhaldahús-starfinu, sem skoða má sem kjarnann í atvinnu hans hjá vegagerðinni, án þess að hafa hér fastan samastað og fæði, svo sem reynslan hefur sannað. Dvalir hans að Sólborgarhóli utan vinnutíma virðast ekki fela í sér annað eða meira en ræktarvott góðs sonar gagnvart öldruðum foreldrum, enda eru dvalir þessar óhjákvæmilega háðar veðri og færð við norðuríslenzk skilyrði að vetrarlagi. Ekki getur það talizt mikilvægt, þótt gjörðarþoli geymi að Sólborgarhóli einhverja muni, er hann á, en notar ekki daglega. 3) Tekna sinna aflar gjörðarþoli að langmestu leyti við starfsstöð vegagerðarinnar hér í bæ, og eru þá þar með taldar tekjur af vinnu hans úti um landið að sumrinu, sbr. það, sem áður segir, um stjórn eða íhlutun forstöðumanns áhaldahússins um vinnu gjörðarþola. Þær undantekningar, sem upplýstar hafa verið, virðast og tengdar fyrirtækjum, sem rekin eru hér í bænum. Ekkert er fram komið í þá átt, að gjörðarþoli hafi haft atvinnu hjá nokkru fyrirtæki, sem rekið er í Glæsibæjarhreppi. Ætla má, að það gæti verið gjörðarþola nokkur hvöt til að kjósa heldur að greiða útsvarið til Glæsibæjarhrepps en Akureyrarbæjar, að fyrrnefnt útsvar er mun lægra en hitt. Þegar hér er komið, liggur beint við sú ályktun, að tengsl gjörðarþola við Akureyrarbæ hafi verið slík, að þau leiði til útsvarsskyldu hér í bæ, enda er það í alla staði eðlilegra, almennt skoðað, að gjörðarþoli hefði talið sér fremur heimili hér í bæ en í Glæsibæjarhreppi á umræddu tímabili. Því verður hér talið, að umkrafið útsvar til Akureyrarbæjar hafi verið réttilega á lagt samkvæmt 8. gr. a-lið laga um útsvör nr. 66 frá 1945, og er krafa gjörðarbeiðanda um framkvæmd lögtaksins tekin til greina.

Því úrskurðast:

Gjörð þessi á að fara fram.

Miðvikudaginn 21. marz 1962.

Nr. 174/1961. **Samband íslenzkra samvinnufélaga** (Guðmundur Ásmundsson hrl.) gegn **Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs** (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1961 og krafizt þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eigi er í ljós leitt, að í Reykjavík hafi á árinu 1959 verið lagt á sams konar gjaldstofn sem hér er um að tefla lægra veltuútsvar en heimilað er í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 43/1960. Eru því ekki skilyrði til að lækka útsvar áfrýjanda samkvæmt ákvæðum 3. mgr. sömu lagagreinar. Verður hinn áfrýjaði úrskurður því staðfestur.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 1. nóvember 1961.

Gjörðarþola, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga hér í bæ, var við aðalniðurjöfnun útsvara í Reykjavík árið 1960 gert að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 3.394.-

500.00. Niðurjöfnunarnefnd lækkaði útsvar þetta við kæru í kr. 3.358.700.00. Yfirskattanefnd lækkaði útsvarið enn í kr. 2.701.-500.00. Á árinu 1960 greiddi gjörðarþoli að fullu þessa síðustu fjárhæð, kr. 2.701.500.00. Úrskurði yfirskattanefndar um téða lækkun var af hálfu Reykjavíkurbæjar áfrýjað til Ríkisskattanefndar, er kvað upp úrskurð þess efnis, að útsvarið skyldi hækka á ný um kr. 392.900.00, en samkvæmt því varð útsvar gjörðarþola fyrir árið 1960 alls kr. 3.094.400.00. Þar eð gjörðarþoli hefur neitað að greiða hækkun útsvarsins samkvæmt úrskurði Ríkisskattanefndar, þ. e. kr. 392.900.00, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gjörðarþola til tryggingar framangreindri útsvarskröfu ásamt vöxtum og kostnaði.

Umboðsmaður gjörðarþola hefur mótmælt framangreindri útsvarskröfu og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar og að gjörðarbeiðanda verði gert að greiða gjörðarþola málskostnað að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur reisir umboðsmaður gjörðarþola á því, að eigi hafi verið heimilt að leggja á gjörðarþola við niðurjöfnun útsvara hér í bæ árið 1960 2.5‰ veltuútsvar af heildarandvirði landbúnaðarafurða, framleiddra innanlands og seldra í umboðssölu, ef veltuútsvarið yrði með þeim hætti hærra en sam svarar 2% af umboðslaunum, sem gjörðarþoli hafi fengið fyrir söluna. Hafi heildarandvirði nefndra vara numið kr. 218.716.-559.00, en umboðslaunin numið kr. 4.622.982.00. Hefur umboðsmaður gjörðarþola vísað um þetta til 8. gr. laga nr. 43/1960, 2. mgr. og fyrri málsl. 3. mgr. sömu lagagreinar. Kveður nefndur umboðsmaður, að á undanförnum árum hafi niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagt 2% veltuútsvar á umboðslaunatekjur vegna sölu innlendra afurða, bæði landbúnaðar- og sjávarafurða, og sé sú álagning í samræmi við reglur um álagningu útsvara í Reykjavík ár 1959, sem prentaðar hafi verið sem fylgiskjal greinargerðar fyrir frumvarpi til laga nr. 43/1960. Hefur nefndur umboðsmaður og getið þess, að við niðurjöfnun 1960 hafi Osta- og smjörsölunni s.f. hér í bæ verið gert að greiða veltuútsvar, 2% af umboðslaunum, en fyrirtæki þetta hafi innlendar landbúnaðarafurðir, þ. e. mjólkurafurðir í umboðssölu. Það sé og ljóst, að 2. mgr. 8. gr. laga nr. 43/1960 hafi eigi verið ætlað að hagga meginreglu fyrri málsl. 3. mgr. sömu lagagreinar, og af því leiði,

að óheimilt hafi verið að leggja á umboðssölu gjörðarþola á landbúnaðarafurðum veltuútsvar, 2.5‰ af heildarandvirði þeirra, ef útsvarsupphæðin færi með þeim hætti fram úr þeirri fjárhæð, sem orðið hefði samkvæmt álagningarreglunum 1959, þ. e. 2% af umboðslaununum. Til stuðnings framangreindum sjónarmiðum hefur umboðsmaður gjörðarþola vísað til sératkvæðis eins nefndarmanns í Ríkisskattanefnd, dskj. nr. 4.

Umboðsmaður gjörðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiðum umboðsmanns gjörðarþola. Hefur hann haldið því fram, að heimilt hafi verið samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 43/1960 að ákvarða útsvar gjörðarþola 2.5‰ af heildarsölu gjörðarþola af framangreindum vörum í umboðssölu, enda ríði það á engan hátt í bág við fyrri málsl. 3. mgr. sömu lagagreinar, þar eð ekkert útsvar hafi verið lagt á gjörðarþola hér í bæ árið 1959, en hins vegar hafi verið lagt þá á annan atvinnurekstur hliðstæðan eftir sömu reglum og 1960. Gjörðarþoli hlíti því um álagningu útsvarsins 1960 réttilega sömu reglum og annar hliðstæður atvinnurekstur. Sé því ljóst, að niðurjöfnunarnefnd og Ríkisskattanefnd hafi eigi með umræddri álagningu og hækkun útsvarsins farið út fyrir leyfileg mörk. Því beri að leyfa framgang lögtaksgjörðarinnar.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er það meginefni þessa máls og það, sem um er deilt, hvort heimilt hafi verið að lögum að leggja á gjörðarþola við niðurjöfnun í Reykjavík árið 1960 2.5‰ veltuútsvar af heildarandvirði landbúnaðarafurða, framleiddra innanlands og seldra í umboðssölu, eða hvort ákvarða hefði átt útsvarið 2% af umboðslaunum þeim, sem gjörðarþoli fékk fyrir söluna á sömu vörum. Umboðsmaður gjörðarþola hefur haldið því fram, að óheimilt hafi verið að ákvarða útsvarið eftir hinni fyrrgreindu reglu um 2.5‰ af heildarandvirði framangreindra landbúnaðarafurða, ef veltuútsvarið yrði með þeim hætti hærra en sem svarar 2% af umboðslaunum gjörðarþola fyrir sölu á framangreindum vörum. Hefur hann í þessu efni vísað til fyrri málsl. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 43/1960.

Á þetta sjónarmið umboðsmanns gjörðarþola getur rétturinn eigi fallizt. Í 8. gr. laga nr. 43/1960 segir svo: „Útsvar af landbúnaðarafurðum, framleiddum innanlands og seldum í umboðseða heildsölu, má eigi meiru nema en 2½‰ af heildarveltu," og í fyrra málsl. 3. mgr. sömu lagagreinar segir: „Útsvar á veltu

má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959 — —." Í 2. mgr. nefndrar lagagreinar er að áliti réttarins fólgin fortakslaus heimild til þess að ákvarða útsvar gjörðarþola ár 1960 2.5‰ af heildarveltu hans á framangreindum vörum, enda verður ekki séð, að fyrri málsl. 3. mgr. nefndrar lagagreinar takmarki þá heimild, eftir atvikum, að því er snertir umrætt útsvar gjörðarþola, enda ekkert útsvar á hann lagt hér í bæ árið 1959, en hins vegar lagt þá útsvar á annan atvinnurekstur hér, hliðstæðan, eftir sömu reglum og árið 1960 (sbr. rskj. nr. 14 og 16) og gjörðarþoli því réttilega, að áliti réttarins, látinn hlíta sömu reglu og annar hliðstæður atvinnurekstur hér um útsvarsálagninguna 1960. Verður rétturinn því að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gjörðarbeiðanda, að niðurjöfnunarnefnd og Ríkisskattanefnd hafi eigi með umræddri álagningu og hækkun útsvars gjörðarþola farið út fyrir leyfileg mörk og útsvarið sé því réttilega á gjörðarþola lagt.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar á ábyrgð gjörðarbeiðanda. Af því leiðir, að málskostnaðarkrafa gjörðarþola verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda. — Málskostnaðarkrafa gjörðarþola er eigi tekin til greina.

Föstudaginn 23. marz 1962.

Nr. 4/1962. **Ákæruvaldið** (saksóknari ríkisins, Valdimar Stefánsson)
gegn
Donald Lister (Guðjón Steingrímsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landhelgisbrot. Ásiglingartilraun á varðskip.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V, Ólafsson,

skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt eftirtalda staði togara ákærða hinn 13. nóvember 1961, og reyndust þeir vera fyrir innan fiskveiðimörkin, svo sem hér segir:

Kl. 22.47 um 1,7—1,8 sm,
— 22.58 um 1,6 sm,
— 23.08 um 1,4 sm,
— 23.21 um 1,7 sm,
— 23.30 um 1,2—1,3 sm,
— 23.45 um 1,4—1,5 sm.

Þá er mælingin kl. 23.45 fór fram, var varðskipið hjá togaranum. Staður varðskipsins og togarans kl. 00.41 hinn 14. nóvember reyndist samkvæmt mörkun skólastjórans vera 1,2 sm utan fiskveiðimarkanna.

Skipherra varðskipsins, I. og II. stýrimaður lýsa þannig umbúnaði á veiðarfærum togarans kl. 23.45: „Þá sáust greinilega báðir hlerar á stb. síðu og auk þess hluti af vörpunni, sem dróst niður í sjó og flaksaðist til.“ Um umbúnað veiðarfæranna kl. 23.48 bera þeir: „Var þá enn höfuðlínubugt og net utan við og á lunningu sennilega aftan við afturkvartinn, og einnig nokkuð framan á síðunni, og báðir hlerar, eins og fyrr getur.“ Þessi frágangur veiðarfæranna og annað atferli ákærða veitir eigi fulla sönnun fyrir því, að hann hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna í umrætt sinn. Ber því einungis að dæma honum sekt fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. lög nr. 44/1948, og 2. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1959. Með skírskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra vegna brots ákærða, og svo þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því héraðsdómur gekk, sbr. lög nr. 4/1924, þykir refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 hæfilega ákveðin kr. 100.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi fangelsi 3 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

II.

Í áðurgreindri skýrslu varðskipsmanna segir um siglingu

ákærða kl. 23.48: „Togarinn var nú á hægri ferð og beygði þá allt í einu í stjórnborða á varðskipið. Var orðið það stutt bil milli skipanna að setja varð á fulla ferð aftur á til að forða árekstri.“ Um þetta atferli ákærða ber skipherra Guðmundur Kærnested nánar, „að varðskipið hafi verið að renna fram með stjórnborðsíðu botnvörpungsins, og var ekki nema um það bil skipslengd milli skipanna, þegar botnvörpungurinn beygði skyndilega til stjórnborða og án þess að gefa hljóðmerki. Varð árekstri naumlega forðað“. Varðskipsmenn bera, að togarinn hafi þá verið með venjuleg siglingaljós, en eigi togljós.

Enn segir í skýrslu varðskipsmanna: „Kl. 23.49 gefið annað laust skot. Setti þá togarinn á fulla ferð og beygði í bakb. og hélt út um, og sást þá, að verið var að vinna við afturhlerann. Frá kl. 23.50 til kl. 23.54 gefin sex laus skot. Kl. 23.55 beygði togarinn á stjórnborða og á varðskipið. Var þá varðskipinu vikið í bakborða og togaranum hleypt fram hjá stb. megin.“ Um þessa siglingu ákærða ber Guðmundur Kærnested skipherra nánar fyrir dómi: „Varðskipið hélt á eftir togaranum á fullri ferð.“ Sá skipherra „þá allt í einu hið græna stjórnborðsljós togarans fram undan varðskipinu á bakborða, og var togarinn greinilega að snúast“. Segir skipherra, að „ef varðskipið hefði haldið stefnunni, hlyti togarinn að hafa lent á bakborðshlið varðskipsins. Var það ráð tekið, að víkja varðskipinu eins og hægt var til bakborða, og voru ekki nema fáir metrar milli skipanna, þegar þau fórust á mis. Myrkur var, SSV 8 vindstig og mikill sjór“. Sveinn Hólm Valdimarsson, 2. stýrimaður, ber um þetta tilvik, „að sér hafi virzt togarinn sveigja aðeins til bakborða“, enda sá hann „bakborðshlið togarans, sem síðan snarbeygði til stjórnborða á móti varðskipinu“. Segir hann, að mjög skammt hafi verið á milli skipanna, þegar þau fórust hjá, hann gizkar á innan við 20 faðmar.

Loftskeytamaðurinn á varðskipinu kveðst tvisvar sinnum hafa fengið þau skilaboð um talstöðina frá ákærða, að hann myndi reyna að sökkva varðskipinu, ef eigi yrði hætt að skjóta. Ákærði játar, að hann hafi einu sinni látið loft-

skeytamann sinn senda þá hótun til varðskipsins, að hann myndi reyna að sökkva því, ef eigi yrði hætt að skjóta.

Ákærða bar tvímælalaust skylda til að nema staðar samkvæmt skipun yfirmanna varðskipsins. Í þess stað hagaði hann siglingu þannig, að mönnum bæði á varðskipinu og togaranum var bráður háski búinn. Varðar þetta atferli hans refsingu samkvæmt 4. mgr. 220. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

III.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Donald Lister, sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærði greiði kr. 100.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 3 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talín saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 17. nóvember 1961.

Ár 1961, föstudaginn 17. nóvember, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 96/1961, Ákæruvaldið gegn Donald Lister, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er Donald Lister, skipstjóri á brezka togaranum Grimsby Town, GY 246, til heimilis Liceby Road 375, Grimsby, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskiveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. ennfremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara síðla kvölds mánudaginn 13. nóvember 1961 úti af Straumnesi innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3 1961.

Til vara ákærist hann fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra togarans á framangreindum stað og tíma samkvæmt 4. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3 1961, sbr. nefnd lög nr. 44 1948 og 2. gr. nefndra laga nr. 5 1920, sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 6 1959.

Þá ákærist nefndur skipstjóri enn fremur fyrir að hafa tvívegis gert tilraun til að sigla á varðskipið Albert í náttmyrkri, stormi og miklum sjógangi á fyrrnefndum slóðum og tíma, þegar varðskipið var að handtaka togarann, og þykja þeir verknaðir varða við 261. gr. siglingalaga nr. 56 1914, sbr. með lögjöfnun við 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940 og við 220. gr., 4. mgr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærist því nefndur Donald Lister til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5 1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, og enn fremur samkvæmt nefndum ákvæðum siglingalaga og hegningarlaga til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. september 1927 í Grimsby. Hann hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Guðmundar Kærnesteds, skipherra á varðskipinu Albert, eru málavextir þessir:

Mánudaginn 13. nóvember 1961, er varðskipið var að eftirlitsstörfum út af Aðalvík, sást skip í ratsjá innan fiskveiðimarkanna, og var þegar haldið í átt til þess.

Kl. 22.47 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Straumnes	fjarlægð	2.0	sjómílur
Ritur	—	2.7	—
Togarinn, r/v 317½°	—	9.96	—

Samkvæmt þessu var togarinn 1.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 22.58, staðarákvörðun endurtekin:

Straumnes r/v 091½°,	fjarlægð	2.7	sjómílur
Ritur	—	4.6	—
Togarinn r/v 319½°	—	8.1	—

Samkvæmt þessu var togarinn 1.7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Var þá sett á fulla ferð með stefnu á togarann.

Kl. 23.08 staðarákvörðun endurtekin:

Straumnes r/v 112½°,	fjarlægð	4.4	sjómílur
Ritur	—	6.6	—
Togarinn r/v 320½°	—	6.25	—

Samkvæmt þessu var togarinn 1.5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 23.11 snýr togarinn út um og rétt á eftir inn um aftur.

Kl. 23.21 staðarákvörðun endurtekin:

Straumnes r/v 121½°,	fjarlægð	6.3	sjómílur
Ritur	—	8.65	—
Togarinn r/v 315½°	—	3.75	—

Samkvæmt þessu var togarinn 1.7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 23.30 staðarákvörðun endurtekin:

Straumnes	fjarlægð	7.9	sjómílur
Ritur	—	10.3	—
Togarinn r/v 311½°	—	2.6	—

Samkvæmt þessu var togarinn 1.3 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 23.33 stöðvunarmerkið *K* sent á ljósamorsi, og sneri þá togarinn inn um með vind á stjórnborðssíðu.

Kl. 23.43, stöðvunarmerkið endurtekið.

Kl. 23.45 er varðskipið rétt aftan við togarann, miðaðist Straumnes í r/v 130½°, fjarlægð 10.3 sjómílur, og gefur það staðinn um 1.45 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Þá sáust greinilega báðir hlerar á stjórnborðssíðu og auk þess hluti af vörpunni, sem dróst niður í sjó og flaksaðist til.

Kl. 23.48 við stjórnborðssíðu togarans. Var þá enn höfuðlínubugt og net utan við lunningu, sennilega aftan við afturkvartinn og einnig nokkuð framar á síðunni og báðir hlerar eins og fyrr getur.

Togarinn var nú á hægri ferð og beygði þá allt í einu á stjórnborða á varðskipið. Var orðið það stutt bil milli skipanna, að

setja varð á fulla ferð aftur á til að forða árekstri. Stöðvunarmerki gefið með lausu skoti úr fallbyssunni.

Kl. 23.49 skotið öðru lausu skoti. Setti þá togarinn á fulla ferð og beygði í bakborða og hélt út um, og sást þá, að verið var að vinna við afturhlerann.

Frá kl. 23.50 til 23.54 var skotið sex lausum skotum. Kl. 23.55 beygði togarinn á stjórnborða og á varðskipið. Var þá varðskipinu vikið á bakborða og togaranum hleypt fram hjá stjórnborðsmegin og skotið lausu skoti kl. 23.56. Kl. 23.57 skotið föstu skoti að togaranum, kl. 24.00 skotið öðru föstu skoti, en togarinn hélt áfram að beygja í stjórnborða og hélt nú í SV-læga stefnu.

Þriðjudaginn 14. nóvember 1961, kl. 00.33, skotið lausu skoti að togaranum, sem hélt sömu stefnu og fyrr.

Kl. 00.41 skotið föstu skoti fram með stjórnborðssíðu togarans, og hægði hann þá ferðina og nam staðar.

Þar með var eftirför að togaranum að mestu lokið, því að skipstjórinn féllst á það nokkru síðar að halda í var til frekari viðræðna, og voru skipin þá stödd um 13.0 sjómílur r/v 301° út af Straumnesi.

Kl. 04.53 stöðvað út af Bolungarvík, og I. stýrimaður fór við fimmta mann á báti yfir í togarann. Féllst þá skipstjórinn á að fara til Ísafjarðar til frekari rannsóknar.

Kl. um 07.00 lagzt að bryggju á Ísafirði.

Loks er í skýrslu skipherrans á varðskipinu tekið fram, að meðan á eftirförinni stóð, eftir að náðst hafði talsamband við togarann, var honum fyrirskipað að nema staðar vegna meints fiskveiðibrots.

Skipstjóri togarans neitaði því algjörlega, og meðal annars kvaðst hann myndi sökkva varðskipinu, ef það hætti ekki að skjóta að togaranum. Marg-ítrekaði hann þessa hótun sína, „og reyndi tvívegis að framkvæma hana", segir í skýrslunni.

Staðarákvarðanir gerðu skipherra, I. stýrimaður og II. stýrimaður.

Veðri var svo háttað, að vindur var S-SV 4—8, sjór S 3—5, skúrir.

Ákærði kveðst ekki hafa gert neinar staðarákvarðanir sjálfur, og véfengir hann ekki staðar- né tímaákvarðanir varðskipsins, sem verða því lagðar til grundvallar hér á eftir.

Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök:

I. Brot á íslenzkri fiskveiðilöggjöf.

II. Brot á ákvæðum siglingalaga og hegningarlaga.

I.

Yfirmenn varðskipsins, skipherra, I. og II. stýrimaður, hafa í staðfestum framburði borið það, að þeir hafi kl. 23.45 þann 13. þ. m., er varðskipið var rétt hjá togaranum og þá 1.45 sjómílur innan fiskveiðimarkanna, séð, að á botnvörpungnum voru báðir hlerar á stjórnborðssíðu og hluti botnvörpunnar í sjó. Sömu menn sáu fáum mínútum síðar höfuðlínubugt og net á og utan við borðstokk togarans.

Ákærði heldur því fram, að veiðarfæri botnvörpungsins hafi verið búlkuð kl. 23.00 GMT, eða kl. 22.00 að íslenzkum tíma, og hafi þeim ekki verið haggað úr því, og heldur ákærði fast við þennan framburð sinn.

Þá hafa áðurgreindir yfirmenn varðskipsins borið það, að togarinn hafi verið á þannig hreyfingu innan fiskveiðitakmarkanna, að hún geti hvorki hafa átt sér stað á beinni siglingu né heldur af reki skipsins einu saman fyrir straumi og vindi.

Ákærði staðhæfir, að botnvörpungurinn hafi verið á siglingu frá því um kl. 23.00 GMT og síðan ferðlaus á reki og án þess að vél væri hreyfð, þar til skömmu áður en varðskipið kom að honum. Ákærða er bent á, að þetta geti ekki staðizt samkvæmt þeim mælingum varðskipsins, sem ákærði hefur þegar viðurkennt réttar. Getur ákærði engar skýringar gefið um þetta efni.

Þegar varðskipið kom að togaranum fyrst, er kl. 23.45 og staðurinn um 1.45 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 00.41 lýkur eftirförinni, og hafði hún þá staðið tæpa klukkustund. Á þessu tímabili er togarinn hvað eftir annað aðvaraður með skotum og auk þess fyrirskipað um talstöð varðskipsins að nema staðar, án þess að aðvörunum eða fyrirskipunum væri þá sinnt. Bendir þetta eindregið til þess, að skipstjóri togarans hafi ekki viljað láta varðskipsmenn sjá, hvernig ástatt var með veiðarfæri hans og skipshöfn, sem var að störfum á þilfari togarans, meðan þetta gerðist.

Þegar á þetta er litið ásamt því, að hreyfingar togarans frá því að hann sást í ratsjá varðskipsins og þar til að honum var komið, benda til þess, að hann hafi verið við veiðar, og loks það ástand veiðarfæra togarans, sem telja verður upplýst með eiðfestum framburði yfirmanna varðskipsins, þá þykja næg rök fram komin til þess, að sannað megi telja, að b.v. Grimsby Town, G Y 246, hafi verið að fiskveiðum á þeim stað og tíma, sem segir í ákæru og að skilningi laga nr. 5/1920.

Um II.

Samkvæmt framburði skipherra, I. og II. stýrimanns og loftskeytamanns varðskipsins Alberts svo og framburði stýrimanns og loftskeytamanns b.v. Grimsby Town og loks með játningu ákærða er sannað, að ákærði hefur látið skila þeirri hótun til varðskipsins, að hann myndi hiklaust reyna að sökkva varðskipinu, ef ekki yrði hætt að skjóta á togarann.

Ákærði neitar því að hafa reynt að sökkva varðskipinu, en þrír yfirmenn v/s Alberts, skipherra, I. og II. stýrimaður, hafa hinsvegar eiðfest þann framburð sinn, að siglingu b/v Grimsby Town hafi verið þannig hagað, að legið hafi nærri, að skipin rækjust á, og verður að taka þá framburði gilda.

Í ákæru er ákærði sakaður um að hafa gerzt sekur um tilraun til brots samkvæmt 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í skýrslu skipherra varðskipsins, sem I. og II. stýrimaður taka undir með sínum framburðum, er svo komizt að orði, að skipstjórinn á b/v Grimsby Town, ákærði í máli þessu, „reyndi tvívegis að framkvæma hana", þ. e. nýnefnda hótun um að sökkva varðskipinu. Samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, fær þetta orðalag tæplega staðizt.

Atvik þau, sem um er að ræða, gerðust kl. 23.48 til 23.49, hið fyrra, og hið síðara kl. 23.55 til 23.56, en loftskeytamaður varðskipsins ber það í skýrslu sinni, að talstöðvasamband við togarann hafi ekki náðst fyrr en kl. 23.58. Það er m. ö. o. ekki fyrr en 2—3 mínútum eftir, að síðari ásiglingartilraunin átti sér stað, sem skipstjóri botnvörpungsins, ákærði, gat látið uppi við varðskipið þann ásetning að reyna að sigla varðskipið í kaf. Það munar að vísu litlu, að síðara atvikið sé beint framhald af hótuninni, og eins og allar aðstæður voru, getur hæglega skeikað mínútum á tíma til eða frá. En eins og atburðarás er lýst í framburðum varðskipsmanna, verður þó ekki talið, að ákvæði 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi hér við. Enda þótt yfirlýsing, sem kemur í beinu framhaldi og á hæla verknaðar, kunni að benda til þess, að um tilraun af ráðnum hug sé að ræða, þá verður að sýkna ákærða af þessum ákærulið að svo vöxnu máli.

Ákærði er sakaður í ákæru um brot á 261. gr. laga nr. 56/1914 með lögjöfnun til 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ. e. að um tilraun af ráðnum hug til brots, er varði við 261. gr. siglingalaganna, hafi verið að ræða.

Samkvæmt því, er að ofan segir, er ekki nægilega sannað að

um brot sé að ræða, er varði við 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður því ekki lögjafnað til þess ákvæðis. Verður að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

Þá er ákærði í ákæruskjali loks talinn að hafa unnið til refsingar fyrir brot á ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 220. gr., og verður í því sambandi að taka atvik þau, sem um er að ræða, til frekari athugunar.

1. Í fyrra skiptið, sem talið er að b/v Grimsby Town hafi reynt að sigla á eða í veg fyrir v/s Albert, er kl. 23.48 eða 23.49. Þá er varðskipið að draga botnvörpunginn uppi, komið á hlið við og nokkuð fram með honum, og mjög skammt er á milli skipanna. Það er eðlilegt og skiljanlegt, að varðskipið reyndi að komast sem næst togaranum, til þess að varðskipsmenn gætu séð og glöggvað sig á, hvernig ástatt var um útbúnað veiðarfæra og vinnu áhafnar um borð í botnvörpungnum, en jafnframt var það varðskipið, sem átti að gæta allrar varúðar í siglingu, sbr. 24. gr. tilskipunar nr. 8 11. apríl 1933.

Það verður af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, ekki beinlínis ályktað, að b/v Grimsby Town hafi notað þann rétt, sem botnvörpungurinn tvímælalaust átti samkvæmt alþjóðareglum um siglingar þannig, að saknæmt teljist skipstjóra botnvörpungsins, ákærða í máli þessu, enda ósannað, hvað skipstjóra togarans var í huga, þegar atvikið gerðist. Þess er og að geta, að þegar skip sigla samhliða með stuttu millibili og á mikilli ferð í myrkri og vonzkuveðri, þá þarf ekki mikið út af að bera um stýringu skipanna til þess, að hætta geti stafað af, án þess þó að um yfirsjón í starfi, hvað þá tilraun eða ásetning til þess að skapa hættu, sé að ræða, og verður ákærði því ekki sakfelldur vegna þessa atviks um brot, er varði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Síðara atvikið, sem gerðist kl. 23.55 til 23.56, ber að með þeim hætti, að því er ráða má af framburðum varðskipsmanna, einkum II. stýrimanns, að botnvörpungurinn beygir fyrst á bakborða, en þverbeygir síðan á stjórnborða og á móti varðskipinu eða því sem næst. Ekki gaf botnvörpungurinn hljóðmerki, og vissi þó skipstjóri hans af varðskipinu í næstu nánd. Skipherra v/s Alberts varð að grípa til þess neyðarúrræðis til þess að koma í veg fyrir, að togarinn sigldi á varðskipið, að víkja eins hratt og mikið á bakborða og unnt var. Skipherra varðskipsins og II. stýrimaður hafa lýst atburði þessum öllum, en I. stýrimaður varðskipsins sá aðeins, þegar skipin fórust á mis. Var

svo skammt milli skipanna, að vart hefur munað meira en 20 föðmum, og þegar þess er gætt, að skipin eru um 20 og um 30 m löng og sigla með um 350 m hraða á mínútu, og myrkur er, stormur og stórsjór, þá er augljóst, að það er eingöngu að þakka skjótri hugsun og snarræði varðskipsmanna, að forðað varð stórslysi. Samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst brot fullframið, ef lífi manna er stefnt í voða, m. a. á „ófyrirleitinn hátt". Verður að telja, að skipstjóri b/v Grimsby Town, ákærði í máli þessu, hafi með stjórn skips síns gerzt sekur um brot, er varði við nefnt ákvæði hegningarlaganna.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2ja mánaða fangelsi, en eftir atvikum er rétt að beita hér ákvæðum VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, og fresta fullnustu refsingar og láta hana falla niður, þegar 2 ár eru liðin frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, verði skilorð nefnds kafla hegningarlaganna haldin.

Eins og áður segir, þykir nægilega sannað, að ákærði, Donald Lister, hafi að kvöldi 13. nóv. 1961 verið á skipi sínu, b/v Grimsby Town, G Y 246, að fiskveiðum eða að undirbúningi til fiskveiða í fiskiveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961, og hefur þannig gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1959, um breytingu á lögum nr. 5/1920.

Brot gegn nefndum ákvæðum varða refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum.

Samkvæmt framantöldum refsiákvæðum og með hliðsjón af stærð b/v Grimsby Town, G Y 246, en hann er 710.73 brúttó lestir, og gullgengi íslenzkrar krónu, sem er í dag þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 1951,09 pappírskrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 200.000.00 í sekt, er renni til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Afla og veiðarfæri b/v Grimsby Town, G Y 246, að dragstrengjum meðtöldum, ber að gera upptækt, og renni andvirði þess til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði, Donald Lister, greiði allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000.00.

Dóm þennan kveða upp Bárður Jakobsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, ásamt meðdómendum Haraldi Guðmundssyni hafnarverði og Rögnvaldi Jónssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Ákærði, Donald Lister, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærði, Donald Lister, greiði kr. 200.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Grimsby Town, G Y 246, skal upptækt til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Grímssonar, málflutningsmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. marz 1962.

Nr. 128/1961. **Elín Kristjánsdóttir fyrir sína hönd, ófjárráða barna sinna, Sigrúnar Ragnarsdóttur og Skúla Ragnarssonar, og dánarbús Ragnars Guðmundssonar**
(Hallgrímur Dalberg hdl.)
gegn
Bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs
(Árni Gunnlaugsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 13. júlí 1961 samkvæmt áfrýjunarleyfi s. d. og fengið gjafsóknarleyfi 19. marz 1962. Áfrýjendur krefjast þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 711.659.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjenda, en til vara lækkunar á kröfum þeirra og að málskostnaður falli niður.

Ýmis ný málsgögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Notkun véllyftunnar, eftir að hún hafði verið tekin í sundur, eins og lýst er í héraðsdómi, var bersýnilega stórhættuleg. Telja verður sannað, að Ragnar heitinn Guðmundsson hafi á eindæmi sitt ákveðið þessa notkun lyftunnar og stjórnað því verki. Aðrir starfsmenn stefnda verða eigi taldir eiga sök á slysinu, og réttarreglur annars leiða eigi til ábyrgðar stefnda á tjóni áfrýjanda. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Laun talsmanns áfrýjenda fyrir Hæstarétti, Hallgríms Dalbergs héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. janúar 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. janúar s.l., hefur Elín Kristjánsdóttir, Merkurg. 9 hér í bæ, persónulega f. h. dánarbús Ragnars Guðmundssonar og f. h. ófjárráða barna sinna, Sigrúnar Ragnarsdóttur og Skúla Ragnarssonar, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. apríl 1959, gegn Stefáni Gunnlaugssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu

skaðabóta, að fjárhæð kr. 711.659.00 með 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1957 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Föstudaginn 12. júlí 1957, milli kl. 17.00 og 17.15, var Ragnar Guðmundsson, Merkurgötu 9 hér í bæ, að vinna ásamt fleiri mönnum við vélkrana, eign hafnarsjóðs Hafnarfjarðar, fyrir framan svonefnt Brydehús við Vesturgötu. Vélkrani þessi, sem dómararnir hafa sameiginlega skoðað, er um 12 tonn að þyngd, á tvöföldum hjólum að aftan, en einföldum að framan. Á yfirbyggingu vélkranans er stór bóma og ballest til þess að vega upp á móti henni og því, sem lyft er. Yfirbyggingunni ásamt bómunni er hægt að snúa í hring á undirvagninum. Ragnar Guðmundsson, sem var starfsmaður hafnarsjóðs, stjórnaði vélkrana þessum og hafði umsjón með honum.

Í umrætt skipti átti að flytja „hásingu" vélkranans á verkstæði til viðgerðar. Var búið að taka hana og afturhjólin undan, en áður hafði trékubbum (bobbingum) verið komið fyrir undir krananum, fyrir framan „hásingarsætið". Yfirbygging vélkranans hafði verið sett í öfuga stöðu, þannig, að ballestin var yfir framhjólunum, en bóman sneri aftur. Í þessari stöðu hafði Ragnar lyft „hásingunni" með krananum upp á vörubílpall. Skyndilega veittu samverkamenn hans því athygli, að bóman byrjaði að snúast í áttina frá húsinu, og skipti það engum togum, að yfirbygging vélkranans snerist í hálfhring, kubbarnir duttu undan og kraninn sporðreistist, og bóman slóst aftur yfir sig. Í þessum svifum stökk Ragnar út úr stjórnklefa vélkranans. Kom hann standandi niður, en féll síðan í götuna við húsvegginn. Þar sem sýnilegt var, að hann hafði meitt sig, létu félagar hans hann liggja kyrran og kvöddu lækni og lögreglu á vettvang. Eftir að læknir hafði skoðað Ragnar, var hann reistur á fætur. Hann átti erfitt með að rétta úr sér í fyrstu og gat ekki gengið vegna eymsla í öklum. Hann var síðan fluttur heim til sín með leyfi læknisins. Um kl. 20.00 um kvöldið vitjaði læknir hins slasaða að nýju og lét flytja hann á sjúkrahúsið hér í bænum, en þar andaðist hann um nóttina.

Sakadómsrannsókn fór fram skömmu eftir slysið og nokkru

síðar framhaldsrannsókn. Þá hafa vitni að atburði þessum einnig mætt fyrir bæjarþinginu.

Vitnið Aðalsteinn Sigurðsson bifreiðaviðgerðarmaður, sem var kunningi Ragnars heitins og rekur viðgerðarverkstæði hér í bænum, hefur borið, að Ragnar hafi falið því að annast viðgerðir á öllu, sem við kom vél, undirvagni og stýrisútbúnaði vélkranans. Í þetta skipti átti vitnið að gera við drifið. Auk vitnisins voru þarna Elías Arason, starfsmaður þess, Óskar Guðmundsson bryggjuvörður, starfsmaður hafnarsjóðs, er rétti hjálparhönd við verkið, og Jóhannes Magnússon vörubílsjóri, sem átti að aka „hásingunni" til verkstæðis vitnisins og afturhjólunum í geymslu. Vitnið kvað Ragnar heitinn hafa haft yfirumsjón með verkinu, enda hafi hann þekkt bezt til vélkranans, og hafi hann ráðið því, að kraninn var notaður við að lyfta hásingunni upp á vörubílinn. Hann hafi einnig séð um röðun kubbanna undir kranann, en vitnið og Elías aðstoðað hann. Undirhleðslurnar voru tvær hvoru megin, fyrir framan „hásinguna", og minnti vitnið, að þeim hefði verið hagað þannig: Neðst voru tveir bobbingar, þá tveir plankabútar langsum og loks tveir aðrir bútar þversum. Það kvað plankana hafa verið nýja, 2" á þykkt og 7—8" á breidd. Kubbar voru við framhjólin til þess að hindra, að kraninn rynni úr stað. Til þess að koma undirstöðunni sem aftast, voru fremri boltarnir teknir úr „hásingarfestingunni" og kraninn látinn síga niður á hana. Þegar hjólin höfðu verið tekin undan, var „hásingin" losuð og henni lyft upp á vörubílinn með krananum. Gekk það greiðlega. Er vitnið var að ná í afturhjólin, kvaðst það allt í einu hafa tekið eftir því, að bóman var yfir höfði þess og komin í meira en hálfhring til hægri frá þeirri stöðu, sem hún hafði verið í. Þegar ballestin snerist við, hafi kubbarnir verkað eins og vogarás, kraninn sporðreistst og bóman slegizt yfir. Vitnið sá Ragnar heitinn stökkva út úr krananum, koma standandi niður með stífa fætur og falla niður á trékubb við húshliðina. Vitnið drap fyrst á vél kranans, en fór síðan að stumra yfir Ragnari.

Vitnið bar, að Ragnar heitinn hafi talað um, að óhætt væri að nota kranann sjálfan við lyftingarnar, en hann mætti ekki snúast lengra en í rétt horn. Að þeirri stöðu var búið að reyna kranann, þó ekki undir átaki. Átakið við lyftinguna á hásingunni kvað vitnið hafa verið 30—40° til hliðar, miðað við upphaflega stöðu kranans. Vitnið bar, að athugun hefði farið fram

á krananum eftir slysið, og hefði ekki fundizt nein bilun á snúningnum.

Framburður vitnisins Elíasar Arasonar er mjög á sama veg og Aðalsteins. Undirhleðsluna taldi þetta vitni hafa verið þannig, að fyrst hefðu verið settir tveir bobbingar hvorum megin, síðan tveir plankar þvert yfir milli þeirra og loks einn planki hvorum megin langsum, sem grindin hafi hvílt á. Vitnið kvaðst hafa verið uppi á bílpallinum að hagræða „hásingunni", er það sá út undan sér, að kraninn byrjaði að snúast. Þegar bóman hafði farið ca. ¼ úr hring, hafi ferðin aukizt skyndilega, og skipti það ekki neinum togum, að kubbarnir undir krananum tóku að skriðna undan, kraninn sporðreistist og bóman sveiflaðist í hæstu stöðu. Vitnið kvað Ragnar sjálfan hafa stjórnað því, að kraninn var notaður til þess að ná afturhjólunum undan og lyfta „hásingunni" upp á bílpallinn. Taldi vitnið ekki ósennilegt, að Ragnar hefði hreyft bómuna til hliðar í þeim tilgangi að taka afturhjólin, sem voru fyrir framan framhjól kranans, en við þetta hefði komið sveifla eða slingur á kranann. Vitnið Óskar Guðmundsson bryggjuvörður hefur borið, að Ragnar heitinn hafi séð um allt, sem við kom þessum krana, eins og aðra krana, minni og stærri, sem hafnarsjóður átti. Vitnið sneri baki við krananum, er hann sporðreistist.

Vitnið Jóhannes Magnússon bifreiðarstjóri kvaðst hafa verið að fara út úr bifreið sinni, er það tók eftir því, að bóman byrjaði að hreyfast til hliðar. Þegar hún var komin þvert á vélkranann, hafi hann henzt til og bóman kastazt yfir. Vitnið kvað sér hafa dottið í hug, að Ragnar hefði hreyft bómuna í því skyni að hífa hjólin.

Vitnið Adolf J. Sigurðsson, kunningi Ragnars, vitjaði hans, þegar búið var að flytja hann heim til sín. Kvaðst það hafa spurt hann, hvers vegna hann hefði stokkið út úr vélkrananum, og hafi hann svarað því til, að hann hefði óttazt, að kraninn legðist á húsið. Þá minnti vitnið einnig, að Ragnar hefði sagt því, að hann hefði hreyft til bómuna í þeim tilgangi að lyfta afturhjólunum með henni. Vitnið Ólafur Þórðarson, móðurbróðir Ragnars og þáverandi hafnargjaldkeri, kvað Ragnar heitinn hafa verið búinn að vinna við kranann í þrjú ár. Enginn verkstjóri á vegum hafnarskrifstofunnar hafi verið yfir hann settur, og hafi hann séð um viðgerðir á krananum, ýmist sjálfur eða með aðstoð annarra. Minni háttar aðgerðir hafi farið fram á bryggjunni eða fyrir ofan hana, en einnig hafi verið gert við

kranann í Vélsmiðjunni Kletti og Vélsmiðju Hafnarfjarðar. Var það ýmist, að Ragnar heitinn talaði við bæjarstjórann út af leyfi til þess að láta gera við vélkranann eða tók ákvörðun um það sjálfur. Í þessu tilfelli kvað vitnið sér ekki hafa verið kunnugt um viðgerð þá, sem framkvæma átti á krananum.

Í framburðum vitnanna Aðalsteins Sigurðssonar og Adolfs J. Sigurðssonar kom fram, að Ragnar heitinn hafði verið berklaveikur, og við krufningu fundust menjar eftir berklabreytingar í báðum lungum, lungnatoppum. Ályktun réttarlæknis um dánarorsökina hljóðar svo:

„Af því, sem fannst við krufninguna, og upplýsingum bæjarfógeta, virðist augljóst, að maðurinn hafi, er hann féll af krananum, fengið mikinn heilahristing, er leitt hefur til útbreiddra smáblæðinga og bjúgs í heila. Samfara þessu hefur hann fengið lost (shock) og bráðan lungnabjúg, sem að síðustu hefur gert út af við hann."

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að viðgerð sú, sem framkvæma átti, hafi verið svo mikil, að eðlilegast hefði verið, að hún færi fram á verkstæði, en starfsmenn á skrifstofu hafnarsjóðs hafi ráðið því, að hún var framkvæmd á þessum stað. Hafi Ragnar heitinn unnið verk sitt eftir fyrirmælum þeirra og með þeim tækjum, sem honum voru látin í té.

Þá reisti stefnandi bótakröfur sínar á því, að verk þetta hefði verið hættulegt og þar sem stefndi hefði notið hagnaðar af því, ætti hann einnig að bera áhættuna. Við munnlegan flutning málsins 10. nóvember s.l. bætti lögmaður stefnanda þeirri málsástæðu við, að útbúnaði kranans hefði verið áfátt, þar sem ekki hefðu þá verið undir honum útleggjarar eða öryggisstoðir, sem nú hafa verið settar á hann. Lagði hann fram myndir af vélkrananum, eins og hann lítur út nú, og svohljóðandi vottorð frá öryggiseftirliti ríkisins:

Út af fyrirspurn yðar vegna banaslyss, er varð í Hafnarfirði hinn 12. júlí 1957, vil ég taka þetta fram:

„Öryggisútbúnaði kranans var þannig háttað, að búið var að taka undan honum afturhjól, og stóð kraninn á framhjólum og trékubbum, er settir voru undir grind kranans fyrir framan afturhjól, áður en hjólin voru tekin undan. Við þetta röskuðust þyngdarhlutföll kranans mjög, þar sem engar öryggisstoðir voru á krananum, eins og nú hafa verið settar á hann, en þær hefðu komið í veg fyrir veltu, eins og þarna stóð á."

Lögmaður stefnda mótmælti þessari málsástæðu og vottorði

sem of seint fram komnu. Með úrskurði 18. nóvember lagði dómarinn fyrir aðilja að afla frekari upplýsinga um vélkrana þennan og þá sérstaklega öryggisstoðirnar og notkun þeirra. Við endurflutning málsins 13. janúar s.l. lögðu umboðsmenn aðilja síðan fram afrit af skoðunarskýrslum fyrir vélkranann og umsögn Þórðar Runólfssonar öryggismálastjóra. Skoðunarskýrslur öryggiseftirlitsins taka yfir árin 1956—1959 að undanskildu árinu 1957, en öryggismálastjóri telur samt ósennilegt, að skoðun hafi ekki farið fram á krananum það ár eins og hin árin. Það er fyrst við skoðun 28. október 1959 sem skoðunarmaður gerir þá athugasemd, að setja skuli útleggjara framan og aftan á umræddan krana, sem nái út fyrir hjól. Í umsögn öryggismálastjóra um öryggisútbúnað og notkun vélkranans segir m. a.: „Útleggjara þá, sem um ræðir, á ávallt að nota, þegar kranastjóri telur þess þörf, vegna þyngdar þess, sem lyft er, legu bómunnar, eða annarra aðstæðna vegna, sem krefjast stuðnings á krananum umfram það, sem hjólin veita honum.

Öryggiseftirlitið heimilar ekki notkun krana eða svipaðs tækis, sem að nokkru er sundurtekið, enda þótt hægt sé að beita tækinu og krani sé búinn útleggjurum til stuðnings."

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að engin sök verði fundin hjá honum né starfsmönnum hans. Ragnar heitinn hafi alveg ráðið tilhögun verksins sjálfur og stjórnað því. Verkið hafi ekki verið hættulegt, ef það var rétt unnið. Engin bilun hafi komið fram í stjórntækjum vélkranans og loks sé slysið ekki sennileg afleiðing af óhappinu.

Varakröfu sína reisir hann á því, að skipta beri sökinni.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styðji þá fullyrðingu stefnanda, að Ragnar heitinn hafi farið eftir fyrirmælum frá öðrum starfsmönnum stefnda um framkvæmd verksins. Þvert á móti verður að telja sannað, að hann hafi sjálfur ráðið tilhögun þess og stjórnað því. Ekki verður heldur fallizt á þá röksemd stefnanda, að reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð atvinnurekanda á hættulegum atvinnurekstri verði beitt um það verk, sem hér var um að ræða.

Það er álit hinna sérfróðu samdómsmanna, sem einnig er stutt af umsögn öryggismálastjóra, að stórhættulegt hafi verið að nota vélkranann sjálfan til lyftinga, eftir að búið var að taka hann þannig í sundur, þar sem þyngdarhlutföll og stöðugleiki hafi breytzt mjög við það. Þá var og hætt við, að hristingur á vélkrananum, sem stafaði af hreyfingu á bómunni og frá vélinni,

mundi orsaka það, að trékubbarnir hryndu undan krananum, þar sem undirstaðan var föst rétt aftan við miðju hans, en laus og fjaðrandi að framanverðu. Þar sem Ragnar heitinn var þaulvanur meðferð þessa tækis, mátti honum vera ljós sú áhætta, sem fylgdi því að nota það á þann hátt, sem gert var. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og þar sem hægt var að framkvæma verk þetta áhættulaust með því að nota annað tæki við lyftingarnar, verður það ekki talið máli skipta, hvort öryggisstoðir hefðu komið í veg fyrir, að vélkraninn sporðreistist eða ekki, ef þær hefðu verið á honum og verið notaðar. Að öllu því athuguðu, sem að framan greinir, lítur dómurinn svo á, að ekki verði hjá því komizt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Auðar Þorbergsdóttur cand. juris, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómurunum Jóhanni Ólafi Jónssyni verkstjóra og Sveini Torfa Sveinssyni verkfræðingi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Stefán Gunnlaugsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Elínar Kristjánsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður falli niður. Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Auðar Þorbergsdóttur cand. juris, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. marz 1962.

Nr. 84/1961. **Kristinn Guðnason**
gegn
Kjartani Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Guðnason, er eigi sækir dómþing í

máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. apríl 1962.

Nr. 140/1961. **Soffía Jacobsen** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 17. ágúst 1961 skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn af fulltrúa borgarfógeta Halldóri S. Rafnar hinn 29. júní s. á. Þá hefur hún einnig með stefnu 9. nóvember 1961 áfrýjað lögtaksgerð, er framkvæmd var af sama fulltrúa 13. september s. á. í húseign áfrýjanda til tryggingar greiðslu stóreignaskatts, kr. 525.279.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar af lögtaksgerð og eftirfarandi uppboði, ef til kemur. Krefst áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða úrskurði og lögtaksgerð verði breytt á þá leið, að heimilað verði lögtak fyrir kr. 326.065.00, en til vara kr. 345.017.00 án dráttarvaxta og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir verði staðfestar og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og getið er í úrskurði fógeta, kærði áfrýjandi álagningu stóreignaskattsins til Ríkisskattanefndar og krafðist lækkunar hans. Féll úrskurður nefndarinnar hinn 21. júní 1960 á þá leið, að kæran yrði ekki tekin til greina. Hinn 2.

ágúst 1960 krafðist stefndi í bréfi til borgarfógeta, að framkvæmt yrði lögtak hjá áfrýjanda til tryggingar greiðslu skattsins, og var málið tekið fyrir í fógetadómi sama dag. Fékk áfrýjandi þá frest til að koma fram með varnir í málinu. Hafði þannig dómstóll, sem bær var að skera úr um ágreiningsefni aðilja, fengið málið til meðferðar, áður en liðinn var sá þriggja mánaða frestur, sem ákveðinn er í 3. málsgr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957, sbr. 1. málsgr. 10. gr. laga nr. 44/1957. Verður því ekki tekin til greina sú málsástæða stefnda, að áfrýjandi hafi með því að bera mál sitt of seint undir dómstóla firrt sig rétti til að fá úrlausn þeirra um lækkunarkröfu sína.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á, að arfgreiðsla sú til sona hennar, sem um ræðir í málinu, hafi farið fram fyrir árslok 1956. Ber því að staðfesta hinar áfrýjuðu dómsathafnir, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu dómsathafnir eiga að vera óraskaðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. júní 1961.

Í máli þessu gerir gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, þær dómkröfur, að gert verði lögtak í eignum gerðarþola, Soffíu Jacobsens, Sóleyjargötu 13, til tryggingar vangoldnum skatti á stóreignir, samkvæmt lögum nr. 44/1957, að fjárhæð kr. 525.279.00, ásamt dráttarvöxtum, 6% á ári, frá 16. ágúst 1958 til 31. janúar 1959 og 12% á ári frá þeim degi til greiðsludags og öllum kostnaði við gjörð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Þá krefst hann enn fremur málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir þær réttarkröfur, að sú upphæð, sem lögtaks er krafizt fyrir, verði lækkuð úr kr. 525.279.00 í kr. 326.065.00 og lögtak aðeins framkvæmt fyrir lægri upphæðinni. Þá krefst hann þess, að gerðarbeiðandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Mál þetta var þingfest 2. ágúst s.l. og hefur síðan verið rekið

hér fyrir réttinum, og var það tekið til úrskurðar 22. þ. m. að afloknum munnlegum málflutningi.

Í byrjun ágústmánaðar s.l. krafðist tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs lögtaks hjá öllum þeim gjaldendum, er vangoldinn áttu skatt sinn á stóreignir samkvæmt lögum 44/1957, og voru þá þingfest 286 slík mál hér fyrir fógetaréttinum. Veittur var frestur í öllum þessum málum með fullu samþykki gerðarbeiðanda, aðallega þar sem langt var frá því að endanlegar tölur um skattfjárhæðir greiðenda lægju fyrir af hendi skattstofunnar í Reykjavík, enda hefur orðið að reikna skatt þennan fimm sinnum aðallega vegna úrskurða og dóma þeirra, er um hann hafa gengið. Mál þessi höfðu flest samflot í fyrstu, en skiptust síðan í flokka með nokkurri sérstöðu. Á síðustu mánuðum hefur öllum þessum málum verið lokið með sætt (greiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1957) eða lögtaki hjá gerðarþola, nema fjórum, sem krafizt er úrskurðar í, og er mál þetta eitt þeirra. Skýrir ofanritað ef til vill að nokkru, hversu háttað er um fresti í máli þessu.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir skatti á stóreignir í Reykjavík var kveðinn upp 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðum bæjarins.

Við álagningu skatts á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1958 var gerðarþola í máli þessu, Soffíu Jacobsen, gert að greiða kr. 525.279.00 í skatt samkvæmt ákvörðun skattstjórans í Reykjavík. Ekki vildi gerðarþoli una skattálagningu þessari og kærði hana til skattstjóra, sem úrskurðaði, að skatturinn skyldi standa óbreyttur. Með kæru, dags. 30/12 1959, er skatturinn síðan kærður til Ríkisskattanefndar. Í úrskurði Ríkisskattanefndar frá 21. júní 1960 segir: „Þar sem skattur á stóreignir er miðaður við eignir gjaldanda 31/12 1956, en fyrirframgreiðsla upp í arf, sem um getur í kæru yðar, fór ekki fram fyrr en á árinu 1957, sér nefndin sér ekki fært að taka kæruna til greina.“ Síðan virðist gerðarþoli ekkert hafa gert í málinu til að hnekkja skattálagningunni fyrr en nú hér fyrir fógetaréttinum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt lögtaks hjá gerðarþola fyrir hinum álagða stóreignaskatti, öllum og óbreyttum, kr. 525.279.00, enda sé álagningin í alla staði lögmæt og í fullu samræmi við ákvæði laga um skatt á stóreignir nr. 44/1957. Hann kvað gerðarþola hafa um langt skeið verið eiganda húseignarinnar Sóleyjargata 13. Hún virtist hafa hafið nýbyggingu (hækkun) til stækkunar hússins ásamt sonum sínum á árinu

1956, og hafi kostnaðarverð hennar numið kr. 406.415.93 í árslok, sbr. dskj. 10. Ekki var byggingarframkvæmdum þó lokið, sbr. dskj. 9, enda hafi bætzt við byggingarkostnaðinn á árinu 1957, að upphæð kr. 313.765.15.

Hann kveður nokkurs misskilnings gæta í framsetningu endurskoðanda gerðarþola í rökstuðningi hans um kröfuna á lækkun skattsins, sbr. dskj. 5. Fær endurskoðandi þar út kr. 845.-791.00, eða kr. 94.761.00 hærri en nemur breytingu þeirri, er skattstofan gerir á stóreignaskýrslu gerðarþola, en ⅔ húseignarinnar (þ.e.a.s. gamla hússins) Sóleyjargata 13 voru færðir henni til eignar til viðbótar þeim ⅓, sem hún taldi sér til eignar, með athugasemd um, að erfðafjárskýrsla frá 1956 væri ekki fyrirliggjandi. Sú breyting var samtals að upphæð kr. 751.030.00 samkvæmt dskj. 14. Stafar þetta meðal annars af því, að endurskoðandinn byggir á endanlegu fasteignamati hússins frá 1958, sem var kr. 338.700.00 plús lóð kr. 81.000.00, eða kr. 419.700.00, auk þess sem hann tekur nýbyggingarkostnaðinn inn í dæmi sitt. En fasteignamat og skattmat það, sem notað var við útreikning eigna gerðarþola um skatt á stóreignir, nam alls kr. 379.000.00, og um nýbygginguna var aldrei neinn ágreiningur um, að gerðarþoli og synir hennar ættu hana hvert að einum þriðja, og engin breyting var gerð á stóreignaskattsskýrslu gerðarþola hennar vegna. Það, sem um er deilt, er einungis „gamla húsið", og þó aðeins ⅔ þess. Þá bendir hann á, að gerðarþoli hafi vanrækt að leita réttar síns til leiðréttingar máli sínu, með því að vanrækja að skjóta máli sínu til hinna almennu dómstóla innan 3 mánaða frá úrskurði ríkisskattanefndar, sbr. 10. gr., 1. mgr., laga nr. 44/1957, og 23. gr., 3. mgr., reglugerðar nr. 95/1957. Enda sé það ekki hlutverk fógetaréttarins að kveða á um upphæð skatta, heldur ákveða, hvort þeir séu lögtakshæfir eða ekki. Mergur málsins sé því hinn fyrirfram greiddi arfur, þ.e.a.s. hvenær hann var inntur af hendi. Þá sé viðtekin regla, að forms sé krafizt um gjörninga mortis causa og valdi formgallar iðulega ógildi þeirra. Sá eini formlegi löggjörningur, sem fram hafi komið í máli þessu viðvíkjandi fyrirframgreiðslu arfs á ⅓ hluta hússins, Sóleyjargata 13, til hvors tveggja sona gerðarþola sé frá 29. janúar 1957, þó ekki formlega frágenginn, að því er varðar greiðslu erfðafjárins og þinglýsingu, fyrr en 1. febrúar s. á. Um fyrirframgreiddan arf gildi engin sérstök lög, um hann gildi aðeins venjur. Afhending fasteigna upp í fyrirframgreiddan arf geti engin réttaráhrif haft, fyrr en formleg yfirlýsing um arfs-

afhendinguna hafi verið löglega skráð og erfðafjárskattur greiddur. Hafi einhverjir munnlegir samningar átt sér stað milli gerðarþola og sona hennar, en um það hafi ekkert sannazt í máli þessu, þá bæru þeir öll einkenni ráðstafana inter vivos, en að engu leyti ráðstafana mortis causa, en um allar slíkar ráðstafanir séu strangar formkröfur, eins og fyrr segir.

Umboðsmaður gerðarþola byggir kröfu sína um lækkun skattsins fyrst og fremst á því, að gerðarþoli hafi ekki verið eigandi allra þeirra eigna, sem henni voru taldar til eignar við ákvörðun stóreignaskatts hennar, og ekki geti ætlun laga um skatt á stóreignir verið sú að taka eign A og leggja af henni skatt á B. Gerðarþoli sé talinn eigandi allrar húseignarinnar Sóleyjargötu 13 við ákvörðun stóreignaskattsins, en eins og dskj. 5 ber með sér, sé gerðarþoli aðeins eigandi ⅓ eignarinnar, og hafi verið það í árslok 1956, en synir hennar tveir, Haukur og Úlfar, hvor að ⅓. Á árinu 1956 hafi nefnd húseign verið stækkuð um eina hæð og auk þess gjörbreytt að öðru leyti og bætt, og hafi þeirri breytingu verið lokið fyrir lok þess árs. Þessi breyting og viðbót var gerð á kostnað gerðarþola og sona hennar tveggja, sem að sjálfsögðu hafi orðið eigendur að húsinu í nefndum hlutföllum, jafnóðum og breytingin og viðbótin var gjörð. Þau gerðarþoli og synir hennar hafi tekið sameiginleg lán, sem þau öll báru ábyrgð á, áður en verkið var hafið, og lögðu öll til verksins, hver sinn hlut. Ákvörðunin um fyrirframgreiðslu arfsins og framkvæmd á skiptingu eignarinnar í framangreindum hlutföllum hafi því verið tekin, áður en breyting hússins og viðgerð hófst, og því löngu áður en nefnd lög (lög nr. 44/1957) tóku gildi. Þó formleg yfirlýsing væri ekki gefin út fyrr en 29. janúar 1957, þá haggi það eigi þeirri staðreynd, að synir gerðarþola voru orðnir eigendur að húsinu þegar á árinu 1956. Munnlegt samkomulag sé jafn bindandi og skriflegt milli aðilja, og hér sé ekki einungis um munnlega yfirlýsingu gerðarþola að ræða, heldur sé verkið sjálft, breyting hússins, þessu til staðfestingar. Yfirlýsingin frá 29. janúar sé aðeins staðfesting á því, sem þegar var orðið, svo hægt væri að þinglýsa því og koma nöfnum eigenda í rétt horf í veðmálabókum. Það, sem skipti máli, sé, hvenær aðiljar hafi raunverulega orðið eigendur fasteignarinnar, en ekki, hvenær eignaraðildinni var þinglýst, enda sé það mjög títt, að menn séu eigendur fasteigna án afsalsyfirlýsinga eða þinglýsinga. Þá bendir umboðsmaður gerðarþola á, að skattstofan hafi tekið framtöl gerðarþola og sona hennar gild að

þessu leyti (eigendur að ⅓ hvert á Sóleyjargötu 13) við ákvörðun um álagningu tekju- og eignarskatts fyrir árið 1957.

Samkvæmt þessu hafi því stóreignaskattur gerðarþola að þessu leyti verið lagður á eignir sona hennar ásamt eign hennar, og hljóti því að því leyti að vera ranglega á lagður. Grundvöllurinn undir skattálagninguna sé því rangur að þessu leyti, og skiljist honum, að fógetarétturinn hljóti að vera fær að skera úr um það, hvort gjald það, sem gjöra á lögtak fyrir í tilteknu falli, sé löglega lagt á eða ekki.

Með lögum nr. 44 23. júní 1957, um skatt á stóreignir, var ákveðið að leggja stóreignaskatt á ýmsa gjaldendur, sem féllu undir viss ákvæði laganna, og skyldi skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. desember 1956. Ein af þeim, sem gert var að greiða skatt þennan, var gerðarþoli í þessu máli, Soffía Jacobsen, Sóleyjargötu 13 hér í bæ, og var henni gert að greiða kr. 525.279.00. Er fram komið í máli þessu, að hún hefur án árangurs kært skattálagningu þessa til skattstóra og síðan með bréfi 30/12 1959 til Ríkisskattanefndar (dskj. 5), sem samkvæmt bréfi frá 21. júní 1960 sá sér ekki fært að taka kæru hennar til greina (dskj. 8).

Gerðarþoli neytir ekki þess réttar síns samkvæmt 10. gr., 1. mgr., laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr., 3. mgr., reglugerðar nr. 95/1957, að skjóta úrskurði Ríkisskattanefndar til dómstólanna innan 3 mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar Ríkisskattanefndar, og virðist ekkert hafa í málinu gert, fyrr en það nú er til lögtaks hjá fógetaréttinum. Umboðsmaður gerðarþola telur hluta af stóreignaskatti þeim, sem lagður er á gerðarþola, í grundvelli sínum ólöglegan. Þetta ólögmæti stafi af því, að henni sé gert að greiða skatt af eignum annarra, sona sinna. Synir hennar hafi orðið eigendur umræddra eignarhluta vegna þess, að þeir hafi fengið þá í fyrirframgreiddan arf á árinu 1956, þótt formlega hafi þetta ekki verið fært til rétts horfs með nafnbreytingum í veðmálabókum fyrr en eftir áramót 1957.

Eigi fær rétturinn séð af gögnum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, né heldur af yfirlýsingu Soffíu Jacobsens frá 29. janúar 1957 um afhendingu ⅔ hluta húseignarinnar, Sóleyjargötu 13, upp í arf til sona hennar, Hauks og Úlfars, að hún á neinn hátt vísi til fyrri löggjörninga um slíka afhendingu, né heldur ber hún það með sér, að hún sé formleg staðfesting á slíkri fyrri afhendingu. Virðist því ósannað mál, að gerðarþoli hafi ekki verið eigandi hinnar umræddu eignar þann 31/12 1956.

Þar sem ekki verður annað séð en grundvöllur skattálagningarinnar sé lögum samkvæmt, þykir mega láta umbeðið lögtak fara fram á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að sérstakur málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Lögtak fógetadóms Reykjavíkur 13. september 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 13. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu Austurstræti 5 (skrifst. Sveinbjörns Jónssonar hrl.) og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Halldóri S. Rafnar með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá eftirtöldum gjaldanda:

Soffíu Jacobsen, Sóleyjargötu 13. Stóreignaskattur 252 1959 ..... kr. 525.279.00

Samtals kr. 525.279.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—3, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðunum. Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Valgeir Einarsson, skrifstofumaður tollstjóra.

Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fógetans Sveinbjörn Jónsson hrl., og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

— — — — — — —

Hann mótmælir lögtaki, hvað viðvíkur hinum umdeilda hluta kröfunnar, sbr. fógetaúrskurð frá 29. júní s.l. Þá sýnir hann áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar, dags. 17. ágúst s.l.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að lögtakið fari fram.

Var þá skrifað upp:

Fasteign gerðarþola, Austurstræti 9, ásamt með öllum réttindum, sem henni fylgja og fylgja ber.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri fasteign gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 77/1961. S

gegn

H

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður um öflun gagna í barnsfaðernismáli.

Úrskurður Hæstaréttar.

Rétt þykir, áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, að blóð sé af nýju tekið úr aðiljum, barninu og B og blóðúrtökin send til hæfs erlends sérfræðings, sem beðinn sé álits um, hvað ráða má um faðerni barnsins af þeim.

Þá telst rétt að æskja álits erlends sérfræðings um, hverjar líkur séu til þess, að meybarn, fætt 11. júlí 1959, þá að þyngd 4000 gr og að lengd 52 cm, geti verið komið undir 16. nóvember 1958.

Er lagt fyrir héraðsdómara að hlutast til um, að framannefnd rannsókn verði framkvæmd.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að annast aðgerðir þær, sem að framan getur.

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 22/1962. **Landssamband íslenzkra verzlunarmanna**
gegn
Alþýðusambandi Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Félagsdómur talinn dómbær um mál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. febrúar 1962, er hingað barst 6. marz s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 frávísunardóm Félagsdóms, upp kveðinn 22. febrúar 1962 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á sakarefnið. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja.

Í máli því, sem vísað var frá Félagsdómi, er um það deilt, hvort Landssamband íslenzkra verzlunarmanna eigi lögvarinn rétt til að gerast félagsaðili í Alþýðusambandi Íslands. Úrlausn þessa sakarefnis er komin undir skýringu og fyllingu samkvæmt venjulegum lögskýringarreglum á ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Félagsdómur á sem sérdómstóll eftir greindum lögum að veita efnisúrlausn um þenna ágreining, þ. e. hvort lögmæt hafi verið synjun Alþýðusambandsins á inngöngubeiðni Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, sbr. 1. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu til Félagsdóms til meðferðar og uppkvaðningar efnisdóms.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og

málinu er vísað til Félagsdóms til meðferðar og uppkvaðningar efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 22. febrúar 1962.

Dómendur: Hákon Guðmundsson,
Gunnlaugur E. Briem,
Benedikt Sigurjónsson,
Einar B. Guðmundsson og
Ragnar Ólafsson.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. apríl f. á., af Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna gegn Alþýðusambandi Íslands, og eru dómkröfur stefnanda þær:

Að Alþýðusamband Íslands verði með dómi skyldað til þess að veita Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna inngöngu í Alþýðusambandið með fullum og óskertum réttindum sem stéttarfélagssambandi og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málið hefur verið tekið til munnlegs málflutnings sérstaklega, að því er varðar frávísunarkröfu stefnda, en henni hefur stefnandi mótmælt og krafizt þess, að hún verði ekki tekin til greina.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 2. júní 1957 stofnuðu 7 félög skrifstofu- og verzlunarfólks Landssamband íslenzkra verzlunarmanna. Árið 1960 voru félög í nefndu sambandi talin vera 20 að tölu með um það bil 3500 félagsmönnum. Á öðru sambandsþingi þess í maímánuði 1959 var samþykkt, að sambandið skyldi sækja um inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Samkvæmt þessari ályktun sótti stefnandi hinn 14. júní 1960 um inngöngu í Alþýðusambandið. Umsókn þessa sendi miðstjórn Alþýðusambandsins til umsagnar milliþinganefndar Alþýðusambandsins í laga og skipulagsmálum, sem kosin var á alþýðusambandsþingi árið 1958 og skipuð var 6 mönnum. Samkvæmt frásögn stefnda, sem ekki hefur verið vefengd, klofnaði nefnd þessi um málið. Munu þrír nefndarmanna hafa viljað synja stefnanda um inngöngu með þeim rökum, að skipulagsmál Al-

þýðusambands Íslands væru enn í deiglunni, enda væri skipulag stefnanda annað en skipulag þeirra starfsgreinafélaga, sem þegar væru í Alþýðusambandinu. Hinn hluti skipulagsnefndarinnar mun hins vegar hafa viljað veita stefnanda inngöngu að tilskildum nokkrum breytingum á samþykktum hans og að undangenginni endurskoðun á félagaskrám hinna ýmsu félaga. Miðstjórn Alþýðusambandsins ákvað því næst að synja stefnanda um inngöngu, og kom málið fyrir alþýðusambandsþing árið 1960. Samþykkti þingið með 198 atkvæðum gegn 129 tillögu þess efnis, að staðfest væri sú ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands að synja stefnanda um inngöngu, meðan skipulagsmál sambandsins væru enn í deiglunni. Kom því ekki til atkvæða tillaga, sem flutt var af 18 þingfulltrúum, þess efnis, að Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna verði veitt innganga í Alþýðusambandið, ef lög þess og félaga innan þess væru endurskoðuð.

Eftir þessi málalok hófst stefnandi handa um málshöfðun þessa. Eru dómkröfur hans studdar þeim rökum, að stefndi sé í mörgu tilliti málsvari og fulltrúi launþega í landinu og heildarsamtök þeirra. Hann sé að lögum aðili um margs konar hagsmunagæzlu launastéttanna. Af þessum sökum sé stefnanda það hagsmunamál að eiga aðild að Alþýðusambandinu, enda eigi hann rétt á því samkvæmt eðli málsins og lögjöfnun frá 2. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að stefnandi, sem sé samband stéttarfélaga, hafi hvorki með ákvæðum 2. gr. laga nr. 80/1938 né öðrum ákvæðum nefndra laga fengið lögvarinn rétt til þess að krefjast inngöngu í Alþýðusamband Íslands gegn vilja þess. Það ráði sjálft skipulagsmálum sínum og þá einnig því, hverjum það veiti inngöngu. Sé í því efni algerlega óheimilt að jafna til ákvæða 2. gr. síðastnefndra laga um skyldu stéttarfélaga til að veita launþegum í þeirri starfsgrein, sem þau starfa í, inngöngu. Synjun stefnda á inntökubeiðni stefnanda sé því hvorki brot á oftnefndri 2. gr. né öðrum ákvæðum laga nr. 80/1938 og eigi Félagsdómur því ekki, svo sem verkefni hans séu ákveðin í 44. gr. laganna, að fjalla um dómkröfur stefnanda í þessu máli.

Svo sem að framan er rakið, er stefnandi máls þessa samband stéttarfélaga innan sömu starfsgreinar, og geta öll verzlunarmannafélög hér á landi, sem uppfylla skilyrði samþykkta stefnanda, verið félagar, með þeirri undantekningu þó, að sam-

bandið veitir aðeins einu verzlunarmannafélagi á hverjum stað inngöngu. Er tilgangur Landssambands ísl. verzlunarmanna samkvæmt 2. gr. samþykktar þess sá, að efla samtök skrifstofu- og verzlunarmanna og vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Samkvæmt samþykktum Alþýðusambands Íslands er það samtakaheild íslenzkrar alþýðu í verkalýðsmálum og hlutverk þess, að hafa forystu í stéttarbaráttu og félagsstarfsemi alþýðunnar á Íslandi í málum atvinnustéttanna með það takmark fyrir augum, að þeim stéttum verði tryggð sambærileg kjör og sami réttur og öðrum stéttum þjóðfélagsins. Eru höfuðatriðin í starfsemi Alþýðusambandsins samkvæmt samþykktum þess talin vera þau, að gangast fyrir stofnun stéttarfélaga, styðja þau og efla hagsmunabaráttu þeirra.

Með ákvæðum 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er samtakaréttur stéttarfélaga og stéttarfélagasambanda viðurkenndur og lögvarinn og í 3. gr. sömu laga er stéttarfélögum og stéttarfélagasamböndum heimilað að ráða málefnum sínum með þeim takmörkunum, sem lögin setja. Í 2. gr. laganna er þetta sjálfræði takmarkað nokkuð, því þar segir, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. Skilja verður þetta síðastnefnda ákvæði svo, að þar sé verið að tryggja launþegum það, að möguleikar þeirra til vinnu á hinum almenna vinnumarkaði, innan þeirrar starfsgreinar, sem um er að ræða hverju sinni, séu eigi skertir með því, að stéttarfélög láti hentisemi þeirra, sem þegar eru orðnir félagsmenn og fengið hafa með samningum félags síns forgangsréttaraðstöðu til vinnu þeirrar, sem völ er á, ráða því, hverjir geti notið þeirrar starfsaðstöðu, sem náðst hefur. Félagsdómur hefur og talið sér heimilt og rétt samkvæmt 1. tl. 44. gr. nefndra laga að skera úr því, hvort synjun stéttarfélags eða stéttarfélagasambands í ákveðinni starfsgrein um inntöku aðilja, sem áttu starfslegra hagsmuna að gæta, samrýmist fyrirmælum 2. gr. sömu laga.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er um það að ræða, að samband stéttarfélaga í ákveðinni starfsgrein sækir um inngöngu í allsherjarsamtök verkalýðsfélaganna, sem hafa það markmið og eru skipulögð með þeim hætti, sem áður var lýst. Eigi er fram komið, að stefnandi hafi þá starfslegu hagsmuni af inngöngu í Alþýðusambandið, sem fyrirmæli 2. gr. laga nr. 80/1938 taka til og miðast við. Heimila ákvæði 44. gr. laganna

Félagsdómi því eigi að dæma um það, hvort stefnda sé skylt að verða við þeirri kröfu stefnanda að veita honum inngöngu í Alþýðusamband Íslands með fullum og óskertum réttindum, og ber samkvæmt því að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.
Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eiga menn rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

Samkvæmt 3. gr. laganna eru félagsmenn stéttarfélags bundnir við löglega samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem félagið kann að vera í. Þá segir í 13. gr., að stéttarfélögum eða sambandi stéttarfélaga sé heimilt að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning.

Samkvæmt 2. gr. laga Alþýðusambands Íslands er Alþýðusambandið samtakaheild íslenzkrar alþýðu í verkalýðsmálum. Í 3. gr. laganna segir, að hlutverk Alþýðusambandsins sé að hafa forystu í stéttarbaráttu og félagsstarfsemi alþýðunnar á Íslandi í málefnum atvinnustéttanna með það takmark fyrir augum, að þeim stéttum verði tryggð sambærileg kjör og sami réttur og öðrum stéttum í landinu. Framkvæmdir í þessu skyni annast stéttarfélögin sjálf eða sambönd þeirra ásamt þingi og stjórn Alþýðusambandsins.

6. gr. sömu laga fjallar um inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Veitir greinin stéttarfélagasamböndum rétt til þátttöku í Alþýðusambandinu með sömu takmörkunum og stéttarfélögum, eftir því sem við á.

Þau ákvæði laga nr. 80/1938 og laga Alþýðusambandsins, sem hér hafa verið rakin, sýna, að stéttarfélagasambönd njóta sömu réttinda og stéttarfélögin sjálf. Er og upplýst, að í Alþýðusambandi Íslands eru nú tvö stéttarfélagasambönd.

Félagsdómur var stofnaður með lögum nr. 80/1938, og er hlutverki hans lýst í 44. gr. laganna. Áminnzt ákvæði um hlutverk félagsdóms er að vísu ekki skýrt, enda miðað við þær aðstæður, er giltu, er lögin nr. 80/1938 tóku gildi. Síðan hafa gerzt miklar

breytingar í atvinnuháttum Íslendinga og í málefnum stéttarfélaga og launþega yfirleitt. Hafa áhrif Alþýðusambands Íslands aukizt ár frá ári, og er almennt litið á Alþýðusambandið sem fulltrúa launastéttanna, annarra en þeirra, er starfa í þjónustu hins opinbera. Hefur þetta á margan hátt verið viðurkennt af ríkisvaldinu sjálfu, sem fengið hefur Alþýðusambandinu í hendur mörg og mikilvæg hlutverk sem fulltrúa launastéttanna í landinu. Fer ekki á milli mála, hve þýðingarmikið það er stéttarfélögum eða stéttarfélagasamböndum að vera í Alþýðusambandi Íslands og njóta þannig þeirra réttinda, sem þessi samtök veita launþegum.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 80/1938 er Félagsdómur skipaður fimm mönnum. Eru tveir dómendur skipaðir af Hæstarétti, einn af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, nú Vinnuveitendasambandi Íslands. Er þannig ljóst, að löggjafarvaldið hefur viljað vanda til skipunar Félagsdóms, svo sem bezt varð á kosið.

Þegar framangreind atriði eru virt, er Félagsdómi samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 rétt og skylt að fjalla um mál það, er hér liggur fyrir, þ. e., hvort Landssamband íslenzkra verzlunarmanna eigi rétt til inngöngu í Alþýðusamband Íslands eða ekki. Verður því frávísunarkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa Alþýðusambands Íslands er ekki tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 30/1962. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni og Þorgils Þorbergi Stefánssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 31. janúar 1962 var í sakadómi Keflavíkur kveðinn upp dómur í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákæruvaldsins gegn framangreindum aðiljum. Var ákærði Guðmundur Stefán dæmdur í 28 daga varðhald, hann sviptur ökuréttindum í 2½ ár og dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, að frádregnum kr. 1700.00.

Ákærði Þorgils Þorbergur var dæmdur til að greiða kr. 500.00 sekt og kr. 700.00 í sakarkostnað. Ríkissjóði var gert að greiða kr. 1000.00 af sakarkostnaði.

Skipuðum verjanda ákærða Þorgils, Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni, voru ákveðin kr. 1500.00 í málsvarnarlaun.

Dómur þessi var birtur ákærða Þorgils Þorbergi af notario publico í Keflavík 5. febrúar 1962. Tók hann sér viku frest til þess að ákveða, hvort hann áfrýjaði dóminum, og 14. febrúar 1962 tilkynnti hann notario publico, að hann ætlaði að una við dóminn.

Ákærði Sigurður Þorleifsson lýsti því yfir 14. febrúar 1962, að hann vildi una við dóminn að sínu leyti, og 20. febrúar 1962 ákvað saksóknari ríkisins, að dóminum yrði ekki áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins.

Hinn 2. marz 1962 mætir verjandi ákærða Þorgils Þorbergs, Þorvaldur Þórarinsson hrl., „ótilkvaddur" í sakadómi Keflavíkur. Lýsti lögmaðurinn yfir því, „að hann óski að kæra málsvarnarkostnaðarákvæði dómsins til Hæstaréttar svo og að skjóta til Hæstaréttar ummælum í forsendum dómsins varðandi ákvörðun sakbornings um val verjanda". Bárust dóminum síðar skjöl málsins með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 13. marz s.l.

Þorvaldur Þórarinsson hrl. hefur ritað greinargerð fyrir Hæstarétti í kærumálinu. Eru kröfur hans í 2 liðum: 1. Hann telur, að skipting málskostnaðar sé ósanngjörn og 2. hann telur, að málsvarnarlaun þau, sem honum voru dæmd, séu of lág.

Saksóknara ríkisins hefur verið kunngerð kæran, en hann hefur ekki séð ástæðu til að hafa afskipti af málinu.

Um 1. Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 82, 21. ágúst

1961 ber kæranda að „lýsa kæru sinni innan sólarhrings, frá því er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra". Ákærða Þorgils var, eins og að framan getur, birtur dómurinn í málinu 5. febrúar 1962, án þess að hann gerði neinar ráðstafanir til þess að kæra þenna þátt málsins. Verður því að vísa kæru verjanda hans frá Hæstarétti, að því er tekur til málskostnaðargreiðslu hans.

Um 2. Samkvæmt 4. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961 getur saksóknari einn kært til æðra dóms eða leyft aðilja að kæra ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Af framanlögðum gögnum verður eigi séð, að saksóknari hafi veitt leyfi til kæru þessarar, og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa þessum lið málsins frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Dómur sakadóms Keflavíkur 31. janúar 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 31. janúar, var sakadómur Keflavíkur settur af fulltrúa bæjarfógeta á skrifstofu embættisins og haldinn þar með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að kveða upp dóm í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni og Þorgils Þorbergi Stefánssyni.

Mál þetta var þingfest og dómtekið, að því er ákærða Sigurð varðar, í sakadómi 30/8 s.l., en að því er Þorgils varðar, í dag.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 8. ágúst 1961, er Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, Birkiteig 18, Keflavík, ákærður fyrir að hafa að kveldi laugardagsins 3. júní s.l., undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni M 294 um götur Keflavíkur, án þess að hemlar bifreiðarinnar, ljósker og hraðamælir væru í fullkomnu lagi og án þess að sýna næga aðgæzlu við nefndan akstur, þar sem börn voru að leik, því er hann ók eftir Hringbraut, varð stúlkan Þórunn Sigurðardóttir fyrir bifreiðinni og slasaðist nokkuð og ennfremur fyrir að hafa horfið af vettvangi, án þess að skýra lögreglunni frá slysinu.

Telst brot þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga 26/

1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga 58/1954.

Með sama ákæruskjali er Þorgils Þorbergur Stefánsson, Kalastöðum, Hvalfjarðarströnd, jafnframt ákærður fyrir að hafa að kveldi sama dags, undir áhrifum áfengis, ekið sömu bifreið um vegi í Keflavík í því ástandi, sem fyrr segir um bifreiðina.

Telst brot þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga 58/1954.

Þess er krafizt, að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Sigurður er á sakhæfisaldri og er fæddur 14/3 1935 að Arnardal á Ísafirði, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kr. 50.00 sekt á Keflavíkurflugvelli fyrir brot á lögum nr. 73/1952 hinn 19.11. 1958.

Ákærði Þorgils er á sakhæfisaldri og er fæddur 24.7. 1927 að Kalastöðum á Hvalfjarðarströnd, og hefur hann sætt refsingum, svo kunnugt sé, sem hér segir:

1957 14/3 Keflavíkurflugv.: Sátt, kr. 150.00 sekt fyrir umferðarlagabrot.

1958 18/4 Sama umdæmi: Sátt, kr. 400.00 fyrir tolllagabrot.

1958 4/11 Sama umd.: Dómur, 15 daga varðhald, svipting ökuleyfis í 12 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Málsatvik skulu nú rakin:

Laugardaginn 3. júní 1961 kom ákærði Þorgils á bíl sínum, M 294, heim til ákærða Sigurðar að Birkiteig 18. Ákærði Sigurður segir þá þar hafa hafið áfengisdrykkju saman. Því neitar ákærði Þorgils eindregið, og vitnið Rósa Geirþrúður Halldórsdóttir, kona Sigurðar, segir í sakadómi, ekki hafa séð þá drekka neitt áfengi þar. Eftir nokkra viðdvöl þarna ekur ákærði Þorgils þeim heim til sín að Vesturgötu 12. Þar sé þá vitnið Jóhanna Waage, og segist hún ekki hafa séð vín á þeim og ekki séð þá drekka þar. Þessu næst ekur ákærði Þorgils heim að Greniteig 4, og verða þeir ákærði viðskila þar. Vitnin Guðmundur Stefánsson og Ingibjörg Guðleifsdóttir, kona hans, sem þar búa, segjast ekki hafa séð vín á ákærða Þorgils, þegar hann kom þangað, en þó hafði ákærði Þorgils vín með sér þangað og neytti þess þar með húsráðanda.

Ákærði Sigurður tekur bílinn M 294 þessu næst í óleyfi og ekur honum brott, og segir hann í sakadómi, að hann hafi ætlað

eftir gosdrykkjum til áfengisblöndunar. Við samprófun ákærðu kemur fram, að þessi för ákærða Sigurðar var ekki farin með vilja eða vitund ákærða Þorgils.

Af ökuför ákærða Sigurðar er það að segja, að hann ók bifreiðinni M 294 inn á Vatnsnestorg og keypti þar öl. Þaðan ók hann upp á Faxabraut og um Hringbraut. Skammt frá Sölvabúð segist ákærði Sigurður hafa séð börn að leik á götunni fram undan, og hugðist hann þá hemla, en þar sem hemlar virkuðu ekki, sveigði hann til vinstri frá barni, sem hljóp út á götuna. Ekki tókst þó betur til en svo, að bifreiðin lenti á barninu „og böglaðist það undir bifreiðina".

Þarna greip ákærða „ólýsanlegur óhugur og hræðsla" og ók hann af slysstað og lagði bifreiðinni nálægt þeim stað, er hann tók hana.

Vitnið Þórheiður Kristjánsdóttir sá, hvar ákærði Sigurður steig úr bílnum og gekk frá honum, eins og hann ætlaði að láta hann eiga sig. „Gekk hann dálítinn spöl, skimaði svo í kring um sig, sneri síðan við og kom að bílnum og þurrkaði framan af honum mjög vandlega og hljóp síðan í burtu." Virtist vitninu fát vera á manninum. Ákærði Sigurður mótmælti því, að hann hefði þurrkað af bílnum.

Lögreglan hóf þegar rannsókn á slysinu, sem leiddi til þess, að bifreiðin fannst strax, þar sem fyrr segir, og skömmu síðar veittu lögregluþjónar athygli tveim ölvuðum mönnum, sem gengu austur Vesturgötu, og voru þar komnir þeir ákærðu Sigurður og Þorgils, og voru þeir teknir í vörzlu lögreglunnar.

Við athugun bifreiðaeftirlitsins á bílnum M 294 komu í ljós eftirfarandi gallar:

„Fóthemlar voru þannig, að hemlaför voru jöfn eftir öll hjól, fetill gekk því sem næst að gólfi, en virkaði þó eðlilega á hemla. Handhemill var óvirkur og hraðamælir einnig. Geisli á hægra framljósi brunninn."

Ákærði Þorgils, eigandi bifreiðarinnar, kvaðst í sakadómi hafa vitað um þessa galla að undanskilinni bilun á ljósi, enda ekki ljós notuð á þessum árstíma.

Um stúlkuna, sem ekið var á, er það að segja, að hún var strax flutt til læknis, sem saumaði saman skurð, sem hún hafði fengið á enni. Samkvæmt upplýsingum móður stúlkunnar nú fyrir skömmu, greri skurður þessi fljótt og vel, en stúlkan hefur þó lítið ör á enninu eftir áverkann.

Svo sem nú hefur verið rakið, þykir sannað með játningu ákærða Sigurðar svo og á annan hátt, að hann hafi að kveldi laugardagsins 3. júní s.l., undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni M 294 um götur Keflavíkur, án þess að hemlar bifreiðarinnar, ljósker og hraðamælir væru í fullkomnu lagi og án þess að sýna næga aðgæzlu við nefndan akstur, þar sem börn voru að leik, svo að er hann ók eftir Hringbraut, varð stúlkan Þórunn Sigurðardóttir, Smáratúni 46, Keflavík, fyrir bifreiðinni og slasaðist nokkuð, og enn fremur að hafa eftir slysið horfið af vettvangi án þess að skýra lögreglu frá því.

Telst þetta réttilega í ákæru varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærði Sigurður er frá barnmargri fjölskyldu, sem fluttist fyrir u. þ. b. 10 árum úr nágrenni Ísafjarðar hingað á Suðurnesin. Hann virðist hafa stundað alla almenna verkamannavinnu og er nú kvæntur og á ung börn.

Með því hátterni sínu, sem lýst er hér að framan, hefur ákærði Sigurður unnið til refsingar, sem þykir hæfilega ákveðin 28 daga varðhald. Þá greiði hann kostnað sakar þessarar að frádregnum kr. 1.700.00.

Þá ber og að svipta ákærða Sigurð ökuréttindum, og þykir hlíta, að hann verði sviptur ökuréttindum tvö og hálft ár frá dómsbirtingu.

Svo sem rakið er í ákæruskjali, er ákærði Þorgils fyrst og fremst ákærður fyrir ölvunarakstur, en svo sem rakið hefur verið í dómi þessum, eru ekki í ljós leiddar sannanir fyrir sekt ákærða Þorgils, hvað þetta ákæruatriði áhrærir, og þótt meðákærði Sigurður beri, að ákærði Þorgils hafi hafið áfengisdrykkju á heimili ákærða Sigurðar, þá er sá framburður óstöðugur og ekki studdur framburði annarra vitna, en allur vafi um þetta atriði verður að metast ákærða Þorgils í vil. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða Þorgils af þessu atriði ákærunnar.

Um hitt atriði ákærunnar gegnir öðru máli. Samkvæmt vottorði bifreiðaeftirlitsins voru þeir gallar á bíl ákærða, M 294, að fóthemlufetill gekk því sem næst að gólfi, en virkaði þó eðlilega á hemla. Handhemill var óvirkur svo og hraðamælir, og geisli á hægra framljósi brunninn. Ákærði Þorgils viðurkenndi í saka-

dómi, að hafa vitað um þessa ágalla að undanskilinni bilun á ljósi. Rétt er að benda á, að telja má sennilegt, að gallarnir á hemlunum hafi á sinn hátt átt þátt í slysalegum akstri ákærða Sigurðar. Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði Þorgils ók bifreiðinni M 294 um vegi í Keflavík, án þess að hemlar bifreiðarinnar væru í fullkomnu lagi.

Telst þetta réttilega heimfært í ákæruskjali undir 2. mgr. 26. gr., 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og þykir refsing ákærða Þorgils hæfilega ákveðin kr. 500.00 sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd.

Þar eð ákærði Þorgils hefur verið sýknaður af aðalákæru ákæruvaldsins, hlýtur ríkissjóður að bera sakarkostnað hans að mestu leyti. Þess ber þó að geta, að ákærði Þorgils kaus sér verjanda úr öðru byggðarlagi, þótt hér séu allmargir lögfræðingar tiltækir, og greiði ákærði kr. 700.00 í sakarkostnað, en málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Þorgils þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00.

Hákon Heimir Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan, og er þess að geta, að rannsókn málsins hefur tafizt nokkuð, vegna þess að strax eftir atburði þá, sem lýst er í dómi, fóru ákærðu báðir brott úr umdæminu til síldveiða og annarar vinnu, og kom annar ekki hingað aftur fyrr en seinnipart þ. m., en hinn litlu fyrr.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson sæti 28 daga varðhaldi. Hann skal sviptur ökuréttindum í tvö og hálft ár frá birtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað sakar þessarar að frádregnum kr. 1.700.00.

Ákærði Þorgils Þorbergur Stefánsson skal greiða kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd. Hann greiði kr. 700.00 í sakarkostnað, þ. e. hluta af launum skipaðs verjanda síns, hr. Þorvalds Þórarinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00. Ríkissjóður greiði kr. 1.000.00 af kostnaði sakar þessarar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 13/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og
Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og þrotabúi Ísfirðings h/f
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og Magnús Torfason prófessor.

Lögveð fyrir iðgjöldum til Lífeyrissjóðs togarasjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1962 og krafizt þess, aðallega að löðveðtryggð krafa gagnáfrýjanda í uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, verði færð niður í kr. 257.052.78, en til vara niður í kr. 314.698.02 án innheimtulauna og kostnaðar, og loks að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. marz 1962 og krafizt þess, að honum verði dæmd af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, lögveðtryggð krafa, að fjárhæð kr. 544.245.31 auk innheimtulauna og kostnaðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur stefnda, þrotabúi Ísfirðings h/f.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 49/1958 skulu sjóðfélagar inna 4% af heildarlaunum sínum í iðgjöld til Lífeyrissjóðs togarasjómanna, og ber launagreiðanda að halda þeim eftir

og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Iðgjöld þessi eru hluti af kaupi sjómanna. Eru þau því tryggð með sjóveðrétti samkvæmt 2. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914, sem fyrnist eftir 252. gr. sömu laga. Öðru máli gegnir um þau 6% af heildarárslaunum sjóðfélaga, er launagreiðandi skal inna af hendi til lífeyrissjóðsins. Hér er um að tefla tillag launagreiðanda, sem eigi er tryggt sjóveði eftir 2. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914. Með lögum nr. 34/1960 er hins vegar svo kveðið á, að iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Ákvæði þetta tekur einungis til iðgjalda, sem falla í gjalddaga eftir gildistöku laganna, þ. e. frá 30. maí 1960.

Með skírskotun til þess, sem rakið var, og samkvæmt því, sem í ljós er leitt, eru iðgjöld þau til Lífeyrissjóðs togarasjómanna, er nú verða talin, tryggð lögveði í uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260.

1. Iðgjöld sjómanna, 4% af kaupi, fyrir 17. nóvember 1959 ..... kr. 28.550.03
2. Iðgjöld sjómanna, 4% af kaupi, frá 17. nóvember 1959 til 30. maí 1960 ..... — 43.501.94
3. Öll iðgjöld eftir 30. maí 1960 ..... — 257.052.78

Alls kr. 329.104,75
Hér frá dragast samkvæmt málflutningi kr. 8.854.00

Kr. 320.250.75

Ber að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð sem lögveðtryggða kröfu af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Greiða ber gagnáfrýjanda, stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna, kr. 320.250.75 sem lögveðtryggða kröfu af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Ísafjarðar 3. febrúar 1962.

Ár 1962, laugardaginn 3. febrúar, var í uppboðsrétti Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. janúar s.l.

Í máli þessu hefur sóknaraðili gert þær kröfur, að öll ógreidd iðgjöld Ísfirðings h.f. vegna b.v. Sólborgar, ÍS 260, samkvæmt 9. grein laga nr. 49/1958 verði greidd honum af uppboðsandvirði skipsins sem lögveðkröfur, en þær nema samtals kr. 544.-245.31 auk vaxta, innheimtulauna og málskostnaðar, sem hann hefur einnig sett fram kröfur um.

Umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur gert þær dómkröfur, að aðeins verði viðurkenndur lögveðréttur í b/v Sólborgu aðallega fyrir kr. 257.052.78, en til vara kr. 371.-929.79. Þá hefur hann aðallega krafizt þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður, en til vara, að hann verði látinn falla niður.

Ísfirðingur h.f. hefur gert þá kröfu, að frá fjárhæðum lífeyrissjóðsins verði dregnar kr. 14.584.10, iðgjöld færeyskra sjómanna, sem félagið endurgreiddi þeim, án þess að fyrir lægi samþykki sjóðsins. Að öðru leyti setti Ísfirðingur h.f. ekki fram sjálfstæðar kröfur í málinu.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1960, krafðist Jón Ingimarsson lögfræðingur f. h. stjórnar Lífeyrissjóðs togarasjómanna sölu á nauðungaruppboði á b/v Sólborgu, ÍS 260, til fullnustu gjaldföllnu, en ógreiddu 10% iðgjaldi til lífeyrissjóðsins síðan 26. desember 1958, svo og vöxtum og innheimtukostnaði. Samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1951 um sölu lögveða hafði áður verið birt greiðsluáskorun til togaraeigenda í 96. tbl. Lögbirtingablaðs, sem kom út 24. september 1960. Auglýsing um nauðungaruppboðið á b/v Sólborgu var birt í Lögbirtingablöðum nr. 119, 121 og 123/1960, sem út komu 14. og 31. og 28. desember 1960, og var uppboðsdagur ákveðinn 26. janúar 1961.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 1/1961 og lögum

nr. 48/1961 var uppboðinu frestað þangað til 29. janúar 1962, að skipið var selt. Varð fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hæstbjóðandi með boð, að upphæð kr. 2.900.000.00, og krafðist hann útlagningar sem ófullnægður 1. veðréttarhafi.

Við uppboðið mótmælti hann kröfum uppboðsbeiðanda, og fór fram munnlegur flutningur um ágreininginn 29. jan. s.l., og var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Upphafleg krafa uppboðsbeiðanda nam kr. 296.048.10 auk vaxta og kostnaðar, en síðar lagði hann fram í málinu viðbótarkröfur, og voru lokakröfur hans kr. 544.215.31 auk vaxta og kostnaðar, og krafðist hann þess, að upphæðirnar yrðu sér greiddar sem lögveðkröfur.

Við munnlegan flutning málsins lýstu aðiljar því yfir, að ekki væri ágreiningur um upphæð fjárkröfunnar. Uppboðsbeiðandi hélt því fram í málinu, að fyrir kröfum hans væri lögveð í b/v Sólborgu. Þetta hefur umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs véfengt og haldið því fram, að lögveðrétturinn næði ekki til iðgjalda fyrir 30. maí 1960, heldur aðeins til þeirra upphæða, sem fallið hefðu til eftir þann tíma, eða kr. 257.052.78, og er það aðalkrafa hans, að hærri upphæð verði ekki greidd af uppboðsandvirði b/v Sólborgar og veitt lögveð fyrir.

Varakrafa hans um greiðslu kr. 371.929.79 er þannig til komin, að við framangreindar kr. 257.052.78 er bætt iðgjaldshluta sjómanna á b/v Sólborgu, 4% af kaupi þeirra, sem eiganda skipsins bar að standa skil á til sjóðsins.

Lífeyrissjóður togarasjómanna var stofnaður með lögum nr. 49/1958. Samkvæmt lögunum skyldu allir vera sjóðfélagar, sem lögskráðir væru á íslenzka togara, og skyldu þeir greiða í iðgjöld 4% af heildarárslaunum sínum, og bar launagreiðanda skylda til að halda iðgjöldunum eftir af kaupi þeirra, og standa skil á því til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Launagreiðendur skyldu á hinn bóginn greiða 6% af heildarárslaunum sjómanna til sjóðsins sem eigið framlag. Í lögunum voru engin ákvæði til að tryggja iðgjöldin, ef vanskil bæri að.

Með lögum nr. 34/1960 var svo ákveðið, að iðgjöldin skyldu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Þessi lög öðluðust gildi 30. maí 1960.

Uppboðsbeiðandi hefur haldið því fram, að hann ætti lögveðrétt í b/v Sólborgu fyrir iðgjöldunum, frá því að sjóðurinn var stofnaður. Hefðu lög nr. 34/1960 verið sett til að staðfesta

réttarstöðu, sem var fyrir hendi, og ákvæðin í þeim náð til allra iðgjalda, sem þá voru fallin í gjalddaga og þau með þeim hætti verkað aftur fyrir sig. Þá hefur hann haldið því fram, að á iðgjöldin til sjóðsins bæri að líta sem launaviðbót og ættu þau því að njóta sjóveðréttar, eins og kaup sjómanna að öðru leyti.

Þá hefur uppboðsbeiðandi haldið því fram, að hvað sem öðru líði, bæri að veita sjóveð fyrir þeim 4% iðgjaldanna, sem launagreiðandi ætti að taka af kaupi lögskráðra sjómanna og standa skil á til sjóðsins, þar sem þar væri í raun og veru um sjóveðtryggt kaup að ræða.

Umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs mótmælti sjónarmiðum uppboðsbeiðanda og hélt því fram, að lög nr. 34/1960 hafi verið sett til þess að skapa lífeyrissjóði togarasjómanna rétt, sem hann hafði ekki áður. Þá hefur hann haldið því fram, að það sé meginregla í íslenzkum rétti, að lög verki ekki aftur fyrir sig, þ. e. aðeins frá þeim tíma, sem þau öðlast gildi. Þá kvað hann varakröfuna ekki koma til greina.

Það verður að fallast á, að lögin frá 30. maí 1960 verki ekki aftur fyrir sig. Á hinn bóginn féllst dómarinn á það sjónarmið uppboðsbeiðanda, að lögveð (sjóveðréttur) fylgi þeim hluta iðgjaldsins, sem kaupgreiðanda bar að standa skil á af kaupi sjóðfélaga (4%). Sú krafa er frá upphafi tryggð með sjóveðrétti í skipi, og virðist eðlilegt, að hann haldist, meðan ekki hafa verið gerð skil og aðrar ástæður valda ekki niðurfalli hans.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber til greina af kröfum uppboðsbeiðanda kr. 371.929.79 auk vaxta, innheimtulauna og kostnaðar sem lögveðkröfur.

Undir munnlegum flutningi málsins var þeirri kröfu hreyft, að draga bæri frá fjárkröfum lífeyrissjóðsins kr. 14.584.10, iðgjöld, sem Ísfirðingur h/f endurgreiddi færeyskum sjómönnum án heimildar frá sjóðsstjórninni.

Um þetta atriði féll dómur fyrir bæjarþingi Ísafjarðar 8. júní 1960. Verður niðurstaða þess dóms að teljast bindandi um það atriði, meðan henni hefur ekki verið hrundið.

Kemur þetta því ekki til úrlausnar hér.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Lífeyrissjóði togarasjómanna skal greiða sem lögveðkröfu

af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, kr. 371.929.79 auk vaxta, innheimtulauna og kostnaðar.

Krafa um greiðslu kr. 14.584.10, endurgreidd iðgjöld færeyskra sjómanna, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. apríl 1962.

Nr. 179/1961. **Júpiter h/f og Marz h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Þorsteini Þorleifssyni og gagnsök
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. nóvember 1961, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða kr. 283.675.40 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verði lögð fram í Hæstarétti. Þar á meðal hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur gert 10. desember 1961 nýja áætlun um atvinnutjón gagnáfrýjanda. Samkvæmt þeirri áætlun eru samsvarandi liðir og getur í fyrri áætlunum tryggingafræðingsins og lýst er í héraðsdómi þannig: A-liður, samtals kr. 171.920.00, B-liður, samtals kr. 210.605.00, og C-liður, samtals kr. 290.624.00. Þá hefur og Bergþór Smári læknir lýst því í vottorði, dags. 20.

f. m., að varanleg örorka gagnáfrýjanda sé óbreytt, þ. e. 32%.

Gagnáfrýjandi hefur frá upphafi, fyrst utan dóms og síðar fyrir dómi, lýst atvikum að slysinu með þeim hætti, sem rakið er í héraðsdómi. Hann er að vísu einn til frásagnar um þetta efni, þar sem ekki hefur náðst til neinna vitna, sem voru sjónarvottar að slysinu. En þar sem fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda létu hjá líða að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið, eins og fyrir er mælt í 26. gr. laga nr. 23/1952, og ætla má, að sú vanræksla hafi valdið því, hversu skortir á fullnægjandi vitneskju um málsatvik, þykir, eins og á stendur, bera að leggja skýrslu gagnáfrýjanda til grundvallar, enda er að áliti starfsmanns Öryggiseftirlits ríkisins mögulegt, að gagnáfrýjandi hafi við slíka hrösun, sem hann hefur lýst, komizt í snertingu við skurðhjól á vél þeirri, er hann stóð við. Verður því við það miðað, að starfsmaður aðaláfrýjanda hafi af gáleysi valdið því, að gagnáfrýjandi hrasaði með þeim afleiðingum, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Ber því að leggja fébótaábyrgð vegna slyssins á aðaláfrýjendur, og eru eigi efni til að skipta þeirri ábyrgð.

Staðfesta má ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð bóta, að undanskildum bótum fyrir orkutjón. Þykja þær bætur eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00.

Aðaláfrýjendum verður því dæmt að greiða gagnáfrýjanda in solidum samtals kr. 177.196.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Júpiter h/f og Marz h/f, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Þorsteini Þorleifssyni, kr. 177.196.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi réðst til starfa í frystihúsi aðaláfrýjenda í janúar 1958. Þá er kom fram í apríl—maí það ár, hafði hann m. a. það starf á hendi að hreinsa flökunarvél, sem hér er nefnd nr. 1, á annarri hæð frystihússins. Stundum var honum og falin gæzla flökunarvélarinnar, sem m. a. var fólgin í því að stöðva hana og taka úr henni fiskstiflu með priki, er þörf var á. Flökunarvél nr. 1 var búin lögmæltum hlífum. Önnur flökunarvél, hér nefnd nr. 2, er í salnum og snýr hornrétt á flökunarvél nr. 1. Rétt við flökunarvél nr. 2 er op í gólfinu, og er kastað í það frá vélinni karfa, er eigi hæfir henni. Talið er, að þrír starfsmenn vinni við hvora flökunarvél. Starfsmenn við flökunarvél nr. 2 standa á palli við hana. Snýr þá gæzlumaður við flökunarvél nr. 1 baki og hægri hlið að þeim, og er fjarlægðin á milli um þrír metrar.

Gagnáfrýjandi var hinn 16. júlí 1958 við gæzlu á flökunarvél nr. 1. Lenti þá vísifingur og löngutöng vinstri handar hans á skurðhjóli flökunarvélarinnar með þeim afleiðingum að taka varð fingurna af um nærlæga interphalangeallið. Vill gagnáfrýjandi rekja orsök slyssins til þess, að karfa hafi verið kastað í hnésbót honum, en við það hafi hann hrasað, gripið fram fyrir sig með vinstri hendi og slysið þá orðið. Ætlar gagnáfrýjandi, að starfsmaður við flökunarvél nr. 2 hafi viljað kasta karfa í áðurnefnt niðurfallsop, en kastið geigað, þ. e. um 60 gráður, og hæft sig.

Maður og kona, sem unnu við flökunarvél nr. 1, veittu því eigi eftirtekt, hvernig slysið bar við. Ungur starfsmaður var þarna, en eigi bundinn við starf þá stundina. Hann varð eigi heldur sjónarvottur að slysinu. Gagnáfrýjandi hefur eigi sagt til, hverjir unnu við flökunarvél nr. 2, er hann varð fyrir slysinu, og eigi hefur verið gerður neinn reki að því að leiða það í ljós með vitnaleiðslu.

Þá er litið er til málavaxta þeirra, sem nú voru raktir, er ósannað, að slysið hafi borið að hendi með nokkrum þeim hætti, sem aðaláfrýjendur bera ábyrgð á að lögum.

Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Marz h/f og Júpiter h/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Þorsteins Þorleifssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Þorsteinn Þorleifsson, Álfhólsvegi 84, Kópavogi, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 22. september 1959, gegn Tryggva Ófeigssyni útgerðarmanni hér í bæ sem stjórnarformanni Marz h/f fyrir hönd félagsins og Páli Ásgeiri Tryggvasyni hæstaréttarlögmanni hér í bæ, stjórnarformanni Júpiters h/f, fyrir hönd félagsins, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 291.164.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 283.675.40 vegna greiðslu dagpeninga, er hann hefur fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 7.488.60.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Dómurinn hefur árangurslaust reynt að sætta aðiljana.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hinn 16. júlí 1958 hafi hann unnið við flökunarvél í flökunarvélasal á annarri hæð hraðfrystihúss Júpiters & Marz h/f á Kirkjusandi. Í sal þessum hafi verið tvær flökunarvélar og hafi þrír menn unnið við hvora vél, tveir menn við að raða fiski í hvora vél og einn maður til eftirlits við hvora. Kveðst stefnandi vanalega hafa unnið við að raða fiski í flökunarvélarnar, síðan hann hóf vinnu hjá stefndu í janúar 1958, en síðan einhvern tíma í apríl eða maí þ. á. kveðst hann einnig hafa haft þann starfa að hreinsa aðra vélina að aflokinni vinnu á daginn. Stefnandi segir mann, að nafni Viggó, hafa haft eftirlit með vél þeirri, er hann vann við 16. júlí 1958. Samkvæmt beiðni hans kveðst stefnandi hafa tekið að sér gæzlu vélarinnar, meðan Viggó

þessi hafi brugðið sér frá. Kveðst stefnandi hafa gert það nokkrum sinnum áður, og hafi gæzlan verið í því fólgin að líta eftir vinnslu vélarinnar og stöðva hana, ef eitthvað færi aflaga í henni.

Stefnandi kvaðst hafa staðið fyrir framan vélina á gólfinu, sem hafi verið blautt og hált. Þá hafi karfa allt í einu verið hent í hnésbót honum, svo að hann hafi heykzt við og fallið fram yfir sig á vélina. Í fallinu hafi hann borið fyrir sig hendurnar, en þá lent með vinstri höndina í flökunarvélina með þeim afleiðingum, að vísifingur og langatöng þeirrar handar hafi skorizt svo illa, að nema hafi orðið verulega framan af báðum fingrunum. Stefnandi kveðst hvorki hafa verið að hreinsa vélina eða eiga neitt við hana, er slysið vildi til, en segist skömmu áður hafa sprautað dálítið á vélina úr vatnsslöngu, og hafi slangan legið á gólfinu hjá honum.

Stefnandi telur, að annar hvor þeirra manna, er unnu við að raða í hina flökunarvélina, hafi kastað karfanum, enda hafi þeim körfum, er voru of stórir fyrir flökunarvélarnar, verið hent niður um gat, er var á gólfinu á milli vélanna, til handflökunar á neðri hæð frystihússins. Kveður stefnandi dálitla hrúgu jafnan hafa myndazt kringum gat þetta, og telur hann, að karfinn muni hafa átt að lenda í henni, en verið fleygt of langt og því lent í hnésbót honum með framangreindum afleiðingum.

Eftir slysið fór stefnandi niður í vinnusal á neðri hæð hússins og fann þar fyrir Markús Einarsson verkstjóra, er ók með honum á Slysavarðstofuna. Að lokinni aðgerð þar var stefnandi fluttur á Landspítalann og lagður þar inn. Kveður hann þar hafa þegar verið tekið framan af löngutöng vinstri handar honum og viku síðar einnig framan af vísifingri sömu handar. Að því búnu hafi hann verið látinn fara heim, en hafi komið um það bil 12—15 sinnum á Landspítalann eftir það til þess að fá umbúðum skipt á meiðslum sínum.

Eftir það kveðst hann hafa farið í æfingar að Sjafnargötu 14 (æfingastöð félags fatlaðra og lamaðra) til þjálfunar á handlegg og öxl.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Árna Björnssonar læknis, dags. 18.5. 1961. Í inngangsorðum vottorðsins er þess getið, að stefnandi hafi verið vistaður á IV. deild Landspítalans frá 16.7. 1958 til 21.7. s. á. vegna handarmeiðsla. Síðan segir svo orðrétt í vottorðinu:

„Við komu er ástandi lýst þannig: Vísifingur og langatöng

vinstri handar eru mjög tættir, og eru allar beygisinar, taugar og æðar á löngutöng sundurskornar. Auk þess er beinið höggvið sundur við nærlæga interphalangealliðinn. Sinar í vísifingri eru heilar, en opið inn í nærlæga interphalangealliðinn og báðir liðfletir ónýtir. Húðin auk þess nokkuð tætt. Sár er lófamegin á baugfingri miðjum, sem nær inn að sinunum.

Langatöng var strax tekin af um nærlæga interphalangealliðinn, og sjúklingurinn útskrifaðist 21.7. '58.

Viku seinna kom í lós, að drep var komið í vísifingur, og var hann því tekinn af um sama lið og langatöng. Sárin greru fremur seint. Höndin var mjög stirð á eftir og lengi að jafna sig.

Við skoðun 17.5. '61 er ástand þannig: Vísifingur og langatöng vinstri handar hafa verið tekin af um nærlæga interpha langeallíði. Stúfarnir eru sæmilega mjúkir, en allmikil eymsli eru við þreifingu á löngutangarstúfnum. Um það bil 35° vantar á, að sjúklingurinn geti rétt úr nærlæga interphalangeallið baugfingurs, og nálægt 45° vantar á fulla réttingu á tilsvarandi lið litlafingurs. Um 2 cm vantar á, að sjúklingurinn geti kreppt baugfingur inn í lófann. Auk þessa er sársauka- og snertiskyn upphafið að mestu utanvert á baugfingri. Sjúklingurinn kvartar um kulda í hendinni, mikla þreytukennd, sem leggur upp í handleggi. Auk þess segir hann, að höndin bólgni við alla meiri háttar áreynslu.

Með tilliti til þess, sem að framan er sagt, verður að telja, að örorka eigi að metast meiri en svarar til þess eins að hafa misst framan af löngutöng og vísifingri."

Er slysið vildi til, unnu þau Sigríður Konráðsdóttir og Ólafur Aðalbjörnsson við sömu flökunarvél og stefnandi. Sigríður hefur komið fyrir dóminn sem vitni, en starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, Friðgeir Grímsson, tók skýrslu af Ólafi hinn 22.8. 1958. Hvorugt þeirra var sjónarvottur að slysinu, og gátu þau því ekki gefið upplýsingar um atvik að því.

Örn Jóhannsson var einnig staddur inni í flökunarvélasalnum, er slysið vildi til. Hann hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá, að hann hafi verið á frívakt, er slysið varð, en hafi annars unnið við aðra vél en stefnandi. Hann kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu og gat engar upplýsingar gefið um tildrög þess. Aðspurður, kvað hann það hafa tíðkazt, að kasta þeim körfum, sem voru of stórir fyrir flökunarvélarnar niður um áðurnefnt gat á gólfi salarins.

Eins og áður var getið, gerði Friðgeir Grímsson, starfsmað-

ur Öryggiseftirlits ríkisins, skýrslu um slysið hinn 22.6. 1953. Átti hann þá m. a. tal við stefnanda um tildrög þess, og sagðist honum þá svo frá: „Karfi, sem kastað er til hliðar frá vél aftan við þar sem ég stóð, lenti í hnésbót hægri fótar míns með þeim afleiðingum, að ég hnykkist við og slæ ósjálfrátt út höndum. Við það lendi ég með vinstri hendi í gangbúnaði eða skurðhníf þeirrar flökunarvélar, sem ég vann við, með þeim afleiðingum, sem um getur."

Hinn 1. marz 1960 ritaði lögmaður stefnanda Öryggiseftirlitinu, þar sem hann fór þess á leit, að það léti uppi álit sitt á umbúnaði flökunarvélar þeirrar, er slysið var í.

Í bréfi öryggismálastjóra Þórðar Runólfssonar, dags. 9. marz 1960, til lögmanns stefnanda segir m. a. á þessa leið:

„Við athugun þótti skýrsla eftirlitsmannsins ófullnægjandi, og var honum því falið að gera frekari athuganir og gefa álit um aðdraganda slyssins, og búnað vélarinnar. Er athugunum þessum og álitsgerðinni bætt við fyrri skýrsluna, og fylgir heildarskýrslan svo gerð hér með."

Viðbótarskýrsla þessi er dagsett 3/3 1960 og gerð af nefndum Friðgeiri Grímssyni. Á hann þar enn tal af stefnanda málsins, er gefur svohljóðandi skýrslu: „Ég var ekki að hreinsa vélina, en stóð á þeim stað, sem ætlazt er til, að gæzlumaður vélarinnar standi, er lítur eftir gangi hennar. Mér var kunnugt um kefli það (spýtu), sem nota átti við að ýta til efni, sem festist í vélinni, en ég var ekkert slíkt að aðhafast, svo að ekki kom til slíkra nota. Mér var falið að þrífa nefnda vél undanfarið, og vissi ég vel um hættur þær, sem gátu stafað af að umgangast vélina á óviðeigandi hátt, enda kom hér ekkert slíkt til greina, þar eð ég var ekki að þrífa vélina í þetta sinn. Ég hef starfað við ýmis vélastörf í mörg ár, þar af í 13 ár við frystivélar. Ég var frískur og svo vel fyrir kallaður sem að venju og get ekki fundið neina ástæðu til slyssins, er rekja megi til slíks."

Eftirlitsmaðurinn ræddi einnig við Markús Einarsson, aðalverkstjóra stefndu, og fer umsögn hans hér á eftir svohljóðandi: „Kefla (spýta) var höfð við nefnda vél (Baader 150), er nota átti til að færa til efni (flök), ef það festist í vélinni, svo að vélarvörður þyrfti ekki að fara með hendurnar of nærri skurðhnífunum inni í henni.

Vélin er með hlífðarútbúnaði, sem verksmiðja hennar (smíðaverksmiðjan) ætlast til, að þurfi til að starf við hana fari örugg-

lega fram, að því er ég bezt veit. Hafi slasaði verið að hreinsa úr vélinni í gangi, er slysið varð, hefur hann gert það í forboði okkar, er stjórnum hér."

Skýrslu sinni lýkur eftirlitsmaðurinn með svohljóðandi álitsgjörð: „Þar eð slasaði telur sig ekki hafa verið við nein hreinistörf, er varðar nefnda vél, virðist ekki koma til álita um hættur þær, er af þeim kann að stafa. Meint truflun eða högg, sem slasaði telur sig hafa orðið fyrir af karfakasti, er ekki ómögulegt, að hafi átt sér stað, því stórum karfa mun ávallt hafa verið kastað frá næstu vél og að niðurfallsopi nokkuð frá þeim stað, er slasaði stóð, er slysið varð. Vélin, sem slysið varð við, var búin þeim hlífum, sem ætlazt er til og þurfa þykir, enda illmögulegt að koma frekari hlífarbúnaði við, er bægt gæti slysahættu frekar frá. Tekið skal fram, að þótt ekki verði talið hættulegt að vinna þau störf, sem ætlazt er til við nefnda vél, sé full aðgæzla viðhöfð, er mögulegt, að við hrösun hafi slasaði náð til skurðhjóls, sem er inni í vélinni, og það valdið slysinu.

Af framanskráðu og að athuguðu máli, virðist ekki liggja fyrir ástæða til ásökunar á hendur fyrirtækinu né heldur annarra nærstaddra aðilja. Hér virðist því vera um ófyrirsjáanlegt óhapp að ræða."

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því, að stefndu séu skaðabótaskyldir gagnvart honum samkvæmt reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð, þar eð starfsmaður þeirra hafi orðið valdur að slysinu á ólögmætan og saknæman hátt.

Stefndu hafa vanrækt að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952. Hljóti þeir af þeim sökum að bera hallann af sönnunarskorti um slyssatvik og beri því að leggja hina staðfestu skýrslu stefnanda til grundvallar um það, hvernig slysið vildi til.

Þá hefur stefnandi að lokum haldið því fram, að öryggisútbúnaði flökunarvélarinnar hafi verið áfátt, þar sem vélin geti ekki talizt nægilega varin, ef starfsmaður lendir beint inn í gangverk hennar, hrasi hann á vélina við vinnu sína.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, í fyrsta lagi, að hér hafi verið um óhappatilviljun að ræða og verði stefnandi þar af leiðandi að bera tjón sitt sjálfur. Í öðru lagi á því, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að stefndu beri ábyrgð á því, enda sé ekki unnt að leggja skýrslu stefnanda um tildrög slyssins til grundvallar, þar eð hún sé mjög ósennileg vegna þess, hve langt hann hafi

staðið frá nefndu niðurfallsopi, og auk þess hafi staða hans verið út úr kaststefnu að því.

Hafi karfa hins vegar verið hent í stefnanda, hljóti það að hafa verið gert að yfirlögðu ráði af einhverjum starfsmanni stefndu, en á þess konar atferli starfsmanns beri stefndu alls ekki ábyrgð samkvæmt reglum bótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Dómendur hafa gengið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Auk þess hafa verið lagðar fram myndir og uppdráttur af vettvangi.

Fiskur sá, er flakaður var í flökunarvél þeirri, sem nefndum karfa á að hafa verið hent frá, var fluttur á færibandi að vélinni. Þar sem færibandið kemur að flökunarvélinni, stendur maður á upphækkuðum palli og raðar körfunum í vélina, tínir burtu þá karfa, sem ekki hæfa henni, og fleygir þeim að niðurfallsopi, sem er tæpan metra aftan við pall þennan. Fjarlægðin frá nefndum palli til stefnanda, þar sem hann stóð fyrir framan hina flökunarvélina og sneri hægri bakhlið að pallinum, mun hafa verið um 3 metrar, og kaststefna til hans frá nefndum palli myndaði um það bil 60° horn, miðað við kaststefnu að margnefndu niðurfallsopi.

Stefndu vanræktu að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið, eins og þeim bar skylda til samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952, enda fór rannsókn á því ekki fram fyrr en rúmum mánuði eftir að það vildi til. Ekki hefur tekizt að hafa upp á neinum sjónarvottum að slysinu, og verulegur vafi ríkir um atvik að því, en allan þann vafa verður að leggja á stefndu vegna ofangreindrar vanrækslu þeirra.

Að því er varðar þá málsástæðu stefndu, að oftnefndum karfa hafi verið hent í stefnda að yfirlögðu ráði, þá er þetta atriði algerlega ósannað.

Þar sem hugsanlegt er, að margnefnt slys hafi viljað til á þann hátt, er stefnandi hefur haldið fram, verður skýrsla hans lögð til grundvallar, og ber stefndu að bæta honum in solidum allt það tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna slyssins, samkvæmt meginreglum íslenzks réttar um fébótaábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, er starfsmenn þeirra valda með ólögmætum og saknæmum hætti.

Stefnandi hefur sundurliðað tjón sitt þannig:

1. Örorkutjón samkv. útreikningi, kr. 294.036.00.
   Frá dragast bætur, er Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt

stefnanda, að fjárhæð ..... kr. 37.556.60
Eftir standa þá ..... kr. 256.479.40
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti ..... — 25.000.00
3. Örorkumat og örorkutjónsútreikningur ..... — 600.00
4. Bílkostnaður ..... — 1.596.00

Samtals kr. 283.675.40

Kemur þessi fjárhæð heim við kröfugerð stefnanda undir munnlegum flutningi málsins.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Bergþór Smári hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 2. apríl 1959, telst örorka hans hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi (16.7. '58) til 31.10. '58 .. 100%
Frá 1.11.—31.12. '58 ..... 60%
Varanleg örorka 32%

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda hinn 23. maí 1959.

Stefnandi er talinn fæddur 6/9 1902 og hefur því verið 55 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Framtal vinnutekna hans hefur verið allófullkomið árin fyrir slysið. Ekkert var talið fram árið 1956 og lítið fyrir árið 1957. Skattayfirvöld áætluðu stefnanda tekjur fyrir árið 1956 og að nokkru leyti einnig fyrir árið 1957. Ef tekjur, sem áætlaðar voru stefnanda, eru taldar til vinnutekna, nema þær sem hér segir:

Árið 1955 ..... kr. 81.430.34
— 1956 ..... — 85.000.00 (áætlað)
— 1957 ..... — 48.000.00
(þar af áætluð vinna í eigin húsi kr. 20.000.00)

Stefnandi stundaði vélgæzlu í frystihúsum árum saman, áður en hann hóf starf sitt hjá stefndu. Tryggingafræðingurinn hefur umreiknað ofangreindar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan með tilliti til breytinga, er orðið hafa á kauptaxta Dagsbrúnar fyrir vélgæzlumenn í frystihúsum. Meðaltekjur framangreindra þriggja ára, umreiknaðar á þennan hátt, nema kr. 94.634.00, miðað við kauplag eftir 1. febrúar 1959. Séu tekjur

þessar lagðar til grundvallar, telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna frá slysdegi nema:

a) Vegna tímabundinnar örorku til ársloka 1958 kr. 34.808.00
b) Vegna varanlegrar örorku ..... — 259.228.00

Alls kr. 294.036.00

Þá hefur tryggingafræðingurinn einnig reiknað út atvinnutjón stefnanda, ef miðað er við árstekjur samkvæmt taxta vélgæzlumanna í frystihúsum án yfirvinnu, en þær námu kr. 69.300.00, þegar útreikingurinn var gerður.

Miðað við þessar tekjur, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna frá slysdegi nema:

a) Vegna tímabundinnar örorku ..... kr. 25.490.00
b) Vegna varanlegrar örorku ..... — 189.831.00

Alls kr. 215.321.00

Tryggingafræðingurinn getur þess, að í útreikningi sínum hafi hann ei tekið tillit til greiðslna þeirra, er stefnandi hefur fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins. Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en þau, er nú hafa verið rakin, eru þau, að reiknað er með 6% aktíftöflum, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.

Samkvæmt beiðni lögmanns stefnanda reiknaði nefndur tryggingafræðingur hinn 8. marz 1960 einnig út atvinnutjón stefnanda, miðað við almennt verkamannakaup samkvæmt kauptaxta Dagsbrúnar. Hefur tryggingafræðingurinn gert útreikning sinn á þrenns konar máta. Í fyrsta lagi miðað við dagvinnukaup (a). Í öðru lagi miðað við meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík (b). Í þriðja lagi miðað við tekjur stefnanda árin 1955—1957, umreiknað með tilliti til breytinga á almennum Dagsbrúnartaxta (c).

a) Ef reiknað er með almennu Dagsbrúnarkaupi, 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikum á ári auk orlofs, nema árslaun, þegar útreikningurinn er gerður, kr. 50.481.00.
b) Á vegum Hagstofu Íslands hefur undanfarin ár farið fram úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum. Þegar tillit er tekið til kauplagsbreytinga, reiknast tryggingafræðingnum meðalárstekjur nema kr. 60.052.00, og er þá stuðzt við athuganir fyrir árin 1951—1958.

c) Ef tekjur þær fyrir starfsárin 1955—1957, sem tilgreindar eru í fyrrgreindum útreikningi tryggingafræðingsins frá 23. maí 1959, eru umreiknaðar til kauplags, eins og það er nú, með tilliti til breytinga, er orðið hafa á almennum Dagsbrúnartaxta, reiknast tryggingafræðingnum umreiknaðar meðalárstekjur stefnanda nema kr. 85.336.00.

Á grundvelli frambúðartekna samkvæmt a—c liðum hér að framar telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna nema á slysdegi:

	Skv. a kr.	Skv. b kr.	Skv. c kr.
Vegna tímabundinnar örorku	19.361.00	23.032.00	32.729.00
Vegna varanlegrar örorku	138.281.00	164.499.00	233.758.00
Samtals kr.	157.642.00	187.531.00	266.487.00

Við útreikninginn hefur verið tekið tillit til þess, að á tímabilinu frá slysdegi til janúarloka 1959 var kauptaxti annar en þegar útreikningurinn var gerður.

Um aðrar forsendur fyrir útreikningi þessum en nú hafa verið tilgreindar, vísar tryggingafræðingurinn til fyrra útreiknings síns frá 23. maí 1959.

Stefnandi hefur aðallega krafizt þess, að útreikningur tryggingafræðingsins, miðað við kauptaxta vélgæzlumanna í frystihúsum og laun hans árin 1955—1957, verði lagt til grundvallar við ákvörðun bóta, en til vara krafðist stefnandi þess við munnlegan flutning málsins, að bætur til hans yrðu miðaðar við verkamannalaun, umreiknuð í samræmi við ofangreindar tekjur hans, sbr. c-liðinn í síðari útreikningi tryggingafræðingsins frá 8. marz 1960.

Stefndu hafa mótmælt því, að bætur til stefnanda verði miðaðar við laun vélgæzlumanna í frystihúsum, þar eð stefnandi hafi unnið sem verkamaður hjá stefndu og tekið kaup sem slíkur.

Að þessu athuguðu svo og því, að stefnandi er ófaglærður verkamaður, þykir ekki unnt að ákvarða honum bætur samkv. nefndum kauptaxta.

Þá hafa stefndu einnig andmælt því, að stefnanda verði dæmdar bætur með hliðsjón af hinum áætluðu tekjum hans árin 1956—57, sbr. c-liðinn í síðari útreikningi tryggingafræðingsins, þar eð skattayfirvöld hafi heimild til að áætla þeim gjaldendum, er ekki skila framtölum, allt að 25% hærri tekjur en raunverulegar eru. Það sé einnig vitað mál, að skattayfirvöld noti þessa

heimild, og stefnandi geti ekki átt að hagnast á því við ákvörðun bóta, að hann lét undir höfuð leggjast að telja fram tekjur sínar, eins og hann var lögskildur til. Að endingu telja stefndu, að lækka beri bætur til stefnanda með tilliti til þess, að þær eru undanþegnar opinberum gjöldum, svo og vegna þess hagræðis, er stefnandi muni hafa af því að hljóta bæturnar greiddar í einu lagi.

Ekki verður annað séð en stefnandi hafi sætt sig við áætlun skattstofunnar um tekjur hans og innt af hendi opinber gjöld samkvæmt þeirri áætlun, enda hefur stefnandi borið hér fyrir dóminum, að áætlun skattstofunnar á tekjum hans fyrir árið 1956, er hér skiptir meginmáli, hafi verið nokkuð nærri lagi. Að þessu athuguðu þykir rétt að leggja c-liðinn í síðari útreikningi tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun bóta. Hins vegar verður að telja, að lækka beri nokkuð þann áætlunarútreiking með hliðsjón af framangreindum röksemdum stefndu, svo og af þeirri ástæðu, að vextir hér á landi eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með. Þegar öll þau atriði eru virt, er nú hafa verið rakin, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 180.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, að fjárhæð samtals kr. 37.556.60.

Um 2. lið.

Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Lagðar hafa verið fram í málinu myndir af hinni lemstruðu hendi, og formaður dómsins hefur skoðað meiðsli stefnanda. Tveir fremstu kögglar á vísifingri og löngutöng vinstri handar hafa verið numdir brott og baugfingur og litlifingur sömu handar eru talsvert krepptir. Stafa af þessu veruleg lýti. Í réttarhaldi 24. febrúar 1960 kvað stefnandi líðan sína þá orðna sæmilega, en þó fengi hann stundum leiðindakvalir í handlegginn og upp í öxl.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykir þessum kröfulið í hóf stillt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður hefur ei sætt tölulegum andmælum, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 4. lið.

Meðan stefnandi stundaði æfingar að Sjafnargötu 14 (æfingastöð lamaðra og fatlaðra), mun hann jafnan hafa ekið þangað og heim til sín aftur í leigubifreiðum. Undir þessum kröfulið krefur stefnandi stefndu um greiðslu þessa aksturskostnaðar. Stefndu hafa mótmælt þessum lið og talið það algeran óþarfa hjá stefnanda að leigja sér bifreið til þessara ferða, þar eð þeir telja hann ekki hafa verið það illa á sig kominn á þessum tíma, að hann hefði ekki getað notað strætisvagna.

Lagðir hafa verið fram reikningar í málinu yfir akstur þennan. Eru þeir dagsettir frá 30.9. '58 til 8.11. '58. Á þessu tímabili var stefnandi ýmist búsettur í Tungu við Blesugróf eða í Kópavogi. Var því um alllangan veg fyrir stefnanda að fara og það tiltölulega skömmu eftir slysið, meðan hann var enn haldinn 100% örorku mestan tímann.

Að þessu athuguðu verður kostnaður þessi ekki talinn óþarfur, eins og á stóð, heldur eðlileg útgjöld vegna slyssins. Kröfuliður þessi er því einn þáttur í tjóni stefnanda, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 207.196.00 auk vaxta eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalyktum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað einnig in solidum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.600.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhannesi Zoëga verkfræðingi og Viggo Jessen vélfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Júpíter h/f og Marz h/f, greiði stefnanda, Þorsteini Þorleifssyni, in solidum kr. 207.196.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og kr. 17.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. apríl 1962.

Nr. 133/1961. **Laufey Guðmundsdóttir** (Lúðvík Gizurarson hdl.) gegn **Kristjáni Kristóferssyni og Þóru Valdemarsdóttur** (Jón Hjaltason hdl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Um umráð barns.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1961. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að fá henni í hendur umráð drengsins Kristjáns Þórs Valdemarssonar. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar fógeta hafa nokkur ný gögn verið lögð fram í málinu. Þeirra á meðal er ýtarleg greinar- og álitsgerð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 2. þ. m. Segir þar m. a.: „Barnaverndarráð hefur talið móðurina þess umkomna að taka á móti barninu og hafa það hjá sér. Barnaverndarráð hefur á hinn bóginn litið þannig á frá upphafi afskipta þess af þessu máli, að mjög sé áríðandi, að móðir og barn kynnist náið hvort öðru, áður en verustaðaskipti barnsins færu fram, og einnig, að breytingin geti orðið með fullum friði.

Nú hefur hvorugt þessara skilyrða verið unnt að uppfylla, og með tilliti til þess, hve barnið hefur nú dvalið lengi hjá föðurforeldrum sínum og sérstaklega til álits sálfræðings í málinu, telur Barnaverndarráð eigi rétt að leggja

til, að barnið verði tekið burt af heimili föðurforeldra með valdbeitingu. Barnaverndarráð leggur á hinn bóginn áherzlu á, að móðirin fái óhindraðan umgengnisrétt við barnið á heimili fósturforeldranna og að fósturforeldrarnir stuðli að því eftir getu, að samband móður og barns verði eins eðlilegt og náið og við verður komið ....“

Eins og greinir í úrskurði fógeta, er viðurkennt, enda og stutt öðrum gögnum, að drengurinn Kristján Þór nýtur hins bezta atlætis hjá föðurforeldrum sínum, stefndu, sem eru um sextugt, en hjá þeim hefur drengurinn dvalizt óslitið frá 14 mánaða aldri. Með vísan til framangreinds álits Barnaverndarráðs, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1947 og 54. gr. laga nr. 29/1947, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykja eigi að svo stöddu efni til að taka kröfu áfrýjanda til greina. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Lúðvíks Gizurarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 15. júní 1961.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 30. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Laufey Guðmundsdóttir, Melhaga 16, Reykjavík, með beiðni, dags. 3. júní 1960, krafizt þess, að henni verði með beinni fógetagerð fengin umráð sonar hennar, Kristjáns Þórs Valdemarssonar, sem nú dvelur á heimili gerðarþola, Kristjáns Kristóferssonar húsgagnabólstrara og konu hans, Þóru Valdemarsdóttur, Kirkjubóli, Vestmannaeyjum, en þau eru afi og amma drengsins, sem er sonur Valdemars Kristjánssonar hús-

gagnasmiðs, sonar gerðarþola. Drengurinn er óskilgetinn.

Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar.

Gerðarþolar hafa gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og þeim úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar kröfðust þess í upphafi málsins, að málinu yrði vísað frá fógetadóminum, og var samkomulag um það að flytja frávísunarkröfuna sérstaklega og fá úrskurð um hana, áður en efnishlið málsins yrði tekin til meðferðar. Úrskurður um frávísunarkröfuna var kveðinn upp 25. maí s.l. á þann veg, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina.

Fógeti leitaði sátta, en sáttatilraun var árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Þann 11. apríl 1955 ól gerðarbeiðandi, sem er ógift, sveinbarn, sem skírt var Kristján Þór. Föður að barninu lýsti hún Valdemar Kristjánsson húsgagnasmið í Vestmannaeyjum, en hann er sonur gerðarþola, og gekkst hann við faðerninu. Í júní 1956 fór gerðarbeiðandi með drenginn til Vestmannaeyja og kom honum í fóstur hjá gerðarþolum um sumarið, þar eð gerðarbeiðandi hafði ráðið sig sem matsvein á síldarbát. Um haustið ætlaði gerðarbeiðandi að sækja drenginn, en þar sem hún hafði eigi hentugt húsnæði um þessar mundir, varð það að ráði, að drengurinn yrði kyrr hjá gerðarþolum. Gerðarbeiðandi virðist hafa ráðgert nokkrum sinnum árið 1957 að taka drenginn til sín, og heimsótti hún drenginn nokkrum sinum, en niðurstaðan varð ávallt sú, að drengurinn varð kyrr hjá gerðarþolum. Þann 19. nóvember 1957 skrifaði gerðarbeiðandi gerðarþola Kristjáni, þar sem hún tilkynnir honum, að hún sé staðráðin í að taka drenginn til sín, og tekur fram, að hún telji sig nú hafa aðstöðu til þess að veita honum það uppeldi, sem með þarf. Í desember 1957 hringdi systir gerðarbeiðanda til gerðarþola og sagði þeim, að gerðarbeiðandi ætlaði að taka drenginn til sín fyrir jól. Gerðarþoli Kristján kveðst hafa sagt systur gerðarbeiðanda, að drengurinn væri sjúkur og því ekki ferðafær. Gerðarbeiðandi segir hins vegar, að gerðarþolar hafi neitað að fá henni umráð drengsins, þegar gerðarbeiðandi hugðist fara til Vestmannaeyja í árslok 1957 til þess að sækja drenginn. Í skýrslu gerðarþola, dags. 5. des. 1957, sem send var Barnaverndarráði Íslands, segja þau, að þar sem þau telja gerðarbeiðanda alls ekki vera færa um að annast drenginn, geti þau ekki fallizt á að láta hann af hendi til gerðarbeiðanda.

Þann 18. janúar 1958 ritaði gerðarbeiðandi Barnaverndarráði Íslands bréf og bað þess, að ráðið veitti henni liðsinni sitt við að ná drengnum aftur til hennar. Á fundi sínum 29. janúar 1958 samþykkti Barnaverndarráð að fela formanni ráðsins að tala við formann Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja og fela honum að tilkynna gerðarþolum þá ákvörðun ráðsins, að drengurinn eigi að fara til móður sinnar, og enn fremur, að formaður Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja skuli aðstoða við flutning barnsins til Reykjavíkur. Barnaverndarráð virðist ekki hafa fylgt eftir þessari ákvörðun sinni, og létu gerðarþolar ekki drenginn af hendi. Barnaverndarráð hefur síðan reynt að koma á sáttum milli aðilja, en án árangurs. Málið hefur verið fyrir ráðinu af og til s.l. þrjú ár. M. a. fór gerðarbeiðandi til Vestmannaeyja að tilhlutan Barnaverndarráðs í apríl 1960 og dvaldist á heimili gerðarþola í því skyni að umgangast drenginn, en gerðarþolar neituðu að láta drenginn frá sér til gerðarbeiðanda og hafa ávallt neitað því síðan.

Synjun sína á því að láta drenginn af hendi við móður hans byggja gerðarþolar á því, að þau telja hana ekki færa um að annast drenginn að óbreyttum ástæðum, enda telja gerðarþolar drenginn þurfa sérstakrar umönnunar við af heilsufarsástæðum, en þá umönnun geti gerðarbeiðandi ekki veitt drengnum, eins og ástæður hennar séu nú. Gerðarþolar kveða gerðarbeiðanda ekki hafa haft aðstöðu til að hafa drenginn hjá sér, þegar hún kom honum til dvalar hjá gerðarþolum. Gerðarbeiðandi bjó þá í einu herbergi ásamt móður sinni og öðrum syni í íbúð bróður hennar að Melhaga 16, Reykjavík. Segja gerðarþolar, að gerðarbeiðanda hafi ekki þótt unnt að skilja drenginn eftir á þessu heimili á þeim tíma, er hún kom drengnum til þeirra, og telja þau, að ástæður gerðarbeiðanda hafi ekki breytzt að þessu leyti, þótt gerðarbeiðanda standi til boða að búa í húsnæði þessu. Gerðarþolar kveða drenginn alls ekki vilja yfirgefa þau og fara til gerðarbeiðanda, sem þau segja oft hafa sýnt næsta lítinn áhuga á drengnum. Kveða þau drenginn hafa tekið miklu ástfóstri við þau og benda enn fremur á, að drengurinn hafi orðið ofsalega hræddur, er hann hélt, að taka ætti sig af heimili fósturforeldra sinna í apríl 1960, og hafa þau lagt fram í málinu vottorð Einars Guttormssonar læknis þessu til sönnunar. Þá hafa gerðarþolar lagt áherzlu á það, að þau sækist ekki eftir foreldraráðum yfir drengnum, heldur vilji

hafa hann áfram á heimili þeirra, þar sem þau telja það drengnum fyrir beztu.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa komið drengnum í fóstur hjá gerðarþolum 19. júní 1956, þar sem hún gat eigi haft hann hjá sér vegna atvinnu sinnar. Haustið eftir kveðst hún hafa hætt við að taka drenginn til sín, þar sem hún hafði þá eigi hentugt húsnæði. Varð að ráði, að drengurinn varð áfram hjá gerðarþolum. Gerðarbeiðandi kveðst síðan hafa heimsótt drenginn nokkrum sinnum, en tók hann ekki til sín. Í árslok 1957, þegar gerðarbeiðandi hugðist sækja drenginn, kveður hún gerðarþola hafa neitað að fá henni umráð hans, og hafa allar tilraunir gerðarbeiðanda til þess að fá drenginn til sín verið árangurslausar. Gerðarbeiðandi kveðst hafa samastað fyrir sig og drenginn á heimili bróður hennar að Melhaga 16, en gögn málsins bera það með sér, að tveir af meðlimum Barnaverndarráðs Íslands, sem skoðuðu heimili þetta 1958, telja heimilið vera þess umkomið að veita gerðarbeiðanda þá aðstoð, er hún þarfnast til þess, að hún geti haft barnið hjá sér. Kveðst gerðarbeiðandi vera fullfær um að annast drenginn og sjá fyrir honum. Gerðarbeiðandi hefur og bent á ákvörðun Barnaverndarráðs Íslands frá 29. janúar 1958, þar sem ákveðið var, að drengurinn skuli fara til móður sinnar.

Gerðarþolar halda því hins vegar fram, að Barnaverndarráð hafi horfið aftur frá framangreindri ákvörðun sinni, eftir að gerðarþolum hafði gefizt kostur á að útskýra málavexti fyrir ráðinu, en ákvörðun sína um flutning drengsins til gerðarbeiðanda segja gerðarþolar, að Barnaverndarráð hafi tekið, án þess að gerðarþolum gæfist færi á að útskýra sjónarmið sín fyrir ráðinu. Benda gerðarþolar á það, að Barnaverndarráð hafi ekki framfylgt ályktun sinni um flutning drengsins, heldur hafi ráðið reynt að sætta málsaðilja, enda 3 ár liðin, síðan ráðið gerði umræddа ályktun.

Að tilhlutan Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja og í samráði við Barnaverndarráð Íslands var óskað eftir áliti Sigurjóns Björnssonar sálfræðings í deilumáli þessu sem sérfræðings í uppeldis- og sálarfræði. Rannsókn þá, er sérfræðingurinn leggur til grundvallar ályktun sinni, framkvæmdi hann í síðustu viku í febrúar 1961.

Að áliti sálfræðingsins er tilfinningalíf drengsins nokkuð viðkvæmt og ört og persónuleiki hans frekar innhverfur, og ætlar

sérfræðingurinn, að drengurinn muni ekki þola vel hnjask eða breytingar á umhverfi eða lifnaðarháttum.

Niðurlag skýrslu sálfræðingsins er svohljóðandi:

„Leitað var álits um, hvort betra mundi vera fyrir Kristján Þór að dvelja áfram hjá afa sínum og ömmu í Vestmannaeyjum eða flytja til móður sinnar í Reykjavík.

Í þessu tilfelli er ákvörðun auðveld. Kristján Þór hefur alizt upp hjá afa sínum og ömmu frá 14 mánaða aldri og þar til nú. Hann virðist hafa þroskazt vel og eðlilega og sýnir engin einkenni andlegrar vanheilsu. Hann hefur átt ástríki að fagna, hefur haft góða möguleika til leika og eignazt leikfélaga. Allt bendir til, að hann muni verða vel uppalinn efnispiltur, fái hann að dvelja áfram við óbreyttar aðstæður.

Flytjist hann hins vegar til móður sinnar í Reykjavík, getur sú breyting ekki orðið til batnaðar. Og margt bendir til, að það geti haft mjög svo alvarlegar afleiðingar í för með sér.

1. Drengurinn missir *alla* þá, sem honum eru kærir. Slíkt hlýtur að vera geysimikið áfall fyrir 6 ára barn.
2. Hann fær í staðinn móður og gamla ömmu, sem hann hefur engin tilfinningaleg tengsl við, nema ef vera skyldi neikvæð.
3. Hann flyzt í ókunnugt og mjög ólíkt umhverfi með minni athafnamöguleikum.
4. Telja má víst, að uppeldi hans verði ólíkt því, sem nú er, því að vart getur maður hugsað sér ólíkari konur en Þóru Valdemarsdóttur og Laufeyju Guðmundsdóttur.

Ýmis fleiri atriði mætti telja fram, sem mæla gegn því, að drengurinn skipti um dvalarstað, en þessi eru að mínu áliti þau veigamestu. Ég mæli því eindregið með því, að Kristján Þór verði kyrr hjá fósturforeldrum sínum, og mundi telja aðra ráðstöfun mjög varhugaverða.“

Svo sem fram hefur komið, samþykkti Barnaverndarráð Íslands á fundi sínum 29. janúar 1958, að drengurinn skyldi fara til gerðarbeiðanda, og hafði ráðið áður kynnt sér heimili bróður gerðarbeiðanda að Melhaga 16 og talið það fullnægjandi samastað fyrir móður og barn. Hins vegar þykir mega fallast á það með gerðarþolum, að Barnaverndarráð hafi með síðari gjörðum sínum í þessu máli horfið aftur a.m.k. um sinn frá framangreindri ákvörðun sinni.

Umsögn Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja um málið liggur fyrir, og segir þar, að nefndin lýsi einróma samþykki sínu

á ályktun sálfræðingsins um, að drengnum sé það fyrir beztu að vera áfram hjá gerðarþolum á heimili þeirra í Vestmannaeyjum.

Drengurinn Kristján Þór Valdemarsson, sem að vísu er aðeins 6 ára gamall, hefur ákveðið lýst því yfir, að hann vilji eigi fara til móður sinnar, heldur dveljast áfram hjá fósturforeldrum sínum, gerðarþolum, og ótvírætt látið í ljós ótta sinn við slík umskipti. Sálfræðingur, sem athugað hefur drenginn, hefur eindregið mælt með því, að drengurinn verði kyrr hjá fósturforeldrum sínum, og kveðst telja aðra ráðstöfun varhugaverða fyrir drenginn. Samkvæmt gögnum málsins virðist drengurinn búa við hið bezta atlæti á heimili gerðarþola, og er það viðurkennt af gerðarbeiðanda. Það er og álit réttarins, að ekki sé ástæða til að ætla annað en að gerðarbeiðandi gæti einnig, eins og högum hennar er nú háttað, séð drengnum farborða. Hins vegar telur rétturinn, er öll málsatvik eru virt, ekki annað unnt en taka tillit til framangreindrar álitsgerðar sálfræðingsins, þar sem eindregið er lagzt gegn því, að drengurinn verði tekinn af heimili gerðarþola, og er álit Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja á sömu lund. Með tilliti til þessara aðstæðna og álitsgerða telur rétturinn, að svo komnu máli, ekki fært að taka þá kröfu gerðarbeiðanda til greina, að drengurinn verði með beinni fógetagerð tekinn frá gerðarþolum og gerðarbeiðanda fengin umráð hans.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. apríl 1962.

Nr. 142/1961. **Samvinnutryggingar**
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Ragnari Sæmundssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Skaðabætur. Óbærni málflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði færðar niður og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóvember s. á. Hann hefur fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 124.800.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 2. desember 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að gagnáfrýjandi hafi hvorki orðið bundinn af yfirlýsingu Jóns P. Emils til aðaláfrýjanda um fjárhæð tjónbóta né af viðtöku hans á bótagreiðslu.

Þegar slys það, sem málið er af risið, bar að höndum hinn 24. september 1955, var bifreiðin Ö 373 tryggð hjá aðaláfrýjanda samkvæmt 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lög nr. 7/1952, sem þá voru í gildi. Aðaláfrýjandi hefur ekki hreyft andmælum gegn því, að gagnáfrýjandi sækir kröfu

sína beint í hendur honum, sbr. og nú 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958. Kemur þá til athugunar, hvort slysið hafi gerzt með þeim hætti, að aðaláfrýjanda sé skylt að greiða tjónbætur.

Eins og í héraðsdómi greinir, ók gagnáfrýjandi á reiðhjóli með hjálparvél, þegar slysið varð. Samkvæmt vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 9. apríl 1962, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, var aflvél hjólsins með 49 rúmcentimetra strokkrúmmáli og undir einu hestafli. Ákvæði 4. sbr. 3. málsgr. 34. gr. laga nr. 23/1941 koma til greina um bótagreiðslu vegna árekstrar ökutækjanna, sbr. 1. gr. nefndra laga og 2. málsgr. c-liðar 1. gr. laga nr. 13/1955.

Um tildrög slyssins eru gögn málsins mjög ófullkomin. Lögregluskýrsla var tekin í Hafnarfirði hinn 24. september 1955 af ökumanni bifreiðarinnar Ö 373. Var sú skýrsla síðan lesin upp fyrir þremur mönnum, sem verið höfðu farþegar í greindri bifreið, og kváðu þeir hana rétta, en ekki voru þeir yfirheyrðir sjálfstætt um atburðinn. Lögreglumaður gerði og þá um kvöldið uppdrátt af slysstað og ummerkjum þar, en þá var bifreiðin Ö 373 farin þaðan. Þá tók lögreglan í Keflavík skýrslu af gagnáfrýjanda hinn 24. nóvember 1955. En hvorki hafa aðiljar né vitni gefið skýrslu fyrir dómi um atvik að slysinu. Hafa málflytjendur aðilja hér fyrir dómi lýst því, að þeir telji ekki unnt að afla frekari gagna um orsakir að slysinu.

Þjóðvegurinn, þar sem slysið gerðist, er talinn 6 metra breiður. Uppdráttur af slysstað sýnir, að eftir slysið lá gagnáfrýjandi mjög nærri vinstri vegarbrún, miðað við aksturstefnu hans, og reiðhjól hans um 2 metra frá sömu vegarbrún. Gagnáfrýjandi og ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 telja sig báðir hafa ekið á sínum vinstri vegarhelmingi, en þó kveður ökumaður bifreiðarinnar, að vera megi, að gagnáfrýjandi „hafi verið örlítið meira til hægri við miðju vegarins“, og samkvæmt öðrum ummælum hans í skýrslu til lögreglunnar verður að ætla, að hann eigi þar við hægri helming vegarins, miðað við aksturssstefnu hans sjálfs. Af þessu og svo stað gagnáfrýjanda og reiðhjóls hans eftir

slysið má ráða, að bifreiðinni hefur verið ekið úr hófi innarlega á veginum. Einnig verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt nægrar varúðar gagnvart umferð, sem á móti honum kom. Samkvæmt þessu verður að telja sök á árekstrinum beggja megin, en þó sök ökumanns bifreiðarinnar meiri. Þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi beri sjálfur ⅖ hluta tjóns síns, en aðaláfrýjandi bæti honum tjónið að ⅗ hlutum.

Í héraðsdómi er greint frá meiðslum gagnáfrýjanda, örorkumati og áætlunarreikningi tryggingafræðings um tjónbætur. Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins þykir mega staðfesta úrlausn hans um einstaka kröfuliði í bótakröfu gagnáfrýjanda. Telst tjón hans samkvæmt því nema kr. 100.000.00, og ber aðaláfrýjanda að greiða honum ⅗ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 60.000.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.330.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda kr. 15.000.00, en ríkissjóður kr. 330.00 í dómgjöld.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samvinnutryggingar, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Sæmundssyni, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. desember 1959 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.330.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 15.000.00, en ríkissjóður kr. 330.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. júní s.l., hefur Ragnar

Sæmundsson verkamaður, Tjarnargötu 2, Keflavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. desember 1959, gegn Ásgeiri Magnússyni forstjóra hér í bæ f. h. Samvinnutrygginga til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 124.800.00 með 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags. Til vara hefur stefnandi krafizt greiðslu á kr. 69.800.00 með sömu vöxtum.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar í máli þessu, svo sem það væri ei gjafsóknarmál, en með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 1959, var honum veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins, en til vara hefur hann mótmælt einstökum liðum stefnukröfunnar og kröfunni í heild sem of hárri.

Samkomulag er með aðiljum málsins að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Tildrög máls þessa kveður stefnandi vera þau, að hinn 24. september 1955 hafi hann verið á leið til Keflavíkur frá Reykjavík á hjálparmótorhjóli sínu, R 294. Er hann hafi verið staddur á svokölluðu Hvaleyrarholti fyrir sunnan Hafnarfjörð, um kl. 22.00, hafi bifreiðin Ö 373 komið á móti honum á mikilli ferð. Stefnandi kveðst hafa ekið utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi, og hafi honum virzt bifreiðin Ö 373 aka á móti honum á hans vegarhelmingi. Kvaðst stefnandi hafa gert það, sem í hans valdi stóð, til að forða árekstri og hafi verið kominn mjög utarlega á sinn vegkant, er farartækin hafi rekizt saman. Rétt eftir slysið kveðst stefnandi hafa misst meðvitundina og ekki rankað við sér aftur fyrr en á sjúkrahúsi því, sem hann hafi verið fluttur á eftir áreksturinn.

Við slysið hlaut stefnandi opið brot á hægra fæti. Vegna meiðslanna dvaldist hann á handlækningadeild Landspítalans þar til 15. október 1955, en síðan í sjúkrahúsi Keflavíkur til 30. janúar 1956. Síðan kveðst stefnandi hafa dvalizt að nýju á Landspítalanum vegna afleiðinga ofannefnds slyss frá 18. júní til 6. júlí 1956 og einnig frá 21. janúar til 24. s. m. 1957. Þess á milli hafði hann dvalizt öðru hverju á Keflavíkurspítala.

Vegna slyss þessa hefur stefnandi hlotið 15% varanlega örorku samkvæmt örorkumati Bergþórs Smára læknis, dags. 9. júlí 1957.

Hinn 23. júní 1958 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út atvinnutjón stefnanda vegna slyssins, miðað við

örorku hans og áætlaðar tekjur. Reiknaðist honum vinnutekjutap stefnanda á slysdegi nema kr. 92.816.00.

Tiltölulega skömmu eftir slysið kveðst stefnandi hafa beðið mág sinn, Pétur Pétursson, framkvæmdastjóra Vörubílastöðvar Keflavíkur, að annast fyrir hann um mál þetta og athuga, hversu mikilla bóta stefnandi myndi geta krafizt af Samvinnutryggingum hér í bæ vegna slyss þessa, en bifreiðin, Ö 373, var tryggð hjá því félagi. Hafi Pétur þessi falið Jóni P. Emils héraðsdómslögmanni hér í bæ að leita hófanna við Samvinnutryggingar um það, hve mikið þær féllust á að greiða stefnanda í bætur vegna slyssins án málshöfðunar. Stefnandi kvaðst hins vegar aldrei hafa talað sjálfur við nefndan héraðsdómslögmann um mál þetta og alls ekki hafa falið honum umboð til að semja við tryggingafélagið um bætur, né hafi héraðsdómslögmaðurinn heldur fengið umboð til að taka á móti eða kvitta fyrir nokkrum greiðslum vegna tjóns þessa.

Um áramótin 1958—59 kveðst stefnandi hafa orðið þess áskynja, að nefndur héraðsdómslögmaður hafi án nokkurs umboðs eða samráðs við sig samið um og tekið á móti hjá Samvinnutryggingum samtals kr. 55.000.00 vegna tjóns þessa og gefið fullnaðarkvittun fyrir öllum frekari kröfum á hendur eiganda bifreiðarinnar, Ö 373.

Er stefnandi frétti þetta, kvað hann héraðsdómslögmanninn hafa verið krafinn um afhendingu fjárins, en hann hafi þá sagzt vera búinn að eyða öllum peningunum, og skömmu síðar hafi lögmaðurinn orðið gjaldþrota. Hefur stefnandi fengið upplýsingar um, að engar eigur séu í búi hans.

Er svo var komið málum, var þess farið á leit við Samvinnutryggingar af hálfu stefnanda, að félagið endurgreiddi stefnanda fé það, er það hafði greitt nefndum lögmanni í heimildarleysi. Þeim tilmælum neitaði félagið algerlega með þeim rökum, að það hefði þegar greitt oftnefndum héraðsdómslögmanni allar bætur til stefnanda vegna slyss þessa.

Verður nú fyrst vikið að þeim þætti málsins, er fjallar um sátt þá, er Jón P. Emils hdl. gerði við Samvinnutryggingar vegna framangreinds slyss.

Hinn 23. febrúar 1959 ritaði nefndur Jón skiptaráðandanum í Reykjavík bréf svohljóðandi: „Með því að ég undirritaður tel mig ekki lengur eiga fyrir skuldum, leyfi ég mér hér með að fara þess á leit, að bú mitt verði tekið til gjaldþrotaskipta."

Lögmaðurinn var síðan úrskurðaður gjaldþrota.

Við sakadómsrannsókn, er haldin var 25. marz 1959 út af gjaldþroti hans svo og ýmsum öðrum ætluðum brotum nefnds Jóns á almennum hegningarlögum, hefur hann skýrt svo frá varðandi afskipti sín af framangreindu bótamáli, að upp úr miðjum október 1958, sennilega 17. þess mánaðar, hafi hann gert upp bótatjón við Samvinnutryggingar vegna bifreiðaslyss þess, er stefnandi máls þessa varð fyrir í september árið 1955. Fjárhæð bótanna hafi samtals numið kr. 55.000.00, en þar af hafi hann áður verið búinn að fá greiddar kr. 7.000.00, þ. e. fyrir miðjan október 1958. En auk þess hefðu Samvinnutryggingar, að því er hann minnti, greitt stefnanda fyrir viðgerð á bifhjóli hans eitthvað á annað þúsund krónur. Jón kvaðst aldrei hafa haft persónulegt samband við Ragnar Sæmundsson, heldur hafi hann haft samband við Pétur Pétursson, forstöðumann Vörubifreiðastöðvar Keflavíkur, en Jón kvaðst hafa verið kunnugur Pétri, er hafi virzt hafa haft fullt umboð frá Ragnari um alla meðferð málsins. Skriflegt umboð hafði Pétur hins vegar ekki haft frá Ragnari, en berum orðum hafi hann sagzt hafa slíkt umboð. Kveður Jón þá Pétur oft hafa rætt um væntanlegt tjónuppgjör í máli þessu og hafi sér virzt Pétur hafa fullháar hugmyndir um málstað umbjóðanda síns, Ragnars Sæmundssonar. Jón kveðst oft hafa haft samband við Samvinnutryggingar, og þá aðallega við Ólaf Kristjánsson, deildarstjóra í bifreiðadeildinni, og einnig við Vilhjálm Jónsson hrl. Í byrjun októbermánaðar 1958 kveður Jón, að málum hafi verið þannig komið, að þessir forsvarsmenn Samvinnutrygginga hafi lagt fyrir hann ákveðnar tillögur um uppgjör á þessu tjóni. Eftir atvikum segist Jón hafa talið, að ei væri fráleitt að ganga að þessum tillögum með nokkrum breytingum, en hins vegar kveðst hann hafa tjáð Pétri Péturssyni, að ráðleggingar lögfræðinga í slíkum tilfellum væru ávallt erfiðar, þar eð niðurstöður dómara gætu snúizt til beggja handa, ef slík mál yrðu lögð fyrir dómstóla. Hafi það því orðið að samkomulagi með þeim Pétri, að Jón leitaði álits annars lögfræðings um það, hvað gera skyldi í málinu. Kveðst hann því hafa sent Áka Jakobssyni hrl. málið til umsagnar og hann verið sömu skoðunar og Jón í þeim efnum, að ganga ætti að tilboði Samvinnutrygginga um tjónsuppgjörið. Eftir að hafa móttekið hina umræddu fjárhæð frá Samvinnutryggingum, kvaðst Jón ekki hafa gert reka að því að senda umbjóðanda sínum peningana; og hafi þeir farið í eigin eyðslu, en af þeirri fjárhæð kvaðst hann sjálfur hafa átt rúmlega kr.

3.000.00 vegna útlagðs kostnaðar og innheimtulauna. Síðari hluta janúar 1959 kveður Jón sér hafa borizt bréf frá Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl., þar sem hann krafði Jón tafarlaust um þessa innstæðu Ragnars. Jón segist ei hafa haft tök á því að inna greiðslu þessa af hendi og hafi þeir Sigurgeir orðið ásáttir um að koma saman til fundar við Pétur Pétursson til að ræða málið. Sá fundur hafi verið haldinn 6. febrúar 1959 og það orðið að samkomulagi með þeim þremur, að Jón fengi frest til 23. s. m. til að gera upp skuldina.

Stefnandi máls þessa, Ragnar Sæmundsson, kom fyrir sakadóminn sem vitni og skýrði svo frá, að Pétur Pétursson, mágur hans, framkvæmdastjóri Vörubílastöðvar Keflavíkur, hefði samkvæmt beiðni hans tekið að sér að krefja Samvinnutryggingar um bætur vegna bifreiðarslyssins.

Með samþykki og eftir beiðni Ragnars kveður hann Pétur algerlega hafa átt að sjá um bótakröfuna og semja um hana, ef svo bæri undir, en skriflegt umboð til þessa sagðist hann ei hafa látið Pétri í té. Kveður hann Pétur hafa fengið Jón P. Emils hdl. til þess að annast um bótakröfuna, en sjálfur (þ. e. Ragnar) hafi hann ekkert rætt við Jón um hana. Ragnar segir þá Pétur hafa talað um að krefjast kr. 60.000.00 til kr. 70.000.00 í bætur vegna slyssins. Ekki kveður Ragnar Pétur hafa ráðið oftnefndan Jón P. Emils til að athuga um bótakröfuna samkvæmt sinni beiðni, og gat hann ekki af eigin raun skýrt frá, hvað þeim hafi farið á milli í sambandi við bótakröfuna, en hins vegar kvaðst hann engum hafa gefið umboð til að semja um kr. 55.000.00 í bætur.

Pétur Pétursson hefur einnig komið fyrir sakadóminn sem vitni og skýrt svo frá, að Ragnar hafi beðið hann að annast um að krefjast bóta fyrir sína hönd vegna slyssins, en að sjálfsögðu í samráði við Ragnar. Ekkert skriflegt umboð hafi hann fengið hjá Ragnari til þessa, en þeir hafi talað um að krefjast kr. 60.000.00 til 70.000.00 í bætur.

Skömmu eftir að Ragnar varð fyrir slysinu, kvaðst vitnið hafa farið til Jóns P. Emils til þess að ræða við hann um bótakröfu Ragnars, en hvorki þá né síðar segist vitnið hafa gefið Jóni umboð eða á annan hátt heimilað honum að semja um bótafjárhæð. Kvaðst vitnið ekki hafa falið Jóni annað í sambandi við bótakröfuna en kynna sér, hve háa fjárhæð Samvinnutryggingar vildu greiða, án þess að til málshöfðunar kæmi. Skömmu fyrir jólin 1958 kveðst vitnið síðast hafa átt tal við

Jón á skrifstofu hans út af bótakröfunni, og segir það Jón þá hafa nefnt einhverja upphæð, en hverja mundi vitnið ekki, og hafi því þótt sú fjárhæð of lág. Kveðst vitnið hafa rætt um það við Jón, hvort ei væri réttara að fara í skaðabótamál, en Jón hafi þá boðizt til að leita álits annars lögfræðings um bótakröfuna, án þess þó að nefna neinn sérstakan í því sambandi. Ekki kvaðst vitnið hafa vitað um álit annars lögfræðings um bótafjárhæðina fyrr en á fundi þeirra Jóns í skrifstofu Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. í febrúarmánuði 1959. Vitnið segir Jón hafa samið um 55.000.00 króna bætur algerlega upp á sitt eindæmi og að vitninu fornspurðu og hafi hann engu skilað af greindum bótum hvorki til vitnisins né Ragnars.

Við samprófun á vitninu Pétri Péturssyni og Jóni P. Emils fyrir sakadóminum voru þeir sammála um, að þeir hefðu oft átt tal saman um bótafjárhæðina og það, að Jón hefði ekki sýnt vitninu álitsgjörð Áka Jakobssonar hrl., fyrr en þeir mættu báðir til fundar á skrifstofu Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. í febrúar 1959. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um það frá Jóni, að hann hefði samið um kr. 55.000.00 í skaðabætur og veitt þeirri fjárhæð viðtöku. Jón kvaðst ekki þora að segja um, hvenær hann tjáði vitninu þetta.

Jón skýrði enn fremur svo frá, að um 10. október 1953 hafi hann átt samtal við vitnið á skrifstofu sinni og þá sýnt því sundurliðað tilboð frá Samvinnutryggingum um samtals ca. kr. 52.000.00 bótafjárhæð. Segir Jón þeim ekki hafa virzt þetta tilboð fjarri lagi, en þó hafi þeir verið sammála um, að breyta þyrfti tveimur liðum í tilboðinu, þ.e.a.s. að fá felldan niður eða lækkaðan frádrátt frá örorkubótum vegna opinberra gjalda, svo og að fá vexti greidda af bótafjárhæð frá slysdegi. Kveður Jón það hafa orðið að samkomulagi við vitnið, að hann ræddi þessar breytingar við Samvinnutryggingar og reyndi að þessu leyti að komast svo langt sem unnt væri og að hann leitaði síðan álits annars lögfræðings í málinu í heild. Ef þessar leiðréttingar fengjust á tilboðinu og ef annar lögfræðingur væri á þeirri skoðun að taka bæri því, kveðst Jón hafa talið sig eftir samtalið við vitnið um 10. október 1958 hafa umboð frá vitninu til að semja um bætur og veita þeim viðtöku.

Vegna þessa framburðar Jóns P. Emils kvaðst vitnið Pétur Pétursson aldrei hafa veitt Jóni umboð til að semja um þessar bætur, enda hafi það talið þær of lágar. Vitnið sagði það rétt, að þeir hefðu talað um hækkun á þeim tveimur liðum í tilboði

Samvinnutrygginga, er að ofan greinir, en það segir Jón aldrei hafa fengið neitt ákveðið svar frá sér, hvort það vildi fara í mál vegna bótanna eða ekki. Þá kvað vitnið Jón aldrei hafa tilkynnt sér, hvort Samvinnutryggingar hefðu tekið til greina hækkun á tveim áðurnefndum liðum í greindu tilboði.

Þá kom Ólafur Kristjánsson, deildarstjóri í bifreiðadeild Samvinnutrygginga, einnig fyrir sakadóminn sem vitni og skýrði svo frá, að Jón P. Emils hafi gert kröfu á Samvinnutryggingar f. h. Ragnars vegna framangreinds bifreiðarslyss. Kveður vitnið þá Jón hafa rætt um bætur þessar í nokkur skipti. Ekki kveður vitnið Jón hafa sýnt sér umboð frá Ragnari um heimild Jóns til að semja um bæturnar, enda hafi vitnið vitað, að Jón var lögmaður, og taldi það því ekki ástæðu til að efast um umboð hans, enda hafi slíkt ekki verið venja, er lögmenn gerðu kröfur um bætur fyrir aðra.

Vitnið sagðist hafa samið um tjónsbæturnar við Jón, alls kr. 55.000.00, og hafi innheimtulaun til Jóns verið innifalin í þeirri fjárhæð. Greiðslurnar hafi verið inntar af hendi í þrennu lagi, þ. e. kr. 4.000.00 hinn 18. apríl 1958, kr. 3.000.00 hinn 11. september s. á. og kr. 48.000.00 hinn 17. október s. á., og hafi Jón kvittað fyrir öllum þessum greiðslum. Auk þess hafi Samvinnutryggingar greitt helming í viðgerðarkostnaði á hjóli Ragnars, kr. 2.146.00, þannig að félagið hafi greitt alls kr. 57.146.00 í bætur vegna slyss þessa.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hefur einnig farið fram vitnaleiðsla í máli þessu. Stefnandi málsins bar þá fyrir réttinum, að Pétur Pétursson hefði snúið sér til Jóns P. Emils samkvæmt beiðni stefnanda. Segist hann hafa rætt um það við Pétur, að Jón P. Emils fengi eða innheimti bætur fyrir stefnanda. Að öðru leyti var framburður hans, að því er þetta atriði varðar, samhljóða framburði hans fyrir sakadóminum, er rakinn hefur verið hér að framan.

Pétur Pétursson kom fyrir dóminn og ítrekaði þann framburð sinn í sakadóminum, að hann hafi aldrei veitt Jóni P. Emils umboð til að semja við Samvinnutryggingar um bætur vegna margnefnds slyss eða veita þeim viðtöku, heldur hafi Jóni aðeins verið falið að leita upplýsinga um það, hversu háar bætur fengjust greiddar án málssóknar. Tók vitnið fram, að það hefði rætt við lögfræðing Samvinnutrygginga um þetta atriði og hefði margspurt hann að því, hvers vegna Jóni hefðu

verið greiddar bæturnar án umboðs, og hefði lögfræðingurinn þá svarað því til, að það væri hefð eða venja.

Vilhjálmur Jónsson hrl., er starfaði hjá stefnda á því tímabili, sem hér um ræðir, hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá, að maður nokkur, er sagðist vera kunningi eða venzlamaður stefnanda, hafi komið að máli við sig, eftir að greiðslan til Jóns P. Emils hafði farið fram, og tjáð sér, að nefndur Jón hefði haft fullt umboð til að ganga frá málinu. En þar eð innheimta Jóns á bótunum hafi verið farin að dragast á langinn, og Jón hafi að sögn manns þessa gefið óljós svör um gang málsins, kvaðst Vilhjálmur hafa sett sig í samband við tjónuppgjörsmann Samvinnutrygginga og fengið að vita, að Jón hefði þegar tekið við fénu. Vilhjálmur ítrekaði það, að maður þessi hefði sagt Jón P. Emils hafa fullt umboð í málinu, og kvaðst hann minnast þess, að þetta atriði hefði borizt í tal, er þeir hefðu rætt um það, hvernig unnt væri að ná fénu hjá Jóni. Kveðst hann hafa bent manninum á að tala um málið við formann Lögmannafélagsins. Vilhjálmur kvað aðeins einn mann hafa rætt mál þetta við sig vegna stefnanda, en vildi ekki fullyrða, að það hefði verið Pétur Pétursson.

Er Pétur Pétursson var leiddur fyrir réttinn á ný til samprófunar vegna vættis Vilhjálms Jónssonar, kvaðst hann ekki vilja fullyrða, að hann hafi rætt við Vilhjálm í umrætt sinn, en kvað útilokað, að annar en hann hafi rætt við lögfræðing Samvinnutrygginga vegna stefnanda.

Pétur kvaðst hafa rætt um það við lögfræðinginn hjá Samvinnutryggingum, hvernig unnt væri að ná fénu aftur hjá Jóni P. Emils og hafi lögfræðingurinn þá bent honum á að snúa sér til formanns Lögmannafélags Íslands. Hins vegar kannaðist Pétur ekki við að hafa sagt við lögfræðinginn, að Jón P. Emils hefði haft fullt umboð í málinu.

Pétur og Vilhjálmur héldu báðir fast við framburði sína, og vann Pétur síðan eið að vitnisburði sínum samkvæmt tilmælum frá lögmanni stefnda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að félaginu hafi borið að ganga úr skugga um, að Jón P. Emils hefði lögfullt umboð til að semja um og taka á móti svo miklu fé, sem hér um ræðir, enda sé það aðalregla samkvæmt íslenzkum lögum, að málflytjendur skuli sanna umboð sitt, sé það vefengt. Þar eð nefndur Jón hafi ei haft umboð frá stefnanda

til að semja við félagið um bætur eða veita þeim viðtöku, geti skipti hans við félagið alls ekki verið bindandi fyrir stefnanda, og beri félaginu því að endurgreiða stefnanda bætur vegna slyssins.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að gildur samningur um bótagreiðsluna hafi á sínum tíma tekizt milli félagsins og Jóns P. Emils umboðsmanns stefnanda, og við þann samning og greiðslu sé stefnandi bundinn og félaginu sé það algerlega óviðkomandi, hvort nefndur umboðsmaður hafi skilað greiðslunni til stefnanda eða ekki.

Það sé alkunna, að um árabil hafi það verið mjög verulegur þáttur í starfi lögfræðinga hér í bæ að semja við tryggingafélög um bótagreiðslur til umbjóðenda sinna. Í mörgum þeirra tilvika, líklega langflestum, hafi krefjandinn sjálfur aldrei komið fram gagnvart tryggingafélaginu, heldur látið lögfræðinginn einan um það. Ábyggilega megi fullyrða, að ekkert tryggingafélaganna hafi nokkru sinni krafið lögfræðing formlegs umboðs til slíkrar samningagerðar. Staðganga lögfræðinga byggist á stöðuumboði þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936, og í samræmi við hið almenna stöðuumboð lögfræðinga sé ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflutningsumboð.

Að því er varðar takmörkun þá, er stefnandi segist hafa gert á umboði Jóns P. Emils, þess efnis, að honum hafi einungis verið falið að leita hófanna um það hjá tryggingafélaginu, hversu háar bætur það fengist til að greiða án málssóknar, þá kveður stefndi þá takmörkun í alla staði óeðlilega og dæmalausa. Að lokum vitnar stefndi í framburð Vilhjálms Jónssonar hrl., er rakinn hefur verið hér að framan, máli sínu til stuðnings, svo og til umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands, sbr. bréfið á dskj. nr. 28, dags. 22. júní 1961, er hljóðar svo að loknum inngangsorðum:

„.... félagsstjórninni er eigi kunnugt um, að lögmenn, sem leita eftir bótagreiðslum hjá vátryggingafélögum, séu krafnir um skriflegt umboð. Vel má þó vera, að þetta hafi komið fyrir í einhverjum tilfellum.

Eigi verður það að áliti stjórnarinnar talin æskileg regla, að tryggingafélög eða skuldarar yfirleitt gætu eigi gert upp kröfur við lögmenn með fullu öryggi, án þess að fá í hendur skriflegt umboð frá kröfuhafanum til lögmannsins, enda telur stjórnin, að það felist í stöðu löggilts málflutningsmanns, að hann hafi

slíkt umboð, nema það sé vefengt, sbr. t. d. með hliðsjón af 4. gr. laga nr. 61/1942."

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 skal héraðsdómslögmaður, hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra talinn hafa umboð, er hann sækir dómþing fyrir aðilja, nema annað sé sannað. Í grein þessari er umboð lögmanna takmarkað við flutning máls fyrir dómi. Hér er hins vegar um að ræða samning, er lögmaður gerir fyrir hönd annars manns utan réttar. Verður því ekki talið, að nefnt lagaákvæði eigi við, heldur þurfi lögmaður sérstakt umboð til slíkrar samningagerðar frá þeim aðilja, er hann semur fyrir, svo að bindandi sé fyrir hann gagnvart gagnaðilja samningsins.

Þar eð stefnda hefur eigi tekizt að sanna gegn eindregnum andmælum stefnanda og margnefnds Péturs Pétursson, að Jón P. Emils hafi haft slíkt umboð, verður stefnandi ekki talinn bundinn af þeim samningi, er stefndi gerði við nefndan Jón út af bifreiðarslysi því, er hér um ræðir, enda verður ekki talið, að 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 eigi við um tilvik það, sem hér er um fjallað.

Verður nú vikið að bifreiðarslysinu sjálfu og afleiðingum þess. Í upphafi málsatvikalýsingar er rakinn framburður stefnanda, eins og hann skýrði lögreglu Hafnarfjarðar frá atvikum að slysinu. Þá skýrslu sína hefur stefnandi staðfest hér fyrir dóminum.

Ökumaður bifreiðarinnar Ö 373, Daníel Emilsson, skýrði lögreglu Hafnarfjarðar svo frá tildrögum slyssins, að hinn umræddan dag hafi hann verið á leið frá Keflavík í bifreið sinni, Ö 373, og ekið eftir Reykjanesbraut. Um kl. 21.50, er hann hafi komið að beygjunni á Hvaleyrarholti, næst Hafnarfirði, hafi hann séð mann koma á móti sér á reiðhjóli með hjálparvél og ekið eftir veginum því sem næst miðjum. Vera megi þó, að maðurinn hafi verið örlítið meira til hægri við miðju vegarins. Daníel kveðst hafa ekið bifreið sinni á um það bil 30 km hraða, miðað við klukkustund, á vinstri vegarhelmingi, er hann hafi komið auga á manninn. Kvaðst hann strax hafa veitt því athygli, að ljós reiðhjólsins væru sérstaklega dauf. Hafi hann því ekki komið auga á manninn fyrr en bifreiðin hafi verið rétt komin að honum, en þá hafi hann snúið bifreið sinni snarlega til vinstri handar, alveg út að vegbrúninni. Rétt í því er þeir hafi mætzt, hafi áreksturinn orðið með þeim hætti, að maðurinn á reiðhjólinu hafi lent á framaurhlíf bifreiðarinnar hægra

megin. Við árekstur inn hafi maðurinn og reiðhjólið kastazt út frá bifreiðinni yfir á hægri vegbrúnina. Daníel kvaðst þegar í stað hafa stöðvað bifreiðina og farið út úr henni. Hafi hann þá séð hjólið og manninn liggja svo sem eina bíllengd fyrir aftan bifreiðina, við hægri vegjaðarinn. Hann kveðst þegar hafa séð, að maðurinn var slasaður, og hafi hann því flýtt sér til Hafnarfjarðar í bifreið sinni til þess að tilkynna lögreglunni þar slysið.

Eftirtaldir farþegar voru í bifreiðinni Ö 373, er slysið vildi til: Sveinn Þorgrímsson, Melteig 26, Keflavík, Sigurður Jónsson, Starhaga 6, Reykjavík, og Guðný Tryggvadóttir, Melteig 26, Keflavík.

Lögregla Hafnarfjarðar bar framangreinda skýrslu ökumannsins undir farþegana, og staðfestu þeir hana sem sanna og rétta í öllum atriðum.

Löggæzlumaður kom á staðinn eftir slysið og gerði uppdrátt af vettvangi og gerði skýrslu um staðhætti, sem er efnislega svohljóðandi:

Er komið var á staðinn, var bifreiðin Ö 373 farin af staðnum til að tilkynna slysið. Reiðhjólið lá á sama stað og það lá eftir slysið. Maðurinn einnig. Yfirborð vegarins var malbikað, en bremsuför ekki sjáanleg vegna mikillar umferðar. Færi var þurrt og myrkur var á.

Samkvæmt uppdrætti lögreglumannsins mun afstaðan á slysstað hafa verið þannig, er hann kom á vettvang, að reiðhjólið lá nokkru hægra megin við miðju vegarins, miðað við stefnu til Hafnarfjarðar, stefnandi lá á hægra vegjaðri, en bifreiðin Ö 373 er sýnd á vinstri vegarhelmingi, sem er hugsuð staða bifreiðarinnar, þar eð henni hafði verið ekið af staðnum, þegar löggæzlumaðurinn kom á vettvang, eins og fyrr greinir.

Hér að framan hefur lauslega verið drepið á áverka þá, er stefnandi hlaut við slysið, og getið hefur verið sjúkrahúsvistar hans vegna þeirra.

Bergþór Smári læknir skoðaði stefnanda hinn 9. júlí 1957 og mat örorku hans af völdum margnefnds slyss. Í örorkumati læknisins, sem dagsett er sama dag, segir m. a. á þessa leið:

„.... Hann er byrjaður að starfa að nýju, en kvartar um tilkenningu í hægri fótlim, einkum við áreynslu.

Skoðun: Framan á hægri crus er 23 cm langt ör, og innanvert á hægri ökla er 9 cm langt ör eftir skurðaðgerð. Stytting er ekki mælanleg á ganglimnum og engin vöðvarýrnun. Dálítill

stirðleiki er í hægri öklalið. Sperrileggur bungar dálítið út um miðbikið.

Röntgenmyndir, teknar í Keflavíkurspítala 29. júní s.l., sýna vel gróin brot í sperrilegg og sköflungi.

Örorka slasaða vegna nefnds slyss telst hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi (24. sept. '55) til 31. jan. '57 .. 100%
— 1. febr. til 31. marz '57 ..... 70%
— 1. apríl til 31. maí '57 ..... 40%
— 1. júní til 30. júní '57 ..... 30%
Úr því varanleg örorka ..... 15%."

Stefnandi byggir stefnukröfu sína á því, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 eigi alla sök á umræddu slysi með því óforsvaranlega ökulagi sínu að aka hægra megin á veginum. Beri stefndi því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyss þessa sem tryggingafélag bifreiðarinnar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé með öllu, að slys það, er hér um ræðir, hafi orðið með þeim hætti, að eigandi og ökumaður bifreiðarinnar Ö 373, og þar með stefndi, beri skaðabótaábyrgð út af því. Máli sínu til stuðnings vitnar stefndi í skýrslu þá, er ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 og farþegar gáfu lögreglu Hafnarfjarðar um tildrög slyssins, en samkvæmt henni virðist það ljóst, að stefnandi hafi ekið hægra megin við miðju vegarins.

Skýrslur málsaðilja um orsök slyssins stangast gersamlega á. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 kvaðst hafa sveigt snarlega til vinstri, er hann kom auga á stefnanda. Allt að einu varð slysi eigi forðað. Virðist þetta benda til þess, að hann hafi ekið á miðju vegarins eða nær henni en hann og farþegarnir hafa borið, ella hefði slys þetta tæpast orðið, jafnvel þótt stefnandi hefði ekið á miðbiki vegarins.

Reiðhjólið var það fyrirferðarlítið farartæki á veginum, að ökumaðurinn hlyti að hafa getað sveigt frá því og þar með forðað slysinu, ef hann hefði raunverulega verið á sínum vinstra vegarhelmingi, er hann varð reiðhjólsins var.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, verður að álíta, að bæði stefnandi og ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 hafi ekið of nærri miðju vegarins og þetta ökulag beggja valdið slysinu. Þegar þetta er haft í huga, þykir rétt að stefndi bæti stefnanda tjón hans að hálfu, en stefnandi beri sjálfur helming tjóns síns.

Stefnandi hefur sundurliðað tjón sitt þannig:

1. Örorkubætur ..... kr. 92.816.00
2. Sjúkrakostnaður, læknishjálp og annar útlagður kostnaður ..... — 2.000.00
3. Þjáningar og óþægindi ..... — 30.000.00

Samtals kr. 124.800.00

Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda vegna slyssins. Í útreikningi hans, sem dags. er 23. júní 1958, er stefnandi talinn fæddur 29. ágúst 1918, og hefur hann því verið 37 ára að aldri, er slysið bar að höndum. Stefnandi var ófaglærður verkamaður, er slysið bar að höndum, og er það enn. Hann taldi ekki fram til skatts næstu árin fyrir slysið og hefur heldur eigi gert það síðan. Skattayfirvöldin hafa því áætlað honum tekjur sem hér segir: Fyrir árið 1953 kr. 25.000.00, en kr. 20.000.00 fyrir árið 1954. Tryggingafræðingurinn hefur reiknað út vinnutekjutap stefnanda, miðað við hinar áætluðu tekjur hans þessi ár, og reiknast honum svo til, að hið áætlaða vinnutekjutap nemi sem hér segir:

Fyrsta ár eftir slysið ..... kr. 27.384.00
Annað ár eftir slysið ..... — 16.391.00
Þriðja ár eftir slysið ..... — 4.425.00
Síðan árlega ..... — 4.571.00

Verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps verður því alls, miðað við slysdag, kr. 92.816.00.

Grundvöllur útreikningsins, auk þess sem að framan greinir, er 6% ársvextir, dánarlíkur íslenzkra karla eftir reynslu áranna 1941—50, og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Í útreikningnum er enginn frádráttur gerður fyrir opinberum gjöldum, en tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að þau myndu verða mjög lág, þar eð tekjur þær, sem hér er reiknað með, séu langt fyrir neðan venjulegar verkamannatekjur.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Þegar tekið er tillit til þess, að vextir hér á landi eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með og að bætur þessar verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts

og tekjuútsvars, þykir hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 80.000.00.

Um 2. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem ósundurliðuðum og tilhæfulausum. Í sambandi við kröfulið þennan bendir stefndi á, að hann hafi þegar greitt Sjúkrasamlagi Keflavíkur helming af sjúkrakostnaði stefnanda samkvæmt framvísuðum reikningum, að fjárhæð kr. 10.420.00, sbr. dskj. nr. 18.

Stefnandi hefur enga grein gert fyrir þessum kröfulið, og verður hann því ekki tekinn til greina, og ber að sýkna stefnda af honum.

Um 3. lið.

Stefndi hefur andmælt þessum lið sem óhæfilega háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar greinir, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Stefndi hefur að endingu haldið því fram, að ef svo yrði litið á, að Jón P. Emils hefði ei haft umboð til að gera samning þann, er getið var hér að framan, og talið yrði, að ökumaður bifreiðarinnar, Ö 373, hefði átt einhverja sök á framangreindu slysi, þá bæri sú greiðsla, sem nefndur Jón veitti viðtöku f. h. stefnanda, að koma til frádráttar þeim bótum, sem dómstóllinn dæmdi stefnanda í máli þessu.

Stefnandi hefur mótmælt þessari kröfu stefnda með þeim rökum, að oftnefndur Jón hafi enga heimild haft til þess að veita fé þessu viðtöku f. h. stefnanda, enda hafi honum einungis verið falið að athuga, hversu háar bætur stefndi fengist til að greiða vegna slyss þessa án málssóknar.

Þar sem eigi verður talið sannað gegn eindregnum andmælum stefnanda og mágs hans, Péturs Péturssonar, að Jóni P. Emils hafi verið falin krafa þessi til innheimtu, þykir ekki unnt að taka þessa kröfu stefnda til greina, enda hafði Jón þá heldur ekki heimild til að veita fjárhæðinni viðtöku.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000.00 (þ. e. ½ kr. 80.000.00 + 20.000.00) auk vaxta, eins og krafizt hefur verið í stefnu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurgeirs Sigur-

jónssonar hrl., ákveðast kr. 6.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, Ragnari Sæmundssyni, kr. 50.000.00 auk 7% ársvaxta frá 2. desember 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., ákveðast kr. 6.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 126/1961. **Málfríður Gunnarsdóttir**
Hlín Gunnarsdóttir og
Björn Gunnarsson (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Kristínu Sigurðardóttur,
Þórunni Benediktsdóttur,
Þorbjörgu Benediktsdóttur,
Sigurlaugu Guðmundsdóttur,
Elísabetu Guðmundsdóttur og
Sigurði Ísleifssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur: .... ..
hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 13. júlí 1961 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd innsetningargerðar og stefndu verði dæmt að greiða þeim in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 18. apríl 1961.

Gerðarbeiðendur, Kristín Sigurðardóttir, Þórunn Benediktsdóttir, Þorbjörg Benediktsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir og Sigurður Ísleifsson, öll til heimilis Barónsstíg 61, hafa krafizt þess, að þeim verði með fógetagerð veittur frjáls og óhindraður umgangur um bakdyr hússins að Barónsstíg 61 og burtu numin læsing og aðrar hindranir, sem gerðarþolar, Málfríður Gunnarsdóttir, Hlín Gunnarsdóttir og Björn Gunnarsson, s. st., hafi sett til hindrunar frjálsri umferð um þessar dyr út á baklóð hússins. Gerðarbeiðendur krefjast þess, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt því, að innsetningargerðin nái fram að ganga. Þau krefjast þess, að gerðarbeiðendur verði in solidum úrskurðaðir til að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 24. marz s.l.

Svo hagar til í kjallara hússins Barónsstíg 61, en forhlið þess er byggð fast að götu, að meðfram forhliðinni eru 2 geymslur, þá stigagangur af efri hæðum og handan hans eru miðstöðvarherbergi og loks þvottahús og þurrkherbergi. Nærri miðja vegu og þvert á stigann er stuttur gangur, og eru dyr á báðum endum hans í geymslur annars vegar og þurrkherbergi hins vegar, ennfremur eru dyr inn í miðstöðvarherbergi, og loks eru dyr út í stuttan þvergang um bakhlið og út á lóð hússins. Eru það

þessar síðastnefndu dyr, sem um er deilt í þessu máli og gerðarþolar, sem eru eigendur íbúðar, er snýr að baklóð, hafa lokað. Við gang þennan eru annars vegar íveruherbergi, upprunalega ætlað sem geymsla, og hins vegar eldhús og borðstofa, einnig var ætlað fyrir geymslu, og inn af því svefnherbergi, einnig sýnt sem geymsla á uppdrætti af húseigninni. Vísast að öðru leyti til þessa uppdráttar, sem hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 10 B.

Gerðarbeiðendur rita fógetarétti Reykjavíkur hinn 7. nóvember 1960 og skýra svo frá, að þá fyrir nokkru hafi eigendur kjallaraíbúðarinnar, gerðarþolar máls þessa, fundið upp á því að setja læsingu að innanverðu á dyr, sem liggja út í gang þann, sem leiðir út í baklóð hússins, og hafi gerðarþolar ekki fengizt til að afhenda öðrum íbúum hússins lyklavöld að dyrunum. Sé hér um að ræða mikinn baga og brýnt brot á hagsmunum og rétti gerðarbeiðenda, og er þess krafizt, að þessi farartálmi verði burt numinn með beinni fógetagerð. Gerðarbeiðendur vitna til eignarheimilda sinna að hinum ýmsu eignarhlutum í húseigninni rétti sínum til rökstuðnings. Liggur fyrir í málinu afsal til gerðarbeiðanda Kristínar Sigurðardóttur, dagsett 6. júní 1951, en þar er henni afsalað íbúð í húsinu auk geymslu í kjallara, lóðarréttindum og girðingu að tiltölu, og þess getið, að gangur að þessari eign og þvottahúsi í kjallara sé óskipt sameign eigenda hússins. Á rskj. 3, sem er afsal til gerðarbeiðanda Elísabetar Guðmundsdóttur, dagsett 12. janúar 1948, eru lík ákvæði, og sagt að öðru leyti, að gangar að hinu selda sé óskipt sameign. Afsal til gerðarbeiðanda Sigurlaugar Guðmundsdóttur, sem dagsett er 18. júní 1949 og lagt er fram sem rskj. 4, geymir lík ákvæði, þó þannig, að sagt er, að gangar að hinu selda, svo og hluti af þvottahúsi í kjallara, sé óskipt sameign. Loks segir afsal til Þórunnar og Þorbjargar Benediktsdætra, dagsett 18. janúar 1949, að auk íbúðar og geymslu og lóðarréttinda, séu gangar að hinu selda svo og hluti af þvottahúsi og þurrkhúsi í kjallara óskipt sameign.

Telja gerðarbeiðendur hafið yfir allan efa, að gerðarþolum hljóti að hafa verið allsendis óheimilt að loka þessum gangi, sem sé ljóslega sameign allra húseigenda og liggi út á baklóð, sem sé einnig í óskiptri sameign allra þeirra.

Af hálfu gerðarþolanna er því haldið fram, að synja beri um gerð þessa þegar af þeirri ástæðu, að ekki beri að fjalla um

slíkt réttarsamband sem þetta í fógetarétti, heldur fyrir hinum almenna dómstóli í einkamálum.

Að öðru leyti er á það bent af hálfu gerðarþolanna, að gangur sá, sem þeir hafa lokað, sé eðlilegur hluti þeirrar íbúðar. Í afsali til Þuríðar Sigurðardóttur, sem gerðarþolar leiða rétt sinn frá, sé engin kvöð þess efnis, að þoluð skuli umferð annarra aðilja um gang þennan, enda yrði íbúð þessi þá nánast ónothæf og verðgildi hennar að litlu gert. Afsöl til gerðarbeiðenda geymi þeim heldur engan rétt til umferðar um þennan gang og sé þó nákvæmlega tekið fram um umferðarrétt, sem fylgi hverri íbúð hússins. Gerðarbeiðendum sé heldur engin þörf á umferðarrétti um ganginn, því að komast megi að baklóð á annan hátt.

Á uppdrætti að húsinu Barónsstíg 61, sem lagður hefur verið fram í málinu, er íbúð gerðarþolanna sýnd sem geymslur, sem liggja meðfram bakhlið hússins. — Hinn 30. október 1947 verður Þuríður Sigurðardóttir eigandi íbúðar þessarar, og hefur afsal til hennar verið lagt fram sem rskj. nr. 12. Auk þessara tveggja íbúðarherbergja, eldhúss, baðs og salernis, getur afsalið um þvotta- og þurrkherbergi og ganga að þessu herbergi í kjallara í réttum hlutföllum við aðra eigendur hússins, ennfremur leigulóðarréttindi í sömu hlutföllum.

Með afsali Þuríðar Sigurðardóttur, dagsettu hinn 25. apríl 1953, verður Margrét Björnsdóttir eigandi kjallaraíbúðarinnar og eftir lát hennar börn hennar, gerðarþolar máls þessa. Sbr. skiptayfirlýsingu á rskj. 7.

Þess skal getið, að þá er fram höfðu komið greinargerðir aðilja og endurrit afsalsgerninga, lýstu umboðsmenn aðilja því yfir, að þeir teldu gagnaöflun lokið. Þeir lýstu því yfir, áður en munnlegur flutningur hófst, að spurðir af fógeta, að þeir teldu ekki um frekari gagnaöflun að ræða. Aðiljar málsins hafa þannig ekki sjálfir mætt fyrir fógetaréttinum.

Kröfugerð gerðarbeiðenda gengur út á, að þeim verði með fógetagerð veittur frjáls og óhindraður umgangur um bakdyr og að rutt verði úr vegi þeim hindrunum, sem eru eða settar kunni að verða fyrir umgangi um þessar dyr. Í máli þessu verður aðeins um það úrskurðað, hvort taka eigi niður læsingu þá, sem gerðarþolar hafa sett á margnefnda ganghurð.

Í afsölum þeim, sem fyrir liggja í málinu, segir, að lóðarréttindi húseignarinnar séu óskipt sameign eigendanna, ennfremur gangar að hinu selda. Eftir því, sem fram hefur komið í

málinu, virðist gerðarbeiðendum óskylt að sætta sig við, að gerðarþolar hafa sett læsingu á dyr að gangi, sem liggur að baklóð hússins, enda verður ekki betur séð en að þeim sé þörf að hafa þar aðgang. Skiptir þar ekki meginmáli afstaða gangs þessa við íbúð gerðarþolanna. Það verður ekki hjá því komizt að taka þá kröfu gerðarbeiðenda til greina, að nema burt umræddan lás með fógetagerð.

Rétt má telja, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Læsing sú, sem gerðarþolar hafa sett á dyr að kjallaragangi, sem liggur að baklóð hússins nr. 61 við Barónsstíg, skal tekin burt með fógetagerð samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 187/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Páli Kolbeins og Ólafi Jónssyni og búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Kröfur áfrýjanda eru þær, *aðallega* að bú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda Páls Kolbeins, en *til vara*, að kröfur þessar

verði greiddar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, *aðallega* að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að kröfur þær, sem dæmdar voru, verði goldnar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. *Til vara* krefjast þeir þess, að áfrýjandi verði dæmd til að hlíta því, að framangreindar kröfur verði taldar skuldir eiginmanns hennar, Ólafs Jónssonar, við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að krafa sú, sem stefndi Páll Kolbeins lýsti í bú áfrýjanda og eiginmanns hennar hinn 21. maí 1958, stafar af bifreiðarkaupum eiginmanns áfrýjanda. Telja verður, að bifreið þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á kröfu þessari, enda er ekki sannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Telja verður, að hér sé um gilda kröfu að ræða á hendur eiginmanni áfrýjanda, Ólafi Jónssyni, svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 20/1923 ber að halda aðgreindum hjúskapareignum hjóna við skipti vegna hjónaskilnaðar og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda Páls Kolbeins er því ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni, en samkvæmt framansögðu ber að dæma hana til að hlíta því, að fjárkrafa sú, sem dæmd er í hinum áfrýjaða úrskurði, verði talin skuld eiginmanns hennar við búskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa stefnda Páls Kolbeins, að fjárhæð kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, verði talin skuld stefnda

Ólafs Jónssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 20. maí 1961.

Sóknaraðili máls þessa, Páll Kolbeins, Túngötu 31 hér í bænum, hefur gert þær réttarkröfur, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði með úrskurði skiptaréttarins gert að greiða sér kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags svo og að félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir verði in solidum úrskurðuð til þess að greiða málskostnað að mati skiptaréttarins.

Hefur ofannefndur Ólafur Jónsson samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en varnaraðili Guðlaug H. Sveinsdóttir hefur krafizt þess, *aðallega* að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði hrundið með öllu, en *til vara*, að hún verði aðeins greidd sem sérkrafa af búshelmingi Ólafs Jónssonar í félagsbúinu. Hvor kosturinn, sem tekinn yrði, er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 18. þessa mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjölnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra hjóna tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna og var því atriði vísað til aðgerða skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttarins, þar sem hann óskar þess, að bú þeirra hjóna verði tekið til opinberra skipta, og fylgdi með bréfi þessu endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina auk húsmuna ýmissa íbúð að Bústaðavegi 67 svo og bíllinn R 870 (DeSoto 1947). Þess skal getið, að samkvæmt upplýsingum bifreiðaeftirlits ríkisins fékk bíll þessi skrá-

setningarnúmerið R 8259 hinn 2. desember 1958, og var hann seldur á uppboði þannig skrásettur.

Í lok uppskriftar var ákveðið að taka búið til opinberrar skiptameðferðar. Ennfremur var ákveðið, að gefin yrði út innköllun til skuldheimtumanna.

Innköllun til skuldheimtumanna í félagsbúi þessu var síðan gefin út hinn 14. marz 1958, og var hún birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Hinn 21. maí 1958 lýsir sóknaraðili, Páll Kolbeins, 3.000.00 kr. fjárkröfu í félagsbúið, og barst þessi kröfulýsing hingað til embættisins hinn 24. sama mánaðar, sjá rskj. nr. 2 í málinu.

Byggist kröfugerð sóknaraðilja á skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar, ritaðri á víxilform, nánar tiltekið þannig, að Ólafur hefur ritað nafn sitt á eyðublaðið sem samþykkur, og upphæðin kr. 3.000.00 er rituð í þann dálk, sem venja er að rita víxilfjárhæð í tölustöfum. Að öðru leyti er víxilformið ekki útfyllt. Hefur skjal þetta verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 3.

Þá hefur sóknaraðili og lagt fram í málinu sem rskj. nr. 4 tryggingarbréf, dagsett 20. júlí 1956, og útgefna til handhafa, víxla, samtals að fjárhæð kr. 25.000.00. Veðsett er með 1. veðrétti bifreiðin R 870 (DeSoto 1947). Bréfi þessu hefur ekki verið þinglýst.

Að öðru leyti er kröfugerð sóknaraðilja rökstudd með tilvísan til yfirlýsingar Ólafs Jónssonar á rskj. nr. 5 í máli þessu. Segir Ólafur þar, að hann hafi hinn 20. júlí 1956 keypt bílinn R 870 (áður R 8240) af Hannesi Kolbeins fyrir kr. 50.000.00. Greiðsla hafi farið þannig fram, að hann hafi greitt kr. 25.000.00 í peningum, en tekið að sér að greiða skuld Hannesar við föðurbróður hans, Pál Kolbeins, sóknaraðilja máls þessa, en sú skuld hafi numið 25.000.00 krónum. Fyrir þeirri skuld segist Ólafur svo hafa samþykkt 5 víxla, með gjalddögum 20. ágúst, 20. september, 20. október, 20. nóvember og 20. desember 1956, og jafnframt gefið út tryggingarbréfið á rskj. 4 fyrir þessum víxilskuldum. Segir Ólafur, að þessi skuld sé nú öll greidd, nema eftirstöðvar síðasta víxilsins, kr. 3.000.00.

Sóknaraðili heldur því fram, að hér sé um að ræða skuld, sem hafi verið stofnuð, meðan hjúskapur þeirra Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur var við líði, til kaupa á bíl, sem Ólafur hafi haldið úti á bifreiðastöð, sbr. vottorð á rskj. 15, og hafi afrakstur þeirrar atvinnu að sjálfsögðu gengið til þess að framfæra sameiginlegt heimili þeirra hjónanna. Bíll þessi

hafi orðið eign félagsbúsins við kaupin, og við uppboðið hinn 9. desember 1958 hafi uppboðsverð hans gengið til búsins. Þannig hljóti félagsbúið að lúka þessari skuld. Bent er á skattframtal Ólafs fyrir árið 1956, rskj. nr. 11, en þar segist hann hafa keypt bíl þennan.

Varnaraðili Guðlaug Helga Sveinsdóttir mótmælir kröfu sóknaraðilja sem sér og félagsbúinu óviðkomandi. Hún segir, að bíll þessi hafi verið keyptur án sinnar vitundar og vilja. Hann hafi verið skráður á nafn Ólafs Jónssonar og hafi því verið hjúskapareign hans. Hún segist ekki vita til þess, að neinn arður af akstri bílsins hafi gengið til þarfa heimilis þeirra Ólafs, og hafi Ólafur raunar ekki lagt heimilinu og vanrækt það gersamlega.

Að því er viðvíkur gögnum þeim, sem sóknaraðili hefur lagt fram í réttinum og byggir kröfur sínar á, ber að taka fram, að skuldaryfirlýsing Ólafs Jónssonar á rskj. nr. 3 hefur að vísu ekki víxilgildi. En nafnritun hans á skjal þetta virðist þó ekki verða skýrð á annan veg en þann, að hann hafi skilyrðislaust játað sig skuldugan handhafa skjalsins, sem er sóknaraðili máls þessa, um kr. 3.000.00. Hið óþinglýsta tryggingarbréf á rskj. 4 er og undirritað af Ólafi Jónssyni og lagt fram hér í réttinum af sóknaraðilja.

Þau Ólafur Jónsson og Guðlaug Helga Sveinsdóttir höfðu ekki gert með sér kaupmála fyrir giftingu né heldur meðan hjónaband þeirra stóð. Heldur ekki verður séð, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að þau hafi komið með eignir í búið, að öðru leyti en því, að Ólafur keypti hluta hússins Bústaðavegur 67 í fokheldu ástandi á árinu 1950.

Þær eignir aðrar, sem fram komu við uppskriftina, munu hafa orðið til í hjónabandi þeirra. Þar á meðal er bifreiðin R 870, sem Ólafur kaupir á árinu 1956. Má telja, að þessi bifreið hafi orðið sameign hjónanna, aflað fyrir sameiginlega starfskrafta þeirra í þágu heimilisins og með fjárhagsaðstoð annarra. Var bifreið þessi og skrifuð upp sem eign félagsbúsins, og er hún var seld, gekk andvirði hennar inn í félagsbúið.

Það verður að ætla, að bifreið þessi hafi verið keypt með það fyrir augum að auka tekjur félagsbúsins, og á framtali Ólafs Jónssonar fyrir árið 1956 telur hann tekjur af bifreiðakennslu nema kr. 3.000.00.

Samkvæmt þessu, sem hér að ofan segir, þykir verða að taka kröfur sóknaraðilja til greina, þannig að félagsbúinu verður gert

að greiða honum kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum, sem þó þykir rétt, að verði reiknaðir frá þeim degi, er kröfulýsing barst skiptaréttinum, hinn 24. maí 1958. Svo og verður félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, Páli Kolbeins, kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir greiði sóknaraðilja in solidum kr. 1.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 186/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
dánarbúi Þórarins Jónssonar og Ólafi Jónssyni og
búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Í Hæstarétti hefur áfrýjandi uppi þessar kröfur: *Aðallega* að bú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda dánarbús Þórarins Jónssonar, en *til vara*, að kröfur þessar verði taldar sérkröfur á

hendur eiginmanni hennar, stefnda Ólafi Jónssyni, og goldnar af hjúskapareign hans. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig að kröfur þær, sem dæmdar voru, verði goldnar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. *Til vara* krefjast þeir þess, að áfrýjandi verði dæmd til að hlíta því, að framangreindar kröfur verði taldar skuldir eiginmanns áfrýjanda, stefnda Ólafs Jónssonar, við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að krafa sú, er Þórarinn Jónsson lýsti í bú áfrýjanda og eiginmanns hennar hinn 28. maí 1958 og áréttuð var með yfirlýsingu skiptaráðandans í Vestmannaeyjum vegna dánarbús Þórarins Jónssonar hinn 6. júní 1961, stafar af bifreiðarkaupum eiginmanns áfrýjanda. Telja verður, að bifreið þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á téðri kröfu, enda er ekki sannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Telja verður, að hér sé um gilda kröfu að ræða á hendur eiginmanni áfrýjanda, Ólafi Jónssyni, svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 20/1923 ber að halda aðgreindum hjúskapareignum hjóna við skipti vegna hjónaskilnaðar og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda dánarbús Þórarins Jónssonar er því ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni, en samkvæmt framansögðu ber að dæma hana til að hlíta því, að fjárkrafa sú, sem dæmd er í hinum áfrýjaða úrskurði, verði talin skuld eiginmanns hennar við búskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa stefnda dánarbús Þór-

arins Jónssonar, að fjárhæð 15.000.00 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, verði talin skuld stefnda Ólafs Jónssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 12. júní 1961.

Af hálfu sóknaraðilja, dánarbús Þórarins Jónssonar, Vestmannaeyjum, eru þær réttarkröfur gerðar, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði gert að greiða dánarbúinu kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. nóvember 1956 til greiðsludags. Enn fremur að félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur verði in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað.

Ólafur H. Jónsson hefur samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en Guðlaug H. Sveinsdóttir hefur aftur á móti krafizt þess, *aðallega* að kröfum sóknaraðilja verði með öllu hrundið, en *til vara*, að þær greiðist aðeins af búshelmingi Ólafs Jónssonar sem sérkrafa. Hvernig sem úrskurður gengur, krefst hún málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram hinn 8. þessa mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis Mjölnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til aðgerða skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttarins, þar sem hann óskar þess, að bú þeirra hjónanna verði tekið til opinberra skipta, og fylgdi bréfi þessu endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina auk húsmuna ýmissa íbúð á Bústaðavegi

67 svo og bíllinn R 870 (DeSoto '47). Þess skal getið, að samkvæmt upplýsingum bifreiðaeftirlits ríkisins fékk bíll þessi skrásetningarnúmerið R 8259 hinn 2. desember 1958, og var hann seldur á uppboði þannig skrásettur. — Í lok uppskriftar var ákveðið að taka bú þetta til opinberrar skiptameðferðar, og ennfremur var ákveðið, að út skyldi gefin innköllun til skuldheimtumanna þess. Sjá endurrit af skiptabók, rskj. nr. 14 í máli þessu.

Innköllun til skuldheimtumanna var svo gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Kröfu þeirri, sem skiptaréttarmál þetta er af risið, var lýst hingað í skiptaréttinn hinn 24. maí 1958. Byggist krafan á réttarskjali nr. 4 í málinu, en það er kvittun Ólafs Jónssonar, þar sem hann segir Útvegsbanka Íslands h.f. í Reykjavík hafa greitt sér að tilhlutan útibús bankans í Vestmannaeyjum fyrir hönd Þórarins Jónssonar kr. 15.000.00 hinn 26. nóvember 1956.

Því er haldið fram, að hér sé um að ræða lánveitingu Þórarins Jónssonar til bróður hans, Ólafs. Um nánari greinargerð fyrir kröfunni er vísað til yfirlýsingar Ólafs, sem lögð hefur verið fram á rskj. nr. 3 í máli þessu.

Í þessari yfirlýsingu segist Ólafur Jónsson hafa keypt bílinn R 870 af Hannesi nokkrum Kolbeins hinn 20. júlí 1956. Kaupverðið hafi verið kr. 50.000.00, og segist Ólafur hafa greitt það sumpart með því að taka að sér 25 þúsund króna skuld seljandans við föðurbróður hans, Pál Kolbeins, en hinn hluta kaupverðsins kr. 25.000.00 segist hann hafa getað greitt Hannesi með því að selja Kauphöllinni hér í bæ kr. 25 þús. víxil sinn. Sá víxill hafi átt að greiðast haustið 1956, og til þess að geta staðið í skilum um þá fjárhæð segist hann hafa fengið umræddar 15 þúsund krónur hjá bróður sínum Þórarni, þá búsettum í Vestmannaeyjum. Segist Ólafur hafa sótt þessa peninga í Útvegsbankann hér í bæ. Guðlaug Helga Sveinsdóttir, þáverandi eiginkona hans, hafi verið sér samferða í bankann, er hann sótti peningana, og einnig, er hann fór með þá og greiddi víxilinn í Kauphöllinni.

Ólafur segist hafa brúkað bílinn R 870 í þágu félagsbúsins, meðan hann átti bílinn. Hafi hann haldið bílnum úti á Bifreiðastöð Reykjavíkur, sbr. rskj. 15, og ekið honum í frístundum sínum, en hann hefur undanfarin ár starfað sem bílstjóri hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Hann getur þess, að bíllinn hafi

verið mjög viðhaldsfrekur og oft erfitt að halda honum í ökufæru ástandi.

Því er nú haldið fram af sóknaraðilja, að lán þetta hafi gengið til þess að kaupa bíl, sem haldið hafi verið úti á stöð, og afrakstur þeirra ökustarfa hafi vissulega gengið til félagsbúsins. Við kaupin hafi bíllinn orðið eign félagsbúsins, og við uppboð hinn 9. desember 1958 hafi uppboðsverð hans gengið til búsins. Sé hér því um að ræða skuld, sem félagsbúinu beri afdráttarlaust að lúka.

Þess skal getið, að Þórarinn Jónsson er nú látinn, en lagt hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 12 símskeyti frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum, þar sem hann lýsir yfir samþykki skiptaréttar Vestmannaeyjakaupstaðar á innheimtu þessari.

Guðlaug Helga Sveinsdóttir vefengir, að Þórarinn Jónsson hafi lánað Ólafi nefnda fjárhæð til kaupa á bílnum R 870, og mótmælir skuldakröfu þessari með öllu. Ef svo yrði þó talið, að lán þetta hafi verið veitt til bílkaupanna, þá hljóti að vera um að ræða sérkröfu á hendur Ólafi. Hún hafi ekki verið höfð í ráðum um bílkaupin, heldur hafi Ólafur keypt bíl þennan án hennar vilja og vitundar, og hafi látið skrá hann á sitt nafn. Ekki hafi heldur svo farið, að hann hafi fengið neitt umboð hennar til þessarar lántöku. Hafi þessi bíll orðið hjúskapareign Ólafs, enda hafi hann brúkað bílinn í sjálfs síns þágu og heimilið alls ekki notið arðs af honum. Hafi Ólafur yfirleitt ekki lagt heimilinu og vanrækt það gersamlega.

Þau Ólafur Jónsson og Guðlaug Helga Sveinsdóttir hafa ekki gert með sér kaupmála fyrir giftingu né, á meðan á hjónabandi þeirra stóð. Það verður heldur ekki séð, að þau hafi komið með eignir með sér í búið, að öðru leyti en því að Ólafur hafði keypt íbúð í húsinu Bústaðavegi 67 í fokheldu ástandi á árinu 1950. Þær eignir aðrar, sem upp voru skrifaðar, virðast því hafa orðið til í hjónabandi þeirra.

Ekki hafa þau hjónin látið gera skrá þá um hjúskapareignir, sem 24. gr. laga nr. 20 frá 1923 innir að. Ekki heldur hefur komið fram nein krafa til skiptaréttarins undir skiptum bús þessa um, að hjúskapareignir hvors aðilja um sig yrðu sérgreindar. Verður ekki betur séð en að með þessu öllu hafi þau fallizt á, að með bú þetta yrði farið sem sameign þeirra.

Verður að líta svo á, að bíllinn R 870 hafi orðið sameign þeirra Ólafs og Guðlaugar Helgu og að hann hafi verið keyptur með það fyrir augum að auka tekjur heimilis þeirra, og á framtali

Ólafs fyrir árið 1956 telur hann tekjur af bifreiðakennslu nema kr. 3000.00. Við uppskrift bús þessa var bíllinn skrifaður upp sem eign félagsbúsins, og er hann var seldur, gekk andvirði hans til félagsbúsins.

Samkvæmt kvittuninni á rskj. nr. 4 virðist Ólafur Jónsson hafa stofnað til 15 þúsund króna skuldar við Þórarinn Jónsson hinn 26. nóvember 1956. Varnaraðili hefur ekki fært fram þau rök gegn réttmæti þessarar skuldayfirlýsingar, að fært þyki að hafna henni. Er ekki heldur ósennileg sú frásögn Ólafs Jónssonar, að hann hafi varið fé þessu til að eignast bílinn R 870.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, þykir ekki verða hjá því komizt, að úrskurða félagsbúið til að greiða þessa kröfu sóknaraðilja, kr. 15.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfulýsingardegi, 24. maí 1958, til greiðsludags. Enn fremur verður félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, dánarbúi Þórarins Jónssonar, Vestmannaeyjum, kr. 15.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Þá greiði félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir in solidum sóknaraðilja kr. 2000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 188/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Halldóri Hákonarsyni og Ólafi Jónssyni og búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Í Hæstarétti krefst áfrýjandi þess, *aðallega* að bú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda Halldórs Hákonarsonar, en *til vara*, að kröfur þessar verði greiddar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, *aðallega* að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig að kröfur þær, sem dæmdar voru, verði goldnar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. *Til vara* krefjast þær þess, að áfrýjandi verði dæmd til að hlíta því, að framangreindar kröfur verði taldar skuldir eiginmanns hennar, Ólafs Jónssonar, við búskipti vegna skilnaðar. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að krafa stefnda Halldórs Hákonarsonar, að fjárhæð kr. 5.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, sem ein er til úrlausnar í máli þessu, með því að málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, stafar frá kaupum stefnda Ólafs Jóns-

sonar á íbúð á Bústaðavegi 67. Telja verður, að íbúð þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda, stefnda Ólafs Jónssonar. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á kröfu þessari, enda er ekki sannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Telja verður, að hér sé um gilda kröfu að ræða á hendur eiginmanni áfrýjanda, Ólafi Jónssyni, svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 20/1923 ber að halda aðgreindum hjúskapareignum hjóna við skipti vegna hjónaskilnaðar og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda Halldórs Hákonarsonar er því ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni, en samkvæmt framansögðu ber að dæma hana til að hlíta því, að fjárkrafa sú, sem dæmd er í hinum áfrýjaða úrskurði, verði talin skuld eiginmanns hennar við búskipti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa stefnda Halldórs Hákonarsonar, að fjárhæð kr. 5.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, verði talin skuld stefnda Ólafs Jónssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 5. júní 1961.

Sóknaraðili, Halldór Hákonarson, Eskihlíð 13, hefur gert þær réttarkröfur, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði gert að greiða sér kr. 8000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1952 til greiðsludags. Hann hefur krafizt þess, að félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

Hefur ofannefndur Ólafur Jónsson samþykkt kröfur sóknar-

aðilja, en Guðlaug Helga Sveinsdóttir hefur krafizt þess, *aðallega* að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði algerlega hrundið, en *til vara*, að hún verði aðeins greidd af búshelmingi Ólafs Jónssonar sem sérkrafa. Hvor kosturinn sem tekinn yrði, er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 25. fyrra mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjölnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Varð ekki samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til aðgerða skiptaréttar. Hinn 5. marz 1958 ritaði umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttar Reykjavíkur, þar sem hann óskaði þess, að bú þeirra hjóna yrði tekið til opinberra skipta, og fylgdi bréfi þessu endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Þau Ólafur Jónsson og Guðlaug H. Sveinsdóttir fengu skilnað að borði og sæng með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbús þessa fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Auk ýmissa húsmuna komu fram við uppskriftina íbúð að Bústaðavegi 67, enn fremur bíllinn R 870 (síðar R 8259). Í lok uppskriftar var ákveðið að taka bú þetta til opinberrar skiptameðferðar, svo og var ákveðið, að gefin skyldi út innköllun til skuldheimtumanna búsins. Var innköllun þessi gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Hinn 21. maí 1958 lýsir sóknaraðili, Halldór Hákonarson, 8 þúsund króna fjárkröfu í félagsbúið, og barst þessi kröfulýsing hingað til embættisins hinn 24. sama mánaðar. Sjá rskj. nr. 2 í máli þessu.

Kröfugerð sóknaraðilja byggist að nokkru á skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar, sem hefur verið lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 12. Þar játar Ólafur sig skuldugan sóknaraðilja um kr. 5000.00 og segir lánstímann vera til 1. maí 1951, en yfirlýsingin er dagsett 16. ágúst 1950.

Sóknaraðili hefur sagt í aðiljaskýrslu sinni á rskj. 11, sem hann hefur hér fyrir rétti lýst yfir, að rétt sé í hverri grein, að Ólafur hafi áður fengið hjá sér peningalán, kr. 3000.00, en ekki gefið neina viðurkenningu eða kvittun fyrir því, enda ekki

eftir því leitað. Hann segir, að Ólafur hafi tjáð sér, að peningalánið skyldi ganga til húsbyggingar við Bústaðaveg, en um það leyti sem lán þessi voru veitt, hafi þau Ólafur og Guðlaug Helga búið að Samtúni 72. Segist sóknaraðili nokkrum sinnum hafa heimsótt þau þangað og eins, eftir að þau höfðu flutt í íbúðina við Bústaðaveg.

Nú segir sóknaraðili, að Ólafur hafi ekki greitt sér þessar skuldir né heldur vexti af þeim, og krefst þess, að félagsbúið verði látið greiða framangreindar fjárhæðir. Hér sé um að ræða peningalán, sem gengið hafi til þess að búa þeim hjónum, Ólafi og Guðlaugu Helgu, þak yfir höfuð og til þess jafnframt að skapa félagsbúinu verðmæti. Hann bendir á það, að að lokinni uppboðssölu á umræddri íbúð hafi uppboðsandvirðið gengið til félagsbúsins.

Eins og áður segir, hefur Ólafur Jónsson samþykkt kröfur sóknaraðilja. Hann segist hafa fengið lán þetta til þess að geta greitt ýmiskonar kostnað við íbúðina á Bústaðavegi 67, en þessa íbúð segist hann hafa keypt fokhelda á árinu 1950, og hafi þau Guðlaug Helga flutt inn í hana 16. júní 1951. Ólafur heldur því fram, að Guðlaugu Helgu hafi verið kunnugt um þessar lántökur hans hjá sóknaraðilja.

Guðlaug Helga Sveinsdóttir mótmælir því, að sér hafi verið kunnugt um neins konar lán af hendi sóknaraðilja, og vefengir hún, að lán þetta hafi verið veitt. Mótmælir hún kröfugerð sóknaraðilja sem rangri í hverri grein og til vara sem fyrndri. Hafi lán þetta í raun og veru verið innt af hendi, sé ljóslega um að ræða sérkröfu á hendur Ólafi, sem komið geti til mála, að greiða beri af hans búshelmingi.

Í máli þessu hefur sóknaraðili lagt fram skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar fyrir kr. 5000.00, og hefur þessari yfirlýsingu verið mótmælt af hálfu Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur sem rangri og til vara sem fyrndri. Hún virðist þó ekki hafa fært þau rök fram gegn réttmæti yfirlýsingarinnar, að fært þyki að hafna henni. Þá ber að hafna þeirri staðhæfingu varnaraðilja, að krafa þessi sé fyrnd. Samkvæmt rskj. 12 var gjalddagi hinn 1. maí 1951, en kröfunni er lýst til skiptaréttarins hinn 24. maí 1958, en 10 ára fyrningarfrestur mun gilda um kröfu sem þessa.

Hjón þessi, Ólafur Jónsson og Guðlaug H. Sveinsdóttir, hafa ekki látið skrásetja kaupmála um eignir sínar. Þau hafa heldur ekki gert skrá þá um hjúskapareignir, sem 24. gr. laga nr. 20 frá 1923 innir að. Ekki hefur heldur komið fram nein krafa

til skiptaréttarins undir skiptum bús þessa, að hjúskapareignir hvors þeirra hjóna um sig yrðu sérgreindar. Verður ekki betur séð, en að með þessu hafi þau fallizt á, að með bú þetta yrði farið sem sameign þeirra.

Ólafur Jónsson keypti húseignarhlutann á Bústaðavegi 67, áður en hann gekk að eiga Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur. Var eignarhluti þessi keyptur í fokheldu ástandi, og er út af fyrir sig ekki ósennileg sú frásögn Ólafs Jónssonar, að þær kr. 5000.00, sem telja verður, að hann hafi fengið að láni hjá sóknaraðilja, hafi farið til þess að fullbúa þetta húsnæði til íbúðar.

Það verður að telja, að við hjónaband þeirra Ólafs og Guðlaugar Helgu hafi íbúð þessi orðið sameign þeirra. Þau höfðu íbúðina til afnota fyrir heimili sitt, meðan hjónaband þeirra var við líði, enda var hún við búsuppskriftina skrifuð upp sem eign félagsbúsins, og er hún var seld, gekk andvirði hennar til félagsbúsins, að því fráskildu, að tekin var frá af uppboðsverðinu ákveðin fjárhæð, ef með þyrfti, til þess að fullnægja veðskuld, sem hvíldi á eigninni.

Samkvæmt því, sem að framan segir, þykir rétt að taka til greina kröfu sóknaraðilja máls þessa að nokkru leyti, þannig að félagsbúinu verður gert að greiða honum kr. 5000.00. Ekki þykir rétt að reikna vexti af kröfu þessari, fyrr en frá kröfulýsingardegi, 24. maí 1958, og til greiðsludags.

Þá ber að gera félagsbúinu og Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur að greiða sóknaraðilja málskostnað in solidum. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar H. Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, Halldóri Hákonarsyni, kr. 5000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Þá greiði félagsbúið og Guðlaug H. Sveinsdóttir in soldium kr. 1200.00 í málskostnað.

Mánudaginn 30. apríl 1962.

Nr. 31/1962. **Þorsteinn Örn Þorsteinsson**
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Dómur:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Örn Þorsteinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. apríl 1962.

Nr. 3/1961. **Bæjarútgerð Neskaupstaðar**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Magnúsi Hagalín Gíslasyni og gagnsök
(Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um kjör togaraskipstjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Valtýr Guðmundsson, skipaður setudómari í málinu, ásamt samdómendunum Sveinbirni A. Sveinssyni og Kristni Marteinssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1961. Krefst hann þess, að honum verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 58.166.39. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. febrúar 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 153.156.70 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 46.275.30 frá 31. desember 1957 til 31. desember 1958,

af kr. 98.431.55 frá þeim degi til 31. desember 1959 og af kr. 153.156.70 frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að dæmdur verði sjóveðréttur í b/v Gerpi, NK 106, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi fallið frá kröfu um greiðslu eftirstöðva launa vegna stýrimannsstarfs hans á b/v Agli rauða árið 1954.

Á árunum 1957—1959 var gagnáfrýjandi skipstjóri á b/v Gerpi, sem gerður var út af aðaláfrýjanda. Um kjör hans giltu fyrst og til 1. ágúst 1958 kjarasamningur Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, dags. 23. marz 1955, en eftir það og þar til störfum gagnáfrýjanda á skipinu lauk, um mánaðamótin nóvember og desember 1959, kjarasamningur sömu aðilja, dags. 4. september 1958. Í 2. gr. fyrri kjarasamningsins eru skipstjórum ákveðin aflaverðlaun, 2.25% af nánar tilteknu aflaverði, og eftir 3. gr. skyldi útgerðaraðili auk þess greiða til Lífeyris- og dánarbótasjóðs yfirmanna á skipum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda 0.5% af aflaverði, reiknuðu með sama hætti. Gert er ráð fyrir því, að framlög til sjóðsins muni ekki verða talin til skattskyldra tekna sjóðfélaga. Þá eru og í 3. gr. ákvæði um, að verði vanskil á greiðslu til sjóðsins af hálfu útgerðaraðilja, og sjóðfélagi hætti þátttöku í sjóðnum af þeirri ástæðu, þá hækki aflaverðlaun skipstjóra samkvæmt 2. gr. um 1.25% upp í 3.5%, frá því að vanskil hófust. Sjóðfélaga skal skylt, áður en hann hættir þátttöku í sjóðnum, að tilkynna stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og stjórn Lífeyris- og dánarbótasjóðsins, að um vanskil sé að ræða, og ber þá stjórn sjóðsins að leita eftir sáttum. Náist ekki samkomulag innan 14 daga, hækka aflaverðlaun samkvæmt framansögðu, frá því að vanskil hófust. Sams konar ákvæði, að því er hér skiptir máli, eru einnig í kjarasamningnum frá 4. september 1958.

Eins og í héraðsdómi greinir, urðu vanskil af hálfu aðal-

áfrýjanda á greiðslum vegna gagnáfrýjanda til Lífeyris- og dánarbótasjóðsins öll árin 1957—1959. Með bréfum, dags. 15. marz 1960, tilkynnti gagnáfrýjandi stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og stjórn Lífeyris- og dánarbótasjóðsins, að hann mundi hætta þátttöku í sjóðnum vegna framangreindra vanskila aðaláfrýjanda, ef ekki yrði úr bætt innan 14 daga. Þar sem engin skil voru gerð, taldi gagnáfrýjandi þátttöku sinni í sjóðnum lokið að liðnum þessum 14 dögum, og höfðaði hann síðan mál þetta í héraði með stefnu 5. maí 1960.

Eftir skýrum ákvæðum kjarasamninganna á gagnáfrýjandi rétt á hækkun aflaverðlauna fyrir árin 1957—1959 um 1.25%, þar sem þátttöku hans í sjóðnum lauk vegna vanskila aðaláfrýjanda, eins og að framan er rakið. Má fallast á rök héraðsdóms fyrir því, að ekki skipti máli um þetta, þó að stjórn Lífeyris- og dánarbótasjóðsins kunni að hafa látið undan falla að leita eftir sáttum.

Í málinu er enginn ágreiningur um, að hækkun um 1.25% á aflaverðlaunum gagnáfrýjanda árið 1957—1959 nemi samtals kr. 145.416.05 og að orlofsfé af þeirri fjárhæð nemi samkvæmt kjarasamningunum samtals kr. 7740.65. Samanlagðar nema þessar fjárhæðir kr. 153.156.70, eins og gagnáfrýjandi gerir kröfu til, og ber eftir framansögðu að dæma honum þá fjárhæð.

Eins og kröfugerð gagnáfrýjanda um vexti er háttað, ber að dæma vexti af framangreindri fjárhæð þannig: 6% ársvexti af kr. 46.275.30 frá 31. desember 1957 til 31. desember 1958, 6% ársvexti af kr. 98.431.55 frá þeim degi til 31. desember 1959, 6% ársvexti af kr. 153.156.70 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 8% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Með því að hin dæmda fjárhæð er að nokkru leyti aflaverðlaun samkvæmt ráðningarsamningi gagnáfrýjanda og telst því til launa hans og að umsamið orlofsfé telst einnig þáttur í launakjörum, þá ber samkvæmt 236. gr. laga nr. 56/1914 að dæma gagnáfrýjanda sjóveðrétt í b/v Gerpi, NK 106, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Hagalín Gíslasyni, kr. 153.-156.70 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 46.275.30 frá 31. desember 1957 til 31. desember 1958, 6% ársvöxtum af kr. 98.431.55 frá þeim degi til 31. desember 1959, 6% ársvöxtum af kr. 153.156.70 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Svo greiði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Gerpi, NK 106, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Lárusar Jóhannessonar.

Af samanburði á 5., 6. og 7. mgr. 3. gr. samningsins milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis frá 23. marz 1955 og samhljóða ákvæða í sömu málsgreinum 12. gr. samningsins frá 4. september 1958 þykir mega ráða, að 0.5% af aflaverðverðlaunum skipstjóra samkvæmt 6. málsgr. nefndar greinar sé raunverulega ekki kaupgreiðsla, heldur féviti vegna vanskila. Upphæð þessi nemur kr. 58.166.39. Vegna skattfrelsis skipstjóra á lífeyrissjóðsgreiðslunum verður upphæð þessi ekki talin bersýnilega ósanngjörn, sbr. 35. gr. laga nr. 7/1936. Hins vegar fylgir sjóveðréttur ekki þess-

um hluta hinnar dæmdu upphæðar og ekki heldur réttur til orlofsfjár af henni.

Að öðru leyti erum við sammála dóminum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 28. nóvember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. nóvember 1960, er höfðað með stefnu, útgefinni hinn 5. maí 1960 og birtri sama dag af Magnúsi Hagalín Gíslasyni, Langholtsvegi 146, Reykjavík, gegn Bæjarútgerð Neskaupstaðar til greiðslu á iðgjöldum til Lífeyris- og dánarbótasjóðs skipstjóra og 1. stýrimanna á skipum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að borga sér kr. 59.166.39 ásamt 200% samningsbundnu álagi á kr. 1.000 og 150% álagi á kr. 58.166.39 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 3.000.00 frá 31. des. 1954 til 31. des. 1957, af kr. 49.275.30 frá þeim degi til 31. des. 1958, af kr. 101.431.55 frá þeim degi til 31. des. 1959 og af kr. 157.321.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eða kr. 16.347.00. Ennfremur krefst stefnandi orlofsfjár, 6% af kr. 148.416.05, eða kr. 8.904.00.

Ennfremur, að viðurkennt verði, að stefnandi eigi sjóveðrétt til tryggingar kr. 3.000.00 vegna ársins 1954 í vátryggingarfé b/v Egils rauða, NK 104, og einnig til tryggingar kr. 154.321.00 vegna áranna '57—'59 í b/v Gerpi, NK 106.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 18.793.77, sem er iðgjaldsupphæð vegna stefnanda árið 1959 og gegn greiðslu á kr. 1.000.00, sem eru iðgjaldseftirstöðvar vegna stefnanda árið 1954, svo og krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1954 var stefnandi 1. stýrimaður á togskipi stefnda, b/v Agli rauða, NK 104, og síðan skipstjóri á skipi stefnda, b/v Gerpi, NK 106, árin 1957 til 1959. Stefnandi var á þessum tíma meðlimur í Skipstjóra og stýrimannafélaginu Ægi og stefndi í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Samkvæmt samningi milli þessara stéttarfélaga, dags. hinn 23. marz 1955, og samningi, dags. hinn 4. september 1958, eru eftirgreind samningsákvæði gildandi milli stéttarfélaga málsaðilja allan fyrrgreindan tíma, sem stefnandi var starfandi á skipum stefnda, sem fyrr greinir: *2. gr. samnings, dags. hinn 4. sept. 1958.*

„Auk mánaðarkaups samkvæmt 1. grein skal greiða skip-

stjóra 2.25% og 1. stýrimanni 1.25% af heildarsöluverði, að frádregnum 17%. Á þau aflaverðlaun, er þannig fást, greiðist 5% uppbót.

Nú verður aflinn eigi fluttur á erlendan markað, en skipað á land í innlendri höfn, og greiðast þá sömu aflaverðlaun og með því verði, sem um getur í 3. grein.

Þegar skipið tekur afla úr öðru skipi til flutnings á erlendan markað til viðbótar eigin afla sínum, skulu aflaverðlaun af þeim hluta farmsins skiptast að jöfnu milli skipstjóra og 1. stýrimanns beggja skipanna.

En sé keyptur fiskur til viðbótar eigin afla til sölu erlendis, skal kaupverð dragast frá heildsöluverði."

12. grein samnings, dags. hinn 4. sept. 1958.

„Til lífeyris- og dánarbótasjóðs yfirmanna á skipum F.Í.B. greiðir útgerðin til tryggingar skipstjóra 0.5% af þeirri upphæð, sem lýsis- og aflaverðlaun eru reiknuð af, og til 1. stýrimanns 0.25% af þeirri upphæð, sem lýsis- og aflaverðlaun eru reiknuð af. F.Í.B. skal gæta þess, að hver einstakur útgerðarmaður standi við greiðslur lífeyrissjóðsins, og ber stjórn sjóðsins og yfirmönnum skipanna að tilkynna tafarlaust til skrifstofu F.Í.B., ef misbrestur er á greiðslum.

Ef greiðsla lífeyrissjóð til skipstjóra og stýrimanns nemur meira en kr. 25.000.00, sem er hámarksgreiðsla samkvæmt reglugerð sjóðsins, skal þeirri upphæð, sem er fram yfir kr. 25.000.00, bætt við tekjur skipstjóra eða stýrimanns og reiknast það þá skattskyldar tekjur.

Iðgjöld þau, er útgerðarmenn greiða í sjóðinn vegna skipstjóra og 1. stýrimanns, sbr. reglugerð lífeyris- og dánarbótasjóðs yfirmanna á skipum F.Í.B., staðfesta af Fjármálaráðuneytinu, dags. 10/11 1954, teljast ekki skattskyldar tekjur þeirra. Nú fellur skattfrelsi skipstjóra og stýrimanna vegna iðgjalda þessara úr gildi án samþykkis þeirra eða gildi þeirra rýrnar verulega af öðrum ástæðum, er stéttarfélagi þeirra þá heimilt að hætta þátttöku í nefndum tryggingarsjóði, og hækka þá frá sama tíma aflaverðlaun samkvæmt 2. grein þannig, að aflaverðlaun skipstjóra verða 3% og aflaverðlaun 1. stýrimanns 1.5%. Greiðslur til sjóðsins skulu inntar af hendi reglulega á þriggja mánaða fresti. Ef svo er ekki, skulu það talin vanskil, og er sjóðfélaga þá heimilt að hætta þátttöku í nefndum sjóði, og verða aflaverðlaun til skipstjóra þá 3.5% og til 1. stýrimanns 2%, reiknað á sama hátt og 2. grein kveður á um. Þó skal sjóð-

félaga skylt að tilkynna stjórn F.Í.B. og stjórn sjóðsins, að um vanskil sé að ræða, áður en hann hættir þátttöku í sjóðnum, og ber stjórn sjóðsins þá að leita eftir sáttum. Náist ekki samkomulag innan 14 daga, verða aflaverðlaun frá því að vanskil hófust, eins og áður er greint (sic). Þeim skipstjórum og 1. stýrimönnum, er eru 50 ára og eldri og ekki hafa áður fyrir þann aldur verið félagar í lífeyris- og dánarbótasjóðnum, er heimilt að ákveða, að greiðslur í sjóðinn skuli ekki inntar af hendi þeirra vegna, og ber þá skipstjóra 3% og stýrimanni 1.5% í aflaverðlaun í stað þess, er ákveðið er í 2. grein."

Alveg hliðstætt ákvæði er í 3. grein samningsins milli fyrrgreindra stéttarfélaga, dags. hinn 23. marz 1955, og gildandi frá 1. október 1954.

Iðgjöld þau, sem stefnandi telur vangreidd af stefnda til lífeyris- og dánarbótasjóðsins sín vegna, eru þessi samkvæmt reikningi sjóðsins á dskj. nr. 2:

Iðgjald vegna vistar stefnanda sem stýrimanns á b/v Agli rauða 1954 (eftirstöðvar)	kr.	1.000.00
Iðgjald vegna vistar stefnanda sem skipstjóra á b/v Gerpi 1957	—	18.510.12
Iðgjald vegna vistar stefnanda sem skipstjóra á b/v Gerpi 1958	—	20.862.50
Iðgjald vegna vistar stefnanda sem skipstjóra á b/v Gerpi 1959	—	18.793.77
	Kr.	59.166.39

Með bréfi, dags. hinn 15. marz 1960, segir stefnandi sig síðan úr sjóðnum með því að tilkynna stjórn F.Í.B. og stjórn sjóðsins þessa ákvörðun sína.

Ekki er vitað, hvort stjórn sjóðsins hefur leitað eftir sáttum, en víst er, að engar sættir hafa orðið, þar eð stefnandi hefur höfðað mál þetta og bundið kröfur sínar í málinu við samningana.

Þegar vanskil eru orðin á greiðslu iðgjalda til sjóðsins, sem er sannað í máli þessu, leggur samningurinn sjóðsaðilja þær skyldur á herðar að tilkynna sjóðsstjórninni og stjórn F.Í.B. um þá ákvörðun sína, að segja sig úr sjóðnum. Samningarnir leggja engar skyldur á herðar sjóðsaðilja varðandi umrædda sáttaumleitan sjóðsstjórnarinnar, og verður það því ekki talið geta skert rétt stefnanda, þótt stjórnin hafi ekki leitað sátta, eins og samningarnir segja til um.

Nr. I. Iðgjaldseftirstöðvar, að upphæð kr. 1.000.00, frá árinu 1954.

Stefndi hefur haldið því fram undir rekstri málsins, að krafa þessi væri fyrnd samkvæmt 2. tölul. 3. gr. fyrningarlaganna. Á þessa staðhæfingu stefnda verður ekki fallizt bæði af þeirri ástæðu, að þessar samningsbundnu iðgjaldagreiðslur verða ekki taldar falla undir 2. tölul. 3. gr. fyrningarlaganna og að eftir eðli málsins gat fyrningarfrestur ekki hafizt fyrr en stefnanda voru kunn vanskilin.

Úrsögn stefnanda úr lífeyrissjóðnum hinn 15. marz 1960 telst lögleg, og samkvæmt 3. gr. samningsins milli stéttarfélaga málsaðilja frá 23. marz 1955 verður álag það, sem reiknast á vanskilaupphæðina, er svo stendur á sem hér, 200%, þannig að þessi liður í kröfugerð stefnanda viðurkennist, kr. 3.000.00.

Kröfu stefnanda um 8% ársvexti af þessum lið frá 1. jan. 1955 til greiðsludags verður að hafna, þar eð reikningur lífeyris- og dánarbótasjóðsins á dskj. nr. 2 sýnir ekki, að stefnanda séu reiknaðir vextir til góða, og er því ekki um neitt vaxtatap hjá honum að ræða vegna vanskila stefnda. Hins vegar verða 8% ársvextir að viðurkennast frá þeim degi, er stefnandi hættir þátttöku í sjóðnum, þ. e. er 14 daga fresturinn er liðinn samkvæmt 3. gr. samningsins, eða hinn 29. marz s.l.

Stefnandi hefur gert kröfu um, að sjóveðréttur verði viðurkenndur fyrir kröfulið þessum í vátryggingarfé b/v Egils rauða, N K 104.

Um þetta er það að segja, að ekki verður talið, að lífeyris- og dánarbótasjóðurinn hafi átt sjóveðrétt fyrir kröfunni, á meðan hann átti hana, og því geti sjóveðréttur fyrir kröfunni ekki orðið til við það eitt, að stefnandi segir sig úr sjóðnum með þeim afleiðingum, sem að framan greinir. Verður því að hafna þessari kröfu stefnanda.

Nr. II. Krafa stefnanda, kr. 58.166.39, vegna vistar hans sem skipstjóra á b/v Gerpi, N K 106, árin 1957 til 1959:

Eins og áður greinir, eru þau ákvæði samninganna milli stéttarfélaga málsaðilja, sem hér koma við sögu í gildi árin 1957 til 1959.

Þar eð úrsögn stefnanda úr lífeyris- og dánarbótasjóðnum telst lögleg, sem fyrr greinir, verður þessi kröfuliður að viðurkennast með 150% álagi eftir 3. gr. samningsins frá 23. marz 1955 og 12. gr. sbr. 2. gr. samningsins frá 4. september 1958. Verður þessi liður að upphæð kr. 145.416.05.

Fyrir upphæð þessari hefur stefnandi krafizt sjóveðréttar í b/v Gerpi, N K 106, og 8% ársvaxta af kröfunni, eins og hún var við hver áramót, sem að framan greinir.

Þessum kröfum stefnanda verður að hafna, af sömu ástæðum og gert er undir I hér að framan, en hins vegar verður að viðurkenna stefnanda til handa 8% ársvexti frá þeim tíma, er hann er löglega genginn úr lífeyris- og dánarbótasjóðnum, eða frá 29. marz 1960. Um rökstuðning vísast í I hér að framan, eftir því sem við á.

Nr. III. Orlofsfjárkrafa stefnanda, 6% af kr. 148.416.05, eða kr. 8.904.95.

Krafa þessi er algjörlega órökstudd af hálfu stefnanda, og ber þegar að hafna henni, að því leyti sem tekur til álagsins samkvæmt samningnum, þar eð ekki verður talið, að álagið falli undir „laun" í lögum nr. 16/1943 um orlof. Ber þá að athuga, hvort stefnandi eigi rétt á 6% orlofi af vanskilaupphæðinni, kr. 59.166.39. Hinn 18. febr. 1957 er orlofsfé hækkað úr 4% í 6%, sbr. 3. gr. laga nr. 8/1957, og er þá sýnilegt, að stefnandi ætti ekki nema 4% af eftirstöðvakröfunni, kr. 1.000.00, frá 1954 og líklega einhverri upphæð vegna ársins 1957. En þetta er algerlega ósundurgreint og órökstutt af stefnanda hálfu, þar sem hann reiknar 6% orlofsfé af allri upphæðinni í kröfugerð sinni, og hefur síðan ekki getið um þennan kröfulið í rekstri málsins.

Auk þess ber að líta á það, að orlofsfé skal greiða með orlofsmerkjum með vinnulaunum, sbr. lög nr. 16/1943, og hefur ekkert komið fram um það í málinu, að stefnda hafi ekki þegar greitt stefnanda orlofsfé það, sem hér er stefnt um. Af ofangreindum ástæðum verður þessi krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, að upphæð kr. 14.800.00.

Mál þetta hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, greiði stefnanda, Magnúsi Hagalín Gíslasyni, kr. 148.416.05 ásamt 8% ársvöxtum frá 29. marz 1960 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 14.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maí 1962.

Nr. 46/1962. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs** (Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Olíufélaginu h/f (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Endurheimt ofgreidds útsvars.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1962 og krafizt sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Olíufélaginu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Olíufélagið h.f., Reykjavík, höfðað á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 25. nóvember 1961, til endurgreiðslu á ofgreiddu útsvari, að fjárhæð kr. 354.900.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfu sinni þannig, að hann krafðist 8% ársvaxta.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þessi:

Á árinu 1960 var lagt tekjuútsvar á stefnanda í Reykjavík, að upphæð kr. 2.018.025.00, en frá þeirri upphæð voru síðan dregin 7.7%.

Tekjuútsvarið var þannig álagt:

Nettó ágóði samkvæmt uppgjöri 31/12 '59 ...	kr.	7.469.790.26
+ Tekjuviðbót samkvæmt úrskurði skattstjóra —		40.000.00
	Kr.	7.509.790.26
÷ Álagt útsvar í Reykjavík 1959	kr.	2.408.000.00
	Kr.	5.101.790.26
Tekju-útsvar	kr.	1.523.025.00
Tekju-útsvar v/afskrifta m/t Hamrafells ..... —		495.000.00
Tekju-útsvar alls	kr.	2.018.025.00

Við þessa upphæð var síðan bætt veltuútsvari, að upphæð kr. 1.228.975.00, en heildarútsvarið, kr. 3.247.000.00, lækkað um kr. 250.000.00, eða 7.7%, þannig álagt útsvar varð kr. 2.997.000.00.

Stefnandi greiðir tekjuútsvar aðeins í Reykjavík.

Samkvæmt framanrituðu var útsvar stefnanda í Reykjavík álagt árið 1959 dregið frá nettó-tekjum, þegar tekjur til útsvars voru ákveðnar. Auk þess kveðst stefnandi hafa greitt útsvör, álögð á árinu 1959, í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík að fullu fyrir 1. maí 1960, samtals að fjárhæð kr. 1.281.520.00. Ef útsvör, álögð annars staðar en í Reykjavík og greidd voru að fullu fyrir 1. maí 1960, hefðu verið dregin frá nettó-tekjum

ársins 1959, áður en tekjur til útsvars voru ákveðnar, hefði álagt útsvar verið kr. 354.900.00 lægra en það varð, og er stefnufjárhæðin þannig fundin.

Stefnandi kærði útsvar sitt til niðurjöfnunarnefndar, yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, en úrskurðir þessara aðilja voru allir á þá leið, að útsvar stefnanda skyldi óbreytt standa. Stefnandi greiddi útsvarið að fullu fyrir 31. desember 1960, en gerði fyrirvara um endurheimtu.

Stefnandi styður endurheimtukröfu sína þeim rökum, að með c-lið 3. gr. laga nr. 43/1960 hafi verið lögákveðið, að útsvör síðastliðins árs skuli dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða sömu laga, B-lið, var nægilegt, að útsvörin hafi verið greidd að fullu fyrir 1. maí 1960, sem álögð voru árið 1959, til þess að draga bæri þau frá hreinum tekjum til útsvars fyrir árið 1960. Telur stefnandi, að eftir þessu lagaákvæði hafi borið skylda til að draga öll útsvör ársins 1959 og greidd voru fyrir 1. maí 1960 frá hreinum tekjum, áður en útsvar ársins 1960 var lagt á, og að einu skipti, hvort þau voru greidd til bæjarsjóðs Reykjavíkur eða annarra sveitasjóða. Bendir hann í því sambandi á, að talað sé um „útsvör". Hins vegar hafi útsvör sín, greidd öðrum sveitarsjóðum en Reykjavík fyrir 1. maí 1960, álögð árið 1959, samtals að upphæð kr. 1.281.520.00, ekki verið dregin frá tekjum ársins 1960, áður en útsvar þess árs var lagt á, og að útsvar sitt hafi því orðið kr. 354.900.00 hærra en það átti að vera, ef farið hefði verið að lögum. Í öðru lagi telur stefnandi, að skattþegnum væri mismunað, ef sérregla ætti að gilda um þá aðilja, sem greiða útsvör á fleiri stöðum en einum, og þeir fengju ekki nema hluta af útsvörum sínum dreginn frá við tekjuútsvarsálagningu, gagnstætt því, sem er um þá aðilja, er greiða aðeins útsvar í einu sveitarfélagi.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með ákvæði c-lið 3. gr. laga nr. 43 frá 1960 sé aðeins átt við greidd útsvör þar í sveit, sem frádrátturinn er gerður, sbr. orðalagið í B-bráðabirgða ákvæði laganna, þar sem talað er um „greidd sveitarsjóði". Telur hann, að annað væri óeðlilegt, eins og álagningu veltuútsvarsins er hagað, enda hvergi að því vikið, að greiðsla útsvara í einu sveitarfélagi eigi að hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar í öðru. Þá telur stefndi, að álagning útsvarsins á stefnanda geti ekki talizt ósanngjörn, og því beri ekki að

breyta henni.

Dómarinn telur, að með c-lið 3. gr. laga nr. 43 frá 1960 sé sett sú regla, að öll útsvör eins aðilja, greidd fyrir tilskilinn tíma að fullu, beri að draga frá tekjum, áður en tekjuútsvar er álagt. Bar stefnda því að draga útsvör stefnanda, álögð 1959 og greidd öðrum sveitarfélögum en Reykjavík að fullu fyrir 1. maí 1960, frá hreinum tekjum stefnanda, áður en tekju-útsvar hans árið 1960 var álagt.

Þá telur dómarinn, að með lögum nr. 43 frá 1960 hafi verið settar fastar reglur um álagningu útsvara, og að eftir þeim reglum beri að fara, en ekki komi til álita, hvort álagt útsvar megi teljast sanngjarnt eða ekki.

Samkvæmt þessu telur dómarinn, að taka beri kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að vextir reiknist 7% p. a., enda er ekki ágreiningur með aðiljum um fjárhæð þá, sem stefnt er vegna.

Einnig ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.900.00.

Grétar Haraldsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnanda, Olíufélaginu h.f., kr. 354.900.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og kr. 23.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maí 1962.

Nr. 113/1961. **Vilhjálmur Þórðarson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Halldóri Ólafssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Um þóknun fyrir viðgerð á ræsi í bíl.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. s. m. og gert þær dómkröfur: *Að* honum verði eigi dæmt að greiða stefnda hærri fjárhæð en kr. 300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1959 til greiðsludags, *að* hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og *að* stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með beiðni, dags. 9. febrúar 1962, fór áfrýjandi þess á leit við yfirborgardómarann í Reykjavík, að hann dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta, „hvað hefði átt að kosta að réttu lagi viðgerð á ræsi (startara) í bifreið" hans, „R 8101, sem var framkvæmd í rafvélaverkstæði" stefnda „laugardaginn 13. október 1956". Til þess að framkvæma hið umbeðna mat kvaddi borgardómari hinn 12. febrúar og hinn 5. marz 1962 þá Grétar Strange rafvélavirkja og Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara. Þeir kváðu upp mat sitt hinn 14. marz 1962, og er niðurstaða þeirra sú, „að heildarverð á umræddri viðgerð eigi að vera kr. 351.72, sé verkið unnið af sveini". Ber að leggja þessa niðurstöðu, sem eigi hefur með rökum verið vefengd, til grundvallar dómi í málinu og dæma áfrýjanda til að greiða

stefnda kr. 351.72 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags. Ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir þessari fjárhæð, en að öðru leyti er hún úr gildi felld.

Áfrýjandi lét eigi dómkvadda menn meta kostnað af viðgerð bifreiðarinnar þegar eftir höfðun máls þessa, og hvorki innti hann þá af hendi í greiðslugeymslu né bauð fram alla þá fjárhæð, er síðar reyndist næg samkvæmt mati. Þá er þessi atvik og aðrir málavextir eru athuguð, er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vilhjálmur Þórðarson, greiði stefnda, Halldóri Ólafssyni, kr. 351.72 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, og staðfestist hin áfrýjaða fjárnámsgerð fyrir þessari fjárhæð, en er að öðru leyti úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Halldór Ólafsson rafvirkjameistari, Rauðarárstíg 20 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. júní 1959, gegn Vilhjálmi Þórðarsyni, Mávahlíð 42 hér í borg.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hefur með höndum rafvélaviðgerðir á verkstæði sínu að Rauðarárstíg 20 hér í borg.

Laugardaginn 13. október 1956 kom á verkstæðið Ástráður Björnsson, starfsmaður stefnda, og óskaði þess, að fá gert við „startara" í bifreiðinni R 8101, er hann ók í leiguakstri fyrir stefnda. Axel Eiríksson rafvirki, einn af starfsmönnum stefnanda, tók að sér að framkvæma viðgerðina. Sjálfur kveðst stefnandi ekkert hafa vitað um viðgerðina, fyrr en hún hafði verið framkvæmd. Ekki var viðgerðarkostnaðurinn greiddur þegar bifreiðin var afhent. Stefnandi sendi stefnda síðar reikning

fyrir viðgerðina. Á reikningnum, sem er dagsettur 1. nóv. 1956, sundurliðar stefnandi viðgerðarkostnaðinn þannig:

1.	Næturvinna 7 klst. A.E.	kr. 469.77
2.	Vinna H. Þ. 1½ klst.	— 55.41
3.	4 stk. kol	— 40.00
4.	3 stk. fóðringar	— 24.00
5.	Vélar o. fl.	— 20.00
		Kr. 609.18

Stefnandi gerir þær dómkröfur, *aðallega* að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 609.18 með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1956 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. *Til vara* hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 553.77 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. Kröfur sínar styður stefndi þeim rökum, að stefnandi reikni sér óhæfilega margar vinnustundir til að ljúka umræddri viðgerð. Sá liður reikningsins, sem nær yfir vinnulaun, sé því bersýnilega ósanngjarn. Hefur stefndi því mótmælt 1. lið reikningsins sem allt of háum. Öðrum lið reikningsins hefur hann mótmælt sem röngum og sér óviðkomandi, þar sem ósannað sé, að þar til greindur „H. Þ." hafi unnið að viðgerðinni. Hins vegar hefur stefndi ekki mótmælt 3.—5. lið reikningsins sérstaklega.

Vitnið Axel Eiríksson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að bílstjórinn á R 8101 hafi komið fyrir hádegi umræddan dag á verkstæði stefnanda. Hafi bílstjórinn gengið á milli manna með þau tilmæli að fá gert við „startarann", en starfsmenn hafi færzt undan því. Um síðir kveðst vitnið þó hafa látið til leiðast að taka að sér viðgerðina. Minnir vitnið, að það hafi byrjað á verkinu kl. 12 á hádegi umræddan dag. Kveðst vitnið sjálft hafa tekið „startarann" úr bifreiðinni, gert við hann og sett hann aftur í bifreiðina og minnist þess ekki, að aðrir starfsmenn af verkstæði stefnanda hafi aðstoðað vitnið við verkið, hvorki einhver „H. Þ." né annar. Vitnið segir, að viðgerðin hafi verið fólgin í því að taka „startarann" úr bifreiðinni, hreinsa hann, renna hann upp, setja nýjar fóðringar á hann ásamt kolum, setja „startarann" því næst saman aftur og reynslukeyra hann og að lokum setja hann aftur á sinn stað í bifreiðina. Umrædd

bifreið hafi verið af gerðinni Mercedes Benz, árgerðinni 1955. Kveðst vitnið aldrei áður hafa tekið „startara" úr sams konar bifreið. Hafi það haft það í för með sér, að verkið tók vitnið mun lengri tíma, miðað við þær bifreiðir, sem hann þekkti glögg skil á að þessu leyti. Vegna þessa ókunnugleika á bifreiðinni kveðst vitnið hafa losað fleiri hluta bifreiðarinnar, þegar það tók „startarann" úr, en nauðsynlegt hefði verið, ef vitnið hefði gjörþekkt hin réttu handtök. Kveðst vitnið þannig hafa losað stýrisútbúnaðinn, sem það telur nú óþarft, þegar „startari" er tekinn úr. Þó nokkur tími hafi þannig farið í að losa og festa stýrisútbúnaðinn. Er umrædd viðgerð fór fram, hafi bifreiðir af umræddri gerð verið nýlega komnar til landsins, og lítil reynsla hafi því verið komin á viðgerðir á „störturum" á þeim. Sérstaklega aðspurt, hefur vitnið skýrt svo frá, að almennt ætti sá hluti viðgerðarinnar, sem vitnið vann inni á verkstæðinu, að taka um það bil tvær klukkustundir, svo framarlega sem réttar fóðringar og kol séu fyrir hendi, en vitnið minnir, að svo hafi verið í þessu tilfelli.

Vitnið Ástráður I. B. Hjartar hefur skýrt svo frá, að það hafi komið með bifreiðina á verkstæðið um kl. 12—13 umræddan dag. Kveðst vitnið hafa skilið bifreiðina eftir og farið burt, en komið aftur um kl. 14, og hafi viðgerð þá verið hafin. Minnir vitnið, að viðgerð hafi lokið um kl. 19—20 og kveðst vitnið hafa verið viðstatt allan tímann, frá því það kom aftur á verkstæðið. Kveðst vitnið ekki betur muna en viðgerðarmaðurinn Axel Eiríksson hafi unnið sleitulaust við viðgerðina, meðan vitnið var viðstatt. Viðgerðin hafi komið að gagni, svo að vitnið gat hafið leiguakstur aftur um kvöldið. Vitnið segir, að talsvert staut hafi verið við að koma startaranum í og þeim öðrum hlutum, sem losaðir höfðu verið. Ekki kveðst vitnið minnast þess, að aðrir af starfsmönnum stefnanda en Axel hafi unnið að viðgerðinni.

Stefndi hefur ekki látið meta viðgerðarkostnaðinn. Á reikningi þeim, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, stendur, að stefnandi reki „bílaraftækjaverzlun" og „viðgerðir á rafkerfi bíla". Verður að ganga út frá því, að stefnandi hafi almennt auglýst verksvið rafvélaverkstæðis síns þannig. Bifreiðarstjóri stefnda, sem bað um viðgerðina, mátti því treysta því, að starfsmaður stefnanda, sem tók að sér verkið, hefði fulla þjálfun í að leysa verkefnið af hendi. Ósannað er í málinu, að viðgerðarmaðurinn eða aðrir af starfsmönnum stefnanda hafi tekið það

sérstaklega fram, að viðgerðin kynni að verða tímafrek sakir ókunnugleika viðgerðarmannsins á umræddri bifreið, eins og raun varð á. Eins og atvikum öllum er háttað, þykir því rétt að reikna stefnanda 6 vinnustundir til að ljúka verkinu. Verður 1. liður kröfu stefnanda því tekinn til greina með kr. 402.66. Stefnandi hefur ekki gert næga grein fyrir 2. kröfuliðnum. Verður hann því ekki tekinn til greina. Aðrir kröfuliðir hafa ekki sætt sérstökum andmælum og verða því teknir til greina. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 402.66 + 40.00 + 24.00 + 20.00, með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 950.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara og Óskari Hallgrímssyni rafvirkja.

Dómsorð:

Stefndi, Vilhjálmur Þórðarson, greiði stefnanda, Halldóri Ólafssyni, kr. 486.66 með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1956 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 3. marz 1961.

Ár 1961, föstudaginn 3. marz, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 42 við Mávahlíð og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Hallvarði Einvarðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið A-268/1961
Halldór Ólafsson
gegn
Vilhjálmi Þórðarsyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, endurrit dóms bæjarþings Reykjavíkur í málinu 1107/1959, uppkv. 28. des. 1960 og birtan af stefnuvottum. Skjölin eru svohljóðandi:

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur dr. Hafþór Guðmundsson hdl., og krefst hann fjárnáms til tryggingar greiðslu dómsskuldarinnar, kr. 486.66 með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1956 til greiðsludags, kr. 950.00 í málskostnað, auk alls kostnaðar af gerð þessari og eftirfarandi uppboði, ef til kemur, allt á sína ábyrgð.

Gerðarþoli, sem hér býr, er ekki til staðar, en mætt er Helga

Finnbogadóttir, kona hans. Kveðst hún ekki greiða skuldina. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir því, að hann gerði fjárnám í eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 42 við Mávahlíð og skýrði þýðingu þess fyrir mættri, Helgu Finnbogadóttur. Bryndi fógeti fyrir mættri að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Fallið var frá virðingu.

Miðvikudaginn 9. maí 1962.

Nr. 172/1961. **Gísli Ólafsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðmundi Þórarinssyni (Gísli Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Magnús Torfason og Einar Arnalds yfirborgardómari.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Guttormur Erlendsson hæstaréttarlögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm samkvæmt sérstakri umboðsskrá, dagsettri 21. ágúst 1961, ásamt meðdómsmönnunum Kristni P. Briem kaupmanni og Ingólfi Nikódemussyni húsasmíðameistara.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dagsettri 21. nóvember 1961, og gert þær dómkröfur: *Aðallega* að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefnda verði dæmt skylt að færa girðingu milli húsanna nr. 11 og 11 B við Suðurgötu á Sauðárkróki um 1,20 metra til vesturs, en til vara, að honum verði dæmt skylt að fjarlægja nefnda girðingu.

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði

staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hafa nokkur ný skjöl verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal veðbókarvottorð fyrir húseignina nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki, dags. 26. apríl s.l., er sýnir, að eignin er að hálfu leyti eign stefnda, en að hálfu leyti þinglesin eign Ingibergs Helgasonar samkvæmt afsali, dags. 13. júlí 1958.

Í héraði var Ingibergi gert viðvart um fyrirtekt málsins og honum skipaður réttargæzlumaður, þar sem hann gat eigi sjálfur sótt þing, en hann er, eftir því sem upplýst er í málinu, heimilisfastur í Merkjagerði í Lýtingsstaðahreppi. Ekki verður þó séð, að tekið hafi verið til varnar af hans hálfu, og dómurinn leiðbeindi ekki áfrýjanda, sem hafði ólöglærðan umboðsmann, um að beina kröfum sínum að sameigendum báðum, ef hann vildi fá endanleg úrslit á málsefninu, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936, enda er Ingibergs ekki getið í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 41/1919 ber að leggja fram nákvæman og staðfestan uppdrátt af þrætustað, til þess að sjá megi glögglega, um hvað er deilt. Uppdráttur sá, sem lagður hefur verið fram í málinu, er eigi fullnægjandi til að gera sér nákvæma hugmynd um lóðina og legu hinnar umdeildu girðingar á henni né heldur til að merkja inn á hann niðurstöðu efnisdóms í málinu.

Vegna þessarar vanreifunar þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Áfrýjandi, Gísli Ólafsson, greiði stefnda, Guðmundi Þórarinssyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur fasteignamáladóms Sauðárkróks 31. ágúst 1961.

Með erindi, sem dagsett er 19. maí 1960, gerir sækjandi máls þesssa kröfu um það, að girðing sú, er skilur milli lóðanna nr. 11 og 11 B við Suðurgötu á Sauðárkróki, verði staðsett ca einum metra vestar og þá rösklega það en hún er nú. Endanleg kröfugerð sóknaraðiljans var sú, að girðingin milli húsanna nr. 11 og 11 B við Suðurgötu yrði flutt 1.20 metra til vesturs. Þá krafðist sóknaraðili og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja, eiganda hússins nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki, er krafizt sýknu af kröfum sóknaraðilja og einnig málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt mati dómsins.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að umdeild girðing eigi að vera í beinu framhaldi af girðingu milli lóðanna nr. 13 og 13 B við Suðurgötu á Sauðárkróki, enda hefði lóðin nr. 11 B við þá götu upphaflega verið þannig mæld.

Varnaraðili heldur því hins vegar fram, að umdeild girðing hafi vegna þrengsla við húsið nr. 11 B verið sett niður nokkru vestar en upphafleg útmæling gæfi tilefni til og séu því ekki rök til krafna sóknaraðilja.

Samkvæmt gögnum málsins virðast málavextir vera þannig:

Samkvæmt útmælingu, er fram fór 4. febrúar 1927 og framkvæmd var af Sigurði Sigurðssyni, þáverandi sýslumanni í Skagafjarðarsýslu, og tilkvöddum útmælingamönnum, Sigurgeiri hreppstjóra Daníelssyni og Steindóri Jónssyni trésmíðameistara, var Halldóri Vídalín Magnússyni verzlunarmanni á Sauðárkróki mæld byggingarlóð á spildunni milli Hesthússtígs og Sauðár. Voru lóðamörk ákveðin þannig: Norðurmörk lóðarinnar voru talin suðurmarkalína svonefndrar Jónasarlóðar við Hesthússtíg, en vesturmörkin skyldu takmarkast af línu í 5 álna fjarlægð frá austurbrún Hesthússtígs austan stígins og samsíða henni.

Lengd lóðarinnar frá norðurmörkum til suðurs var ákveðin 19 metrar, en breidd hennar frá nefndum vesturmörkum til austurs var ákveðin 20 metrar. Lóðin var þannig ákveðin réttthyrndur ferhyrningur, 380 fermetrar að stærð.

Lóð sú, sem nú var lýst, er sú sama og nú er nefnd nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki.

Samkvæmt útmælingu, er fram fór 27. apríl 1929 og framkvæmd af sömu mönnum og áður getur, var sækjanda máls þessa, Gísla Ólafssyni, mæld út byggingarlóð austan húslóðar Halldórs Vídalíns Magnússonar, en vestan Sauðár. Mörk henn-

ar voru ákveðin þannig, að að norðan skyldi hún takmarkast af suðurmörkum áðurnefndrar Jónasarlóðar, en að vestan af austurmarklínu lóðar Halldórs Vídalíns Magnússonar. Lengd lóðarinnar frá norðri til suðurs var ákveðin 19 metrar, en breidd frá austri til vesturs 13 metrar. Varð lóðin þannig rétthyrndur ferhyrningur, 247 fermetrar að stærð.

Ekki er vitað með vissu, hvenær girðing sú, sem um er þrátt að í málinu, var reist. Fyrir liggur þó uppdráttur, sem talinn er gerður af Jóni J. Víðis 1932 og 1934, ásamt viðbótarmælingu 1936. Á þeim uppdrætti er dregin upp girðing sú, sem um er deilt. Árið 1932 mun hún þó ekki hafa verið reist, og virðist hún því hafa verið sett upp milli þess árs og ársins 1936.

Hinn 8. júlí 1960 gekk fasteignamáladómur Sauðárkróks á vettvang, og voru þá gerðar eftirfarandi mælingar: Lagður var til grundvallar áðurnefndur uppdráttur Jóns J. Víðis, en hann sýnir austurtakmörk Hesthússtígs (á uppdr. Suðurgata) í 5.5 metra fjarlægð frá vesturmörkum hússins nr. 11 við Suðurgötu. Samkvæmt því voru 2.35 metrar af lóð þess húss taldir vestan þess (miðað við frá vestri til austurs). Er mældir voru 17.65 metrar frá norðvesturhorni hússins til austurs, reyndist umdeild girðing vera 0.65 metrum of vestarlega.

Gengið var á vettvang 30. ágúst 1961 og gerðar eftirfarandi mælingar: Frá gömlu staurbroti, sem stendur nyrzt og austast á lóð nr. 13 við Suðurgötu, til austurs að núverandi girðingu (framhlið) um lóðina 11 B reyndust 14.89 metrar. Frá girðingu milli 11 og 11 B að gömlum staur voru 1.20 metrar. Mælt var frá núverandi girðingu milli 11 og 11 B að norðan til götu 21.20 metrar. Reyndust það vera frá girðingu hússins nr. 9 við Suðurg. 4.12 metrar út í götustæði. Síðan voru mældar 5 álnir til vesturs, og reyndust þá 5.90 metrar að tröppum hússins nr. 16 við Suðurgötu. Milli hliða húsanna nr. 11 og 16 við Suðurgötu reyndust 14.35 metrar.

Í gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks 2. júní 1936 er bókað um fyrirtöku bréfs frá sóknaraðilja, þar sem hann krefst þess, að lóð sín sé mæld upp vegna ágreinings um lóðarmörk. Þá telur sóknaraðili sig hafa kvartað við hreppsnefndina á Sauðárkróki 1942 um staðsetningu girðingarinnar, en þeirri kvörtun ekki verið sinnt. Loks er í gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks frá 18. sept. 1953 bókuð ósk frá sóknaraðilja um uppmælingu lóðar hans. Ekki hófst sóknaraðili þó handa um málshöfðun fyrr en 19. maí 1960, eins og fyrr greinir.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, virðist ljóst, að umþrættuð girðing hafi staðið þar, sem hún nú er, yfir 20 ár, þegar mál þetta var höfðað. Þá þykir dóminum einnig sýnt, að flutningur girðingarinnar til vesturs mundi hafa í för með sér þá rýrnun á lóð varnaraðilja, að stærð hennar yrði ekki í samræmi við upphaflega útmælingu. Af þessum ástæðum getur dómurinn ekki fallizt á kröfur sóknaraðilja í máli þessu. Verður því að sýkna varnaraðilja af kröfum hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að gera sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 3.000.00 upp í málskostnað.

Dómsorð:

Eigandi hússins nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki, Guðmundur Þórarinsson, skal sýkn af kröfum eiganda hússins nr. 11B við Suðurgötu á Sauðárkróki, Gísla Ólafssonar. Gísli Ólafsson greiði Guðmundi Þórarinssyni kr. 3.000.00 upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 9. maí 1962.

Nr. 90/1961. **Unnur A. Jónsdóttir**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Górka
(Magnús Thorlacius hrl.)
og
Finnboga Kjartanssyni (enginn)
og
Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Unni A. Jónsdóttur (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1961 og gert þær dómkröfur, að stefndi, Finnbogi Kjartansson, þrotabú hans og bú hans og aðaláfrýjanda verði sýknuð af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1961 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Finnbogi Kjartansson, hefur eigi sótt dómþing í Hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 20. nóvember 1961 var bú stefnda Finnboga tekið til gjaldþrotaskipta. Eru því úr gildi fallnar kyrrsetningargerðir þær, sem í málinu greinir, sbr. 34. gr. laga nr. 3/1878 og 19. gr. laga nr. 18/1949.

Í héraðsstefnu er dómkröfu gagnáfrýjanda á hendur stefnda Finnboga, að fjárhæð $ 44.000.00 lýst þannig: „Skuld þessi er lán, sem Ryszard Górka veitti Finnboga Kjartanssyni á árunum 1950—1956.“ Í aðiljaskýrslu fyrir héraðsdómi í Varsjá 14. apríl 1960 kvaðst Ryszard Górka hafa lánað stefnda Finnboga margar fjárhæðir í nokkur ár, með því að stefndi Finnbogi „átti engan pólskan gjaldeyri né heldur fé, sem hann gat skipt fyrir pólskan gjaldeyri“. Með skuldabréfi 7. marz 1956 tjáðist stefndi Finnbogi hafa veitt viðtöku $ 44.000.00 úr hendi Ryszard Górka. Í aðiljaskýrslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. apríl 1960 lýsti stefndi Finnbogi því, að lán Ryszard Górka til hans hafi verið innt af hendi „í pólskum gjaldeyri og einnig í aðstoð og munum“. Eigi kveðst stefndi Finnbogi muna, hve mikið var greitt í peningum, en munir þeir, sem hann hafi fengið frá Ryszard Górka, „séu m. a. ýmsir dýrir skrautmunir, sem lokaðir séu inni í búi hans“, og auk þess tjáði hann vera „meðal munanna almenna húsmuni, sem á sama hátt séu innilokaðir“.

Fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda hér fyrir dómi hefur nú lagt fram staðfest endurrit af skýrslu Ryszard Górka fyrir sakadómi Varsjárborgar 10. október 1961 vegna kæru aðaláfrýjanda á hendur honum fyrir brot á gjaldeyrislögum Póllands. Endurritinu fylgdi þýðing löggilts skjalaþýðanda á ensku. Fyrir dóminum bar Ryszard Górka, að hann hafi aldrei veitt stefnda Finnboga peningalán. Hann segist hins vegar hafa verið gestgjafi stefnda Finnboga og félaga hans, bæði á heimili sínu, kaffihúsum og veitingahúsum, greitt reikninga fyrir þá og eytt í þessa risnu um 35.000.00 dollurum, en gögn málsins benda til, að hann hafi eigi haft fjárráð til slíkra útgjalda. Ryszard Górka kveðst í fyrstu hafa krafið stefnda Finnboga um endurgreiðslu þessa fjár, en geri nú enga slíka kröfu á hendur honum, enda hafi hann afsalað sér kröfunni með því skilyrði, að stefndi Finnbogi léti féð renna til sonar síns. Ber Ryszard Górka það, að hann hafi tjáð stefnda Finnboga í bréfi, að hann gerði engar kröfur um peninga á hendur honum.

Með bréfi til yfirsakadómara 10. desember 1961 krafðist fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda þess, að stefndi Finnbogi yrði fyrir sakadómi spurður um samband sitt við Ryszard Górka og þar á meðal um þau atriði, er komu fram í framburði þessa manns fyrir sakadómi Varsjárborgar. Með bréfi 10. janúar 1962 lagði saksóknari fyrir yfirsakadómara að framkvæma rannsókn þessa, en hún hefur enn eigi farið fram.

Fyrirsvarsmaður Ryszard Górka hefur vefengt, að treysta megi endurriti af framburði umbjóðanda síns fyrir sakadómi Varsjárborgar. Þá telur hann, að framburðurinn megi eigi koma til álita í málinu. Eigi eru efni til að sinna mótmælum þessum.

Tilbúningur máls þessa hófst um þær mundir, er yfir vofði hjónaskilnaður stefnda Finnboga og aðaláfrýjanda. Ryszard Górka hefur gefið ósamrýmanlegar skýrslur um viðskipti þeirra stefnda Finnboga og málsefnið fyrir héraðsdómi og sakadómi Varsjárborgar. Skýrsla stefnda Finnboga er eigi í samræmi við skýrslur Ryszard Górka. Þeir hafa nú gert málstað sinn þannig úr garði, að málið í þeirri mynd, sem það er í nú, á eigi heima fyrir dómstólum. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjanda var nauðsyn að ganga inn í mál þetta til að verja réttindi sín. Samkvæmt reikningi nemur útlagður kostnaður hennar af málinu kr. 53.533.11. Með tilvísun til þessa og annarra málavaxta þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka, greiði aðaláfrýjanda, Unni A. Jónsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. júlí 1957, fyrir hönd Ryszard Górka, Varsjá, Póllandi, gegn Finnboga Kjartanssyni, Háteigsvegi 54 hér í bæ, til greiðslu á skuld, að fjárhæð $ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af $ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af $ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af $ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af $ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af $ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af $ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956 og af $ 44.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, auk 17% af höfuðstóli og vöxtum í yfirfærslugjald, til greiðslu málskostnaðar, þ. á m. löghaldskostnaðar, að skaðlausu. Þá hefur stefnandi einnig krafizt staðfestingar á löghaldi, er hinn 13. júlí 1957 var gert í eignarhluta stefnda í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg til tryggingar hinni umstefndu skuld.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 30. júlí 1957, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Gerði hann þær dómkröfur í framhaldssök, að staðfest verði löghald það, er hann hinn 29. júlí 1957 lét gera í eftirtöldum munum, eign stefnda:

1.	3 skjalaskápar (4 skúffur)	samt. kr.	6.000.00
2.	1 skjalaskápur (2 skúffur)	—	1.000.00
3.	1 skrifborð	—	200.00
4.	Peningaskápur (Whitfields)	—	5.000.00
5.	Ritvélaborð	—	50.00
6.	Ritvél (Imperial)	—	800.00
7.	Reikningsvél (Dixi)	—	1.000.00
8.	Reikningsvél (Orig. Ordner)	—	500.00
9.	2 hillur	—	100.00
10.	Bókaskápur	—	100.00
11.	Skrifborð	—	100.00
12.	Stálskápur	—	500.00

Þá krafðist stefnandi einnig málskostnaðar í framhaldssökinni úr hendi stefnda að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á dómkröfum stefnanda, að auk vaxta til 31. desember 1956, eins og krafizt er í stefnu, var nú krafizt 6% ársvaxta af $ 44.000.00 frá 31. desember 1956 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta frá þeim degi

til greiðsludags. Þá var og við munnlegan flutning málsins fallið frá kröfu stefnanda um yfirfærslugjald.

Í greinargerð af hálfu stefnda er því lýst yfir, að stefndi viðurkenni stefnukröfuna, en stefndi telur, að málskostnaður eigi að falla niður. Við munnlegan flutning málsins var því enn lýst yfir, að stefndi samþykkti kröfur stefnanda, eins og þeim hafði þá verið breytt, þar á meðal hina breyttu vaxtakröfu stefnanda.

Í stefnu og greinargerð stefnanda er málavöxtum lýst þannig, að á árunum 1950—1956 hafi stefnandi, Ryszard Górka, lánað stefnda samtals 176.100.00 zloty, en lánin hafi stefndi lofað að greiða með 44.000 Bandaríkjadollurum.

Hinn 13. júlí 1957 hafði stefnandi látið leggja löghald á eignarhluta stefnda í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í bænum til tryggingar skuldinni. Þar sem stefnandi taldi, að löghald þetta í húseigninni væri ekki nægilegt til tryggingar kröfunni, lét hann hinn 29. júlí 1957 leggja löghald á muni þá, sem taldir eru upp hér að framan.

Með stefnu, útgefinni hinn 20. september 1957, höfðaði frú Unnur Jónsdóttir, Háteigsvegi 54 hér í bænum, meðalgöngusök samkvæmt heimild í 50. gr. laga nr. 85/1936.

Í meðalgöngustefnu eru þær dómkröfur gerðar, að meðalgöngustefnanda verði heimiluð meðalgangan og meðalgöngusökin sameinuð aðalmálinu, og jafnframt að meðalgöngustefnandi *ásamt* aðalstefnda verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og að honum verði gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað eftir mati dómarans. Jafnframt krafðist meðalgöngustefnandi þess, að hið álagða löghald verði fellt niður.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu meðalgöngustefnanda aðallega, að aðalstefndi og félagsbú hans og meðalgöngustefnanda verði sýknuð af kröfum aðalstefnanda, kyrrsetningargerðirnar felldar niður og aðalstefnandi og aðalstefndi dæmdir in solidum til að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað eftir mati dómarans, en til vara, að félagsbú hjónanna, þ. e. aðalstefnda og meðalgöngustefnanda, verði sýknað og kyrrsetningarnar felldar niður, að því er varðar hluta meðalgöngustefnanda í félagsbúi hjónanna, en málskostnaður dæmdur, eins og í aðalkröfu greinir.

Í greinargerð af hálfu aðalstefnanda í meðalgöngusök eru þær dómkröfur gerðar, aðallega að meðalgöngusökinni verði vísað frá dómi, en til vara, að dómkröfum meðalgöngustefnanda,

að því er varðar meðalgöngustefnda Finnboga Kjartansson, verði vísað frá dómi og að dómkröfum meðalgöngustefnda, að því er hana sjálfa varðar, verði hrundið. Þá krefst aðalstefnandi einnig málskostnaðar að skaðlausu í meðalgöngusökinni úr hendi meðalgöngustefnanda.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 19. maí 1958, sem síðan var staðfestur með dómi Hæstaréttar 23. júní s. á., var frávísunarkröfu þessari hrundið.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu aðalstefnanda í meðalgöngusök, að dómkröfum meðalgöngustefnanda, að því leyti sem þær eru gerðar fyrir hönd Finnboga Kjartanssonar, verði vísað frá dómi, en að því er varðar meðalgöngustefnanda, að kröfum hennar verði hrundið. Þá var af hálfu aðalstefnanda krafizt málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda.

Í greinargerð aðalstefnda er meðalgöngunni mótmælt sem löglausri og þýðingarlausri svo og allri málsútlistun og kröfum meðalgöngustefnanda. Aðalstefndi krefst málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda.

Þessi síðari frávísunarkrafa aðalstefnanda er raunverulega sama efnis og frávísunarkrafa sú, sem áður hefur verið hrundið í málinu. Þykja því ekki efni til að taka sérstaka afstöðu til frávísunarkröfu þessarar nú.

Af hálfu meðalgöngustefnanda er málavöxtum lýst á þann veg, að hún og aðalstefnandi hafi verið gift, en séu nú skilin að borði og sæng og sé bú þeirra undir opinberum skiptum. Skipti það hana því verulegu máli að lögum, hver úrslit máls þessa verði, því ef farið væri eftir yfirlýsingu aðalstefnda, myndi öll dómkrafan falla á búið. Sé augljóst, að hlutur hennar í félagsbúinu yrði mjög skertur, ef stefnukrafan félli öll á búið. Af hálfu meðalgöngustefnanda er kröfum aðalstefnanda mótmælt og réttmæti þeirra vefengt, þar sem engar kvittanir eða skuldaviðurkenningar hafi verið lagðar fram til sönnunar kröfunni. Er því mótmælt, að aðalstefndi hafi haft heimild til að skuldbinda bú þeirra hjónanna. Er því haldið fram, að meðalgöngustefnandi hafi aldrei haft hugmynd um skuld þessa, enda hafi hún ekki komið fram á skattframtölum aðalstefnda árin 1954—1957. Þá er því haldið fram af hálfu meðalgöngustefnanda, að verulegur hluti stefnukröfunnar sé fyrndur og því niður fallinn. Einnig er því haldið fram, að kröfunni hafi ekki verið lýst við skipti á búi þeirra hjónanna og sé hún því einnig af þeim

sökum niður fallin. Þá er því að lokum mótmælt, að stefnukrafan, jafnvel þótt hún verði tekin til greina, verði reiknuð í bandarískri mynt, en haldið fram, að hana beri að reikna í pólskri mynt.

Aðalstefnandi hefur gefið skýrslu fyrir héraðsdómi í Varsjá í Póllandi. Kveðst hann hafa þekkt aðalstefnanda, frá því er aðalstefndi stundaði nám í Varsjá fyrir síðustu heimsstyrjöld. Frá árinu 1949 hafi aðalstefndi komið til Póllands í viðskiptaerindum sem kolainnflytjandi til Íslands. Þar sem aðalstefndi hafi ekki haft neinn pólskan gjaldeyri, á meðan hann dvaldist í Póllandi, og enga peninga, sem hann gat skipt fyrir pólskan gjaldeyri, kveðst aðalstefnandi hafa látið hann hafa ýmsar fjárhæðir sem greiða í vináttuskyni. Aðalstefnandi kveður aðalstefnda ætíð hafa sagt, að öll þessi lán myndu verða greidd, þegar búið væri að ganga frá viðskiptum hans í Póllandi og lokið væri við að byggja hús hans í Reykjavík. Aðalstefnandi kveðst hafa veitt aðalstefnda mörg lán um nokkurra ára skeið, en kveðst ekki muna nákvæmlega samanlagða fjárhæð kröfu sinnar, en kveðst hafa sent lögmanni sínum hér nákvæma sundurliðun hennar. Síðasta lánið kveðst aðalstefnandi hafa veitt aðalstefnda 1958 eða jafnvel 1959, þegar hann ábyrgðist gagnvart Bristol gistihúsinu í Varsjá, að aðalstefndi mundi síðar greiða reikning fyrir dvöl sína þar, þar sem aðalstefndi hafi ekki fengið greidd umboðslaun, sem hann hafi átt inni í Póllandi, og hann allsendis peningalaus. Aðalstefnandi kveður aðalstefnda síðar hafa greitt þennan reikning. Hann kveður frú Zofiu Sawilska, sameiginlegan kunningja sinn og aðalstefnda, hafa vitað nákvæmlega um lánin, sem hann veitti aðalstefnda. Stefnandi kveðst stundum ekki hafa haft nóg reiðufé til að lána aðalstefnda og hafi hann því fengið fjárhæðir að láni hjá vinum sínum, t. d. frú Lucyna Pasierbinska og Alensander Staniszewski. Varðandi atvinnu sína og tekjur hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að hann sé starfandi bifvélavirki og hafi rekið málmhandiðnaðarverkstæði. Veltu verkstæðisins kveður hann hafa verið um 400.000 zlotys á árunum 1946—1955, en árstekjur 50.000—60.000 zlotys. Aðalstefnandi kveðst hafa átt í erfiðleikum vegna breytinga á atvinnurekstri sínum og hafi hann því krafið aðalstefnda um endurgreiðslu á lánum þeim, sem hann hafði áður veitt honum. Kveður hann það hafa verið á árinu 1957, sem hann fyrst skrifaði aðalstefnda og bað hann að senda ákveðna fjárhæð í enskum gjaldeyri eða dollurum sem greiðslu á hluta lánanna. Aðal-

stefnandi kveðst ekkert svar hafa fengið frá aðalstefnda. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa beðið aðalstefnda um að endurgreiða lánin fyrr, þar sem sér hafi ekki legið mjög á peningum. Aðalstefndi hafi auk þess tjáð sér, að erfitt yrði fyrir hann að endurgreiða lánin, með því að hann þyrfti mjög á peningum að halda til að ljúka við hús sitt hér í bænum.

Aðalstefndi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu. Hefur hann skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi veitt lánið í pólskum gjaldeyri, með afhendingu muna svo og með veittri aðstoð. Ekki man aðalstefndi, hversu mikið af láninu var veitt með peningagreiðslu og ekki heldur, hversu hárri fjárhæð verðmæti munanna nam. Meðal muna þeirra, sem hann fékk frá aðalstefnanda á þennan hátt, kveður aðalstefndi hafa verið ýmsa dýra skrautmuni svo og almenna húsmuni, en alla muni þessa kveður hann hafa farið til heimilisins. Hina veittu aðstoð kveður aðalstefndi hafa verið almenna aðstoð erlendis.

Í máli þessu hefur aðalstefnandi eingöngu beint kröfum sínum að aðalstefnda, en af hans hálfu eru hinar endanlegu dómkröfur viðurkenndar. Er ekki annað framkomið en aðalstefndi hafi á eigin spýtur stofnað til skulda þeirra, sem krafið er um greiðslu á í málinu. Geta málsástæður þær, sem hafðar eru uppi af hálfu meðalgöngustefnanda, því ekki leitt til þess, að aðalstefndi verði sýknaður af fjárkröfum aðalstefnanda. Verða því fjárkröfur aðalstefnanda á hendur aðalstefnda teknar til greina að öllu leyti. Þá þykir og bera að taka til greina kröfur aðalstefnanda um staðfestingu á framangreindum löghaldsgerðum, enda er fram komið, að aðalstefnandi er eigandi að eignum þeim, sem löghald var lagt á.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykja ekki efni til að taka að neinu leyti til greina kröfur meðalgöngustefnanda í máli þessu.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda $ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af $ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af $ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af $ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af $ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af $ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af $ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956 og af $ 44.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað,

sem ákveðst kr. 48.000.00, þar með talinn löghaldskostnaður.

Þá ber að staðfesta framangreindar löghaldsgerðir.

Í meðalgöngusök verða kröfur meðalgöngustefnanda ekki teknar til greina, en rétt þykir, að málskostnaður í meðalgöngusök falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindar löghaldsgerðir eru staðfestar.

Aðalstefndi, Finnbogi Kjartansson, greiði aðalstefnanda, Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Górka, $ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af $ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af $ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af $ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af $ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af $ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af $ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956, af $ 44.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, með 10% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 29. desember s. á. og með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 48.000.00 í málskostnað.

Kröfur meðalgöngustefnanda, Unnar Jónsdóttur, í máli þessu eru ekki teknar til greina. Málskostnaður í meðalgöngusök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 59/1961. **Olga Halldórsdóttir,**
Hafsteinn Halldórsson og
Egill Skúli Ingibergsson
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Ágúst Sigurðssyni (Magnús Thorlacius hrl.)
og til réttargæzlu þeim Kristínu Gissurardóttur (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.),
Höskuldi Jóhannessyni og
Guðbjörgu Þórðardóttur
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefjast þau aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau þess, að stefnda verði ákveðnar bætur að mati Hæstaréttar og málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Réttargæzlustefndu krefjast málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í samræmi við úrskurð Hæstaréttar 12. marz þ. á. hefur nokkurra nýrra málsgagna verið aflað, þ. á m. matsgerðar dómkvaddra manna um hæfilegt söluverð íbúðar þeirrar, sem um er að tefla, hinn 10. júní 1958, miðað við það ástand íbúðarinnar, er greinir í úrskurðinum. Telja matsmenn það verð hæfilega ákveðið kr. 205.000.00.

Eins og háttað var göllum þeim á einangrun íbúðarinn-

ar, sem lýst er í héraðsdómi, er rétt, að áfrýjendur bæti stefnda þá þeirri fjárhæð, er greinir í hinum áfrýjaða dómi. Vanbúnaður sá, sem sérfróðir skoðunar- og matsmenn telja vera á skolplögn og hitakerfi íbúðarinnar, verður hins vegar ekki talinn þess eðlis né svo verulegur, að áfrýjendur séu af þeim sökum bótaskyldir.

Áfrýjendum verður því dæmt að greiða stefnda kr. 35.-720.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber áfrýjendum og að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00.

Eigi eru efni til að sinna kröfum réttargæzlustefndu um málskostnað.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Halldórsson og Egill Skúli Ingibergsson, greiði in solidum stefnda, Ágúst Sigurðssyni, kr. 35.720.00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

1. Með matsgerðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, er í ljós leitt, að klæðningu og einangrun rishæðar í húsinu nr. 48 við Drápuhlíð var mikilla bóta vant. Missmíð þessi leyndist við fyrstu sýn, en var samt eigi svo hulin, að hún hafi getað leynzt áfrýjendum allan þann tíma, er þeir áttu rishæðina. Þeim bar því við söluna að benda stefnda Ágúst Sigurðssyni á, að nokkur vansmíð væri fyrir hendi. Að þessu athuguðu og þar sem áfrýjendur seldu stefnda rishæðina

fyrir fullt verð gallalausrar íbúðar, þykir rétt að dæma þá til að greiða honum skaðabætur vegna nefndrar missmíðar samkvæmt yfirmatinu.

2. Öðru máli gegnir um vansmíð á skolpleiðslum og hitakerfi hússins. Hinir sérfróðu matsmenn, sem missmið þessa mátu, telja, að ósérfróðum mönnum hafi verið illfært eða jafnvel ófært að gera sér grein fyrir henni. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjendur höfðu eigi byggt rishæðina, þykir rétt að sýkna þá af kröfu stefnda Ágústs um greiðslu skaðabóta vegna vansmíðar á skolpleiðslum og hitakerfinu.

Með framangreindum athugasemdum þykir mega fallast á dóm Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. nóvember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Ágúst Sigurðsson, Drápuhlíð 48 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. júní 1959, gegn þeim Olgu Halldórsdóttur og Hafsteini Halldórssyni, báðum til heimilis að Haðarstíg 14 hér í bænum, svo og Agli Skúla Ingibergssyni, til heimilis við Mjólkárvirkjunina við Patreksfjörð, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til greiðsludags auk málskostnaðar, þar með talinn matskostnaður.

Við munnlegan flutning málsins var dómkröfum stefnanda breytt og þess krafizt, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 41.320.00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, þar á meðal matskostnað, að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Með stefnum, útgefnum hinn 29. febrúar 1960, hafa stefndu stefnt þeim Höskuldi Jóhannessyni og Kristínu Þórðardóttur, báðum til heimilis að Fífuhvammsvegi 13, Kópavogi, og Kristínu Gissurardóttur, Bólstaðarhlíð 16 hér í bænum, til að gæta réttar síns í málinu.

Réttargæzlustefndu hafa öll krafizt þess, að réttargæzlustefnendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt afsali, dags. 15. september 1958, og að áður gerðum kaupsamningi, dags. 10. júní 1958, keypti stefnandi af stefndu rishæð hússins nr. 48 við Drápuhlíð hér í bænum, nánar tiltekið „öll rishæð hússins ásamt sameiginlegri forstofu og uppgangi, sameiginlegu þvottahúsi (án þvottapotts), sameiginlegu miðstöðvarhúsi, með sameiginlegum miðstöðvarkatli við efri hæð hússins og lóðarréttindum, sameiginlegum við allt húsið", eins og segir í afsalinu. Var eignarhluti þessi talinn 1/12 hluti allrar fasteignarinnar. Tekið var fram í afsalinu, að eignin væri seld í því ástandi, sem hún væri í og kaupandi hefði kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Í kaupsamningi aðiljanna var kaupverð hins selda ákveðið kr. 240.000.00. Stefnandi flutti síðan inn í íbúðina um miðjan júnímánuð 1958. Í ársbyrjun 1959 kveðst stefnandi hafa orðið var við, að frágangur íbúðarinnar var ekki sem skyldi. Hann kveðst hafa ætlað að láta setja nýtt veggfóður á eitt af herbergjum íbúðarinnar og hafi þá komið í ljós, að frágangur á tréverki var óforsvaranlegur og einangrun engin, svo teljandi sé. Kveður hann iðnaðarmenn hafa tjáð sér, að ekki yrði hjá því komizt að rífa innan úr allri íbúðinni við þak og útveggi og klæða hana og einangra að nýju.

Samkvæmt beiðni, dags. 16. marz 1959, fékk stefnandi hinn 18. s. m. dómkvadda tvo matsmenn. Í matsbeiðninni var þess óskað, að matsmenn „skoði íbúðina, gefi upp álit sitt um leynda galla á henni, hvað viðvíkur smíði og frágangi, og meti til peninga, hvað kosta muni að bæta að fullu úr hinum leyndu göllum. Sé meðtalinn kostnaður íbúðareiganda við að flytja úr íbúðinni í annað húsnæði, á meðan á viðgerð stendur, svo og leigugreiðslu þar og kostnaður við flutning á ný að viðgerð lokinni". Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, þeirra Ólafs Jenssonar verkfræðings og Björns Rögnvaldssonar húsasmíðameistara, sem dagsett er hinn 10. apríl 1959, segir meðal annars svo:

„Þegar skoðun fór fram, hafði eigandi rifið veggfóður innan úr einu herbergi íbúðarinnar að nokkru leyti. Veggfóðrið var límt á striga, en undir honum reyndust vera óhefluð borð, 1"×4½", negld á sperrurnar þannig, að ca 2.5 cm bil var á milli borðanna.

Portveggur, ca 85 cm á hæð, er inni á gólfplötunni, og myndast skápar bak við hann úti undir súðinni. Ofan við portvegginn var loftið einangrað með tréull milli sperra, og náði sú einangrun 1,2—1,3 m upp á súðina. Inni í skápunum var ekki klætt

neðan á sperrur og einangrun þar engin nema pappi, sem negldur var innan á þakklæðningu. Neðan á skammbitaloft var klætt á sama hátt og innan á súðina, og pappi negldur ofan á þá klæðningu til einangrunar. Innveggir eru úr trégrind og með sams konar klæðningu og súðin. Allur frágangur á klæðningunni var lélegur, einkum í hornum og kverkum.

Hurðir fyrir skápum bak við portvegg voru gerðar úr 1"×5" borðum, óhefluðum, og klæddar krossviði að utan. Nýjar hurðir voru fyrir sumum skápunum, og kvaðst eigandi hafa smíðað þær, en gömlu hurðirnar voru geymdar í íbúðinni.

Til þess að frágangur þaksins verði í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar þarf að endurbæta einangrunina og frágang að innanverðu.

Svo sem að framan segir, var tréullareinangrun í þakinu á ca 1,2—1,3 m kafla ofan við portvegginn í herberginu, sem búið var að rífa veggfóður af (SA-herb.). Í eldhúsi er skápur, sem nær frá reykháf út að súðinni. Þar mátti sjá út í bera þakklæðninguna, en einangrun var engin. Virðist því ekki ástæða til að ætla, að einangrun sé betri í hinum herbergjunum en í SA-herberginu. Til þess að koma fyrir nýrri einangrun, þarf að rjúfa innri klæðninguna á nokkrum stöðum, en meginhluti hennar gæti þó verið kyrr. Hins vegar fullnægir klæðingin ekki heldur kröfum byggingarsamþykktar, og þarf því einnig endurbóta við, t. d. með því að klæða með þilplötum innan á hana. Má síðan mála þar á eða veggfóðra án strigalags.

Í skápum og á skammbitalofti þarf einnig að setja einangrun í stað pappans, sem nú er.

Um klæðningu á innveggjum og neðan á skammbitalofti gegnir sama máli og um súðarklæðninguna, og eru samskonar endurbætur nauðsynlegar þar.

Mat okkar miðast við, að einangrað sé með 2" þykku Wellit, sem sé rennt niður á milli sperranna og liggi á innri klæðningunni, sem nú er. Innan á þá klæðningu gerum við svo ráð fyrir, að klætt sé með ½" trétexi og málað þar á. Í skápum þarf að setja lista innan á sperrur til að halda einangruninni.

Í innveggjum reiknum við með ½" tex-klæðningu hvorum megin.

Rétt er að geta þess, að þessi tilhögun, sem við gerum hér ráð fyrir, fullnægir kröfum byggingarsamþykktar um einangrunargildi, en ekki að öllu leyti um frágang, en er þó í samræmi

við það, sem tíðkazt hefur um langt skeið og verið látið óátalið af yfirvöldum.

Kostnað við framangreindar ráðstafanir teljum við hæfilega metinn á kr. 27.340.00.

Í matsbeiðni er farið fram á mat á kostnaði við flutning úr íbúðinni, meðan á viðgerð stendur, og til baka á ný ásamt leigugreiðslu. Við teljum slíka flutninga ekki nauðsynlega, en vegna flutninga milli herbergja og óþæginda í sambandi við það höfum við reiknað kr. 2.500.00 í matsfjárhæðinni, er að ofan greinir.

Matsniðurstaða:

Á risíbúðinni þarf að gera lagfæringar, svo sem að framan er lýst, og er kostnaður við það metinn á *kr. 27.340.00.*"

Stefnandi vildi ekki una þessari niðurstöðu og fékk nú dómkvadda yfirmatsmenn til að framkvæma yfirmat.

Í matsgerð yfirmatsmannanna Ögmundar Jónssonar verkfræðings, Magnúsar Vigfússonar húsasmíðameistara og Daníels Einarssonar húsasmíðameistara, sem dagsett er 13. júní 1959, segir meðal annars svo:

„Göllum á tréverki og einangrun er skilmerkilega og rétt lýst í undirmatinu, og er engu við það að bæta.

.....

Síðan er þess getið í matsgerðinni, að tilhögun þessi fullnægi kröfum byggingarsamþykktar um einangrunargildi, en ekki að öllu leyti um frágang.

Yfirmatsmenn álíta úrbótatillögu undirmatsmanna hagkvæma. Þeir álíta, að tilhögunin nái þeim tilgangi, er byggingarsamþykktin ætlast til, þó að með öðru móti sé en þar er til lagt. Mat okkar er miðað við þessa tilhögun. Kostnaðinn við framkvæmdir viðgerðanna teljum við hæfilega metinn á kr. 33.220.00.

Yfirmatsmenn fallast á það álit undirmatsmanna, að ekki þurfi að flytja úr íbúðinni, á meðan á viðgerð stendur. Þeir telja einnig hæfilegt að meta kr. 2.500.00 fyrir flutning á milli herbergja og óþægindi af því. Sú upphæð er ekki innifalin í matsupphæðinni hér að ofan.

.....

Matsniðurstaða:

1. Kostnaður við lagfæringar ..... kr. 33.220.00
2. Flutningur milli herbergja ..... — 2.500.00

Samtals kr. 35.720.00"

Yfirmatsmenn hafa staðfest matsgerðina fyrir dómi.

Hinn 25. marz 1960 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til þess að skoða og meta galla, sem taldir voru vera á skolpleiðslum og hitakerfi íbúðarinnar og stefnandi lýsti í matsbeiðni sinni.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Óskars Smith pípulagningameistara og Sighvats Einarssonar pípulagningameistara segir meðal annars svo:

„Húsið er steinhús, kjallari 2 hæðir og ris. 3 hitakerfi eru í húsinu. 1 fyrir kjallara, 1 fyrir fyrstu hæð, en sameiginlegt fyrir aðra hæð og ris, og er þensluker fyrir kjallara og fyrstu hæð í skáp á gólfi í rishæðinni. Þensluker fyrir aðra hæð og ris er á skammbitalofti.

Til þess að bæta úr göllum þeim, sem tekið er fram í framlögðum skjölum, þ. e. fylgiskjal nr. 1, teljum við, að eftirfarandi þurfi að gera til að endurbæta gallana:

1. Setja þarf loftrör frá skolpleiðslu frá eldhúsvaski og baðkeri upp úr þaki.
2. Yfirfall frá þenslukerum, sem eru fyrir kjallara og fyrstu hæð, má tengja við retur frá baðgeymi, sem nú er ekki lengur notaður og tekinn úr sambandi.
3. Einnig má tengja yfirfall frá þenslukeri frá annari hæð og risi sömu leiðslu og yfirfallsrörin frá kjallara og fyrstu hæð.
4. Leiðsla frá baðkeri er 1¼" leiðsla og er nokkuð löng og hallalítil, en með góðri umgengni ætti þó að vera nægileg, en nauðsynlegt er að taka leiðsluna, sem er frá eldhúsvaskinum, frá þessu röri og setja aðra leiðslu beint í skolprörið, sem kemur upp úr gólfinu, og leggja það þannig, að skolpið frá vaskinum renni óhindrað niður.
5. Baðvatnsgeymir er svokallaður spíralgeymir, og kemur því ekki að sök, þótt leiðsla inn og út sé í sama enda, og um stöðvun á vatni í öðrum enda geymisins getur því ekki verið að ræða. Ekki gátu matsmenn séð, hvort geymirinn hefði hallazt, því búið var að taka hann úr sambandi frá miðstöðinni, en þó hann hafi hallazt eitthvað, hefur það ekki getað haft áhrif, hvað hitann snertir. Baðgeymar, eins og þessi, gefa lítið heitt vatn, nema kynt sé með háu hitastigi, ca 85 stig á Celcius. Samkvæmt upplýsingum, sem matsmenn fengu, mun yfirleitt ekki hafa verið kynt meira en 60 stig, og ekki við því að búast, að mikið heitt vatn kæmi með ekki hærra hitastigi. En nú er komin hitaveita í íbúðina og baðgeymirinn því ekki notaður lengur.

6. Varla getur það farið fram hjá neinum, sem í íbúðina kemur, að ofnarnir standi á kubbum, og er því varla hægt að kalla það leynda galla, en hins vegar, hvað loftrör frá skolprörunum snertir, var ekki hægt fyrir ósérfróða menn að átta sig á.

Kostnað við að bæta úr ofangreindum göllum metum við á 5.600.00 — fimmþúsundogsexhundruð — krónur."

Matsmaðurinn Óskar Smith hefur staðfest matsgerðina fyrir dómi. Hefur hann skýrt svo frá, að í matsfjárhæðinni sé fólginn viðgerðarkostnaður á sýnilegum göllum samkvæmt 6. lið matsgerðarinnar, en þennan hluta telur matsmaðurinn vera hverfandi lítinn.

Matsmaðurinn Sighvatur Einarsson hefur einnig staðfest matsgerðina fyrir dómi. Hefur hann skýrt svo frá, að hinn sýnilegi galli, sem rakinn er í 6. lið matsgerðarinnar, sé ekki tekinn með í matsfjárhæðinni, enda sá kostnaður við þessar endurbætur mjög óverulegur.

Í framangreindri matsbeiðni stefnanda, dags. 16. marz 1959, var auk þess, sem áður er rakið, óskað eftir því, að matsmennirnir mætu til peninga, hve mikið væri hæfilegt að draga frá söluverði íbúðarinnar vegna galla, sem stefnandi taldi fólgna í því, að íbúðin væri ekki byggð eftir teikningu, samþykktri af byggingayfirvöldum, og íbúðin því réttlítil sem slík, t. d. ekki í löglegri tryggingu hjá Húsatryggingum Reykjavíkurbæjar. Í matsgerð sinni taka undirmatsmenn fram, að þeir telji núverandi innréttingu rishæðarinnar verðmeiri en innréttingu þá, sem byggingayfirvöld hafa samþykkt. Jafnframt taka matsmennirnir fram, að ekkert virðist athugavert við brunatryggingu íbúðarinnar.

Yfirmatsmenn taka fram í matsgerð sinni varðandi þetta atriði, að þeir telji sig skorta grundvöll til að meta þetta atriði til verðrýrnunar.

Við munnlegan flutning málsins hefur af hálfu stefnanda ekki verið byggt á þessu atriði, eins og fram kemur af hinni breyttu kröfugerð stefnanda. Þykja því ekki efni til að taka frekari afstöðu til þessa atriðis.

Þá var því lýst yfir af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins, að eigi væri byggt á því, að stigi að íbúðinni væri ófullnægjandi og leki væri á gluggum.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að gallar hafi verið á hinni seldu íbúð, sem séu þess eðlis, að þeir leynist við

venjulega skoðun. Er því haldið fram, að stefndu sem seljendur íbúðarinnar beri ábyrgð á göllum þessum gagnvart stefnanda. Eins og áður er vikið að, hefur stefnufjárhæðin verið lækkuð í kr. 41.320.00, en það eru samanlagðar matsfjárhæðirnar samkvæmt yfirmatinu, dags. 13. júní 1959, kr. 35.720.00, og mati þeirra Óskars Smith og Sighvats Einarssonar, kr. 5.600.00.

Stefndu, Olga, Hafsteinn og Egill, reisa kröfu sína um sýknu á því, að ekki hafi verið um að ræða neina leynda galla á hinni seldu íbúð, enda hafi hver góður og skynsamur maður haft tök á að kynna sér hina svokölluðu galla við kaup á íbúðinni. Það er að vísu viðurkennt af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, að hin selda íbúð hafi ekki alveg verið í fyrsta flokks ástandi; hafi kaupandanum mátt vera þetta ljóst, og eigi hann engan rétt á bótum. Er á það bent í þessu sambandi, að sjá hafi mátt frágang á þakklæðningu og einangrun með því að skoða skápana undir súð íbúðarinnar. Af hálfu stefndu er því sérstaklega mótmælt, að nokkrir gallar séu á skolp- og hitakerfum íbúðarinnar, svo og því, að stefnanda hafi ranglega og heimildarlaust verið seldur hluti af sameiginlegu þvottahúsi.

Fyrsti eigandi umræddrar húseignar var réttargæzlustefndi Höskuldur Jóhannesson, og mun hann sjálfur hafa gengið frá efri hæð hússins og rishæð þess. Með kaupmála, dags. 13. júlí 1951, var eiginkona Höskulds, Guðbjörg, skráður eigandi að efri hæð og rishæð hússins. Guðbjörg seldi síðan réttargæzlustefndu Kristínu rishæð hússins með afsali, dags. 2. okt. 1952. Með afsali, dags. 17. sept. 1955, keypti stefndi Skúli síðan greinda risíbúð í félagi við Halldór heitinn Sveinsson, föður stefndu Olgu og Hafsteins.

Dómurinn hefur farið á vettvang og skoðað umrædda íbúð. Endurbætur á íbúðinni eru hafnar, en eru skammt á veg komnar. Engin andmæli hafa komið fram gegn því, að lýsing matsmannanna á göllum íbúðarinnar sé rétt.

Það kemur ekki fram í matsgerð undirmatsmannanna, að stefndi Hafsteinn hafi verið boðaður til skoðunargjörðarinnar. Stefndi Egill Skúli var utanbæjar, er skoðunin var framkvæmd, og var faðir hans, Ingibergur Jónsson, boðaður í hans stað. Mætti hann við skoðunargjörðina og lýsti því yfir, að hann hefði ekkert umboð frá Agli Skúla. Er skoðun yfirmatsmanna fór fram, voru stefndu Hafsteinn og Egill Skúli báðir utanbæjar. Föður Egils Skúla var tilkynnt um skoðunargerðina, en hann

óskaði ekki eftir að vera viðstaddur. Af hálfu stefndu hafa matsgerðirnar engum andmælum sætt af þessum sökum.

Það verður að telja fram komið, að frágangi á klæðningu og einangrun íbúðarinnar sé áfátt í verulegum atriðum, sbr. 7. tl. 26. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík. Verður eigi talið, að stefnandi, sem ekki hefur sérþekkingu í byggingamálum, hafi mátt gera sér grein fyrir göllum þessum, enda mátti hann treysta því, að frágangur íbúðarinnar væri í samræmi við gildandi reglur á því sviði á þeim tíma, er íbúðin var gerð. Verður því að telja, að íbúðin hafi verið haldin leyndum göllum. Klæðning á þaki hússins er að vísu atriði, sem kann að varða alla eigendur hússins. En þetta hefur svo sérstaka þýðingu fyrir umrædda íbúð, sem er risíbúð, að telja verður, að stefnanda sé heimilt að krefja stefndu sem seljendur íbúðarinnar um þennan hluta tjóns síns sem og tjón sitt að öðru leyti. Eins og áður er rakið, reisir stefnandi þennan hluta bótakröfu sinnar á yfirmati dómkvaddra manna. Mati þessu hefur á engan hátt verið hnekkt, og verður fjárhæð þess því lögð til grundvallar í málinu.

Að því er varðar frágang á skopleiðslum og hitakerfi íbúðarinnar, þá verður að telja, að þau hafi verið haldin göllum, sem nauðsyn hafi borið til að bæta úr. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, sem einnig kemur fram í framburði matsmannanna Óskars Smith og Sighvats Einarssonar hér fyrir dómi, að mjög erfitt sé fyrir ósérfróða menn að gera sér grein fyrir atriðum sem þessum, að undanteknu því, sem rakið er í b-lið matsgerðarinnar. Verður því einnig að telja, að íbúðin hafi verið haldin leyndum göllum að þessu leyti, og að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefndu af þeim sökum. Eins og fram kemur í matsgerðinni, gat það varla farið fram hjá þeim, sem skoðaði íbúðina, að miðstöðvarofnar standa á kubbum, og á stefnandi því eigi rétt á bótum af þeim sökum. Það er þó álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að þetta atriði sé svo óverulegt, að eigi beri að hagga matsfjárhæðinni af þeim sökum, enda sé fjárhæðin ekki bersýnilega ósanngjörn. Verður fjárhæð þessarar matsgerðar því einnig lögð til grundvallar í málinu, enda hefur henni eigi verið hnekkt.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að dæma stefndu sem seljendur greindrar íbúðar til að greiða stefnanda skaðabætur vegna leyndra galla á íbúðinni, samtals kr. 41.320.00 (35.720.00 + 5.600.00).

Af hálfu stefndu hefur matskostnaði sérstaklega verið mótmælt svo og því, að þeim beri að greiða 9% ársvexti af dæmdri fjárhæð.

Stefnanda var rétt að leita álits dómkvaddra manna um það, að hve miklu leyti greind íbúð fullnægði ekki ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík og að hve miklu leyti þetta kynni að rýra verðmæti íbúðarinnar.

Stefnandi hefur ekki stofnað til matsgerða þeirra, sem fyrir liggja í málinu, að ófyrirsynju. Með hliðsjón af niðurstöðum matsgerðanna ber að dæma stefndu til að greiða allan kostnað við þær.

Með hliðsjón af ákvæðum 31. gr. laga nr. 4/1960 þykir bera að dæma stefndu til að greiða 9% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 22. febrúar 1960.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndu verða in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 41.320,00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður gagnvart réttargæzlustefndu falli niður.

Þá ber og að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.100.00, þar með talinn matskostnaður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Pétri Pálssyni verkfræðingi og Tómasi Vigfússyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Halldórsson og Egill Skúli Ingibergsson, greiði stefnanda, Ágúst Sigurðssyni, kr. 41.320.00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.100.00 í málskostnað.

Stefndu skulu vera sýkn af málskostnaðarkröfum réttargæzlustefndu, Höskulds Jóhannessonar, Guðbjargar Þórðardóttur og Kristínar Gissurardóttur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 43/1962. **Guðjón Magnússon**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Ágúst Fjeldsted f. h. Daniels Peters Tomsens
(Gísli Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um kaup sjómanns.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. marz 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi.

Því er lýst í máli þessu, að látið hafi verið undan fallast að lögskrá stefnda á bát áfrýjanda, enda þótt báturinn hafi verið 16 rúmlestir að stærð, og að hvorki hafi verið gerður sérsamningur með aðiljum um kjör stefnda á bátnum né ráðning hans fallið undir ákvæði kjarasamnings. Þar sem málum var svo háttað og áfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að krafa stefnda sé ósanngjörn, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðjón Magnússon, greiði stefnda, Ágúst Fjeldsted f. h. Daniels Peters Tomsens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. febrúar 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 18. febrúar, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu í málinu nr. 10/1958 Daniel Peter Thomsen gegn Guðjóni Magnússyni kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 18. nóv. 1958, af Ágúst Fjeldsted hrl. f. h. Daniels Peters Tomsens, Suma, Færeyjum, gegn Guðjóni Magnússyni, Sandgerði, til greiðslu á kaupi, að fjárhæð kr. 4.700.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Undir flutningi málsins hefur stefnandi lækkað stefnukröfuna niður í kr. 4.620.29.

Stefnt var í framhaldssök til hækkunar á stefnukröfunni um kr. 2.774.93 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins auk 55% yfirfærslugjalds á upphæðir í aðalsök og framhaldssök. Loks krafðist stefnandi sjóveðréttar í m/b Andvara, GK 174, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Málavextir eru þeir, að stefnandi máls þessa réð sig á vetrarvertíð á m/b Andvara, sem gerður var út frá Sandgerði. Var fyrst byrjað á þorskanetjaveiðum og þær stundaðar til 1. marz, þá á loðnuveiðum til 13. apríl og síðan aftur á netjum og þeim hætt 4. maí, eða samtals í 102 daga. Á þorskanetjunum varð aflahluturinn kr. 1.734.98, en þar við bætist orlof, kr. 104.10, en hins vegar á loðnuveiðunum varð aflahluturinn kr. 9.613.86 auk orlofs, kr. 476.83. Þegar vertíðinni lauk, gerði stefndi upp við stefnanda og greiddi honum kr. 126.60 pr. dag yfir vertíðina, en það var kauptrygging háseta á línuveiðum samkvæmt þágildandi kjarasamningum. Þessu uppgjöri vildi stefnandi ekki una, og er það orsök máls þessa.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefnda hafi ekki verið heimilt að jafna aflahlutnum á loðnuveiðunum yfir á aflahlut á línuveiðunum, heldur hafi hann átt að gera upp við menn sína, er skipt var um veiðarfæri. Eigi hann rétt á kauptryggingu á netjaveiðunum, en það er kr. 126.60 á dag í 58 daga, þ. e. kr. 7.342.80, og aflahlutinn á loðnuveiðunum, þar sem fiskazt hafi fyrir meira en tryggingu, kr. 10.190.69, og síðan kr. 540.00 í ferðakostnað, og geri þetta kr. 18.073.49, en frá því dragist

kr. 13.453.20, sem þegar hefur verið greitt. Eftirstöðvar verða því kr. 4.620.29. Stefnandi hefur fallið frá kröfum sínum í framhaldssök nema kröfu sinni um sjóveðrétt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að í raun og veru hafi hann greitt stefnanda meira en hann átti að fá, því að engir samningar um kauptryggingu á netjaveiðum hafi verið á þeim tíma, er hér um ræðir, og hafi sér ekki borið að greiða meira en aflahlut, eða kr. 11.999.77, og kr. 540.00 í ferðakostnað, þ. e. kr. 12.539.77, og ætti hann því inni hjá stefnanda kr. 813.43.

Það er algild regla, að gert er upp við sjómenn í hvert skipti og skipt er um veiðarfæri. Bar því stefnda að gera upp við stefnanda sér í lagi eftir loðnuveiðarnar, og verður því aflahlutur sá, er fékkst af loðnuveiðunum, tekinn til greina, eins og hann liggur fyrir, þar sem ekki er deilt um aflaverðmætið.

Enginn kjarasamningur fyrir veiðar með þorskanet var til í Sandgerði vetrarvertíðina 1957, því veiðar með þorskanetjum voru ekki almennt hafnar þá. Stefnda hefur þó fundizt það sjálfsagt að gera upp við sjómenn sína samkvæmt kjarasamningi fyrir veiðar með línu og svo hitt, að það mun hafa verið forsenda fyrir því, að stefnandi réð sig á bát stefnda, að hann fengi ekki lakari kjör en á línuveiðunum, og fengi þannig sömu tryggingu þó veitt væri með netjum. Af þessum sökum getur dómurinn ekki fallizt á annað en taka kröfu stefnanda um kauptryggingu til greina.

Eigi verður fallizt á kröfu stefnanda um sjóveðrétt í m/b Andvara, þar sem sjóveðrétturinn var niðurfallinn, er stefna var gefin út samkv. 252. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 236. gr. sömu laga.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Sigurjónssyni og Gunnlaugi Stefánssyni.

Málskostnaður ákveðst kr. 1350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðjón Magnússon, greiði stefnandanum, Daniel Peter Tomsen, kr. 4.620.29 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags og kr. 1350.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 16/1962. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Sigmundi Sigfússyni f. h. Guðmundar Sigmundssonar og gagnsök
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1962. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, *aðallega* að aðaláfryanda verði dæmt að greiða honum kr. 9450.00 með 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er risið út af slysi, sem drengurinn Guðmundur Sigmundsson varð fyrir hinn 13. ágúst 1959, er hann féll í hitaveitubrunn, sem grafinn hafði verið á vegum aðaláfrýjanda. Er atvikum málsins, þar á meðal meiðslum drengsins, lýst í héraðsdómi. Þar er einnig greind bótakrafa gagnáfrýjanda í 5 kröfuliðum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms má á það fallast, að varnir kringum hitaveitubrunninn, eins og honum var háttað, hafi ekki verið fullnægjandi og að aðaláfrýjandi sé bótaskyldur af þeim sökum.

Þegar slysið gerðist, var drengurinn Guðmundur sem næst 3 ára og 10 mánaða að aldri. Foreldrar hans höfðu sent hann til mjólkurkaupa í búð, sem var í 220—230 metra fjarlægð frá húsi þeirra, og þurfti ekki yfir götu að fara.

En í götur fram með leið drengsins höfðu verið grafnir hitaveituskurðir, og var umræddur hitaveitubrunnur í nánd við götuhorn, sem leið drengsins lá um. Það verður að vísu ekki talið nægilega varlegt af foreldrum drengsins að láta hann fara í sendiferð fram með jarðraski þessu, en ekki á það að skerða rétt drengsins sjálfs til bóta fyrir tjón, sem um getur í 1.—4. kröfulið. Ber að taka þrjá fyrstu kröfuliðina til greina með fullri upphæð, samtals kr. 450.00, en bætur samkvæmt 4. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 5000.00. Með tilliti til þess, sem áður greinir um varúðarskort af hálfu foreldra drengsins, teljast bætur samkvæmt 5. kröfulið, þ. e. vegna ónæðis og fyrirhafnar foreldranna, nægilega hátt ákveðnar kr. 1000.00.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 6450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1959 til greiðsludags. Svo ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 4500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sigmundi Sigfússyni f. h. Guðmundar Sigmundssonar, kr. 6450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. janúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Sigmundur Sigfússon, Sigtúni 27 hér í bæ, höfðað f. h. ólögráða sonar síns, Guðmundar, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 9.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. ágúst til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, þar sem starfsemi Hitaveitu Reykjavíkur er ábyrgðartryggð hjá því tryggingafélagi.

Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Samkomulag er um það með málsaðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Málavextir eru svofelldir:

Sumarið 1959 stóðu yfir hitaveituframkvæmdir í Laugarneshverfi hér í bæ. Grafið hafði verið fyrir hitaveitustokkum í götunum Sigtúni og Gullteigi. Á horni gatna þessara, þar sem hitaveituskurðirnir mættust, hafði verið grafinn hitaveitubrunnur, um það bil 3½×4½ m að stærð og ca 2½ m á dýpt. Brunnur þessi var girtur með nokkrum, ca 80 cm háum tunnum, er stóðu upp á endann í kringum brunninn og á voru negld langborð í tveim hæðum.

Laust fyrir hádegi hinn 13. ágúst 1959 vildi það slys til, að sonur stefnanda, Guðmundur Sigmundsson, þriggja ára gamall (fæddur 15.10. 1955), féll niður í brunninn og slasaðist.

Guðmundur litli hafði verið sendur út með brúsa til mjólkurkaupa og mun hafa verið á heimleið, er slysið varð.

Starfsmenn hitaveitunnar, er voru að vinna í skurði þeim, er lá frá brunninum eftir Gullteigi, sáu Guðmund koma gangandi eftir skurðinum, og blæddi úr höfði hans. Einn verkamannanna fór því með drenginn heim til móður hans. Þaðan var drengurinn þegar fluttur á Slysavarðstofuna, þar sem Haukur Kristjánsson læknir gerði að meiðslum hans.

Vottorð nefnds læknis, sem dagsett er 29. september 1959, hljóðar svo:

„Þann 13/8 1959, kl. 12.00, var komið með Guðmund Sigmundsson, Sigtúni 27, á Slysavarðstofu Reykjavíkur.

Hann hafði að sögn fallið niður í djúpan skurð rétt áður. Við skoðun kom í ljós, að drengurinn var með ca 3 cm langan skurð framan á höfði, og bæði framhandleggsbein hægri handar voru brotin rétt ofan við úlnlið.

Sárið var hreinsað og saumað og brotin sett í svæfingu. Gips sett á handlegg. Því næst var drengurinn sendur heim til sín. Þann 19/9 voru saumar teknir og sárið þá gróið. Gipsið var tekið 10/9.

Hann kom til eftirlits í dag og er þá einkennalaus að kalla,

nema hvað hægri úlnliður er ennþá dálítið stirður. Tel ekki líkur um varanlega örorku."

Þá hefur og verið lagt fram í málinu vottorð Alfreðs Gíslasonar læknis, dags. 13/9 1960, svohljóðandi:

„Ofarlega á enni vinstra megin, í hársverðinum, er tveggja sentimetra langt ör, að sögn eftir fall í ágúst 1959. Þetta ör verður varanlegt."

Karl Ómar Jónsson verkfræðingur hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá, að hann hafi haft verkfræðilega umsjón með hitaveituframkvæmdum þeim, er hér um ræðir. Vitnið kvað gröftinn fyrir framangreindum hitaveitubrunni hafa verið u. þ. b. 3½×4½ m. Umhverfis gryfjuna hafi verið raðað tunnum, u.þ.b. 80 cm á hæð, en milli þeirra hafi verið a.m.k. tvær raðir af borðum og breidd borðanna 6 þumlungar. Vitnið vissi ekki, hversu margar tunnur voru notaðar þarna, en þótti þó líklegt, að ein tunna hefði verið á hverju horni og ein á milli á lengri hliðunum a.m.k. Vitnið gizkaði á, að hæð neðra langbandsins frá jörðu hafi verið u.þ.b. 20 cm. Vitnið sagði, að hér hefði verið um venjulegan frágang að ræða kring um slíkar gryfjur, og hafi umbúnaður þessi verið mjög áberandi hverjum þeim, er átt hafi leið þar um.

Vitnið gat þess, að vírnet hefði verið sett utan á langböndin eftir slysið, en ekki hafi það verið venja að ganga þannig frá.

Björn Þorkelsson, verkstjóri hjá Hitaveitu Reykjavíkur, hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft verkstjórn á hendi við framangreindar framkvæmdir, og m. a. séð um að láta girða kringum gryfjuna, sem grafin hafði verið fyrir hitaveitubrunninn. Brunnurinn hafi átt að vera 3×2½ m og gryfjan því verið nokkru stærri.

Vitnið kvað gryfjuna hafa verið girta þannig, að tunnum hafi verið raðað í kringum hana í u.þ.b. eins metra fjarlægð frá börmum hennar og þær hálffylltar af sandi. Tunnur þessar hafi verið ca 80—90 cm á hæð. Hafi þeim verið komið þannig fyrir, að tunna var á hverju horni og ein í hverju bili, þannig, að u.þ.b. 2 metrar hafi verið milli hverrar tunnu. Við eitt hornið hafi þó eigi þurft að setja tunnu, því að þar hafi verið girðing. Utan á tunnurnar hafi verið negldar tvær raðir af fjögurra þumlunga borðum svo og utan á girðinguna, þar sem hún var. Neðri röðin hafi verið u.þ.b. 30—40 cm frá jörðu, en efri röðin laust við efri brúnina á tunnunum. Vitnið kvað útbúnað þennan hafa verið vel sýnilegan öllum, er fram hjá hafi farið.

Vitnið sagði, að vírnet hefði verið fest utan á langböndin allt í kring eftir slysið, enda sé vírnet oft notað, þegar það sé tiltækilegt, t. d. hafi það verið mikið notað í Hlíðahverfinu.

Arnljótur Björnsson lögfræðingur, starfsmaður réttargæzlustefnda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi skoðað framangreindan hitaveitubrunn ásamt Karli Ómari Jónssyni verkfræðingi hinn 19. ágúst 1959. Var honum tjáð, að aðstæður við brunninn væru óbreyttar, frá því er slysið varð, að öðru leyti en því, að allþéttriðið vírnet hafði verið strengt á nokkurn hluta girðingar þeirrar, sem var í kring um brunninn. Vitnið kvað brunngryfjuna hafa verið vandlega girta tunnum, er hafi verið heldur minni en venjulegar 200 lítra olíutunnur. Vitnið mundi ekki, hversu margar tunnurnar voru, en kvað þær örugglega hafa verið fleiri en fjórar. Bilið á milli þeirra hafi verið óreglulegt, oftast u.þ.b. faðmur. Vitnið kvað tunnurnar hafa staðið nokkuð frá brún gryfjunnar. Utan á tunnurnar hafi verið negldar tvær raðir af borðum. Hafi neðri röðin verið u.þ.b. 40 cm frá jörðu, og þó sennilega heldur minna. Efri röðin hafi ekki verið alveg upp við brúnina. Vitnið gizkaði á, að breidd borðanna hafi verið 6 þumlungar, en þó gæti munað þumlungi til eða frá. Vitnið gizkaði á, að dýpt gryfjunnar hafi verið 2½—3 m.

Stefnandi byggir stefnukröfu sína á því, að umbúnaður um brunninn hafi verið algerlega ófullnægjandi til þess að varna því, að börn gætu farið sér að voða á þessum hættulega stað. Svo langt hafi verið á milli langbandanna tveggja, að börn hafi hæglega getað komizt þar á milli, enda hafi Hitaveitan látið girða staðinn með vírneti eftir slysið. Við götuhorn það, er brunnur þessi var, hafi verið mikil umferð barna jafnt sem fullorðinna. Á þessum stað hafi verið verzlanir, mjólkurbúð og biðstöð strætisvagna. Ofan við Sigtún á móts við brunninn hafi verið barnaleikvöllur, en við Gullteig nokkru neðar hafi verið fjölmennasti barnaskóli bæjarins, sem að vísu hafi ekki verið tekinn til starfa, er slysið varð. Þá bendir stefnandi á, að lagning hitaveituæða í götur standi að jafnaði yfir mánuðum saman, og sé því slysahættunni fyrir börn beinlínis boðið heim, ef ekki séu gerðar allar þær varúðarráðstafanir, sem af nokkurri sanngirni má vænta, að viðhafðar séu við slíkar mannvirkjagerðir. En jarðrask, eins og hér um ræðir, telur stefnandi eðlilegt, að sé jafnan girt með vírneti, enda megi nota það aftur og aftur, og yrði því kostnaður af slíkri varnargirðingu óverulegur.

Að öllu þessu athuguðu telur stefnandi ljóst, að stefndi beri

bótaábyrgð á nefndu slysi, þar sem hann eigi og reki Hitaveitu Reykjavíkur.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að óverjandi hafi verið af foreldrum Guðmundar að senda hann, þriggja ára gamlan, einan í verzlun fram hjá brunni þessum, sem foreldrum hans hljóti að hafa verið kunnugt um. Hafi Guðmundur því verið á ábyrgð foreldranna, er slysið vildi til, og hljóti þar af leiðandi sökin á því og bótaskyldan að falla á foreldrana, er hafi haft forsjá drengsins, en ekki stefnda.

Þá telur stefndi, að brunnurinn hafi verið nægilega forsvaranlega girtur til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af vegna gáleysis, enda sé ekki með nokkurri sanngirni hægt að gera það ríkar kröfur til öryggisútbúnaðar um slíkt jarðrask og hér um ræðir, að menn geti ekki farið sér þar að voða, ef ásetningur er fyrir hendi.

Eins og girðingu brunnsins hafi verið háttað, sé það ljóst, að Guðmundur hafi í óvitaskap sínum klifrað milli langborðanna og við það fallið niður í brunninn, en á slíku tiltæki beri stefndi ekki ábyrgð, heldur foreldrar Guðmundar.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Var hitaveituframkvæmdum þessum þá lokið og búið að fylla skurði og gryfjur.

Ekki er fram komið í málinu, að nokkur sjónarvottur hafi verið að slysi þessu. Er það vildi til, var enginn að vinnu í margnefndum brunni, en þá verður jafnan að gera ríkar varúðarráðstafanir við slíkt jarðrask og hér um ræðir, þar sem enginn er þá fyrir til að bægja börnum frá þess konar mannvirkjagerðum, enda eru þær börnum ávallt forvitnilegar.

Eins og lýst hefur verið hér að framan, var brunnurinn girtur tunnum, sem á voru negld langbönd í tveim hæðum, en það mikið bil á milli, að barn gat skriðið þar inn um. Verður því að telja, eins og á stóð, að brunnurinn, er var u.þ.b. 2½—3 m á dýpt, hafi eigi verið nægilega birgður, er slysið varð, enda var barnaleikvöllur í næsta nágrenni við hann, og máttu verkstjórnarmenn Hitaveitunnar því vita, að nokkur slæðingur af börnum yrði iðulega við brunninn.

Hafa því þeir starfsmenn Hitaveitunnar, er þarna höfðu verkstjórn á hendi, átt verulega sök á slysinu, en á því bera stefndu fébótaábyrgð.

Á hinn bóginn er því ekki að neita, að það var óvarlegt af foreldrum Guðmundar að láta hann, þriggja ára barnið, fara

í sendiferðir á þessum slóðum, meðan framkvæmdir þessar stóðu þar yfir og óhugsandi er, að þeim hafi verið ókunnugt um.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjónið að ¾ hlutum, en stefnandi beri sjálfur ¼ hluta þess.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1.	Læknishjálp	kr.	180.00
2.	Bílkostnaður	—	120.00
3.	Læknisvottorð	—	150.00
4.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	7.500.00
5.	Bætur fyrir ónæði og fyrirhöfn foreldra	—	1.500.00
		Alls kr.	9.450.00

Fjárhæð þessi kemur heim við stefnukröfuna.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar:

Um 1., 2. og 3. lið.

Stefndi hefur eigi andmælt kröfuliðum þessum tölulega, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Um 4. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum, enda sé um hverfandi lítil lýti að ræða af öri því, er Guðmundur hlaut á enni við fallið.

Hér að framan hefur meiðslum Guðmundar verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Dómarinn hefur skoðað drenginn, og má fallast á það með stefnda, að lýti af framangreindu öri séu hverfandi lítil. Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur fyrir þennan kröfulið hæfilega metnar kr. 5.000.00.

Um 5. lið.

Stefndi bendir á, að Guðmundur hafi verið 27 daga í gipsi, og virðist honum því allt of hátt að reikna ónæði og fyrirhöfn foreldra hans á kr. 1.500.00, enda telur hann ósennilegt, að þeir hafi þurft að kaupa nokkra utanaðkomandi hjálp vegna veikinda drengsins.

Það er að vísu ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi orðið fyrir beinum fjárútlátum í sambandi við þennan kröfulið. Allt að einu þykir rétt að dæma stefnda til að greiða nokkrar bætur undir þessum lið vegna hinnar auknu fyrirhafnar, er veikindi drengs-

ins hljóta óhjákvæmilega að hafa haft í för með sér fyrir foreldra hans, einkum þegar þess er gætt, hve ungur hann var. Þegar þessi atriði eru virt, þykja bætur þessar hæfilega metnar kr. 1.200.00.

Samkvæmt framansögðu, telst tjón stefnanda af slysinu nema alls kr. 6.650.00 (180.00 + 120.00 + 150.00 + 5.000.00 + 1.200.00), og ber stefnda að bæta ¾ hluta þess, eða kr. 4.987.50 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.400.00.

Einar Arnalds yfirborgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Sigmundi Sigfússyni f. h. ófjárráða sonar hans Guðmundar, kr. 4.987.50 með 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1959 til greiðsludags og kr. 1.400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 53/1962. **Ragnar Jónsson**
gegn
Guðrúnu Sæmundsdóttur og
Högna Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður um frest staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. marz s.l., sem barst Hæstarétti 6. apríl s.l., hefur sóknaraðili kært til dómsins úrskurð, kveðinn upp 30. marz s.l. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur neitað að svara þeirri spurningu héraðsdómara, hver væri eigandi víxilkröfu þeirrar, sem um er að tefla. Að svo vöxnu máli þykir rétt að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um frestveitingu í bæjarþingsmáli aðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kr. 800.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Jónsson, greiði varnaraðiljum, Guðrúnu Sæmundsdóttur og Högna Jónssyni, kr. 800.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.

Stefnandi í héraði hefur hinn umrædda víxil í höndum, framseldan eyðuframsali, og hefur því allan rétt eiganda yfir honum og getur m. a. gefið fullnægjandi kvittun fyrir

greiðslu víxilupphæðarinnar. Er hann því réttur aðili víxilmálsins, og því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að hann sé ranglega að víxlinum kominn.

Lagalega skiptir það skuldara ekki máli, hver er *raunverulegur* eigandi slíks víxils, nema ef hann hefur fram að færa varnir, sem hægt væri að koma að í víxilmáli gagnvart hinum raunverulega eiganda, en ekki gagnvart aðilja víxilmálsins.

Stefndu hafa ekki haft uppi í máli þessu neinar slíkar varnir, og var stefnanda því ekki skylt að svara spurningu dómarans um það, hvort hann væri raunverulegur eigandi víxilsins eða ekki.

Átti dómarinn því að neita um hinn umbeðna frest, og ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1962.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. þ. m., hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður hér í borg höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. febrúar 1962, gegn Guðrúnu Sæmundsdóttur, Reykjavíkurvegi 29, og Högna Jónssyni héraðsdómslögmanni, Kirkjuhvoli, báðum hér í borg, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefins 25. sept. 1961 af stefndu Guðrúnu Sæmundsdóttur og samþykkts af stefnda Högna Jónssyni til greiðslu í Útvegsbankanum 20. desember 1961.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu víxilfjárhæðarinnar, kr. 25.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 20. desember 1961 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 121.00 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Varnaraðiljar krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta var þingfest 20. febrúar s.l. Sóknaraðili lagði þá fram stefnu, frumrit áðurgreinds víxils, tvö afrit bréfa og greinargerð. Varnaraðiljar fengu þá tveggja vikna frest til að rita greinargerð. Er málið kom næst fyrir, þann 6. marz s.l., lögðu

varnaraðiljar fram greinargerð sína. Fengu aðiljar því næst sameiginlegan frest til gagnaöflunar til 20. þ. m. Er málið kom fyrir þann dag, varð aftur samkomulag um að fresta málinu í sama skyni til 27. þ.m. Er málið kom fyrir þann dag, óskuðu varnaraðiljar enn eftir tveggja vikna fresti til gagnaöflunar. Af hálfu sóknaraðilja var því lýst yfir, að gagnaöflun væri lokið, og var neitað að veita frekari frest. Samkvæmt kröfu varnaraðilja var atriðið þá tekið til úrskurðar. Rétt þótti að gera aðiljum kost á að láta munnlegan málflutning fram fara um ágreiningsefnið. Munnlegur málflutningur fór fram 28. þ. m., og að honum loknum var ágreiningsefnið að nýju tekið til úrskurðar.

Varnaraðiljar, sem byggja sýknukröfu sína aðallega á því, að sóknaraðili sé ekki eigandi hins umstefnda víxils, styðja frestbeiðni sína þeim rökum, að þeir þurfi hinn umbeðna frest til að leiða vitni og aðilja málsins og afla gagna um það, að sóknaraðili sé ekki eigandi og því ekki réttur aðili þessa máls. Telja varnaraðiljar, að þessi vörn komist að í málinu samkvæmt a-lið 208. gr. laga nr. 85/1936. Sóknaraðili, sem flytur mál sitt sjálfur, mótmælir því, að þessi vörn fái að komast að í málinu, þar sem hér sé um hreint víxilmál að ræða, og beri því að synja um hinn umbeðna frest, sem hann mótmælir, að verði veittur. Hann kveðst byggja aðild sína á handhöfn víxilsins samkvæmt 14. gr. víxillaganna nr. 93/1933.

Sú vörn varnaraðilja, að sóknaraðili sé ekki réttur aðili máls þessa, kemst að í máli þessu, sbr. a-lið 208. gr. laga nr. 85/1936. Eftir atvikum þykir því rétt að veita hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Hinn umbeðni frestur er veittur.

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 55/1962. **Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. hafnarsjóðs**

gegn

Geir H. Zoëga f. h. Marcel Lambregt, eiganda og útgerðarmanns b/v Marie José Rosette, O 285, og til réttargæzlu Geir H. Zoëga f. h. vátryggjanda og Geir Zoëga f. h. ábyrgðarvátryggjanda sama togara.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Óbærni til að hafa fyrirsvar aðilja í máli.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Martin Tómasson hafa kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða dómi til Hæstaréttar með kæru 23. marz 1962, er Hæstarétti barst 9. apríl s. á., og krafizt þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar, þeir Geir H. Zoëga og Geir Zoëga, krefjast þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Eigi er í ljós leitt, að varnaraðiljar kærumáls þessa séu bærir til að hafa á hendi fyrirsvar eiganda og vátryggjenda b/v Marie José Rosette, O 285, í málinu. Ber því að staðfesta hinn kærða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. hafnar-

sjóðs, greiði varnaraðiljum, Geir H. Zoëga og Geir Zoëga, kærumálskostnað, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 22. marz 1962.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 84. gr. einkamálalaga af bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum, Guðlaugi Gíslasyni f. h. Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, með stefnu, útgefinni 18. júní 1961, birtri 20. s. m., á hendur Geir H. Zoëga, Kirkjuteig 25, Reykjavík, sem umboðsmanni eiganda og útgerðarmanns belgiska togarans Marie José Rosette, O 285, Marcel Lambregt, Dr. Mareauxlaan 147, Ostende, Belgíu, og fyrir hans hönd til heimtu skaðabóta út af skemmdum af völdum nefnds togara á nyrðra hafnargarðinum í Vestmannaeyjum, en þar hafði togarann rekið upp að kvöldi þess 10. janúar 1961 og hann gereyðilagzt, en flakið síðan legið um langan tíma upp við garðinn og brotið hann niður. Dómkröfurnar nema kr. 2.900.000.00 samkvæmt matsgerð auk 8% ársvaxta frá 15. janúar 1961 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærsluþóknun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Einnig var Geir H. Zoëga stefnt til réttargæzlu vegna vátryggjanda togarans, Samenwerkende Verzekermgsmaatschapij „DE STER", Ostende, Belgíu. Svo var og stefnt til réttargæzlu Geir Zoëga forstjóra, Vesturgötu 10, Reykjavík, f. h. ábyrgðarvátryggjanda sama togara, West of England Steam Ship Owners Protection and Indemnity Association Ltd., London, England.

Mætt var í málinu af hálfu þeirra, sem stefnt var, Geirs H. Zoëga og Geirs Zoëga, og þær kröfur gerðar:

Af hálfu Geirs H. Zoëga, sem stefnt er fyrir eiganda Marie José Rosette, aðallega að málinu verði vísað frá dómi og honum dæmdur ríflegur málskostnaður að mati réttarins, en til vara var krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Af hálfu þeirra beggja, Geirs H. Zoëga og Geirs Zoëga, sem stefnt er fyrir hönd vátryggjenda og ábyrgðarvátryggjenda nefnds togara, eru gerðar kröfur til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfunni, og var

það atriði sótt og varið þann 13. þ. m. og lagt undir dóm eða úrskurð þann dag.

Frávísunarkrafan er byggð á eftirfarandi ástæðum, og eru þær settar fram í greinargerð stefndu í þessari röð:

I. Eiganda belgiska togarans, Marcel Lambregt, sem er heimilisfastur í Ostende, sé ekki skylt að hlíta varnarþingi hér á landi og íslenzkir dómstólar eigi ekki lögsögu í einkamáli á hendur honum. Er í því sambandi vísað til 66. gr. einkamálalaga.

II. Geir H. Zoëga sé ekki umboðsmaður togaraeigandans og hafi aldrei verið. Sé því heimildarlaust með öllu að stefna honum fyrir hans hönd.

Í sambandi við síðari ástæðuna upplýsti Geir H. Zoëga, að fyrirtækið Motorvesserij í Ostende hafi beðið hann að setja tryggingu fyrir landhelgissekt togarans og síðar annast um heimsendingu áhafnarinnar. Hins vegar hefði hann aldrei haft neitt samband við togaraeigandann sjálfan.

Hann kvaðst ekki heldur vera umboðsmaður fyrir vátryggjanda togarans og aldrei neitt samband við hann haft. Stefnueftirritin kvaðst hann hafa sent fyrirtækinu Motorvesserij, sem áður getur.

Geir Zoëga kvaðst vera „corresponding agent" fyrir ábyrgðarvátryggjanda togarans, sem beri nafnið The Shipowners Protection & Indemnity Association Ltd. í London, en heiti ekki, eins og segir í stefnu, West of England Steam Ship Owners Protection and Indemnity Association Ltd.

Stefndandi telur, að mál þetta megi reka fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 84. gr. einkamálalaga, þar eð krafa sín byggist á réttarbroti utan samninga. Tjónið á hafnargarðinum hafi hlotizt af því, að flak togarans var látið liggja kyrrt á strandstað. Hafi eiganda borið að sjá um, að það yrði fjarlægt, svo að það ylli ekki tjóni á mannvirkjum. Þetta hafi eigandinn vanrækt og þar með bakað sér skaðabótaábyrgð.

Einnig telur stefnandi, að Geir H. Zoëga hafi haft umboð til þess að taka við stefnu í málinu, enda hafi hann látið mæta fyrir hönd eiganda togarans við sjópróf út af strandi togarans og nokkrum dögum síðar við sjópróf út af skemmdum á hafnargarðinum. Svo hafi hann einnig mætt í málinu, tekið frest fyrir togaraeiganda og vátryggjanda og sett fram kröfur fyrir þeirra hönd bæði um efni máls og form. Taldi stefnandi af þessu leiða,

að óheimilt væri samkvæmt 97. gr. einkamálalaga að vísa málinu frá réttinum.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, var Geir H. Zoëga ekki umboðsmaður togaraeiganda hér á landi og hafði ekki fengið umboð frá honum til að taka við stefnu í málinu fyrir hans hönd. Ekki er heldur sannað, að hann eða Geir Zoëga hafi umboð til að taka við stefnu fyrir vátryggjendur. Málinu er því beint gegn umboðslausum aðiljum, og er málatilbúnaðurinn að því leyti rangur. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, hvort eigandi togarans og vátryggjandi hafi fengið nokkra vitneskju um málshöfðun þessa, og sjálfur kvaðst Geir H. Zoëga ekki hafa haft samband við þá. Þar við bætist, að ekki er sýnt fram á, að mál það, sem hér liggur fyrir, megi sækja fyrir íslenzkum dómstólum. Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, þykir því bera að vísa málinu frá réttinum.

Rétt þykir að ákveða, að stefnandi greiði stefndu kr. 5000.00 í málskostnað.

Dómsuppsaga hefur dregizt, vegna þess að einn dómenda veiktist, eftir að munnlegur málflutningur fór fram, og hefur legið þangað til í dag.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá réttinum.

Stefnandi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, greiði stefndu, Geir H. Zoëga og Geir Zoëga f. h. eiganda og vátryggjenda belgíska togarans Marie José Rosette, O 285, kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 57/1962. **Verkamannafélagið Dagsbrún**
gegn
Kassagerð Reykjavíkur h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Staðfestur úrskurður um synjun frávísunar máls frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. marz 1962, er barst Hæstarétti 11. apríl s.l. Hann krefst þess, að lögbannsgerð, er í málinu greinir, verði felld úr gildi, málinu verði vísað frá bæjarþingi og fógetadómi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði varnaraðilja, Kassagerð Reykjavíkur h/f, kærumálskostnað, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. þ. m., hefur Kassagerð Reykjavíkur h/f höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 24. júní 1961, gegn stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þeim Eðvarði Sigurðssyni formanni, Guðmundi J. Guðmundssyni varaformanni, Tryggva Emilssyni ritara, Tómasi Sigurþórssyni gjaldkera, Kristjáni Jóhannessyni fjármálaritara, Halldóri Björnssyni meðstjórnanda og

Hannesi M. Stephensen meðstjórnanda, öllum í Reykjavík, persónulega og fyrir hönd Verkamannafélagsins Dagsbrúnar in solidum til greiðslu á tjónbótum, að fjárhæð kr. 338.457.14 ásamt 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 21. júní 1961 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Þá er málið höfðað til staðfestingar á lögbanni, uppkveðnu að kröfu stefnanda á hendur stefndu af borgarfógetanum í Reykjavík hinn 21. júní 1961.

Stefndu hafa krafizt þess, aðallega að umrædd lögbannsgerð verði felld úr gildi og að málinu verði vísað frá fógetadómi og bæjarþinginu, en *til vara*, að umrædd lögbannsgerð verði úr gildi felld og stefndu verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna sérstaklega, og er málið hér nú eingöngu dæmt um þá hlið þess.

Málsatvik eru þessi:

Í maí- og júnímánuði 1961 var Verkamannafélagið Dagsbrún í verkfalli við atvinnurekendur. Stefnandi máls þessa rekur iðnfyrirtæki, og eru starfsmenn þess að mestu eða öllu leyti félagsmenn í félagi verksmiðjufólks, Iðju, en það félag var eigi í verkfalli á þessum tíma. Stefnandi hefur verksmiðjur við Skúlagötu og Kleppsveg hér í borg. Notaði fyrirtækið eigin vörubifreiðar til flutninga á efnivöru milli verksmiðjustaða þessara. Stefnandi taldi ökumenn bifreiðanna tilheyra félagsskap sínum, og á tímabilinu frá 29. maí til 21. júní hindruðu félagsmenn stefnda, „verkfallsverðir", að flutningar gætu farið fram með bifreiðunum milli verksmiðja stefnanda. Kom til einhverra átaka í þessu sambandi, og tókst „verkfallsvörðunum" að hindra flutningana að mestu eða öllu leyti. Hinn 21. júní s. á. fékk stefnandi sett á lögbann við þessum aðgerðum „verkfallsvarða", og er mál þetta höfðað til staðfestingar því lögbanni svo og til greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, er stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna aðgerðanna.

Stefnandi telur þessar aðgerðir gegn sér vera refsiverðan verknað, er stefndu sem fyrirsvarsmenn hins stefnda félags beri ábyrgð á. Aðgerðir þessar hafi algerlega verið ólöglegar. Stefnandi hafi ekki verið aðili að verkfalli því, er félag stefnda hafi verið í, og því hafi sér verið heimilt að halda áfram starfrækslu sinni með aðstoð starfsmanna sinna, sem ekki hafi verið í verkfalli.

Stefndi styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, að stefnandi byggi málshöfðun sína í málinu eingöngu á refsiverðum aðgerðum „verkfallsvarðanna". Kæra um það atriði hafi farið fyrir lögregluyfirvöld, en saksóknari ríkisins hafi ekki fyrirskipað frekari aðgerðir af hálfu ákæruvaldsins gegn mönnum þeim, er að aðgerðunum stóðu. Þessi úrlausn saksóknara ríkisins sé res judicata fyrir þennan dómstól. Eftir standi því það atriði, hvort aðgerðirnar séu lögmætar aðgerðir í verkfalli. Ökumenn vörubifreiða atvinnufyrirtækja lúti kjarasamningum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Stefnandi hafi látið aðra starfsmenn sína, sem ekki eru félagsmenn Dagsbrúnar, ganga í störf vörubifreiðarstjóranna. Aðgerðir „verkfallsvarðanna" hafi því eingöngu beinzt að því að hindra þær aðgerðir. Þetta atriði eigi því samkvæmt 44. gr., 1. tölul., laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur undir úrskurðarvald félagsdóms.

Stefnandi, sem krafizt hefur þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, byggir þá kröfu sína á því, að verkfall Dagsbrúnar hafi ekki komið stefnanda við. Þeir tveir menn, sem í verksmiðju hans vinni og lúti kjarasamningi Dagsbrúnar, hafi strax í upphafi verkfallsins fellt niður vinnu. Aðgerðir „verkfallsvarðanna" hafi því verið algerlega ólöglegar og brot á refsilögum. Beri stefndu fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir af þeim sökum. Úrlausn þessa atriðis eigi undir úrskurðarvald almennra dómstóla. Skipti í því sambandi eigi máli, þó ákæruvaldið hafi ekki fyrirskipað frekari aðgerðir um refsingu á hendur mönnum, sem að aðgerðunum stóðu. Sú ákvörðun ákæruvaldsins hindri stefnanda eigi í því að höfða skaðabótamál vegna hinna ólögmætu aðgerða.

44. gr., 1. tölul., laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir verkefni Félagsdóms vera að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögunum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. Deiluefni aðilja í máli þessu takmarkast við það, hvort aðgerðir þær, sem hér að framan hefur verið lýst, hafi verið lögmæt eða ólögmæt réttarvarzla af hálfu „verkfallsvarðanna" og um hugsanlega skaðabótaskyldu vegna tjóns, er af þeim kann að hafa orðið. Eigi verður talið, að ágreiningsefni þetta falli undir verkefni Félagsdóms, heldur verður það talið eiga undir úrskurðarvald hinna almennu dómstóla. Afstaða ákæruvaldsins um að fella niður refsiábyrgð vegna hinna margnefndu aðgerða er eigi því til hindrunar, að þessi dómstóll leggi úrlausn á sakarefnið. Verður því frávísunarkrafa

stefndu eigi til greina tekin.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa stefndu verður eigi til greina tekin.

Miðvikudaginn 16. maí 1962.

Nr. 89/1960. **Sigurjón Guðmundsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Félagi vatnsvirkja
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 28.202.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurjón Guðmundsson, greiði stefnda,

Félagi vatnsvirkja, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Sigurjón Guðmundsson pípulagningamaður, Ránargötu 10 hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 1. apríl 1958, gegn Félagi vatnsvirkja hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 28.202.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu og hæfilegs málskostnaðar, en *til vara* stórkostlegrar lækkunar á fjárhæð þeirri, sem krafizt er, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Með verksamningi, dags. 20. september 1956, milli stefnanda og félaga hans, Jóns S. Jónssonar, annars vegar og stefnda hins vegar tókust stefnandi og greindur félagi hans á hendur að framkvæma í svonefndu Navy Hangar á Keflavíkurflugvelli „uppsetningu á 5 hitablásurum ásamt leiðslum og blikkleiðslum, sem F. V. hefur tekið að sér uppsetningu á á þessari hæð, ásamt öllu því tilheyrandi. Einangrun undanskilin ....", eins og í verksamningnum greinir. Verkið skyldi unnið fyrir kr. 45.000.00. Aðrir skilmálar um framkvæmd verksins, svo sem tímaákvarðanir varðandi upphaf þess og lok og víti, ef út af brygði, eru ekki greind í samningnum. Verk þetta var í þágu varnarliðsins, og framkvæmd þess liður í heildarverksamningi milli þess annars vegar og Sameinaðra verktaka hins vegar. Var stefndi deild í Sameinuðum verktökum og hafði gert tilboð í hluta framkvæmdanna samkvæmt heildarverksamningnum, en svo aftur ráðstafað broti af þeim framkvæmdum til stefnanda og félaga hins með áðurgreindum verksamningi. Haustið 1956 mun varnarliðið hafa dregið mjög úr framkvæmdum sínum á flugvellinum vegna breytts viðhorfs íslenzkra stjórnvalda til áframhaldandi dvalar þess í landinu. Voru þá ýmsar framkvæmdir á þess vegum, sem hafnar voru, stöðvaðar, m. a. verk það, er stefnandi og félagi hans höfðu tekizt á hendur. Var framkvæmd þessi stöðvuð 15. október 1956. Mun verkið þá hafa verið á byrjunarstigi, og höfðu þeir félagar fengið greitt fyrir það kr. 2.787.55. Þrátt fyrir stöðvun á framkvæmd verksins hurfu þeir félagar ekki úr þjónustu stefnda. Sést á yfirliti um kaupgreiðslur til þeirra, sem stefndi hefur lagt fram, dskj. 12, að stefnandi hefur

unnið á vegum stefnda til 19. janúar 1957, en félagi hans til 12. desember 1956. Hafa kaupgreiðslur til stefnanda á þessu tímabili, 24. september '58 til 19. janúar '57, numið samtals kr. 21.132.25. Kveðst stefnandi ekki muna til þess, að hann hafi unnið hjá öðrum á þeim tíma. Haustið 1957 mun aftur hafa komið skriður á varnarliðsframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. M. a. mun þá verki því, sem hér er til álita, hafa verið framhaldið og lokið. Nákvæmrar tímaákvörðunar þetta varðandi nýtur ekki í málinu. Stefnanda mun ekki hafa verið gefinn kostur á að ljúka verkinu, enda var það ekki unnið á vegum stefnda, sem þá hafði hætt starfsemi. Hafði nú svo skipazt, að aðalverktökum hafði af varnarliðsins hálfu verið falið að sjá um þær framkvæmdir, sem stöðvaðar höfðu verið haustið 1956. Var margnefnt verk þar á meðal. Fólu Aðalverktakar nýju fyrirtæki, Vatnsvirkjadeildinni h/f, hluta þess, en munu sjálfir hafa annazt framkvæmd þess að nokkru leyti.

Stefnandi kveður þá félaga hafa leitað eftir því að fá að ljúka hinu umsamda verki, en eigi sést af gögnum málsins, hvenær eða að hverjum aðilja þeim tilmælum var beint. Telur stefnandi, að með því að þeim félögum hafi eigi gefizt kostur á að ljúka verkinu og efna þar með verksamninginn að sínu leyti, eigi þeir rétt til bóta úr hendi stefnda. Bæturnar telur stefnandi eiga að nema þeirri fjárhæð, sem krafizt er í málinu. Hefur hann fengið framsal Jóns S. Jónssonar, að því er tekur til hans hluta bótakröfunnar, en Jón mun fluttur búferlum af landi burt. Ritaði stefnandi stefnda bréf hinn 27. desember 1957 til heimtu þessara bóta. Svaraði stefndi því bréfi hinn 14. janúar 1958 og synjaði bóta. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning, er á að sýna, hvernig fjárhæð bótakröfunnar er fengin fram. Lítur þessi reikningur þannig út:

Ákvæðisvinnuupphæð		kr. 45.000.00
Unnið fyrir	kr. 2.787.55	
Áætluð vinna við blikkstokka, 2 menn í 22 daga, 560/40 á dag	— 12.328.80	
Áætluð vinna við að ljúka gufulögn, 2 menn í 3 daga, 560/40 á dag ..	— 1.631.20	
Mismunur	— 28.202.45	
	kr. 45.000.00	kr. 45.000.00

kr. 28.202.45

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að óviðráðanleg atvik, þ. e. stöðvun varnarliðsframkvæmda á Keflavíkurfugvelli, m. a. þeirra, er um ræðir, hafi gert honum ókleift að efna verksamninginn við stefnanda. Stefnandi hafi verið búinn að vinna mikið á vegum fyrirtækisins að varnarliðsframkvæmdum á þessum tíma og honum hafi verið fullkunnugt um það, ekki síður en öðrum verktökum þar syðra, að varnarliðinu var heimilt að stöðva fyrirvaralaust öll verk, sem unnin voru á vegum þess, án þess að til kæmu sérstakar bætur. Hin óviðráðanlegu atvik og kunnugleiki stefnanda á því, að til þess gæti komið,. að varnarliðið stöðvaði framkvæmdir á flugvellinum hafi valdið því, að verksamningur aðiljanna féll úr gildi sjálfkrafa, strax og framkvæmdir samkvæmt honum voru stöðvaðar, enda hafi stefnandi þá engum mótmælum hreyft, en tekið við öðrum verkefnum úr hendi stefnda og þegið fyrir góð laun.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að þótt ekki yrði á framangreind rök fallizt, hefði stefnandi allt að einu með aðgerðarleysi sínu firrt sig öllum rétti til bóta, þar sem hann hafi ekki einasta þegið umyrðalaust aðra vinnu af stefnda, er honum var fyrirmunað að efna verksamninginn, heldur látið með öllu hjá líða að hreyfa mótmælum fyrr en á síðari hluta árs 1957.

Umræddur verksamningur var, eins og áður greinir, undirritaður 20. september 1956, en framkvæmd verksins stöðvuð 15. október s. á. Hvað á milli málsaðilja fór í því sambandi greina gögn málsins ekki, en eigi verður séð, að stefnandi hafi þá gert neinn áskilnað um bætur. Þvert á móti tók hann þá til við önnur störf hjá stefnda og vann síðan samfellt á hans vegum næstu þrjá mánuði, til 19. janúar 1957. Eigi verður heldur séð, að stefnandi hafi hreyft mótmælum eða áskilið sér rétt til bóta af umræddu tilefni, er hann hvarf úr þjónustu stefnda hinn 19. janúar 1957. Gegn mótmælum stefnda hefst hann sannanlega ekki handa um gæzlu ætlaðs réttar síns fyrr en með bréfi því, er hann ritaði stefnda 27. desember 1957 og áður greinir, 14 mánuðum eftir að samningsverkið var stöðvað og 11 mánuðum eftir að hann hvarf úr þjónustu stefnda. Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, þykir stefnandi hafa firrt sig rétti til að krefjast bóta úr hendi stefnda af því tilefni, sem málið fjallar um, og ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að krafa stefnanda er mjög vanreifuð, þar sem hvorki verður ráðið af reikningi þeim, er áður var greindur, né öðrum sóknargögnum, hvernig bótafjárhæðin, sem krafizt er greiðslu á, er hugsuð. Innti dómarinn lögmenn stefnanda skýringar á þessu við munnlegan flutning málsins, en lögmaðurinn taldi sig þess ekki umkominn að skýra kröfugerðina. Auk þessa galla á málatilbúnaði stefnanda er krafa hans einnig að öðru leyti vanreifuð. Þykir þó hvorki ástæða til þess að víkja frekar að þessum göllum né heldur láta þá varða frávísun málsins, þar eð kröfufjárhæðin kemur ekki til álita, vegna þess hver úrslit málsins verða.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Í máli þessu er stefndi, Félag vatnsvirkja, sýkn af kröfum stefnanda, Sigurjóns Guðmundssonar. Hvor aðili beri sjálfur kostnað sinn af málinu.

Miðvikudaginn 23. maí 1962.

Nr. 146/1961. **Heilbrigðismálaráðherra**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Aage Schiöth og gagnsök
(Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Árni Tryggvason og prófessorarnir Ármann Snævarr, Ólafur Jóhannesson og Theodór B. Líndal.

Svipting lyfsöluleyfis úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1961, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 15. september 1961 og fengið gjafsóknarleyfi 10.

nóvember s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að sú ráðstöfun ráðherra með bréfi 23. maí 1958 að svipta gagnáfrýjanda lyfsöluleyfi á Siglufirði frá 1. september s. á. verði dæmd ógild frá öndverðu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál þar, þar á meðal laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti.

Fallast má á það með héraðsdómara, að ákvörðun um að svipta gagnáfrýjanda til fullnaðar leyfi því til lyfsölu á Siglufirði, er konungur veitti honum 2. apríl 1928, beri undir forseta lýðveldisins. Af því leiðir, að ráðherra brast heimild til þeirrar sviptingar leyfisins, er hann framkvæmdi með bréfi 23. maí 1958, og verður hún því dæmd ógild frá upphafi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði samtals kr. 19.000.00, og hljóti gagnáfrýjandi þar af kr. 9000.00, en talsmaður hans fyrir Hæstarétti kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Framangreind leyfissvipting er ógild.

Í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði kr. 19.000.00, og hljóti gagnáfrýjandi, Aage Schiöth, þar af kr. 9.000.00, en talsmaður hans fyrir Hæstarétti, Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmaður, kr. 10.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1961.

Mál þetta var tekið til dóms í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 31. júlí 1959, af Aage Schiöth, Siglufirði, gegn heilbrigðismálaráðherra Íslands. Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að staðfest verði með dómi, að svipting lyfsöluleyfis Aage Schiöth, sem fram fór með bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins (Heilbrigðismálaráðuneytisins), dags. 23. maí 1958, sé ógild og að Heilbrigðismálaráðuneytið verði dæmt til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 2. apríl 1928 fékk stefnandi konungsleyfi til að setja á stofn og reka lyfsölu á Siglufirði. Fer hér á eftir útdráttur úr leyfisbréfinu, sem lagt hefur verið fram í málinu í frumriti:

„Vjer Christian hinn Tíundi
af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

GJÖRUM KUNNUGT: að Vjer samkvæmt þegnlegri umsókn og beiðni og málavöxtum, er Vor dómsmálaráðherra hefur borið upp fyrir Oss, allramilldilegast höfum leyft og veitt svo og hérmeð veitum og leyfum, að cand. pharm. Aage Riddermann Schiöth megi setja á stofn lyfjabúð á Siglufirði og reka þar lyfjaverzlun, og er þetta leyfi bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Leyfið gildir fyrir leyfishafa sjálfan, en ekki fyrir erfingja hans.

2. Ef leyfishafi hættir að nota leyfið, þá verður það auglýst laust til umsóknar, en þeim, er leyfið hlýtur, verður þá gert að skyldu að kaupa af honum eða búi hans þær lyfjabirgðir og áhöld, sem til eru, og fer um þau kaup eftir reglum, er ráðuneytið setur.

3. Að leyfishafi sé skyldur til þess ávallt að hafa nægar birgðir af öllum vörum, sem tilfærðar eru í hinni íslenzku lyfsöluskrá, svo og að hafa húsakynni og áhöld í því lagi, er heilbrigðisstjórnin telur viðunandi.

— — — —

Að öðru leyti ber leyfishafa að haga sér eftir ákvæðum þeim, er sett hafa verið eða sett verða um lyfsala á Íslandi og sölu í lyfjabúðum, svo og eftir gildandi lyfsöluskrám og eiði þeim, er honum ber að vinna.

Brjóti lyfsalinn áfengisbannlögin eða reglugjörðir um áfengissölu, getur ráðuneytið þegar svipt hann lyfsöluleyfinu.

Ber honum, ef ágreiningur rís upp um skilning á þessu Voru konunglega leyfisbréfi, að hlíta úrskurði ráðuneytisins þar um í öllum greinum.

Gefið á Amalíuborg, 2. apríl 1928.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli
Cristian R.

Jónas Jónsson.

.....“

Í máli þessu hefur verið lagt fram bréf frá landlækni, Vilmundi Jónssyni, til stefnanda, dagsett 24. júlí 1948. Í bréfi þessu segir m. a.:

„Hér með samrit af mér sendri eftirlitsgerð eftirlitsmanns lyfjabúða, dags. 19. þ. m., þar sem hann gerir grein fyrir niðurstöðum athugana sinna við eftirlitsheimsókn í lyfjabúð yðar hinn 21. og 22. júní síðastliðinn.

Vænti ég að þér, herra lyfsali, kynnið yður sem allra bezt athugasemdir eftirlitsmannsins, takið þær til greina og kappkostið að ráða sem allra fyrst bætur á misfellunum.

.....“

Þá hafa verið lögð fram skjöl (í afritum nema annars sé getið):

Bréf landlæknis frá 5. október 1949, sama efnis og nýnefnt bréf í því, er hér skiptir máli.

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða, Ívars Daníelssonar, til landlæknis frá 25. september 1950, þar sem sagt er, að bréfinu fylgi eftirlitsgerð þess árs um skoðun Siglufjarðar Apóteks. Sérstaklega er vakin athygli á átta atriðum, sem eftirlitsmaðurinn taldi, að væri ábótavant.

Bréf landlæknis til stefnanda frá 26. september 1950. Þar er vikið að nýnefndri eftirlitsgerð og síðan sagt m. a.:

„Eins og eftirlitsgerðin ber með sér, er enn um svo alvarlegar misfellur að ræða á rekstri lyfjabúðar yðar og svo lítil viðleitni sýnd við að bæta úr því, sem aflaga fer, að stórlega verður að átelja. Væri mér, ef til vill, skylt að afhenda málið nú þegar ráðuneytinu til frekari aðgerða í því skyni að koma fram ábyrgð á hendur yður fyrir vítaverða vanrækslu í starfi, og það hlýt ég að gera, ef þér gerið ekki tafarlaust ráðstafanir til að bæta úr alvarlegustu misfellunum og látið ekki staðar numið, unz lyfjabúðinni og rekstri hennar er komið í æskilegt horf.“

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða til landlæknis frá 21. október 1950, þar sem segir, að landlækni sé eftir ósk hans send ýmis gögn varðandi Siglufjarðar Apótek.

Skjal, dagsett sama dag. Það ber fyrirsögnina: „Almennt yfirlit um niðurstöður eftirlitsgerða undanfarinna þriggja ára um skoðun Siglufjarðar Apóteks“ og er undirritað af eftirlitsmanninum. Í upphafi segir, að við fyrstu skoðun eftirlitsmannsins 1948 hafi honum fljótlega orðið ljóst, að alvarlegar misfellur

væri að finna á rekstri lyfjabúðarinnar. Er síðan um málið fjallað og í niðurlagskafla skjalsins segir eftirlitsmaðurinn þá skoðun sína, „að rekstri Siglufjarðar Apóteks hefur a.m.k. undanfarin þrjú ár verið einkar ábótavant". Þá segir: „Svo lítil viðleitni hefur verið sýnd undanfarið á því að bæta úr því, sem að hefur verið fundið við skoðun lyfjabúðarinnar, að stórlega verður að átelja, og verður jafnvel ekki hjá því komizt að efast um starfshæfni lyfsala á pörtum". Enn segir: „Að endingu vil ég taka fram, að bregðist lyfsali ekki þegar í stað við og bæti úr téðum misbrestum á rekstri lyfjabúðar sinnar, lít ég svo á, að ekki verði hjá því komizt, að ráðuneytinu verði fengið málið til viðeigandi aðgerða."

Áminningarbréf frá landlækni til stefnanda frá 24. október 1950.

Greinargerð frá landlækni til Dómsmálaráðuneytisins frá 11. nóvember 1950. Í greinargerð þessari og áminningarbréfinu frá 24. október kemur fram, að stefnandi hefur ritað landlækni 30. september 1950 og sent ráðherra endurrit. Þá kemur fram, að hann hefur enn ritað landlækni 2. nóvember. Telur landlæknir brýna nauðsyn bera til aðgerða vegna framkomu stefnanda.

Bréf landlæknis til Dómsmálaráðuneytisins frá 16. marz 1951, þar sem hann ítrekar nauðsyn þess, að stefnanda verði veitt áminning.

Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til stefnanda, dagsett 16. júní 1951, þar sem segir m. a.:

„Ráðuneytið telur aðfinnslurnar við rekstur Siglufjarðar Apóteks á rökum byggðar og kemst eigi hjá því að víta mjög ákveðið viðbrögð yðar við ábendingum lyfjabúðaeftirlitsins og landlæknis og hlýtur jafnframt að krefjast þess, að nú þegar verði hafizt handa um að bæta úr þeim misfellum, sem enn hafa eigi verið lagfærðar, þannig að verulegan árangur megi sjá við næstu eftirlitsgerð hjá Siglufjarðar Apóteki."

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða til landlæknis frá 17. ágúst 1951, þar sem segir, að send sé eftirlitsgerð. Síðan eru gerðar sérstaklega ýmsar athugasemdir. Segir þar m.a., að mikið skorti á fullnægjandi úrbætur, en margt sé í betra horfi en áður.

Bréf landlæknis til stefnanda frá 28. ágúst 1951. Er þar brýnt fyrir stefnanda að bæta úr því, sem ábóta vant var talið, og því beint til hans, að hann geri skriflega grein fyrir fyrirætlunum sínum í þessu efni.

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða til landlæknis frá 12. ágúst 1952,

þar sem segir, að send sé eftirlitsgerð. Almennar athugasemdir eru gerðar. Segir þar, að lítil breyting virðist hafa orðið á rekstri lyfjabúðarinnar undanfarið ár, en ýmsar umbætur muni vera á döfinni. Þá kemur fram, að stefnandi hefur sótt um undanþágu frá fyrirmælum um búnað og rekstur lyfjabúðarinnar.

Bréf landlæknis til stefnanda frá 13. ágúst 1952. Segir þar, að send sé eftirlitsgerð o. fl. Þá er sagt m. a. um undanþágubeiðni stefnanda: „Mun ég að sjálfsögðu taka slíkt til vinsamlegrar athugunar, þegar þér hafið skýrt mér frá því, hverjar þær einstöku undanþágur eru, sem þér æskið. Í móti er þess vænzt, að þér sýnið viðleitni við að lagfæra a.m.k. þær misfellur á starfrækslu lyfjabúðar yðar, sem ekki hafa umtalsverðan kostnað í för með sér. En samkvæmt meðfylgjandi eftirlitsgerð eru auðsjáanlega á því miklir misbrestir."

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða frá 28. júlí 1953, þar sem segir, að send sé eftirlitsgerð. Þá segir, að ekki virðist hafa orðið breyting til batnaðar á rekstri lyfjabúðarinnar, og telur eftirlitsmaðurinn honum svo áfátt, að stórlega verði að átelja.

Bréf landlæknis til stefnanda frá 30. júlí 1953, þar sem hann er enn áminntur.

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða til landlæknis frá 24. ágúst 1954. Þar segir, að send sé eftirlitsgerð. Einnig segir m. a.:

„Sé ég ekki aðra lausn á, en að heilbrigðisstjórnin verði að grípa hér í taumana, áður en í fullkomið óefni er komið, og þá helzt með þeim hætti, að lyfsala verði gefinn stuttur frestur, t. d. til n.k. áramóta, til að koma færslum fyrirskipaðra bóka í viðunandi horf svo og öðru, sem fyrirhafnarlítið er að kippa í lag, en að lengri frestur verði gefinn til að koma húsakynnum og búnaði í það horf, sem mælt er fyrir um í auglýsingu nr. 197 19. sept. 1950 um búnað og rekstur lyfjabúða.

Án þessarar íhlutunar heilbrigðisstjórnarinnar álít ég tilgangslaust að gerðar séu fleiri eftirlitsferðir í lyfjabúðina, og segi ég mig jafnframt úr allri ábyrgð, sem af því kann að hljótast, ef ekkert verður aðhafzt í þessum efnum."

Bréf landlæknis til stefnanda frá 2. september 1954, þar sem segir, að send sé eftirlitsgerð o. fl. og að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu til sérstakra aðgerða ráðuneytisins.

Bréf landlæknis til Dómsmálaráðuneytisins frá 3. september 1954, þar sem gerðar eru tillögur um vissar aðgerðir.

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða til landlæknis frá 2. júní 1955.

Þar sem segir m. a., að eftirlitsmaðurinn telji tilgangslaust að gera fleiri eftirlitsferðir í lyfjabúð stefnanda, nema til komi íhlutun ráðuneytisins.

Áminningarbréf landlæknis til stefnanda frá 3. september 1956.

Bréf eftirlitsmanns lyfjabúða til landlæknis frá 7. september 1956, þar sem hann gerir grein fyrir skiptum sínum við stefnanda. Kemur þar fram, að ekki hefur verið farin eftirlitsferð í lyfjabúð stefnanda á árunum 1955 og 1956, og telur eftirlitsmaðurinn, að hraða þurfi aðgerðum.

Bréf landlæknis til Dómsmálaráðuneytisins frá 10. september 1956. Segir þar frá umkvörtunum héraðslæknisins á Siglufirði og forseta bæjarstjórnar þar varðandi lyfjabúðina. Þá er málið rakið nokkuð og sagt í niðurlagi bréfsins: „Ég beini því til ráðuneytisins að taka upp mál lyfsalans á Siglufirði, þar sem það var látið niður falla fyrir tveimur árum ....“

Eftirlitsgerð og álitsgerð um skoðun Siglufjarðar Apóteks dagana 25. febrúar til 3. marz 1958. Gerðirnar eru lagðar fram í afriti, en frumrit hafa verið sýnd í réttinum og fylgja þeim fylgigögn, þ. á m. myndir, sem ekki eru í afritunum. Gerðirnar eru undirritaðar af Ívari Daníelssyni og Erling Edwald. Í niðurlagi álitsgerðar þeirra segir:

„Viljum við ljúka álitsgerð þessari með því að lýsa því yfir, að við erum sammála um, að rekstur lyfjabúðarinnar sé í slíkum ólestri, að teflt sé á tæpasta vað um öryggi almennings, ef sama áframhald verður á rekstri lyfjabúðarinnar, og teljum við því brýna nauðsyn bera til, að ráðuneytið láti málið til sín taka og geri þegar í stað viðeigandi ráðstafanir, er tryggja megi viðunandi rekstur lyfjabúðarinnar til frambúðar.“

Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til stefnanda, dagsett 28. marz 1958 (frumrit): Í bréfinu segir:

„Hér með sendist yður, herra lyfsali, til athugunar skoðunar- og álitsgerð dr. Ívars Daníelssonar, eftirlitsmanns lyfjabúða, og Erlings Edwalds cand. pharm., er þeir hafa gert að lokinni skoðun Siglufjarðarapóteks, sem þeir framkvæmdu samkvæmt fyrirlagi ráðuneytisins.

Vill ráðuneytið með vísun til álitsgerðarinnar, sbr. og fyrri kröfur ráðuneytisins og eftirlitsmannsins um úrbætur á rekstri lyfjabúðarinnar, gera yður þess kost að segja lyfsöluleyfinu á Siglufirði lausu tafarlaust. Mun ráðuneytið, ef þér fallizt eigi

á að taka þann kost, verða að gera þær ráðstafanir gagnvart yður, sem efni standa til.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller."

Bréf stefnanda til ráðuneytisins frá 1. apríl 1958. Þar segir: „Mér hefur borizt eftirlitsgerð um skoðun Siglufjarðar apóteks, dags. 25. febrúar til 3. marz 1958, ásamt álitsgerð. Álitsgerð þessari fylgja 17 myndir, sem flestar eru af kjallarageymslu, þar sem komið hefur verið fyrir efnavörum, er ég tel að mestu ónothæfar til framleiðslu á lyfjum og því verið teknar úr umferð.

Mun ég innan skamms senda ráðuneytinu athugasemdir við umræddа skoðunargerð, sem ég tel, að sé vægast sagt algjörlega röng og villandi sem heimildarrit um rekstur lyfjabúðarinnar.

Þá hefur mér einnig borizt bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 28. marz, og leyfi mér að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að mér verði veittar upplýsingar um, við hvaða lagaákvæði er stuðzt í umræddu bréfi."

Bréf stefnanda til heilbrigðismálaráðherra frá 3. maí 1958. Þar segir m. a.:

„Ég skal taka fram, að ég hefi mótmælt skoðunargerðinni og segi ekki af mér." Þá eru bornar fram athugasemdir varðandi starfsskilyrði.

Bréf Lárusar Jóhannessonar hrl. til heilbrigðismálaráðherra, dagsett 23. maí 1958. Í bréfinu er þess getið, að stefnandi hafi svarað athugasemdum í skoðunargerðinni 1958 að nokkru leyti með bréfi 12. apríl. Þess er ennfremur getið, að með skjali, dagsettu 1. maí, hafi þeir, sem skoðunina gerðu, gert athugasemdir við svörin. Ekki hafa þessi skjöl verið lögð fram í málinu. Þá segir í bréfinu, að lögmaðurinn hafi fengið frest til að gera athugasemdir, áður en teknar séu ákvarðanir um ráðstafanir, en sá frestur sé í knappasta lagi vegna starfa hans. Kveðst lögmaðurinn því ekki hafa getað sent stefnanda afrit af fyrrnefndu svari frá 1. maí og tekur fram, að athugasemdirnar í bréfi hans séu samdar án samráðs við stefnanda.

Lögmaðurinn gerir þessu næst lögfræðilegar athugasemdir. Síðan víkur hann að eftirliti með lyfjabúðum og ýmsum atriðum, sem varða þá menn, er koma við mál stefnanda. Þá gerir lögmaðurinn margvíslegar athugasemdir við skoðunargerðina frá 1958. Í niðurlagi bréfsins segir:

„Ég hef nú farið nokkuð yfir skoðunargerðina og þykist hafa

glögglega sýnt fram á, að þar gæti lítillar sanngirni. Ef ég hefði haft betri tíma og getað haft samband við umbjóðanda minn, myndi ég hafa tekið mörg fleiri atriði til athugunar.

Ég vona þó, að það, sem ég hef tekið fram, nægi til þess að sannfæra yður, herra ráðherra, um, að yfirsjónir umbjóðanda míns eru stórum minni en eftirlitsmaður lyfjabúða vill vera láta og að það geti bakað ríkissjóði mikla skaðabótaábyrgð, ef hlaupið er í það að víkja umbjóðanda mínum frá starfi, þó ekki verði nema um stundarsakir, án þess að gefa honum færi á að lagfæra það, sem með réttu kann að teljast ábótavant við lyfjabúðarrekstur hans."

Þess er að geta, að í stefnu eru eftirfarandi ummæli lögmannsins:

„Heilbrigðisstjórninni hafði verið tilkynnt, að ég myndi senda henni frekari athugasemdir við skoðunargerð þeirra dr. Ívars Daníelssonar og Erlings Edwalds, og fékk ég frest til þess til 23. maí 1958.

Þann dag afhenti ég ráðuneytinu 17 fyrstu blaðsíðurnar af bréfi, dagsettu s. d., alls 22 folio-síður að stærð, þar sem bæði var farið út í lagahlið þessa máls og gerðar veigamiklar athugasemdir við skoðunargerðina.

En *einmitt þennan sama dag* (23. maí 1958) og sýnilega án þess að hafa lesið bréf mitt sendi ráðherrann umbjóðanda mínum eftirfarandi bréf ...." Er síðan tekið upp úr bréfi því, sem nú mun að vikið.

Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 23. maí 1958 til stefnanda (í frumriti). Þar segir:

„Í framhaldi af bréfi ráðuneytisins, dags. 28. marz s.l., til yðar, herra lyfsali, þar sem yður er gerður kostur þess að segja lausu lyfsöluleyfinu á Siglufirði, svo og með hliðsjón af andsvörum yðar, þar sem fram kemur, að þér óskið ekki að taka þann kost, þá vill ráðuneytið hér með úrskurða eftirfarandi:

Með hliðsjón af áminningarbréfi ráðuneytisins til yðar, dags. 16. júní 1951, svo og áminningum landlæknis og eftirlitsmanns lyfjabúða um árabil fyrir og eftir þann tíma, svo og með hliðsjón af niðurstöðu eftirlits- og álitsgerðar dr. Ívars Daníelssonar og Erlings Edwalds lyfjafræðings, er fram fór 25. febr.—3. marz s.l., og andsvörum yðar í bréfi, dags. 12. þ. m., og með skírskotun til 25. gr. tilskipunar um lækna og lyfsala frá 4. des. 1672, þá eruð þér hér með sviptur lyfsöluleyfi í Siglufirði frá 1. september n.k. að telja."

Útdráttur úr bréfi Lárusar Jóhannessonar hrl. til stefnanda, dagsettu 30. maí 1958. Þar segir m. a., að lögmaðurinn hafi 25. maí fengið afrit bréfs ráðuneytisins frá 23. maí. Þá er það haft eftir deildarstjóra ráðuneytisins, að nýnefnt bréf hafi að vísu verið ritað, áður en bréf lögmannsins frá 23. maí væri lesið, en ekki sent úr stjórnarráðinu, fyrr en eftir að ráðherrann átti aðgang að því.

Bréf Lárusar Jóhannessonar hrl. til Heilbrigðismálaráðuneytisins frá 28. ágúst 1958. Þar segir:

„Aage Schiöth, lyfsali á Siglufirði, hefur beðið mig að tilkynna yður, að hann álíti sviptingu á lyfsöluleyfi hans algerlega ólöglega.

Hann mun sem löghlýðinn borgari haga sér, eins og um löglega sviptingu væri að ræða, gagnvart hinum nýja leyfishafa, en í því felst engin viðurkenning á réttmæti leyfissviptingarinnar.

Áskilur hann sér rétt til að fá leyfissviptinguna ógilta með dómi og til skaðabóta á hendur ríkissjóði fyrir allt það tjón, sem leyfissviptingin hefur valdið honum og á eftir að valda honum, ef hún reynist ólögleg að mati dómstólanna."

Dómkröfur þær, sem gerðar eru af hálfu stefnanda, eru studdar þeim rökum,

1) að það hafi ekki verið á valdi ráðherra, heldur forseta Íslands eins að svipta stefnanda lyfsöluleyfi hans,

2) að stefnandi hafi fengið ónógar aðvaranir og honum ekki gefizt nægilegur kostur á að bæta úr misfellum í rekstri lyfjabúðar sinnar,

3) að stefnanda hafi ekki verið gefið viðhlítandi færi á að tala máli sínu, áður en til sviptingar kom.

Um 1. atriðið er það sagt af hálfu stefnanda, að lyfsala verði að telja opinbera sýslunarmenn samkvæmt íslenzkum lögum. Því til stuðnings er bent á, að í tilskipun um lækna og lyfsala frá 4. desember 1672, 11. atriði, segir: „Enginn má .... halda nokkra lyfjabúð, nema hann hafi þar til allranáðugast leyfisbréf Vort og hafi unnið Oss eið ....." Þá er því haldið fram, að sá háttur hafi verið á áður fyrr, að lyfsalar hafi fengið ókeypis húsnæði og jarðnæði, og innanstokksmuni í búð þeirra hafi ríkið átt til 1834. Með Rentukammersbréfi frá 26. apríl þess árs hafi lyfsala verið heitið húsaleigustyrk og hann þá nefndur embættismaður, þó að sama stjórnardeild segi ári síðar, að lyfsalinn sé ekki konunglegur embættismaður. Lyfsalar hafi sótt um lausn frá starfinu, eins og embættismenn, og verið veitt

hún. Þá hafi borið við, að nýjum lyfsala hafi verið gert að greiða fráfarandi lyfsala eða ekkju hans eftirlaun. Sérstakt leyfi þjóðhöfðingjans, eiður eða heit og kröfur um sérstaka þekkingu hafi jafnan haldizt, og verði því að telja lyfsala opinbera sýslunarmenn. Sama niðurstaða fáist, þegar athuguð séu ákvæði um þagnarskyldu lyfsala í 24. atriði tilskipunarinnar frá 1672 og í 2. tölulið 94. gr. laga nr. 27/1951. Einnig verði að telja, að hliðstætt ákvæði í 3. tölulið 126. gr. laga nr. 85/1936 taki til lyfsala. Það styðji og þessa niðurstöðu, að staða lyfsala sé á ýmsan annan hátt en að framan er greint svipuð stöðu fastra starfsmanna ríkisins. Þar á sé sá munur helztur, að lyfsalar taki ekki föst laun, en reki lyfjabúðir sínar á eigin ábyrgð og áhættu. Þeir séu hins vegar í ríkum mæli háðir eftirliti og fyrirmælum stjórnvalda og hafi ríka þörf fyrir vernd gegn brottvikningu án nægra saka vegna atvinnuhagsmuna sinna, og þá ekki sízt vegna þess, að miklir fjármunir séu bundnir í lyfjabúðunum.

Þá er því haldið fram, að af því, að lyfsala beri að telja opinbera sýslunarmenn, leiði, að um sviptingu lyfsöluleyfis verði að fara eftir sömu reglum og beita skal, þegar embættismönnum eða öðrum starfsmönnum ríkisins er vikið frá störfum.

Á þessum grundvelli er því haldið fram, að um mál stefnanda komi til 20. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 og 10. grein laga nr. 38/1954. Felist í þessum lagaákvæðum, að leyfi, sem konungur hefur veitt, geti enginn svipt leyfishafa nema forseti Íslands. Sé svipting af hálfu ráðherra því ógild, markleysa eða a.m.k. ógildanleg.

Því er jafnframt haldið fram, að um stjórnarathöfn þessa hafi átt að fjalla í ríkisráði skv. 5. gr. tilskipunar nr. 82/1943 og að brestur í þessu efni geti valdið ógildi.

Um 2. atriðið er það sagt af hálfu stefnanda, að ráðherra hafi veitt stefnanda áminningu 16. júní 1951, en síðan ekki. Ekki hafi ráðherra sinnt áskorunum landlæknis um aðgerðir 1954 og 1956. Ekki hafi lyfjabúð stefnanda heldur verið skoðuð frá 1954 og þar til 1958. Hins vegar hafi honum 1958 verið veitt færi á að segja af sér, en þá hafi stefnandi staðið í verulegum og kostnaðarsömum umbótum á húsnæði lyfjabúðar sinnar. Með bréfi ráðherra, dagsettu 23. maí 1958, hafi stefnanda verið tilkynnt, að hann væri sviptur lyfsöluleyfi, en sú svipting hafi þó ekki átt að koma til framkvæmda fyrr en 1. september um haustið. Hafi ráðherra því ekki litið svo á, að mjög brýn nauð-

syn hafi verið, að stefnandi hætti starfsemi. Því hafi honum í öllu falli borið að víkja stefnanda frá um stundarsakir samkv. 7. gr. laga nr. 38/1954 og síðan að láta rannsaka mál hans í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Um 3. atriðið er það sagt af hálfu stefnanda, að ekki hafi um þetta atriði verið gætt ákvæðis 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 38/1954. Veittur hafi verið of skammur frestur til að koma að sjónarmiðum stefnanda og bréfi Lárusar Jóhannessonar hafi ekki verið sinnt og ráðherra sýnilega ekki kynnt sér það.

Því er haldið fram, að 2. og 3. atriðið í röksemdum fyrir dómkröfum stefnanda leiði til þess, að svipting lyfsöluleyfisins sé ógild.

Sýknukrafa stefnda er fyrst og fremst studd þeim rökum, að stefnandi hafi verið óhæfur til að annast þá þjónustu, sem lyfsölum er ætlað að veita. Hafi heilbrigðisyfirvöldum því borið skylda til að vernda hagsmuni almennings með því að svipta hann lyfsöluleyfi.

Því er haldið fram, að áminningarbréf þau frá landlækni og ráðherra, sem áður eru nefnd, hafi falið í sér, að fullnægt hafi verið þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því, að svipta megi menn lyfsöluleyfi að íslenzkum rétti. Er því haldið fram, að reglur laga nr. 38/1954 eigi hér ekki við. Þó að lyfsalar væru taldir sýslunarmenn, geti það ekki breytt þessari niðurstöðu, þar sem sýslunarmenn falli ekki innan skýrgreiningar 1. greinar laganna á þeim, sem þau taka til. Ekki er heldur, að því er haldið er fram af hálfu stefnda, nægilegur grundvöllur lögjöfnunar frá reglum laganna til tilvika, er varða sviptingu lyfsöluleyfa.

Enn er því haldið fram af hálfu stefnda, að svipting lyfsöluleyfa sé á valdsviði ráðherra. Ýmis gögn hafa verið lögð fram héraðlútandi. Deildarstjórinn í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Baldur Möller, hefur samið greinargerð um veitingu lyfsöluleyfa. Þar segir:

„Að gefnu tilefni, vegna fyrirspurnar um form fyrir veitingu lyfsöluleyfa á undanförnum árum, þykir rétt að gefa eftirfarandi upplýsingar um þetta efni, að því er varðar leyfisveitingu á tíma konungsvaldsins, ríkisstjóra og forsetaembættisins. Um tvennskonar leyfi getur verið að ræða í þessu sambandi, lyfsöluleyfi fyrir ákveðinn mann til þess að taka við rekstri apóteks, sem starfað hefur áður, leyfi til stofnunar lyfjabúðar, sem jafnframt er leyfi fyrir ákveðinn mann fyrir lyf-

söluleyfinu. Ennfremur eru svo úrskurðir um stofnun lyfjabúðar, án þess að lyfsöluleyfi sé veitt um leið.

Það mun ekki hafa komið fyrir síðan 2. apríl 1928, að lyfsöluleyfi hafi verið veitt, samtímis því að lyfjabúð hefur verið sett á stofn (þá var stofnuð lyfjabúð á Siglufirði og 2 lyfjabúðir í Reykjavík, Iðunn og Ingólfsapótek). Síðan hefur ávallt lyfjabúð verið stofnuð sérstaklega og lyfsöluleyfið síðan veitt eftirá.

Stofnun lyfjabúðar er ávallt ákveðin með úrskurði þjóðhöfðingjans (konungs, ríkisstjóra, forseta), en veiting lyfsöluleyfis því aðeins, að hún sé framkvæmd með sömu afgreiðslu og stofnun lyfjabúðar. Lyfsöluleyfi er hins vegar veitt í nafni þjóðhöfðingjans „samkvæmt skipun" eða „eftir skipun". Slík leyfi, veitt í nafni þjóðhöfðingjans, eru gefin út af viðkomandi stjórnvaldi, án þess að afgreiðslan sé borin undir þjóðhöfðingjann, og ekki er kunnugt um, að þjóðhöfðingjar hinna síðustu áratuga (forsetar eða ríkisstjóri) hafi fengið tilkynningu um, að slík leyfi væru gefin út fyrir þeirra hönd. Þess má geta, að nafn forseta eða ríkisstjóra hefur ekki komið fram í þessum leyfisveitingum, en hins vegar var sá háttur á um konungsleyfin, að nafns viðkomandi konungs var getið (Vér Kristján .... o.s.frv.). Rétt þykir að benda á eftirfarandi tilvitnanir í Lovsamling for Island varðandi þessi efni: 17. des. 1819 stofnun lyfjabúðar og leyfisveiting á Akureyri. — Tilkynning Dómsmálaráðuneytis 6. júní 1848 um innsendingu Cancellie afgreiðslna til konunglegrar staðfestingar. Í frásögn af þessari tilkynningu er þess getið, að „Apotekerbevillinger" séu þær einu þess háttar, þ. e. „ad mandatum" afgreiðslur, sem tíðkist á Íslandi. Þá skal bent á tilkynningu 14. jan. 1864 (einnig birt í Tíðindum fyrir stjórnarmálefni á Íslandi) um innsendingu til konunglegrar staðfestingar á leyfum, útgefnum af dómsmála*stjórninni*. Þessi innköllun er í sambandi við valdatöku nýs konungs."

Í málinu hefur verið lagt fram bréf til lögmanns stefnda, undirritað fyrir hönd ráðherra af ráðuneytisstjóra Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fulltrúa í ráðuneytinu. Þar segir m. a.:

„1) Stjórnarathöfn ráðherra frá 23. maí 1958 var ekki gerð eftir skipun forseta Íslands.

2) Lyfsöluleyfi, er veitt hafa verið á undanförnum árum, hafa verið veitt „samkvæmt tillögu (sic) forseta Íslands" og þar áður „samkvæmt tillögu (sic) ríkisstjóra Íslands."

Sviptingar lyfsöluleyfa hafa engar farið fram, aðrar en sú,

sem fram fór með bréfi ráðuneytisins, dags. 23. maí 1958."

Lagt hefur verið fram í afriti leyfisbréf til lyfsölu í Hafnarfirði, dagsett 17. október 1917. Er það undirritað af konungi, og um þau atriði, sem hér skipta máli, er það eins og leyfisbréf stefnanda. Þá hefur verið lögð fram í afriti tillaga heilbrigðismálaráðherra til forseta Íslands frá 30. ágúst 1948 um, að sett verði á stofn ný lyfjabúð í Reykjavík. Á tillöguna hefur forseti ritað samþykki sitt. Einnig hefur verið lagt fram ófullkomið afrit af leyfisbréfi til stjórnar Kaupfélags Árnesinga frá 25. nóvember 1949, þar sem henni er leyft að reka lyfjabúð á Selfossi. Leyfisbréfið virðist gefið út í nafni forseta Íslands, en vera undirritað af ráðherra „eftir skipun forseta Íslands". Þá hefur verið lagt fram í afriti bréf frá ráðuneytinu til Guðna Ólafssonar lyfjafræðings, dags. 10. apríl 1948, þar sem segir, að það hafi gefið út leyfisbréf til að mega reka lyfjabúð. Loks hafa verið lögð fram í afritum tvö leyfisbréf um rekstur lyfjabúða, sem áður höfðu verið stofnsettar. Bréfin hefjast bæði á orðunum: „Forseti Íslands gjörir kunnugt". Undirskrift ráðherra er á öðru bréfinu, og stendur yfir henni: „Samkvæmt skipun forseta Íslands". Ráðherra virðist og hafa undirritað hitt bréfið samkvæmt „skipun ríkisstjóra Íslands". Ekki er annað komið fram í máli þessu um það, hvað felst í, að bréfin séu gerð eftir „skipun" þjóðhöfðingjans, en segir í greinargerð Baldurs Möllers deildarstjóra.

Þá hefur því af hálfu stefnda verið hreyft til stuðnings þeirri skoðun, að svipting lyfsöluleyfis stefnanda hafi fallið innan valdsviðs heilbrigðismálaráðherra, að í leyfisbréfi hans er, eins og áður er fram komið, tekið fram, að ráðuneytið geti, þegar vissar aðstæður eru fyrir hendi, svipt hann leyfinu.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að borið hafi að bera sviptinguna upp á ríkisráðsfundi. Leyfissviptingar séu ekki meðal þeirra stjórnarathafna, sem taldar eru í 5. grein tilskipunar nr. 82/1943, og sé það því samkvæmt almennum reglum íslenzks réttar á þessu sviði á valdi ráðherra, hvort hann beri málið upp í ríkisráði. Þá geti það ekki valdið ógildi, þó að vanrækt sé að fjalla um stjórnarathöfn í ríkisráði.

Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að samkvæmt 13. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 hafi ráðherra haft heimild til þeirrar stjórnarathafnar, sem um er deilt. Þá hefði forseti, ef málið hefði verið lagt fyrir hann, ekki haft heimild til að neita að gera stjórnarathöfnina.

Þessari síðustu málsástæðu er mótmælt sérstaklega af hálfu stefnanda.

Í 2. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 segir m. a., að forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum lögum fari með framkvæmdarvaldið. Í 13. grein segir, að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt, og í 14. grein, að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Þrátt fyrir þessi ákvæði 13. og 14. greinar, er ljóst af ýmsum lagaákvæðum, að atbeina forseta þarf til ýmissa stjórnarathafna, sbr. til dæmis 15., 16., 18., 19., 20., 21., 22., 23., 24., 25., 29. og 30. gr. stjórnarskrárinnar. Eftir íslenzkum lögum er störfum skipt milli stjórnvalda, m. a. æðri og lægri stjórnvalda. Telja verður, að það sé regla íslenzks réttar, að lægra sett stjórnvald geti ekki gert stjórnarathöfn, sem felur í sér, að stjórnarathöfn æðra setts stjórnvalds er felld úr gildi, nema til komi sérstök lagaheimild eða skipun eða heimild frá hinu æðra stjórnvaldi, þar sem slíkt valdframsal getur átt sér stað. Forseti er æðsti handhafi framkvæmdavaldsins, og ráðherra getur því ekki gert stjórnarathöfn, sem felur í sér, að felld er úr gildi stjórnarathöfn, sem forseti hefur löglega gert. Slíka íþyngjandi stjórnarathöfn ráðherra verður að telja ógilda eftir íslenzkum lögum.

Stefnandi í máli því, sem hér er til úrlausnar, fékk 2. apríl 1928 leyfisbréf, undirritað af konungi til að reka lyfjabúð á Siglufirði. Var það gefið út með heimild í 11. grein tilskipunar frá 4. desember 1672. Í 25. grein tilskipunar þessarar er ekki að finna heimild fyrir ráðherra til að svipta stefnanda þessu leyfi, og ekki er slík heimild í öðrum lögum. Ekki var sviptingin heldur gerð að fenginni sérstakri skipun eða heimild frá forseta. Samkvæmt fyrrgreindum reglum íslenzkra laga verður því að telja, að ráðherrann hafi brostið vald til að svipta stefnanda leyfi til að reka lyfjaverzlun á Siglufirði. Ekki breytti það þessari niðurstöðu, þótt talið yrði, að ráðherra geti gefið út lyfsöluleyfi ad mandatum, þar eð slíkt jafngildir ekki heimild til að svipta þann mann leyfi, sem fengið hefur það frá þjóðhöfðingjanum sjálfum.

Þar sem um var að ræða valdþurrð, verður að telja, að ógilda beri leyfissviptinguna. Þegar þess er gætt, að veitingar og sviptingar leyfa af svipuðu tagi og lyfsöluleyfi eru geta ekki talizt til starfa, sem eðlilegt og venjulegt er nú á tímum, að þjóðhöfðinginn ræki, að verulegur vafi var af þessari ástæðu og

öðrum um það, hvort ráðherra var heimilt að svipta stefnanda leyfi sínu, og að vegna almenningshagsmuna ber nauðsyn til, að ákvörðunum heilbrigðisyfirvalda sé almennt framfylgt, þykir ógildingin eiga að gilda frá lögbirtingu dóms þessa.

Þær ástæður, er nú hafa verið raktar, valda því, að ekki verður talið, að ógilding ætti að gilda frá öðrum tíma en að ofan greinir, þó að svo yrði litið á, að 2. og 3. málsástæða, sem fram hefur verið borin af hálfu stefnanda, hefði við rök að styðjast. Er því ekki þörf á að fjalla um málsástæður þessar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stjórnarathöfn sú, sem gerð var með bréfi heilbrigðismálaráðherra, dagsettu 23. maí 1958, er hann svipti stefnanda, Aage Schiöth, lyfsöluleyfi á Siglufirði, skal vera ógild frá lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 35/1962. **Hans Kragh,**
Elvar Berg,
Hans Jensson,
Óli G. Gunnarsson,
Andrés Ingólfsson og
Gunnar Kvaran (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Plútó h/f (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bönnuð notkun atvinnuheitis.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d., og gert þessar dómkröfur:

1. *Í aðalsök í héraði,* að lögbannið verði úr gildi fellt og áfrýjendum dæmd sýkna af kröfum stefnda.

2. *Í gagnsök í héraði,* að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjendum kr. 50.000.00 og

3. Að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lögð fram álitsgerð prófessors Halldórs Halldórssonar, dags. 18. febrúar 1962, um framburð Íslendinga á orðunum Plútó og Plúdó. Er niðurstaða hans sú, að milli 72 og 83 af hundraði hverju íslenzku þjóðarinnar geri eigi í framburði greinarmun á þessum orðum.

Samkvæmt þessu og að öðru með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Hans Kragh, Elvar Berg, Hans Jensson, Óli G. Gunnarsson, Andrés Ingólfsson og Gunnar Kvaran, greiði stefnda, Plútó h/f, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. desember 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Plútó h/f hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 25. júlí 1960 fyrir Erni Clausen hdl. f. h. stefndu, Hans Kragh, Elvars Bergs, Hans Jenssonar, Óla G. Gunnarssonar, Andrésar Ingólfssonar og Gunnars Kvarans, allra búsettra hér í bæ.

Með stefnu, birtri 4. febrúar 1961, höfðuðu stefndu gagnsök á hendur aðalstefnanda.

Málavextir í aðalsök eru þessir:

Þann 1. október 1947 var Plútó h/f tilkynnt til hlutafélaga-

skrárinnar í Reykjavík. Skráning félags þessa birtist í Lögbirtingablaðinu þann 15. nóvember 1947. Tilgangur félagsins er að smíða allskonar muni úr gulli, silfri og öðrum málmum og verzla með þá og aðrar vörur sambærilegar.

Aðalstefnandi kveður félagið síðan hafa starfað hér í bænum óslitið og selt vörur sínar í nafni félagsins. Nýlega hafi stjórn þess orðið þess vör, að nokkrir hljómlistarmenn hér í bænum hafi stofnað danshljómsveit hér í borg, er þeir nefni „Plúdó-Sextettinn". Sömuleiðis hafi menn þessir auglýst og annazt sölu á svokallaðri Plúdó-peysu, og meðal annars látið birta af sér myndir í blöðunum, klæddum peysum þessum.

Þann 24. júní 1960 ritaði lögmaður aðalstefnanda gagnstefnendum bréf, þar sem hann taldi notkun gagnstefnenda á nafninu „Plúdó-kvintett" brjóta í bága við rétt félagsins „Plútó h/f" samkvæmt framanritaðri skráningu á hlutafélagaskránni. En þar eð gagnstefndu reyndust ófáanlegir til að hætta við að nota nafnið „Plúdó" í sambandi við hljómsveit sína og sölu á nefndum peysum, þá lét aðalstefnandi, þann 21. júlí 1960, leggja lögbann við því, að gagnstefnendur kölluðu hljómsveit sína „Plúdó-Sextettinn" og auglýstu hann með því nafni.

Hér fyrir dóminum hefur aðalstefnandi gert þær kröfur, að gagnstefnendum verði gert skylt að viðurkenna, að nefnd notkun þeirra á orðinu „Plúdó-Sextett" sé þeim óheimil, og þeim ennfremur óheimilt að nota orð þetta í auglýsingaskyni fyrir hljómsveit sína eða í sambandi við sölu á svonefndri „Plúdópeysu". Þá hefur aðalstefnandi krafizt staðfestingar á framangreindu lögbanni og loks, að gagnstefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök að mati réttarins.

Gagnstefnendur hafa gert þær dómkröfur í aðalsök, að framangreint lögbann frá 21. júlí 1960 verði úr gildi fellt og að þeim verði heimilað að nota nafnið „Plúdó-Sextett" áfram, ef þeir óski þess. Þá krefjast þeir og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðalstefnanda, bæði fyrir fógetaréttinum og hér fyrir bæjarþinginu.

Gagnstefnendur kveða hljómsveitina hafa verið stofnaða síðari hluta sumars 1958 af Elvari Berg og þrem öðrum mönnum. Þá undir nafninu „Plúdó-kvartett". Um áramótin 1958—59 hafi Hans Kragh gengið í hljómsveitina, og hafi hún fyrst eftir áramótin starfað áfram undir sama nafni. Síðar um veturinn hafi enn verið fjölgað í hljómsveitinni og hafi hún upp frá því kall-

að sig „Plúdó-Sextett". Það hafi fyrst verið rúmu ári seinna, í júní 1960, að aðalstefnandi hafi kvartað yfir þessu við gagnstefnendur, en þá hafi hljómsveitin verið búin að auglýsa sig stöðugt í blöðum og útvarpi frá því sumarið 1958, fyrst undir nafninu „Plúdó-kvartett" og síðan undir nafninu „Plúdó-Sextett" og leikið fyrir dansi meira og minna um allt Suðurlandsundirlendið.

Aðalstefnandi byggir stefnukröfu sína á því, að þótt nafn firmans „Plútó h/f" sé ritað örlítið á annan hátt en nefndur „Plúdó-Sextett", þá sé enginn munur á þessum tveimur orðum í framburði, enda hafi þetta framferði gagnstefnenda valdið ruglingi til tjóns og óþæginda fyrir hlutafélagið „Plútó". Segjast aðalstefnendur iðulega hafa verið að því spurðir, hvort nefnd hljómsveit og peysusala væri rekin á þeirra vegum. Þetta atferli gagnstefnenda telur aðalstefnandi brjóta í bága við ákvæði laga nr. 84/1933 um óréttmæta verzlunarhætti, einkum 9. grein þeirra laga.

Að lokum telur aðalstefnandi, að þessi notkun á nafninu „Plúdó" sé brot á rétti hans samkvæmt skráningu í hlutafélagaskrána, en með þeirri skráningu hafi nafnið Plútó öðlazt þá vernd, að aðrir mættu ekki nota það eða lík nöfn í atvinnuskyni, hvort sem það væru einstaklingar, hljómsveitir eða fyrirtæki.

Gagnstefnendur reisa kröfur sínar á því, að nafnið „Plúdó" sé öðruvísi ritað en nafnið „Plútó" og þegar við hið fyrrnefnda bætist viðskeytið Sextett, sé það orðið svo ólíkt firmanafni aðalstefnanda, að það geti ei valdið ruglingi. Auk þess benda þeir á máli sínu til áréttingar, að framangreind nöfn séu notuð um gerólíka starfsemi.

Gagnstefnendur taka fram, að þeir hafi óskað eftir skrásetningu á nafninu „Plúdó-Sextett". Hafi firmaskrárritari að vísu synjað þeim um skrásetningu nafnsins, en það hafi einvörðungu verið vegna þess, að hljómsveitin hafi ekki verið fyrirtæki, en ekki af þeim sökum, að nafnið bryti í bága við hagsmuni aðalstefnanda, enda andmæla gagnstefnendur því alfarið, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir nokkrum óþægindum eða tjóni af margnefndri nafnanotkun þeirra.

Þá vísa gagnstefnendur algjörlega á bug þeirri fullyrðingu aðalstefnanda, að þeir annist sölu á svonefndri „Plúdó-peysu". Þeir hafi einungis leyft framleiðanda hennar að birta myndir

af þeim í peysunum, en að öðru leyti sé peysa þessi þeim algerlega óviðkomandi.

Hins vegar benda þeir á, að framleiðandi peysunnar hafi fengið orðið „Plúdó" skrásett fyrir hvers konar prjónafatnað, sbr. Lögbirtingablaðið hinn 21. maí 1960.

Af öllu því, er nú hefur verið rakið, telja gagnstefnendur ljóst, að með notkun sinni á nafninu „Plúdó-sextett", hafi þeir hvorki brotið í bága við 10. gr. laga nr. 42/1903 um firmu né heldur 9. gr. laga nr. 84/1933 um ólögmæta verzlunarhætti.

Gagnstefnendur hafa gert þær dómkröfur í gagnsök, að framangreint lögbann frá 21. júlí 1960 verði felt úr gildi og þeim leyft að nota nafnið „Plúdó-Sextett" áfram, en aðalstefnanda verði gert að greiða þeim kr. 60.000.00 í skaðabætur eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins vegna tjóns, er þeir hafi beðið út af nefndu lögbanni.

Þá krefjast gagnstefnendur einnig málskostnaðar að skaðlausu í gagnsök úr hendi aðalstefnanda.

Bótakröfur sínar byggja gagnstefnendur á því, að þeir hafi um árabil verið búnir að leika fyrir dansi undir nafninu „Plúdó-Sextett", er lögbannið var lagt á. Hafi hljómsveitin verið orðin þekkt og vinsæl undir því nafni. En með lögbannsaðgerðum aðalstefnanda hafi þeim verið meinuð áframhaldandi notkun nafnsins og hafi þeir af þeim sökum beðið mikið fjárhagslegt tjón.

Aðalstefnandi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda í gagnsök og málskostnaðar að mati réttarins.

Sýknukröfu sína styður aðalstefnandi þeim rökum, að gagnstefnendur hafi ekkert tjón beðið vegna margnefndrar lögbannsgerðar frá 21. júlí 1960, enda hafi þeir enga tilraun gert til að sanna það tjón sitt. Auk þess heldur aðalstefnandi því fram, að allt tjón gagnstefnenda af þessum sökum sé sér óviðkomandi, þar sem notkun gagnstefnenda á orðinu „Plúdó" hafi verið brot á lögvernduðum rétti hans til þessa heitis, er gagnstefnendur hafi engan rétt haft til að nota.

Orðið „Plútó" vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur. Verður því að telja, að aðalstefnandi, sem tók þetta orð upp sem heiti á hlutafélagi, áður en gagnstefnendur fóru að nota orðið „Plúdó-Sextett" um hljómsveit sína, hafi öðlazt gagnvart þeim lögverndaðan rétt til þess, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933.

Þegar þetta er haft í huga og þess er ennfremur gætt, að ritháttur orðanna „Plútó“ og „Plúdó“ er nauðalíkur og framburður þeirra hinn sami, þá verður að telja, að þessi notkun á orðinu „Plúdó“ geti valdið ruglingi gagnvart orðinu „Plútó“. Þykir því rétt að taka kröfu aðalstefnanda til greina og dæma gagnstefnendum óheimilt að nota orðið „Plúdó“ í atvinnu- eða auglýsingaskyni, hvort heldur það er í sambandi við hljómsveitina „Plúdó-Sextett“ eða vegna auglýsinga eða sölu á svonefndri „Plúdó-peysu“.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta framangreint lögbann frá 21. júlí 1960.

Eftir þessum málalokum kemur gagnkrafan ekki til greina, og ber að sýkna aðalstefnanda af henni.

Samkvæmt þessum úrslitum verða gagnstefnendur dæmdir til að greiða aðalstefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00 í báðum sökum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest. Gagnstefnendum, Hans Kragh, Elvari Berg, Hans Jenssyni, Óla G. Gunnarssyni, Andrési Ingólfssyni og Gunnari Kvaran, er óheimilt að nota orðið „Plúdó“ í atvinnu- eða auglýsingaskyni.

Aðalstefnandi á að vera sýkn af kröfum gagnstefnenda í gagnsök.

Gagnstefnendur greiði aðalstefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 15/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn
Friðriki Þórhallssyni (Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Akstur bifreiðar með áfengisáhrifum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir dómsuppsögu hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómum Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4000.00, og laun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Friðrik Þórhallsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. janúar 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 10. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 53/1962: Ákæruvaldið gegn Friðriki Þórhallssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 24. janúar 1961, höfðað gegn ákærða Friðriki Þórhallssyni afgreiðslumanni, Eskihlíð 6,

Reykjavík, fyrir að hafa um klukkan 02.00 aðfaranótt föstudagsins 18. nóvember 1960 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 11775 frá veitingahúsinu „Klúbbnum“ og vestur Hringbraut.

Telst þetta varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einnig er málið höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1961, fyrir að hafa árla morguns þriðjudaginn 6. júní s.l. undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 11775 frá skála T 2414 í Seaweed-hverfi á Keflavíkurflugvelli áleiðis til Reykjavíkur, unz hann var stöðvaður af lögreglu í aðalhliði flugvallarins, og öðru sinni, aðfaranótt fimmtudagsins 20. júlí s.l., undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni J 149 frá fyrrgreindum skála, T 2414, áleiðis til Reykjavíkur, unz hann var stöðvaður af lögreglu við Meeks-hlið við flugvöllinn.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 16. apríl 1932 á Kópaskeri. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1953 22/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. bifreiðalaga.
1955 23/3 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
1960 23/1 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
— 31/10 Rvík: Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1961 9/1 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar.

Málsatvik eru þessi:

I.

Aðfaranótt föstudagsins 18. nóvember 1960, klukkan 02.15, stöðvaði lögreglan ákærða við akstur bifreiðarinnar R 11775.

Ákærði neitaði harðlega við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa neytt annars áfengis en 1 eða 1½ flösku af erlendum bjór klukkan um 20.30 til 21.00 kvöldinu fyrr. Fyrir dómi játaði ákærði hins vegar auk nefndrar áfengisneyzlu að hafa drukkið tvö glös af líkör, nokkru áður en hann hóf akstur, en ekki kvaðst hann hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann viðurkenndi að hafa umrætt sinn ekið bifreiðinni R 11775 um götur borgarinnar. Lögreglumönnum virtist ákærði bera þess merki, að hann væri með áhrifum áfengis.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, sem sýndi „reducerandi" efni, er samsvara 1.35‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærða sjálfs um áfengisneyzlu skömmu fyrir akstur, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, dagsettu 24. janúar 1961, og þar rétt færð til refsiákvæða.

II.

Þriðjudaginn 6. júní 1961, klukkan 04.15, stöðvaði lögreglan á Keflavíkurflugvelli ákærða við akstur bifreiðarinnar R 11775. Töldu lögreglumenn hann bera einkenni áfengisáhrifa.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn nokkuð um á Keflavíkurflugvelli, og var förinni síðan heitið til Reykjavíkur. Ákærði kvaðst hafa verið við áfengisneyzlu kvöldinu fyrr og gerzt ölvaður. Hann sofnaði um klukkan 02.00 um nóttina og svaf þar til skömmu áður en lögreglan stöðvaði hann. Ekki neytti hann áfengis, eftir að hann vaknaði. Ákærði taldi sig hafa verið lausan við áfengisáhrif, er hann tók til að aka, en verið svefnvana og ekki fyllilega eins og hann átti að sér.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, og reyndust vera í því „reducerandi" efni, sem samsvara 1.67‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða um áfengisneyzlu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um að hafa ekið bifreið umrætt sinn, þótt hann sökum áfengisneyzlu væri óhæfur til stjórnar vélknúins ökutækis. Er háttsemi hans rétt færð til refsiákvæða í ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1961, að öðru leyti en því, að 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 á ekki við um þetta brot hans.

III.

Aðfaranótt fimmtudagsins 20. júlí 1961, klukkan 01.45, var ákærði stöðvaður við akstur bifreiðarinnar J 149 í hliði Keflavíkurflugvallar, þar sem lögreglumenn grunuðu hann um ölvun við akstur.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni um á Keflavíkurflugvelli umrætt sinn áleiðis til Reykjavíkur. Hann kveðst hafa drukkið einn áfengan, erlendan bjór kvöldinu fyrr, klukkan um 22.00—23.00. Neitaði hann að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í blóðsýnishorni, sem tekið var úr ákærða, fundust „reducerandi" efni, er samsvara 0.94‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærða um áfengisneyzlu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni J 149 umrætt sinn, þótt hann vegna áfengisneyzlu hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega. Er hegðun hans rétt færð til refsiákvæða í ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1961, að öðru leyti en því að 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga á ekki við um þessa háttsemi ákærða.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 20 daga.

Svo sem krafizt er í ákæruskjölum og samkvæmt ákvæðum þeim, sem þar eru greind, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 20. júlí 1961 að telja, en þann dag var hann sviptur þeim réttindum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómari fékk mál þetta í hendur í lok desembermánaðar s.l.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Þórhallsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 20. júlí 1961 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 83/1962. **Matthías Bjarnason**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. þ. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að taka nafn Þuríðar Vigfúsdóttur, er í héraðsdómi getur, á kjörskrá við bæjarstjórnarkosningar á Ísafirði 27. þ. m. Einnig krefst hann málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta varðar borgararéttindi Þuríðar Vigfúsdóttur, og mundi efnisdómur um þau binda hana. Henni hefur ekki verið stefnt í málinu, og hvorki hún sjálf né nokkur fyrir hennar hönd hefur komið fyrir dóm. Þess er og að geta, að áfrýjandi hefur eigi fært sönnur á, að honum hafi hamlað forföll þau, er getur í 24. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, en hann hafði eigi áður kært mál þetta til bæjarstjórnar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Matthías Bjarnason, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, kr. 3.000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 22. maí 1962.

Ár 1962, þriðjudaginn 22. maí, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 21. þ. m.

Mál þetta er höfðað samkv. heimild í 24. gr. laga nr. 52, 12. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, sbr. 14. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar nr. 81/1936, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. maí s.l., af Matthíasi Bjarnasyni forstjóra, Ísafirði, gegn Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að taka nafn Þuríðar Vigfúsdóttur, til heimilis Hafnarstræti 6, Ísafirði, á kjörskrá til bæjarstjórnarkosninga á Ísafirði 27. maí 1962.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Þuríður Vigfúsdóttir, ekkja Einars Guðmundssonar klæðskera, Ísafirði, var búsett á Ísafirði þar til síðari hluta árs 1961. Þá seldi hún íbúð sína í Hafnarstræti 6 á Ísafirði og mun hafa farið úr íbúðinni um miðjan september. Búslóð sína flutti Þuríður um líkt leyti til Reykjavíkur og fór þangað sjálf og tók sér bólfestu að Dunhaga 15, Reykjavík, en þar mun hún hafa keypt sér íbúð.

Þuríður Vigfúsdóttir mun hafa komið aftur til Ísafjarðar nokkru síðar (1. okt.) og dvalið þar hjá venzlafólki sínu fram yfir áramót 1961/1962, en ekki tilkynnti hún aðsetursskipti í bænum.

Tilkynning um aðsetursskipti Þuríðar var ekki send bæjarstjórn Ísafjarðar fyrr en 24. jan. 1962.

Íbúð Þuríðar í Hafnarstræti 6 keypti Guðmundur Marzellíusson, Fjarðarstræti 33, Ísafirði. Flutti hann í hana og sendi tilkynningu um aðsetursskipti 16. okt. 1961.

Hinn 28. október 1961 sendi starfsmaður bæjarstjóraskrifstofunnar á Ísafirði tilkynningu til Hagstofu Íslands um aðseturs-

skipti Þuríðar Vigfúsdóttur að Dunhaga 15, Reykjavík, og hefur hún samkvæmt þeirri tilkynningu verið tekin á íbúaskrá Reykjavíkur, þá er notuð hefur verið við samningu kjörskrár til borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 27. maí n.k. Er Þuríður á kjörskrá Reykjavíkur og getur neytt atkvæðisréttar samkvæmt því.

Samkvæmt þessu hefur Þjóðskráin talið tilkynningu bæjarstjórnar Ísafjarðar gilda um „heimilisfang" Þuríðar Vigfúsdóttur í þeirri merkingu, sem orðið er notað í sambandi við samningu kjörskrár, sbr. 15. gr. laga nr. 31, 27. marz 1956, um þjóðskrá og almenna skráningu.

Stefnandi heldur því fram, að bæjarstjórn Ísafjarðar hafi ekki haft heimild til þess að „flytja" lögheimili Þuríðar Vigfúsdóttur án samþykkis hennar og að kjósandi ákveði sjálfur flutning á lögheimili sínu.

Þegar á þau atvik er litið, sem rakin voru hér að framan, þ. e. sölu Þuríðar á íbúð sinni á Ísafirði, brottflutning hennar sjálfrar og búslóðar í aðra íbúð í Reykjavík, þá virðast það vera allsterkar líkur a.m.k. fyrir því, að Þuríður hafi ráðið við sig flutning á lögheimili til Reykjavíkur, sbr. t. d. 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, enda þótt hún tilkynnti flutninginn ekki að sinni.

Ekki verður á það fallizt með stefnanda, að stefndi hafi ekki haft heimild til þess að tilkynna flutning Þuríðar Vigfúsdóttur, heldur verður að telja rétt það, sem stefndi heldur fram, að honum hafi beinlínis borið skylda til þess að bæta úr vanrækslu á tilkynningu um aðsetursskiptin samkvæmt 13. gr. laga nr. 73/1952, um tilkynningu aðsetursskipta, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1956 um breytingu á þeim lögum.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að samkvæmt málavöxtum og ákvæðum laga hafi tilkynning stefnda um aðsetursskipti Þuríðar Vigfúsdóttur verið réttmæt og að hún sé því réttilega talin heimilisföst í Reykjavík 1. desember 1961 og eigi þar kosningarrétt, og verður krafa stefnanda um það, að Þuríður Vigfúsdóttur skuli tekin á kjörskrá á Ísafirði, ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Matthíasar Bjarnasonar forstjóra, að því er varðar kjósandann Þuríði Vigfúsdóttur.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 33/1961. **Eggert Teitsson** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Jósefssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um veiðiréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eins og greinir í héraðsdómi, hefur áfrýjandi ekki látið þinglýsa kaupsamningi sínum um Þorkelshól, dags. 26. maí 1934. Hefur áfrýjandi ekki í máli þessu gegn andmælum stefnda leitt sönnur að því, að stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um það ákvæði kaupsamningsins, sem laut að veiðiréttindum í Víðidalsá, er hann fékk afsal fyrir Nýpukoti hinn 24. október 1940. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00, og renni þar af kr. 5000.00 til skipaðs málflytjanda stefnda hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eggert Teitsson, greiði stefnda, Guðmundi

Jósefssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, og renni þar af kr. 5000.00 til skipaðs málflytjanda stefnda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 13. september 1960.

Mál þetta, sem er þingfest 8. janúar þ. á., og tekið til dóms 7. þ. m., er höfðað með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1959, af Guðmundi Jósefssyni bónda, Nýpukoti í Þorkelshólshreppi, gegn Eggerti Teitssyni bónda, Þorkelshóli, til viðurkenningar með dómi á eignarrétti hans á allri veiði í Víðidalsá fyrir landi jarðarinnar Nýpukots samkvæmt gildandi landamerkjum, en landamerki milli jarðanna Þorkelshóls og Nýpukots eru ágreiningslaus. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi Eggert Teitsson, krefst sýknunar í málinu og málskostnaðar að mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Með kaupsamningi, dags. 26. maí 1934, skuldbinda eigendur Þorkelshóls, þeir Þórður Guðmundsson, bóndi þar, og Bjarni Bjarnhéðinsson, Reykjavík, sig til þess að selja Eggerti Teitssyni, þá bónda á Stórhóli í sama hreppi, jörðina Þorkelshól fyrir tiltekið verð, kr. 10.200.00. Um veiði fyrir jörðinni segir svo í kaupsamningnum:

„Að því er veiðirétt snertir, fylgir kaupinu 72% af þeim hlut í arðskrá „Veiði- og fiskiræktarfélagsins Víðidalsá", sem á hverjum tíma kemur í hlut Þorkelshóls og Nýpukots til samans, en sé veiði ófélagsbundin, fylgir veiðiréttur fyrir því landi, sem Þorkelshóli tilheyrir, en Nýpukot hefur þá veiðirétt fyrir sínu landi."

Kaupsamningurinn var ekki þinglesinn, en afsal var gefið fyrir jörðinni 25. febrúar 1936. Upp í það afsal eru tekin greiðsluákvæði kaupsamningsins, en ekki minnzt á veiðina. Þar segir svo: „ Jörðin er seld ..... ásamt meðfylgjandi húsum og mannvirkjum, allt í því ástandi, sem jörðin er í og fyrirfinnst, og án alls álags samkvæmt áður gerðum kaupsamningi."

Með afsali, dags. 24. október 1940, selja svo erfingjar Þórðar

Guðmundssonar stefnanda í máli þessu, Guðmundi Jósefssyni, jörðina Nýpukot, fyrir kr. 3.400.00, en áður hafði stefnandi búið sem leiguliði Þórðar á jörðinni. Í því afsali er ekkert minnzt á veiðirétt, en jörðin seld „með jarðarhúsum og öllum mannvirkjum, gögnum öllum og gæðum og öllu, er jörðinni fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu."

Þegar „Veiði- og fiskiræktarfélagið Víðidalsá" er stofnað, nokkru áður en sala Þorkelshóls fór fram, var Þórður Guðmundsson eigandi Nýpukots og hálfs Þorkelshóls, en ábúandi alls Þorkelshóls og hefur því látið meta eða samþykkt að metin væri til arðskrár veiði fyrir báðum jörðunum sameiginlega. Þegar svo til sölu Þorkelshóls kemur, verður að skipta veiðinni milli jarðanna. Í stað þess að láta fara fram formleg skipti ákveður hann skiptin sjálfur sem eigandi og umráðamaður jarðanna. Samkvæmt jarðamatsbókinni frá 1932, sem vísað var til í munnlegum málflutningi umboðsmanna aðilja, eru báðar jarðirnar seldar við fasteignamatsverði, en söluverð Nýpukots er 25% af samanlögðu verði beggja jarðanna. Í hinum óþinglesna kaupsamningi, er hlutur Nýpukots þó ákveðinn nokkru hærri, en augljóst virðist, að dýrleiki jarðanna hafi verið hafður til hliðsjónar við skipti veiðiteknanna á milli jarðanna. Samkvæmt nefndri jarðamatsbók er þess getið um Nýpukot, að jörðinni fylgi lax- og silungsveiði. Og samkvæmt fasteignaregistri Húnavatnssýslu, sem einnig var vísað til í munnlegum flutningi málsins, sést, að jörðin Nýpukot hefur fjórum sinnum verið seld sem sjálfstæð jörð á tímabilinu 1832 til 1897, en þá kaupir hana faðir Þórðar Guðmundssonar í tvennu lagi, og gekk hún svo að erfðum til Þórðar.

Þegar litið er á það, að Nýpukot hefur a.m.k. í heila öld verið sérskilin jörð, er augljóst, að henni á að fylgja veiðiréttur, sbr. lög nr. 61/1932, 2. gr., 4. mgr. Henni er og afsalað til stefnanda með öllum gögnum og gæðum að engu undanskildu. Í sömu átt hníga niðurlagsákvæði framantilfærðs kafla úr hinum umdeilda, óþinglesna kaupsamningi. Félli félagsveiðin niður, og það gat orðið í náinni framtíð, skyldi hvor jörðin hafa veiðirétt fyrir sínu landi, sem sýnir, að einnig þar er veiðiréttur hvorrar jarðar fyrir landi hennar raunverulega (principielt) viðurkenndur. Um sjálfan veiðiréttinn virðist því ekki geta verið ágreiningur, heldur aðeins veiðiarðsteknaskiptinguna milli jarðanna um ótiltekinn tíma, sem gat orðið langur eða skammur eftir atvikum. Við þessa skiptingu veiðiarðsins var ekkert að athuga, á meðan sami maður hafði umráð beggja jarðanna, og heldur

ekki meðan Nýpukot var ekki selt, en við sölu þeirrar jarðar vaknaði sú spurning, hvort kaupandi þurfi að hlíta því, að hin upprunalega handahófsskipting veiðiarðsins héldist áfram. Kemur þá fyrst til athugunar, að ekki verður með vissu séð, hvort orðin „samkvæmt áðurgerðum kaupsamningi" í afsalinu fyrir Þorkelshóli vísa aðeins til orðanna „án alls álags", sem gæti verið lögð sérstök áherzla á, eða einnig til annarra ákvæða hans. Þá kemur til álita, að kaupsamningur er aðeins loforð um sölu, en ekki raunveruleg sala, og loks að hinn gerði kaupsamningur er ekki þinglesinn og því ekki opinbert heimildarskjal. Kaupandi Nýpukots á engan aðgang að því skjali og sér það ekki fyrr en við dómtöku málsins, að það er lagt fram. Og þó að hann veiti móttöku arðskrárgreiðslu þeirri, sem ákveðin er um ótiltekinn tíma, fyrst sem leiguliði og síðan sem eigandi Nýpukots um nokkurra ára bil, og heyri utan að sér, að þessi arðskrárhluti sé ákveðinn í óþinglesnum kaupsamningi, verður ekki af því dregin sú ályktun, að stefnandi hafi nokkurn tíma samþykkt arðskiptinguna með móttöku veiðiarðsins né heldur að hann hafi þurft að taka tillit til lausafregna um ákvæði í óþinglesnu skjali né að hann geti verið bundinn af slíkum ákvæðum. Meðan ekki hafði farið fram skipting með mati dómkvaddra manna á veiði jarðanna Þorkelshóls og Nýpukots í Víðidalsá, gat enginn vitað með vissu, hvort arðskrárhluti Nýpukots átti að réttu að vera 28% af sameiginlegum veiðiarði jarðanna eða eitthvað annað.

Samkvæmt framansögðu virðist málið liggja þannig fyrir: Jarðirnar Þorkelshóll og Nýpukot eiga báðar veiði fyrir landi sínu í Víðidalsá, og landamerki eru ágreiningslaus. Skipting veiðitekna milli jarðanna til bráðabirgða virðist ekki bindandi fyrir eiganda Nýpukots, þar sem þeirra er að engu getið í afsali hans fyrir jörðinni, og heimildir þær, er stefndi byggir sýknukröfu sína á, verða að teljast vafasamar og eru auk þess óþinglesnar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir verða að taka kröfu stefnanda í máli þessu til greina, viðurkenna veiðirétt Nýpukots fyrir landi jarðarinnar, er liggur að Víðidalsá, og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Eignarréttur eiganda Nýpukots í Þorkelshólshreppi á allri veiði í Víðidalsá fyrir landi jarðarinnar viðurkennist.

Stefndi, Eggert Teitsson bóndi, Þorkelshóli, greiði stefnandanum, Guðmundi Jósefssyni bónda, Nýpukoti, kr. 3.000.00 — þrjú þúsund krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 2ja vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 28/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn
Sigtryggi Kjartanssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað, einungis að því er varðar ákærða Sigtrygg Kjartansson.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá m. a. fyrir dóm eiginkona Karls Vilhjálms Kjartanssonar og skýrði svo frá, að þau hjónin hefðu „umrætt sinn ákveðið að láta kaupa fyrir sig eina flösku af áfengi í Reykjavík, þar sem þau áttu von á gestum". Ákærði hefði tekið að sér að annast vínkaupin og hún fengið honum til þeirra kr. 200.00. Þá kom Karl Vilhjálmur einnig fyrir dóm af nýju. Eigi reyndist fullt samræmi milli skýrslna þeirra hjóna um aðdraganda að áfengiskaupum þeim, sem þau telja sig hafa áformað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms eru eigi eftir sönnunarreglum 19. gr. laga nr. 58/1954 skilyrði til að sýkna ákærða. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á, að því leyti sem honum er áfrýjað, að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða, Sigtryggs Kjartanssonar, verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.

Máli þessu hefur aðeins verið áfrýjað, að því er tekur til ákærða, Sigtryggs Kjartanssonar leigubifreiðarstjóra.

Eftir uppsögu dómsins hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómi Keflavíkur.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, keypti ákærði eina flösku af gini í áfengisútsölu ríkisins við Snorrabraut í Reykjavík. Var þetta milli kl. 14.00 og 14.30 miðvikudaginn 25. maí 1959.

Flöskuna kveðst ákærði hafa keypt fyrir bróður sinn, og hefur kona bróður hans staðfest fyrir rétti að hafa látið hann fá fé til kaupanna.

Ákærði er búsettur í Keflavík. Hann var á ferð hér í Reykjavík, er kaupin fóru fram, og fór hann á engan hátt dult með þau. Hélt hann t. d. á flöskunni í hendinni frá verzluninni út í bifreiðina og lagði hana þar í framsætið, þar sem hún var auðsjáanleg þeim, sem litu inn í bifreiðina. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir flutning eða sölu áfengis.

Eru því komnar í málinu sterkar líkur fyrir því, að þessi

eina áfengisflaska hafi ekki verið keypt í því skyni að selja hana.

Ber því að sýkna ákærða.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ríkissjóður greiði ⅓ hluta málskostnaðar fyrir héraðsdómi, þar með talinn ⅓ hluta af málsvarnarlaunum Eyjólfs K. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi.

Þá greiði og ríkissjóður allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 4000.00.

Dómsorð mitt er því:

Ákærði, Sigtryggur Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Af málskostnaði fyrir héraðsdómi greiðist ⅓ hluti úr ríkissjóði, þar með talinn ⅓ hluti af málsvarnarlaunum Eyjólfs K. Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Ríkissjóður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dómur sakadóms Keflavíkur 14. marz 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 14. marz, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Þórði Björnssyni og Sigtryggi Kjartanssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 18. apríl 1959, gegn þeim Þórði Björnssyni leigubifreiðarstjóra, Sunnubraut 11, Keflavík, og Sigtryggi Kjartanssyni leigubifreiðarstjóra, Klapparstíg 16, Keflavík, fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við téð lagaákvæði síðdegis miðvikudaginn 25. marz s.l. með því að hafa flutt áfengi í bifreiðinni Ö 321 frá Áfengisverzlun ríkisins við Snorrabraut að Hólmgarði 29 í Reykjavík, þar sem þeir voru handteknir af lögreglunni, er fann alls 25 áfengisflöskur í bifreiðinni umrætt sinn, en þar af átti ákærði Þórður 24 flöskur og ákærði Sigtryggur 1 flösku. Áfengið þykja ákærðu hafa ætlað til sölu.

Þess er krafizt, að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar, að framangreindar áfengisflöskur verði gerðar upptækar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga svo og verði báðir ákærðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna; ákærði Þórður Björnsson er fæddur 8. nóvember 1922 á Hólmavík, og hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu áður. Ákærði Sigtryggur Kjartansson, er fæddur 8. maí 1916 í Stykkishólmi, og hefur hann sætt þessum kærum og refsingum:

1941 2/7 Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun.
1938 7/8 Siglufirði: Sátt, 25 kr. sekt fyrir óspektir.
1938 20/9 Keflavík: Dómur, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1940 26/4 Keflavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun.
1949 29/4 Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 4/1946 um róðrartíma.
1958 3/2 Keflavíkurflugv.: Áminning fyrir tolllagabrot.

Málavextir eru þessir:

Klukkan 16.45 miðvikudaginn 25. marz 1959 voru tveir lögreglumenn af Keflavíkurflugvelli og einn lögreglumaður úr Keflavík staddir við Áfengisverzlun ríkisins við Snorrabraut í Reykjavík. Þar veittu þeir bifreiðinni Ö 321 athygli. Sáu þeir, að bifreiðarstjórinn, ákærði Sigtryggur Kjartansson, leigubifreiðarstjóri í Keflavík, og ákærði Þórður Björnsson, sem einnig var leigubifreiðarstjóri í Keflavík, fóru úr bifreiðinni og inn í áfengisverzlunina. Þar dvöldust þeir skamma hríð, en svo kom ákærði Sigtryggur út, fór inn í bifreiðina og ók henni á bak við hús verzlunarinnar. Þar dvöldu þeir skamma stund, en óku síðan af stað. Þar eð lögreglumennina grunaði, að þeir myndu vera í áfengiskaupum, þá eltu þeir bifreiðina og náðu henni við húsið Hólmgarð 29 í Reykjavík, þar sem hún var stöðvuð. Lögreglumennirnir höfðu tal af þeim ákærðu og sáu þá strax tvo kassa af áfengi í aftursæti og á gólfi bifreiðarinnar. Kvaðst ákærði Þórður eiga áfengið, en eina flösku, sem var í framsæti bifreiðarinnar, kvaðst Sigtryggur hafa keypt fyrir bróður sinn Karl.

Lögreglumennirnir fóru svo með þá ákærðu á lögreglustöðina í Keflavík. Húsleit var strax gerð á heimilum þeirra ákærðu, en ekkert áfengi fannst við þá leit.

Ákærði Þórður Björnsson játaði það fyrir réttinum að vera eigandi að umræddum tveim kössum af áfengi, 12 flöskum af brennivíni og 12 flöskum af gini, en neitaði því hins vegar eindregið að hafa ætlað áfengi þetta til sölu. Hann kvaðst ekki

hafa ætlað með áfengið til Keflavíkur, heldur ætlað að geyma það í Reykjavík og eiga það þar fyrir sjálfan sig, án þess að sérstakt tilefni væri til áfengiskaupanna. Hafi hann ætlað að geyma áfengið að Hólmgarði 29 í Reykjavík, en þar búi mágkona sín og tengdamóðir. Ákærði kveður óhætt að segja, að hann drekki mikið, heldur en lítið.

Ákærði Þórður segir, að ákærði Sigtryggur hafi keypt eina flösku, sennilega gin, og hafi hann gert það fyrir bróður sinn Karl.

Ákærði Sigtryggur Kjartansson kveður ákærða Þórð hafa keypt tvo kassa af áfengi, en sjálfur segist hann hafa keypt eina flösku af gini fyrir bróður sinn Karl.

Hafi Karl beðið hann að kaupa fyrir sig áfengið í hádeginu þenna sama dag, og lét kona Karls hann fá peningana til þeirra kaupa, kr. 200.00.

Er Karl Kjartansson kom fyrir dóm sem vitni, kvaðst hann hafa beðið ákærða Sigtrygg að kaupa fyrir sig 5 flöskur af gini, og kvaðst vitnið hafa fengið honum 1000.00 kr. í peningum til áfengiskaupanna. Þennan framburð sinn ítrekaði vitnið í upphafi við samprófun vitnisins og ákærða, en er vitninu var bent á misræmið í framburði þeirra, þá dró vitnið framburð sinn til baka og kvaðst hafa beðið ákærða Sigtrygg að kaupa eina flösku af gini og kona sín hafi látið ákærða Sigtrygg fá peninga til áfengiskaupanna. Ekki gat vitnið sagt um það, hvers vegna slíkt misræmi væri í framburði þess.

Ákærði Sigtryggur, sem búinn er að vinna alllengi með ákærða Þórði, sagði, að ákærði Þórður smakkaði vín, en vildi eigi gefa nánar út á það, hvort hann drykki mikið eða lítið.

Lögreglumenn þeir, sem að handtöku þeirra ákærðu stóðu, hafa komið fyrir dóm, og er málavaxtalýsing einkum byggð á framburði þeirra, sem er að öllu leyti samhljóða. Vitnið Einar Ingimundarson lögreglumaður segir þó, að ákærði Þórður hafi í fyrstu farið undan í flæmingi, er hann var að því spurður, hver ætti vínið. Hafi hann í fyrstu sagt, að kunningi sinn ætti vínið, en hann vildi þó eigi nafngreina hann. En er honum var bent á, að varhugavert væri, ef ósatt væri, að blanda óviðkomandi manni í þetta, þá hafi hann játað að eiga hina umræddu tvo áfengiskassa.

Ákærði Þórður hefur neitað að hafa ætlað áfengi þetta til sölu, heldur hafi hann ætlað það til eigin neyzlu.

Það er alkunna, að sterkur grunur hefur lengi leikið á því, að ýmsir leigubifreiðarstjórar stundi áfengissölu, enda hefur og ýmsum úr þeirri stétt á undanförnum árum verið refsað fyrir áfengissölu. Það verður að telja það ólíklegt, að ákærði Þórður hafi ætlað að nota sjálfur framangreint áfengismagn, 24 flöskur, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilefni til eigin notkunar á svo miklu áfengismagni, og verður því að telja, að ákærði Þórður hafi eigi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. mgr. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaganna.

Ákærði Sigtryggur kvaðst hafa keypt áfengi það, 1 flösku, sem hann var með fyrir bróður sinn. Mikils ósamræmis gætti í framburði ákærða Sigtryggs og bróður hans, og getur dómarinn af þeim sökum eigi byggt á staðhæfingu ákærða Sigtryggs um þetta atriði og telur með hliðsjón af því, sem að framan segir, að ákærði Sigtryggur hafi eigi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaganna.

Refsing hinna ákærðu ber að ákveða samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga.

Verð á áfengi því, sem ákærðu voru með og tekið var í vörzlu lögreglunnar hinn 25. marz 1959, var sem hér segir samkvæmt upplýsingum frá Áfengisverzlun ríkisins: Ginflaskan kostaði kr. 170.00 og brennivínsflaskan kr. 125.00.

Þykja refsingar hinna ákærðu hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Þórður Björnsson sæti 17.700.00 króna sekt og ákærði Sigtryggur Kjartansson 850.00 króna sekt og í báðum tilfellum renni sektirnar í Menningarsjóð Verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal í stað sektar ákærða Þórðar koma 75 daga varðhald og í stað sektar ákærða Sigtryggs varðhald í 4 daga.

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaganna ber að gera framangreint áfengi, 12 flöskur af brennivíni og 13 flöskur af gini, upptækar til ríkissjóðs.

Þá ber og að dæma ákærðu til þess að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Eyjólfs K. Jónssonar hdl., kr. 2.200.00.

Að ósk ákærðu var Geir Hallgrímsson hrl. í fyrstu skipaður verjandi þeirra, en er hann hafði látið af lögfræðistörfum, þá var Eyjólfur K. Jónsson hdl. skipaður verjandi þeirra.

Dómsorð:

Ákærði Þórður Björnsson greiði 17.700.00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigtryggur Kjartansson greiði kr. 850.00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, 12 flöskur af brennivíni og 13 flöskur af gini, samtals 25 flöskur, eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eyjólfs K. Jónssonar hdl., kr. 2.200.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. maí 1962.

Nr. 184/1961. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Gunnari A. Pálssyni f. h. Steins Jónssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. maí 1962.

Nr. 21/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. júní 1962.

Nr. 173/1961. **Ingólfur G. S. Espholin** (Gísli Ísleifsson hrl.)
gegn
Kópanesi h/f og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 16. maí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 88.753.96 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er ósannað, að komizt hafi á löglegur samningur um, að skuld niðursuðuverksmiðju á Bíldudal við

aðaláfrýjanda skyldi greiðast af innstæðu gagnáfrýjanda hjá honum. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 88.753.96 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ingólfur G. S. Espholin, greiði gagnáfrýjanda, Kópanesi h/f, kr. 88.753.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júlí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Sæmundur Ólafsson, skólastjóri á Bíldudal, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur fyrir hönd h.f. Kópaness, Bíldudal, gegn Ingólfi G. S. Espholín, Höfða, Höfðatúni hér í bænum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 90.095.65 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1953 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað höfuðstól stefnukröfunnar í kr. 89.168.68. Þá hefur stefnandi gert þá breytingu á vaxtakröfu sinni, að hann krefst nú 6% ársvaxta frá 1. ágúst 1953 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Af hálfu stefnda hefur verið samþykkt, að þessari breytingu á kröfugerð stefnanda verði komið að í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í greinargerð stefnanda er málavöxtum lýst á þann veg, að í aprílmánuði 1953 hafi v/b Frigg, B A 4, eign stefnanda, lagt

inn fisk í Frystihúsið, Bíldudal, eign stefnda. Andvirði aflans hafi numið kr. 177.564.50, sem þó virðist ofreiknað um kr. 661.15. Á móti þessu hafi stefndi greitt ýmsar fjárhæðir, þannig að skuld stefnda nemi hinni umstefndu fjárhæð.

Til stuðnings kröfu sinni lagði stefnandi fram yfirlitsreikning frá Frystihúsinu, Bíldudal, en þar kemur fram, að inneign stefnanda hinn 1. ágúst 1953 er talin nema kr. 95.095.65. Yfirlitsreikningur þessi er svohljóðandi:

„1953

			Úttekið kr.	Innlagt kr.
Apríl 30.	Pro:	Innl. fiskur fyrir aprílm.		177.564.50
Maí	An:	Greitt í Rvk, innl. í ávbók	75.000.00	
—	—	Út. Bryggjugj. o. fl.	1.807.70	
—	—	Ofreiknað á fisknótu 20/4	661.15	
Júlí	—	Greitt með milliskrift Nsvsm.	5.000.00	
		Mismunur	95.095.65	
			177.564.50	177.564.50
Ágúst 1.	Pro:	Inneign		95.095.65“

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lagt fram endurrit úr viðskiptamannabók sinni yfir viðskipti aðiljanna frá 31. ágúst 1952 til loka júlímánaðar 1953. Yfirlit þetta yfir viðskipti aðiljanna á árinu 1953 er svohljóðandi:

„1953.		fiskur í jan. sjá	N.r.i.	debet:	kredit:
jan. 31.	An:	pen.	2.		30.000.00
febr. 28.	Pro:	—	11.		46.278.60
febr. 28.	An:	fiskinnl. í febr.	11.	46.278.60	
marz 25.	An:	fiskinnl. í marz	32.	36.752.45	
— —	Pro:	pen.	33.		14.000.00
— —	—	—	40.		22.752.45
— —	—	—	37.		1.000.00
apr. 30.	An:	innl. fiskur	69.	177.564.50	
— —	Pro:	peningar	77.		75.000.00
— —	—	—	94.		5.000.00
	An:	fiskinnl. í jan.	1.	35.505.88	

		N.r.i.	debet:	kredit:
31/7	Pro: pen.	86.		5.000.00
	— ýmis gjöld			1.807.70
			Kr. 296.101.43	200.838.75
31/12	Pro: mism.			95.262.68
			Kr. 296.101.43	296.101.43“

Samkvæmt yfirliti þessu nemur skuld stefnda við stefnanda kr. 95.262.68. Af hálfu stefnanda hefur því verið lýst yfir, að hann reisi kröfur sínar í málinu á hinu síðastgreinda yfirliti, þó með þeirri breytingu, að fjárhæð þessi eigi að lækka um kr. 6.094.00. Er því lýst yfir af hálfu stefnanda, að leiðrétting þessi sé vegna skekkju, sem stafi frá stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að þeir Sverrir Matthíasson og Sveinbjörn Finnsson, sem voru eigendur Niðursuðuverksmiðjunnar á Bíldudal, hafi lofað því, að það, sem þeir skulduðu stefnda vegna starfrækslu niðursuðuverksmiðjunnar eða vegna annarra viðskipta, mætti jafnast með skuld stefnda við stefnanda. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi fengið fjárhæð kröfu þeirrar, er mál þetta fjallar um, greidda hjá þeim Sverri Matthíassyni og Sveinbirni Finnssyni.

Stefndi hefur lagt fram yfirlit yfir viðskipti aðiljanna, svohljóðandi:

„1952.			Kr.	Kr.
Ágúst	31. Pro:	Fiskur innl. í ágúst		13.863.10
Okt.	31. An:	v/Kaupfélag Arnfirðinga ..	3.791.40	
—	— —	v/Kaupfélag Þingeyinga ..	3.548.00	
Nóv.	31. Pro:	Fiskur innl. í nóvember ..		20.213.92
Des.	31. An:	Útb. peningar	12.874.52	
—	— Pro:	Fiskur innl. í desember ..		7.350.50
—	— An:	Peningar	11.367.20	
—	— —	v/Pál Hannesson	2.540.23	
—	— —	Mismunur	7.306.17	
			Kr. 41.427.52	41.427.52

1953. Pr.	Saldo		7.306.17
—	Fiskur		35.528.68
An:	Peningar	30.000.00	
—	—	5.505.88	
—	—	7.306.17	
—	—	23.500.00	
—	—	22.778.60	
Pr:	Fiskur í febrúar		46.180.15
—	— - marz		37.594.45
An:	Peningar	22.752.45	..
—	—	10.000.00	
—	—	4.000.00	
Pr:	Fiskur í apríl		177.013.00
An:	Peningar	5.000.00	
—	Reikn. hafnarsjóðs	1.206.00	
Pr:	Innborgað		154.52
An:	Beituafhending	414.72	
—	Leiðrétting á offærðum fiski	661.15	
—	Smokkfrysting	1.094.00	
An:	Peningar	75.000.00	
Pr:	Leiðrétt		661.15
—	— fsk. 323		1.206.00
An:	Geymslukostn. á beitu	4.136.00	
—	Ávísun gr. til M. Jónssonar	5.000.00	
—	Yfirfært af Sverri Matthíassyni	9.165.86	
—	Yfirfært af niðursuðuverksm.	99.083.16	
Pr:	Mismunur		20.959.87
		Kr. 326.603.99	326.603.99“

Vitnið Sverrir Matthíasson hefur komið fyrir dóm í máli þessu. Vitnið var framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir h.f. Kópanes á Bíldudal á árunum 1952 og 1953. Á sama tíma var vitnið verkstjóri hjá Niðursuðuverksmiðjunni á Bíldudal og rak hana í félagi við Sveinbjörn Finnsson. Hefur vitnið skýrt svo frá, að svo hafi verið umsamið með því og Páli Ágústssyni, er þá hafði umsjón með rekstri frystihússins á Bíldudal og kom þar fram fyrir hönd stefnda, svo og með vitninu og Páli heitnum Jónssyni, sem annaðist að nokkru rekstur frystihússins fyrir stefnda, að viðskipti niðursuðuverksmiðjunnar við frystihúsið

mættu greiðast sem millifærsla með inneign h.f. Kópaness. Kveður vitnið fyrirkomulag þetta hafa mátt kallast grundvöll fyrir því, að hægt var að starfrækja rækjupökkun á þessum tíma. Vitnið hefur einnig skýrt svo frá, að Sveinbjörn Finnsson hafi tjáð því, að samkomulag væri um það, að frystigjaldið yrði gert upp með millifærslu milli Kópaness h.f. og frystihússins. Ekki kveður vitnið Sveinbjörn þó hafa haft umboð til að semja um þetta fyrir Kópanes h.f. Vitnið hefur skýrt svo frá, að með millifærslu hafi það skilið það, „að um leið og verksmiðjan borgar inn á reikning Friggjar, þá hafi verið fyrir hendi kvittun, sem losaði sömu upphæð hjá frystihúsinu. Hafi því verið skilyrði fyrir þessu, að innborganir hafi átt sér stað til frystihússins".

Vitnið Páll Ágústsson, sem á þessum tíma kom fram fyrir hönd stefnda á Blídudal varðandi rekstur hraðfrystihússins, hefur skýrt svo frá, að einhvern tíma um sumarið 1953 hafi Sverrir Matthíasson tjáð því, að það væri rétt, að kostnaður við frystingu á rækjum, sem frystihúsið frysti fyrir niðursuðuverksmiðjuna á Bíldudal, skyldi ganga á móti skuld hraðfrystihússins við h.f. Kópanes. Ekki man vitnið, um hvaða fjárhæðir var talað í þessu sambandi. Vitnið kveður hraðfrystihúsið hafa fryst rækjur fyrir niðursuðuverksmiðjuna, eins og um hafi verið beðið, allt sumarið og allt árið, að því er vitnið man bezt. Man vitnið ekki betur en að samkomulag þetta hafi verið grundvöllur þess, að haldið var áfram að frysta rækjur fyrir niðursuðuverksmiðjuna.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Sæmundur Ólafsson, hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hefur hann mótmælt því, að samkomulag hafi orðið milli frystihúss stefnda og h.f. Kópaness um það, að skuld niðursuðuverksmiðjunnar mætti greiðast af inneign h.f. Kópaness hjá frystihúsinu. Hafi Sverrir Matthíasson gert slíkt samkomulag, kveður Sæmundur hann hafa gert það án þess að hafa haft heimild stjórnar félagsins til þess.

Guðbjartur Ólason, einn af meðlimum stjórnar h.f. Kópaness, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann viti ekki til, að það hafi verið borið undir stjórn félagsins, að skuldajafna mætti inneign félagsins og skuld niðursuðuverksmiðjunnar við frystihúsið. Kveður hann stjórn félagsins hafa haldið fund með Sverri í septembermánuði 1953 og átalið hann fyrir að hafa ekki náð inneign félagsins hjá frystihúsinu. Í beinu framhaldi af þessum fundi hafi svo Sverrir fyrir hönd félagsins stefnt Páli Ágústssyni fyrir hönd Ingólfs Espholíns til greiðslu skuldarinnar.

Í máli þessu er fram komið, að með sáttakæru, útgefinni hinn

2. september 1953 og birtri 3. s. m., stefndi Sverrir Matthíasson fyrir hönd Kópaness h.f. Ingólfi G. S. Espholín eða Páli Ágústssyni fyrir hans hönd á fund sáttanefndar til þess að fá Ingólf eða Pál fyrir hans hönd til þess að sættast á að greiða skuld, að eftirstöðvum kr. 95.095.65 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. maí 1953. Kærandinn kvað fjárhæð þessa vera eftirstöðvar af andvirði afla v/b Friggjar, sem seldur hafi verið kærða, Ingólfi G. S. Espholín. Ekki varð af sátt með kæranda og kærða.

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram afrit af símskeyti, sem dagsett er 19. október 1953, svohljóðandi:

„NIÐURSTÖÐUTÖLUM Á REIKNINGI HJÁ MÉR UM INNEIGN BÁTANNA SIGURÐAR STEFÁNSSONAR, JÖRUNDAR BJARNASONAR OG FRIGGJAR MUNU EKKI VERA SAMHLJÓÐA INNEIGN NEFNDRA BÁTA NÚNA VEGNA INNBORGANA, SEM ÞEIR HAFA FENGIÐ Í REYKJAVÍK HJÁ INGÓLFI ESPHOLÍN, EN ÉG EKKI FENGIÐ FYLGISKJÖL YFIR. AUK ÞESS ER EFTIR AÐ SKULDA ÞÁ JÖRUND OG SIGURÐ FYRIR BEITUGEYMSLU FYRIR ÁRIÐ 1952 OG ALLA BÁTANA FYRIR 1953 og FRIGG FYRIR JAFNHÁRRI UPPHÆÐ OG NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN HÉRNA SKULDAR FYRIR RÆKJUFRYSTINGU VEGNA SVERRIS MATTHÍASSONAR OG SVEINBJARNAR FINNSSONAR, HEFUR MÉR NÝLEGA VERIÐ SÝNT BRÉF ÞESS EFNIS, AÐ SKULD GREIÐIST AF INNEIGN M/B FRIGGJAR F. H. HRAÐFRYSTIHÚSSINS. PÁLL ÁGÚSTSSON.“

Af því, sem rakið hefur verið, verður að telja fram komið, að vísir að samkomulagi hafi stofnazt með Sverri Matthíassyni og fyrirsvarsmönnum stefnda á Bíldudal, þeim Páli Ágústssyni og Páli heitnum Jónssyni, um það, að skuld niðursuðuverksmiðjunnar við hraðfrystihúsið mætti greiðast með millifærslu á inneign stefnanda hjá stefnda. Á hinn bóginn verður ekki séð, hvenær samkomulag þetta var gert og ekki við hvaða tíma það skyldi miðað. Því verður heldur ekki séð, hversu háum fjárhæðum skuld niðursuðuverksmiðjunnar og inneign stefnanda námu, er millifærslan skyldi framkvæmd. Samkvæmt þessu verður að telja, að samkomulag þetta hafi verið svo óákveðið, að það sé ekki bindandi fyrir stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda, sem reist er á þessari varnarástæðu, því eigi tekin til greina.

Þá þykir heldur ekki unnt að leggja til grundvallar við úrlausn málsins millifærslu í þágu Sverris Matthíassonar, kr. 9.165.86, á yfirliti því yfir viðskipti aðiljanna, sem stefndi hefur

lagt fram, enda hafa engar sönnur verið færðar að því gegn andmælum af hálfu stefnanda, að heimilt hafi verið að færa stefnanda fjárhæð þessa til skuldar.

Verður fjárhæð dómkröfu stefnanda nú tekin til athugunar.

Af reikningsyfirliti stefnanda kemur fram, að hann telur, að viðskipti aðiljanna hafi verið jöfn um áramótin 1952—1953. Af yfirliti stefnda kemur hins vegar fram, að hann telur sig þá hafa skuldað stefnanda kr. 7.306.17, en þá fjárhæð hafi hann svo greitt stefnanda með sérstakri greiðslu síðar á árinu 1953. Ekki kemur fram á yfirliti stefnda, hvenær greiðsla þessi hefur verið innt af hendi. Þykir því mega leggja til grundvallar, að viðskipti aðiljanna hafi verið jöfn um áramótin 1952—1953. Á yfirliti stefnda kemur fram, að stefnanda er færður til skuldar kostnaður við beituafhendingu, kr. 414.72, og kostnaður við geymslu á beitu, kr. 4.136.00.

Af hálfu stefnanda er fjárhæðum þessum mótmælt og því haldið fram, að honum beri ekki að greiða fjárhæðir þessar, þar sem svo hafi verið um samið, að eigi skyldi greiða þennan kostnað, heldur skyldi aðeins greiddur sá kostnaður, er leiddi af móttöku beitunnar og afhendingu. Á móti þessu hafi komið það, að bátarnir hafi annazt flutning fisks frá skipshlið í frystihúsið.

Vitnið Sverrir Matthíasson, sem sá um rekstur hraðfrystihússins á Bíldudal fyrir stefnda á árinu 1952 og til 22. janúar 1953, hefur skýrt svo frá, að veturinn 1952 hafi hraðfrystihúsið ekki viljað annast beitusölu. Á hinn bóginn hafi því verið lofað, að beita sú, sem eigendur bátanna gætu útvegað, skyldi geymd í húsinu endurgjaldslaust, að öðru en því, að eigendur vélbátanna greiddu kostnað við móttöku hennar og afhendingu. Í staðinn kveður vitnið hraðfrystihúsið hafa átt að losna við alla þátttöku í akstri á fiski, sem það keypti.

Með vísan til þessa þykir rétt að telja, að svo hafi verið um samið, að stefnandi skyldi ekki greiða stefnda gjald fyrir geymslu á beitu þessari, enda þykir slíkt samkomulag í samræmi við eðlilega viðskiptahætti á þessum tíma. Á hinn bóginn verður að telja, að stefnanda hafi borið að greiða kostnað þann, sem varð við afhendingu beitunnar, kr. 414.72. Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að hann eigi að greiða kr. 1.094.00 fyrir frystingu á kolkrabba, og er tekið tillit til þeirrar fjárhæðar í lækkun höfuðstóls stefnukröfunnar.

Við athugun á reikningsyfirlitum þeim, sem aðiljar hafa lagt

fram, kemur fram, að samkvæmt yfirliti stefnda nemur andvirði innlagðs fisks á árinu 1953 kr. 296.316.28, en samkvæmt yfirliti stefnanda kr. 296.101.43. Þykir því mega leggja þessa fjárhæð stefnanda til grundvallar við úrlausn málsins. Gjaldamegin á yfirliti stefnanda koma fram ýmsar fjárhæðir, samtals kr. 200.838.75. Á yfirliti stefnda nema greiðslur í þágu stefnanda kr. 204.630.93, eftir að tekið hefur verið tillit til gjalda fyrir beitugeymslu og beituafhendingu hér að framan og jafnframt þess, að viðskipti aðiljanna verða talin hafa verið jöfn um áramótin 1952—1953. Yfirlit það yfir viðskipti aðiljanna, sem stefndi hefur lagt fram, er gert af löggiltum endurskoðanda, en ekki er tekið fram, að fylgiskjöl hafi legið fyrir, og ekki hafa þau komið fram á annan hátt. Þykir því einnig að þessu leyti verða að leggja til grundvallar fjárhæðir yfirlits stefnanda með þeirri lækkun, sem stefnandi hefur gert, svo og þeirri breytingu, sem gera ber á því um greiðslu fyrir beituafhendingu.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 88.753.96 (89.168.68 ÷ 414.72). Þá þykir bera að dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. ágúst 1953 til 22. febrúar 1960, 10% ársvexti frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni og dr. Jakobi Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur G. S. Espholín, greiði stefnanda, Sæmundi Ólafssyni f. h. Kópaness h.f., kr. 88.753.96 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1953 til 22. febrúar 1960, með 10% ársvöxtum fá þeim degi til 29. desember s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1962.

Nr. 189/1961. **Arnaldur Guttormsson,**
Egill Guttormsson,
Þórunn Guttormsdóttir,
Valgerður Guttormsdóttir og
Margrét Guttormsdóttir
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Einari Guttormssyni og
Stefáni Júlíussyni (Friðrik Magnússon hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og Magnús Torfason prófessor.

Jörð eigi talin ættarjörð samkvæmt 7. kafla laga nr. 116/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1961 og gert eftirfarandi réttarkröfur:

„Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, og að ákveðið verði með dómi réttarins, að rift sé kaupum og ógilt afsalsbréf fyrir jörðinni Ósi í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu, til stefnda Stefáns Júlíussonar, dagsett 27. marz 1961, innritað í veðmálabækur hinn 28. sama mánaðar til fyrirfram þinglýsingar á manntalsþingi í Arnarneshreppi, og

að viðurkennt verði, að jörðin Ós í Arnarneshreppi lúti sem ættarjörð reglum 7. kafla laga nr. 116 frá 30. desember 1943, sbr. lög nr. 16 frá 22. febrúar 1950, um ættaróðul og erfðaábúð."

Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr höndum stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa ekki sannað, að jörðin Ós í Arnarneshreppi hafi verið óslitið í ætt þeirra þann tíma, sem 26. gr. laga nr. 116/1943 með breytingum samkvæmt 3. gr. laga nr. 16/1950 áskilur, til þess að jörð verði talin ættarjörð gegn vilja jarðareiganda. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Arnaldur Guttormsson, Egill Guttormsson, Valgerður Guttormsdóttir, Þórunn Guttormsdóttir og Margrét Guttormsdóttir, greiði óskipt stefndu, Einari Guttormssyni og Stefáni Júlíussyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 3. október 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hafa stefnendur, þeir Arnaldur Guttormsson skrifstofumaður, Þingvallastræti 27, Akureyri, Egill Guttormsson, Víðimel 25, Reykjavík, Þórunn Guttormsdóttir, Ránargötu 12, Akureyri, Valgerður Guttormsdóttir, Strandgötu 27, Akureyri, og Margrét Guttormsdóttir, Áslaksstöðum, Arnarneshreppi, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 2. júní s.l., á hendur Einari Guttormssyni, Hrafnagilsstræti 23, Akureyri, og Stefáni Júlíussyni, Leifsstöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, til réttargæzlu, en við þingfestingu höfðu stefnendur uppi sömu kröfur á hendur Stefáni Júlíussyni og stefnda Einari, og samþykkti Stefán að svara til þeirra krafna án stefnu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að þola riftingu á kaupum og ógildingu á afsalsbréfi fyrir jörðinni Ósi í Arnarneshreppi, dagsettu 27. marz 1961 og innrituðu til þinglýsingar hinn 28. sama mán., en afsalið er gefið út af stefnda Einari Guttormssyni til stefnda Stefáns Júlíussonar. Ennfremur að viðurkennt verði með dómi, að jörðin Ós sé ættar-

jörð og lúti reglum 7. kafla laga nr. 116/1943 um ættaróðul og erfðaábúð.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu.

Hinir stefndu krefjast hins vegar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Málavextir eru þeir, að með fyrrgreindu afsali afsalar stefndi Einar Guttormsson til meðstefnda Stefáns Júlíussonar jörðinni Ósi fyrir kr. 150.000.00. Ábúandi jarðarinnar og hreppsnefnd Arnarneshrepps höfðu afsalað sér forkaupsrétti að jörðinni.

Þegar næsta dag eftir að afsalið var innritað til þinglýsingar, óskuðu stefnendur þessa máls, sem eru systkini stefnda Einars Guttormssonar, að innritað yrði til þinglýsingar í Arnarneshreppi mótmælabréf um sölu jarðarinnar til meðstefnda Stefáns, þar sem jörðin væri háð ákvæðum laga um ættaróðal og erfðaábúð og samkvæmt þeim lögum ættu stefnendur forkaupsrétt að jörðinni. Bréf þetta er dagsett 20. marz 1961 og þá strax sent sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og stílað til hans.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að Einar Ásmundsson í Nesi hafi eignazt jörðina Ós fyrir 5. janúar 1886. Að honum látnum erfði sonur hans, Guttormur, hana samkvæmt skiptagerningi, dags. 22. des. 1895. Sonur hans Einar, stefndi í máli þessu, eignaðist síðan jörðina með kaupsamningi 21. sept. 1917 og afsali 4. júlí 1918 frá móður sinni, sem þá var ekkja. Hefur Einar átt jörðina síðan þar til nú.

Samkvæmt þessu telja stefnendur, að jörðin hafi verið samfellt í eign sömu ættar í 75 ár og megi því ekki ráðstafa henni nema í samræmi við 7. kafla laga um ættaróðöl og erfðaábúð. Eftir ákvæðum þeirra laga, sbr. lög nr. 16/1950, 3. gr., eiga niðjar eiganda forkaupsrétt að ættarjörðum og síðan systkini hans og afkomendur þeirra fyrir fasteignamatsverð. Fasteignamat Óss er kr. 28.800.00. Þinglesin heimild er engin til um það, hvenær Einar Ásmundsson eignaðist Ós, en í bréfi hans til Árna Thorsteinssonar landfógeta, dags. 5. jan. 1886, (Lbs. 2419, 4to), segir svo meðal annars: „Samið hef ég nú til fulls um kaupin á Ósi og tekið á mig þá þungu byrði að borga jörðina með ýmsu, sem fylgir í kaupinu, 9000 kr. í fardögum". Guttormur, sonur Einars í Nesi, fluttist að Ósi árið 1886, vafalaust í fardögum, og hóf þar búskap.

Stefndu byggja mótmæli sín gegn kröfu stefnenda á því, að jörð verði ekki ættarjörð, nema öruggar heimildir liggi fyrir um, að hún fullnægi skilyrðum til þess, sbr. 26. gr. laga nr. 116/

1943, og lög nr. 16/1950, 3. gr. Þá er og á það bent af þeirra hendi, að samkvæmt 33. gr. laga nr. 116/1943 skuli sýslumenn halda skrá um jarðir, sem falla undir ákvæði 26. gr. laganna, og skuli sú skrá endurskoðuð á manntalsþingum árlega. Skal þess getið í afsals- og veðmálabókum, að jörð sé ættarjörð. Um Ós sé það að segja, að sú jörð hafi ekki verið lýst ættarjörð samkvæmt þessum lagaákvæðum. Stefnendur telja, að í framangreindri tilvitnun úr bréfi Einars Ásmundssonar til Árna Thorsteinssonar felist það einungis, að sala jarðarinnar hafi átt að fara fram í fardögum 1886, en kaupsamningur hafi verið gerður fyrir 5. janúar það ár. Þótt kaupsamningurinn hafi verið gerður, hafi eignaryfirfærsla ekki átt sér stað. Sé því ljóst, að jörðin hafi ekki verið full 75 ár í eigu Einars Ásmundssonar og niðja hans, þegar stefndi Einar Guttormsson seldi meðstefnda Stefáni Júlíussyni jörðina hinn 27. marz 1961.

Til vara byggja stefndu sýknukröfu sína á því, að þegar kaupin réðust milli þeirra um Ós þegar á árinu 1960 og allt til 20. marz 1961, er stefndu mótmæltu sölunni, hafi þeir enga hugmynd haft um það, að haldið yrði fram, að jörðin væri ættarjörð, enda hafi afsals- og veðmálabækur ekki borið slíkt með sér. Hafi báðir aðiljar verið í góðri trú og stefndi Stefán, kaupandi jarðarinnar, öðlazt rétt sinn til jarðarinnar fyrir traustfang, jafnvel þótt svo yrði litið á, að jörðin sé ættarjörð.

Að því er snertir aðalsýknuástæðu hinna stefndu, veltur mál þetta á því, hvernig túlka beri hin tilvitnuðu ummæli Einars í Nesi í bréfinu til landfógeta: Samið hef ég nú til fulls um kaupin á Ósi o. s. frv. Af ummælum þessum þykir mega ráða það með vissu, að þá hafi verið kominn á kaupsamningur um jörðina. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða, að Einar í Nesi hafi þá verið orðinn eigandi hennar, og heimildir skortir til þess, að úr því verði skorið, hvenær hann öðlaðist eignarréttinn. Af þinglýstu skjali, dags. 17. júlí 1886, verður þó séð, að þá telur Einar sig eiga jörðina.

Til þess að jörð verði talin ættarjörð gegn vilja eiganda hennar, verða að vera fyrir hendi óyggjandi sannanir fyrir því, að hún hafi verið samfellt í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur, þar sem hér getur verið um að ræða stórkostlegt fjárhagsatriði fyrir eigandann, og kynni þá að þurfa rannsóknar við, hvort lagaákvæði um ættarjarðir væri að öllu leyti samrýmanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Slíkar rannsóknir eru ekki fyrir hendi um jörðina Ós, sem

um ræðir máli í þessu. Veltur þar að vísu á fáum mánuðum. Var stefnda Einari því frjálst að ráðstafa henni á þann hátt, sem hann gerði. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna hina stefndu af kröfum stefnenda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefnendur greiði stefndu kr. 6000.00 upp í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Guttormsson og Stefán Júlíusson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Arnalds Guttormssonar, Egils Guttormssonar, Þórunnar Guttormsdóttur, Valgerðar Guttormsdóttur og Margrétar Guttormsdóttur, í máli þessu.

Stefnendur greiði hinum stefndu kr. 6.000.00 upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 6. júní 1962.

Nr. 169/1961. **Hafsilfur h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Sighvati Snæbjörnssyni og gagnsök
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur: ....
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1961. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 232.275.75 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur nokkurra nýrra gagna verið aflað. Prófessor Snorri Hallgrímsson hafði m. a. í vottorði 27. ágúst 1959 lýst ástandi gagnáfrýjanda og batahorfum. Prófessorinn skoðaði gagnáfrýjanda enn 5. febrúar 1962, og segir í vottorði hans, dags. sama dag, m. a. á þessa leið: „Við skoðun í dag reyndist ástand nánast óbreytt frá því, sem lýst er í áðurnefndri umsögn. Nokkur bjúgur er í h. fótlegg og hreyfingarhindrun í h. öklalið og fótliðum engu minni en áður.

Röntgenskoðun 27.1 1962 sýnir, eins og áður, gliðnun á liðgafflinum og grunnt skarð í liðflöt sköfnungsins aftan til.

Ekki eru líkur til, að ástand h. öklaliðs Sighvats batni, frá því sem nú er. Frekar má búast við, eins og tekið er fram í umsögn frá 27.8. 1962, að óeðlilegar slitbreytingar myndist í liðnum með tímanum."

Páll Sigurðsson, fyrrv. tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku gagnáfrýjanda af nýju 18. febrúar þ. á. Segir svo í ályktun læknisins: „— — Sighvatur hefur við slysið 25. júlí 1958 hlotið mjög slæmt brot um hægri öklalið. Enda þótt segja megi, að tekizt hafi eftir atvikum sæmilega vel að lagfæra brotið með skurðaðgerð, þá getur naumast leikið nokkur vafi á því, að afleiðingin verði veruleg, varanleg bæklun á hægri öklalið, sem útilokað má telja, að breytist til batnaðar úr þessu. Það eru einkum víkkun bilsins milli innra öklabeins og völunnar og sköddun liðflatarins, sem mestu meini og óþægindum valda.

Af vottorði prófessors Snorra Hallgrímssonar, dags. 5. febrúar 1962, sem tekið hefur verið upp í þessa greinargerð, er ljóst, að Sighvati hættir mjög við að fá verki í hægri öklaliðinn, jafnvel við litla áreynslu.

Eins og ég hef þegar tekið fram, þá má fastlega gera ráð fyrir að gera þurfi staurökla á hægri fótlim fyrr eða seinna til að losa Sighvat við þrautir og óþægindi í liðnum. Það virðist því ekki verða hjá því komizt að hækka framtíðarörorku Sighvats nokkuð frá því, sem hún var talin hæfilega metin 18. september 1959". Telur læknirinn ör-

orku gagnáfrýjanda hæfilega metna í fyrra vottorði fram til 1. janúar 1962, en frá þeim tíma beri að áætla framtíðarörorku hans 15%.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 5. marz þ. á. var leitað álits Læknaráðs um 1), hvort ætla megi, að gagnáfrýjandi hafi hlotið varanlega örorku af slysi því, er í málinu greinir, og 2) verði svo talið, hver sé hæfilega metin varanleg örorka hans. Í álitsgerð, staðfestri 5. maí þ. á., svaraði Læknaráð fyrri spurningunni játandi og féllst jafnframt á framangreint örorkumat Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingayfirlæknis, dags. 18. febrúar þ. á.

Þá hefur og K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur gert nýja áætlun um atvinnutjón gagnáfrýjanda, miðað við 15% varanlega örorku. Telur hann, að verðmæti atvinnutjóns eigi að hækka frá því, sem greinir í áætlun hans 6. september 1961, í kr. 277.064.00, ef miðað er við dýralæknisstörf, og í kr. 136.886.00, ef miðað er við verkamannakaup. Ef reiknað er með 7% ársvöxtum í stað 6%, verða samsvarandi tölur kr. 245.239.00 og kr. 124.720.00.

Þá er þess að geta, að sökum hækkunar í varanlegri örorku gagnáfrýjanda í 15%, hlýtur hann viðbótargreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 37.008.00.

Fallast má á með héraðsdómara, að vinnutæki og stjórn af hálfu verkstjórnarmanna aðaláfrýjanda hafi verið svo áfátt, þegar atvik það, er í málinu greinir, gerðist, að aðaláfrýjandi eigi að bæta gagnáfrýjanda meginhluta tjóns hans. Með vísan til forsendna héraðsdóms telst gagnáfrýj andi og eiga nokkra sök á slysinu. Þykir mega staðfesta þá sakarskiptingu, sem ákveðin er í héraðsdómi.

Samkvæmt þeim rökum, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, verður um ákvörðun bóta gagnáfrýjanda fyrir atvinnutjón miðað við launakjör almennra verkamanna. Þykir það tjón eftir gögnum málsins hæfilega metið kr. 95.000.00.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir, að 2. liður dómkrafna gagnáfrýjanda, sem getið er í héraðsdómi, verður ekki tekinn til greina.

Þegar litið er til sjúkrasögu gagnáfrýjanda og þeirrar röskunar, sem að nokkru hefur orðið og ætla má að verði á högum hans, þykir tjón hans samkvæmt 3. og 4. lið hæfilega metið í héraðsdómi.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um 5. og 6. kröfulið.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telst tjón gagnáfrýjanda vegna slyssins nema kr. 141.550.00 (kr. 95.000.00 + kr. 45.000.00 + kr. 1550.00). Eins og að framan greinir, hefur gagnáfrýjandi fengið og á í vændum greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals kr. 39.285.25 (kr. 2.277.25 + kr. 37.008.00). Þessa fjárhæð ber að draga frá framangreindum kr. 141.550.00. Af mismuninum, kr. 102.264.75, ber aðaláfrýjanda að bæta gagnáfrýjanda 4/5 hluta, kr. 81.811.80, að frádregnum þegar greiddum kr. 50.000.00, þ. e. kr. 31.811.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hafsilfur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sighvati Snæbjörnssyni, kr. 31.811.80 með 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 17.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. október 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Sighvatur Snæbjörnsson, Grund í Eyjafirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. september 1960, gegn Sveini Benediktssyni framkvæmdastjóra hér í bæ f. h. Hafsilfurs h/f, Raufarhöfn, til

greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 262.275.75 með 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar niður í kr. 232.275.75 og breytti vaxtakröfu sinni á þá lund, að hann lækkaði hana um 2% frá 29. desember 1960 til greiðsludags. Að öðru leyti hélt hann fast við kröfur sínar.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins, en til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Dómarinn hefur árangurslaust reynt að sætta aðiljana.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málsatvikum í sakadómi Akureyrar hinn 23. september 1958, að í júnímánuði 1958 hafi hann ráðið sig til starfa hjá Hafsilfri, síldarsöltunarstöð Sveins Benediktssonar forstjóra í Reykjavík. Hafi honum verið tryggð 8 stunda vinna á dag, en venjulega hafi þó verið unnið 11 stundir og oft næturvinna.

Fyrir hádegi hinn 25. júlí 1958 kveður hann verkstjóra Hafsilfurs, Jón Einarsson, hafa beðið sig og tvo aðra verkamenn að kústa hús nokkurt að utan upp úr sementsvatni. Rigning hafi verið þennan dag, og kveðst stefnandi hafa verið í klofháum stígvélum með gúmmíhanzka á höndum. Hús þetta hafi verið allhátt með risi. Hafi þeir því orðið að negla saman tvo stiga og setja hann upp á fjórhjóla vagn, þar eð stiginn hafi eigi verið nægilega langur ella. Stefnandi kveður þetta hafa verið gert í samráði við verkstjórann og með hans leyfi.

Stefnandi segir verkið hafa verið framkvæmt þannig, að hann hafi farið upp í stigann, er hafi verið sleipur, til að bera sementsvatnið á vegginn, meðan mennirnir tveir héldu við stigann að neðan. Veggur sá, er þeir unnu við, var vesturgafl hússins, er var með risi. Rétt efst við risgaflinn hafi verið dálítið gluggagat á veggnum, á að gizka 30 cm á kant. Í gati þessu hafi verið gluggarammi með loftræstingarútbúnaði, er hafi verið opinn að neðan, og hafi þar verið rifa. Vegna þess hve stiginn var stuttur, varð stefnandi að standa það ofarlega í honum, að hann gat ei haldið sér í hann. Hann kveðst hafa staðið í efstu eða næst efstu rim stigans og haldið sér í greindan gluggakarm með því að smeygja hendinni inn um nefnda rifu. Fatan með sementsvatninu hafi hangið á nagla utan á stiganum. Er hann var nýbyrjaður að bera sementsvatnið á vegginn og hafði

aðeins lokið við smáblett, kveðst hann ei hafa vitað, fyrr en hann hafi haldið á nefndum gluggakarmi í hendinni og verið að falla frá veggnum. En hann kveðst þó einhvern veginn hafa getað snúið sér svo, að bak hans vissi að stiganum, og þannig hafi hann runnið alla leið niður á pallinn á vagninum, er hafi verið hliða- og gaflborðalaus, en sterkur. Í fallinu kveðst hann hafa snert stigann lengst af, en segist þó hafa verið alveg laus við hann síðustu metrana. Taldi hann, að fallhæðin hafi verið 8—10 metrar. Stefnandi segist aðallega hafa lent á hægri fæti, er hann kom niður úr fallinu, þó einnig nokkuð á þeim vinstri.

Stefnandi segir, að strax hafi verið ljóst, að hann var illa slasaður, einkum á hægri fæti. Var hann þegar borinn inn í hús það, er hann bjó í, og kom héraðslæknirinn fljótt á vettvang og setti gipsumbúðir á fótinn, svo að hann raskaðist minna. Síðan var stefnandi fluttur í leigubifreið á sjúkrahúsið á Akureyri, þar sem hann kveðst hafa legið óslitið til 2. september 1958, en þá hafi hann farið heim til sín.

Vitnið Jón Einarsson verkstjóri hefur skýrt svo frá í sakadómi Húsavíkurkaupstaðar, að framanrituð skýrsla stefnanda sé rétt í öllum atriðum, nema þar sem talað sé um gluggakarm í skýrslunni, þá hafi hér verið um járntúðu að ræða. Hafi hún verið fest í steininn með a.m.k. 8 skrúfum, sem skrúfaðar hafi verið í trétappa, er höfðu verið reknir inn í steinvegginn. Hafi því verið álitið, að hér væri fullvel frá gengið. Vitnið taldi, að tapparnir hefðu innþornað, því að þeir fylgdu með skrúfunum, er túðan losnaði. Vitnið kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að stefnandi þyrfti að fara svo ofarlega í stigann, að hann þyrfti á stuðningi að halda ofan frá. Ekki kvaðst vitnið hafa verið sjónarvottur að slysinu, en tók fram, að planki hafi verið negldur á vagninn fyrir framan stigann til þess að varna því, að hann rynni undan þeim, er í honum stóð.

Vitnið Jakob Þorsteinsson skýrði svo frá fyrir sakadómi Húsavíkurkaupstaðar, að það hafi verið vinnufélagi stefnanda ásamt Reyni Jóhannssyni, er framangreint slys vildi til. Það kvað framanritaða skýrslu stefnanda rétta í öllum atriðum, nema að því er varðar fall stefnanda, þá kveður vitnið hann hafa lent á baki sér, áður en hann féll á vagninn. Þá hafi ekki verið karmur í loftræstingaropi því, er stefnandi hélt sér í, heldur járnskúffa eða túða, sem fest hafi verið í trétappa með skrúfum. Vitnið segir þá vinnufélagana hafa fengið leyfi verkstjórans til að hafa vagninn undir stiganum, þegar sýnt var, að

hann var ekki nógu langur. En verkstjórinn hafi jafnframt beðið þá að ganga tryggilega frá stiganum, svo að engin hætta væri á óhöppum í sambandi við hann. Hafi þeir því gengið þannig frá stiganum, að negldur var planki fyrir framan hann á vagninn, en auk þess hafi vitnið og nefndur Reynir haldið við stigann, meðan stefnandi stóð uppi í honum. Vitnið tók fram, að stigaútbúnaðurinn hafi ekki haggazt, þegar stefnandi féll úr stiganum. Vitnið sagðist strax hafa borið stefnanda eftir fallið inn í húsið, sem þeir hafi verið að vinna við, sem var verbúðarhús Hafsilfurs h/f.

Tryggingastofnun ríkisins var tilkynnt slysið, sama dag og það vildi til. Í tilkynningunni er lauslega getið aðdraganda slyssins og afleiðinga þess.

Stefnandi var lagður inn á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri seint að kveldi hinn 25. júlí 1958.

Í vottorði Guðmundar Karls Péturssonar, yfirlæknis sjúkrahússins, dags. 11. október 1958, segir svo, að loknum inngangsorðum: „.... Hægri fótur var í gipsumbúðum, og leið sjúklingnum sæmilega vel í fætinum, og því ekki við þessu hreyft fyrr en næsta dag, að röntgenmyndir voru teknar, sem sýndu, að báðir öklar voru brotnir og sprengt aftan af sköflungskantinum inn í liðinn. Brotið var ekki í góðum skorðum, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að lagfæra það, fékkst innöklabrotið aldrei í viðunandi lag, fyrr en það var lagfært með skurðaðgerð 2 dögum síðar. Sjúklingurinn dvaldi í spítalanum til 2. september. Líðan eftir meiðslin og aðgerðirnar var eftir atvikum sæmileg, eins og vant er, eru verulegir verkir fyrstu dagana á eftir, en smáminnkuðu og hurfu síðan, þegar frá leið.

Slasaði er enn með gipsumbúðir á fætinum og ófær til allrar venjulegrar vinnu og gat ekki farið til háskólanáms í Þýzkalandi í haust, eins og áformað hafði verið."

Þar sem talað er um háskólanám í vottorði læknisins, er átt við dýralæknisnám, er stefnandi hugðist hefja haustið 1958, en hann hafði lokið stúdentsprófi, er hann varð fyrir slysinu.

Um áramótin 1958—'59 skoðaði prófessor dr. med. Snorri Hallgrímsson stefnanda. Í vottorði hans, dags. 5. janúar 1959, segir svo, eftir að lýst hefur verið aðdraganda slyssins og veru stefnanda í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri:

„Sighvatur upplýsir, að hann hafi enn allmikil óþægindi í hægra fæti. Hann þreytist fljótt við gang og verður því haltur, þegar hann er búinn að ganga spölkorn. Hann þolir illa allan

snúning á fótinn og á því mjög óhægt um gang á ósléttu.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós: Örlítið haltur á hægra fæti. Á innanverðu hægra öklabeini er ör eftir skurðaðgerð. Örið er rautt, en vel gróið. Væg valgusstilling er á hægra fæti, en engin skekkja á þeim vinstri. Hægri fótur og ökli er áberandi heitari en vinstri.

Röntgenmyndir af hægra ökla, teknar 30. f. m., sýna, að brotin á öklanum eru vel gróin, og engin missmíði eru sýnileg á brotstöðunum. Skarð virðist hins vegar vera í afturkant sköflungsins, og virðist þar vanta nokkra mm á aftasta hluta liðflatarins. Liðurinn lítur að öðru leyti eðlilega út. Nokkur úrkölkun er í beinum, nærliggjandi öklaliðnum. Fóturinn er ekki enn búinn að ná sér eftir meiðslin, enda er þess ekki að vænta, þar sem svo stutt er um liðið, síðan slysið vildi til."

Í ágúst 1959 var stefnandi aftur til rannsóknar hjá prófessor Snorra. Í álitsgerð prófessorsins, dags. 27/8 1959, segir svo, að undangengnum stuttum inngangi:

„Sighvatur upplýsir í dag, að óþægindi í hægra fæti hafi ekki farið minnkandi síðustu mánuðina. Hann var skárri seinni part s.l. vetrar, er hann stundaði kennslustörf, en lakari í sumar, er hann fór að hafa meiri hreyfingu. Hann þreytist fljótt í fætinum og verður þá stinghaltur, er hann þreytist. Fær þá einnig verk í öklann, það mikinn, að hann hefur notað nokkuð verkjatöflur. Þá finnst honum hægri fótur vera ótraustur, og þolir illa gang á ósléttu.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Hægri fótur er lítið eitt þrútinn, en engin áberandi skekkja sýnileg. Ör á innanverðum ökla, eins og áður er lýst.

Nokkur þroti eða bjúgur virðist vera á hægra legg, því hann mælist nú 1 cm gildari bæði um kálfa og mjóalegg en sá vinstri.

Hreyfingarhindrun í öklalið virðist öllu meiri en í janúar s.l.

Ristarbeyging (dorsalflexion) er nú 20° minni hægra megin en vinstra megin, en ilbeyging 5—10° minni hægra megin. Þá eru hliðarhreyfingar í hægri fótliðum aðeins um helmingur þess, sem eðlilegt er, miðað við vinstri fót. Greinileg hliðarhreyfing finnst ekki í hægra öklalið.

Röntgenmyndir, teknar af báðum öklum, sýna væga úrkölkun í báðum öklabeinum hægra megin. Þau eru lítið eitt fyrirferðarmeiri hægra megin en vinstra megin, en annars sjást engin missmíði á þeim eftir brotin. Þá kemur í ljós skarð í liðflöt sköflungsins aftast, og er þar efalaust um að ræða mis-

smíði eftir brot á afturbrún sköflungsins. Enn fremur sést nú, að gliðnun hefur átt sér stað á liðgafflinum, en liðbilið milli innra öklabeins og völunnar mælist 2—3 mm víðari hægra megin en vinstra megin.

Hér er um ræða nokkra bæklun á hægra öklalið af völdum slyssins, en hún er aðallega fólgin í nokkurri víkkun á öklagafflinum, sem hefur í för með sér óeðlilega hliðarhreyfingu í öklaliðnum. Hún er hins vegar ekki það mikil, að hún sé greinilega finnanleg við kliniska skoðun. Þá er og missmíði á liðfleti sköflungsins.

Hvort tveggja þetta, þ. e. víkkun gaffalsins og sköddun liðflatarins, mun hafa í för með sér óeðlilegt slit (arthrosia) í öklaliðnum þegar tímar líða."

Stefnandi mætti til viðtals og skoðana hjá Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni dagana 29. desember 1958, 15. júlí 1959 og 25. ágúst 1959. Í vottorði læknisins, sem dagsett er 18. september 1959, segir svo, að slepptum inngangsorðum:

„.... Slasaði kveðst hafa dvalið í sjúkrahúsinu til 2. sept. 1958. Síðan verið í gipsumbúðum til loka októbermánaðar 1958. Þetta er í fullu samræmi við það, sem áður er sagt. Slasaði greinir frá því, að hann hafi notað Zinklimsumbúðir um þriggja vikna skeið, eftir að gipsið hafi verið tekið burt af hinum brotna fótlim, síðan teygjubindi um tíma.

Hann kveðst hafa orðið að hætta við að stunda dýralæknisnám erlendis haustið 1958, sem ráðgert hefði verið, sökum þess að hann slasaðist. Auk þess hefði hann ekki treyst sér til að stunda algenga verkamannavinnu. Hins vegar hefði hann stundað kennslustörf á s.l. vetri frá byrjun október til aprílloka og skrifstofustörf um tíma á s.l. vori.

Slasaði kvartar um stirðleika, þrautir og eymsli í hægri öklalið. Honum finnst hægri fótur ótraustur og valtur, einkum ef hann stígur á ójöfnur. Hann kveðst ganga óhaltur á sléttu, en þreytist fljótt og verður haltur, ef hann gengur hratt eða eftir slæmum vegi.

Skoðun: Hægri fótlimur. Öklaliður, mjóileggur og kálfi virðast heldur þrútnari og fyrirferðarmeiri en tilsvarandi staðir á vinstra fótlim. Á innanverðum hægra ökla er íbogið, vel gróið ör, 10 cm langt. Beyging upp á við, ristarbeyging, reyndist ca 80°. Samsvarandi beyging á vinstra fæti reyndist 60—65°. Rétting á hægra fæti reyndist ca 115°. Samsvarandi hreyfing á

vinstra fæti, ca 125°. Hverfihreyfingar á hægra fæti virðast mér minnkaðar um ca helming.

Eins og tekið er fram í greinargerð prófessors Snorra Hallgrímssonar og getið hefur verið um hér áður, þá sýna röntgenmyndir, sem teknar voru af báðum öklum slasaða í Landspítalanum 25. og 26. ágúst 1959, úrkölkun í báðum öklabeinum hægra megin. Auk þess kom í ljós skarð í liðflöt sköflungsins, aftast, sem vafalaust má telja eftirstöðvar af broti, sem komið hefur í afturbrún hans. Enn fremur sást nokkur gliðnun á liðgafflinum, sem sýnir sig á þann hátt, að liðbilið milli innri öklabeins og völunnar mældist 2—3 mm víðara hægra megin en vinstra megin.

Það, sem ég undirritaður fann við skoðunina, er í fullu samræmi við það, sem prófessor Snorri Hallgrímsson fann við sína skoðun og áður hefur verið getið.

Ályktun: Slasaði hefur við slysið 25. júlí 1958 hlotið mjög slæmt brot um hægri öklalið. Enda þótt segja megi, að eftir atvikum hafi tekizt mjög vel að lagfæra þessi brot með aðgerð, þá verður ekki betur séð en að slasaði hafi hlotið nokkra varanlega bæklun í liðnum, sem engar líkur eru til, að eigi eftir að breytast til batnaðar úr þessu.

Það eru einkum víkkun bilsins milli innra öklabeins og völunnar og sköddun liðflatarins, sem þessu valda. Þessi bæklun hlýtur að há slasaða nokkuð við ýmis störf.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að ekki verður hjá því komizt að áætla slasaða örorku, þar á meðal framtíðarörorku, vegna slyssins 25. júlí 1958 og afleiðinga þess.

Þessi örorka þykir hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/8 '58 ..... 100%
— 1/9 '58 til 30/9 '58 ..... 80%
— 1/10 '58 til 31/12 '58 ..... 60%
— 1/1 '59 til 30/6 '59 ..... 40%
— 1/7 '59 til 31/8 '59 ..... 20%
— 1/9 '59, framtíðarörorka: *10%*".

Við munnlegan flutning málsins byggði stefnandi stefnukröfur sínar á því, að sér hefði eigi verið fenginn nægilega langur stigi til framkvæmdar verksins. Hafi því verið óhjákvæmilegt fyrir hann að halda sér í framangreinda járntúðu sér til stuðnings, enda hafi hún á engan hátt borið það með sér, að hún væri ótraust hald.

Verkið hafi verið framkvæmt með samþykki og í samráði við verkstjórann og hafi hann því borið ábyrgð á vinnutilhöguninni. En þar eð henni hafi hins vegar verið eins áfátt og raun bar vitni, hljóti stefndi að bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyss þessa.

Sýknukröfu sína reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að hér hafi eigi verið um neina sök að ræða af hálfu annarra starfsmanna hans en stefnanda sjálfs né heldur bilun á tækjum, og komi því ekki til mála að leggja á stefnda nokkra fébótaábyrgð vegna slyss þessa. Slysið hafi eingöngu orðið fyrir ógætni stefnanda sjálfs og óheppni. Stiginn hafi ekki haggazt við fall stefnanda og engin bilun orðið á honum. Það hafi verið stórkostleg ógætni af stefnanda að halda í nefnda járntúðu, þar eð honum hafi mátt vera ljóst, að hún var alls ekki ætluð til að bera neinn þunga, og full ástæða hafi verið til að ætla, að hún væri aðeins lauslega fest.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hvernig sem á mál þetta verði litið, þá sé ljóst, að stefnandi eigi langmestan hluta sakar sjálfur og tjón hans, það sem bótaskylt kunni að teljast, hafi hann fengið þegar bætt.

Áður en stefnandi hæfi verkið, bar verkstjóra að ganga úr skugga um að vinnutilhögun væri eins örugg og kostur var á, þar á meðal, að stiginn væri það langur, að stefnandi gæti alltaf haldið sér í hann, meðan hann bar sementsvatnið á gaflinn. Þessa gætti verkstjórinn ekki, og verður því að telja, að stefndi sé bótaskyldur vegna slyss þessa samkvæmt meginreglum íslenzks skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, er starfsmenn þeirra valda með ólögmætum og saknæmum hætti.

Á hinn bóginn verður eigi hjá því komizt að telja, að stefnandi eigi nokkra sök á slysi sínu sjálfur með því óvarlega atferli sínu, að fara það hátt upp í stigann, að hann hafði engan stuðning af honum við verk sitt.

Þegar á allt er litið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjón það, er hann hefur orðið fyrir, að 4/5 hlutum, en stefnandi beri sjálfur 1/5 hluta tjóns síns.

Við munnlegan flutning málsins sundurliðaði stefnandi stefnukröfu sína þannig:

1.	Vinnutekjutap	kr. 98.273.00
2.	Laun vegna áætlaðs „praxis“ dýralækn.	— 47.730.00
3.	Röskun á stöðu og högum	— 80.000.00
4.	Þjáningabætur	— 50.000.00

5. Kostnaður vegna vottorða ..... — 1.550.00
6. Bílkostnaður ..... — 7.000.00

Samtals kr. 284.553.00

Þar frá dregur stefnandi greiðslu frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands kr. 50.000.00 og greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins ..... — 2.277.25 kr. 52.277.25

Eftir standa þá alls kr. 232.275.75

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Stefnandi hefur látið K. G. Guðmundsson tryggingafræðing reikna út atvinnutjón sitt á grundvelli örorkumats Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, er rakið hefur verið hér að framan. Tryggingafræðingurinn hefur reiknað út atvinnutjón stefnanda á tvenns konar máta, annars vegar miðað við meðallaun dýralækna hér á landi, en hins vegar miðað við tekjur verkamanna. Bótakröfu sína samkvæmt þessum lið miðar stefnandi við hinn fyrrnefnda útreikning tryggingafræðingsins.

Stefndi hefur mótmælt þessum reikningsgrundvelli bótakröfunnar og krafizt þess, að bætur til stefnanda verði miðaðar við verkamannatekjur, þar eð hann hafi unnið sem verkamaður, er slysið vildi til, og tekið laun sem slíkur og hljóti fébótaábyrgð stefnda því að miðast við eðlilegar verkamannatekjur, enda hafi hann greitt öll tryggingargjöld í samræmi við það. Þá bendir stefndi enn fremur á máli sínu til áréttingar, að stefnandi hafi ekki einu sinni verið byrjaður á dýralæknisnámi sínu, er hann varð fyrir slysinu, hvað þá að hann hafi verið farinn að starfa sem dýralæknir.

Með skírskotun til þessara röksemda stefnda þykir mega fallast á það með honum, að stefnanda verði eigi dæmdar bætur á grundvelli dýralæknislauna, heldur verði bætur ákvarðaðar í samræmi við verkamannatekjur.

Verður nú vikið að útreikningi fyrrgreinds tryggingafræðings á atvinnutjóni stefnanda, miðað við verkamannatekjur.

Útreikningur hans er dagsettur 16. marz 1960. Samkvæmt honum er stefnandi talinn fæddur 29. júní 1938. Hann hefur því verið 20 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Í útreikningi sínum miðar tryggingafræðingurinn við Dagsbrúnartaxta í

almennri verkamannavinnu, 8 stundir á dag alla virka daga ársins að undanskildum þremur orlofsvikum. Síðan reiknar hann út vinnutekjutap stefnanda árlega fram í tímann, með því að áætla það jafn mikinn hundraðshluta af vinnutekjunum, eins og örorka stefnanda er metin.

Samkvæmt þessu er útreikningurinn þannig:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætl. vinnutekjutap
26/7 '58 til 25/7 '59	kr. 49.392.00	kr. 26.314.00
26/7 '59 til 25/7 '60	— 49.780.00	— 5.473.00
Síðan árlega	— 49.780.00	— 4.978.00

Þannig reiknast tryggingafræðingnum verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps nema kr. 95.453.00, miðað við slysdag.

Tryggingafræðingurinn lætur þess getið í útreikningi sínum, að undanfarin ár hafi verkamenn haft svo mikla vinnu, að meðaltekjur þeirra hafi orðið talsvert hærri en svarar til vinnutekjuáætlunar þessarar. Af þeim sökum telur hann, að hér sé um lágmarksáætlun að ræða.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en nú hafa verið rakin eru þau, að reiknað er með 6% vöxtum p.a., dánarlíkum íslenzkra karla eftir reynslu hér á landi árin 1941—'50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Þá tekur tryggingafræðingurinn fram, að hann hafi í útreikningi sínum eigi gert frádrátt vegna opinberra gjalda.

Vegna hinna almennu launabreytinga, er urðu s.l. sumar, fékk stefnandi tryggingafræðinginn til að reikna út atvinnutjón sitt á nýjan leik.

Í hinum nýja útreikningi, sem dagsettur er 6. september 1961, reiknar tryggingafræðingurinn með hækkun verkamannakaups um 10% frá 29. júní 1961 og um 4% frá 1. júlí 1962.

Kauphækkanir þessar valda svofelldum breytingum á fyrri útreikningi tryggingafræðingsins:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætl. vinnutekjutap
26/7 '58 til 25/7 '59	kr. 49.392.00	kr. 26.314.00
26/7 '59 til 25/7 '60	— 49.780.00	— 5.473.00
26/7 '60 til 25/7 '61	— 50.195.00	— 5.020.00
26/7 '61 til 25/7 '62	— 54.941.00	— 5.494.00
Síðan árlega	— 56.948.00	— 5.695.00

Þannig reiknað verður verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps, miðað við slysdag, kr. 104.069.00 í stað kr. 95.453.00 áður.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á þessum kröfulið með þeim röksemdum, að bætur þessar séu undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

Þegar þetta er virt og svo það, að vextir í þjóðfélaginu eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metnar kr. 85.000.00.

Um 2. lið.

Undir þessum kröfulið krefst stefnandi bóta vegna missis á aukatekjum dýralækna af lyfjasölu og öðrum „praxis".

Þar eð atvinnutjónsbætur til stefnanda hafa eigi verið dæmdar á grundvelli dýralæknislauna, verður kröfuliður þessi ekki tekinn til greina, og ber að sýkna stefnda af honum.

Um 3. og 4. lið.

Stefndi hefur mótmælt báðum þessum liðum sem allt of háum.

Í sambandi við 3. lið bendir stefnandi á, að vegna slyssins hafi honum seinkað um eitt ár við nám sitt, og telur hann, að vegna gengisfellingar íslenzkrar krónu í febrúar 1960 muni þetta valda um 20.000.00 hækkun á námskostnaði í Noregi, en þar stundar stefnandi nú dýralæknisnám sitt.

Rétt þykir að hafa þetta í huga við ákvörðun bóta samkvæmt 3. lið.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar þau atriði eru virt og höfð er í huga sú hækkun, er varð á námskostnaði stefnanda vegna fyrrgreindrar gengisfellingar, þykja bætur samkvæmt báðum þessum liðum hæfilega metnar kr. 45.000.00.

Um 5. lið.

Kröfuliður þessi hefur eigi sætt tölulegum andmælum og þar sem lagðir hafa verið fram í málinu reikningar í samræmi við hann, verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Um 6. lið.

Veturinn 1958—1959 var stefnandi kennari við miðskólann á Dalvík. Hann kveðst hafa verið það illa farinn á þessu tímabili, veturinn eftir slysið, að hann hafi þurft að leigja sér bifreið til

afnota til þess að geta gegnt kennsluskyldu sinni. Stefnandi hefur lagt fram reikning fyrir leigu á bifreiðinni A 440 í 3½ mánuð fyrir kr. 2000.00 á mánuði, undirritaðan af föður stefnanda, Snæbirni Sigurðssyni. Á reikningi þessum er tekið fram, að bifreiðin hafi verið leigð með benzíni og olíum.

Stefndi hefur algerlega mótmælt þessum kröfulið. Telur hann stefnanda ei hafa verið þörf á að leigja sér einkabifreið til afnota við framangreint starf. Þá hefur stefndi og krafizt frekari gagna varðandi þennan lið, svo sem skattaframtals leigusala.

Þrátt fyrir áskorun stefnda hefur stefnandi engin frekari gögn lagt fram um þennan kröfulið. Þykir því eigi unnt að taka hann til greina og ber að sýkna stefnda af honum.

Úrslit málsins verða þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 63.418.20, þ. e. 4/5 (85.000.00 + 45.000.00 + 1.550 ÷ 50.000.00 ÷ 2.277.25) með 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Við dómtöku málsins hafði lögmanni stefnanda láðst að krefjast málskostnaðar. Óskaði hann því eftir, að málið yrði endurupptekið. Féllst dómarinn á það, enda samþykkti lögmaður stefnda, að málskostnaðarkrafan kæmist að. Verður stefnanda því dæmdur málskostnaður, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00, og hefur þá verið tekinn til greina kostnaður við síðari útreikning tryggingafræðingsins frá 6. september s.l.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hafsilfur h/f, greiði stefnanda, Sighvati Snæbjörnssyni, kr. 63.418.20 með 6% árvöxtum frá 25. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1962.

Nr.69/1962. **Guðmundur Pétursson**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Jóni B. Gunnlaugssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1962 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð á stefnda úr þriðju hæð hússins nr. 15 við Bugðulæk í Reykjavík, án þess að áfrýjandi setji tryggingu, en til vara gegn hæfilegri tryggingu af hans hendi. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi seldi stefnda þriðju hæð hússins nr. 15 við Bugðulæk með kaupsamningi 18. maí 1961 fyrir kr. 550.000.00, og fékk honum hana til afnota frá 1. júní s. á. Er hinni seldu eign og kaupskilmálum rækilega lýst í úrskurði fógeta. Kaupsamningnum var eigi þinglýst. En samkvæmt honum átti stefndi að fá afsal á eigninni hinn 15. september 1961 að fullnægðum skilmálum þeim, er í kaupsamningi greindi.

Stefndi innti af hendi við undirritun kaupsamnings, svo sem tilskilið var, kr. 60.000.00, en hefur vanefnt aðrar greinar kaupskilmála, svo sem nú skal rekja:

1. Af þeim kr. 140.000.00, sem hann átti að greiða hinn 15. september 1961, hefur hann einungis greitt kr.

57.000.00. Kr. 83.000.00 eru því í vanskilum af þessari greiðslu ásamt vöxtum og kostnaði.

2. Hann hefur eigi efnt samningsskyldu sína um að standa straum af láni úr Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 55.000.00, tryggðu með 1. veðrétti í hinni seldu eign. Hefur áfrýjandi því orðið að greiða áfram afborganir og vexti af láni þessu.
3. Áfrýjandi veitti stefnda leyfi til að veðsetja hina seldu hæð til tryggingar víxilláni, að fjárhæð kr. 35.000.00, teknu 22. september 1961 í Samvinnusparisjóðnum. Lán þetta er talið vera í vanskilum.
4. Í sambandi við kaupin tók stefndi víxillán í Búnaðarbankanum, að fjárhæð kr. 10.000.00. Sonur áfrýjanda, Jónas, ábyrgist lán þetta og hefur orðið að greiða bankanum það.
5. Vanskil stefnda hafa haft það í för með sér, að hann hefur eigi gefið út samkvæmt 6. lið kaupsamningsins skuldabréf til áfrýjanda, að fjárhæð kr. 230.000.00, tryggt með 4. veðrétti í eigninni.

Með bréfi 14. desember 1961 riftaði Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður f. h. áfrýjanda kaupin á hinni seldu hæð og krafðist þess, að stefndi viki úr húsinu eigi síðar en 5. janúar 1962. Jafnframt bauð lögmaðurinn, að fram færi lúkning á viðskiptum aðilja. Stefndi sinnti kröfu þessari eigi. Krafðist áfrýjandi síðan útburðar á hendur honum hinn 8. janúar 1962.

Vanefndir stefnda á kaupsamningnum, þær er raktar voru, eru svo stórfelldar, að áfrýjanda var heimilt að rifta hann. Á stefndi því engan rétt til vistar í húshæð þeirri, sem um er að tefla. Að þessu athuguðu og samkvæmt N.L. 6.—14.—6. ber að taka kröfu áfrýjanda um útburð á stefnda til greina, enda tálmar það eigi útburði, eins og vanefndum stefnda er háttað, að eftir er að lúka skiptum aðilja vegna riftunar á kaupunum að öðru leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að bera stefnda, Jón B. Gunnlaugsson, út úr þriðju hæð hússins nr. 15 við Bugðulæk í Reykjavík.

Stefndi greiði áfrýjanda, Guðmundi Péturssyni, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. maí 1962.

Gerðarbeiðandi, Guðmundur Pétursson, Hringbraut 80, hefur krafizt þess, aðallega að gerðarþoli, Jón B. Gunnlaugsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur haft til afnota í húsinu nr. 15 við Bugðulæk hér í bæ, en til vara, að gerðin verði látin ná fram að ganga gegn tryggingu af sinni hálfu. Gerðarbeiðandi hefur og krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar hinn 9. apríl s.l.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. nr. 2 kaupsamningur aðilja máls þessa, dagsettur hinn 18. maí 1961. Þar lofar gerðarbeiðandi, Guðmundur Pétursson, að selja gerðarþola, Jóni B. Gunnlaugssyni, sem lofar að kaupa 3. hæð hússins Bugðulækur nr. 15 ásamt hlutdeild í göngum, forstofu, miðstöðvarherbergi og þvottahúsi og í vélum þeim, sem þar eru. Enn fremur fylgja í kaupunum geymsluloft yfir þessari hæð svo og gólfteppi á hluta af gólfi hæðarinnar. Loks er í kaupunum hlutdeild í lóðarréttindum hússins. Kaupverð er kr. 550.000.00 og skyldi greiðast þannig: Við undirskrift skyldi greiða kr. 60.000.00, en hinn 15. sept. 1961 kr. 140.000.00. Þá átti gerðarþoli að annast greiðslu 1. veðréttarskuldar, kr. 55.000.00, og 2. veðréttarskuldar, kr. 65.000.00, en eftirstöðvarnar, kr. 230.000.00, skyldu greiðast með árlegum afborgunum á 12 næstu árum, og veita 4. veðrétt í eigninni fyrir greiðslu þeirrar skuldar. Kaupsamningurinn áskilur, að eignin skuli laus vera til afnota fyrir gerðarþola hinn 1. júní 1961 og að hann taki við eigninni þann dag og hirði frá þeim tíma arð hennar og taki að greiða af henni skatta og skyldur, og loks er ákveðið, að afsal skuli gefið út 15. september

1961, er hann hafi fullnægt framanskráðum greiðsluskuldbindingum sínum. Að öðru leyti þykir engin ástæða til að fara nánar út í kaupsamning þennan. Honum hefur ekki verið þinglýst, sbr. veðbókarvottorð, sem lagt hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 5, en þar er umræddur eignarhluti sagður eign gerðarbeiðanda, Guðmundar Péturssonar. Veðbókarvottorð þetta er gefið út hinn 17. janúar 1962.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. nr. 4 kröfubréf Magnúsar Árnasonar hrl. til gerðarþola, dags. 8. nóvember 1961. Þar er gerðarþoli krafinn um greiðslu á kr. 83.000.00, sem samkvæmt kaupsamningnum á rskj. nr. 2 skyldi greiða hinn 15. september 1961, og er gerðarþoli jafnframt krafinn um innheimtulaun af þeirri fjárhæð auk vaxta. Er gerðarþola boðað jafnframt, að verði þessi greiðsla ekki borguð innan 15. nóvember 1961, megi svo fara, að húsakaupunum verði riftað við hann og hann um leið krafinn skaðabóta fyrir samningsrof. Ekki hefur komið fram í málinu, að gerðarþoli hafi neinu svarað bréfi þessu.

Þá liggur fyrir í málinu bréf Jóns Þorsteinssonar hdl. til gerðarþola, dags. 14. desember 1961, fram lagt sem rskj. nr. 3. Er þar minnzt á ákvæði kaupsamningsins á rskj. 2 um greiðslur og að gerðarþoli skuldi enn kr. 78.000.00 af þeirri upphæð, sem nefndur samningur áskilur, að borgaðar skyldu vera hinn 15. september 1961, en aðeins 122 þúsund krónur hafi verið borgaðar. Með því að svo veruleg vanskil hafi orðið og að ekki hafi fengizt úr þeim bætt með ítrekuðum kröfugerðum, þ. á m. bréfinu á rskj. nr. 4, er gerðarþola tilkynnt, að gerðarbeiðandi hafi að svo komnu máli ákveðið að neyta réttar síns til að rifta þessum kaupum. Er skorað á gerðarþola að hafa sig á brott úr húsnæðinu í síðasta lagi hinn 5. janúar 1962. Áskilinn er réttur gerðarbeiðanda til handa til þess að krefjast fullra vanefndabóta og gerðarþola boðin endurgreiðsla þeirra kr. 122.000.00, sem hann hafi greitt að frádregnum hæfilegum skaðabótum, enda verði gerðarbeiðandi um leið leystur undan ábyrgðum vegna kaupanna.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að bréf þetta hafi verið sent gerðarþola í tvíriti bæði í almennum pósti og í ábyrgðarpósti.

Gerðarbeiðandi byggir útburðarkröfu sína á því, að gerðarþoli hafi engan rétt til að hafast við í oftnefndu húsnæði, þar eð kaupum þessum hafi réttilega verið riftað við hann. Er á það minnt, að gerðarbeiðandi sé ennþá þinglesinn eigandi hús-

næðisins. Annars tekur gerðarbeiðandi fram auk þeirrar málsútlistunar, sem fram kemur í greinargerð og framlögðum skjölum að öðru leyti, að þá er kominn var 15. september 1961, hafi gerðarþoli ekkert getað borgað og hann hafi fyrst í október borgað kr. 57.000.00 og í nóvember hafi hann borgað kr. 5000.00. En til þess að létta undir með honum, hafi honum verið heimilað að veðsetja hæðina fyrir 35 þúsund króna víxilláni, og sé þessi skuld í vanskilum. Þá hafi gerðarþoli vanefnt þær skyldur, sem hann hafi á sig tekið að borga af áhvílandi veðlánum.

Gerðarþoli mótmælir því, að útburðargerð þessi nái fram að ganga. Hann hefur borið fram þá einu mótbáru, að þar eð hann hafi með kaupsamningi á rskj. 2 orðið löglegur eigandi og umráðamaður hins umdeilda fasteignarhluta, verði gerðarbeiðandi máls þessa að fá kaupunum riftað með dómi, svo að útburður megi verða framkvæmdur. Bein fógetagerð, sem þessi málshöfðun gerðarbeiðanda stefnir að, geti eðli málsins samkvæmt ekki komið til álita.

Fallizt verður á þá skoðun gerðarþola, að gerðarbeiðanda hafi fyrst borið að fá umrædd fasteignakaup gerðarþola felld niður með dómi, áður en hann leitaði útburðar á gerðarþola. Af þessari ástæðu verður synjað um útburðargerð þessa.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. júní 1962.

Nr. 139/1960. **Sæbjörg h/f** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Leifi Jónssyni (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um kaup skipstjóra. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1960 og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna í málinu og málskostnaður í Hæstarétti látinn falla niður.

Stefndi krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.427.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1957 til greiðsludags, málskostnað í héraði, eins og í héraðsdómi segir, og svo málskostnað hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur nýrra gagna verið aflað og þau lögð fram í Hæstarétti.

Þá hefur áfrýjandi innt af hendi sjúkrasamlagsiðgjöld þau, sem í héraðsdómi greinir, og hefur stefndi lækkað kröfur sínar í samræmi við það.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti endurrit af auglýsingu, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 29. desember 1954 um stofnun Sæbjargar h/f, áfrýjanda máls þessa. Ber auglýsingin með sér, að stefndi er stjórnarmaður félagsins og hefur heimild til að rita firmað ásamt öðrum hinna tveggja stjórnarmanna. Stefndi var skipstjóri á skipi áfrýjanda, m/b Þórði Ólafssyni, S H 140, frá því í öndverðum nóvember 1954, til loka ágústmánaðar 1957. Allan tímann voru honum greiddir tveir hásetahlutir í kaup.

Stefndi var stjórnarmaður áfrýjanda. Var honum því í lófa lagið að kynna sér reikninga og skilagerðir áfrýjanda. Allan skipstjóratíma sinn hafði hann samt eigi, svo séð verði, uppi athugasemdir við kaupskilin né áskildi sér rétt til meira kaups en greitt var. Veitti hann áfrýjanda því eigi í tækan tíma færi á því að svara kröfum um aukið kaup.

En af þessu leiðir, að hann fær eigi að alllöngu liðnum starfstíma komið fram kröfum um viðbótarkaup úr hendi áfrýjanda, og ber að dæma áfrýjanda sýknu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sæbjörg h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Leifs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. maí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Leifur Jónsson, skipstjóri í Ólafsvík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dagsettri og birtri 24. júlí 1958, gegn Sæbjörgu h/f, Ólafsvík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 13.107.00 auk 7% ársvaxta frá 15. september 1957 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í skipi stefnda, m/b Þórði Ólafssyni, S H 140, til tryggingar dómkröfunum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 680.00. Jafnframt krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi starfað sem skipstjóri á fyrrnefndu skipi stefnda frá byrjun nóvember 1954 til loka ágústmánaðar 1957, alltaf þegar skipið hafi verið gert út til veiða á þessu tímabili. Um kaup hans og kjör sem skipstjóra hafi átt að fara eftir þeim samningum, sem á hverjum tíma giltu milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Eftir þessum samningum hafi kaup skipstjóra verið óbreytt allan starfstíma hans, þ. e. tveir hásetahlutir og kr. 300.00 í fast kaup á mánuði að viðbættri verðlagsuppbót. Fastakaupið hafi hann ekki fengið greitt, heldur hafi stefndi gert upp við hann með hásetahlutunum einum saman, og standi þannig inni hjá stefnda allt fastakaupið, samtals að fjárhæð kr. 12.427.00. Við þetta bætist, að stefndi hafi á árunum 1955—1957 ekki greitt sjúkrasamlagsiðgjöld hans, svo sem

stefnda eftir samningum hafi borið skylda til. Séu slík vangreidd iðgjöld að fjárhæð kr. 680.00, en samanlagðar nema framangreindar upphæðir hinni umstefndu kröfu.

Stefndi hefur viðurkennt skyldu sína til þess að greiða hin umkröfðu sjúkrasamlagsiðgjöld, svo sem fram er komið í dómkröfu hans. Hins vegar reisir hann kröfur sínar um sýknu að öðru leyti á því, að stefnandi eigi ekki rétt til fasts kaups á starfstíma sínum hjá honum. Við hann hafi verið gert upp á sama hátt og við aðra skipstjóra í Ólafsvík og samkvæmt þeirri venju, sem þar hafi gilt um fjölda ára, og hafi stefndi tekið við uppgjöri sínu athugasemdalaust, allt þar til hann hafi hætt skipstjórastarfi á m/b Þórði Ólafssyni. Hefur stefndi þessari málsástæðu sinni til stuðnings lagt fram vottorð nafngreinds útgerðarmanns í Ólafsvík, þess efnis, að hann hafi eigi á undanförnum árum greitt formönnum sínum nema tvo hásetahluti, en ekkert fast kaup.

Stefnandi hefur á hinn bóginn lagt fram yfirlýsingu formanns Útvegsbændafélags Ólafsvíkur á þá leið, að kjör skipstjóra á bátum, sem gerðir hafi verið út frá Ólafsvík, hafi a.m.k. frá árinu 1952 verið samkvæmt samningum Landssambands íslenzkra útvegsmanna og farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Vottorði þessu hefur að vísu verið mótmælt sem röngu og óstaðfestu, en það þykir mega ganga út frá því, að í útgerðarstöð, slíkri sem Ólafsvík, hafi kaup skipstjóra á fiskibátum, gerðum út þaðan, átt að fara eftir kjarasamningum síðast nefndra samningsaðilja sjómanna og úgerðarmanna, nema annað sé berlega í ljós leitt. Það hefur stefnda ekki tekizt. Þá er og ósannað, að stefnandi hafi sérstaklega ráðið sig til starfa sem skipstjóra hjá stefnda fyrir lakari kjör en í umræddum samningum felast. Átti hann því samkvæmt þeim samningum rétt til fasts skipstjórakaups á starfstíma sínum auk þeirra tveggja hásetahluta, sem hann fékk greidda.

Stefndi hefur í öðru lagi haldið því fram, að stefnandi hafi fengið uppgjör við hver vertíðarlok og áramót, og borið fram sér til varnar, að með því að kvitta fyrir greiðslum samkvæmt uppgjörum þessum, þar sem ekki sé á fastakaupið minnzt, hafi stefnandi fyrirgert rétti til þess.

Á þetta verður ekki fallizt hjá stefnda, þar sem stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi aldrei fengið fullnaðaruppgjör launa sinna né sjúkrasamlagsiðgjalda þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um, og hið gagnstæða er ósannað, enda hefur stefndi

heldur ekki borið framangreinda varnarástæðu fyrir sig, að því er sjúkrasamlagsiðgjöldin varðar, þótt þeirra sé ekki frekar en fastakaupsins getið á uppgjöri, sem stefndi hefur lagt fram í málinu.

Milli aðiljanna er enginn ágreiningur um starfstíma stefnanda sem skipstjóra á fyrrnefndu skipi stefnda. Þá hefur stefndi ekki vefengt sundurliðaðan útreikning stefnanda á föstu kaupi hans samkvæmt áðurgreindum kjarasamningum á starfstímanum.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með 6% ársvöxtum frá þeim degi, sem krafizt er, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 2.200.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/b Þórði Ólafssyni, S H 140, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan, ásamt samdómendunum Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Sæbjörg h/f, greiði stefnanda, Leifi Jónssyni, kr. 13.107.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1957 til greiðsludags og kr. 2.200.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Þórði Ólafssyni, S H 140, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. júní 1962.

Nr. 166/1960. **H/f Ís** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Valgerði Sigurðardóttur og gagnsök (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sök verði skipt og dæmd fjárhæð á hendur honum lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 108.848.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. marz 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal álitsgerð Páls Sigurðssonar fyrrverandi tryggingayfirlæknis um örorku gagnáfrýjanda, dags. 15. apríl 1962. Eru aðiljar sammála um, að við úrlausn málsins hér fyrir dómi skuli örorkumat þetta koma í stað örorkumats þess, sem lagt var til grundvallar í héraðsdómi.

Í álitsgerð Páls læknis Sigurðssonar er skýrt frá því, að gætt hafi frá fæðingu þróttleysis í hægra fótlim gagnáfrýjanda og auk þess sé fótlimurinn nokkuð rýrari og dálitið styttri en sá vinstri. Sé gagnáfrýjandi lítið eitt hölt af þessum sökum. Tekið er upp í álitsgerðina vottorð Guðmundar Björnssonar augnlæknis, dags. 30. marz 1962. Þar er því lýst, að samkvæmt augnskoðun á gagnáfrýjanda hinn 28. júní 1951 og einnig nú, er vottorðið var gefið, hafi sjón hennar á hægra auga verið 6/6, en á vinstra 6/60. Þá segir í vottorðinu: „Rúmsjón (stereo) er ekki til staðar.“ Kveður Páll læknir Sigurðsson fötlunina á hægra fæti skerða starfs-

orku gagnáfrýjanda um 20%, en sjóndepruna á vinstra auga um 15%. Samkvæmt því hafi gagnáfrýjandi aðeins haft 65 hundraðshluta fullrar starfsorku, þegar hún varð fyrir slysinu hinn 10. nóvember 1956.

Gagnáfrýjandi var á 18. ári, er slysið gerðist. Þegar litið er til aldurs hennar og sýnilegrar fötlunar, var óvarlegt að setja hana til vinnu við fiskvinnsluvél og alls ekki gerandi án nákvæmrar fyrirsagnar um vinnuaðferðir, en komið er fram, eins og í héraðsdómi greinir, að henni var ekki leiðbeint um starfshætti. Þá má fallast á það með héraðsdómi, að öryggisbúnaði vélarinnar hafi verið áfátt, þar sem ekki hafði verið sett hlíf yfir hluta af snúningsásnum og hníf þann, sem slysið hlauzt af, enda þótt auðvelt hefði verið að hafa slíkan öryggisbúnað án truflunar á notkun vélarinnar, sbr. 16. gr. laga nr. 23/1952. Sú vanræksla um leiðbeiningu og öryggisbúnað, sem hér var getið, leiðir til fébótaábyrgðar aðaláfrýjanda vegna slyssins.

Á hinn bóginn verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt nægrar varkárni, er hún seildist eftir fiski að óvörðum hníf, sem var á hreyfingu og hún hlaut að vita um. Auk þess má ætla, að sá skortur á rúmsjón hennar, sem áður greinir, hafi átt þátt í því, að hönd hennar lenti í hnífnum, en hún verður í þessu sambandi að bera alla áhættu af þeim sjóngalla, þar sem ekki er leitt í ljós, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda, þar á meðal verkstjóra hans, hafi verið um hann kunnugt. Verður gagnáfrýjandi af þessum sökum að bera sjálf nokkurn hluta tjóns síns.

Samkvæmt því, sem rakið var hér að framan, telst rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hennar að $^7/_{10}$ hlutum.

Um afleiðingar slyssins, miðað við skoðun 3. apríl 1962, segir svo í álitsgerð Páls læknis Sigurðssonar:

„Á þumalfingri vinstri handar vantar ytri kjúku. Það er mjög vel gróið fyrir stúfinn, og hann er lítið sem ekkert aumur. Hreyfing í liðnum milli efri kjúku og fyrsta miðhandarbeins virðist alveg eðlileg. Þessi missmíði á þumal-

fingri eru beinar afleiðingar slyssins, sem Guðrún Valgerður varð fyrir 10. nóv. 1956."

Örorku gagnáfrýjanda af afleiðingum slyssins kveðst læknirinn meta þannig, að hundraðshlutinn sé hafður hinn sami og þegar metin er örorka manns, sem haft hefði fulla starfsorku fyrir slysið. Hins vegar verði við ákvörðun tjónbóta að taka tillit til þess, að starfsorka gagnáfrýjanda var áður skert um 35%. Samkvæmt þessu metur læknirinn örorku vegna slyssins þannig:

Frá slysdegi til 28. febrúar 1957	80%
— 1. marz 1957 til 31. maí s. á.	60%
— 1. júní 1957 til 31. maí 1958	12%
— 1. júní 1958, framtíðarörorka	9%

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 2. júní 1962 reiknað með líkindatölum tjón gagnáfrýjanda af örorkunni. Hefur hann lagt til grundvallar framangreint mat Páls læknis Sigurðssonar á tímabundinni og varanlegri örorku, en tekið tillit til hinnar skertu starfsorku gagnáfrýjanda fyrir slysið. Áætlun sína miðar tryggingafræðingurinn við kauptaxta Iðju fyrir verksmiðjustúlkur. Niðurstaða hans er sú, að tjónið nemi samtals kr. 81.079.00, ef reiknað er með 6% ársvöxtum allan tímann, en kr. 72.304.00, ef reiknað er með 6% ársvöxtum til ársloka 1961 og 7% ársvöxtum eftir þann tíma.

Tjón gagnáfrýjanda vegna örorku af afleiðingum slyssins, eftir að frá hafa verið dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 3400.00, þykir hæfilega metið kr. 60.000.00. Er þá höfð hliðsjón af framangreindum áætlunarreikningi og svo því, að bætur eru greiddar í einu lagi og að af þeim er ekki goldinn tekjuskattur né útsvar. Bætur fyrir þjáningar og lýti ákveðast kr. 25.000.00. Samanlagt nema fjárhæðir þessar kr. 85.000.00, og ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda $^7/_{10}$ hluta þeirrar fjárhæðar, kr. 59.500.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Svo ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Ís, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Valgerði Sigurðardóttur, kr. 59.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. marz 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 7. júlí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. janúar 1960, af Sigurði Gunnlaugssyni, Hlíðarhvammi 11 í Kópavogi, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar Valgerðar Sigurðardóttur, Hlíðarhvammi 11, gegn hlutafélaginu Ís í Kópavogi til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 108.848.00 auk 6% ársvaxta frá 24. marz 1958 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Stefndi gerir þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður með öllu af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar samkvæmt mati dómsins. Stefndi gerir ekki kröfu um málskostnað og kveðst telja eðlilegt, að hann falli niður.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfu þannig, að bætur fyrir tapaðar vinnutekjur samkvæmt örorkumati séu kr. 62.248.00, bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti kr. 50.000.00, en til frádráttar komi dagpeningar, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt vegna slyssins, kr. 3.400.00. Stefnandi lýsir svo málavöxtum, að Guðrún Valgerður hafi slasazt við vinnu sína í hraðfrystihúsi h.f. Íss í Kópavogi hinn 10. nóvember 1956. Slysið hafi orðið með þeim hætti, að vinstri hönd Guðrúnar Valgerðar lenti í roðflettingarvél, og hjóst framan af vinstra þumalfingri hennar. Hann kveður varanlega örorku hafa verið metna 12%, og sé það tjón metið af tryggingafræðingi til peninga kr. 62.248.00 í töpuðum vinnutekjum. Í sambandi við bótakröfu vegna þjáninga, lýta og óþæginda, sem stefnandi tekur fram, að sé áætlunarupphæð, bendir hann á, að það séu veruleg lýti á manneskju að vanta hluta af þumalfingri, en Guðrún hefur aðeins verið 15 ára að aldri, er hún varð fyrir slysinu, sem sé á viðkvæmasta aldri. Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á slysinu vegna ófullnægjandi útbúnaðar á roðflettingarvél þeirri, sem slysinu olli, og þess, að hún hafi ekki verið í því lagi, sem

vera bar. Þá telur hann, að stefndi beri áhættuna af atvinnurekstri sínum og beri af þeim sökum að bæta það tjón, sem af honum hlýzt, jafnvel þótt slysið hafi stafað af óhappatilviljun og umbúnaði verði ekki um kennt eða ásigkomulagi tækja frystihússins. Hann heldur því fram, að hin slasaða eigi ekki að bera tjón sitt sjálf fjárhagslega.

Lagt hefur verið fram í málinu (dskj. nr. 5) bréf Bergþórs Smára læknis, dags. 20. júní 1957, þar sem segir, að Guðrún Valgerður Sigurðardóttir verkakona, fædd 17. marz 1939, til heimilis að Hlíðarhvammi 11 í Kópavogi, hafi slasazt 10. nóvember 1956 þannig, að hún fór í roðflettingarvél, og hjóst framan af vinstri þumalfingri hennar. Hún var skoðuð af lækninum 19. júní 1957. Skoðun leiddi í ljós: „Vinstri hönd: Ytri kjúka af þumalfingri er numin brott. Örið er vel gróið og eymslalítið. Tímabært þykir að meta varanlega örorku vegna ofangreinds slyss, og telst hún hæfilega metin 12%.“ Stefnandi hefur lagt fram (dskj. nr. 6) bréf Guðjóns Hansens cand act., dags. 28. október 1957. Hann áætlar fjártjón Guðrúnar Valgerðar, miðað við örorkumat Bergþórs Smára, störf við iðnað samkvæmt Iðjutaxta, 6% aktiv töflur, samræmdar eftirlifenda töflur íslenzkra kvenna 1941—1950 og verðmæti, miðað við slysdag. Tjónið metur hann á kr. 62.248.00. Hann getur þess, að e.t.v. sé þörf á að reikna með einhverju tapi vinnutekna til viðbótar vegna algerrar örorku fyrst eftir slysið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umrætt slys verði ekki rakið til skorts á öryggisútbúnaði eða ófullnægjandi umbúnaði yfirleitt á roðflettingarvél þeirri, sem slysinu olli. Vél þessi hefur verið í notkun um árabil og aldrei neitt slys orðið í sambandi við hana. Vélin sé að sjálfsögðu undir eftirliti öryggiseftirlitsins og uppfylli þær kröfur, sem það gerir um öryggisútbúnað. Þá telur stefndi, að starfsemi hans heimfærist ekki undir hættulegan atvinnurekstur og beri hann því ekki bótaábyrgð af þeim sökum.

Stefndi mótmælir stefnukröfum sem allt of háum. Stefnandi hafi ekki verið í neinni fastri vinnu, en aðeins unnið í ígripum 2—3 vikur. Í mati sé hins vegar miðað við fasta vinnu samkvæmt Iðju-taxta. Þá bendir hann á, að örorkubætur séu tekjuskattsfrjálsar.

Rannsókn út af slysi þessu, sem ekki var tilkynnt lögreglunni í Kópavogi, fór fram í sakadómi Kópavogs í maí og júní 1958. Í sakadómsrannsókninni skýrði Guðrún Valgerður frá því,

að vél sú, sem hún vann við, hafi verið í megnasta ólagi, þannig að hún hafi sleppt flökum (ekki roðflett) og þess vegna hafi hún orðið að teygja sig yfir vélina til að ná þeim flökum, sem ekki roðflettust, en í einu slíku tilfelli hafi vinstri hönd lent í vélinni með þeim afleiðingum, að hún missti fremsta lið þumalfingurs vinstri handar. Guðrún Valgerður kveðst hafa unnið stuttan tíma í hraðfrystihúsinu, og hafi verkstjórinn verið beðinn þess, að hún ynni ekki við vélar hraðfrystihússins, heldur við innpökkun eða hreinsun og þvíumlíkt, enda hafi verkstjóranum verið sagt, að hún væri ekki að öllu heil heilsu. Verkstjórinn, Sigurbjörn Jónsson, kannast ekki við, að móðir Guðrúnar Valgerðar hafi talað við hann um heilbrigði hennar, enda kveðst hann ekki mundu hafa ráðið hana til vinnu, ef hann hefði vitað, að hún væri ekki fullgild til vinnu. Guðrún Valgerður kveður engar öryggishlífar hafa verið á vélinni.

Vitnið Anna Gunnlaugsdóttir, sem viðstatt var, er slysið skeði, kveðst hafa séð Guðrúnu seilast yfir vélina til að ná í óroðflett flak, en getur ekki að öðru leyti gert sér fulla grein fyrir, hvernig slysið vildi til. Hún telur Guðrúnu alls ekki hafa sýnt neina óvarkárni í starfinu. Þetta vitni kveður vélina hafa verið í megnasta ólagi, þar sem stór hluti hráefnisins hafi komið óroðflettur úr vélinni.

Vitnið Daníel Magnússon kveður það hafa verið almennt álit manna á vinnustaðnum, að roðflettingarvél sú, er notuð var í umrætt sinn, hafi þurft sérstakrar aðgæzlu við, og því hafi í flestum tilfellum verið höfð vön stúlka við vélina. Þetta vitni kveður sér hafa verið ókunnugt um öryggisútbúnað við vélina, en kveðst telja, að alls ekki hefði átt að setja óvana stúlku eina til vinnu við slíka vél sem þessa.

Vitnið Sigurbjörn Jónsson, sem var verkstjóri í hraðfrystihúsinu, er slysið skeði, hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki vitað um, að Guðrún Valgerður væri fötluð, og ekki hafi hann verið beðinn að hlífa henni við vélavinnu. Vitnið kveður vélina hafa verið hættulausa, enda samþykkta af Öryggiseftirliti ríkisins. Á vélum þessum kveður vitnið ekki vera neinar öryggishlífar, en hins vegar séu á vélunum svokallaðar „vatnshlífar", sem ekki loki tönnunum. Vitnið kvaðst ekki hafa varað stúlkuna við vélinni, vegna þess að hún væri hættuleg, enda ekki talið þess þörf. Það kvaðst ekki minnast þess að hafa leiðbeint stúlkunni sérstaklega við handtök við vinnuna á vélinni. Nokkrir fyrrverandi starfsmenn hafa gefið vottorð um, að ekkert hafi verið

athugavert við roðflettingarvél þá, sem notuð var í frystihúsinu.

Eitt vitna þessara, sem fyrir dóm hafa komið, Guðlaug Helgadóttir, kveðst oftast hafa unnið við vél þá, sem slysið varð við, meðan það starfaði í frystihúsinu, en Guðrún Valgerður hafi verið að leysa sig af, er slysið skeði. Vitnið, sem ekki sá, er slysið varð, kveður vélina hættulausa, en þó megi ekki líta af henni. Vitnið kveður vélina ekki hafa roðflett í öllum tilvikum, en flökin hafi þá farið áfram á færibandi fram á vinnsluborð og þar verið „sorteruð", þ. e. óroðflett flök tekin frá þeim roðflettu. Þetta vitni man ekki, hvort Guðrún Valgerður var í fyrsta skipti við vélina, er slysið varð, en telur, að hún hljóti að hafa séð vélina vinna, áður en slysið skeði. Af framburði vitnisins Ráðhildar Jónsdóttur, móður Guðrúnar, virðist ljóst, að Guðrún Valgerður hafi unnið við vél þessa 1—2 daga, áður en slysið varð.

Eftir munnlegan flutning málsins hafa lögmenn aðilja með samkomulagi lagt fram vottorð frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 4. júlí 1960, þar sem lýst er vél þeirri, sem slysið varð við. Kemur þar fram, að hnífur sá, sem roðflettir, er óvarinn. Í vottorði þessu segir enn fremur: „Eftirlitið hefur ekki talið þörf á því að hafa hlífar yfir þessum hluta vélarinnar. Þó má vera, að hlíf yfir hnífnum hefði komið í veg fyrir slys sem það, er hér um ræðir, en benda má á, að hlífar geta ekki verið fastar vegna þrifnaðar og því auðvelt að lyfta þeim upp og fara með hönd undir." Samkomulag var um, að ekki færi fram frekari málflutningur vegna framlagningar skjals þessa.

Um leið og málið var munnlega flutt hinn 28. f. m., fór dómurinn ásamt lögmönnum aðilja og Guðrúnu Valgerði í hraðfrystihúsið og skoðaði vélina, sem þar er geymd, en hún hefur nú verið tekin úr notkun. Starfsmenn hraðfrystihússins, sem einnig störfuðu þar, er slysið skeði, sýndu vélina, og Guðrún Valgerður kannaðist við, að væri sú sama. Hún sýndi, hvernig hún hafði staðið við vélina, er slysið skeði, og hvernig það hefði að höndum borið. Vélin vinnur þannig, að flökin koma á færibandi að stálrennu. Sá, sem vinnur við vélina, ýtir flökunum eftir rennu þessari að sívalningi, sem snýst í sífellu. Um leið og flakið kemur að sívalningnum, grípur þar til gerður tannabúnaður í það, flakið fylgir sívalningnum eftir það, þar til það kemur að tifandi hnífi, sem liggur nokkurn veginn við hann, hreyfist örlítið eftir lengd sívalningsins og flettir roðinu af. Í sívalningnum er allstórt ferhyrnt op, dálítið aflangt, sem er yfir

tanngripinu og armi þess. Er tanngripið í öðrum enda opsins við efri brún, en armur tanngripsins lokar gatinu að innan. Dýpt opsins verður því þykkt sívalningsins.

Yfir inntakinu og nokkrum hluta sívalningsins er hlíf, svonefnd vatnshlíf, en engin hlíf yfir hnífnum og hluta af sívalningnum. Í op það, er að ofan greinir, hefur fingur Guðrúnar Valgerðar farið, þegar hún var að laga flak, sem ekki roðflettist, færzt með opinu að hnífnum með þeim afleiðingum, að hann skar framan af fingrinum.

Yfir þessum hluta vélarinnar telja hinir sérfróðu samdómendur, að ætti að vera öryggishlíf, enda ekki þörf á að taka óroðflett flök þar úr vélinni, þar sem taka má þau frá, er þau eru komin frá henni. Ljóst þykir, að slík hlíf hefði varnað því slysi, er hér er deilt út af.

Upplýst er með eigin framburði verkstjóra þess, sem vinnu stjórnaði, er slysið varð, að hann hafði ekki varað Guðrúnu Valgerði, sem þá var 17 ára og ekki virðist áður hafa unnið við neins konar verksmiðjuvélar, við vélinni, vegna þess að hún væri hættuleg, enda ekki talið þess þörf. Einnig má telja upplýst, að verkstjórinn leiðbeindi stúlkunni ekki sérstaklega um handtök við vinnuna á vélinni.

Ekki hafa komið fram upplýsingar um, að Guðrún Valgerður hafi sýnt óvarkárni í starfi sínu. Hún teygir sig að vísu yfir sívalninginn til að ná flökum, sem ekki roðflettust í vélinni, en sú fyrirhöfn er talin óþörf, þar sem flökin eru sundurgreind síðar. Það þykir sýna, að hún hafi viljað vinna starf sitt af kostgæfni, en skort hafi leiðbeiningar, þar sem þessi fyrirhöfn, sem slysið stafaði af, var óþörf. Ekki verður það virt Guðrúnu Valgerði til gáleysis.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, má telja upplýst: 1) að Guðrún Valgerður hafi unnið starf sitt af alúð, 2) að vél sú, sem hún vann við, uppfyllti ekki fyllstu kröfur um öryggisútbúnað og 3) að mjög skorti á, að verkstjóri leiðbeindi um, í hverju starfið væri fólgið, handtök við það og hver hætta gæti verið samfara því. Ber í því sambandi að hafa í huga, að hér var um unglingsstúlku að ræða, sem ekki hafði áður unnið við vélar frystihússins. Verkstjóri þessi starfaði í þjónustu stefnda, sem ber því ábyrgð á vangæzlu hans, enda hvílir sérstök skylda á atvinnurekanda, samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til að sjá um, að verkafólki sé leiðbeint um hættur, og er skylda þessi

sérstaklega rík, þegar ungir og óvanir verkamenn eiga í hlut. Þykir því bera að leggja fébótaábyrgð vegna slyssins óskipta á stefnda.

Skulu nú kröfur stefnanda athugaðar:

1) *Örorkutjón.*

Eins og að framan greinir, hefur tryggingafræðingur reiknað út fjárhagstjón Guðrúnar Valgerðar af örorku hennar, og reiknast það kr. 62.248.00. Stefndi hefur mótmælt útreikningi þessum, vegna þess að miðað sé við Iðju-taxta, en Guðrún Valgerður hafi ekki verið í fastri vinnu áður, og sé því óréttmætt að reikna með tekjum af fastri vinnu, en auk þess séu örorkubætur skattfrjálsar. Ekki þykja mótmæli stefnda vegna lítillar atvinnu Guðrúnar Valgerðar fyrir slysið á rökum reist, þar sem hér er um ungling að ræða, sem einmitt er að byrja á að vinna utan heimilis. Rétt þykir, að taka nokkurt tillit til skattfrelsis bóta við ákvörðun bótafjárhæðar.

Ber þá að hafa í huga, að tekjur þær, sem í útreikningi er reiknað með stefnanda til handa, eru lágt skattaðar og skattfríðindi af bótunum því lítils virði. Í útreikningi tryggingafræðingsins er reiknað með stöðugri vinnu Guðrúnar Valgerðar, en rétt þykir að ætla daglaunafólki nokkra tekjurýrnun vegna atvinnuleysis og annarra slíkra orsaka.

Á hinn bóginn má hafa hliðsjón af, að í kröfugerð stefnanda er reiknað með 12% örorku frá slysdegi, og því sleppt í kröfugerð viðbótarbótum fyrir þann tíma, sem örorkan var meiri en 12%. Að öllu þessu athuguðu þykir hæfilegt að lækka bótaupphæð vegna örorku um 15%, eða um kr. 9.337.00.

2) *Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti.*

Þegar athugað er með hverjum hætti slysið vildi til, þykir sýnt, að það hafi í upphafi valdið Guðrúnu Valgerði nokkrum þjáningum og óþægindum. Þá er ljóst, að nokkur lýti eru að því að missa framan af þumalfingri. Eftir atvikum þykja bætur fyrir tjón þetta hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 52.911.00 + 12.000.00 = kr. 64.911.00, en frá þeirri upphæð dragast dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt því, er í stefnu greinir, kr. 3.400.00, og verður því bótafjárhæðin kr. 61.511.00. Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda vexti af fjárhæð þessari, 6% p. a. frá stefnudegi, 7. janúar 1960, til greiðsludags. Þá

ber að dæma stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.500.00.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Jóhannesi Zoëga forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihúsið Ís h/f í Kópavogi, greiði stefnanda, Sigurði Gunnlaugssyni fyrir hönd ólögráða dóttur hans, Guðrúnar Valgerðar, kr. 61.511.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. júní 1962.

Nr. 204/1960. **Dánarbú Jens Árnasonar**
(Hallgrímur Dalberg hdl.)
gegn
Axel Björnssyni (Lúðvík Gizurarson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1960. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bætur til handa stefnda verði ekki ákveðnar hærri en kr. 18.180.00 og málskostnaður þá felldur niður í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Munir þeir, sem Jens Árnason flutti á verkstæði sitt árið 1955 og stefndi krefst bóta fyrir, hafa eftir uppsögu héraðsdóms verið metnir yfirmati af þremur dómkvöddum mönnum, þeim Bjarna Kristjánssyni vélaverkfræðingi, Páli Lúðvíkssyni vélaverkfræðingi og Sigurði Sveinbjörnssyni vélaverkstæðisforstjóra. Í matsgerð, dags. 28. maí 1962, meta þeir, að verðgildi munanna til sölu hafi árið 1955 verið sem hér segir:

1.	2 járngeymar með rörum í (absorbers)	kr. 12.000.00
2.	2 járngeymar með rörum í (eimar) ...	— 880.00
3.	2 tvöfaldir ammoníakþéttar	— 4.300.00
4.	2 rör, 6 þumlunga	— 1.000.00
		Samtals kr. 18.180.00

Yfirmatsmennirnir telja, að enginn þessara muna hafi verið nothæfur árið 1955 eftir upphaflegu hlutverki sínu, þ. e. í frystikerfi. Járngeymana, sem getið er í 1. tölulið, hefði mátt nota, að undangenginni breytingu, sem forhitara fyrir hitaveituvatn í hitakerfi. Járngeyma þá, sem greinir í 2. tölulið, telja yfirmatsmenn ekki hafa verið nothæfa til neins, nema ef til vill sem olíugeyma, og þá að undangenginni breytingu. Hafi geymar þessir því aðeins verið metnir sem efni. Loks hafi munir þeir, sem greinir í 3. og 4. tölulið, einungis verið nothæfir sem efni og metnir þannig.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafði stefndi, Axel Björnsson, flutt muni þessa árið 1951 á erfðafestuland Þórðar hreppstjóra Þorsteinssonar við Kársnesbraut í Kópavogi og komið þeim fyrir utanhúss við herskála, sem Olíusalan h/f hafði þá umráð yfir, en félag þetta hafði leyft stefnda að geyma muni í skálanum.

Samkvæmt skýrslu Þórðar Þorsteinssonar, sem var hreppstjóri Kópavogshrepps á þeim tíma, sem hér skiptir máli, var greindur herskáli í herskálahverfi, sem þarna hafði verið frá því á styrjaldarárunum. Kveður hann, að árið 1953 hafi sumir skálarnir verið orðnir úr sér gengnir og hætta verið farin að stafa af þeim. Hafi því nauðsyn borið til að fjar-

lægja þá. Í Hæstarétti hafa komið fram gögn um það, að með auglýsingu, dags. 27. marz 1953, sem birt var í tveimur dagblöðum í Reykjavík, skoraði sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu á eigendur herskála þessara að hafa samband við skrifstofu embættisins fyrir lok mánaðarins, ella mættu þeir búast við því, að skálarnir yrðu rifnir án frekari viðvörunar. Eftir þetta kveðst Þórður Þorsteinsson hafa leyft hverjum, sem þess óskaði, að flytja brott herskála án nokkurrar greiðslu, enda hafi hann talið, að ekki svaraði kostnaði að kaupa vinnu til niðurrifs þeirra og brottflutnings.

Þá hefur Þórður Þorsteinsson lýst því, að vorið 1955 hafi Jens Árnason og spurzt fyrir um muni þá, sem um ræðir í máli þessu. Kveðst Þórður þá ekki hafa vitað um, að stefndi hafði flutt munina inn á herskálasvæðið, enda hafi sér aldrei verið gert viðvart um það. Hafi hann álitið muni þessa vera umhirðulaust góz frá styrjaldarárunum, sem hinn erlendi her hafi skilið eftir, þegar hann hvarf úr herskálunum. Af þessum sökum og með stoð í fyrrgreindri auglýsingu sýslumanns hafi hann leyft Jens að flytja burt munina, án þess að nokkur greiðsla kæmi fyrir.

Jens Árnason lýsti því fyrir dómi, að hann hefði álitið umrædda muni vera hergóz frá styrjaldarárunum. Auðsætt hafi verið, að þeir hafi legið þarna mjög lengi, enda að nokkru leyti sokknir í for. Kvaðst hann hafa talið sér heimilt að hirða munina, þar sem hann hafði til þess leyfi hreppstjóra.

Seint í júlímánuði 1955 kom stefndi á verkstæði Jens Árnasonar og fékk vitneskju um flutning munanna þangað. Samkvæmt skýrslu Jens fyrir dómi hafði hann þá breytt í olíugeyma járngeymum þeim, sem getið var í 1. tölulið yfirmatsgerðar, og látið þá af hendi til notkunar við olíukyndingu í tilteknu húsi. Einnig kvaðst hann hafa verið búinn að nota eitthvað af rörunum sem smíðajárn. Hins vegar virðast þá hafa verið á verkstæðinu járngeymar þeir (eimar) og ammoníaksþéttar, sem getið er í 2. og 3. tölulið yfirmatsgerðar, og auk þess eitthvað af lausum rörum.

Voru munir þessir enn fyrir hendi, þegar yfirmatið fór fram. Hefur Jens og síðar dánarbú hans neitað að afhenda stefnda muni þessa nema gegn greiðslu kostnaðar af flutningi þeirra.

Ekki verður talið, að stefndi hafi verið búinn að gefa upp eignarrétt sinn á munununum, þannig að hverjum, sem vildi, væri heimilt að hirða þá sér til eignar. Þá er og ljóst, að leyfi hreppstjóra Kópavogshrepps stafaði af villu hans um eignarrétt að munununum, og jafnvel þótt hann hefði mátt líta á þá sem óskilamuni, fór ráðstöfun hans á þeim ekki fram með þeim hætti, að fellt gæti niður eignarrétt stefnda. En eins og ástandi munanna og geymslu var háttað og þar sem Jens Árnason fékk leyfi hreppstjóra til að hirða þá, má telja, að Jens hafi verið grandlaus um heimild sína til hagnýtingar þeirra, unz honum var kunnugt um eigandann. Ekki verður leyfi hreppstjóra þó jafnað til afsalsgernings.

Um skil á munununum í heild í hendur stefnda gat ekki verið að ræða, þar sem Jens hafði þegar hagnýtt sér nokkurn hluta þeirra. En auk þess neitaði hann að afhenda muni þá, sem fyrir hendi voru, nema með skilyrðum, sem stefndi þurfti ekki að ganga að. Ber áfrýjanda samkvæmt þessu að greiða stefnda bætur. Ekkert liggur fyrir í málinu um það, hver hafi orðið hagnaður Jens af munum þeim, sem hann hafði fargað eða hagnýtt sér með öðrum hætti, og þykir rétt um þá að leggja til grundvallar bótum áætlað söluverð þeirra árið 1955 samkvæmt yfirmatsgerðinni. Að því er tekur til annarra muna, sem neitað hefur verið að afhenda stefnda nema með óheimilum skilyrðum, ber áfrýjanda að greiða bætur, miðað við áætlað söluverð þeirra nú, en vegna breytts verðlags má ætla, að verðgildi munanna hafi aukizt frá því á árinu 1955. Þykja bætur eftir málavöxtum hæfilega ákveðnar kr. 22.000.00. Stefndi hefur krafizt 6% ársvaxta af dæmdri fjárhæð, og telst rétt að dæma honum þá frá stefnudegi, 16. maí 1957.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 9000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, dánarbú Jens Árnasonar, greiði stefnda, Axel Björnssyni, kr. 22.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. maí 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 30. september, er höfðað með stefnu, birtri 20. maí 1957, af Axel Björnssyni, Framnesvegi 8 A, Reykjavík, gegn Jens Árnasyni vélsmið, Spítalastíg 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 37.500.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 6% ársvexti.

Stefndi, Jens Árnason, lézt 2. september 1959, og hefur dánarbú hans tekið við málinu.

Upphaflega var af hálfu stefnda krafizt frávísunar, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 2. janúar 1958. Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnda eftirtaldar kröfur gerðar: *Aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar, sem miðaður væri við stefnukröfu samkvæmt taxta L.M.F.Í. *Til vara:* að stefnanda verði dæmdur réttur til að hirða umrædda muni, sem eftir eru á lóð stefnda, þeirra, sem stefndi Jens Árnason tók í Kópavogi árið 1955, stefndi verði sýknaður af öllum fjárkröfum og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt taxta. *Til þrautavara:* að stefndi verði sýknaður að svo stöddu, en málskostnaður dæmdur samkvæmt taxta. Er aðal- og varakrafa samhljóða efnislega vara- og þrautavarakröfu stefnda í greinargerð, sem lögð var fram 4. júní 1957, en núverandi þrautavarakrafa hefur ekki komið fram áður.

Samkomulag er með aðiljum um að ganga framhjá sáttanefnd.

Málavextir eru sem hér greinir:

Þann 30. júlí 1951 keypti stefnandi frystikerfi af h/f Skálafelli í Hveragerði, og var það í mörgum hlutum. Síðar þetta sama ár lét stefnandi flytja það í geymsluhús, sem Olíusalan h/f hafði á leigu í Kópavogi, en stefnandi hafði fengið leyfi forráða-

manna hennar til þess að geyma frystikerfið þar. Þeir hlutar kerfisins, sem voru svo stórir, að þeir komust ekki inn í geymsluhúsið, voru látnir við dyr þess. Munir þessir lágu nú þarna við húsið til ársins 1955. Í maí eða júnímánuði það ár fór Jens Árnason til Þórðar Þorsteinssonar, sem um þær mundir var hreppstjóri Kópavogshrepps, og spurðist fyrir um það, hver hefði ráð á munum þessum. Kvað Þórður sér vera ókunnugt um það, en heimilaði Jens að hirða þá af þeim, sem hann kysi.

Þórður Þorsteinsson hefur komið fyrir dóm og gert grein fyrir afstöðu sinni. Skýrði hann svo frá, að honum hefði verið ókunnugt um, hver væri eigandi muna þessara, en helzt talið, að þeir hefðu verið eign setuliðsins á stríðsárunum, eins og hermannaskálarnir, og legið þarna síðan. Sjálfur hefði hann í erfðafestu landið, sem skálarnir voru reistir á, og síðari eigendur þeirra hefðu greitt sér leigu fyrir landrými það, sem þeir tóku. Einhvern tíma um það bil árið 1953 hefði hreppsnefnd Kópavogshrepps samþykkt, að skálar þessir skyldu rifnir og fjarlægðir svo og allt sem þeim fylgdi. Samþykkt þessa hefði sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu auglýst, og eigendum þar gert að fjarlægja muni þessa innan ákveðins frests, ella yrði það gert á þeirra kostnað. Eftir þetta hefðu nokkrir skálar verið fjarlægðir, en margir þó verið eftir. Ári síðar kvaðst Þórður Þorsteinsson hafa ákveðið í samráði við Kristin Ólafsson, sýslumannsfulltrúa í Hafnarfirði, að fá menn til að fjarlægja skálana og það, sem í þeim væri, gegn því, að þeim yrði heimilað að hirða það, sem nýtilegt teldist. Á þessum forsendum hefði hann leyft Jens Árnasyni að hirða umrædda muni, og ekki hefði komið til mála að taka af honum greiðslu fremur en öðrum.

Jens Árnason hefur einnig komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi komið til Þórðar Þorsteinssonar og spurzt fyrir um muni þessa. Hefði Þórður þá svarað, að hann mætti hirða „þetta drasl", ef hann vildi. Munir þessir hefðu augljóslega legið lengi, þar sem þeir voru, og verið að miklu leyti sokknir í for. Hann kvaðst telja, að munirnir hefðu ekki verið nothæfir til neins nema sem brotajárn.

Um mánaðamótin júlí—ágúst 1955 kom stefnandi í verkstæði Jens Árnasonar og sá þar muni þessa. Skýrði Jens honum svo frá, að hann hefði hirt þá samkvæmt leyfi Þórðar Þorsteinssonar. Gerði hann stefnanda þá kosti að taka muni þá, sem enn voru til, gegn því að greiða kostnað við björgun þeirra.

Þegar stefnandi hafði orðið þessa áskynja, kærði hann málið

til sakadómara með bréfi, dags. 11. ágúst 1955, og gáfu aðiljar skýrslur fyrir sakadómi Reykjavíkur 12. og 16. ágúst. Með bréfi, dags. 25. ágúst 1955, tilkynnti sakadómari Jens Árnasyni, að Dómsmálaráðuneytið sæi ekki ástæðu til aðgerða í máli þessu. Var því næst mál þetta höfðað, svo sem að framan greinir.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að hann hafi haft heimild Olíusölunnar h/f til þess að geyma umrædda muni, þar sem þeir voru, þegar þeir voru teknir. Hafi sú heimild ekki verið bundin við ákveðinn tíma og ekki hafi Þórður Þorsteinsson amazt við geymslu munanna. Hefur það eindregið verið vefengt, að hreppsnefnd Kópavogshrepps hafi gert nokkra samþykkt um að fjarlægja munina, eins og Þórður Þorsteinsson hefur haldið fram, hvað þá, að auglýsing hafi birzt þar að lútandi eða stefnandi hafi fengið tilkynningu um að fjarlægja þá. Ef litið hefði verið á muni þessa sem óskilamuni, hefði hreppstjóri átt að setja þá á uppboð að undangenginni auglýsingu og selja þá þannig.

Stefnandi hefur og haldið því fram, að umræddir hlutir hafi ekki verið sokknir í aur eða ryðgaðir, enda hafi stefnandi burstað og málað þá af hlutum þessum, sem hann hafi talið þurfa, sumarið 1954.

Þá heldur stefnandi því fram, að um magn munanna og verðmæti verði að leggja til grundvallar skýrslu sína, enda hafi Jens Árnason gert sér ókleift að láta meta þetta með hagnýtingu sinni og ráðstöfun á mestu af mununum. Beri því að leggja til grundvallar matsgerð þeirra Benedikts B. Sigurðssonar og Björns Jónssonar, sem dagsett sé 20. janúar og fyrir liggi í málinu, enda sé hún eftir atvikum óaðfinnanleg. Sé og á það að líta, að matsfjárhæðin sé allmiklu hærri en dómkrafa stefnanda.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að huglæg skilyrði, ásetning eða gáleysi, skorti til þess, að um skaðabótaskyldu geti verið að ræða. Jens Árnason hafi tekið muni þessa fullkomlega í góðri trú um, að Þórði hreppstjóra Þorsteinssyni væri heimilt að ráðstafa þeim. Sé um einhverja bótaskyldu að ræða, beri að beina bótakröfu að þeim, sem ráðstafa mununum, þ. e. gegn Kópavogshreppi eða kaupstað, þar sem Þórður Þorsteinsson, hreppstjóri og fyrrverandi hreppsnefndarmaður, hafi gert ráðstöfun þessa fyrir hreppinn og með hans samþykki.

Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á, hversu mikið tjón hann hafi beðið. Matsmenn hafi ekki skoðað munina, enda hafi einungis lítill hluti þeirra verið til, þegar mat fór fram. Ekki sé

heldur hægt að sjá það af matsgerðinni, hvers virði hver einstakur hlutur er talinn. Ef hins vegar meta ætti hlutina sem brotajárn, sé þyngd þeirra ekki upplýst og ekki heldur verð járnsins.

Um magn munanna hefur stefndi haldið fram, að leggja beri til grundvallar það, sem Jens Árnason hafi viðurkennt að hafa tekið, enda sé ósannað, að hann hafi tekið meira.

Leitt hefur verið í ljós, að Olíusalan h/f hafi heimilað stefnanda að geyma umrædda muni í geymsluskálum hennar við Kársnesbraut í Kópavogi um óákveðinn tíma. Stefnandi lét að vísu ekki munina alla inn í skálana, heldur nokkra þeirra fyrir utan, sem ekki komust inn í skálana. Ekki verður séð, að neinn hafi amazt við því, að þessi háttur var á hafður, svo að ekki verður talið, að stefnanda hafi skort heimild til geymslunnar.

Eins og áður segir, kveðst Þórður Þorsteinsson hafa litið svo á, sem hér væri um að ræða eigendalausa muni. Í Jónsbók þb. 14 segir, að finnandi skuli lýsa fundi fyrir mönnum, en í því felst, að hann skuli auglýsa hið fundna með þeim hætti, sem tíðkast á hverjum tíma. Hins vegar er ekki til ákvæði, sem lýtur beint að yfirgefnum hlutum, res derelictae. Einsætt virðist þó, að sömu reglu beri að beita um res derelictae og fundið fé að þessu leyti. Enda þótt Þórður Þorsteinsson hafi haldið því fram, að hreppsnefndarsamþykkt hafi legið fyrir um það, að skálar skyldu rifnir og það fjarlægt, sem þeim fylgdi, hefur lögmaður stefnda þrátt fyrir gefið tilefni ekki lagt fram nein gögn um samþykkt þessa né heldur sýnt fram á, að auglýsing hafi birzt um þetta efni. Verður því að líta svo á, að frásögn Þórðar Þorsteinssonar um þetta atriði sé ósönnuð. Þegar af þessari ástæðu verður að telja, að sú ráðstöfun Þórðar Þorsteinssonar, að leyfa Jens Árnasyni að hirða umrædda muni, hafi verið með öllu óheimil og engan rétt aflað honum eða dánarbúi hans, enda þótt hann hafi verið grandlaus.

Stefnandi hefur gert svofellda grein fyrir því, hvaða muni Jens Árnason hafi tekið:

1. 2 stykki járngeymar með innri botnum, sem rafsoðnir voru í. Þar utan yfir komu kúptir botnar, sem voru skrúfaðir á geymana með boltum.

   Innan í hvorum geymi voru rör, 90 að tölu, 1¼ þumlungur að vídd, 195 cm á lengd.

   Þannig voru, eins og sjá má, 350 metrar í báðum geym-

unum. Þar að auki voru á geymum þessum rör og flansar, sem tilheyrðu tengingu þeirra við kerfi það, sem þeir voru frá.

2. 2 stykki járngeymar með kúptum botnum. Í hvorum þeirra 18 rör, 1¼ þumlungs víð, 1.2 metra löng, eða samanlagt í báðum geymunum 43.40 metrar. Auk þess voru rör og flansar á þessum geymum tilheyrandi tengingum við kerfi það, sem þeir tilheyrðu.
3. 2 stk. tvöfaldir ammoníakþéttar. Það eru 4 rör, hvert þeirra 6 þumlunga vítt, 4.05 m á lengd, 16.20 metrar samanlagt. Innan í hverju þessara röra voru 7 rör, 1¼ þumlungs víð, 4.05 metra löng, 113.4 metrar samanlagt. 6 þumlunga rörin voru með botnum og tengistykkjum.
4. 2 stk. rör, 6 þumlunga víð, 4.05 m löng, 8.10 m á lengd samanlagt.

Stefndi hefur sjálfur viðurkennt að hafa tekið fjóra járntanka og „eitthvað af rörum, sennilega þeim tilheyrandi". Þórður Þorsteinsson, sem gekk á staðinn ásamt Jens Árnasyni, hefur borið fyrir dómi, að munirnir „hafi verið 4 dunkar, misstórir, sívalir, ... 2 víð rör, ca. 6—7 tommur á vídd, ekki mjög löng, ca 1—2 metrar, að vitnið minnir, svo og 3 eða 4 önnur rör, mjórri, en svipuð á lengd .... Þó vill vitnið ekki fortaka, að eitthvað annað hafi verið grafið í aurinn". Vitnið Heiðmundur Ottósson bar hins vegar, að þarna „hafi legið ýmis rör með ásoðnum flönsum ásamt hylkjum".

Þar sem skýrsla stefnanda hefur verulega stoð í framburðum þeim, sem raktir hafa verið, þykir mega leggja hana til grundvallar um það, hvaða muni Jens Árnason hafi hirt. Ber og á það að líta, að Jens Árnason hefur með síðari aðgerðum sínum komið í veg fyrir, að hægt hafi verið að ganga sérstaklega úr skugga um þetta.

Um verðmæti muna þessara hafa dómkvaddir matsmenn, þeir Benedikt B. Sigurðsson vélfræðingur og Björn Jónsson verkstjóri í Landssmiðjunni, látið uppi það álit, að það næmi kr. 58.500.00. Í matsgerðinni, sem dagsett er 20. janúar 1959, segir: „Við höfum farið að Spítalastíg 6 til hr. Jens Árnasonar og skoðað þá hluti úr frystikerfinu, sem enn eru í vörzlu hans. Hitt höfum við metið samkvæmt teikningu og lýsingu." Einnig er þar tekið fram, að miðað sé við verðlag á vinnu og efni í ágúst 1955. Matsmenn hafa komið fyrir dóm og skýrt nánar frá, með hverjum hætti matið hafi farið fram. Annar þeirra

kvað þá einungis hafa séð og gefizt kostur á að skoða einn eimsvala (járngeymi). Hinn skýrði aftur svo frá, að þeir hefðu séð tvo eimsvala, og einnig hefði hann séð rör, sem Jens Árnason hefði sagt, að væri úr einum eimsvalanna. Hefði hann skoðað annan eimsvalann, sem þeir sáu. Báðir hafa matsmenn skýrt svo frá, að matið sé miðað við, að hægt sé að nota hlutina til þess, sem þeir séu ætlaðir. Þeir hlutir, sem úreltir teljist að mestu, séu metnir á hálfvirði. Ekki hafi verið um neina tæringu eða ryð að ræða í þeim hlut, sem þeir skoðuðu. Í matinu sé ekki gert ráð fyrir neinni rýrnun vegna aldurs eða notkunar.

Í máli þessu liggur einnig fyrir álitsgerð Gunnars Ólafssonar iðnfræðings og Jóns Oddssonar, verkstjóra í vélsmiðjunni Héðni, dagsett 20. október 1959, samin að beiðni lögmanns stefnda. Kveðast þeir hafa skoðað tvo geyma í porti hjá Jens Árnasyni, og niðurstaða þeirra sé sú, að geymarnir séu ekki nýtanlegir nema sem brotajárn. Samkvæmt ásigkomulagi þeirra, eins og þeir séu í dag, telji þeir útilokað að nota þá í frystikerfi, þar sem kostnaðar vegna sé ekki hægt að hreinsa þá nægilega vel, eins og smíði þeirra sé háttað. Ekki svari kostnaði að breyta þeim í olíugeyma eða þ.u.l. Þó vilja þeir taka fram, að ekki sé útilokað að nota geymana í einhverju sérstöku tilfelli án þess að breyta þeim. Fyrir dómi hafa menn þessir borið, að enginn hafi verið viðstaddur af hálfu aðilja, þegar skoðun þeirra fór fram. Framburðir vitna þessara svo og matsmanna hafa verið teknir gildir sem staðfestir.

Af matsgerðinni frá 20. janúar 1959, sem áður getur, verður ekki séð, hvenær mat fór fram, og ekki er þar tekið fram, að aðiljar hafi verið boðaðir til að vera viðstaddir. Á hinn bóginn má ráða það af framburði annars matsmanna, að Jens Árnason hafi verið viðstaddur, svo sem áður er rakið. Þá er ekki sundurliðað nema að óverulegu leyti verðmæti einstakra muna og ósannað, að matsmenn hafi skoðað nema einn geymi, enda þótt kostur hafi verið að skoða fleiri hluti. Það er hins vegar álit hinna sérfróðu meðdómenda, að ekkert sé við umrætt mat að athuga frá tæknilegu sjónarmiði og verðmæti muna þessara ekki of hátt metið. Telja þeir, að sá háttur, sem hafður var á geymslu munanna, hafi ekki átt að valda neinni eyðileggingu á þeim. Hefðu munir þessir rýrnað meira, ef þeir hefðu verið í notkun tímabil það, sem þeir lágu við skálana. Ekki hefði það skipt máli, þótt einhver óhreinindi hefðu komizt innan í tæki þessi, því að auðvelt væri að hreinsa þau burtu.

Svo sem nú hefur greint verið, verður ekki talið, að sá háttur, sem hafður var á um geymslu munanna, hafi valdið á þeim eyðileggingu eða verulegri rýrnun. Þykir því mega fallast á niðurstöðu matsgerðarinnar þrátt fyrir formlega galla á henni og þrátt fyrir það, sem fram hefur komið frá Gunnari Ólafssyni og Jóni Oddssyni. Hér ber einnig að hafa í huga, að Jens Árnason hefur með aðgerðum sínum valdið því, að allir hlutirnir urðu ekki metnir, og ekki hefur af hálfu stefnda verið farið fram á yfirmat.

Í matinu er ekki gert ráð fyrir neinni rýrnun, en gera má ráð fyrir, að munirnir hafi rýrnað eitthvað við að vera geymdir, eins og raun ber vitni. Þegar hins vegar á það er litið, að stefnufjárhæðin er allmiklu lægri en matsfjárhæðin, þykir nægilega tekið tillit til hugsanlegrar rýrnunar. Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnanda til greina að fullu.

Þá þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 5.000.00 í málskostnað.

Sigurður Líndal, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gísla Hermannssyni verkfræðingi og Pétri Pálssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Jens Árnasonar, greiði stefnanda, Axel Björnssyni, kr. 37.500.00 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 79/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn
Bjarna Magnússyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, var í rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens framkvæmd rannsókn á blóði ákærða, og fundust í því „reducerandi efni, er samsvara 1.33‰ af alkóhóli". Í vottorði rannsóknarstofunnar, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir um framkvæmd rannsóknar þessarar: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur á báðum eins, þ. e. reducerandi efni, samsvarandi alcohóli, 1.33‰." Samkvæmt þessu varðar hátt-semi ákærða við ákvæði þau, sem í ákæru greinir.

Ákærða var hinn 5. október 1956 dæmd 1500 króna sekt og svipting ökuleyfis 6 mánuði fyrir akstur bifreiðar með áhrifum áfengis, og síðan hefur hann fimm sinnum sætt sektum fyrir umferðar- og ölvunarbrot.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin varðhald 20 daga.

Rétt er með hliðsjón af ferli ákærða að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Magnússon, sæti varðhaldi 20 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 3000.00, og laun verjanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. marz 1962.

Ár 1962, föstudaginn 16. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1159/1962: Ákæruvaldið gegn Bjarna Magnússyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Með ákæru, útgefinni 26. f. m., er Bjarni Magnússon verkamaður, Garðsenda 12 hér í borg, fæddur 11. maí 1936, ákærður fyrir að hafa um hádegisbil laugardaginn 13. f. m. undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 11524 frá Reykjavíkurhöfn að Garðsenda 12 og þaðan áleiðis að Skálagerði 15, unz hann var stöðvaður af lögreglu í Skálagerði.

Telst þetta varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Í máli þessu er leitt í ljós, að nokkru fyrir hádegi laugardaginn 13. janúar s.l. ók ákærði bifreiðinni R 11524 neðan frá höfninni heim til sín og eftir nokkra viðdvöl þar niður í Skálagerði, þar sem hann var stöðvaður af lögreglu. Var ákærði undir áhrifum áfengis, en þó eigi miklum að eigin sögn. Í blóði, sem ákærða var tekið kl. 13.00, fundust reducerandi efni, er svara til 1.33‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur, með því að stýra bifreið undir áfengisáhrifum, brotið gegn 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga telst ökumaður óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef áfengismagn í blóði hans nemur 1.20‰ eða meira. Ber þá að refsa með varðhaldi eða fangelsi samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Rannsókn á blóði ákærða sýndi, sem fyrr getur, reducerandi efni, er svara til 1.33‰ af áfengi. Í ályktun Læknaráðs, staðfestri 20. desember

1960, er lögð var fram í hæstaréttarmálinu nr. 161/1959, segir, að deildin sé sammála áliti prófessors Jóns Steffensens, um nákvæmni alkóhólákvörðunar í blóði, en hann hafi í bréfi til Hæstaréttar 23. október 1960 lýst rækilega aðferðum við slíkar mælingar og látið uppi það álit, að á öllum mælingum megi gera ráð fyrir einhverri skekkju, eða um +/÷ 0.1‰, og einnig bent á, að óverulegt magn af rokgjörnum efnum sé í blóði heilbrigðra manna. Læknaráðið vitnar einnig í rit réttarlæknisfræðinganna Elbel og Schleyer: Der Blutalkohol, Stuttgart 1956, þar sem „eðlileg" reducerandi efni blóðs séu talin 0.03‰. Ráðið segir, að sjálfsagt sé að reikna með þessum „eðlilegu" reducerandi efnum, þótt þeirra almennt gæti svo lítið, að litlu máli skipti.

Þegar höfð er í huga hugsanleg mælingarskekkja við áfengisákvörðun í blóði ákærða svo og hugsanleg eðlileg rokgjörn efni í blóði hans (þ. e. önnur en alkóhól), verður eigi talið alveg sannað, að alkóhól í blóði hans hafi í umrætt skipti verið svo mikið, sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða, sem hefur áður (5. okt. 1956) verið dæmdur í sekt fyrir ölvun við akstur og auk þess 5 sinnum sætzt á greiðslu smásekta, hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber samkvæmt ákvæðum, er í ákæru greinir, að svipta ákærða ökuleyfi sínu 1 ár frá birtingu dóms þessa, og ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Magnússon, greiði 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu 1 ár frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki þessu ákvæði dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 81/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn
Sveini Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sveinn Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. maí 1962.

Ár 1962, þriðjudaginn 8. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2136/1962: Ákæruvaldið gegn Sveini Jónssyni, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 17. ágúst 1961, höfðað gegn ákærða Sveini Jónssyni kaupmanni, Rauðarárstíg 38, Reykjavík, fyrir að hafa að kveldi sunnudagsins 7. maí 1961 undir áhrifum

áfengis ekið bifreiðinni R 1817 frá Keflavík Civilian Open Mess á Keflavíkurflugvelli áleiðis til Reykjavíkur, ekið þar viðstöðulaust af Vesturlandi yfir á Vesturbraut án þess að nema staðar við stöðvunarskyldumerki, sem þar er á gatnamótunum, unz hann var stöðvaður þar skammt frá.

Telst þetta varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 3. júní 1918 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1937 4/11 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1940 6/6 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
1940 14/8 Rvík. Áminning fyrir rangstæði bifreiðar á götu.
— 15/11 Rvík. Áminning fyrir að sinna ekki umferðarmerki lögreglunnar.
1942 2/11 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
1943 21/4 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
1945 14/3 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án afturljóss.
— 14/11 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
1948 12/5 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1958 13/8 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1959 30/4 Rvík. Sátt, 1000 kr. sekt fyrir brot á 39. gr. tolllaga.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 7. maí 1961, kl. tæplega 19.00, kvaðst Guðmundur Elentínus Sigurður Árni Sigurðsson lögreglumaður hafa orðið þess var, að bifreiðinni R 1817 hefði verið ekið viðstöðulaust af Vesturlandi yfir á Vesturbraut á Keflavíkurflugvelli, án þess að nema staðar við stöðvunarskyldumerki, sem þar væri á gatnamótunum. Stöðvaði lögreglumaðurinn bifreiðina og lagði fyrir ökumann, ákærða í máli þessu, að fylgja sér að aðalhliði vallarins. Hefur lögreglumaðurinn fyrir dómi borið, að er hann fór að tala við ákærða við aðalhliðið, hefði hann veitt athygli daufri áfengislykt frá vitum hans og auk þess hefðu augu hans verið blóðhlaupin. Var ákærði þá látinn blása í áfengisskynjara, er

sýnt hafði annað stig. Loks tók Jón Jóhannsson læknir blóðsýnishorn úr ákærða kl. 19.20. Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens reyndust vera í blóðinu „reducerandi" efni, er samsvara 0.91‰ af alkóhóli. Vottorð þetta er dagsett 9. maí 1961.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma frá Borgaraklúbbnum (Civilian Open Mess) á leið til Reykjavíkur, er lögreglumaðurinn stöðvaði hann. Ákærði sagði þann áburð lögreglumannsins rangan, að hann hefði ekki sinnt stöðvunarskyldu á mótum Vesturlands og Vesturbrautar. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, enda einskis áfengis neytt þá um daginn. Hann hefði borðað kvöldverð í nefndum klúbb ásamt konu sinni og hjónum, er með þeim voru í bifreiðinni, en ekki drukkið þar áfenga drykki. Hjónin báru fyrir dómi, að þau hefðu drukkið áfengi með matnum, en ekki kváðust þau hafa séð ákærða neyta áfengis þar á staðnum.

Eftir að ákærða var kynnt niðurstaða alkóhólrannsóknar, kvaðst hann ekki geta gefið aðra skýringu á henni en þá, að hann hefði neytt áfengis í töluverðum mæli kvöldið fyrir töku sína og fram til klukkan 01.00—02.00 eftir miðnætti.

Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að nýrnabólga, sem ákærði hafði árið 1959, gæti haft áhrif á alkóhólrannsókn þá, sem gerð var í maímánuði 1961. Leitað var álits borgarlæknis um atriði þetta, sem taldi ólíklegt, að um nokkur áhrif á niðurstöðu rannsóknarinnar gæti hafa verið að ræða.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður ekki talið sannað, að hann hafi brotið gegn stöðvunarskyldu á gatnamótum Vesturlands og Vesturbrautar, og ber því að sýkna hann af þessum lið ákæruskjals.

Hins vegar verður dómurinn að telja nægilega sannað samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem studd er vætti lögreglumannsins Guðmundar Elentínusar Sigurðar Árna Sigurðssonar og jákvæðri úrlausn öndunarsýnishorns, sem og hliðsjón af reikulum framburði ákærða sjálfs um áfengisneyzlu, að hann hafi í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ekki getað stjórnað ökutæki örugglega umrætt sinn. Þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Jónsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 1.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 4/1961. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
Jóni Haukdal Þorgeirssyni
(Sigurður Baldursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og ýmis önnur gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við önnur gögn málsins og rannsókn á blóði, sem tekið var úr honum og ekki þykir ástæða til að vefengja, er sannað, að hann hafi um kl. 11.30 þriðjudaginn 12. júlí 1960 ekið bifreið með áfengisáhrifum, sem svöruðu til, að í blóði hans voru reducerandi efni, er samsvara 1.38‰ af alkóhóli.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið, þykir samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaganna hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Þá ber og samkvæmt 45. gr. áfengislaganna og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaganna að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár alls.

Þá ber ákærða og að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Haukdal Þorgeirsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Dagfinnssonar og Sigurðar Baldurssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 24. september 1960.

Mál þetta, sem er þingfest 17. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Haukdal Þorgeirssyni vélstjóra, Höfðakaupstað, fyrir brot, er þykir varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Jón Haukdal Þorgeirsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Þingeyri 14/8 1923.

Hann hefur sætt ákærum og refsingu sem hér segir:
1943 16/9 Hafnarfirði. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á bifreiðal.

1946 11/3 Hafnarf. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 11. júlí 1960 var haldinn dansleikur í Höfðakaupstað, en ákærði var þar ekki, heldur heima hjá sér, en kona hans var á skemmtuninni. Klukkan um fjögur um nóttina, er konan var komin heim og þau hjónin nýháttuð og sofnuð, komu gestir heim til þeirra, er svo sátu að sumbli fram að hádegi daginn eftir. Um kl. 11.30 ók ákærði manni niður á bryggju. Heldur ákærði því fram, að þá hafi hann aðeins verið búinn að smakka áfengi. Kom lögreglumaður að honum í bifreiðinni og fann af honum vínlykt. Ákærði fór svo með lögreglubjóninum til læknis, er tók af honum blóðprufu, sem við rannsókn í rannsóknarstofu Jóns Steffensens reyndist hafa inni að halda reducerandi efni, er samsvöruðu 1.38‰ af alkóhóli, og telst ákærði því hafa verið óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ákærði hefur ekki óskað að fá sér skipaðan verjanda í málinu.

Þar sem ákærði var staðinn að því að aka bifreið undir áhrifum áfengis og áfengismagnið í blóði hans reyndist vera svo mikið, sem að framan greinir, hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði umferðarlaga og áfengislaga, sem tilfærð eru hér að framan úr ákæruskjali dómsmálaráðherra. Ber því að dæma ákærða til greiðslu sektar, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin kr. 800.00 með hliðsjón af mjög erfiðum fjárhag ákærða, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Jafnframt sé hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá og með 12. júlí þ. á. að telja. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Haukdal Þorgeirsson vélstjóri, Höfðakaupstað, sæti 800 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Jafnframt er hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá og með 12. júlí þ. á. að telja.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 108/1961. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
Gilbert de Lapole Casson
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ólöglegar veiðar togara í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms framkvæmt athugun á staðarákvörðunum í máli þessu og markað þær á sjóuppdrátt.

Reyndist staður gæzluflugvélarinnar Ránar yfir togaranum hinn 10. apríl 1961, kl. 19.51 um 10.3 sm og kl. 20.05 um 9.8 sm innan fiskveiðimarka.

Ákærði var á þessum tíma að veiðum, eins og í héraðsdómi greinir, og hefur hann því samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 3. gr. laga nr. 44/1948 gerzt sekur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að 1951.09 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum, hæfilega ákveðin kr. 260.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gilbert de Lapole Casson, greiði kr. 260.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8

mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gísla G. Ísleifssonar, kr. 9000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. apríl 1961.

Ár 1961, föstudaginn 14. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1939/1961: Ákæruvaldið gegn Gilbert de Lapole Casson, sem tekið var til dóms sama dag. Ákærði er Gilbert de Lapole Casson, skipstjóri á togaranum Kingston Andalusite, H 41, frá Hull, til heimilis í Gilbert Road 127 í Hull, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3, 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44, 5. apríl 1948 og lög nr. 33, 19. júní 1922, sbr. ennfremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6, 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara á Selvogsgrunni að kvöldi mánudagsins 10. apríl 1961 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961 og innan svæðis þess milli sex og tólf mílna fiskveiðilögsögu, sem um ræðir í 3. gr. VI. í auglýsingu nr. 4, 11. marz 1961, sbr. 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961. Ákærist nefndur skipstjóri til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948, og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5, 1920 og 1. gr. laga nr. 5, 1951, um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra togarans og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hull 28. apríl 1915. Eigi hefur hann fyrr, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Málavextir eru þeir, sem nú verða raktir.

Mánudaginn 10. þ. m. var landhelgisgæzluflugvélin TF RÁN á gæzluflugi við suðvesturland. Í henni var til gæzlustarfsins Lárus Sigurvin Þorsteinsson, skipstjóri Landhelgisgæzlunnar, og er skýrsla hans um málavexti svo sem nú verður rakið:

Kl. 19.50 kom flugvélin úr austurátt að nokkrum togurum á veiðum á Selvogsgrunni, sem virtust vera grunsamlega nærri landi.

Kl. 19.51 var gerð staðarákvörðun yfir togaranum Kingston Andalusite, H 41, sem var að taka inn stjórnborðsvörpu. Voru hlerar í gálganum, en varpan að koma upp við síðuna, og virtist vera fiskur í henni.

Staðarákvörðunin var þannig:

Ströndin við Selvogsvita miðast r/v 005°,
fjarlægð 20 sjómílur.

Gefur mælingin stað togarans um 10 sjómílur innan við fiskveiðitakmörkin, en það eru um 4 sjómílur innan við leyft fiskveiðisvæði brezkra togara á þessum slóðum.

Kl. 20.05 var gerð önnur mæling á stað togarans:

Ströndin við Selvogsvita miðast r/v 011°,
fjarlægð 20 sjómílur.

Gefur mælingin stað togarans um 9.8 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin, eða um 3.8 sjómílur innan við leyft fiskveiðisvæði brezkra togara á þessum slóðum. Var togarinn þá að enda við að innbyrða vörpuna.

Um kl. 20.10 setti togarinn á ferð og hélt suðlæga stefnu.

Kl. 20.14 var skotið merkjaskoti að togaranum og skömmu síðar öðru merkjaskoti og gefið stöðvunarmerki á ljósmorsi. Einnig var skotið fleiri skotum frá flugvélinni og reynt að ná sambandi við togarann með ljósmorsi og talstöð. Svaraði hann skömmu síðar, og var hann þá beðinn að bíða á bylgjunni eftir skeyti frá flugvélinni.

Kl. 20.30 var ákærða, skipstjóra togarans, sent skeyti á þessa leið: Þér hafið verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna og þér eruð beðinn að stöðva skipið strax og bíða frekari fyrirmæla.

Um kl. 20.40 kom svarskeyti frá togaranum á þessa leið: „We were not fishing inside the limit. The net was torn and we were steaming towards the edge when you came to us."

Við ósk um endurtekningu kom þessi orðsending frá togaranum: We were not fishing inside the limit, the trawl was torn

and we were mending it as we were steaming along and you came to us."

Kl. 20.42 var skeyti frá TF RÁN til togarans endurtekið.

Um kl. 20.45 nam togarinn staðar.

Kl. 21.15 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á togaranum:
Ströndin við Selvogsvita miðast r/v 010°,
fjarlægð 25 sjómílur.

Gefur það stað togarans um 5 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin, en á undanþágusvæði brezkra togara á þessum tíma árs.

Skömmu síðar setti togarinn á hæga ferð og hélt ASA-læga stefnu. Var flogið yfir togaranum til kl. 22.10, að varðskipið Ægir var komið á vettvang og hafði lýst upp togarann og náð sambandi við hann.

Kl. 22.15 yfirgaf flugvélin skipin og hélt til Reykjavíkur.

Staðarákvarðanirnar á ratsjá flugvélarinnar gerðu skipstjórinn, Lárus Sigurvin Þorsteinsson, og loftskeytamaðurinn, Garðar Ingi Jónsson. Stefnurnar tóku Helgi Hallvarðsson stýrimaður og Ásgeir Þorleifsson flugmaður. Veðri var þannig farið, að 8 vindstig voru á austan, skýjað, skyggni um 5 sjómílur.

Þessa skýrslu skipstjórans hafa stýrimaðurinn, loftskeytamaðurinn og flugmaðurinn allir staðfest að sínu leyti. Þeir hafa skýrt frá því, að þeir hafi unnið að mælingunum, sem hafi verið gerðar á því andartaki, þegar flugmaðurinn gaf merki um, að flugvélin væri uppi yfir togaranum, og séu allar mælingarnar rétt greindar í skýrslu skipstjórans. Þeir skipstjóri og loftskeytamaður eru öruggir um, að það hafi verið ströndin við Selvogsvita, sem kom fram í ratsjánni. Hún hafi komið skýrt fram.

Flugstjórinn, Guðjón Benedikt Jónsson, hefur staðfest, að hann hafi skotið merkjaskotunum, stýrimaðurinn gaf togaranum stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi og loftskeytamaðurinn annaðist talstöðvarviðskiptin við togarann, sem greind eru í skýrslu skipstjórans.

Á þessum tíma var varðskipið Ægir að gæzlu á Selvogsbanka. Er skýrsla skipherrans, Jóns Jónssonar, um málavexti á þessa leið:

Kl. 20.26 var sett stefna að togurum, sem gæzluflugvélin TF RÁN tilkynnti, að væru að ólöglegum veiðum suður af Selvogsvita.

Kl. 21.30 sást flugvélin, þar sem hún skaut ljósmerkjum yfir

togara. Sveimaði hún stöðugt yfir og skaut ljósmerkjum, unz varðskipið kom á vettvang.

Kl. 21.51 var sett upp stöðvunarmerki „K" með merkjaflöggum og enn fremur gefið stöðvunarmerki með ljósmorsi.

Kl. 22.00 var stöðvað við bakborðshlið togarans Kingston Andalusite, H 41, sem flugvélin hafði þá sveimað yfir allt frá því, að hún hafði talið sig standa hann að ólöglegum veiðum.

Kl. 22.03 var staður skipanna r/v 198° frá Selvogsvita, fjarlægð 27.00 sjómílur.

Kl. 22.13 sáust stjórnborðshlerar á síðu togarans og menn við aðgerð á fiski á þilfari.

Þegar ákærða hafði verið skipað að fylgjast með varðskipinu til hafnar, bað hann um frest til að sjóbúa togarann, og var það veitt. Í sama mund tilkynnti ákærði, að vél togarans væri biluð og hann þyrfti að bíða eftir komu H.M.S. Crossbow eftir varahlutum. Eftir atvikum var talið rétt að bíða komu herskipsins, en vegna sjógangs var ókleift að senda menn yfir í togarann.

Kl. 04.00 kom herskipið á vettvang, og biðu nú öll skipin á svipuðum slóðum fram á dag.

Ákærði leitaði fyrirmæla herskipsins um, hvað gera skyldi, en fékk það svar, að það gæti engin fyrirmæli gefið honum og yrði hann sjálfur að bera ábyrgð á ákvörðunum sínum.

Kl. 13.26 setti togarinn á fulla ferð austur og varðskipið sömuleiðis á eftir honum til að sjá um, að hann hlýddi fyrirmælum þess.

Kl. 13.30 var á varðskipinu sett upp stoppflagg „K".

Kl. 13.33—13.35 var skotið þremur púðurskotum að togaranum og kl. 13.36 gefið stöðvunarmerki með skipsflautunni.

Kl. 13.40 nam togarinn staðar við hlið varðskipsins, og kl. 13.47 samþykkti togaraskipstjórinn að fylgjast með varðskipinu til Reykjavíkur.

Var síðan siglt þangað, og komu skipin til hafnar kl. 22.00.

Þessa skýrslu skipherrans hafa I. og II. stýrimaður varðskipsins staðfest að sínu leyti. Voru þeir báðir við störf á því tímabili, sem skýrslan tekur til, og báðir voru þeir við mælinguna kl. 22.03. Öll hafa framangreind vitni staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði hefur lýst því yfir, að skýrsla skipherrans á Ægi, sem að framan er rakin, sé að öllu leyti rétt varðandi sig, og tekið jafnframt fram, að hann (ákærði) hafi gripið til þeirra

ósanninda gagnvart varðskipinu að segja vél togarans bilaða, til þess að fá frest til að bíða komu herskipsins. Viðurkennir hann tilraun sína til að sigla burt frá varðskipinu, en kveðst hafa hætt við það tiltæki eftir ráðleggingum frá herskipinu.

Ákærði viðurkennir að hafa verið á botnvörpuveiðum, þegar gæzluflugvélin kom yfir togarann. Byrjaði hann að hífa inn vörpuna eftir tog kl. 19.30 og hafði lokið því um kl. 20.10. Segir hann ástand togarans, að veiðarfærum til, rétt lýst í skýrslu skipstjórans í flugvélinni. Hins vegar mótmælir ákærði staðarákvörðunum gæzluflugvélarinnar og heldur því fram, að hann hafi verið að veiðum á undanþágusvæðinu, utan 6 sjómílna markanna frá grunnlínu. Þetta byggir hann á því, að kl. 19.20 hafi hann og loftskeytamaður togarans, David Redshaw, gert staðarákvörðun með ratsjá togarans, sem sýndi, að ströndin við Selvogsvita var í 26.5 sjómílna fjarlægð frá togaranum í stefnunni NNA. Við mælingu þessa las ákærði af áttavitanum á stjórnpalli, en loftskeytamaðurinn af ratsjánni í kortaklefanum. Skiptu þeir síðan um þannig, að ákærði athugaði ratsjána, en loftskeytamaðurinn áttavitann. Þegar mælingin var gerð, var verið að toga í vestlæga stefnu. Kl. 19.30 var farið að hífa inn vörpuna, og var því lokið um kl. 20.10, eins og áður segir. Síðan setti ákærði á ferð og stefndi SW. Varð síðan að breyta um stefnu vegna annarra skipa og siglt þannig í mesta lagi stundarfjórðung. Þá nam hann staðar til að láta gera við veiðarfærin. Vegna ágjafar reyndist eigi unnt að vinna það verk á þilfari. Sneri ákærði þá upp í vindinn og andæfði, meðan hann beið fyrirmæla frá flugvélinni. Kl. 22.00 kom svo varðskipið að togaranum. Ákærði viðurkennir, að hafa sent flugvélinni þau skeyti, sem skýrt er frá hér að framan. Hann skýrir frá því, að rétt eftir að hann gerði framangreinda staðarákvörðun, hafi enskur togari siglt nálægt sér, og hafi loftskeytasamband verið haft við hann. Staðfestu menn á þeim togara, að staður ákærða væri rétt fundinn.

Loftskeytamaður togarans hefur staðfest frásögn ákærða um staðarákvörðunina kl. 19.20 og unnið eið að.

Þar sem ákæran er byggð á ratsjármælingum gæzluflugvélarinnar kvaddi dómurinn þrjá kunnáttumenn, þá Ríkharð Sigmundsson rafvirkjameistara, Ólaf Jónsson útvarpsvirkjameistara og Ingólf Þórðarson siglingafræðing til að athuga ratsjá flugvélarinnar, einkum fjarlægðarmælihæfni hennar, og ennfremur var þeim falið að athuga í sama skyni ratsjá togarans. Í vottorði

þeirra, sem þeir hafa staðfest með eiði, segir, að báðar ratsjárnar hafi verið í góðu lagi. Í vottorðinu segir, að fjarlægðarmælihæfni og miðunarhæfni ratsjár flugvélarinnar séu mjög góðar. Hafi Selvogsviti sést í ratsjá flugvélarinnar í 25 sjómílna fjarlægð og skip sést greinilega í sömu fjarlægð. Segir síðan „Samkvæmt þessum athugunum virtist okkur mjög auðvelt að ákveða fjarlægð skipa á þessum stað frá landi með því að fljúga yfir þau og mæla fjarlægðina til lands."

Dómurinn kvaddi þá siglingafræðingana Ingólf Þórðarson og Jónas Sigurðsson stýrimannaskólakennara til að finna, á hve löngu færi unnt sé á togaranum að sjá frá hafi ströndina við Selvogsvita í ratsjá togarans, en upplýst var um hæð „radarscanners" togarans frá sjávarmáli.

Er eiðfest álitsgerð þeirra svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni sakadómara höfum við undirritaðir reiknað út, hve langt ströndin við Selvogsvita ætti að sjást í radar, miðað við scanner-hæð togarans Kingston Andalusite, H 41, sem um ræðir í dómskjali 6.

Höfum við stuðzt við Islands Kortlægning og því reiknað með hæð strandarinnar 4 m, en það er hún gefin við þríhyrningavörðu, sem reist hefur verið skammt frá vitanum.

Samkvæmt því reyndist ströndin geta sést í radar, með 10 m scanner-hæð og við eðlilegt ásigkomulag loftsins, allt að 11.5 sjómílur."

Samkvæmt þessu hefur það eigi verið ströndin við Selvogsvita, sem ákærði sá mynd af í ratsjá togarans við mælinguna kl. 19.20, heldur einhver annar hærri staður. Óvíst er, hvaða staður það hefur verið, og kippir þetta stoðum undan gildi þessarar staðarákvörðunar ákærða.

Með framangreindum mælingum gæzluflugvélarinnar telur dómurinn sannað gegn staðhæfingum ákærða, að ákærði hafi í umrætt skipti verið á þeim stöðum, sem mælingarnar sýndu, og að botnvörpuveiðum var hann, svo sem hann hefur viðurkennt. Eru þessir staðir á því svæði fiskveiðilandhelginnar, sem um ræðir í ákæru, samkvæmt framansögðu.

Varðar þessi verknaður við 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. ennfremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5, 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959, um breytingu á þeim lögum. Ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1.

gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 5/1920, (áður 3. gr., sbr. lög nr. 6, 1959) og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum. Samkvæmt þessum refsiákvæðum, með tilliti til stærðar togarans, 684.4 brúttó rúmlestir, og með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 230.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Kingston Andalusite, H 41, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Gísla G. Ísleifssonar, kr. 3000.00.

Dóm þennan kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónsson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Gilbert De Lapole Casson, greiði 230.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Kingston Andalusite, H 41, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Gísla G. Ísleifssonar, kr. 3000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 29/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn
George Francis Pearson
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ólöglegar togveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. skýrsla Friðriks V. Ólafssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, um athugun hans á staðarákvörðunum í máli þessu og mörkun þeirra á sjóuppdrátt. Eins og vikið er að í héraðsdómi, voru hinn 8. ágúst 1961 dómkvaddir þeir Ólafur Jónsson útvarpsvirkjameistari, Jónas Sigurðsson siglingafræðingur og Gústaf Arnar rafmagnsverkfræðingur „til að skoða ratsjá flugvélarinnar Ránar og láta dóminum í té vottorð um þá skoðun og ástand ratsjárinnar, einkum að því er varðar nákvæmni 10 og 4 sjómílna mælikvarða“ hennar. Hinir dómkvöddu menn framkvæmdu samdægurs athugun þessa. Ratsjáin sýndi fjarlægðir lítið eitt minni en þær eru samkvæmt uppdrætti. Segir svo í skýrslu skólastjóra Stýrimannaskólans: „Við mörkun staðarákvarðana gæzluflugvélarinnar Ránar hef ég tekið tillit til mismunar milli mældra fjarlægða með ratsjá og fjarlægða í korti, sem fram kom við prófun dómkvaddra manna á tækjunum hinn 8. ágúst 1961. Mismunur þessi er ákærða í vil og reyndist vera 0.104 við notkun 4 sjómílna kvarðans og 0.39 og 0.27 eða að meðaltali 0.33 við notkun 10 mílna kvarða ratsjárinnar“. Samkvæmt þessu reyndust staðir gæzluflugvélarinnar yfir togaranum hinn 5. ágúst 1961, kl. 00.08 og 00.11, báðir um 7.3 sm innan fiskveiðimarka. Ákærði var að veiðum á þessum tíma, og hefur hann því samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 3. gr. laga nr. 44/1948 gerzt sekur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 og 1. gr. laga nr.

5/1951. Með þessum athugasemdum og þar sem gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 9000.00, og málflutningslaun verjanda, kr. 9000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, George Francis Pearson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9000.00, og laun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 9. ágúst 1961.

Árið 1961, miðvikudaginn 9. ágúst, kl. 01.30, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var á bæjarfógetaskrifstofunni af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt meðdómendunum Þorgeiri Jónssyni og Guðlaugi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn George Francis Pearson, sem dómtekið var í gær.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í gær, höfðað gegn George Francis Pearson, skipstjóra á brezka togaranum Southella, H 303, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3, 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44, 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. ennfremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6, 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1961 út af Álftanesi við Loðmundarfjörð, innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961 innan við svæði það milli sex og tólf mílna fiskveiðilögsögu, sem um ræðir í 3. gr. III. í aug-

lýsingu nr. 4, 11. marz 1961, sbr. 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961. Ákærist hann til að sæta hegningu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 og breytingu á þeim lögum, sbr. ennfremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur í Hull 11. febrúar 1915. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Garðars Pálssonar skipstjóra var gæzluflugvélin Rán á eftirlitsflugi við Austurland aðfaranótt laugardags 5. þ. m.

Kl. 00.01 var flugvélin stödd út af Dalatanga, og sáust þá nokkrir togarar grunsamlega nálægt landi. Kl. 00.08 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togara, sem síðar reyndist vera Southella, H 303.

Álftanes miðast í réttvísandi 270°, fjarlægð (radar) 6.3 sjóm.

Flughæð 650 fet, hraði 100 sjómílur.

Athugunin gerð með 10 sjómílna mælikvarða.

Þetta gefur stað togarans um 1.6 sjómílur innan 6 mílna markanna.

Kl. 00.11 var gerð önnur staðarákvörðun yfir togaranum.

Álftanes miðast í réttvísandi 272°, fjarlægð (radar) 6.5 sjóm.

Flughæð 700 fet, hraði 95 sjómílur.

Athugunin gerð með 4 sjómílna mælikvarða með færanlegum miðpunkti.

Þetta gefur stað togarans um 1.4 sjómílur innan 6 mílna markanna. Tilraunir að sjá nafn og númer togarans báru ekki árangur, vegna þess hve skuggsýnt var. Meðan á þessu stóð, var haft samband við varðskipið Þór, sem var grunnt út af Gerpi og hann beðinn að koma á staðinn. Síðan var hringsólað yfir togaranum. Kl. 00.19 beygði togarinn út frá landi.

Kl. 00.26 og 00.28 var reynt að fá togarann til að nema staðar með því að skjóta að honum ljóskúlum, en hann sinnti því ekki. Gæzluflugvélin hringsólaði síðan yfir togaranum, meðan hann sigldi til hafs, jafnframt því sem haft var stöðugt samband við varðskipið Þór og honum leiðbeint að togaranum.

Kl. 02.33 yfirgaf gæzluflugvélin Rán togarann. Hann hafði þá stöðvað ferð sína, varðskipið Þór var komið að honum, og var komið í talsamband við hann.

Skipstjórinn á gæzluflugvélinni Rán, Garðar Pálsson, hefur staðfest skýrslu sína hér fyrir dómi. Áhöfn flugvélarinnar hefur einnig staðfest ofangreint atriði úr skýrslunni.

Samkvæmt skýrslu Jóns Jónssonar, skipherra á varðskipinu Þór, lét varðskipið reka út af Gerpi aðfaranótt laugardags 5. þ. m. Kl. 00.10 bárust varðskipinu tilmæli frá gæzluflugvélinni Rán að taka togarann, sem hún taldi sig hafa staðið að ólöglegum veiðum út af Álftanesi. Var þegar sett á fulla ferð og haldið í átt til togarans.

Kl. 01.41 sást togari fram undan, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Dalatangi, fjarlægð 9.9 sjómílur.

Álftanes, fjarlægð 9.7 sjómílur.

Togarinn r/v 050 gr., fjarlægð 3.0 sjómílur.

Þá sett upp stoppsignal (K).

Kl. 01.51 flaug TF Rán lágt yfir togarann og gaf ljósmerki, sem sáust mjög greinilega. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Stóranes r/v 291°, fjarlægð 12.0 sjómílur.

Togarinn 065°, fjarlægð 2.3 sjómílur.

Kl. 01.58 var gefið stöðvunarmerki með ljósum. Stöðvunarmerkin voru stöðugt endurtekin.

Kl. 02.05 var skotið lausu skoti.

Kl. 02.11 sent stöðvunarmerki (ljósmorsi).

Kl. 02.19 skotið lausu skoti.

Kl. 02.24 skotið lausu skoti. Samtímis var komið að togaranum H 303, Southella.

Kl. 02.28 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við togarann, sem hafði stöðvað ferð sína:

Dalatangi r/v 252°, fjarlægð 19.0 sjómílur.

Dýpi 230 metrar.

Þegar togarinn hafði stöðvað, var haft loftskeytasamband við hann. Skipstjórinn neitaði að taka við löggæzlumönnum um borð í skip sitt, þar sem hann kvaðst vera utan íslenzkrar lögsögu. Honum var bent á, að varðskipið teldi sig samkvæmt alþjóðavenjum um stöðuga eftirför út úr landhelgi hafa heimild til handtöku. Skipstjóri togarans óskaði aðgerðum frestað, unz brezka freigátan H.M.S. Duncan kæmi á vettvang, og var það samþykkt.

Kl.02.55 fór togarinn að taka inn toghlera stjórnborðs megin,

en þeir voru hangandi í gálgum. Hluti af fótreipi og forvæng voru einnig utanborðs.

Frá því að varðskipsmenn komu auga á togarann, sást, að flugvélin var stöðugt yfir honum. Eftir að hann hafði tekið inn vörpuna, setti hann á fulla ferð og gaf þá TF Rán stöðugar tilkynningar um stefnu og hraða hans til að flýta eftirförinni. Samband var stöðugt haft við flugvélina með VHF. loftskeytatækjum.

Kl. 08.32 kom freigátan H.M.S. Duncan á vettvang, og kom navigations-officeri herskipsins um borð í v/s Þór og kynnti sér málavexti. Ekki kvað hann sig geta skipað togaranum að fylgja varðskipinu til hafnar.

Skipherrann á H.M.S. Duncan óskaði eftir, að beðið yrði frekari aðgerðar, unz togarinn hefði fengið fyrirmæli frá útgerðarfélagi sínu.

Kl. 11.55 var H.M.S. Duncan sent skeyti frá varðskipinu, þar sem tilkynnt var, að lengur yrði ekki beðið. Að afloknum nokkrum orðaskiptum var gerð aðför að togaranum, sem hafði sett á fulla ferð til hafs. Var þá haft talsamband við togaraskipstjórann með loftskeytastöð varðskipsins og honum settir úrslitakostir um að nema strax staðar og halda uppgefna stefnu til Seyðisfjarðar. Hann sinnti því ekki og hélt áfram til hafs.

Kl. 12.54 var dregið upp stöðvunarmerki (OL).

Kl. 12.57 var skotið lausu skoti.

Kl. 12.59 var skotið lausu skoti.

Kl. 13.00 var skotið lausu skoti.

Kl. 13.02 var skotið kúluskoti fyrir framan togarann.

Kl. 13.03 var skotið kúluskoti fyrir framan togarann.

Kl. 13.05 tilkynnti skipstjóri togarans, að hann mundi fara að fyrirskipun varðskipsins um að halda til hafnar. Sneri hann síðan við og hélt til Seyðisfjarðar.

Skipherrann á varðskipinu Þór, Jón Jónsson, hefur ásamt Jónasi Guðmundssyni, 1. stýrimanni varðskipsins, staðfest framanritað hér fyrir dómi.

Ákærði viðurkennir að hafa verið að botnvörpuveiðum, þegar gæzluflugvélina Rán bar að, en neitar því að hafa verið að veiðum innan við svæði milli 6 og 12 mílna frá grunnlínu fiskveiðilandhelgi, sem honum var leyfilegt að veiða á. Hann telur sig ýmist ekki hafa séð eða skilið ljósmerki gæzluflugvélarinnar, sem gefin voru til að stöðva skip hans. En að öðru leyti kemur fram-

burður hans heim við framburð starfsmanna landhelgisgæzlunnar, nema að því er snertir staðarákvarðanir. Hann kveður staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar Ránar rangar og kveður staðarákvarðanir þær, sem hann sjálfur gerði ásamt loftskeytamanni sínum og bátsmanni sýna, að hann hafi ekki verið að veiðum á bannsvæði umrætt skipti. Hefur ákærði og einnig verjandi hans látið í ljós þá skoðun, að miðanir gæzluflugvélarinnar kunni að hafa verið á annan togara en þann, sem eltur var uppi, þ. e. skip ákærða.

Af vitnisburði áhafnar gæzluflugvélarinnar má ráða, að togari ákærða var ekki svo nálægt öðrum skipum, að veruleg hætta gæti verið á því, að honum væri ruglað saman við þau. Eitt skip var að vísu allnálægt honum. En vitnum af gæzluflugvélinni kemur saman um, að togara ákærða hafi að staðaldri verið gefið auga úr flugvélinni, frá því að fyrsta staðarákvörðun var gerð á honum, þar til varðskipið Þór fór að fylgjast með honum. Verður því að telja sannað, að það hafi verið togari ákærða, sem gæzluflugvélin fylgdi stöðugt eftir frá því um miðnætti umrædda nótt.

Verjandi ákærða hefur bent á það, að staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar fái ekki staðizt, og bendir í því sambandi á, að togarinn hafi togað í norðlæga stefnu, en hin síðari af tveim staðarákvörðunum flugvélarinnar þó sýnt hann á suðlægari stað en hin fyrri. Hér verður að hafa í huga, að staðarákvörðun skips úr flugvél við þær aðstæður, sem hér voru fyrir hendi, með áttavita og radar, verður ekki 100% nákvæm. Aðeins 3 mínútur liðu milli staðarákvarðana flugvélarinnar, og bilið milli þeirra tveggja staða, sem þær sýna, skiptir ekki mörgum hundruðum metra. Jafnframt er augljóst, að togarinn hreyfðist mjög hægt með vörpu aftan í sér. Verður því ekki sagt, að umræddar mælingar sýni meiri ónákvæmni en fyrirfram verður að gera ráð fyrir. Hins vegar sýna mælingarnar togarann það langt innan 6 mílna línu, þ. e. um 1½ sjómílu, að hugsanleg skekkja mælinga getur ekki verið svo mikil.

Verjandi ákærða hefur haldið því fram, að vinnuaðferðir starfsmanna landhelgisgæzlunnar hafi verið með þeim hætti, að þær tryggi ekki fulla sönnun staðarákvörðunar. Próf málsins virðist hins vegar sýna, að hver einstakur þáttur mælinganna sé vottfestur af a.m.k. tveim mönnum. Verður því að telja, að vitnisburður löggæzlumanna þessara veiti nægilega trygga sönnun fyrir því að niðurstöður staðarákvarðana séu réttar.

Undir rannsókn málsins voru dómkvaddir í Reykjavík 3 kunnáttumenn, til að athuga radar gæzluflugvélarinnar, og reyndist hann í fullkomnu lagi. Sérstaklega var athuguð nákvæmni 10 og 4 sjómílna mælikvarða hans.

Með mælingum landhelgisgæzlumanna í gæzluflugvélinni Rán telur dómurinn sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi í umrætt skipti verið á þeim stað, sem mælingar gæzlumanna sýndu og á þeim tíma, sem hann sjálfur hefur viðurkennt að hafa verið að botnvörpuveiðum. Krafa verjanda hans um sýknu og málskostnað úr ríkissjóði verður því ekki tekin til greina.

Verknaður ákærða varðar við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt því hefur ákærði gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af stærð togarans, 536.08 brúttórúmlestir, og með tilliti til þess, að 1951 pappírskróna jafngilda nú 100 gullkrónum, hæfilega ákveðin kr. 260.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Southella, H 303, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, George Francis Pearson, greiði kr. 260.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Southella, H 303, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar, kr. 8.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 150/1961. **Árni Skúlason** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Gunnlaugi Þórðarsyni
og
Úlfari Þórðarsyni
(Gunnlaugur Þórðarson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Torfason.

Riftun á húsakaupum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1961 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Skúlason, greiði stefndu, Gunnlaugi Þórðarsyni og Úlfari Þórðarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1961.

Mál þetta, er dómtekið var 16. f. m., hafa Úlfar Þórðarson, Bárugötu 13, Reykjavík, og Gunnlaugur Þórðarson héraðsdómslögmaður í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. maí 1960, gegn Árna Skúlasyni, Hrannarstíg 3, Reykjavík.

Í stefnu gerðu stefnendur þessar dómkröfur á hendur stefnda:

„1. Að stefndi verði dæmdur til að þola, að kaupunum á risíbúð hússins Leifsgata 13 verði rift með dómi í máli þessu.

2. a. Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða 80.000.00 kr. ásamt forvöxtum og kostnaði, kr. 588.90, og víxilvöxtum frá 6. apríl 1960 til greiðsludags.

b. Afhenda aftur víxil, að upphæð kr. 135.000.00 pr. 1. okt.

c. Endurgreiða fasteignagjöld af risíbúð Leifsgötu 13 samkvæmt kvittun, kr. 767.95, ásamt vöxtum frá greiðsludegi.

d. Bætur fyrir fyrirhöfn mína í sambandi við undirbúning máls þessa, kr. 5.000.00.

e. Laun til arkitekts samkvæmt reikningi fyrir uppdrætti af húsinu Leifsgata 13.

Frá fyrrgreindum kröfum ber að draga kr. 4.000.00, sem er mánaðarleiga fyrir febrúar til maí af risi Leifsgötu 15.

Af ofangreindum kröfum, sjá lið 2. b, c, d og e, ber að greiða 10% ársvexti frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað af allri fjárhæðinni samkvæmt taxta L.M.F.Í.“

Við munnlegan málflutning lagði umboðsmaður stefnenda fram skriflega kröfugerð, og var hún þannig:

„Að stefndi, Árni Skúlason, verði dæmdur til að þola, að kaupunum á risíbúð hússins að Leifsgötu 13 verði rift og ennfremur að hann verði dæmdur til eftirfarandi athafna:

1. að endurgreiða kr. 80.000.00 ásamt forvöxtum og kostnaði, að fjárhæð kr. 588.90, og 11% ársvöxtum frá 6. apríl 1960 til 29. desember 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.
2. að skila aftur víxli, að fjárhæð kr. 135.000.00 með gjalddaga 1. okt. 1960.
3. að endurgreiða fasteignagjöld af risíbúð Leifsgötu 13, að fjárhæð kr. 767.95.
4. að greiða kr. 5.000.00 í bætur til umbjóðanda míns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, fyrir fyrirhöfn hans í sambandi við undirbúning máls þessa.
5. að greiða laun til arkitekts, að fjárhæð kr. 2.057.60, fyrir uppdrætti af húsinu Leifsgötu 13.
6. að greiða 10% ársvexti af kr. 767.95 frá 1. marz 1960 til 31. maí 1960 og af kr. 152.825.55 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.
7. að greiða málskostnað af allri upphæðinni samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Frá kröfum þessum ber að draga kr. 4.000.00, sem er mánaðarleiga fyrir mánuðina febrúar til maí af risi Leifsgötu 13, er umbjóðendur mínir hafa móttekið."

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði in solidum dæmt að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Auk þess mótmælti hann því við munnlegan málflutning, að kröfur þær, sem stefnendur gerðu þá, kæmust að í málinu, að svo miklu leyti, sem þær færu út fyrir kröfur í stefnu, og verður að fallast á þessi mótmæli hans.

Með bréfi, dagsettu 11. júní 1960, tilkynnti stefndi Hirti Jónssyni, Barmahlíð 56, um málssókn þessa, og skoraði á hann að veita sér stuðning í máli þessu, og áskildi sér jafnframt rétt til að krefja hann um skaðabætur, ef mál þetta tapaðist.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 31. janúar 1960, keyptu stefnendur af stefnda risíbúð húseignarinnar nr. 13 við Leifsgötu í Reykjavík.

Skilmálaákvæði kaupsamningsins voru þessi:

„I. Seljandi lofar að selja kaupendum risíbúð sína á Leifsgötu 13 ásamt byggingarrétti með sömu skilyrðum og heimildum og afsal, dags. 25. febr. 1952, tilgreinir. Kaupverð greiða kaupendur sem hér segir:

1. Með því að yfirtaka skuld, að eftirstöðvum kr. 13.500.00 við Söfnunarsjóð, tryggð með 1. veðrétti í eigninni.
2. Með tveimur víxlum, að upphæð kr. 80.000.00 pr. 15. marz 1960, og hinum, að upphæð kr. 136.500.00 pr. 1. okt. n.k. (1960). Víxilvextir greiðist eftir á lögum samkvæmt.

II. Seljandi skuldbindur sig til að afsala þeim, er kaupendur tilgreina síðar, risíbúð þá, er hér um ræðir, ásamt byggingarrétti og eigi síðar en 1. október n.k., enda gangi þá kaupsamningur þessi til baka.

III. Seljandi ábyrgist, að byggingarréttur sá, sem samningur þessi fjallar um, sé tryggur gagnvart öðrum eigendum Leifsgötu 13.

IV. Seljandi skuldbindur sig til að segja upp leigjendum þeim, sem nú eru í húsnæði því, sem hér um ræðir, miðað við 14. maí 1960.

V. Kaupendur skuldbinda sig til að láta eiganda II. hæðar Leifsgötu 13 í té jafnstórt geymslurými að rúmmetramáli og hann hefur nú í risi hússins.

VI. Kaupendur hafa arð af risíbúðinni frá og með 1. febr. 1960 og greiða skatta og skyldur frá sama tíma."

Stefnendur skýra svo frá, að kaup þessi hafi verið gerð til að byggja ofan á húsin nr. 13 og 15 við Leifsgötu. Strax og gengið hafði verið frá kaupsamningnum, var Gísla Halldórssyni arkitekt falið að gera uppdrætti af fyrirhugaðri hækkun og tekið var á leigu herbergi að Leifsgötu 19 til ráðstöfunar fyrir eigendur geymslu í risi Leifsgötu 13. Einnig var leigjendum risíbúðarinnar að Leifsgötu 15 sagt upp og svo voru fest kaup á byggingarefni. Þegar hefjast átti handa um byggingarframkvæmdirnar, var eigendum húseignarinnar nr. 13 við Leifsgötu sagt, hvað til stæði. Sendu þeir þá öðrum stefnanda þessa máls, Gunnlaugi Þórðarsyni, bréf, dags. 23. maí 1960, þar sem þeir tilkynntu honum, að þeir teldu óheimilt að hækka húsið án sérstaks samþykkis þeirra, og jafnframt, að ef framkvæmdir við hækkun hússins yrðu hafnar, þá yrði mál vegna þess borið undir dómstólana. Hinn 25. maí 1960 tilkynnti stefnandinn, Gunnlaugur Þórðarson, stefnda frá bréfi sameigenda sinna frá 23. maí 1960, og tjáði honum, að hann mundi rifta kaupunum. Var síðan mál þetta höfðað.

Stefnendur byggja kröfur sínar í máli þessu á því, að það hafi verið forsenda fyrir kaupum á risíbúðinni, að með henni fylgdi öruggur réttur til að byggja ofan á húsið, án þess að þeir þyrftu að leita eftir samþykki annarra eigenda þess, og að tryggt væri, að engin mótmæli kæmu fram frá öðrum eigendum hússins við því, að byggt yrði ofan á það. Þessari staðhæfingu sinni til stuðnings benda stefnendur á 3. tl. kaupsamningsins, en þar segir: „Seljandi ábyrgist, að byggingarréttur sá, sem samningur þessi fjallar um, sé tryggur gagnvart öðrum eigendum Leifsgötu 13." Stefnendur telja, að stefnda hafi verið ljóst, að það væri forsenda fyrir kaupunum frá hendi kaupenda, að hægt væri að hefja byggingarframkvæmdir ofan á húsið strax, og því hefði hann átt að tryggja samþykki þeirra, sem áttu húsið með honum. Þetta hafi hann ekki gert. Þvert á móti hafi hann þagað yfir því við kaupin, að eigandi efri hæðar húeignarinnar hefði þegar sagt stefnda, að hann mundi ekki hlíta því, að hróflað yrði við geymslu þeirri, sem hann átti í risinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að byggingarréttur sá, sem hann seldi stefnendum, sé í raun og veru tryggður, enda hafi vefenging byggingarréttarins af hálfu annarra eigenda hússins eigi við rök að styðjast. Bendir hann í því sambandi á, að

hann hafi beðið Gunnlaug Þórðarson að kynna sér í afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur, hvort byggingarrétturinn væri ekki öruggur, og telur stefndi, að Gunnlaugur hafi gert þetta, og þar sem hann sé löglærður, hefði hann átt að sjá, ef byggingarrétturinn væri ekki öruggur.

Stefnandi málsins Gunnlaugur Þórðarson kom fyrir dóm 27. september 1960. Hann skýrði svo frá, að fyrir áramótin 1959—1960 hafi farið fram viðræður milli sín og stefnda um kaup þau, sem hér er um að ræða. Hafi þær umræður ýmist farið fram í síma eða á vinnustað sínum í Arnarhvoli. Þann 31. janúar 1960 segir hann, að gengið hafi verið frá kaupsamningnum á dskj. 3. Annar liður kaupsamningsins var settur, þar sem ekki var ákveðið, hver yrði eigandi íbúðar þessarar. Hann segist hafa viljað tryggja, að hægt yrði að byrja byggingarframkvæmdir þegar í stað, og var ákvæðið undir tölulið 3 sett þess vegna. Hann segir, að ákvæði 5. töluliðar hafi verið sett, til að seljandi gæti samið við eigendur risgeymslunnar. Hann kveðst hafa ítrekað við stefnda, að hann yrði að ábyrgjast það, að hægt yrði að byrja byggingarframkvæmdir strax að loknum 14. maí og ganga frá því við sameigendur sína, að kaupendur þyrftu ekki að semja á neinn hátt við þá til þess að geta byggt ofan á húsið. Hann segist hafa farið einu sinni á skrifstofu borgarfógeta að skoða afsal varðandi risíbúðina.

Stefndi kom fyrir dóm 27. sept. 1960 og skýrði svo frá, að ekki hafi verið talað um það milli sín og stefnanda Gunnlaugs, að hann ætti að afla samþykkis sameigenda sinna að Leifsgötu 13 við fyrirhuguðum framkvæmdum stefnenda. Hann sagðist ekki hafa haft neinn grun um það, að til mótmæla kynni að koma af hálfu sameigenda sinna við hugsanlegum framkvæmdum stefnenda, en kveðst þó, til þess að vera alveg öruggur, hafa beðið stefnanda Gunnlaug oftar en einu sinni að fara til borgarfógeta og athuga, hvort ekki væri í lagi með byggingarréttinn. Stefndi kveðst vita, að stefnandi Gunnlaugur hafi framkvæmt þessa athugun. Stefndi kveðst ekki hafa vitað, hvað stefnendur ætluðu að byggja hátt ofan á húseignina. Hann segir, að vel geti verið, að stefnandi Gunnlaugur hafi beðið sig um að hafa samband við Jóhannes Björnsson út af geymslunni í risinu, en ekki kveðst hann þó muna það. Hann segist hafa talað við Jóhannes um að fá risherbergi hans keypt, og jafnframt kveðst hann hafa sagt honum, að risgeymsla hans mundi færast upp í nýtt ris hússins, ef byggt yrði ofan á húsið.

Vitnið Jóhannes Björnsson, eigandi efri hæðar og geymsluherbergis í risi í húsinu Leifsgata 13, kom fyrir dóm 11. nóvember 1960. Vitnið skýrði svo frá, að því hafi verið kunnugt, að rishæðin ætti ein rétt til að byggja ofan á húsið. Vitnið kvaðst álíta, að ekki mætti hrófla við risherbergi sínu, þó byggt yrði ofan á húsið. Vitnið kveðst hafa sagt stefnanda Gunnlaugi, að ekki kæmi til mála, að hróflað yrði við geymslu sinni í risinu. Vitnið segir, að stefndi hafi hringt til sín og viljað kaupa risherbergi sitt, en vitnið kvaðst ekki hafa viljað selja herbergið. Jafnframt sagði stefndi vitninu í símtali þessu, að geymsla vitnisins yrði færð upp í nýtt ris hússins, þegar byggt yrði ofan á það. Vitnið kveðst ekki hafa fallizt á þetta. Seinna hringdi stefndi til vitnisins og bauð því risíbúðina til kaups, enda hafði vitnið farið fram á það við stefnda, að það yrði látið vita, ef íbúðin yrði seld.

Vitnið Hallgrímur Jónas Dalberg var vitundarvottur að kaupsamningnum á dskj. 3. Það hefur komið fyrir dóm og kannazt við að hafa vottað á samninginn, en ekki heyrði vitnið aðilja málsins ræða neitt um kaupin.

Vitnið Ragnhildur Eyjólína Þórðardóttir hefur komið fyrir dóm. Það kvaðst hafa verið vottur að undirskriftum stefnanda Gunnlaugs og stefnda á kaupsamninginn á dskj. nr. 3. Það segist hafa heyrt stefnanda Gunnlaug segja við stefnda, að hann (stefndi) yrði að ganga þannig frá því við sameigendur sína, að hægt yrði að hefja byggingarframkvæmdir í sumar, en annars yrðu kaupin ekki gerð.

Telja verður með hliðsjón af framburði stefnanda Gunnlaugs, vitnisins Ragnhildar og ákvæða 2., 4. og 5. tl. kaupsamningsins á dskj. 3, að stefnda hafi verið ljóst, að forsenda fyrir kaupum þessum af hálfu stefnenda hafi verið, að hægt yrði að byrja byggingarframkvæmdir, án þess að leita samþykkis annarra eigenda húseignarinnar, og að stefndi hafi með 3. tl. kaupsamningsins tekið að sér að tryggja, að ekki kæmi til mótmæla af hendi sameigenda sinna vegna byggingarframkvæmdanna. Þetta hefur stefndi ekki tryggt, en virðist, samkvæmt framburði Jóhannesar Björnssonar, hafa vitað, að vitnið mundi ekki samþykkja, að geymsla þess yrði flutt.

Samkvæmt þessu þykir stefnendum hafa verið heimil riftun á kaupunum og fá endurgreitt andvirði víxils, að fjárhæð kr. 80.000.00 pr. 15. marz 1960, en víxil þennan höfðu stefnendur afhent stefnda til efnda á samningnum af sinni hálfu, sbr.

I. tl. 2 í kaupsamningnum, og greiddu stefnendur víxilinn 6. apríl 1960. Var þá fallið á víxilinn forvextir og umsjónarlaun, alls kr. 588.90. Stefnendur þykja einnig eiga að fá þann kostnað greiddan, svo og vexti af kr. 80.588.90 frá 6. apríl 1960, en þó ekki víxilvexti, heldur 10% ársvexti frá 6. apríl 1960 til 29. desember 1960 og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber stefnda að skila stefnendum víxli, að fjárhæð kr. 135.000.00 með gjalddaga 1. okt. 1960, en víxill þessi var gefinn út vegna kaupa þessara, sbr. I. tl. 2 í kaupsamningnum. Þá þykir stefndi einnig eiga að endurgreiða stefnendum fasteignagjöld af risíbúðinni fyrir árið 1960, að fjárhæð kr. 767.95, og laun til arkitekts vegna teikninga, sem stefnendur létu gera, kr. 2057.60, svo og bætur til stefnanda Gunnlaugs vegna fyrirhafnar hans við undirbúning byggingarframkvæmda, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 3.000.00. Frá þessum þremur fjárhæðum ber að draga kr. 4.000.00, sem er húsaleiga, sem stefnendur hafa fengið fyrir risíbúðina, og nema þá eftirstöðvarnar kr. 1.855.55. Einnig ber stefnda að greiða stefnendum 10% ársvexti af kr. 767.95 frá 1. marz 1960 til 31. maí 1960 og af kr. 1.855.55 frá þeim tíma til 29. des. 1960 og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, en ekki verður tekin til greina krafa stefnenda um að fá vexti af víxli þeim, sem stefnda ber að skila.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnendum er heimil riftíng á kaupum sínum á risíbúð húseignarinnar nr. 13 við Leifsgötu af stefnda, og ber honum að greiða stefnendum kr. 82.414.45 (80.000.00 + 588.90 + 767.95 + 2.057.60 + 3.000.00 ÷ 4.000.00) ásamt 10% ársvöxtum af kr. 767.95 frá 1. marz 1960 til 6. apríl 1960, af kr. 81.356.85 frá þeim degi til 31. maí 1960, af kr. 82.414.45 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo ber stefnda að skila stefnendum víxli, að fjárhæð kr. 135.000.00, sem hann fékk fyrir risíbúðina.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnendum, Gunnlaugi Þórðarsyni og Úlfari Þórðarsyni, er heimil riftun á kaupum risíbúðar þeirrar, er stefndi, Árni Skúlason, seldi þeim þann 31. janúar 1960, og ber stefnda að skila stefnendum aftur víxli, útgefnum af stefnanda

Gunnlaugi þann 4. febrúar 1960 og samþykktum af stefnanda Úlfari til greiðslu 1. október 1960, að fjárhæð kr. 135.000.00. Þá ber stefnda og að endurgreiða stefnendum kr. 82.414.45 ásamt 10% ársvöxtum af kr. 767.95 frá 1. marz 1960 til 6. apríl 1960, af kr. 81.356.85 frá þeim degi til 31. maí 1960 og af kr. 82.414.45 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 65/1961. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
Arnþóri Pálssyni (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Skaptason, sýslumaður Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa bifreiðaeftirlitsmennirnir Sigurður Indriðason og Svavar Jóhannsson mætt í sakadómi Akureyrarkaupstaðar og gefið þar vitnaskýrslu.

Vitnið Sigurður Indriðason „kveðst ekki minnast þess að hafa fundið af sakborningi áfengislykt, en hins vegar virtist vitninu hann vera undir áhrifum áfengis, var hann slapplegur. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa séð hann reika í spori".

Vitnið Svavar Jóhannsson kveður „aðspurt um einkenni áfengisáhrifa sakbornings, að þau hafi lýst sér þannig, að sakborningur var slappur og daufur í andliti, auk þess fann vitnið af honum áfengislykt. Vitnið kveðst ekki hafa séð sakborning reika í spori".

Þá hefur Jóhann Þorkelsson héraðslæknir ritað bréf til Dómsmálaráðuneytisins 15. febrúar 1961 um rannsókn þá, er fram fór á blóði ákærða. Þar segir m. a.: „Bókfært hjá mér er aðeins, að alkoholinnihald hafi verið 0.5‰.

Rannsóknina gerði fyrir mína hönd Ragnar Ólason efnafræðingur og forstjóri á Akureyri, og er hann þaulvanur að gera þessar rannsóknir. Hann kveðst ekki geta fullyrt neitt um, hve mikið frávikið hafi verið frá 0.5‰ eða hvort það hafi verið nokkuð, en öruggt sé þó, að meira alkóhól hafi mælzt en 0.45‰ og minna en 0.55‰".

Þegar litið er til þessara læknisgagna, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærða í framangreint skipti hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Af þessum sökum og með hliðsjón af öðrum gögnum ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Árnþór Pálsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Dagfinnssonar og Hauks Jónssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu 25. október 1960.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans, dagsettu 5. október 1960, gegn Arnþóri Pálssyni verkamanni, til heimilis að Ásbyrgi í Raufarhöfn, fyrir að hafa um kl. 02.40 aðfaranótt sunnudagsins 29. maí s.l., undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni U 135 nokkurn spöl frá Laugum í Reykjadal.

Brot ákærða er talið varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80.

gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu 2. marz 1938.

Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1959 23/2 Vestmannaeyjum: Sátt, kr. 150.00 sekt fyrir ölvun.
1959 5/8 Þingeyjars.: Sátt, kr. 200.00 sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru sem hér greinir:

Laugardaginn 28. maí s.l., um kl. 19.00 fór ákærði ásamt Geiri Arngrími Hreiðarssyni frá Raufarhöfn að Laugum í Reykjadal. Fóru þeir í bifreið Geirs, U 135, og ók Geir bifreiðinni. Á leiðinni kveðst ákærði hafa drukkið nokkuð af óblönduðu koníaki, eða ca 3 góða snapsa, að því er hann telur. Segir hann það hafa verið um kl. 22.30—23.00. Var ákærði síðan á dansleik að Laugum um kvöldið án þess að neyta frekara áfengis, en um kl. 02.30 um nóttina lagði hann af stað til Bólstaðar í Bárðardal í bifreiðinni U 135 ásamt Geiri Hreiðarsyni og Tryggva Höskuldssyni frá Bólstað. Ók ákærði nú bifreiðinni, með því að Geir og Tryggvi voru báðir ölvaðir, en hann taldi sig eigi lengur undir áhrifum áfengis, þar sem svo langt var liðið, frá því hann neytti áfengisins.

Skömmu eftir að ákærði ók af stað, var hann stöðvaður af bifreiðaeftirlitsmönnum, sem voru við eftirlitsstörf í sambandi við dansleikinn. Sýndist bifreiðaeftirlitsmönnunum ákærði vera daufur til augna og slapplegur og töldu sig finna af honum áfengislykt. Létu þeir hann blása í öndunarpoka, og sýndi glasið litarbreytingu. Var ákærði þá færður til læknis og af honum tekið blóðsýnishorn. Reyndist vera í því 0,5‰ reducerandi efni (alkohol).

Ákærði hefur með framangreindu athæfi sínu, sem sannað er með framburði bifreiðaeftirlitsmanna, blóðrannsókn og eigin játningu, gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjalinu greinir og hér að framan eru skráð.

Refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga þykir hæfilega ákveðin kr. 2.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi í 6 mánuði frá

20. september s.l. að telja, en þá var ökuleyfið af honum tekið með úrskurði við rannsókn máls þessa. Er ökuleyfissviptingin samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Arnþór Pálsson, greiði krónur 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá 20. september 1960 að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1962.

Nr. 63/1962. **Sigurður Sigurðsson** (Kristján Eiríksson hdl.)
gegn
Guðmundi S. Sigurðssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um eignarrétt að íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1962 og krafizt þess, að dæmt verði, að hann sé eigandi að 37.5% íbúðar á annarri hæð hússins nr. 33 við Bergþórugötu í Reykjavík auk hlutdeildar í óskiptanlegum hlutum hússins, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. maí 1962 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gögn þau, sem aðaláfrýjandi hefur fært fram, fá eigi

hnekkt rétti gagnáfrýjanda samkvæmt skýlausum eignarskjölum til íbúðar þeirrar, sem í málinu greinir. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sigurður Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi S. Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1962.

Mál þetta var tekið til dóms 29. marz s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 21. nóvember 1959, af Sigurði Sigurðssyni sjómanni, sem þá bjó að Bergþórugötu 33, Reykjavík, gegn Guðmundi S. Sigurðssyni, Suðurgötu 23, Keflavík.

Með bæjarþingsdómi, sem upp var kveðinn 1. febrúar s.l, var máli þessu vísað frá þinginu án kröfu, en sá dómur var úr gildi felldur með dómi Hæstaréttar 19. marz. Var jafnframt lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Kröfum af hálfu stefnanda hefur tvívegis verið breytt, frá því er var í stefnu. Liggur nú fyrir að dæma um þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi sé eigandi að 37.5% af íbúð á 2. hæð Bergþórugötu 33 auk hlutdeildar í óskiptri sameign. Jafnframt er krafizt málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar. Er þess sérstaklega krafizt, að tillit verði tekið til þess við ákvörðun málskostnaðar, að stefndi hefur breytt kröfum sínum undir rekstri málsins.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar máls þessa eru feðgar. Stefndi, Guðmundur S. Sigurðsson (f. 2. nóvember 1938), er sonur stefnanda og fyrri konu hans, Helgu Kristínar Guðmundsdóttur, sem lézt 18. desember 1947. Þau hjón áttu tvö önnur börn, Sesselju (f. 1930) og Guðfinn (f. 1940). Foreldrar Helgu Kristínar voru hjónin Sesselja Árnadóttir (d. 10. júlí 1939) og Guðmundur Helgason (d. 13. desember 1944). Þau hjón áttu auk Helgu Kristínar dæturnar

Sesselju og Regínu og tvo syni, er báðir fórust með b/v Ólafi í nóvember 1938.

Með afsali, dagsettu 28. febrúar 1939, afsalaði maður, að nafni Bertel Andrésson, fasteigninni Njálsgötu 44 til Ásgeirs Halldórssonar. Því er haldið fram af stefnanda, að Ásgeir hafi verið talinn eigandi til málamyndar, en raunverulega hafi þáverandi tengdaforeldrar hans, Sesselja Árnadóttir og Guðmundur Helgason, átt eignina. Er ekki um það deilt í málinu, að frá þeim hafi komið fé það, sem kom til útborgunar við húskaupin. Í aðiljaskýrslu stefnanda gefur hann skýringar á því, að afsalið var gefið út til Ásgeirs Halldórssonar. Segir um þetta í skýrslunni: „Ástæðan fyrir því var sú, að tengdaforeldrar mínir höfðu þegið sveitarstyrk, og var þessi háttur hafður á, til þess að bæjarsjóður Reykjavíkur gengi ekki að eigninni. Kaupverð eignarinnar var kr. 17.600.00. Í afsali er tekið fram kr. 14.000.00, en auk þess var útborgunin kr. 3.600.00, og var Ásgeir látinn gefa út skuldabréf fyrir útborguninni, til þess að skjöl væru fyrir því, að hann hefði ekkert lagt í eignina. Skuldabréfið er undirritað af Ásgeiri Halldórssyni þann 14. marz 1939. Skuldabréfið er útgefið til tengdamóður minnar, Sesselju Árnadóttur, en féð áttu þau hjónin bæði og höfðu fengið það sem dánarbætur eftir tvo syni sína ....“

Skuldabréfið frá 14. marz 1939 hefur verið lagt fram í málinu. Af skuldinni skyldu greiddir 5% vextir p. a., hún skyldi vera afborganalaus, en uppsegjanleg með eins árs fyrirvara. Í niðurlagi bréfsins segir, að skuldareiganda skuli ekki heimilt að ganga að öðrum eignum skuldara en Njálsgötu 44. Þá er það fram komið, að þau hjónin Sesselja og Guðmundur Helgason fengu framfærslustyrk úr bæjarsjóði Reykjavíkur á árunum 1918 til 1938, alls að upphæð kr. 50.276.69. Fór síðasta styrkveitingin fram í apríl 1938.

Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla Ásgeirs Halldórssonar, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Jafnframt bar hann vitni um nokkur atriði og staðfesti að lokum framburði sína með eiði. Þegar Ásgeir kom fyrir dóm í febrúar 1961, kvaðst hann hafa orðið fyrir höfuðhöggi þremur árum áður og hafa verra minni eftir en áður.

Í skýrslu Ásgeirs telur hann sig kaupanda og féð frá hjónunum Sesselju og Guðmundi lán til sín. Segir hann það hafa verið vilja Guðmundar að ráðstafa þessum dánarbótum óskertum. Einnig kemur það fram í skýrslunni, að Ásgeir hafi verið

náinn vinur annars sonar þeirra hjóna, er fórst 1938, og að Ásgeir hafi verið heimilismaður hjá þeim hjónum langtímum saman. Síðar skýrði Ásgeir svo frá fyrir dómi, að fyrrnefndar kr. 3.600.00 hefðu farið óskertar til húsakaupanna og að hann hefði ekki lagt annað til kaupanna en lánsfé.

Eftir að kaup höfðu verið fest á Njálsgötu 44, fluttu þau hjón Guðmundur Helgason og Sesselja Árnadóttir í húsið og bjuggu á aðalhæð þess. Stefnandi bjó með fjölskyldu sinni í smáíbúð í risi.

Í aðiljaskýrslu Ásgeirs Halldórssonar segir, að hann hafi algjörlega verið til heimilis hjá Guðmundi og Sesselju, án þess að gjald kæmi fyrir. Ásgeir segir í skýrslunni, að bæði Guðmundur og stefnandi þessa máls hafi greitt sér húsaleigu, þá lægstu, sem um gat verið að ræða til að standa straum af skuldbindingum vegna hússins, og hafi þetta stafað af sérstöðu sinni gagnvart fólki þessu. Í aðiljaskýrslu stefnanda segir hins vegar, að hann hafi, meðan hann bjó í risíbúðinni, greitt húsaleigu, kr. 100.00 á mánuði, og afhent hana tengdamóður sinni.

Sesselja Árnadóttir lézt, sem fyrr greinir, 10. júlí 1939. Eftir það flutti stefnandi og fjölskylda hans á aðalhæð hússins, og var Guðmundur tengdafaðir hans í heimili hjá honum eftir það. Segist stefnandi hafa lofað tengdamóður sinni að annast Guðmund. Ásgeir Halldórsson kveðst og um tíma hafa verið skrifaður hjá stefnanda eftir þetta og þá búið á sama stað í húsinu og áður, en síðan hafa flutt burt.

Þegar Ásgeir kom fyrir dóm 3. febrúar 1961, skýrði hann svo frá, að hann hefði eftir lát Sesselju Árnadóttur leigt risíbúðina Guðrúnu Magnúsdóttur, en hinn 27. sama mánaðar kvaðst hann ekki muna, hvort hann hefði samið við hana. Í aðiljaskýrslu stefnanda, sem dagsett er sama dag, en lögð fram 27. febrúar 1961, segir hins vegar, að Helga Kristín, fyrri kona stefnanda, hafi leigt Guðrúnu risíbúðina. Þá segir í aðiljaskýrslunni, að Ásgeir Halldórsson hafi aldrei haft neitt með fjármál húseignarinnar að gera, hann hafi ekki tekið við leigu og ekki greitt nein gjöld af húsinu. Stefnandi kveðst aldrei hafa greitt Ásgeiri neina leigu. Einnig segir í aðiljaskýrslunni, að leigugreiðslur stefnanda hafi fallið niður, er hann flutti niður. Í þess stað hafi hann tekið að sér að greiða vexti og afborganir af áhvílandi skuldum, opinber gjöld og annast allt viðhald hússins. Þegar Ásgeir Halldórsson kom fyrir dóm 27. febrúar 1961, sagði hann, að vera mætti að stefnandi eða kona hans hafi einhvern

tíma veitt leigu viðtöku, en yfirleitt hafi hann gert það. Guðrún Magnúsdóttir kom fyrir dóm 1. marz. Hún kvaðst hafa samið um leiguna við Helgu Guðmundsdóttur, konu stefnanda, og hefðu ýmist Helga eða Ásgeir Halldórsson tekið við leigugjaldinu.

Í máli þessu hefur verið lögð fram svohljóðandi kvittun, undirrituð af tveimur dætrum hjónanna Sesselju og Guðmundar Helgasonar:

„Ásgeir Halldórsson hefur í dag greitt okkur upp í skuldabréf til Sesselju Árnadóttur, útgefið 14. marz 1939, kr. 1125.00 .... Lýsum við hér með yfir því, að við höfum sem erfingjar Sesselju eigi frekari kröfur að gera út af fyrrnefndu skuldabréfi.

Reykjavík, 25. maí 1940.

Regína S. Guðmundsdóttir. Sesselja Guðmundsdóttir."

Stefnandi skýrir þannig frá þessari greiðslu í aðiljaskýrslu sinni:

„Eftir dauða Sesselju Árnadóttur var samkomulag um það milli erfingja hennar, að arf skyldu taka eftir hana dætur hennar þrjár: Helga Kristín, kona mín, Regína Sigríður og Sesselja. Eign Sesselju heitinnar var talinn helmingur útborgunarinnar, þ. e. skuldabréfsins, útg. 14. marz 1939, eða kr. 1800.00. Af þessum arfi borgaði ég þeim Sesselju og Regínu Sigríði mágkonum mínum tvo þriðju hluta, eða kr. 1200.00, að frádregnum kr. 75.00, sem ég greiddi Pétri Magnússyni, sem annaðist samningana okkar á milli.

Peninga þessa greiddi ég sjálfur af mínu fé til Regínu Sigríðar sjálfrar, kr. 562.50, á heimili mínu Njálsgötu 44, að viðstöddum manni hennar, Geir Jóni Helgasyni, fyrrum lögregluþjóni, en nú búsett í Vancouver í Canada. Sesselju greiddi ég sömu upphæð, kr. 562.50, á heimili hennar Njálsgötu 47. Ásgeir Halldórsson kom þar hvergi nærri og lagði enga peninga til þeirra greiðslna. Eftir að ég hafði greitt þessar kr. 1125.00 til þeirra systranna, áttum við hjónin, ég og Helga Kristín, fyrri kona mín, hálfa húseignina á móti Guðmundi Helgasyni."

Ásgeir Halldórsson segir hins vegar í fyrrnefndri skýrslu sinni: „Nokkru eftir að Sesselja dó, gjörðu dætur hennar tvær, Regína og Sesselja, kröfu um, að ég greiddi skuldabréfið, og varð það að samkomulagi, að þær fengju sinn arfhluta, eða sem svaraði til hans, eftir móður sína úr nefndu skuldabréfi, en hvorugt þeirra, Guðmundur eða Helga dóttir hans, gjörðu kröfu í sinn hlut, og greiddi ég þeim, en ekki Sigurður, þann hluta skuldabréfsins, sem um getur í réttarskjali nr. 5" (réttarskjal nr. 5 er ofanskráð kvittun

systranna). Ásgeir hefur síðan fyrir dómi ítrekað þessa skýrslu og skýrt nokkuð nánar, m. a. sagt, að greiðslan hafi farið fram að Njálsgötu 44, og nafngreint mann, sem hafi lánað sér hluta af fénu. Stefnandi hefur ítrekað og skýrt sína skýrslu. Sesselja Guðmundsdóttir kom fyrir dóm 1. marz 1961. Hún var spurð, hver hafi greitt henni peninga þá, sem um getur í ofangreindri kvittun. Var bókað eftir henni: „Vitnið segir, að sig minni, að það hafi verið Ásgeir Halldórsson, en tekur fram, að hún muni það þó ekki, vegna þess hve langt sé síðan. Hún kveðst ekki muna, hvar greiðslan fór fram, hvort það hafi verið á Njálsgötu 44 eða hjá lögfræðing.

Aðspurt segir vitnið, að það sé eins og sig minni, að einhver lögfræðingur hafi gengið frá málinu.

.....

Vitnið kveður kvittað fyrir móðurarfi á dskj. 5.

Vitnið segir, að það hafi verið foreldrar sínir, sem keyptu Njálsgötu 44, en vitnið kveðst ekki vita, hvers vegna það var sett á nafn Ásgeirs Halldórssonar.

Vitnið kveðst ekki vita, hvað hafi getað valdið því, að Ásgeir Halldórsson hefði átt að greiða arf eftir móður vitnisins.

Vitnið segir nú aðspurt, að hún sé viss um, að Sigurður Sigurðsson hafi ekki greitt henni samkvæmt dskj. nr. 5. Einnig það, að greiðslan hafi ekki farið fram að Njálsgötu 47, þar sem vitnið bjó."

Sesselja Guðmundsdóttir giftist á árinu 1939 Jóhanni Guðmundssyni, en þau eru nú skilin að lögum. Jóhann kom fyrir dóm 1. marz 1961, og var þá m. a. eftir honum bókað:

„Vitnið kveðst minnast þess, að rætt hafi verið um skipti eftir Sesselju Árnadóttur, en hann hafi með vilja ekkert skipt sér af þessu.

Vitnið segir, að sig minni eftir viðtölum við konu sína á þessum tíma, að stefnandi hafi greitt henni móðurarf. Vitnið tekur fram, að hann vilji þó ekkert um það fullyrða."

Jóhann staðfesti framburð sinn með eiði.

Þess er að geta, að báðir synir Sesselju og Guðmundar Helgasonar, sem fórust 1938, eiga afkomendur, sem verið hafa ófjárráða, þegar amma þeirra lézt. Ekkert er þó fram komið um, að þessi börn hafi fengið arf eftir hana. Samkvæmt vottorði frá skrifstofu borgarfógetans í Reykjavík fékk Guðmundur Helgason ekki leyfi til setu í óskiptu búi, en ekkert er fram komið um afskipti skiptaréttar af skiptum eftir Sesselju.

Í málinu hefur verið lagt fram afsal, dagsett 12. febrúar 1942, þar sem Ásgeir Halldórsson afsalar Njálsgötu 44 til stefnda í máli þessu. Stefnandi ritar á afsalið fyrir stefnda hönd.

Um aðdraganda þessa segir svo í skýrslu Ásgeirs Halldórssonar. „Nú kom að því, að Guðm. Helgason vildi gefa dótturssyni sínum Guðm. Sigurði sinn hluta í skuldabréfinu, og varð það úr, þar sem ég gat ekki greitt bréfið í reiðu fé, þá afsalaði ég eigninni Njálsgötu 44 til Guðm. Sigurðar Sigurðssonar með vitund og samþykki allra aðilja, og gjörði Sigurður enga athugasemd þar um, og var þá talið eðlilegt, að arfahlutur Helgu eftir móður sína félli inn í gjöfina og væri ekki sérkræfur úr minni hendi. Það munnlega skilyrði fylgdi gjöfinni, að hann, Guðm. Helgason, fengi að dveljast hjá dóttur sinni svo lengi sem hann óskaði .... Það var og annað skilyrði, að Guðm. Sigurði væri fenginn óskyldur fjárráðamaður fyrst um sinn, og eftir ósk hans og móður drengsins, tók ég það að mér nokkurn tíma. Var til um þetta skipunarbréf frá borgarfógeta að mig minnir."

Í aðiljaskýrslu stefnanda segir, að Guðmundur Helgason hafi viljað gefa stefnda sinn eignarhluta í húseigninni. Hafi verið frá því gengið með afsalinu frá Ásgeiri. „Í því afsali var öll eignin afsöluð Guðmundi, en það var eingöngu gert til þess að vera laus við milligöngu Ásgeirs og losna við nafn hans af húsinu, þar sem hann var ekki fjölskyldumeðlimur." Heldur stefnandi því fram nú, að eftir þetta hafi Njálsgata 44 raunverulega verið sameign stefnda, sem átt hafi helming, og sín og konu sinnar, sem átt hafi helming. Stefnandi segir síðar í aðiljaskýrslu sinni, að hann hafi „á sínum tíma beðið Guðmund Helgason að útbúa yfirlýsingu um, að hann gæfi Guðmundi syni mínum, stefnda, hálfa húseignina Njálsgötu 44, og þá yfirlýsingu geymdi ég í skjölum mínum." Kveður stefnandi þessa yfirlýsingu nú hafa horfið.

Þegar Ásgeir Halldórsson kom fyrir dóm 23. febrúar 1961, fékk lögmaður stefnanda hann að því spurðan, fyrir hvaða verð hann hafi afsalað eigninni. Ásgeir kvaðst ekki minnast þess, að neinar greiðslur hafi farið fram, og sagði, að skuldin samkvæmt skuldabréfinu frá 14. marz 1939 hefði fallið niður. Tók hann sérstaklega fram, að engir peningar hefðu verið greiddir til sín í þessu sambandi, og ekki kveðst hann hafa fengið þær 1125.00 kr., sem fyrr er frá greint. Í því sambandi var bókað eftir Ásgeiri: „Vitnið sagði, að milli sín og fjölskyldu aðilja hefði verið náið

vináttusamband og hann því ekki farið nákvæmlega í viðskipti sem þessi, hvorki varðandi þessa greiðslu né t. d. sumarbústað, sem vitnið byggði, en stefnandi seldi síðar. Nánar aðspurt segir vitnið, að telja megi þessar kr. 1125.00 gjöf, ef það skiptir máli." Enn fremur var bókað eftir Ásgeiri: að hann hefði ekki „leitað eftir kaupendum að eigninni, heldur hafi verið samkomulag um að afsala henni til stefnda. Ekki kveðst vitnið geta gert sér grein fyrir, hvort hægt hefði verið að fá hærra verð fyrir eignina."

Þess er áður getið, að stefnandi kveðst hafa hætt að greiða húsaleigu, en tekið að sér öll gjöld vegna Njálsgötu 44 eftir lát Sesselju Árnadóttur í júlí 1939. Hefur lögmaður hans lagt fram 21 kvittun, sem lögmaðurinn kvað stefnanda hafa varðveitt. Er hér um að ræða 4 kvittanir fyrir árlegum afborgunum og vöxtum af veðskuld í Landsbankanum, og er sú síðasta dagsett í október 1942. Eru þær allar stílaðar á Bertel Andrésson. Þá eru 5 kvittanir frá 1940—1942 fyrir afborgun og vöxtum af veðláni í Búnaðarbankanum, allar stílaðar á Ásgeir Halldórsson. Af 8 kvittunum fyrir fasteignagjöldum til Reykjavíkurbæjar er ein stíluð á Bertel, 5 á Ásgeir, en 2 á stefnda. Loks eru fjórar kvittanir fyrir iðgjöldum af brunatryggingu, allar stílaðar á Ásgeir, og hin síðasta dagsett 13. júlí 1942. Á bæjarþingi 27. febrúar 1961 voru Ásgeir og stefnandi samprófaðir um, hvor hefði greitt opinber gjöld af Njálsgötu 44. Ítrekuðu þeir báðir fyrri staðhæfingar, og kvaðst hvor um sig hafa innt greiðslurnar af hendi. Siggeir Einarsson póstmaður, sem um þetta leyti bjó á Grettisgötu 39 B, kom fyrir dóm 2. marz 1961. Sagði hann, að stefnandi hefði sagt sér, að hann hefði greitt gjöld af Njálsgötu 44, og kvaðst Siggeir hafa séð kvittanir fyrir þeim. Þess er enn fremur að geta, að hinn 23. febrúar hafði Ásgeir borið, að plögg sín hefðu orðið eftir á Njálsgötu 44, þegar hann flutti þaðan. Um þetta sagði stefnandi, að skjöl tilheyrandi húsinu hefðu verið á Njálsgötu 44, en þau tilheyrt tengdamóður sinni.

Enn er þess að geta, að í afsalinu frá Ásgeiri Halldórssyni til stefnda eru taldar upp þrjár skuldir, sem stefndi skyldi greiða, þar á meðal víxilskuld við Útvegsbankann, tryggð með 3. veðrétti í Njálsgötu 44. Stefnandi kveður Ásgeir raunverulega hafa greitt skuld þessa, enda hafi hún verið fasteigninni óviðkomandi. Hefur stefnandi skýrt nánar frá atvikum, en Ásgeir kvaðst ekki muna, hvernig þeim var háttað. Þegar Ásgeir var á bæjarþingi 27. febrúar 1961 spurður um, hvort hann myndi eftir að

hafa farið með greiðslur vegna opinberra gjalda á viðkomandi greiðslustaði, taldi hann sig hafa gert það, þótt hann myndi ekki eftir ákveðinni ferð. Var bókað eftir honum: „Ítrekað aðspurður, kvaðst hann ekki muna betur en hann hafi t. d. farið með greiðslu í Útvegsbankann."

Guðmundur Helgason lézt, sem fyrr segir, 13. desember 1944. Í vottorði frá skrifstofu borgarfógetans í Reykjavík segir, að samkvæmt dánartilkynningabók embættisins hafi verið tilkynnt, að Guðmundur væri eignalaus.

Helga Kristín, fyrri kona stefnanda og móðir stefnda, andaðist, sem fyrr greinir, 18. desember 1947, og tilkynnti stefnandi til borgarfógeta, að hún væri eignalaus. Hinn 7. september 1950 afsalaði stefnandi f. h. stefnda Njálsgötu 44 og keypti síðan 2. hæð Bergþórugötu 33 m. m. Var afsal fyrir þeirri eign gefið út 15. september 1950 til stefnda, en stefnandi ritaði á afsalið samþykki fyrir hans hönd. Dómsmálaráðuneytið samþykkti kaupin. Samkvæmt afsölunum var verð Njálsgötu 44 120.000.00 kr., en eignarhlutans í Bergþórugötu 33 110.000.00 kr.

Fram hefur verið lagt í málinu skjal, sem er á þessa leið:

„Ég undirrituð, Sesselja Sigurðardóttir, lýsi því hér með yfir, jafnframt því sem ég móttek kr. 5.500.00 .... frá föður mínum, Sigurði Sigurðssyni, Bergþórugötu 33, að ég geri enga kröfu framar til arfs eftir móður mína, Helgu Kristínu Guðmundsdóttur, sem andaðist hinn 17. des. 1947. Sérstaklega lýsi ég því yfir, að ég geri enga athugasemd við, að hluti af húseigninni Bergþórugötu 33 sé þinglesin eign bróður míns, Guðmundar S. Sigurðssonar."

Skjalið er dagsett 24. apríl 1951 og undirritað af Sesselju Sigurðardóttur. Á það er og ritað samþykki af hálfu eiginmanns hennar. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hér hafi verið um arf að ræða og að stefnandi hafi með þessu leyst til sín arfahluta dóttur sinnar í Bergþórugötu 33, sem hún hafi fengið eftir móður sína. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hér sé um ráðskonukaup að ræða.

Í máli þessu er ekki um það deilt, að allt frá því að Ásgeir Halldórsson afsalaði Njálsgötu 44 til stefnda á árinu 1942, hafi sú eign, og síðar eignarhlutinn í Bergþórugötu 33 á skattskýrslum verið talin eign stefnda. Ekki er heldur um það deilt, að á þessum skýrslum hafi verið talið, að stefnandi greiddi leigu til stefnda. Hafa verið lagðar fram 3 skattskýrslur stefnda og 2 skattskýrslur stefnanda, og eru þar færslur í samræmi við þetta.

Ekki er heldur um það deilt í málinu, að frá 1942 hafi stefnandi greitt opinber gjöld af eignum þessum og annazt viðhald þeirra, enda hefur hann þar til nýlega búið í þeim. Stefndi bjó hjá föður sínum þar til í febrúar 1957.

Kröfur aðilja eru studdar þessum rökum:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að afsalið til Ásgeirs Halldórssonar frá 28. febrúar 1939 hafi verið málamyndargerningur, en raunverulegir eigendur Njálsgötu 44 hafi verið þau hjónin Guðmundur Helgason og Sesselja Árnadóttir. Við lát Sesselju 10. júlí 1939 hafi dætur hennar þrjár, Helga Kristín, Regína og Sesselja, eignazt hennar helming í eigninni og með greiðslum þeim til hinna tveggja síðastnefndu í maí 1940, sem áður er um rætt, hafi þau hjón, stefnandi og Helga Kristín, orðið eigendur að þeirra eignarhlutum. Hafi eignin þá verið í sameign Guðmundar Helgasonar, sem átt hafi helming, og þeirra hjóna Helgu Kristínar og stefnanda, sem átt hafi helming. Þá er því haldið fram, að stefndi hafi eignazt hlut Guðmundar heitins með afsalinu 12. febrúar 1942, en það afsal verið málamyndagerningur varðandi hinn helminginn. Eftir lát Helgu Kristínar, fyrri konu stefnanda, telur hann, að sá helmingur, er þau hjón áttu, hafi skipzt eftir reglum erfðaréttar, og eftir það hafi eignarhlutföllin verið þessi: Stefndi 56.25%, stefnandi 31.25%, Sesselja dóttir stefnanda 6.25% og Guðfinnur sonur stefnanda 6.25%. Þá er því haldið fram, að þessir aðiljar hafi átt jafnmikið í hinum umdeilda hluta í Bergþórugötu 33, eftir að hann var keyptur, en afsalið frá 15. september 1950 verið málamyndagerningur, að því er varðar 43.75% eignarhlutans. Með greiðslunni til Sesselju, dóttur stefnanda, 24. apríl 1951 telur stefnandi sig hafa leyst til sín eignarhluta hennar og þar með orðið eiganda að 37.5% eignarinnar. Krefst hann viðurkenningar á því í máli þessu, enda standi lög til þess, þar sem engin atvik hafi gerzt, er veiti stefnda eignarrétt yfir öllum hinum umdeilda eignarhluta.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Ásgeir Halldórsson hafi verið kaupandi Njálsgötu 44 í febrúar 1939 og raunverulegur eigandi. Þá er því haldið fram, að eftir andlát Sesselju Árnadóttur í júlí 1939 hafi maður hennar, Guðmundur Helgason, raunverulega setið í óskiptu búi og haft rétt til að ráðstafa einu eign þess, sem verið hafi skuldabréfið, sem Ásgeir Halldórsson gaf út 14. marz 1939. Um lagarök er í þessu sambandi vísað til 2. mgr. 59. gr. laga nr. 3/1878 svo og til þess, að Guð-

mundur hafi ekki verið sviptur forráðum búsins, eins og heimilað er í 2. mgr. 57. gr. sömu laga. Fram er komið, að leyfi til setu í óskiptu búi var ekki veitt, eins og áður greinir. Með tilvísun til áðurnefndrar 2. mgr. 59. gr. laga nr. 3/1878 er því haldið fram, að einungis hafi verið um fjárkröfu að ræða, ef yfirleitt hafi verið til staðar réttur fyrir Helgu Kristínu Guðmundsdóttur til arfs eftir móður hennar. Slík krafa sé nú niður fallin fyrir fyrningu. Þá er því haldið fram, að Guðmundur Helgason hafi haft heimild til að gefa eftir skuldina samkvæmt skuldabréfinu frá 14. marz 1939, og það hafi hann gert gegn því, að Ásgeir Halldórsson afsalaði Njálsgötu 44 til stefnda. Enn fremur er því haldið fram, að stefnandi hafi samþykkt þessa ráðstöfun á sínum tíma og geti því þegar af þeirri ástæðu ekki vefengt hana. Með þessum rökstuðningi er því mótmælt, að stefnandi eða fyrri kona hans hafi nokkru sinni verið eigendur að nokkrum hluta Njálsgötu 44.

Hinu sama er haldið fram á þeim grundvelli, að réttur til hluta í Njálsgötu 44 hafi, ef hann verður þrátt fyrir mótmæli af hálfu stefnda talinn hafa verið til, ekki verið annað en kröfuréttur, sem nú sé niður fallinn fyrir fyrningu og tómlæti. Enn er því haldið fram, að stefndi hafi öðlazt eignarrétt þann, sem um er deilt, fyrir hefð, þó að talið yrði, að um slíkan rétt stefnanda eða fyrri konu hans hefði á sínum tíma verið að ræða.

Þá er því haldið fram, að eignarréttur stefnanda eða fyrri konu hans á hluta Njálsgötu 44 hefði ekki skapað sams konar rétt stefnanda til handa yfir hinum umdeilda hluta Bergþórugötu 33, þar sem hann hefði með undirritun á afsalið frá 15. september 1950 fallið frá slíkum rétti, ef til hefði verið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Ásgeir Halldórsson hafi innt af hendi greiðsluna til Regínu og Sesselju Guðmundsdætra í maí 1940. Þá er mótmælt útreikningum á erfðahlutum, og því haldið fram, að greiðslan til Sesselju dóttur stefnanda, sem fram fór í apríl 1951, hafi verið ráðskonukaup.

Til stuðnings sýknukröfu stefnda er síðan á það bent,

að stefndi er samkvæmt afsals- og veðmálabókum eigandi hinnar umdeildu eignar;

að hann hefur jafnan á skattframtölum málsaðilja verið talinn eigandi hennar;

að stefnandi tilkynnti borgarfógeta, þegar fyrri kona hans andaðist, að hún væri eignalaus.

Er því haldið fram, að á þessum gögnum verði að byggja

við úrlausn máls þessa, enda sé stefndi réttur eigandi og fyrrgreindum gögnum óhnekkt.

Álit dómarans er þetta:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann og kona hans hafi orðið eigendur að hálfri fasteigninni Njálsgötu 44, eftir að arfi hafi verið skipt eftir tengdamóður hans og hann leyst til sín erfðahluti tveggja mágkvenna sinna með því að greiða þeim kr. 1.125.00, og er þetta áður rakið. Til stuðnings skýrslu stefnanda sjálfs um þetta atriði eru ekki aðrir vitnaframburðir en framburður Jóhanns Guðmundssonar, sem á þessum tíma var giftur annarri mágkonu stefnanda. Jóhann segir aðeins, að sig minni, að kona sín hafi sagt sér, að greiðslan hafi komið frá stefnanda. Vildi hann og ekkert um þetta fullyrða. Ásgeir Halldórsson heldur því hins vegar fram, að hann hafi innt greiðsluna af hendi. Önnur þeirra, sem við greiðslu tók, Regína Guðmundsdóttir, dvelst nú erlendis, og hefur ekki borizt skýrsla frá henni um þetta atriði. Hin systirin, Sesselja, hefur hins vegar borið, að hún sé viss um, að greiðslan hafi ekki komið frá stefnanda, og segir sig minna, að Ásgeir hafi innt hana af hendi, þó að hún muni það ekki.

Eins og fyrr er fram komið, stendur í kvittuninni, að greiðslan hafi komið frá Ásgeiri Halldórssyni. Hann var og tilgreindur sem skuldari á skuldabréfi því, sem verið var að greiða afborgun af. Stefnanda og Ásgeiri ber og saman um, að aðrir afkomendur Sesselju Árnadóttur en dætur hennar þrjár hafi ekki gert kröfu um arf, og verður ráðið af því, sem Ásgeir segir í sambandi við afsalið 12. febrúar 1942, að hann telur, að fyrri kona stefnanda hafi átt að fá hluta af andvirði skuldabréfsins frá 14. marz 1939 í arf. Þetta síðasta atriði svo og hitt, að Ásgeir fékk ekki greiddar kr. 1.125.00, þegar hann afsalaði Njálsgötu 44 til stefnda, styrkja skýrslu stefnanda.

Til stuðnings skýrslu stefnanda um málsatvik hefur verið bent á, að hann hefur frá 1942 óumdeilanlega greitt allar greiðslur varðandi áhvílandi lán og viðhald Njálsgötu 44 og síðar hins umdeilda hluta af Bergþórugötu 33. Er því raunar haldið fram af stefnanda, að svo hafi verið allt frá árinu 1939. Stefnandi bjó í þessum húsum þar til nú nýlega, og má líta á þessar greiðslur sem húsaleigu. Verður því ekki talið, að það styrki skýrslu stefnanda um eignarréttinn verulega, að hann hefur innt fyrrnefndar greiðslur af hendi.

Þegar það er virt í heild, sem nú hefur verið rakið, verður

að telja, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna, að hann hafi greitt mágkonum sínum tveimur fyrrnefndar 1.125.00 kr. Hefur honum þá þegar af þeirri ástæðu ekki heldur tekizt að sanna, að hann hafi með slíkri greiðslu orðið eigandi að helmingi Njálsgötu 44 með konu sinni. Verður að byggja á því í máli þessu, að greiðslan hafi komið frá Ásgeiri Halldórssyni, þar sem Ásgeir var tilgreindur skuldari á bréfinu, sem greitt var af, þar sem hann er í kvittun talinn greiðandi og þar sem hann sjálfur ber, að hann hafi greitt. Er ekki fram komið, að hann hafi hagsmuna að gæta í máli þessu, sem gert geti framburð hans um þetta atriði tortryggilegan.

Þegar þess er gætt, sem nú hefur sagt verið, verður að hafna því, að afsalið frá Ásgeiri til stefnda frá 12. febrúar 1942 geti talizt málamyndagerningur, eins og stefnandi heldur fram.

Að vísu eru stefnandi og Ásgeir sammála um, að fyrri kona stefnanda hafi átt að fá arf eftir móður sína. Þó er ekki fram komið, að á því verði byggður eignarréttur yfir Njálsgötu 44. Atvik varðandi skuld þá, sem tilgreind er í afsalinu frá 12. febrúar 1942 og sögð tryggð með 3. veðrétti í Njálsgötu 44, geta engu breytt um þá niðurstöðu, sem hér er fengin. Þó að skýrsla stefnanda hér að lútandi væri lögð til grundvallar, myndi hún aðeins veita ófullnægjandi líkur fyrir málavaxtalýsingu hans. Hið sama er að segja um atvik, sem varða skipti stefnanda og Sesselju dóttur hans á árinu 1951, svo og önnur atvik, sem að hefur verið vikið, bæði ein sér og sem hluta af atvikalýsingu stefnanda í heild.

Að þessu athuguðu verður að byggja úrlausn þessa máls á því, að stefndi er samkvæmt afsals- og veðmálabókum eigandi hins umdeilda hluta. Það styður þá niðurstöðu, að svo sé, að stefndi hefur jafnan verið talinn eigandi á skattframtölum beggja aðilja og að stefnandi tilkynnti borgarfógeta, þegar fyrri kona hans andaðist, að hún væri eignalaus. Verða þá úrslit málsins þau, að stefnda verður dæmd sýkna af kröfum stefnanda. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur S. Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Sigurðssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. júní 1962.

Nr. 138/1961. **Hótel Borg h/f**

gegn

Almennum tryggingum h/f og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Theodór Líndal prófessor.

Úrskurður Hæstaréttar:

Í málinu er fram komið, að á uppdrætti þeim af Hótel Borg, sem samþykktur var 1. desember 1928, var m. a. gert ráð fyrir nokkru auðu svæði á baklóð hússins við enda gangs þess, sem um er að tefla. Einnig er upp komið, að á svæði þessu hefur eigandi húseignarinnar síðar látið reisa byggingar.

Áður en dómur verður felldur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að leggja fram framangreindan uppdrátt og afla glöggra gagna um, hvenær byggingar þessar voru reistar svo og um gerð þeirra og staðsetningu á lóðinni. Einnig skulu leidd í ljós önnur þau atriði, sem gagnaöflun þessi kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum er veittur kostur á öflun framantalinna gagna.

Föstudaginn 22. júní 1962.

Nr. 10/1962. **Hlöðver Björn Jónsson**

gegn

Hrefnu Gunnarsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hlöðver Björn Jónsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. september 1962.

Nr. 73/1960. **Rannveig Ásgeirsdóttir**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið máli þessu til dómsins með stefnu 22. apríl 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. marz s. á. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 80.761.00 með 6% ársvöxtum frá 29. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. september 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Rannveig Ásgeirs-

dóttir, Hafnargötu 24 í Bolungarvík, að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 14. janúar 1958, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. marz 1958, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 80.-761.00, auk 6% ársvaxta frá 29. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnandi og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hennar. Til *vara* krefst stefndi, að kröfur stefnandi verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1951 tók Fiskideild Atvinnudeildar háskólans vélbátinn Svanhólm, ÍS 82, á leigu hjá eigendum hans, Einari Guðfinnssyni o. fl. í Bolungarvík, til síldarmerkingar fyrir Norður- og Vesturlandi þá um sumarið. Var báturinn 15 brúttórúmlestir að stærð, og í hann hafði verið sett ný Listervél á árinu 1949. Báturinn skyldi vera kominn til Siglufjarðar fyrstu dagana í júlí og vera í fyrsta flokks ásigkomulagi. Honum skyldu fylgja þrír menn, skipstjóri, vélstjóri og matsveinn. Báturinn varð það síðbúinn frá hendi seljanda, að hann kom ekki til Siglufjarðar fyrr en 9. júlí, og verður ekki annað séð en honum hafi verið siglt þangað frá Bolungarvík af þeim þrem mönnum, er bátnum skyldu fylgja. Þegar til Siglufjarðar kom, var skipstjóri sá, er siglt hafði bátnum að vestan, veikur, og varð að fara af honum, en í hans stað var ráðinn skipstjóri Þórarinn Guðmundsson frá Ánanaustum, þá 79 ára að aldri. Á siglingu bátsins að vestan höfðu komið fram ýmsir gallar á honum, svo sem dekkleki og bilanir á vél. Var viðgerð á ágöllum þessum framkvæmd á Siglufirði af viðgerðarmönnum úr landi. Meðan báturinn lá á Siglufirði, óskaði vélstjóri bátsins, Bergmundur Jónasson frá Bolungarvík, eftir því, að annar vélstjóri yrði ráðinn á bátinn í hans stað, en af því varð ekki, og starfaði hann því á bátnum áfram. Um ástæðuna til þess, að vélstjórinn vildi hverfa af bátnum, er ekki vitað. Framangreind atvik leiddu til þess, að ekki var lagt af stað frá Siglufirði í merkingarleiðangurinn fyrr en hinn 17. júlí. Leiðangursstjóri á bátnum var dr. Jakob Magnússon fiskifræðingur. Þá voru á bátnum, auk áðurnefndra þriggja manna, eiginmaður stefnandi, Kristján Jóhannesson matsveinn, 59 ára að aldri, er komið hafði með bátnum frá Bolungarvík, og háseti, ráðinn á Siglufirði. Eftir því sem fram hefur komið, varð enn vélarbilun

í bátnum hinn 18. júlí, og var hún í því fólgin, að við gangsetningu vélarinnar hafði komið gat á útblástursrör, sem lá í gegnum kælivatnsgeymi, og þá komizt vatn eða sjór inn á vélina. Við bilun þessa var gert á Raufarhöfn, og tafðist báturinn þar nokkra daga vegna hennar, en að viðgerðinni lokinni var síldarmerkingunum haldið áfram óslitið, eftir því sem veður og aðrar aðstæður leyfðu, þar til seint í ágúst að þeim var hætt og bátnum siglt til Siglufjarðar. Verður ekki séð, að á því tímabili hafi komið fram neinar bilanir á bát eða vél. Um sumarið, meðan á síldarmerkingunum stóð, hafði ríkissjóður keypt bátinn og haldið áfram útgerð hans. Hinn 25. ágúst var háseti sá, sem tekinn var á bátinn á Siglufirði, afskráður, og var ætlunin, að leiðangursstjórinn yrði háseti á bátnum til Reykjavíkur. Var brottför bátsins ákveðin 27. ágúst, en vegna veðurs þann dag, norðaustan hvassviðris, varð að fresta henni. Þegar ekki varð komizt af stað dag þann, er ákveðið hafði verið, fór leiðangursstjórinn þess á leit við skipshöfnina, að viðkomu í Bolungarvík, sem skipstjórinn hafði lofað þeim Bergmundi og Kristjáni, yrði sleppt, þar eð honum þótti sýnt, að ef stanzað yrði þar, þá myndi hann missa af fyrirhugaðri skipsferð frá Reykjavík til útlanda. Ekki vildi skipshöfnin verða við þessum tilmælum leiðangursstjórans, en bauðst til þess að sigla bátnum til Reykjavíkur án hans, svo að hann gæti komizt þangað með skjótari ferð, og tók hann boði þessu. Kl. 11.00 hinn 28. ágúst var bátnum siglt af stað frá Siglufirði áleiðis til Reykjavíkur með viðkomu í Bolungarvík, og var skipshöfn hans áðurnefndir þrír menn: Þórarinn, Bergmundur og Kristján, eiginmaður stefnandi. Eftir að báturinn fór frá Siglufirði, hefur ekkert til hans spurzt, að öðru leyti en því, að nokkru síðar fannst ýmislegt honum tilheyrandi rekið nyrzt á Ströndum, og er því ljóst, að hann hefur farizt með allri áhöfn.

Stefnandi heldur því fram, að áhöfn bátsins hafi verið of fámenn til umræddrar ferðar. Þá dregur hún í efa, vegna aldurs skipstjórans, hæfni hans til að fara með stjórn bátsins, svo og hæfni vélstjórans til vélgæzlu á bátnum, þar sem hann hafi ekki haft vélstjóraréttindi. Loks bendir hún á, að vélinni muni hafa verið ábóta vant, þar sem bilanir hafi komið fram á henni um sumarið. Telur stefnandi, að til framangreindra ástæðna megi rekja orsakir þess, að báturinn fórst, en á þeim beri stefndi sem eigandi og útgerðarmaður bátsins ábyrgð, og beri honum því að bæta henni það tjón, sem hún hafi beðið vegna missis

eiginmanns síns sem framfæranda. Hún hefur látið tryggingafræðing reikna út tjón það, sem hún hafi orðið fyrir vegna missis starfstekna eiginmannsins, og nemur það eftir útreikningi tryggingafræðingsins kr. 97.563.00. Frá því dregur hún kr. 16.802.00, sem hún hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna missis eiginmannsins, og kemur þá fram stefnufjárhæðin, kr. 80.761.00.

Stefndi hefur mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnandi og haldið því fram, að báturinn hafi verið forsvaranlega mannaður til ferðar þeirrar, sem honum var ætluð, bæði að því er varðar fjölda skipverja og hæfni. Þá bendir hann á, að engar bilanir hafi komið fram á vélinni, eftir að viðgerðin á Raufarhöfn fór fram, svo og að vélin hafi verið nýleg og af viðurkenndri tegund.

Samkvæmt vætti leiðangursstjórans, sem komið hefur fyrir dóm, leysti skipstjórinn á bátnum störf sín sem slíkur sómasamlega af hendi um sumarið, og hann gat þess, að skipstjórinn hefði enn haft svo mikla líkamlega krafta til að bera, að þeim, félögum hans á bátnum, hafi þótt undrun sæta, og aldrei hafi honum orðið misdægurt, meðan þeir voru saman. Virðist því skipstjórinn hafa verið fullfær til skipstjórnar þrátt fyrir aldur sinn. Þá hefur leiðangursstjórinn látið uppi það álit sitt, að báturinn hafi verið nægilega mannaður í umrætt skipti, og benti hann í því sambandi á, að um sumarið hafi að jafnaði aðeins þrír af áhöfninni annazt siglingu bátsins.

Það er að vísu fram komið í málinu, að vélstjórinn á bátnum hafði ekki vélstjóraréttindi eða undanþágu til vélstjórnar. Hins vegar hefur stefndi haldið því fram ómótmælt, að hann, sem var 26 ára að aldri, hafi verið vanur vélgæzlu, áður en hann kom á bátinn. Þá hafði hann, eins og áður getur, vélgæzlu á bátnum umrætt sumar, og ekki verður séð, að neitt hafi verið að þeim störfum hans fundið. Að þessu athuguðu og þar sem ljóst er, að hann hlýtur að hafa gerþekkt vél bátsins, verður að telja ósannað, að hann hafi ekki verið fullfær til þess að annast vélgæzlu á bátnum á hinni fyrirhuguðu siglingu hans frá Siglufirði til Reykjavíkur.

Svo sem áður er sagt, varð ekki vart neinna bilana á vél bátsins eftir viðgerðina á Raufarhöfn, og vélin var nýleg og af viðurkenndri gerð. Er því einnig ósannað, að vélinni hafi verið í nokkru ábóta vant, þegar báturinn lagði upp í sína hinztu för. Ber í þessu sambandi að geta þess, að hinn 15. janúar 1951

fór fram í Bolungarvík aðalskoðun bæði á búnaði bátsins og vél, og í maí 1951 fór fram aðalskoðun á bol hans að undantekinni botnskoðun. Virðist ekkert hafa fundizt athugavert við skoðanir þessar. Loks er það einróma álit hinna siglingafróðu samdómenda, að eftir stærð bátsins, siglingaleið þeirri, sem honum var ætlað að fara, og öðrum aðstæðum þá hafi hann verið nægilega mannaður til ferðarinnar, að því er tölu skipverja áhrærir.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja allsendis ósannað, að orsakir þess, að v/b Svanhólm fórst, séu ástæður þær, sem stefnandi heldur fram og reisir skaðabótaskyldu stefnda á.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Veðurstofu Íslands. Kemur þar fram, að veður á Hornbjargsvita frá kl. 18.00 hinn 28. ágúst til kl. 9.00 hinn 29. s.m. var NA 5—8 vindstig og talsverður sjór og stórsjór. Í bátnum var talstöð, og hefur leiðangursstjórinn borið það, að hann vissi ekki betur en hún hefði verið í fullkomnu lagi, þegar hann yfirgaf bátinn síðast. Ekkert heyrðist frá skipverjum um talstöð bátsins. Má því telja sennilegt, að báturinn hafi orðið fyrir snöggu ólagi, er hafi grandað honum, án þess að skipverjum gæfist tími til að láta vita um talstöðina, hvernig komið var, eða hafa nokkur úrræði til bjargar.

Að öllu því athuguðu, sem hér að framan er rakið, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnandi í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnandi, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandi, Rannveigar Ásgeirsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnandi, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 94/1962. **Páll Samúelsson**
gegn
Kristjáni Eiríkssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Samúelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 95/1962. **Hilmar Sigurðsson**
gegn
Kristínu Jörgensen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hilmar Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 105/1962. **Gunnar Ásgeirsson**
gegn
Áka Jakobssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbannsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1962, er barst dóminum 15. s. m. Hann krefst þess, að lögbann það, sem lagt var við framkvæmdum Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns á lóð hans og sóknaraðilja við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík hinn 27. júlí 1962, verði látið fram ganga og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Stjórn Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík er talin hafa úthlutað aðiljum máls þessa 28. nóvember 1961 lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík til að reisa á henni síldar- og fiskverkunarstöð. Hófust aðiljar handa um undirbúning stöðvarsmíðar, en brátt risu úfar með þeim, og varð raunin sú, að varnaraðili réðst einn í að smíða hús á lóðinni. Af þessum sökum krafðist sóknaraðili þess í bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 19. júlí 1962, að hann stöðvaði hússmíð varnaraðilja með lögbanni. Hinn 27. júlí 1962 setti nefndur dómarafulltrúi fógetadóm á lóðinni við Brekkustíg í Njarðvíkurhreppi. Fyrir fógetadóminn komu sóknaraðili og málflytjandi hans, Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður. Af hendi varnaraðilja var enginn mættur, en eigi verður séð, að honum hafi verið gert viðvart. Fógeti lýsti hinu umbeðna lögbanni og tók gilda sem tryggingu fyrir því tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 50.000.00, eigin víxil, útgefinn af sóknaraðilja, og hinn að fjárhæð kr. 200.000.00, samþykktan af sóknaraðilja og útgefinn af Einari Gunnarssyni, Smáratúni 32, Keflavík.

Dómarafulltrúinn, sem lögbannið framkvæmdi, átti, þegar að loknu dómþinginu, tal við varnaraðilja. Gerði varnaraðili kröfu til, að lögbanninu yrði aflétt. Leiddi þessi krafa til þess, að dómarafulltrúinn setti fógetadóm á skrifstofu embættisins hinn 28. júlí 1962 og ákvað með tilvísun til 25. gr. laga nr. 18/1949 að taka lögbannsgerðina til meðferðar af nýju, þar sem nauðsynlegt væri að kveða af nýju á um tryggingu þá, er sóknaraðili skyldi setja fyrir lögbanninu, og svo að veita varnaraðilja færi að tjá sig um

málið. Síðan bókaði dómarinn svohljóðandi ákvörðun: „Fógeti ákvað þá, að lögbann yrði (svo) sett við frekari framkvæmdum á lóð Gunnars Ásgeirssonar og Áka Jakobssonar í Njarðvíkum komi eigi til framkvæmda að svo stöddu.“ Sóknaraðili mótmælti þessari ákvörðun fógeta. Því næst frestaði fógeti málinu til 30. júlí 1962. Á dómþingi þann dag komu báðir aðiljar fyrir dóm, og lagði varnaraðili fram greinargerð af sinni hálfu og mótmælti lögbanninu, en krafðist að öðrum kosti peningatryggingar, að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Enn frestaði fógetinn málinu til 1. ágúst 1962, og skyldi sóknaraðili þá skila greinargerð. Á dómþingi þenna dag lýsti lögmaður sóknaraðilja því, að hann myndi kæra þá ákvörðun fógeta að taka lögbannsgerðina til meðferðar af nýju. Stöðvaði fógeti þá meðferð málsins fyrir fógetadóminum.

Fógeti vatt upphaflega of bráðan bug að lögbanninu að máli ókönnuðu og án þess að varnaraðilja gæfist kostur á að taka til varna, svo séð verði. Vildi fógeti sýnilega með bráðabirgðafrestun sinni á framkvæmd lögbannsins hinn 28. júlí fá færi á að kanna málið og kveða síðan upp í því rökstuddan úrskurð. Til þessa vannst fógeta eigi tími sökum kæru sóknaraðilja. Þá er litið er á málatilbúnaðinn og mynd málsins nú, þykja eigi vera efni til að grípa fram fyrir hendur fógeta á þessu stigi málsins, og er málinu því vísað til fógetadóms til meðferðar og uppsögu rökstudds úrskurðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað til fógetadóms til meðferðar og uppsögu úrskurðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 183/1961. **Ragnheiður Ólafsdóttir**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1961. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 69.297.05 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Þar á meðal eru tvær áætlanir tryggingafræðings um framfærslutjón áfrýjanda svo og skýrsla frá Öryggiseftirliti ríkisins.

Öryggisbúnaði bráðabirgðalyftu þeirrar, er í málinu greinir, var að vísu áfátt, þannig að þeim, er ekki þekkti til, gat verið búinn nokkur háski af. Samkvæmt gögnum málsins hafði eiginmaður áfrýjanda, Gísli heitinn Sæmundsson, verið varaður við hættum þeim, er voru samfara notkun lyftunnar, og kennd rétt notkun hennar. Þrátt fyrir það gaf hann fyrirmæli um gangsetningu lyftunnar, enda þótt hann hljóti samkvæmt því, er raun bar vitni, að hafa verið of nálægt lyftubúnaðinum. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi ekki eiga rétt til bóta úr hendi stefnda vegna slyss þessa. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefði, eins og máli þessu er háttað, átt að kveðja sérfróða samdómendur með sér til dómsetu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., hefur Ragnheiður Ólafsdóttir, Garðastræti 9 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. október 1960, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 148.976.65 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi stefnukröfu sína niður í kr. 69.297.05 og breytti um leið vaxtakröfunni á þá lund, að hún krafðist 6% ársvaxta frá 1. desember 1959 til 22. febrúar 1960, en 9% frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnandi og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara hefur hann krafizt þess, að dómkröfur stefnandi verði lækkaðar stórlega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hér í bæ hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en byggjendur síðargreinds flugumferðarturns höfðu keypt sér ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd, og sáttatilraun dómara hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru svofelldir:

Á árinu 1959 hafði Flugráð látið reisa flugumferðarturn á Reykjavíkurflugvelli. Gísli Sæmundsson, eiginmaður stefnandi, starfaði þar sem verkamaður. Í nóvembermánuði 1959 var sett í turninn lyfta til efnisflutninga, er mun hafa verið tekin í notkun 1. desember s. á. Þann dag var verið að nota lyftuna til flutninga á steypulögun frá kjallara turnsins upp á 6. hæð.

Að verki þessu unnu Gísli Sæmundsson og Guðmundur Hjörleifsson. Vinnutilhögun var þannig háttað, að Guðmundur vann í kjallara turnsins við að laga steypu, sem hann mokaði síðan í hjólbörur og ók inn í lyftuna. Lyftan flutti þær síðan upp á 6. hæð, en þar tók Gísli á móti þeim og ók þeim til þriggja múrara, sem unnu við að múrhúða hæðina að innan. Stjórna mátti lyftu þessari bæði frá kjallara og 6. hæðinni. Sá háttur var á hafður, að Gísli stjórnaði lyftunni upp á 6. hæð, að undangengnu kalli frá Guðmundi um að „hífa", en Guðmundur stjórnaði henni niður, að undangengnu kalli frá Gísla um að „slaka". Laust eftir kl. 17.00 þann dag kveður Guðmundur Gísla hafa kallað til sín að „slaka" lyftunni niður. Segist Guðmundur hafa gert það þegar í stað, en eftir að lyftan hafi sigið um það bil 20 cm, hafi hún stöðvazt. Hafi hann þá lyft henni aftur um það bil 10 cm og hlaupið upp. Hafi Gísli þá verið látinn á gólfinu fyrir framan lyftusvelgsopið.

Athugun á líkinu og aðstæðum virtust benda til þess, að Gísli heitinn hafi verið með höfuðið inni í lyftusvelgnum, er lyftan var látin síga, og járnslá, er hélt lyftustólnum saman að ofan, hafi lent á höfði hans, og það klemmzt á milli slár þessarar og þverslár, er negld var fyrir op lyftusvelgsins.

Þegar eftir slysið var hringt á sjúkrabifreið og Gísli heitinn fluttur á Slysavarðstofuna, en hann var látinn, er þangað kom.

Engir sjónarvottar voru að slysi þessu.

Guðmundur Hjörleifsson hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að þetta hafi eiginlega verið fyrsti dagurinn, sem þeir hafi unnið með lyftuna. Gísli heitinn hafi alltaf stjórnað lyftunni upp, en sjálfur hafi hann stjórnað henni niður. Lyfta þessi, sem knúin hafi verið með rafmagnsmótor, hafi verið alveg í stokk, en hurð hafi verið á hverri hæð, sem allar hafi verið lokaðar nema í kjallara og á 6. hæð. Þeir hafi báðir getað stjórnað lyftunni upp og niður frá þeim stað, sem þeir voru á, en samkomulag hafi verið með þeim um að kallast á, þar eð hvorugur þeirra hafi getað séð, hvenær lyftan væri komin í hæfilega stöðu fyrir hinn til að taka úr henni börurnar eða setja þær í hana. Guðmundur segir ljós hafa verið bæði uppi og niðri og hafi því sézt vel til við vinnuna.

Í umrætt skipti kveðst Guðmundur hafa sent einar börur upp. Síðan hafi liðið langur tími og Gísli heitinn hafi komið niður til hans og síðan farið upp aftur, en þá kveðst Guðmundur hafa spurt hann eftir klukkunni. Hafi hún þá verið 17.15. Frá

því er Gísli heitinn hafi farið upp, hafi enn liðið nokkur stund, þar til er hann hafi kallað niður til Guðmundar að „slaka". Sagðist Guðmundur þá hafa haft „slaka" upp eftir honum og tekið um leið í vírinn, sem setji lyftuna af stað. Hafi því ekki liðið nema brot úr mínútu, frá því að kallað var, og þar til lyftan hafi farið af stað niður. Þegar lyftan hafi verið komin um það bil 20 cm niður, kvaðst Guðmundur hafa tekið eftir því, að keyrsluvírinn hafi hætt að renna, og hafi hann þá um leið vitað, að lyftan væri föst. Kveðst hann þá hafa híft lyftuna um það bil 10 cm, og í þeirri stöðu hafi hún verið, er lögreglan kom á vettvang. Hafi hann því næst hlaupið upp stigana, og er þangað kom, hafi Gísli heitinn legið á bakinu á gólfinu við lyftudyrnar með fæturna að lyftuopinu, eins og hann hefði dottið til hliðar og á bakið. Hafi blóðpollur verið undir höfðinu á Gísla heitnum. Guðmundur kvaðst ekkert geta um það sagt, hvort Gísli heitinn hafi verið látinn, er hann kom þarna að honum.

Hann kvað þrjá múrara hafa verið þarna á 6. hæðinni og hafi hann kallað í þá og sagt þeim frá slysinu, en þeir hafi þá ekki verið orðnir þess áskynja. Rétt á eftir hafi Snæbjörn Pálsson borið þar að, er hafi þegar hlaupið niður og hringt á sjúkrabifreið.

Guðmundur kveður járnslá hafa verið efst á lyftunni, en fyrir miðjum dyrum hafi verið tréslá til að koma í veg fyrir, að maður færi inn í lyftuna. Telur hann, að annað hvort hafi Gísli heitinn lagzt fram á tréslána og litið inn í lyftuna, um leið og hún fór af stað, eða þá, að hann hafi fengið aðsvif og dottið fram á slána, því að hann hafi lent með höfuðið á milli járnbitans og tréslárinnar. Guðmundur kveður rafvirkjann hafa verið búinn að banna þeim Gísla heitnum að reka höfuðið inn í lyftusvelginn, þegar þeir hafi verið að vinna við lyftuna. Guðmundur kvað Gísla heitinn hafa haft góða heyrn og sjón og ekki virzt seinn að átta sig á hlutunum, miðað við aldur, en hann var 70 ára, er slysið varð.

Einar Guðmundsson múrari hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hafi unnið við múrverk á efstu hæð flugumferðarturnsins ásamt þeim Sigtryggi Pálssyni og Stefáni Jónssyni, er slysið vildi til. Gísli heitinn hafi ekið til þeirra steypulögun frá lyftunni. Hann kveður þá múrarana hafa unnið í sal fyrir innan lyftuganginn og hafi þeir því ekki fylgzt með því, sem gerðist á ganginum, og hann hafi ekkert um slysið vitað, fyrr

en Guðmundur Hjörleifsson hafi komið og tjáð þeim, hvernig komið var. Hafi þeir þá allir farið strax fram á ganginn, og kvaðst Einar hafa séð Gísla heitinn liggja því sem næst á bakinu fyrir framan lyftudyrnar. Hafi verið blóð uppi í honum og á andliti hans. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við, að Gísli heitinn hreyfðist neitt. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, í hvaða stöðu lyftan var, þegar hann kom fram, en engu hafi verið hreyft á staðnum, frá því að hann kom að og þar til lögreglan kom á vettvang. Fullkomið ljós hafi verið á ganginum, og því sézt vel til. Ekki hafi aðrir verið á 6. hæðinni en þeir múrararnir og Gísli heitinn, er slysið vildi til, sem Einari virtist hafa orðið með þeim hætti, að Gísli heitinn hafi klemmzt á milli járnbitans í lyftunni og slárinnar fyrir lyftudyrunum, er lyftan var látin síga.

Rannsóknarlögreglan hefur enn fremur yfirheyrt þá múrarana Sigtrygg Pálsson og Stefán Jónsson ásamt Snæbirni Pálssyni, er hafði umsjón með flugumferðarturninum á þessum tíma. Menn þessir voru allir staddir í fyrrgreindum sal á 6. hæð turnsins, er slysið vildi til. Sáu þeir því ekki, með hverjum hætti það atvikaðist, og vissu fyrst, hvernig komið var, er þeim var tilkynnt, að slys hefði orðið.

Allir lýstu þeir aðkomu sinni á slysstað í meginatriðum á sama veg og Einar Guðmundsson hefur gert hér að framan. Stefán Jónsson kvaðst þó hafa tekið eftir því, að Gísli heitinn hafi hreyft sig aðeins og eitthvað uml heyrzt frá honum. Mennirnir töldu allir, að slysið hefði orðið með þeim hætti, að Gísli heitinn hefði klemmzt á milli járnslárinnar í lyftunni og framangreindrar þverslár í lyftuopinu, er lyftan fór niður.

Við yfirheyrsluna tóku allir þessir menn fram, að búið hafi verið að vara menn við að fara með nokkurn líkamshluta inn í lyftusvelginn, og Stefán Jónsson tók beint fram, að Gísli heitinn hafi um þetta vitað.

Þegar eftir slysið komu tveir lögreglumenn á vettvang, er tóku ljósmyndir af slysstaðnum og gerðu uppdrátt af lyftuopinu á 6. hæð. Hafa gögn þessi verið lögð fram í málinu. Bæði á ljósmyndum þessum og uppdrætti sést blóðflekkur á neðra þvertréi því, er neglt var fyrir lyftuopið. Lögreglumennirnir tóku skýrslu af Guðmundi Hjörleifssyni þegar á staðnum. Er skýrsla hans efnislega samhljóða skýrslu þeirri, er hann gaf síðar hjá rannsóknarlögreglunni og rakin hefur verið hér að framan, að öðru leyti en því, að í skýrslu sinni til lögreglu-

mannanna kvaðst hann hafa kallað upp til Gísla heitins, um leið og hann lyfti lyftunni, og spurt hann, hvað væri að, en ekkert svar fengið.

Þetta atriði kemur ekki fram í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglunni.

Í skýrslu lögreglumanna segir m. a. á þessa leið: „.... Þannig er gengið frá lyftuhurðinni á 6. hæð, að slegið hafði verið borðum þvert fyrir karminn, svo að aðeins var hægt að koma börunum inn í lyftuna, en ekki var hægt að ganga inn í hana, því að lyfta þessi var einungis ætluð til vöruflutninga. Borð þessi voru hins vegar ekki þétt saman, og var hægt að standa fyrir utan og setja höfuðið inn á milli þeirra.

Er sennilegt, að Gísli hafi verið með höfuðið inn á milli borðanna, þegar lyftunni var slakað. Síðan hefur járnslá, er var áföst við lyftuna, gengið niður á höfuð Gísla og klemmt hann á milli eins borðsins. Síðan, þegar lyftunni var lyft, hefur hann fallið á gólfið."

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 30.11. 1959, dskj. nr. 4, undirritað af H. Þorsteinssyni, varðandi oftnefnda lyftu, svohljóðandi: „Lyftan er bráðabirgðalyfta. Skoðuð og reynd vörulyfta. Búnaður allur traustur og vel frá gengið. Lagfæra þarf hliðarslag stólsins innan 3—4 daga. Leyfi veitt til að taka lyftuna í notkun. Hafa skal gætna og ábyggilega menn til að stjórna henni. Hengja skal spjald á lyftustól: Mannflutningar stranglega bannaðir." Vottorð þetta var móttekið af Herði Davíðssyni, en hann vann að uppsetningu lyftu þessarar ásamt Ásgeiri Sigurðssyni.

Eftir að framangreint slys hafði viljað til, gerði H. Þorsteinsson, eftirlitsmaður hjá Öryggiseftirliti ríkisins, skýrslu um slysið, dags. 2/12 1959. Í skýrslu þessari, sem lögð hefur verið fram í málinu, er lyftu og umbúnaði lýst svo: „.... Lyftustóllinn er kassalöguð vinkiljárnsgrind, sem er í tveimur trébitastýringum sitt hvoru megin til hliðar. Stýringarnar eru úr 4"×4". Í lyftudyrum, ca 80—90 cm frá gólfi, er komið fyrir þverslá til varnar þess, að menn geti gengið inn í lyftusvelginn, ef lyftustóllinn er ekki á staðnum, og hrapað niður. Er sláin úr 2"×4" tré. Stjórnvír lyftunnar liggur frá neðstu dyrum og upp fyrir efstu dyr svelgsins innanvert við þær. Hraði lyftunnar er ca 0.57 m/sek." Síðan er lýst tilhögun við stjórn lyftunnar og verkaskiptingu þeirra Guðmundar Hjörleifssonar og Gísla heitins, er rakið hefur verið fyrr í dóminum. Að þeirri lýsingu lokinni

segir svo: „Í umrætt skipti hafði þetta gengið þannig fyrir sig, eins og ætlað var. En í stað þess að gæta þess að halda sig algerlega utan við lyftusvelginn og kalla niður, þá beygir Gísli sig inn fyrir þverslána í dyrunum og kallar til Guðmundar að slaka. En í stað þess að fara strax út úr lyftunni, virðist hann hafa einhverra orsaka vegna gleymt sér og horfir á eftir stólnum færast niður, og kemur þá vinkiljárnslá, er heldur stólnum saman að ofan, á aftanverðan háls hans og klemmir hann á milli sín og þverslárinnar í dyrum. Engin ástæða var fyrir Gísla, að beygja sig inn fyrir dyrnar til að kalla í Guðmund, því að Guðmundur heyrði ágætlega til hans, þótt hann stæði algjörlega utan við dyrnar, því bæði er hljóðbært í húsinu og lyftusvelgurinn flytur ágætlega hljóð, og einnig er þarna fast við hliðina hringstigi, sem myndar op alla leið niður í kjallara.

Öryggiseftirlitið var búið að leyfa notkun á lyftunni daginn áður og gerði þær kröfur, er koma fram í meðfylgjandi skýrslum. Aðvörunarspjöld um bann við mannflutningum voru ekki komin, en lagfæring um að laga frígang við stýringar var gefin 3—4 daga frestur, enda ekki um neitt hættuatriði að ræða í sambandi við það.

Eftirlitið lagði ríka áherzlu við þá, er settu upp lyftuna, að brýna vel fyrir þeim, er stjórna ættu lyftunni, hættur þær, er því væru samfara, og kenna þeim stjórn hennar fullkomlega. Kemur það fram í skýrslum Harðar Davíðssonar og Ásgeirs Sigurðssonar og Guðmundar Hjörleifssonar, að því hefur verið framfylgt.

Það skal tekið fram, að allar dyr lyftunnar voru læstar nema viðkomandi dyr, sem verið var að nota, og voru lyklar þeirra dyra geymdir í umsjá lyftustjórnenda.

Uppfesting og frágangur lyftunnar er mjög traustur."

Fyrrgreindur eftirlitsmaður hjá Öryggiseftirliti ríkisins hefur tekið skýrslur af þeim Ásgeiri Sigurðssyni og Herði Davíðssyni vegna slyssins, dags. 3/12 1959. Skýrsla hins fyrrnefnda er svohljóðandi: „Ég hefi ásamt Herði Davíðssyni verið við uppsetningu á vörulyftu þeirri í flugturninum nýja á Reykjavíkurflugvelli, sem slysið skeði við. Við höfðum lokið við uppsetningu hennar að mestu þann 29.11. 1959.

Var þá kallað til Öryggiseftirlits ríkisins og beðið um leyfi til að fá að taka lyftuna í notkun. Leyfi var veitt þann 30.11. Ég hafði tal af mönnum þeim, er stjórna áttu lyftunni, og benti þeim á hættu þá, er væri því fylgjandi að fara inn í lyftustól-

inn, og ættu þeir að gæta þess að fara aldrei með neinn hluta líkamans inn fyrir slár þær, er voru í dyrunum. Ég hafði tal af þeim látna um kl. 14.30 daginn, sem slysið skeði, og ítrekaði við hann aðvaranir mínar, og virtist hann bera fullt skyn á þær."

Skýrsla hins síðarnefnda hljóðar svo: „Ég hef séð um uppsetningu á vörulyftu í nýja flugturninum á Reykjavíkurflugvelli, og var frágangur hennar allur í samráði við Öryggiseftirlit ríkisins. Lyftan er einungis bráðabirgðalyfta, sem nota á til flutnings efnis, meðan bygging stendur yfir.

Við höfðum lokið að mestu uppsetningu þann 30.11., og var þá beðið leyfis um að fá að taka lyftuna í notkun, og var það veitt samdægurs. Í skjali Öryggiseftirlitsins var krafizt, að aðeins gætnir og ábyggilegir menn yrðu látnir annast stjórn lyftunnar, og sýndi ég Guðmundi Gíslasyni byggingameistara það. Kvaddi hann þá til tvo menn, þá Guðmund Hjörleifsson og Gísla Sæmundsson, og var ég með þeim allan daginn til kvölds við að kenna þeim að stjórna henni og vara þá við hættum þeim, er samfara eru því að nota slíka lyftu, og bað þá um að gæta alltaf fyllstu varúðar, og virtust þeir skilja þær hættur, er ég benti þeim á. Einnig bað ég þá um að hafa allar dyr lyftunnar læstar, er ekki var verið að nota.

Ég tjáði þeim að stjórna lyftunni þannig, að sá, er niðri væri, ætti að kalla upp til hins að hífa, þegar lyftan væri tilbúin að fara upp, og svo ætti sá, er uppi væri, að kalla niður, þegar búið væri að losa lyftuna, og hann skyldi slaka henni niður, og var þessu framfylgt."

H. Þorteinsson eftirlitsmaður bar ofanritaðar skýrslur þeirra Ásgeirs Sigurðssonar og Harðar Davíðssonar undir Guðmund Hjörleifsson hinn 3/12 1959. Staðfesti Guðmundur skýrslur þeirra sem réttar í öllu, að því er varðar kennslu á meðferð lyftunnar og varúðarorð þeirra.

Með bréfi, dags. 17. febrúar 1960, fór lögmaður stefnandi þess á leit við borgardómarann í Reykjavík, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að skoða margnefnda lyftu og gera á henni eftirfarandi lýsingu:

„1. Nákvæma lýsingu með uppdrætti af lyftu og lyftuhúsi fyrir slysið.
2. Nákvæma lýsingu með uppdrætti af lyftu og lyftuhúsi, en fram kemur, að umbúnaði öllum hefur verið breytt eftir slysið.

Þá segi skoðunarmenn til um það, hvort þeir telji þann

umbúnað og þá vinnutilhögun, sem þarna var höfð, venjulega og forsvaranlega."

Til þess að framkvæma skoðunargerð þessa voru dómkvaddir þeir Björn Rögnvaldsson húsasmíðameistari og Jóhannes Zoëga verkfræðingur.

Skoðunarmenn hafa skilað teikningu og skoðunargerð, dags. 30. maí 1960. Í skoðunargerð þessari segir svo að loknum inngangsorðum: „.... Við teljum, að með aðgæzlu, sem ávallt verður að viðhafa á vinnustöðum, þar sem tækjaútbúnaður er oftast með bráðabirgðasniði, sem ekki er ætlaður til frambúðar, hafi slysahætta af þessari lyftu ekki verið mikil. Þó teljum við, að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru eftir slysið, hafi öryggið verið aukið með tiltölulega mjög ódýrum aðgerðum, en það eru:

1. Efri og fremri þverslá lyftustóls (A á teikningu) er tekin burt.
2. Net er sett í efra op lyftudyranna (C á teikningu)."

Teikning skoðunarmannanna er í samræmi við ofanritað ummæli þeirra í skoðunargerðinni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að slys þetta hafi orsakazt vegna óforsvaranlegs umbúnaðar við lyftuna og vegna óforsvaranlegrar vinnutilhögunar.

Algerlega hafi skort nauðsynlegt merkjakerfi í sambandi við notkun lyftunnar, til þess að unnt væri að sjá, hvort hún væri í gangi. Hafi starfsmennirnir því orðið að kallast á við verkið, en til þess virðist þeim hafa verið nauðsyn að halla sér inn í lyftusvelginn.

Þá bendir stefnandi á, að strax eftir slysið hafi umbúnaði lyftunnar verið breytt þannig, að slys sem þessi séu nú útilokuð.

Af því, sem nú hefur verið rakið, telur stefnandi ljóst, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysi þessu, þar eð umræddur flugumferðarturn hafi verið byggður af Flugráði, en ríkissjóður leggi fram allt fé til starfsemi þeirrar stofnunar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á, að umbúnaður lyftunnar hafi verið óaðfinnanlegur, miðað við aðstæður. Í því sambandi vitnar hann til ummæla hinna dómkvöddu skoðunarmanna í 4. mgr. skoðunargerðarinnar á dskj. nr. 14 svo og til skýrslna Öryggiseftirlits ríkisins, dags. 30.11. 1959, þ. e. daginn fyrir slysið, sbr. dskj. nr. 4 og 5, og ennfremur dskj. nr. 9.

Þá kom' það og skýrt fram í skýrslum þeirra, sem settu lyftuna upp, dskj. nr. 10, svo og allra vinnufélaga Gísla heitins, að rækilega hafði verið brýnt fyrir honum og Guðmundi Hjör-

leifssyni að fara aldrei með neinn hluta líkamans inn fyrir slár þær, er voru í lyftudyrunum, sbr. dskj. nr. 6 og 11. Sé þess jafnframt getið í skjölum þessum, að annar þeirra manna, sem unnu að frágangi lyftunnar, Hörður Davíðsson, hafi verið með þeim Gísla heitnum og Guðmundi allan daginn 30. nóvember 1959 til þess að kenna þeim að starfrækja lyftuna og brýna fyrir þeim að gæta fyllstu varúðar í því starfi.

Stefndi mótmælir því sem alröngu, að nauðsynlegt hafi verið fyrir menn þá, er við lyftuna unnu, að halla sér inn í lyftusvelginn til þess að köll þeirra heyrðust. Í þessu sambandi vitnar stefndi í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins á dskj. nr. 9, þar sem tekið er fram, að engin ástæða hafi verið til slíks.

Að endingu telur stefndi, að af gögnum málsins sé það fullkomlega ljóst, að slysið hafi einungis orðið fyrir þá óskiljanlegu vangá Gísla heitins að halla sér inn í lyftusvelginn, er hann kallaði til starfsfélaga síns að slaka lyftunni niður.

Aðstæður á slysstað benda til, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að Gísli heitinn hafi hallað sér inn í lyftusvelginn, um leið og hann kallaði, og við það klemmzt á milli járnslárinnar efst á lyftustólnum og neðra þvertrésins í lyftuopinu, er lyftunni var slakað.

Með framburði þeirra manna, er rakinn hefur verið hér að framan, verður að telja sannað, að Gísla heitnum hafi á fullnægjandi hátt verið kennd meðferð margnefndrar flutningalyftu og að fyrir honum hafi verið brýnd sú hætta af lyftunni, er varð honum að aldurtila.

Þegar þetta er haft í huga og þess er ennfremur gætt, að umbúnaður lyftunnar verður ekki talinn hafa verið þannig úr garði gerður, að hann baki stefnda fébótaábyrgð á nefndu slysi, þá þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnandi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnandi, Ragnheiðar Ólafsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 108/1962. **Þórscafé h/f**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking úrskurðar og heimvísan máls.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. ágúst 1962, er barst dóminum 24. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að vitninu Hallgrími Jónssyni heimilist að staðfesta vætti sitt fyrir fógetadómi með drengskaparheiti og varnaraðili greiði honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi málsaðilja, og krafna þeirra í aðalmálinu, málsástæðna og málsatvika er að engu getið. Héraðsdómari hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1962.

Er mál þetta var fyrir dóminum hinn 30. okt. s.l., var Hallgrímur Jónsson lögregluþjónn leiddur sem vitni. Hinn 2. f. m.

kom hann aftur fyrir dóminn að tilhlutan umboðsmanns gerðarþola, er óskaði þess, að vitnið staðfesti framburð þess frá 30. okt. s.l. Spurði fógeti vitnið, hvort það væri í viðurkenndu trúfélagi og tryði á guð. Vitnið neitaði að svara þeirri spurningu, kvað það einkamál sitt og að það teldi sér ekki skylt að staðfesta framburð sinn með eiði, en væri fúst að staðfesta hann með drengskaparheiti.

Umboðsmaður gerðarþola krafðist þess þá, að vitnið yrði látið staðfesta framburð þess með drengskaparheiti, enda yrði það ekki skyldað til að svara framangreindri spurningu fógeta, sbr. hæstaréttardóm frá 1954, dómasafn bls. 16—17.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að vitnið yrði skyldað til að svara spurningu fógeta, þar eð hinn tilvitnaði hæstaréttardómur ætti ekki við um tilvik sem það, er hér um ræðir.

Fógeti tók sér frest til næsta réttarhalds til þess að kveða upp úrskurð um þetta atriði.

Samkvæmt 222. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 gildir 134. gr. sömu laga um staðfestingu í fógetamálum.

Samkvæmt því lagaákvæði fer staðfesting fram með tvennum hætti, eiðvinningu og drengskaparheiti, og skal staðfesting fara fram með eiðvinningu, ef vitnið er í viðurkenndu trúfélagi og tjáir sig að gefnu tilefni fyrir dómara trúa á guð. Ella skal staðfesting fara fram með drengskaparheiti.

Leiðir af því, að staðfesting getur ekki farið fram, ef vitni neitar að svara spurningu sem þeirri, er hér um ræðir.

Dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa stafar af sumarleyfi fógeta.

Því úrskurðast:

Vitninu, Hallgrími Jónssyni, er skylt að svara framangreindri spurningu fógeta, áður en hægt er að ákveða, á hvern hátt það skuli staðfesta framburð þess hér fyrir dóminum.

Miðvikudaginn 3. október 1962.

Nr. 185/1961. **Guðlaugur Einarsson og Svanlaug Þorgeirsdóttir** (Guðlaugur Einarsson hdl.) gegn **borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs** (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð dæmd ómerk.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður og eiginkona hans, Svanlaug Þorgeirsdóttir, hafa með stefnu 13. desember 1961 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var af fulltrúa borgarfógeta Hirti Hjartarsyni hinn 30. október 1961 eftir kröfu stefnda. Krefjast áfrýjendur þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að honum verði dæmd sýkna. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Atvik málsins eru þau, að haustið 1961 hafði stefndi sent fógeta til lögtaks útsvarskröfu á hendur áfrýjanda Guðlaugi fyrir árið 1961, að fjárhæð kr. 12.600.00. Hinn 30. október 1961 ók fógeti að húsinu nr. 78 við Laugarnesveg, þar sem áfrýjendur eiga heimili. Ekki var þeim gert við vart um komuna, en fógeti skipaði Hörð Jónasson, innheimtumann Reykjavíkurborgar, er með honum var í bifreiðinni, réttargæzlumann áfrýjanda Guðlaugs. Setti fógeti rétt í bifreiðinni, og eftir tilvísun Harðar lýsti hann yfir lögtaki í eignarhluta „gerðarþola í húseigninni nr. 78 við Laugarnesveg", til tryggingar útsvarsskuldinni auk dráttarvaxta og kostnaðar. Er húshluti þessi þinglesin eign áfrýjanda Svanlaugar. Áfrýjanda Guðlaugi var tilkynnt lögtaksgerðin með bréfi starfsmanns stefnda, dags. 31. október

1961. Áfrýjaði hann gerðinni hinn 13. desember s. á., eins og fyrr greinir. Hinn 30. sama mán. greiddi hann útsvarsskuldina að fullu, en gerði jafnframt fyrirvara um, að hann mundi halda fram áfrýjun máls þessa.

Af hálfu áfrýjenda er því lýst, að þau hafi bæði verið á heimili sínu, er lögtaksgerðin fór fram, en ekki um hana vitað, fyrr en áfrýjanda Guðlaugi barst framangreind tilkynning. Telja þau framkvæmd lögtaksins andstæða lögum, og beri því að fella hana úr gildi.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að með greiðslu útsvarsskuldarinnar sé lögtakið niður fallið og áfrýjun því þarflaus. Það er að vísu rétt, að með greiðslunni er lögtakið leyst af húshlutanum, sbr. 10. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. En þar sem framangreindur fyrirvari var gerður og úrlausn þess, hvort lögtaksgerðin hafi verið lögmæt, skiptir áfrýjendur máli að lögum, þá verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Rök fyrir sýknukröfu stefnda eru þau, að áfrýjandi Guðlaugur hafi, áður en lögtaksgerðin fór fram, beðið fulltrúa borgarfógeta, er annast lögtaksgerðir við innheimtu bæjargjalda, að koma ekki inn á heimili sitt í lögtakserindum. Af þeim sökum hafi fógeti brugðið út af venju um framkvæmd lögtaksins, og megi telja, að áfrýjandi Guðlaugur hafi samþykkt afbrigðin. Í máli þessu hefur áfrýjandi Guðlaugur hins vegar neitað því, að hann hafi borið slík tilmæli fram við fógetafulltrúana, og er staðhæfing stefnda um þetta ósönnuð.

Þar sem fógeti neytti ekki um framkvæmd lögtaksins heimildar 2. gr. laga nr. 108/1950, þá bar honum, eins og á stóð, að hefja lögtaksgerðina á heimili áfrýjanda Guðlaugs og veita honum eða þeim, sem þar kæmi fram fyrir hans hönd, kost á að greiða útsvarskröfuna eða vísa ella á eignir til lögtaks, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 og 33.—35. gr. og 24. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Fógeti fór ekki eftir þessum reglum, og verður að telja það slíkan galla á framkvæmd lögtaksins, að ómerkja ber umrædda dómsathöfn samkvæmt kröfu áfrýjenda.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn á vera ómerk.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði áfrýjendum, Guðlaugi Einarssyni og Svanlaugu Þorgeirsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómþing í fógetadómi Reykjavíkur 30. október 1961.

Ár 1961, mánudaginn 30. október, var fógetaréttur Reykjavíkur setur í húsinu nr. 78 við Laugarnesveg í Reykjavík og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Hirti Hjartarsyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkerans í Reykjavík, en á ábyrgð bæjarsjóðs, að gera lögtak hjá Guðlaugi Einarssyni s. st. til tryggingar ógoldnu útsvari til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1961, kr. 12.600.00 auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram nr. 1, beiðni um gerðina, og nr. 2, útsvarsseðil. Skjölin hljóða svo:

Nr. 1 og 2. Fylgja með í afritum.

Gerðarþoli er eigi sjálfur mættur í réttinum, en mættur er að tilhlutan fógeta Hörður Jónasson, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafið gjald, en hann kvaðst eigi geta greitt.

Skoraði fógeti þá á mættan að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir honum að segja satt og hverju það varðaði að lögum að skýra rangt frá fyrir rétti.

Áður en uppskriftin byrjaði, unnu vottarnir svohljóðandi heit:

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar og virðingarmenn við fógetagerð þessa, heitum því, að viðlögðum drengskap okkar, að vinna verk þetta eftir beztu samvizku og þekkingu.

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp.

Eignarhluti gerðarþola í húseigninni nr. 78 við Laugarnesveg. Fallið frá virðingu.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreind-

um eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógeti þá fyrir mættum að tilkynna gerðarþola lögtakið og að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 5. október 1962.

Nr. 72/1962. **Anton Högnason** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fébótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. apríl 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1962. Hefur hann fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Kröfur hans eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 140.-440.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. maí 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og skipaðs talsmanns hans í Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Vitnaskýrslur eru ósamhljóða um, hvort áfengisáhrif hafi mátt sjá á áfrýjanda fyrstu tímana eftir hádegi hinn 12. nóvember 1957. Í dómi 15. október 1958 taldi Hæstiréttur því eigi sannaða sök á hendur áfrýjanda um brot gegn

áfengislögum, bifreiða- og umferðarlögum árdegis nefndan dag. Nú sækir áfrýjandi ríkissjóð til greiðslu skaða- og miskabóta vegna refsidóms sakadóms Reykjavíkur og ökuleyfissviptingar. En hér er það í efnum, að áfrýjandi réð sjálfum sér á hendur rannsókn þá, sem leiddi til máls ákæruvaldsins, með því að kveðja til lögreglumenn, þá er starfsstúlka í Sundhöll Reykjavíkur laust eftir hádegi 12. nóvember 1957 brigzlaði honum um áfengisáhrif og synjaði honum aðgangs að sundlauginni, og þrátt fyrir kvaðningu sína á lögreglu skoraðist áfrýjandi algerlega, þá er á hólminn kom, undan því að ganga undir öndunarpróf og láta framkvæma rannsókn á því, hvort áfengi fyndist í blóði hans. Hafa sönnur því eigi verið leiddar að því, að hann sé saklaus af hegðun þeirri, sem ákæruvaldið sótti hann til sakar fyrir. Geymir þannig hvorki 153. gr., önnur ákvæði XVIII. kafla laga nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, né loks aðrar réttarreglur heimild, sem á verði reistur fébótaréttur áfrýjanda vegna refsidóms sakadóms Reykjavíkur og ökuleyfissviptingar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir héraðsdómi, kr. 5000.00, og málflutningslaun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Anton Högnason, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. kr. 5000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, höfðaði Anton Högnason bifreiðarstjóri, Hagamel 28 hér í borg, gegn dómsmálaráðherra f. h. ríkisvaldsins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, sem birt var 21. marz 1959. Krefst stefnandi bóta fyrir fjártjón og miska af völdum refsidóms og ökuleyfissviptingar í sakadómi Reykjavíkur, en hann var síðar sýknaður í Hæstarétti af kröfum ákæruvaldsins. Við meðferð málsins hefur kröfum stefnanda verið breytt nokkuð. Við munnlegan flutning var krafizt bóta, að fjárhæð kr. 140.440.00, úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, svo og 7% vaxta af þeirri fjárhæð frá 14. maí 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Í stefnu hafði verið krafizt 7% vaxta p. a. frá 14. maí 1958 til greiðsludags. Dómsmálaráðuneytið hefur veitt stefnanda gjafsókn í máli þessu, og samkvæmt fyrirmælum ráðherra hefur verið krafizt málskostnaðar til handa stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Upphæðin er lögð undir mat dómsins.

Af hálfu fjármálaráðherra er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara lækkunar upphæða og málskostnaðar.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur dómsmálaráðherra f. h. ríkisvaldsins, og ekki gerir ráðherrann kröfur í málinu.

Málavextir eru þessir: Aðfaranótt þriðjudagsins 12. nóvember 1957, um miðnætti, steig stefnandi upp í bifreið hér í borg og dvaldist í henni í um 3 klst. að eigin sögn. Bifreiðinni var á þessum tíma ekið um borgina, og gerði það stúlka nokkur. Farþegar auk stefnanda voru þrír karlmenn. Stefnandi kveðst hafa verið algáður, þegar hann steig upp í bifreiðina, en í henni neytti hann áfengis, og kvaðst hann hafa verið nokkuð undir áhrifum þess, þegar hann fór úr bifreiðinni. Þá segist hann hafa drukkið vínblöndu, eftir að hann fór úr bifreiðinni. Hann kveðst hafa gengið til náða um fjögurleytið um morguninn.

Stefnandi kveðst hafa vaknað á tíunda tímanum og þá hafa ekið í bifreið sinni til eins þeirra manna, Jóhannesar Péturssonar, sem hann hafði verið með nóttina áður. Síðan ók stefnandi Jóhannesi til Elfars Magnússonar, annars félaga síns frá

því um nóttina, og fóru þeir þremenningarnir um hádegisbilið í Sundhöll Reykjavíkur. Fram er komið, að stefnandi færði félögum sínum hvítvínsflösku, sem þeir drukku úr, en ekki kveðst stefnandi sjálfur hafa neytt víns, eftir að hann vaknaði um morguninn, og þeir Jóhannes og Elfar segjast ekki hafa orðið slíks varir.

Þeir félagar tóku sér bað í sundhöllinni. Síðan bað stefnandi um sundskýlur handa þeim, en þeirri bón var synjað á þeim grundvelli, að stefnandi væri ölvaður. Stefnandi hringdi í lögregluna til að fá leiðréttingu á þessum áburði, að því er hann sjálfur segir. Komu tveir lögregluþjónar á vettvang, og varð það úr, að stefnandi fór með þeim á lögreglustöðina. Gekk hann þar fyrir Pálma Jónsson varðstjóra. Neitaði stefnandi við þetta tækifæri eindregið að blása í belg, sem sýnir, hvort sá, sem það gerir, hefur nýlega neytt áfengis. Einnig neitaði stefnandi að láta taka sér blóð til rannsóknar.

Þeir Jóhannes og Elfar hafa báðir borið, að þeir hafi ekki séð áfengisáhrif á stefnanda þennan morgun. Tvær af starfsstúlkum sundhallarinnar og umsjónarmaður þar töldu fyrir dómi, að stefnandi hefði verið undir áhrifum áfengis, og sögðust hafa fundið áfengisþef af stefnanda. Stúlkurnar sögðu einnig, að framkoma hans hefði verið óeðlileg. Tveir baðverðir í sundhöllinni, sem munu hafa haft samskipti við stefnanda í umrætt sinn, hafa hins vegar borið, að þeir hafi ekki fundið af honum áfengisþef. Annar kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort stefnandi væri undir áhrifum áfengis, en tók síðar fram, að það væri álit sitt, að stefnandi hefði fundið til áfengisáhrifa. Hinn vörðurinn kvaðst ekki hafa tekið eftir neinu í fari stefnanda, sem bent gæti til þess, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Lögregluþjónarnir tveir, sem áður eru nefndir, kváðust ekki hafa greint merki áfengisáhrifa á stefnanda, og hið sama bar varðstjórinn. Hann tók þó fram, að stefnandi hafi virzt æstur í framkomu.

Með ákæruskjali, sem dagsett var 24. febrúar 1958, var höfðað opinbert mál gegn stefnanda fyrir að hafa þriðjudagsmorguninn 12. nóvember ekið bifreið, eins og fyrr er frá greint, þótt hann væri undir áhrifum áfengis eða svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt.

Dómur í málinu var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 14. maí 1958. Þar segir m. a.:

„Ekki þykir nægilega sannað með vætti vitna, sem að framan eru rakin, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis við akstur sinn í umrætt skipti. Ber því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Með eigin frásögn ákærða um áfengisneyzlu sína umrædda nótt og synjun hans um öndunarpróf og blóðtöku til alkóhólákvörðunar og með hliðsjón af framburðum vitnanna Lilju Kristinsdóttur, Huldu Kristinsdóttur og Bergsveins Jónssonar þykir ljóst, að ákærði hafi verið svo á sig kominn, vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi sínu samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 4 mánuði frá birtingu dómsins."

Dómi þessum var áfrýjað. Hæstaréttardómur í málinu var kveðinn upp 15. október 1958. Þar er tekið fram, að ekki sé fram komið, að stjórn stefnanda á bifreiðinni hafi í neinu verið áfátt hinn umrædda morgun. Síðan eru raktir framburðir vitna úr starfsliði sundhallarinnar og framburðir lögregluþjónanna tveggja og varðstjórans, sem áður er um getið. Síðan segir í dómi Hæstaréttar: „Að svo vöxnu máli þykja nægar sannanir eigi komnar fram um sekt ákærða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð ...."

Einn af dómendum, Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari, greiddi sératkvæði. Segir þar m. a., að ákærði hafi eigi notið nema um 5 klst. svefns um nóttina. Þá er málavöxtum lýst frekar og m. a. tekið fram, að stefnandi muni hafa verið á lögreglustöðinni kl. 1—2 síðdegis. Þá segir í sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar:

„Fallast má á það með héraðsdómara, að eigi sé nægilega sannað, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1. málsgr. 24. gr. laga nr. 58/1954, er hann hóf að aka bifreið sinni um kl. 9.00 eða á tíunda tímanum að morgni 12. nóvember 1957. Á hinn bóginn lít ég svo á, að skýrslur ákærða og félaga hans um áfengisdrykkju hans fram eftir nóttunni

og vætti starfsfólks sundhallarinnar, sem að framan var greint, veiti nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi þá verið svo miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis og, eins og á stóð, ónógs svefns um nóttina, að akstur hans varði við 3. málsgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Tel ég vætti lögregluþjóna þeirra, er komu á vettvang 3—4 klukkustundum, eftir að ákærði hóf akturinn, ekki nægja til að hnekkja því, enda styrkir synjun hans um nánari rannsókn líkur gegn honum.

Refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, en til vara 6 daga varðhald.

Eigi virðist næg ástæða til að svipta ákærða rétti til bifreiðaraksturs."

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að dómarinn hafi við uppkvaðningu héraðsdómsins tekið ökuskírteini hans í sínar vörzlur og hafi stefnandi ekki fengið það aftur fyrr en 2. október 1958.

Hinn 21. október 1958 ritaði lögmaður stefnanda dómsmálaráðherra bréf. Segir þar m. a., að stefnandi muni hafa uppi skaðabótakröfur á hendur dómsmálaráðherra f. h. ríkisvaldsins samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Jafnframt er spurzt fyrir um, hvort ráðherrann óski samkomulagsviðræðna um bótakröfurnar. Með bréfi, dagsettu 27. október 1958, tók ráðuneytið fram, að það geti ekki fallizt á að greiða skaðabætur án undangengins dóms. Lögmaðurinn ritaði þá bréf til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 1. desember 1958, og er þar óskað gjafsóknar. Var hún veitt með bréfi 2. janúar 1959. Stefna í málinu var út gefin 17. marz 1959, en hinn 21. s. m. ritaði dómsmálaráðherra á hana f. h. beggja hinna stefndu, að hún væri honum nægilega birt.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1.	Áætlað atvinnutjón í fjóra mánuði	kr.	40.000.00
2.	Greitt gjald til Samvinnufél. Hreyfils fyrir fjóra mánuði	—	1.440.00
3.	Miskabætur o. fl. samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 27/1951 og ákvæðum refsilaga o. s. frv.	—	99.000.00
		Samtals kr.	140.440.00

Í málinu hafa verið lögð fram þrjú skattaframtöl stefnanda, fyrir árin 1956, 1957 og 1959.

Málsástæður þær, sem hafðar hafa verið uppi af hálfu aðilja, eru þessar:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að skv. XVIII. kafla laga nr. 27/1951, fyrst og fremst 153. gr., eigi stefnandi rétt til bóta þeirra, sem krafizt er. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi saklaus hlotið refsidóm. Sé sýknudómur Hæstaréttar raunar einn nægilegur til, að uppfyllt sé það skilyrði um sakleysi, sem sett er í fyrrgreindri lagagrein.

Um einstaka kröfuliði er það tekið fram af hálfu stefnanda, að hann sé atvinnubifreiðarstjóri, sem ekki hafi sérmenntun til annarra starfa. Hann hafi verið sviptur ökuréttindum þann árstíma, er atvinna í stétt hans sé arðvænlegust, og hafi hann ekki stundað aðra vinnu þessa fjóra mánuði. Þá er því haldið fram, að hann hafi orðið að greiða fé það, sem krafið er um í 2. tl., til að halda réttindum á bifreiðastöð sinni. Loks er því haldið fram, að stefnandi hafi vegna dómsins í sakadómi orðið fyrir margvíslegum miska, ærutjóni og röskun á stöðu og högum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ákvæði XVIII. kafla laga nr. 27/1951 eigi ekki hér við. Hljóti ríkisvaldinu að vera heimilt bótalaust að halda uppi lögum og réttargæzlu, svo fremi að farið sé að lögum, ella myndu heftar um of aðgerðir þjóðfélagsins í baráttunni við þá, sem lögin brjóta. Í þessu máli sé því ekki haldið fram, að opinberir starfsmenn hafi farið út fyrir starfssvið sitt eða framið afglöp af ásetningi eða gáleysi. Þá séu bótakröfur sem þessi jafnan því skilyrði bundnar, að líkur séu framkomnar um sakleysi þess, er bóta krefst. Svo sé ekki hér, þar sem stefnandi hafi verið sýknaður sökum sannanaskorts.

Varakrafan um lækkun upphæða er studd þeim rökum, að áætlunin um 10.000.00 kr. mánaðartekjur fái ekki staðizt. Eftir þeim skattframtölum, sem lögð hafa verið fram, virðast meðaltekjur hans á mánuði nema kr. 4.300.00. Sé tjónið því í mesta lagi kr. 17.200.00. Sú upphæð sé þó of há. Í greinargerð var því haldið fram, að stefnandi hefði haft tekjur þann tíma, er hann hafði ekki ökuréttindi. Var réttur áskilinn til að athuga þetta atriði nánar, en ekkert kom þó fram frekar hér að lútandi. Tölul. 2 var mótmælt á þeim grundvelli, að alger óþarfi hefði verið fyrir stefnanda að greiða gjald þetta. Þá var 3. tl. mótmælt sem of háum og vaxtakröfum mótmælt.

Skoðun dómarans er þessi: Ekki verður séð, að stefnanda verði dæmdar bætur eftir öðrum réttarreglum en þeim, sem koma fram í XVIII. kafla laga nr. 27/1951. 153. gr. laganna

fjallar m. a. um bætur til þeirra, sem hlotið hafa refsidóm, eins og er um stefnanda. Hins vegar er það skilyrði sett fyrir bótum eftir þessari lagagrein, að það verði ljóst, að sá, er bóta krefst, hafi verið saklaus. Hér virðist við það miðað, að sakleysi manns sé sannað, og á greinin því ekki beinlínis við í máli þessu, þar eð ekki verður talið, að slík sönnun sé fram komin. Þess er hins vegar að geta, að það er sýnilega tilgangur löggjafans, að bótaréttur sé rýmri, þegar um er að ræða refsidóm, refsingu eða eignaupptöku (sbr. 153. gr.), en í sambandi við atvik þau, sem talin eru í 151. og 152. gr. Er ekki heimilt að draga af 153. gr. þá gagnályktun, að ekki geti komið til bóta vegna refsidóms nema sakleysi sé sannað.

Af greinargerð þeirri, sem lögð var fyrir Alþingi með frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sést, þar sem rætt er um ákvæði þess kafla, sem hér er til athugunar, að ætlunin hefur verið, að í þeim fælist víðtækur bótaréttur. Þegar þess er gætt og virtar eru meginreglur þær, sem fram koma í XVIII. kafla laga nr. 27/1951, er vafalaust, að til bóta getur komið, þegar svo stendur á, að sönnunaratriði hafa verið metin með öðrum hætti í Hæstarétti en í héraði. Verður því ekki fallizt á það með stefnda, að sýkna beri hann af þeirri ástæðu, að ekki sé um það að ræða í máli þessu, að opinberir starfsmenn hafi farið út fyrir starfssvið sitt eða framið afglöp af ásetningi eða gáleysi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram sem fyrr greinir, að sýknudómur Hæstaréttar veiti rétt til bóta, án þess að meta eigi það sjálfstætt hér í dómi, hvort fremur megi telja stefnanda sýknan en sekan af þeirri háttsemi, sem honum var dæmt áfall fyrir í sakadómi. Ekki verður séð, að þessi skoðun eigi sér stoð í XVIII. kafla laga nr. 27/1951, — 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laganna sýnir, að svo er ekki. Þess er og að geta, að undantekningar þær, sem greindar eru í 152.—153. gr. laganna frá skilyrðum þeim, sem í 2. tl. 1. mgr. 150. gr. eru sett fyrir því, að bótakröfu megi taka til greina, geta hvorki beint eða óbeint átt við í þessu máli. Reglan í 2. tl. 1. mgr. 150. gr. er náskyld reglu, sem var í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1893, og eru fordæmi frá gildistíð þeirra laga til stuðnings þeirri niðurstöðu, sem hér hefur orðið.

Samkvæmt framansögðu verður að meta, hvort fremur megi telja stefnda líklegan til að vera sýknan en sekan af þeirri háttsemi, sem hann var í sakadómi talinn sekur um.

Taka virðist eiga tillit til þessa: Stefnandi skýrir sjálfur svo frá, að hann hafi gengið ölvaður til hvílu um kl. 4 að morgni, en risið úr rekkju, þegar hann hafði sofið um 5 klst. Hann hóf þá bifreiðarakstur, þó ekki í atvinnuskyni, þótt hann væri atvinnubifreiðarstjóri, heldur ók hann á fund kunningja sinna. Virðast gerðir hans þennan morgun benda til, að hann hafi viljað ná sér eftir gleðskapinn nóttina áður. Framkoma stefnanda í Sundhöll Reykjavíkur og við varðstjóra lögreglunnar um og eftir hádegi verður og teljast óeðlileg. Þegar þessa er gætt svo og þess, að af orðalagi sýknudóms Hæstaréttar sést, að niðurstaða hans hefur ráðizt af sannanaskorti, verður ekki talið, að stefnandi sé fremur líklegur til að vera sýkn en sekur af að hafa brotið 23. gr. laga nr. 23/1941. — Verða honum því ekki dæmdar bætur vegna refsidómsins almennt, sbr. 2. tl. 1. mgr. laga nr. 27/1951.

Hins vegar þykir verða að athuga það sérstaklega, hvort hér í dómi verði tekið til úrlausnar, hvort sú ákvörðun dómarans í sakadómi að svipta stefnanda ökuleyfi, geti orðið grundvöllur bóta. Það var regla, sem studdist við fordæmi, að heimilt væri að beita 1. mgr. 39. gr. laga nr. 23/1941, ef brotið var gegn 3. mgr. 23. gr. sömu laga. Verður ekki séð, að heimild sé í íslenzkum lögum til að dæma stefnanda bætur vegna ökuleyfissviptingarinnar sérstaklega.

Niðurstaða máls þessa verður þá sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Antons Högnasonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. október 1962.

Nr. 68/1962. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum
(Gunnar J. Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað kröfu um töku fjárfélags til skiptameðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1962 og krafizt þess, „að skiptarétturinn taki bú „Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum", (Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum), til skipta." Svo hefur hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum réttum úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 12. apríl 1962.

Með bréfi, dags. 7. júlí 1961, fór Helgi Benediktsson útgerðar-

maður, Vestmannaeyjum, fram á, að skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum tæki bú Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum til opinberra skipta. Beiðnin var tekin fyrir í skiptarétti Vestmannaeyja þann 29. s. m., og var henni þegar andmælt af hálfu Vinnslustöðvarinnar sem lögleysu. Báðir aðiljar lögðu fram greinargerðir, og að lokinni gagnaöflun var málið flutt munnlega þann 7. þ. m. og síðan lagt undir úrskurð.

Endanlegar kröfur skiptabeiðanda eða sóknaraðilja voru á þessa leið:

Að skiptarétturinn tæki bú Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum) til skipta sem sameignarfyrirtækis, og verði skiptabeiðanda síðan úthlutaður sameignarhluti hans úr fyrirtækinu, miðað við félagsslit 17. desember 1959, að réttri tiltölu samkvæmt því, sem uppboðssala eða til vara rétt mat á vegum skiptaréttarins kann að leiða í ljós, enda gefist skiptabeiðanda þá aðstaða til að fylgjast með mati og/eða uppgjöri og gæta réttar síns, eftir því sem þurfa þykir. Jafnframt verði búi Vinnslustöðvarinnar gert að greiða vexti af hinum úthlutaða sameignarhluta frá fyrrgreindum degi, miðað við útlánsvexti Landsbankans á hverjum tíma, og allt til greiðsludags, og loks málskostnað að skaðlausu eða eftir mati skiptaréttar.

Af hálfu varnaraðilja, Vinnslustöðvarinnar, voru gerðar þær kröfur, að skiptarétturinn hrindi með úrskurði þeirri kröfu sóknaraðilja, að rétturinn taki bú Vinnslustöðvarinnar til skipta, og geri sóknaraðilja að greiða henni málskostnað eftir mati réttarins.

Sóknaraðili var einn af stofnendum og um skeið félagsmaður í Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum. Honum var vikið úr félaginu 3. júní 1952. Nokkrum árum síðar höfðaði hann mál gegn félaginu, er þá hafði skipt um nafn og hét nú Vinnslustöðin. Krafðist hann meðal annars, að hann yrði viðurkenndur enn-verandi félagsmaður og sameigandi að öllum eignum þess. Málinu lauk með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 28. apríl 1961. Var brottrekstur hans metinn löglegur, og gæti sóknaraðili þar af leiðandi ekki talizt félagsmaður eftir þann 3. júní 1952. Hins vegar var viðurkennt, að auk innstæðu á sérreikningi, sem varnaraðili hafði borið fram, ætti sóknaraðili rétt til hlutdeildar í eignum félagsins, er honum var vikið úr því nefndan dag, 3. júní 1952, miðað við rétt mat á eignunum á þeim tíma.

Hinn 18. desember 1959 stofnuðu félagsmenn í Vinnslustöðinni hlutafélag, sem bar nafnið Vinnslustöðin h.f. Það var tilkynnt til hlutafélagaskrár 31. s. m. Tilgangur félagsins var meðal annars „að yfirtaka eignir og rekstur Vinnslustöðvarinnar svo og allar skuldir og skuldbindingar samkvæmt ársreikningum félagsins pr. 31. desember 1958". Um leið og hlutafélagið var skrásett, tók það við rekstri Vinnslustöðvarinnar, sem hætti þá störfum. Meðan þetta gerðist, var mál sóknaraðilja fyrir Hæstarétti. Ritaði hann Vinnslustöðinni bréf þann 12. febrúar 1960 og kvaðst mótmæla sem lögleysu ráðstöfun á eignum félagsins til samnefnds hlutafélags án vitundar og samráðs við sig, sem væri einn af stofnendum og ætti inni hjá félaginu allan eignarhlut sinn.

Eftir að dómur hafði gengið í Hæstarétti, skrifaði sóknaraðili stjórn Vinnslustöðvarinnar bréf þann 3. júní s.l. og gerði þær kröfur, með tilvísun til hæstaréttardómsins og þar sem fyrirtækinu hefði verið slitið og það hætt störfum, þá yrði nú kosin skilanefnd til þess að selja og ráðstafa eignum fyrirtækisins, svo að hægt yrði að gera upp eignarhluta sinn í samræmi við samþykktir félagsins og dóm Hæstaréttar. Bréfi þessu virðist ekki hafa verið svarað. Nokkru síðar, eða hinn 7. júlí s.l., sneri sóknaraðili sér til skiptaréttarins og krafðist opinberra skipta á búi Vinnslustöðvarinnar, eins og áður er getið.

Eftir beiðni Vinnslustöðvarinnar h.f. voru í bæjarþingi Vestmannaeyja þann 21. ágúst 1961 dómkvaddir tveir menn til þess að meta hreina eign Vinnslustöðvarinnar þann 3. júní 1952 og hluta sóknaraðilja úr þeirri eign, svo sem segir í dómi Hæstaréttar frá 28. apríl 1961. Með bréfi, dags. 2. sept. s. á., mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja dómkvaðningunni, þar eð málsefnið væri þegar í höndum annars (hliðsetts) dómstóls, skiptaréttar. Til vara var áskilinn réttur til annarra og fleiri mótmæla og krafna í sambandi við dómkvaðningu og væntanlega matsgerð.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að yfirfærsla á eignum Vinnslustöðvarinnar til samnefnds hlutafélags hafi ekki farið fram með löglegum hætti. Skylt hafi verið að slíta félaginu samkvæmt ákvæðum félagslaga, áður en eignir og skuldir félagsins voru fluttar yfir til hlutafélagsins. Kjósa hefði átt skilanefnd, innkalla kröfur og greiða síðan kröfueigendum og sameigendum inneignir þeirra. Allt þetta hafi verið vanrækt, og eigi hann því heimtingu á sem sameigandi að eignum félagsins, að úr þessu verði bætt og bú félagsins tekið til opinberra skipta, enda eigi

hann ekki aðra leið til þess að ná fram rétti sínum og fá réttlátt uppgjör. Varnaraðili hafi aldrei sýnt lit á að gera upp við hann á viðunandi hátt, og eftir að dómur Hæstaréttar gekk um viðskipti þeirra, hafi varnaraðili ekki farið eftir ábendingum dómsins og látið mat fara fram til þess að sannreyna, hvað eignarhluti sóknaraðilja næmi miklu, en fyrst hafizt handa, eftir að málið var komið í hendur skiptaréttarins. Krafa sín um opinber skipti sé því eðlileg og réttmæt, eins og málum sé farið, og í fullu samræmi við íslenzk lög. Sem hliðstæður í réttarfarinu bendir hann á, hvernig að skuli fara, er hjón skilja eða þegar setu í óskiptu búi lýkur.

Af hálfu varnaraðilja er því hins vegar haldið fram, að krafa sóknaraðilja fái á engan hátt staðizt. Samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi honum verið löglega vikið úr félaginu þann 3. júní 1952, og um leið hafi félagsréttindi hans og sameignarréttur í eignum félagsins fallið niður. Af því leiði, að sóknaraðilja skorti aðild til þess að bera fram kröfu um opinber skipti. Aftur á móti eigi sóknaraðili fjárkröfur á hendur félaginu, er miðist við rétt mat á eignum félagsins þann 3. júní 1952, eins og í dómi Hæstaréttar segir, en sú krafa veiti honum ekki rétt á þessu stigi til að snúa sér til skiptaréttarins. Þá fjárkröfu verði hann að sækja eftir venjulegum leiðum, ef ekki næst samkomulag.

Eins og þegar er fram tekið, var sóknaraðilja vikið úr Vinnslustöðinni þann 3. júní 1952. Við brottvikninguna féllu niður endanlega félagsréttindi hans til þátttöku í umráðum og ráðstöfunum yfir eignum félagsins, til afskipta og íhlutunar um málefni félagsins og þar á meðal til íhlutunar um töku bús þess til opinberra skipta. Ljóst er, að sóknaraðilja er unnt eftir venjulegum leiðum að sækja rétt sinn til hlutdeildar úr eignum félagsins, eins og þær voru, er honum var vikið úr félaginu, og í gildandi lögum eru engin ákvæði, sem heimila, að hann fái aðstoð skiptaréttarins á því stigi, sem málið er nú, og gegn mótmælum varnaraðilja til þess að sannreyna og ákveða, hvað inneign hans nemi miklu, og til þess að fá hana greidda. Samkvæmt þessu verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina að neinu leyti.

Rétt þykir að ákveða, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 4000.00 í málskostnað.

Ályktarorð:

Krafa sóknaraðilja, Helga Benediktssonar, um töku bús

varnaraðilja, Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, til skipta er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 4000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1962.

Nr. 51/1962. **Hreppsnefnd Þverárhrepps**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigurði Norland (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjallskil.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið máli þessu til dómsins með stefnu 6. apríl 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1650.00 frá 1. janúar 1959 til 1. janúar 1960 og af kr. 3600.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Fallast má á skilning héraðsdómara á reglugerðarákvæði því, sem um er að tefla, enda mundi ákvæðið, öðruvísi skýrt, ekki hafa stoð í lögum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þverárhrepps, greiði stefnda, Sigurði Norland, kr. 4000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur hreppsnefnd Þverárhrepps, Vestur-Húnavatnssýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. desember 1960, eftir að málið hafði verið lagt fyrir sáttanefnd með sáttakæru, birtri 2. des. s. á., gegn séra Sigurði Norland, Þórsgötu 8 hér í borg, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.715.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. janúar 1960 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þann veg, að hann krefst nú þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1.650.00 frá 1. janúar 1959 til 1. janúar 1960 og af kr. 3.600.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 1.950.00.

Málavextir eru þessir:

Árið 1958, nánar tiltekið 12. júlí, flutti séra Sigurður Norland í Hindisvík í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu heimilisfang sitt til Reykjavíkur. Hann rak þó áfram búskap á eignarjörð sinni, Hindisvík. Virðist hann einkum hafa haft hrossarækt með höndum. Eftir að stefndi flutti heimilisfang sitt til Reykjavíkur, taldi hreppsnefnd Þverárhrepps sig hafa fulla heimild til að leggja á stefnda auka-afréttartoll fyrir hvert hross, sem stefndi rak á afrétt. Byggði hreppsnefndin þetta á 13. gr. fjall-

skilareglugerðar sýslunnar, nr. 121/1940, eins og henni hafði verið breytt með reglugerð nr. 141/1952. Er ákvæði þetta svohljóðandi:

„Hreppsnefndir skulu taka afréttartoll, allt að kr. 50.00, auk fjallskila af hrossum í héraðinu, sem eru eign manna, búsettra utan þess."

Vorið 1958 rak stefndi 33 hross á afrétt, og vorið 1959 rak hann 39 hross upp. Lagði hreppsnefndin 50 króna aukaafréttartoll á hvert hross fyrir hvort ár og krafði stefnanda um tollinn, sem sundurliðast þannig:

Afréttartollur af 33 hrossum árið 1958 ..	kr.	1.650.00
Afréttartollur af 39 hrossum árið 1959 ..	—	1.950.00
	Kr.	3.600.00

Stefndi neitaði að greiða toll þennan. Með bréfi, dagsettu 8. marz 1959, sneri oddviti Þverárhrepps sér til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu og leitaði umsagnar sýslunefndarinnar um réttmæti kröfu þessarar. Tók sýslunefndin málið fyrir þann 13. apríl 1959. Í aðalfundargerð nefndarinnar er eftirfarandi bókun skráð um málið:

„Á aðalfundi 1952 var gerð svofelld breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu: „Hreppsnefndir skulu taka afréttartoll, allt að kr. 50.00, auk fjallskila, af hrossum í héraðinu, sem eru eign manna, búsettra utan þess." Samkvæmt orðalagi breytingarinnar er það að vísu rétt, að hún virðist taka til allra hrossaeigenda utan héraðsins. Hins vegar er það víst, að sýslunefndarmenn þeir, er breytinguna samþykktu og allir eru þeir sömu og nú, að einum undanskildum, höfðu í huga hrossaeigendur, er skilið hefðu eftir hross í héraðinu, að meira eða minna leyti í reiðuleysi í þeirri von, að þau gætu bjargað sér sjálf á útigangi í högum annarra manna, en búast mátti við, að hrossin lentu í algjörðu bjargarleysi, ef harðindi bæri að höndum, og flestir búendur hefðu nóg með sinn fénað. Hér er um að ræða mann, sem hefur umráð 2ja jarða og rekur búskap á þeim, en réttur til upprekstrar á afrétti sýslunnar hefur verið og er fyrst og fremst til nytja fyrir búendur héraðsins gegn fjallskilagjaldi því, er gildir á hverjum tíma. Og þar sem hér er um búandi mann að ræða, þykir einsýnt, að hann njóti sömu réttinda sem búendur héraðsins almennt, en af því leiðir, að sýslunefnd telur ekki fært að taka aukaafréttartoll af hross-

um Sigurðar Norlands, búanda í Hindisvík, enda þótt hann nú hafi flutt heimilisfang sitt til Reykjavíkur."

Eftir nokkrar umræður var tillagan borin upp og samþykkt með 6:2 atkvæðum."

Ekki vildi hreppsnefnd Þverárhrepps fara eftir þessari samþykkt sýslunefndarinnar og lagði aftur á stefnda nefndan toll vegna þeirra 39 hrossa, sem hann rak á afrétt 1959, eins og áður er getið. Eftir þessa samþykkt sýslunefndar var stefndi enn ófúsari að greiða tollinn. Höfðaði hreppsnefndin þá mál þetta.

Telur hreppsnefndin, að þrátt fyrir samþykkt sýslunefndarinnar standi hið skýlausa ákvæði um greiðslu tollsins óhaggað, þar sem réttra formsatriða hafi verið gætt við setningu þess. Þannig hafi það í upphafi verið samþykkt af sýslunefndinni og því næst lagt fyrir landbúnaðarráðherra, sem hafi samþykkt ákvæðið athugasemdalaust. Sé þetta í samræmi við sveitarstjórnarlögin. Þá telur hreppsnefndin, að stefndi hafi raunverulega viðurkennt skuldina, þar sem hann hafi talið tollinn fram til frádráttar á landbúnaðarskýrslu sinni í skattframtali.

Sýknukröfur sínar styður stefndi í fyrsta lagi þeim rökum, að það sé algerlega andstætt lögum að leggja á stefnda toll þennan eða skatt, á meðan hann rekur bú á eignarjörð sinni, Hindisvík. Jörðinni fylgi eigna- og afnotaréttur í sameiginlegu upprekstrarlandi hreppsins. Hann hafi skilvíslega greitt hið venjulega fjallskilagjald, sem varið sé til að smala afréttinn. Frekari fjallskilagjöld eða afréttartoll sé honum því óskylt að greiða. Aukaafréttartollur sá, sem hann sé krafinn um, eigi heldur enga stoð 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12/1927. Í öðru lagi telur stefndi, að réttur skilningur á nefndu reglugerðarákvæði leiði til þess, að hann eigi ekki að greiða tollinn. Tilgangur þeirra, sem settu ákvæði þetta, var sá, sem í samþykkt sýslunefndar kemur fram, að leggja tollinn á utanhéraðsmenn, er ekki hefðu landsnytjar í héraðinu, en skilið hefðu eftir hross sín að meira eða minna í reiðuleysi. Í núverandi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 148/1960, 10. gr., sé ákvæði þetta orðað eins og upphaflega hafi staðið til, en þar stendur: „..... afréttartoll af hrossum í upprekstrarfélaginu, sem eru eign manna, búsettra utan þess, og ekki hafa þar landsnytjar." Í þriðja lagi telur stefndi, að hreppsnefndinni hafi verið með öllu óheimilt að innheimta tollinn af stefnda, eftir að sýslunefnd hafði kveðið upp úrskurð sinn. Samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12/1927 hafi sýslunefnd yfirstjórn sveitar-

málefna í öllum hreppum sýslunnar og í nefndri lagagrein sé einnig svofellt ákvæði: „Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefur vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag, ...“ Með fyrrgreindu bréfi sínu hafi hreppsnefndin leitað umsagnar sýslunefndarinnar. Í samþykkt sýslunefndar felist fyrirmæli til hreppsnefndarinnar um að innheimta ekki tollinn. Hreppsnefndinni, lægra settu stjórnvaldi, hafi borið að fara eftir þessum fyrirmælum sýslunefndarinnar, sem er æðra sett stjórnvald, fyrst hreppsnefndin gerði ekki tilraun til að skjóta úrskurði sýslunefndarinnar til ráðherra. Að lokum hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi sé ekki einn aðili þessa máls. Ef tollur þessi eigi rétt á sér, þá séu það að minnsta kosti tvö hreppsfélög, Þverárhreppur og Kirkjuhvammshreppur, sem eigi aðild að málssókn þessari, þar sem þau séu sameigendur að afrétti þeim, sem hross stefnda gengu á. Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að hann hafi verið búinn að reka hross sín á afrétt vorið 1958, áður en hann flutti heimilisfang sitt til Reykjavíkur.

Af hálfu stefnanda hefur varnarástæðum stefnda verið mótmælt sem röngum.

Ekki verður fallizt á það með stefnanda, að bein viðurkenning af hálfu stefnda á greiðsluskyldu hans á tollinum liggi í því, að hann taldi hann fram til frádráttar á skattskýrslu sinni fyrir árið 1958.

Sá skilningur, sem stefnandi vill leggja í nefnt reglugerðarákvæði og nærtækastur virðist samkvæmt orðalaginu, brýtur í bág við aldagamla venju um fjallskilagjöld. Þegar virt er samþykkt sýslunefndarinnar um tilgang ákvæðisins, virðist eðlilegast að skýra reglugerðarákvæðið þannig, þrátt fyrir orðalagið, að það nái til þeirra utanhéraðsmanna, sem ekki hafa búrekstur eða aðrar landsnytjar í héraðinu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda, sem rak búskap á eignarjörð sinni, Hindisvík, á þeim tíma, sem hér skiptir máli, af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, séra Sigurður Norland, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Þverárhrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. október 1962.

Nr. 125/1962. **Helgi Benediktsson**
gegn
Stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um sakasamlag fyrir héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1962, er barst Hæstarétti 24. s. m. Hann krefst þess, að mál, er hann höfðaði gegn varnaraðiljum með stefnu 3. apríl 1962, verði sameinað sök þeirra á hendur honum samkvæmt stefnu 7. desember 1961, eins og greinir í úrskurði héraðsdómara, og svo að varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að staðfest verði ályktarorð hins kærða úrskurðar um, að þar greindar sakir verði eigi sameinaðar, og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar og meginreglna laga nr. 85/1936 um greiða málsmeðferð eru eigi efni til að taka til greina kröfu sóknaraðilja um sakasamlag.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000.00.

Það athugast, að um meðferð máls þessa í héraði hefur eigi verið gætt ákvæða 23., 25. og 28. gr. laga nr. 57/1962.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Helgi Benediktsson, greiði varnaraðiljum, stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni, kærumálskostnað, kr. 1.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 12. september 1962.

Með stefnu, útg. 7. des. 1961, birtri 12. s. m., höfðaði stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeir Ársæll Sveinsson stjórnarformaður, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Í. Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, meðstjórnendur, allir í Vestmannaeyjum, meiðyrðamál fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20 í Vestmannaeyjum, vegna ákveðinna ummæla í nafnlausri grein, sem birtist í bæjarmálablaðinu Framsókn hinn 17. janúar 1961, en stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður þess blaðs, svo og ákveðinna ummæla í aðildarskýrslu, útgefinni 24. júní 1961, sem stefndi lét leggja fram í dómsmáli og send var saksóknara ríkisins. Kröfðust stefnendur þess, að ummælin yrðu dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur til refsingar fyrir þau svo og til greiðslu málskostnaðar.

Málið var þingfest hinn 14. des. s.l. Stefndi lét mæta og fékk frest til greinargerðar til 18. janúar 1962. Er málið kom fyrir þann dag, fékk stefndi framhaldsfrest til greinargerðar í 3 vikur, eða til 8. febrúar. Þann dag fékk hann enn framhaldsfrest í viku. Er málið kom fyrir næst hinn 15. febrúar s.l., lagði stefndi fram greinargerð og krafðist algerrar sýknu og málskostnaðar sér til handa úr höndum stefnenda. Auk þess lagði hann fram ýmis skjöl. Að lokinni árangurslausri sáttaumleitan var aðiljum veittur 3ja vikna frestur til gagnaöflunar, eða til 8. marz. Þá var málinu enn frestað til gagnaöflunar í 2 vik-

ur, eða til 22. marz. Þann dag lagði stefndi fram tvö skjöl og óskaði jafnframt eftir 14 daga framhaldsfresti til frekari gagnaöflunar og til þess að koma að gagnstefnu í málinu. Stefnandi mótmælti frekari frestun málsins, og fór atriðið undir úrskurð. Gekk úrskurður í málinu 23. marz, og var hinn umbeðni frestur veittur, eða til 5. apríl s.l. Umboðsmönnum aðilja var tilkynnt þessi niðurstaða. Málið var svo tekið fyrir þann 5. apríl s.l., og var þá mætt af hálfu beggja aðilja. Báðir málflutningsmenn aðilja voru þá fjarverandi, en aðrir mættu fyrir þeirra hönd. Kváðu þeir gagnaöflun lokið og lögðu málið undir flutning. Rétturinn tók málið undir flutning.

Með gagnstefnu, útgefinni af stefndum 3. apríl s.l., áritaðri af dómara 7. apríl og birtri 9. s. m., höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnendum í fyrrgreindu máli vegna tiltekinna ummæla í stefnu þess máls. Krafðist hann ógildingar ummælanna, skaðabóta fyrir atvinnuróg, miska og meingerð, viðeigandi refsingar fyrir ærumeiðingar, brigzl og illmæli, og loks hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins. Mál þetta var þingfest 12. apríl s.l. Mætt var af hálfu stjórnenda Bátaábyrgðarfélagsins og því andmælt þegar, að málið yrði sameinað hinu málinu. Málflutningsmaður gagnstefnanda krafðist hins vegar sameiningar. Umboðsmenn aðilja fengu síðan fresti á víxl til þess að koma að greinargerðum varðandi þetta atriði. Að því loknu var það lagt undir flutning þann 10. maí s.l. Farið var með gagnsökina sem sjálfstætt mál, meðan á þessu stóð. Munnlegur málflutningur fór svo fram hinn 6. þ. m. Umboðsmaður gagnstefnanda krafðist sem fyrr, að málin yrðu sameinuð, en umboðsmaður gagnaðilja gerði þá kröfu, að rétturinn leyfði ekki sameiningu málanna, og auk þess krafðist hann, að gagnsökinni yrði vísað frá réttinum. Að málflutningi loknum var atriðið lagt undir úrskurð eða dóm.

Eins og nú hefur verið fram tekið, var gagnaöflun lokið í aðalmálinu og það lagt undir flutning tæpum 4 mánuðum, eftir að það var þingfest. Viku síðar er gagnsökin þingfest. Málatilbúnaðurinn í gagnsökinni er að þessu leyti andstæður venjulegum reglum. Ennfremur geta kröfurnar í málunum ekki talizt samrættar eða það samband á milli þeirra að heimilt sé að sameina málin gegn mótmælum aðalstefnanda. Krafa um sameiningu málanna verður því ekki tekin til greina. Eins og áður segir, var farið með gagnsökina sem sjálfstætt mál, enda gert ráð fyrir því í stefnu, að svo kunni að verða með hana far-

ið, og krafa um frávísun gagnsakarinnar kom ekki fram fyrr en við munnlegan málflutning. Með þetta í huga virðist ekki rétt að taka frávísunarkröfuna til greina.

Ályktarorð:

Krafa gagnstefnanda, Helga Benediktssonar, um sameiningu gagnsakar við aðalsök er ekki tekin til greina.

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 19. október 1962.

Nr. 135/1961. **Dánarbú Páls Magnússonar**
(Þorvaldur Ari Arason hdl.)
gegn
Sveini Jónssyni
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Deilt um rétt til innheimtufjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Gerir hann hér fyrir dómi svofellda kröfu: „Að viðurkenndur verði eignarréttur áfrýjanda á fé því, peningum og 5000.00 kr. ávísun Inga Kröyers, útgefinni 2. ágúst 1962, samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. júlí 1957, í málinu 584/1956, Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer, sem Gunnar A. Pálsson hrl. hefur innheimt og nú er í hans vörzlum.“ Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á það í máli þessu, að hann hafi, er framangreint bæjarþingsmál, nr. 584/1956,

var höfðað, verið eigandi fjárkröfu þeirrar á hendur Inga Kröyer, er stefnda var dæmd með dómi bæjarþingsins 21. júlí 1956. Á hann og þá ekki heldur rétt til innheimtufjár þess, sem greitt hefur verið til lúkningar greindri fjárkröfu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Páls Magnússonar, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, sem birt var 10. marz 1959, en sáttatilraun hafði þá reynzt árangurslaus. Þar stefnir Páll Magnússon járnsmíðameistari, Bergstaðastræti 4 hér í borg, Sveini Jónssyni sölustjóra, Rauðarárstíg 38, og krefst viðurkenningar á eignarrétti á dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 21. júlí 1956 í bæjarþingsmáli Sveins Jónssonar gegn Inga Kröyer, bæði hvað varðar dómskuldir og veðréttindi. Einnig var krafizt málskostnaðar, ekki lægri upphæðar en kr. 5.000.00. Páll Magnússon er nú látinn, en dánarbú hans hefur tekið við málinu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar. Kröfur voru gerðar um, að stefnandi, Páll Magnússon, yrði dæmdur til greiðslu réttarfarssektar, en frá þeirri kröfu var síðar fallið.

Málavextir eru þessir: Sumarið 1955 keypti Ingi Kröyer bifreiðarstjóri hér í borg nýja bifreið fyrir milligöngu stefnda í máli þessu. Ekki hafði Ingi nægilegt fé til kaupanna, og aðstoðaði stefndi hann við fjáröflun. Fór það fram með þeim hætti, að Ingi samþykkti víxil, að fjárhæð kr. 35.000.00, en stefndi gaf hann út og framseldi eyðuframsali. Víxillinn var gefinn út 28. júlí, og gjalddagi hans var 1. nóvember. Trygging var 1. veðréttur í bifreiðinni. Um það er ekki deilt, að stefndi í máli þessu fór með víxil þenna til Hjálmtýs sáluga Sigurðssonar

bankavarðar og að Hjálmtýr seldi víxilinn Páli Magnússyni járnsmíðameistara.

Ekki gat Ingi Kröyer greitt víxilinn á gjalddaga. Hafði hann þá handbærar 7.000.00 kr., og er ritað á víxilinn, að þær hafi verið greiddar 3. nóvember. Jafnframt féll stefndi frá afsögn.

Stefndi skýrir svo frá, að Páll hafi verið tregur til að veita gjaldfrest og segir þá Hjálmtý báða hafa hvatt Inga til að greiða víxilinn hið fyrsta. Ingi gat hins vegar ekki greitt. Segir stefndi, að Hjálmtýr hafi þá hvatt sig til að útvega fé til að greiða og viljað eiga við sig um viðskiptin. Í skýrslu, sem stefndi gaf, þegar lögreglurannsókn fór fram út af viðskiptum þessum 9. desember 1957, segir um það, sem á eftir fór:

„Með því að Hjálmtýr gekk mjög hart að mér um að standa með einhverjum hætti skil á greiðslu víxilsins, varð það úr, að ég samþykkti víxil, að upphæð kr. 24.000.00 ...., sem ég lét Hjálmtý hafa, en útgefandi víxils þessa var fyrirtækið Bílasalinn, Vitastíg 10, sem rekið var á mínu nafni. Auk þess greiddi ég Hjálmtý kr. 6.000.00 í peningum, en til tryggingar víxlinum lét ég hann hafa að handveði veðskuldabréf í Pobeta bifreið, nýrri, sem ég þá átti, en skrásetningarmerki hennar man ég nú ekki. En með þessum 24.000.00 króna víxli og 6.000.00 krónum í peningum greiddi ég Hjálmtý Sigurðssyni umræddan víxil Inga Kröyers, og var þá jafnframt talað um, að Hjálmtýr gerði upp við Pál Magnússon og næði í víxil Inga hjá honum og einnig veðskuldabréfið, sem fylgdi þeim víxli. Þetta gerðist 24/11 1955, og fáum dögum síðar afhenti Hjálmtýr mér umræddan víxil Inga Kröyers ásamt veðskuldabréfinu, sem honum fylgdi.

Þegar ég nú þannig var raunverulega búinn að greiða upp umræddan víxil fyrir Inga Kröyer, þá krafði ég hann enn á ný margsinnis um greiðslu, og liðu þannig nokkrir mánuðir, eða allt fram í marzmánuð 1956, að Ingi stóð mér ekki skil á neinni greiðslu upp í víxilinn. Þá var það dag einn, að ég hitti Hjálmtý Sigurðsson, og komst þá víxillinn til tals á milli okkar og það, að enn hefði Ingi ekki greitt neitt af honum. Var þá farinn að nálgast sá tími, er ég átti að greiða afborgun af víxlinum, sem ég hafði látið Hjálmtý hafa og áður er getið, og ráðlagði Hjálmtýr mér þá að fá mér lögfræðing til að innheimta víxilinn hjá Inga. Hann benti mér þá sérstaklega á Gunnar A. Pálsson hrl. og bauðst til að koma með mér til hans og fá hann til að taka að sér innheimtuna. Ég fór því með Hjálmtý til Gunnars A.

Pálssonar, og bað ég þá Gunnar um að innheimta fyrir mig umræddan víxil. Hjálmtýr hafði boðizt til að koma með mér, en hafði alls ekki neitt orð fyrir mér við Gunnar, og man ég ekki til, að hann legði neitt til málanna, þegar ég bað Gunnar að innheimta fyrir mig víxilinn, og ég fullyrði, að Páll Magnússon var alls ekki nefndur á nafn í þessu sambandi, enda vissi ég ekki, er hér var komið, annað en að Hjálmtýr mundi þá vera búinn að greiða Páli víxilinn að fullu fyrir nokkrum mánuðum síðan .... Um það var aldrei talað á milli okkar Hjálmtýs, hvort hann hefði greitt Páli víxilinn, en ég þóttist bara viss um, að svo hefði verið, þar sem Hjálmtýr hafði fengið víxilinn afhentan hjá Páli og afhenti mér svo einnig víxilinn og skuldabréfið, um leið og ég gerði greiðsluna upp við hann, eins og fyrr er sagt."

Páll Magnússon skýrði frá atburðum með allt öðrum hætti. Hann kvaðst hafa rætt um það við Hjálmtý Sigurðsson, er víxillinn hafði legið lengi í óskilum, að hann vildi fá hann lögfræðingi til innheimtu, og sagði Páll, að Hjálmtýr hefði talið það rétt eftir atvikum. Segir síðan í sáttakæru Páls í máli þessu: „Hjálmtýr bjó vestur í bæ, og því var það, að ég bað hann að taka fyrir mig víxilinn og færa hann hrl. Gunnari A. Pálssyni til innheimtu. Jafnframt hringdi ég til Gunnars og bað hann að annast þetta fyrir mig, sem hann lofaði.

Einhvern tíma síðar talaði Gunnar við mig og sagði mér, að Hjálmtýr hefði komið til sín með víxilinn og með honum hefði verið Sveinn Jónsson. Hefðu þeir báðir sagt sér, að ég ætti víxilinn og ætti að fá allt, er inn kæmi, en hins vegar hefði Hjálmtýr haft orð á því, að bezt væri, að innheimtan færi fram í nafni Sveins til þess að blanda mér ekki í þetta. Kvað Gunnar Svein hafa samþykkt þetta og hafi hann (Gunnar) lofað þeim, að þessi háttur yrði á hafður. Kom mér þetta einkennilega fyrir sjónir, enda hafði ég ekki talað um þetta við Hjálmtý, en sagði þó við Gunnar, að fyrst Hjálmtýr hefði viljað hafa þetta svona, þá væri ástæðulaust að breyta fyrirætlunum þeirra um form innheimtunnar."

Þegar Gunnar A. Pálsson hafði fengið víxilinn í hendur, hóf hann innheimtutilraunir, og 12. júní 1956 var birt stefna, þar sem Sveinn Jónsson stefnir Inga Kröyer út af víxilskuldinni og til viðurkenningar á veðrétti. Dómur í málinu var kveðinn upp 21. júlí og kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti. Hinn 6. marz 1957 fór fram fjárnámsgerð í bifreið Inga. Fjárnáms-

gerðin var endurupptekin 1. nóvember að kröfu Gunnars A. Pálssonar, að hans sögn f. h. Sveins Jónssonar, og krafðist Gunnar þess, að bifreiðin yrði tekin úr vörzlum Inga Kröyers til sölu á nauðungaruppboði. Sveinn Jónsson mætti sjálfur við réttarhald þetta og lýsti því yfir, að hann væri því mótfallinn, að bifreiðin yrði að sinni tekin af Inga. Var málinu þá frestað til gagnaöflunar.

Hinn 7. nóvember 1957 kærði Páll Magnússon Svein fyrir sakadómara svo og Inga Kröyer. Lýsti Páll þá málavöxtum, eins og að framan er rakið eftir honum. Sakamálsrannsókn fór fram, en Dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði ekki frekari aðgerðir.

Hinn 26. febrúar 1959 var málið tekið fyrir á ný í fógetarétti. Lögmaður Páls Magnússonar ítrekaði þar, að Páll væri eigandi kröfunnar, en af hálfu Sveins var ítrekað, að hann væri eigandi. 4. marz sýndi lögmaður Páls fyrrnefnda sáttakæru í máli þessu í fógetaréttinum og krafðist frests í fógetaréttarmálinu, meðan dómstólar fjölluðu um þá kröfugerð, sem í sáttakærunni var sett fram. Slíkum fresti var mótmælt af hálfu Sveins Jónssonar, og 12. marz var kveðinn upp úrskurður um málið. Segir í honum m. a.: „Rskj. 2 í máli þessu tilgreinir Svein Jónsson einan sem dómhafa, og hefur þessum bæjarþingsdómi ekki verið breytt með úrlausn æðra dóms. Ekkert virðist hafa komið fram í máli þessu því til hnekkis, að Sveinn Jónsson sé eigandi og umráðamaður dómkröfunnar. Verður ekki annað fyrir hendi en að vísa á bug þeim afskiptum Páls Magnússonar af fógetamáli þessu, sem fram koma í frestbeiðni hans."

Úrskurði fógetaréttarins var skotið til Hæstaréttar, og segir m. a. í dómi þess réttar 20. apríl 1959: „Dómur bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 584/1956: Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer greinir Svein Jónsson einan sem dómhafa. Þenna dóm, sem eigi hefur verið áfrýjað, verður fógeti að leggja til grundvallar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð."

Verða nú rakin önnur gögn, sem fram hafa komið í máli þessu og þýðingu hafa:

Hjálmtýr Sigurðsson andaðist sumarið 1956, og liggur ekki fyrir nein skýrsla frá honum um málavexti.

Ingi Kröyer gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni 10. desember 1957. Ingi skýrir frá því, að hann hafi snemma í nóvember 1955 ekið stefnda og Hjálmtý Sigurðssyni að Bergstaðastræti 4 og beðið fyrir utan, meðan þeir fóru inn með 7.000.00 kr. upp í víxilinn. Þá segir Ingi:

„Nokkru eftir þetta átti ég svo tal við Svein og fór fram á það við hann, að hann hjálpaði mér til að fá víxilinn framlengdan, en hann benti mér þá á að fara sjálfur til Hjálmtýs og tala við hann um þetta. Ég fór þá til Hjálmtýs, að ég held einhvern tíma í desember, og fór fram á við hann að fá víxilinn framlengdan, en hann kvaðst þá ekkert hafa við mig að tala um þetta, því Sveinn væri búinn að gera þetta upp við sig, og ætti ég því að snúa mér til hans. Sveinn hafði þá ekki sagt mér neitt frá því, að hann væri búinn að gera víxilinn upp við Hjálmtý, en sennilega hefur liðið um það bil hálfur mánuður, frá því að Sveinn hafði bent mér á að tala við Hjálmtý og þar til ég gerði það. Einnig leið svo talsverður tími, frá því að ég talaði við Hjálmtý og fékk fyrrgreint svar hjá honum, þar til ég talaði aftur við Svein. En þegar ég talaði við Svein næst, sem ekki var fyrr en nokkru eftir áramót, þá sagði hann mér, að hann væri búinn að greiða Hjálmtý víxilinn að fullu, með skuldabréfi og einhverri peningagreiðslu.“ Fyrir sakadómi sagði Ingi frá með sama hætti og taldi, að hann hefði farið til Hjálmtýs „nokkru eftir“ það samtal við Svein, sem að framan er frá sagt. Taldi hann viðtal þeirra Hjálmtýs hafa verið í desember 1955.

Gunnar A. Pálsson hrl. gaf skýrslu fyrir sakadómi 17. desember 1957. Hann skýrði svo frá, að einhvern tíma frá því í nóvember og þar til í febrúar 1956 hafi þeir Hjálmtýr Sigurðsson og Sveinn Jónsson komið til sín og falið sér að innheimta margumræddan víxil. Eftir lögmanninum var bókað: „Þeir Hjálmtýr og Sveinn sögðu báðir, að eigandi víxilsins væri Páll Magnússon, en hins vegar báðu þeir um, að innheimtan færi fram í nafni Sveins. Mættur segir, að Hjálmtýr hafi haft sig öllu meira í frammi í viðtali þessu en Sveinn. Fékk mættur á tilfinninguna, að Sveinn væri þarna kominn til að staðfesta það, að hann væri því samþykkur, að innheimtan færi fram í hans nafni.

Mættur kveðst hafa annazt ýmis lögfræðistörf áður fyrir Pál Magnússon og vera honum vel kunnugur. Fyrir þá Svein eða Hjálmtý hafði hann hins vegar aldrei áður rækt nein störf. „Fyrir bæjarþingi staðfesti lögmaðurinn skýrslu, sem greinir eins frá því, sem hér skiptir máli. Þá segir og í skýrslu þessari, að Hjálmtýr hafi sagt, að hann vildi ekki „blanda Páli inn í þetta“.

Í þessu sambandi skal getið, að stefndi í máli þessu kom fyrir

sakadóm sama dag og Gunnar A. Pálsson. Eftir honum var m. a. bókað:

„Mættur segir, að víxillinn hafði legið alllengi hjá mættum, áður en mættur fór með hann til Gunnars A. Pálssonar og fól honum innheimtuna. Mættur segist aldrei hafa haft fyrr viðskipti við Gunnar, en Hjálmtýr hafi ráðlagt honum að leita til Gunnars. Fóru þeir þangað svo saman. Mættur kveðst hafa haft víxilinn í vasa sínum og tekið hann upp og fengið Gunnari. Hjálmtýr hafi ekkert lagt til málanna. Mættur neitar því, að þeir Hjálmtýr hafi neitt minnzt á, að Páll Magnússon ætti kröfuna. Páll hafi ekki verið nefndur í þessu viðtali."

Gunnar A. Pálsson og stefndi voru samprófaðir í máli þessu, en samræmi náðist ekki um framburði þeirra. Tók stefndi fram, að það muni hafa verið í marz 1956, sem þeir Hjálmtýr fóru til Gunnars. Gunnar kom fyrir dóm á bæjarþingi og sýndi þá málaskrá með innfærslum, sem hann kvað þýða, að Páll væri eigandi kröfu þeirrar, sem hér um ræðir.

Stefndi var spurður fyrir bæjarþingi, hvort nokkur sé til vitnis um, að víxillinn hafi verið í hans vörzlum frá því í nóvember 1955 og þar til í marz 1956. Stefndi kvaðst hafa skýrt Inga Kröyer frá, að hann hefði leyst til sín víxilinn, og er það áður fram komið, en ekki kvað hann aðra vera til vitnis um vörzlur sínar. Þá tók stefndi fram, að hann hefði beðið Gunnar um kvittun fyrir móttöku víxilsins, en Gunnar sagt, að ekki væri venja að gefa slíkar kvittanir og Hjálmtýr væri til vitnis.

Þá Gunnar og stefnda greinir og nokkuð á um samtöl þeirra í milli, eftir að víxillinn var fenginn Gunnari. Stefndi kveðst nokkrum sinnum hafa rætt við Gunnar, m. a. um fresti Inga til handa. Þegar Ingi hafi greitt þrívegis inn á víxilinn, alls 26—27.000.00 kr., kveðst stefndi í fyrsta sinn hafa óskað eftir að fá fé frá Gunnari, kr. 10.000.00. „Fram til þess", segir stefndi í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar, „hafi aldrei verið rætt um annað en ég væri hinn rétti eigandi umrædds víxils, en er ég nú kom til Gunnars og fór fram á að fá hjá honum peninga, þá sagði hann, að ég þyrfti að sanna eignarrétt minn á víxlinum, og sagði hann nú, að ég ætti alls ekki þennan víxil." Eftir þetta fékk stefndi annan málflutningsumboðsmann. Hann fór og að eigin sögn til Páls Magnússonar, sem kvað Hjálmtý aldrei hafa greitt sér víxil þann, sem féll 1. nóvember 1955.

Gunnar A. Pálsson skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann

hefði gengið allhart að Inga. „Kom það þá fyrir, að Ingi var að snúa sér beint til Sveins og biðja hann um gjaldfrest, og Sveinn talaði þá við mættan og bað hann að gefa Inga frest. Kom fyrir, að mættur gaf Inga frest eftir beiðni Sveins eða lét svo, að hann gerði það eftir beiðni hans. Mættur gat þess aldrei við Inga, hver væri hinn raunverulegi eigandi víxilsins, enda taldi hann þá Hjálmtý og Svein hafa trúað sér fyrir því. Aftur á móti kveður mættur það álit sitt, að Ingi hafi vitað um, að Páll átti víxilinn.

Nokkru eftir að Hjálmtýr Sigurðsson lézt, átti Sveinn tal við mættan, og lét hann þá svo, að hann ætti eiginlega kröfuna, og skildist mættum, að það væri í sambandi við einhver viðskipti við Hjálmtý, sem komið hefðu til, eftir að mættur fékk víxilinn. Mættur sagði, að hann mundi reyna að innheimta kröfuna, en eftir á mætti ræða um eignarréttinn. Síðan kom Sveinn Jónsson heim til mætts og spurði mættan, hvort hann vildi ekki láta sig fá 10.000 kr. af hinu innheimta fé. Mættur kveðst hafa neitað því, og skildi svo með þeim."

Í lögregluranns6kn þeirri, sem fram fór, var bókað eftir Inga Kröyer um þessi atriði: „Allt frá því, að Hjálmtýr Sigurðsson sagði mér, er ég talaði síðast við hann, að Sveinn Jónsson hefði þá þegar gert umræddan víxil upp við sig, hef ég staðið í þeirri meiningu, að Sveinn hafi verið eigandi víxilsins, og hafði ég aldrei heyrt um annað talað, þar til Gunnar A. Pálsson hélt því fram, er við mættum saman hjá borgarfógeta síðast, nú fyrir stuttu síðan, að Sveinn ætti alls ekkert í þessari kröfu.

Það kom fyrir oftar en einu sinni, er Gunnar gekk harðast að mér að greiða víxilinn upp, að þá fékk ég Svein til þess að gangast í að fá framlengingu, og varð ég þá aldrei var við annað en að hann væri hinn raunverulegi kröfuhafi og hefði þess vegna ráð á að framlengja og fresta aðförinni."

Fyrir bæjarþingi hefur Ingi Kröyer staðfest, að rétt séu ummæli í skýrslu frá Gunnari A. Pálssyni, þar sem segir, að Gunnar hafa stundum sagt Inga, að stefnda kæmi mál þetta ekkert við og tæki Gunnar því ekkert mark á, hvað stefndi sagði.

Í kæru sinni til sakadómara frá 7. nóvember 1957 segir Páll Magnússon, að föstudaginn 1. nóvember hafi stefndi komið til sín. „Fór hann að tala um kröfuna við mig á þá lund, að henni ætti að skipta á milli okkar", segir í kærunni. Fyrir sakadómi var bókað eftir Páli 17. desember 1957: „Mættur segir, að Sveinn

Jónsson hafi komið heim til mætta nú í haust, og hélt hann því þá fram, að hann ætti kröfuna, hefði verið búinn að borga Hjálmtý víxilinn. Að sjálfsögðu kveðst mættur hafa mótmælt þessu og staðhæft, að hann væri eigandi víxilsins.“ Þá segir í kæru Páls til sakadómara, að 2. nóvember 1957 hafi Gunnar A. Pálsson sagt Páli, „að eitthvað makk væri milli Sveins og Inga Kröyers um eftirstöðvar kröfunnar og virtust þeir ætla að hjálpast að um að gera tilraun til að stela þeim.“ Upplýst er, að kæruna samdi Gunnar A. Pálsson, að því er hann segir í samráði við Pál um efni og orðalag.

Næst er þess að geta, að nokkuð er upplýst varðandi víxil þann, er stefndi kveðst hafa látið Hjálmtý Sigurðsson fá til greiðslu á hluta af víxli þeim, sem Ingi Kröyer hafði samþykkt.

Staðfest endurrit af víxlinum hefur verið lagt fram í málinu. Útgáfudagur er tilgreindur 24. október 1955, og að öðru leyti er víxillinn eins og stefndi hafði haldið fram. Á bakhlið hans eru eyðuframsal svo og þessar áritanir:

„10/1 '56 innborgað kr. 4.500.00“, og

„Ég undirritaður set hér með að handveði veðskuldabréf, að upphæð kr. 27.000.00, tuttugu og sjö þúsund krónur, að eftirstöðvum nú kr. 25.550.00, tuttugu og fimm þúsund krónur (svo), útgefið 9. september 1955 með 1. — fyrsta veðrétti — í Pobeda-bifreið, smíðaár 1955.

Reykjavík, 24. október 1955.

Sveinn Jónsson.“

Ekki hefur frumrit víxilsins fundizt, og kemur ekki fram á endurritinu, hvenær víxillinn var stimplaður.

Fyrir dómi skýrði stefndi svo frá, að víxillinn hefði verið dagsettur mánuði fyrr en hann var samþykktur og útgefinn, og kvað það hafa verið gert að ósk Hjálmtýs Sigurðssonar. Taldi stefndi þetta hafa staðið í sambandi við rannsókn svonefndrar okurnefndar, en ekki gat stefndi skýrt þá staðreynd, að vextir hefðu verið ólöglegir, þó að víxillinn væri talinn útgefinn í október. Taldi stefndi, að það hafi verið Hjálmtý áhugamál að ganga frá víxli þeim, sem Páll átti.

Veðskuldabréf það, sem sett var að handveði til tryggingar víxli þeim, sem síðast var rætt um, var gefið út 9. september 1955 af Júlíusi Arnórssyni, Smiðjugötu 1 á Ísafirði. Bréfið var upphaflega að upphæð kr. 27.000.00 og skyldi borgað með 1.500.00 kr. mánaðarlegum afborgunum, hinni fyrstu 10. október 1955.

Lagt hefur verið fram vottorð frá pósthúsinu á Ísafirði, þar sem segir, að Júlíus hafi sent 1.500.00 kr. til Sveins Jónssonar 10. október, 14. nóvember og 2. desember 1955 og 4. janúar 1956. Stefndi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði afhent Hjálmtý póstávísun þá, sem var greiðsla upp í skuldabréfið fyrir nóvember, um leið og hann fékk honum víxilinn og bréfið sjálft. Stefndi kvaðst hafa fært Hjálmtý afborganir mánaðarlega fram í janúar 1956 og fært þær inn á bréfið, en Hjálmtýr muni hafa fært þær í einu lagi inn á víxilinn í janúar. Frumrit bréfsins taldi stefndi hafa glatazt hjá skuldaranum, eftir að því hafi verið aflýst. Ágreiningur er um það í málinu, hvernig greitt var upp í skuld stefnda við Hjálmtý Sigurðsson, en ekki liggja fyrir þær upplýsingar hér að lútandi, að þær geti verið sönnunargögn í máli þessu.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru á því byggðar, að sannað sé með framburði stefnda sjálfs og annarra, að Páll Magnússon hafi í upphafi verið eigandi hins umdeilda víxils, og að jafnframt verði að telja sannað, að rétturinn yfir víxlinum hafi aldrei orðið eign stefnda. Byggist sú málsástæða fyrst og fremst á því, sem Gunnar A. Pálsson hefur borið um viðtal sitt við þá Hjálmtý Sigurðsson og stefnda, þegar hann fékk víxilinn í hendur. Einnig byggist hún á framburði Gunnars um viðskipti þeirra stefnda þar á eftir og um samtöl hans við Pál Magnússon. Þá er því haldið fram af stefnanda, að stefnda beri skv. 154. gr. laga nr. 85/1936 að sanna, að dagsetning víxils þess, að fjárhæð kr. 24.000.00, sem að framan er rætt um, hafi verið röng, en slík sönnun hafi ekki tekizt. Ber því að áliti stefnanda, að líta svo á, að skýrsla stefnda um viðskipti hans við Hjálmtý verði ekki lögð til grundvallar. Þessi málsástæða er einnig studd með því, að engin áritun um innborgun á víxilinn hafi verið gerð, þó að stefndi haldi því fram, að hann hafi um leið og viðskiptin urðu, afhent Hjálmtý Sigurðssyni póstávísun, að upphæð kr. 1.500.00, en þeirrar greiðslu hefði mátt geta, þó að Hjálmtýr hafi viljað fara að eins og stefndi heldur fram. Þá er því einnig haldið fram, af hálfu stefnanda, að víxillinn pr. 1. nóvember 1955 hafi verið miklu verðmætari en kr. 6.000.00 í peningum og víxill sá, sem í stað hins fyrra kom að sögn stefnda. Loks er á það bent af hálfu stefnanda, að Ingi Kröyer hefur sagt fyrir dómi, að Gunnar A. Pálsson hafi sagt, meðan hann hafði víxilinn pr. 1. nóvember til innheimtu, að stefnda kæmi víxillinn ekki við.

Kröfur stefnda eru studdar þeim rökum fyrst og fremst, að hann sé eigandi víxilkröfunnar, þar sem hann hafi greitt víxilinn til umboðsmanns Páls Magnússonar og fengið hann afhentan. Er því haldið fram, að það, að málið til innheimtu víxilsins var höfðað í nafni stefnda, sé sönnunargagn, sem ekki hafi verið hnekkt, enda styðji framburður Inga Kröyer frásögn stefnda um málavexti. Þá er það og talið styðja þessa frásögn, að stefnda var ekki stefnt til greiðslu víxilsins, þó að eðlilegt hefði verið að gera það, ef það hefði verið Páll Magnússon, sem víxilréttinn átti. Af hálfu stefnda er því enn fremur haldið fram, að það, að Gunnar A. Pálsson kvað innheimtu víxilsins stefnda óviðkomandi í samtölum við Inga Kröyer, hafi ekki þurft að tákna annað en það, að Gunnar hafði fengið víxilinn til innheimtu og verið sjálfráður um, hvernig hann hagaði innheimtunni.

Það athugast, að ekki verður talið, að með úrskurði fógetaréttar 12. marz 1959 hafi verið tekin afstaða til sakarefnis þess, sem hér er til dóms, sbr. dóm Hæstaréttar 20. apríl 1959. Er bæjarþingið því bært að skera úr málinu.

Sannað er, að Páll Magnússon átti hina umdeildu víxilkröfu í upphafi. Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður höfðaði síðar mál til innheimtu víxilsins og tilgreindi þar stefnda í máli þessu sem stefnanda. Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi verið réttur eigandi víxilkröfunnar, þar sem hann hafi leyst hana til sín. Að áliti dómarans verður stefnandi að sanna, að stefndi hafi ekki verið eigandi víxilkröfunnar, þegar málið til innheimtu hennar var höfðað. Aðiljaskýrslur og framburðir þeirra tveggja vitna, sem um atvik geta borið, eru gagnstæðir í meginatriðum, og önnur sönnunargögn hafa ekki heldur komið fram, sem úr skera. Verður því að líta svo á, að ekki hafi tekizt að sanna eignarrétt stefnanda yfir víxilkröfunni og veðrétti þeim, sem hana tryggði, og verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, dánarbús Páls Magnússonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 19. október 1962.

Nr. 160/1961. **M** (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
K og gagnsök (Gísli Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi þess, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu og um málskostnað fari, eins og greinir í aðalkröfu.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. nóvember 1961. Krefst hún þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, er hún ól hinn 31. janúar 1961, og honum dæmt að greiða meðlag með því frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingargjald hennar árið 1961. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa nokkur vitni verið leidd, og gagnáfrýjandi hefur komið fyrir dóm af nýju. Ekki þykja gögn þessi hnekkja rökum héraðsdóms fyrir því að veita gagnáfrýjanda fyllingareið í málinu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.500.00, og renni þar af kr. 4.000.00 í ríkissjóð. Fallist gagnáfrýjandi á eiðnum, greiði hún aðaláfrýjanda kr. 5.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að ekki sézt, að ljósmóðir sú, er tók á móti barni gagnáfrýjanda, hafi spurt hana um faðerni barnsins, eins og boðið er í 1. mgr. 214. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 103/1933 eru ekki lengur í gildi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi, M, greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.500.00, en þar af renni kr. 4.000.00 í ríkissjóð.

Nú verður gagnáfrýjanda eiðfall, og skal hún þá greiða aðaláfrýjanda kr. 5.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Gísla Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1961.

Ár 1961, föstudaginn 15. september, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í húsi sakadóms Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1961: K gegn M, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Mál þetta er höfðað af K, nú til heimilis G, gegn M bifreiðarstjóra, nú til heimilis S, og gerir hún þær kröfur, að varnaraðili verði dæmdur faðir að óskilgetnu meybarni, er hún ól hinn 31. janúar 1961, og til að greiða með barninu meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og

tryggingariðgjald hennar fyrir þetta ár. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Hún krefst málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst aðallega sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja, en til vara synjunareiðs. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili á son, fæddan 18. janúar 1959, er varnaraðili hefur gengizt við faðerni að. Hinn 31. jan. s.l. ól hún meybarn, ófullburða, 1400 gr að þyngd og 40 cm að lengd. Um getnaðartíma barnsins segir svo í álitsgerð Péturs H. J. Jakobssonar yfirlæknis Fæðingardeildar Landspítalans: „.... Miðað við þroska barnsins, rauð og loðin húð, lin eyru og neglur ekki úr gómheldu, ásamt því, að stóru burðarbarmar hylja ekki minni burðarbarmana, benda að því leyti til, að barnið sé 195 til 204 daga gamalt. Miðað við tíðareikning, hefði það verið fullburða um 10. til 14. apríl. Það er í mesta máta ósennilegt, að getnaður hafi verið seinna en viku af ágúst, þó þeim möguleika verði ekki neitað fram undir miðjan ágúst. Eins verður að teljast ósennilegt, að getnaður hafi orðið fyrir miðjan júní, enda þótt ekki verði neitað möguleika getnaðar í byrjun júní."

Sóknaraðili heldur því fram, að hún hafi tvívegis í júlímánuði 1960 haft samfarir við varnaraðilja, í bæði skiptin á heimili hennar, en hún bjó þá á S. Aðrar samfarirnar hafi farið fram í vikunni 18.—24. júlí, en þá viku hafi kona, sem bjó með henni, P, verið fjarverandi úr bænum. Hinar samfarirnar hafi átt sér stað, rétt áður en P fór úr bænum. Sóknaraðili segir, að varnaraðili hafi oft komið heim til hennar þetta sumar, eftir að hann hafði lokið vinnu á daginn. Einu sinni hafi þau farið saman á dansleik í Þórscafé. Og eitt skipti hafi þau komið saman að kvöldi að F til kunningjakonu þeirra, Þ, og sakir ölvunar varnaraðilja hafi þau þá gist þar og sofið saman, en ekki hafi þau haft samfarir í það skipti.

Varnaraðili neitar því, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við sóknaraðilja eftir fæðingu sonar þeirra. Hann kveðst stundum hafa komið heim til sóknaraðilja til þess að sjá son sinn og telur, að það hafi einnig komið fyrir í júlí 1960, en aldrei hafi komið til ástaratlota né samfara milli hans og sóknaraðilja. Hann neitar því, að hann hafi farið með sóknaraðilja á dansleik í Þórscafé. Þá neitar hann því, að hann hafi sofið hjá sóknaraðilja á F, en þó hafi hann komið þangað einu sinni, er sóknaraðili var stödd þar.

Vitnið P segir, að varnaraðili hafi oft heimsótt sóknaraðilja

að S. Einu sinni hafi þau farið saman á dansleik. Þegar líða fór á sumar, segir P, að varnaraðili hafi stundum komið að húsinu á næturþeli og bankað á glugga hjá sóknaraðilja. P kveðst þó ekki hafa vitað til þess, að hún hleypti varnaraðilja inn nema einu sinni. Þá kveðst P hafa farið til dyra um kl. 6.00 að morgni, er dyrabjöllu var hringt. Var þar fyrir ölvað fólk, er spurði eftir varnaraðilja. Þá hafi hún orðið vör við, að varnaraðili var inni í ganginum, skólaus og jakkalaus. P minnir, að þetta gerðist í júlí. Þá minnist hún þess, að einhverju sinni hafi verið barið á glugga K, og hafi þar verið ljóshærður maður einhver, sem sagðist hafa verið þar fyrr um nóttina að drykkju með málsaðiljum. P segist eftir þetta hafa séð, að eldhúsið í íbúðinni hafi verið í óreiðu, eins og setið hefði verið þar að drykkju. P kveðst ekki annars hafa orðið vör við, að aðrir karlmenn en varnaraðili vendi komur sínar til sóknaraðilja þetta sumar fyrr en um haustið, en þá hafi hún orðið þess vísari, að karlmenn hafi verið að koma til hennar og drekka með henni.

Vitnið Þ, sem á umræddum tíma bjó á F, segir að varnaraðili hafi stundum komið heim til hennar og gist þar nokkrum sinnum sumarið 1960. Tvisvar eða þrisvar hafi sóknaraðili verið stödd þar samtímis varnaraðilja. Einhverju sinni hafi borið svo við, að þau hafi verið stödd þar, er vitnið tók á sig náðir, og kveðst hún hafa talið, að þau ætluðu að gista þar um nóttina. Um morguninn, um kl. 9, kveðst hún hafa heyrt eitthvert þrusk og reiknað þá með, að þau væru að fara. Þau hafi verið farin, er hún kom á fætur.

Vitnið B, sem þekkir báða málsaðilja, kveðst eiginlega ekki geta sagt neitt um samband þeirra á getnaðartíma barnsins. Þó minnist hann þess, að sóknaraðili og varnaraðili hafi einu sinni komið saman heim til hans og einnig orðið samferða þaðan. Ekki kveðst hann heldur vita neitt um, hvort sóknaraðili hafi verið í þingum við aðra karlmenn, en hefur þó grun um, að hún hafi ekki verið við eina fjölina felld.

Vitnið J, kunningi varnaraðilja, ber það, að hann hafi tvisvar komið með varnaraðilja heim til sóknaraðilja, er varnaraðili hafi þá verið að hitta son sinn. Þá kveðst hann einhvern tíma hafa komið að glugga hennar að næturlagi og bankað á gluggann. Sóknaraðili hafi látið í ljós, að hann ætti ekki að vera að þessu, því að húsráðandi væri óánægður með ónæði af næturheimsóknum til hennar. Hún hafi þó komið út með honum og þau farið heim til Þ, er áður kom við sögu. Þar hafi sóknaraðili

viðhaft þau ummæli, að hún skyldi eyðileggja hjónaband varnaraðilja, þó svo að hún yrði að kenna honum barn, sem hann ætti ekki. Hún hafi verið full illgirni út í varnaraðilja. J kveðst kannast af orðspori við sóknaraðilja, og sé hún almennt talin lauslát mjög.

Sóknaraðili neitar því með öllu, að hún hafi viðhaft ummæli þau, sem J hefur eftir henni.

Sóknaraðili kveðst hafa skýrt varnaraðilja frá þunga sínum í ágúst 1960. Hann hafi ekki hreyft mótmælum gegn því, að hann væri faðir að barninu. Varnaraðili neitar því, að þetta sé rétt.

Varnaraðili kveðst ekki vita um menn, sem sóknaraðili hafi verið í tygi við á getnaðartíma barnsins. Þó muni hún hafa búið með manni einum um tíma. Leitt er í ljós, að í september 1960 komst sóknaraðili í kynni við pilt að nafni P, þá 15 ára að aldri. Þau höfðu samfarir saman samkvæmt framburði P, í fyrsta sinn hinn 8. október, og um og eftir áramót bjó P hjá henni í um það bil viku.

Sóknaraðili segir, að síðustu tíðir hennar fyrir barnsburðinn muni hafa verið um mánaðamót júní—júlí eða snemma í júlí 1960. Ekki man hún þetta með vissu.

Blóðflokkarannsókn var gerð á málsaðiljum og barni, og leiddi hún þetta í ljós:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	A_1	MN	+	+	—	—
Meybarn, fætt 31/1 1961	0	N	+	+	—	—
Varnaraðili	0	MN	+	+	—	—

Samkvæmt rannsókninni getur varnaraðili verið faðir barnsins.

Í málinu hafa ekki verið færðar sönnur að því, að málsaðiljar hafi haft holdlegt samræði saman á getnaðartíma barns þess, er málið snýst um. Verða málsúrslit að velta á eiði. Þykir sóknaraðili tvímælalaust hafa meiri líkur með sínu máli, og verður því niðurstaðan sú, að varnaraðili skuli talinn faðir barnsins, ef sóknaraðili vinnur innan 2 mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa eið á löglegu varnarþingi sínu að því, að hún hafi í júlímánuði 1960 haft samfarir við varnaraðilja og að varnaraðili skuli síðan með úrskurði skyldaður til að inna af höndum þær greiðslur, sem sóknaraðili hefur krafizt. Þá ber og að dæma varnaraðilja til að greiða í málskostnað kr. 600.00, er renni til ríkis-

sjóðs, en þetta er fjárhæð sú, sem út hefur verið lögð vegna málsins skv. 215. gr. laga nr. 85/1936.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili sýkn af öllum kröfum hennar, og falli þá málskostnaður niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan 2 mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa eið að því á löglegu varnarþingi sínu, að hún og varnaraðili, M, hafi haft samfarir saman í júlímánuði 1960, skal varnaraðili teljast faðir að meybarni því, er hún ól 31. jan. 1961, og greiða með því samkvæmt úrskurði yfirvalds meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1961. Þá greiði hann einnig í málskostað kr. 600.00, sem renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af öllum kröfum hennar og málskostnaður falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. október 1962.

Nr. 18/1962. **Sigríður Nikulásdóttir**
(Gunnar Guðmundsson hdl.)
gegn
Steinari Þorfinnssyni og gagnsök
(Ingi Ingimundarson hdl.)
og
Steinar Þorfinnsson
(Ingi Ingimundarson hdl.)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi barnakennara
(Sigurður Baldursson hrl.)
og
Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Skuldaskipti vegna húskaupa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1962. Krefst hún sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi hefur einnig stefnt til réttargæzlu Byggingarsamvinnufélagi barnakennara og Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. maí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m., og stefnt aðaláfrýjanda, Byggingarsamvinnufélagi barnakennara og Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana. Eru kröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæsta-

rétti, en málskostnaður látinn falla niður, að því er varðar hin stefndu byggingarsamvinnufélög.

1. varakrafa: Að stefndu, Byggingarsamvinnufélagi barnakennara og Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana, verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 16.184.57 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en málskostnaður verði þá látinn falla niður, að því er varðar aðaláfrýjanda.

2. varakrafa: Að stefnda Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana verði dæmt að greiða honum kr. 7371.74 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en málskostnaður þá látinn falla niður, að því er aðaláfrýjanda varðar.

Stefnda Byggingarsamvinnufélag barnakennara krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er það varðar, og að aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda verði dæmt in solidum að greiða því málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefnda Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er rakið í héraðsdómi, hafði gagnáfrýjandi fengið að tilhlutan Byggingarsamvinnufélags barnakennara rétt til íbúðar í fjölbýlishúsi, er reist skyldi á lóðinni nr. 11 við Fjallhaga, nú nr. 60 við Hjarðarhaga. Hófust byggingarframkvæmdir árið 1953 og fóru fram á vegum Byggingarsamvinnufélags starfsmanna ríkisstofnana. Áður en íbúðin var fullgerð, seldi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda hana með kaupsamningi, dags. 7. febrúar 1955, fyrir kr. 216.000.00. Íbúðin var seld í því ástandi, sem hún var þá í, að viðbættum tilteknum aðgerðum, sem gagnáfrýjandi skyldi framkvæma fyrir 15. marz 1955, og er ágreiningslaust í máli þessu, að hann hafi fullnægt þeim samningsskyldum. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 36/1952 mátti

söluverð ekki fara fram úr kostnaðarverði að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Af hálfu greindra byggingarsamvinnufélaga fór ekki fram í sambandi við söluna nákvæmur útreikningur á því, hver kostnaður var orðinn af gerð íbúðarinnar á söludegi, en með áritun á kaupsamninginn, dags. 6. febrúar 1955, samþykkti stjórn Byggingarsamvinnufélags barnakennara söluverðið. Hefur einn af þáverandi stjórnarmönnum félagsins, sem jafnframt var framkvæmdarstjóri þess, borið sem vitni í málinu, að félagsstjórnin „hafi að athuguðu máli talið, að söluverðið, kr. 216.000.00, væri mjög nálægt raunverulegum byggingarkostnaði íbúðarinnar". Að svo vöxnu máli og þar sem félagsstjórnin hafði kynnt sér kaupsamninginn, verður við það að miða, að söluverð á íbúðinni ófullgerðri ásamt umsömdum viðbótaraðgerðum, svo sem fyrr var getið, hafi verið í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 36/1952.

Þrátt fyrir söluna var íbúðin skráð áfram á nafn gagnáfrýjanda í bókum Byggingarsamvinnufélags barnakennara, enda verður ekki séð, að hann hafi verið leystur undan ábyrgð gagnvart félaginu. Gagnáfrýjandi hafði greitt framlög til félagsins upp í byggingarkostnaðinn, og kveðst hann hafa haldið því áfram eftir söluna til þess að forðast vanskil. Framsendi félagið greiðslurnar til Byggingarsamvinnufélags starfsmanna ríkisstofnana, sem hafði framkvæmdir á hendi, eins og fyrr greinir, og annaðist allt reikningshald.

Með kaupsamningi tók aðaláfrýjandi á sig skyldu gagnvart gagnáfrýjanda til að inna af hendi til byggingarsamvinnufélaganna þann hluta sameiginlegs byggingarkostnaðar, sem á íbúðina félli eftir 7. febrúar 1955. Leitt er í ljós með skýrslu Byggingarsamvinnufélags starfsmanna ríkisstofnana, dags. 25. marz 1960, að greiðslur úr hendi gagnáfrýjanda hafi leitt til lækkunar á greiðslum aðaláfrýjanda til félaganna vegna áfallins byggingarkostnaðar eftir 7. febrúar 1955. Er þar í fyrsta lagi um að ræða fjárhæð þá, kr. 8812.83, sem kom til frádráttar kröfu félaganna á hendur aðaláfrýjanda, er reikningsskil voru við hana gerð, og er því lýst í héraðsdómi. Er ljóst, að aðaláfrýjanda ber að

greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð, enda verður ekki talið, að kröfur hans í málinu hafi fallið niður vegna tómlætis.

Í öðru lagi kom með sama hætti til frádráttar greiðslu aðaláfrýjanda hluti af andvirði byggingarefnis, er keypt hafði verið fyrir 7. febrúar 1955, en afgangs orðið og selt, að byggingum loknum. Nam sá hluti kr. 7371.74. Aðaláfrýjandi viðurkennir, að fjárhæð þessi sé tölulega rétt, en hún heldur því fram, að efni þetta eða réttur til andvirðis þess hafi fylgt með, er hún keypti íbúðina. Þessu máli er þannig varið, að Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana hafði í vörzlum sínum hinn 7. febrúar 1955 allmikið byggingarefni, sem keypt hafði verið vegna byggingarframkvæmdanna í heild, og var þar því ekki um að ræða neitt aðgreint efni, sem sérstaklega heyrði hinni seldu íbúð til. Verður ekki af kaupsamningnum ráðið, að aðiljar hans hafi haft efniskaup þessi í huga, og þá ekki heldur, að andvirði afgangsefnis, ef um það yrði að ræða, ætti að fylgja með í kaupunum. Ekki verður heldur séð, að Byggingarsamvinnufélag barnakennara hafi við mat á hæfilegu söluverði miðað við það, að ónotað efni í vörzlum Byggingarsamvinnufélags starfsmanna ríkisstofnana væri að einhverju leyti innifalið í kaupunum. Og þar sem það andvirði afgangsefnis, sem hér er ágreiningur um, er fengið fyrir fjárframlög frá gagnáfrýjanda, en var látið koma til lækkunar á greiðslum aðaláfrýjanda, þegar reikningsskil voru við hana gerð út af áföllnum kostnaði eftir 7. febrúar 1955, þá ber með skírskotun til kaupsamningsins að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda umrædda fjárhæð, kr. 7371.74.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 16.184.57, svo sem dæmt er í héraðsdómi, ásamt vöxtum, sem ákveðast 9% ársvextir frá stefnudegi, 25. nóvember 1960, til 29. desember 1960 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 6000.00. Svo ber og að dæma gagnáfrýjanda til að greiða hinum stefndu félögum málskostn-

að fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 2500.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigríður Nikulásdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Steinari Þorfinnssyni, kr. 16.184.57 ásamt 9% ársvöxtum frá 25. nóvember 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Gagnáfrýjandi greiði stefndu, Byggingarsamvinnufélagi barnakennara og Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. þ. m., hefur Steinar Þorfinnsson kennari, Skipholti 42, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 26. nóvember 1960, aðallega gegn Sigríði Nikulásdóttur, Hjarðarhaga 60, Reykjavík, til greiðslu á kr. 17.889.97 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957, en til vara frá 12. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómarans.

Til vara er málið höfðað gegn Byggingarsamvinnufélagi barnakennara, Reykjavík, og Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana, Reykjavík, til greiðslu „in solidum" á skuld, að fjárhæð kr. 17.889.97 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara er málið höfðað gegn Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana (BSSR) til greiðslu á kr. 9.076.94 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómarans.

Í þinghaldi 28. þ. m. lækkaði stefnandi kröfur sínar á hendur öllum hinum stefndu um kr. 1705.20.

Hinir stefndu hafa allir krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1953 hóf Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana byggingu sambýlishúss við Fjallhaga hér í borg, nú Hjarðarhaga nr. 60, 62 og 64. Með því að ekki lágu fyrir óskir frá nægilega mörgum félagsmönnum félagsins um aðild að byggingu þessari, varð að samkomulagi, að byggingarsamvinnufélag barnakennara fengi hálft stigahús, þ. e. fjórar íbúðir til ráðstöfunar fyrir sína félagsmenn. Bsf. starfsmanna ríkisins annaðist framkvæmdir við bygginguna og bókhald hennar fyrir sína félagsmenn og einnig fyrir Bsf. barnakennara, að því er nefndar fjórar íbúðir snerti, þar til sameiginlegri vinnu við bygginguna var lokið. Bsf. barnakennara greiddi Bsf. starfsmanna ríkisins kostnað við smíði þessara fjögurra íbúða, eftir því sem verkinu miðaði áfram.

Stefnandi fékk hjá Bsf. barnakennara eina af fyrrgreindum fjórum íbúðum, þ. e. þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð hússins, sem nú er nr. 60 við Hjarðarhaga, og greiddi hann Bsf. barnakennara, eftir því sem byggingunni miðaði áfram sameiginlegan kostnað, sem kom í hlut íbúðar hans.

Hinn 7. febrúar 1955 seldi stefnandi aðalstefndu, Sigríði Nikulásdóttur, íbúð þessa, sem þá var enn í smíðum. Fékk stefnandi samþykki Bsf. barnakennara fyrir sölunni. Var íbúðin áfram á nafni stefnanda, sem hélt áfram að greiða inn á byggingarreikning sinn hjá Bsf. barnakennara, enda skuldaði stefnandi sameiginlegan byggingarkostnað. Söluverð íbúðarinnar var kr. 216.000.00. Samkvæmt samningi stefnanda og aðalstefndu, Sigríðar Nikulásdóttur, bar aðalstefndu að greiða allan sameiginlegan byggingarkostnað, sem á íbúðina féll eftir 7. febrúar 1955. Engir reikningar um sameiginlegan byggingarkostnað íbúðarinnar lágu frammi, þegar kaupsamningurinn var undirritaður. Kveðst stefnandi hafa gengið út frá því, að reikningur um kostnað þennan yrði gerður upp síðar, þegar byggingarsamvinnufélagið gæti gefið nákvæma reikninga yfir kostnaðinn. Aðalstefnda, Sigríður, kveðst ekki hafa kynnt sér við kaupin, hvernig reikningur stefnanda fyrir sameiginlegum kostnaði við bygginguna stóð. Kveðst hún ekki hafa talið sig þurfa að rannsaka það, þar sem hún keypti íbúðina fyrir ákveðið verð. Hún kveðst hins vegar hafa

gert sér ljóst, að hún átti að greiða sameiginlegan kostnað, sem eftir var, er kaupsamningur var gerður. Stefnandi kveðst hafa gætt þess að greiða ríflega inn á byggingarreikning íbúðarinnar, svo að hann stæði ekki í skuld vegna íbúðarinnar, og telur hann, að eftir 7. febrúar 1955 hafi hann samtals greitt kr. 61.900.00 inn á reikninginn. Við athugun síðar hafi komið í ljós, að hann hafði ofgreitt til Bsf. barnakennara vegna sameiginlegs byggingarkostnaðar, sem til stofnaðist fyrir 7. febrúar 1955. Enn fremur hafi komið í ljós, að selt hafði verið við lok byggingarinnar efni, sem keypt hafði verið, meðan stefnandi átti íbúðina. Greiðsla aðalstefndu, Sigríðar, hafi að sama skapi lækkað.

Vitnið Haraldur Guðmundsson fasteignasali, sem gekk frá kaupunum á nefndri íbúð, hefur skýrt svo frá, að það hafi samið kaupsamninginn (dómskjal nr. 4) og verið viðstaddur, er stefnandi og aðalstefnda undirrituðu hann.

Vitnið segir, að gengið hafi verið út frá því, að stefnandi skilaði íbúðinni í því ástandi, sem greinir í samningnum, og greiddi sameiginlegan kostnað til samningsdags, en kaupandinn, aðalstefnda, greiddi framkvæmdan sameiginlegan kostnað frá þeim degi. Ekki kveðst vitnið hafa kynnt sér nákvæmlega, hvernig reikningur stefnanda við Byggingarsamvinnufélag barnakennara stóð, þegar samningurinn var gerður, en vitnið minnir, að það hafi gengið úr skugga um það, að skuld stefnanda við byggingasamvinnufélagið væri ekki svo veruleg, að hættulegt væri fyrir aðalstefndu að kaupa eignina.

Vitnið minnist þess ekki, að um það hafi verið rætt við gjörð samningsins, hvernig fara skyldi með andvirði þess hlutar af hugsanlegri efnissölu við sambýlishúsið, sem í hlut nefndrar íbúðar kæmi við lok smíði hússins.

Fram hefur verið lagt (dómskjal nr. 7) yfirlit frá Bsf. starfsmanna ríkisins. Þar greinir m. a. svo:

„Eftir beiðni yðar í bréfum, dags. 14. jan. og 22. febr. þ. á., höfum vér látið gera útdrátt úr bókhaldi B.S.S.R. yfir byggingarkostnað húsanna nr. 60, 62 og 64 við Hjarðarhaga hér í bæ (húsin áður talin við Fjallhaga), er sýnir tilfallinn byggingarkostnað húsanna á tímabilinu 7/2 1955—31/12 1956. Jafnframt var athugað á grundvelli nefnds útdráttar, hve mikill hluti kostnaðarins félli í hlut íbúðar í húsinu nr. 60 við Hjarðarhaga, er B.S.S.R. lét byggja fyrir Bsf. barnakennara vegna Steinars Þorfinnssonar.

Niðurstöður þessara athugana eru þessar:

Tilfallinn kostnaður 7/2 1955—31/12 1956	kr.	1.067.946.51
÷ seldar vörur o. fl.	—	220.191.27
	kr.	847.755.24
÷ sérkostnaður 19.491%	—	165.235.98
	Kr.	682.519.26

Af sameiginlegum kostnaði koma í hlut íbúðar Bsvf. barnakennara v. Steinars Þorfinnssonar 4.1223%, eða kr. 28.195.49, en af sérkostnaði kr. 673.45.

Í árslok 1956 námu greiðslur til B.S.S.R. vegna umræddrar íbúðar samtals kr. 181.956.72 (vextir a. n. l. meðtaldir), og skuld á reikningi íbúðarinnar nam þá kr. 20.056.11, svo að heildarkostnaður vegna hennar hjá félaginu nam kr. 202.012.83.

Í sambandi við framanskráð viljum við taka fram:

Þeirri reglu var fylgt, að telja kostnað falla til sama dag og nóta eða frumreikningur eru dagsett, þó með undantekningu um reikninga, dags. 21/2 1955, yfir málningu á stigagöngum (uppmælingar), sem sterkar líkur benda til, að unnin hafi verið fyrr, og er þeim kostnaði sleppt.

Seldar vörur (afslættir og leiðréttingar innifalið) eru að meirihluta keyptar til byggingarinnar fyrir 7/2 1955, en nokkuð á tímabilinu. Af reikningunum má sjá, að kr. 178.826.01 af efnissölunni er fyrir byggingavörur, er keyptar hafa verið fyrir 7/2 1955, en líklegt má telja, að meira af seldu efni sé af eldri birgðum, þótt það verði ekki með vissu séð af þeim heimildum, sem fyrir liggja."

Á grundvelli þessa yfirlits hefur stefnandi reiknað út fjárhæðir krafna sinna, sem hann sundurliðar nú þannig:

1. Ofgreitt inn á byggingarreikning stefnanda ...	kr.	8.812.83
2. Hluti stefnanda af efnissölu	—	7.371.74
	Kr.	16.184.57

Aðiljar málsins eru sammála um að leggja fjárhæðir þessar til grundvallar við úrlausn málsins.

AÐALKRAFA.

Um 1.

Þessa kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að hann hafi samkvæmt yfirlitinu á dómskjali nr. 7 greitt kr. 8.812.83 meir inn á reikning byggingarfélagsins en nam þeim kostnaði, sem á íbúðina lagðist til 7. febrúar 1961. Samkvæmt kaupsamningi hans og aðalstefndu, Sigríðar, hafi hann aðeins átt að greiða kostnað þenna til nefnds dags. Hafi hann því raunverulega greitt skuld hennar í þeirri trú, að hann væri að greiða eigin skuld. Aðalstefnda auðgist á þessum misskilningi eða þeirri vangá hans að greiða of mikið inn á byggingarreikninginn. Beri henni því samkvæmt almennum grundvallarreglum laga og viðskiptahátta að greiða honum þessa fjárhæð. Fjárhæð sú, sem aðalstefnda hafi greitt, hafi aðeins numið kr. 20.056.11, miðað við 31. des. 1956.

Um 2.

Fjárhæð þessa kröfuliðs kveður stefnandi vera 4.1223% af kr. 178.826.01 söluverði byggingarvara, sem keyptar voru fyrir 7. febrúar 1955, sbr. reikningsyfirlitið á dómskjali nr. 7.

Stefnandi kveður aðalstefndu, Sigríði, hafa fengið alla sameignarhluta í því ástandi, sem um var samið. Meira eigi hún ekki að fá. Í kaupsamningi standi, að aðalstefnda skuli fá íbúðina „í því ástandi, sem hún nú er í ....“ og með „öllum sameiginlegum áhöldum, sem hafa verið keypt sameiginlega“, eins og það sé orðað. Hvorugur aðilja muni hafa haft í huga væntanlega efnissölu við gerð samningsins og undirritun. Stefnandi mótmælir því algerlega, að hann hafi selt henni annað eða meira efni en það, sem nam kostnaði við hluta hennar. Afgangsefni sé hans eign að hans hluta móti öðrum eigendum og hefði þurft að taka það sérstaklega fram, ef aðalstefnda hefði átt að eignast það. Aðalstefnda, Sigríður, muni auðgast á kostnað stefnanda, ef hún greiði honum ekki kröfuna samkvæmt þessum lið. Beri því einnig að taka þennan kröfulið til greina.

VARAKRAFA.

Um 1.

Varakröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að fari svo, að kröfur hans gagnvart aðalstefndu, Sigríði, verði ekki teknar til greina, þá hljóti hann að beina kröfum sínum gegn Bsf. barnakennara og Bsf. starfsmanna ríkisins. Starfsmaður Bsf. barna-

kennara hafi tekið við og kvittað fyrir greiðslum stefnanda og beri varastefndu því að endurgreiða stefnanda hina ofgreiddu fjárhæð. Með samþykki sínu á kaupsamning aðilja hafi stjórn Bsf. barnakennara verið ljóst eða mátt vera það ljóst, er hún kynnti sér kaupsamninginn, að koma myndi til uppgjörs varðandi sameiginlegan byggingarkostnað varðandi aðiljana, þ. e. ákveða, hvenær stefnandi skyldi hætta að greiða og kaupandi taka við. Ekkert sé hægt að fullyrða, hvort skilyrði hafi verið fyrir hendi til að draga mörkin þegar við söludag, en þau hafi allavega verið fyrir hendi við lokauppgjör byggingarinnar, er afgangsefni hafði verið selt o. s. frv. Telur stefnandi, að stefndu hafi borið að láta honum þetta uppgjör í té og endurgreiða ofborgaða fjárhæð, en hins vegar hefðu varastefndu getað gert upp við aðalstefndu, Sigríði. Þetta hafi varastefndu ekki viljað gera, þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir. Fjárhæð sú, sem varastefndu létu aðalstefndu greiða, virðist ákveðin algerlega af handahófi. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga, að varastefndu voru þeir einu, sem höfðu skilyrði til að vita um kostnaðinn og gera hann upp, þar eð í þeirra höndum hafi verið allt bókhald og reikningar varðandi bygginguna.

Í annan stað telur stefnandi, að þótt dómurinn fallist ekki á framangreind rök hans fyrir kröfum á hendur varastefndu, þá beri þau bótaábyrgð gagnvart honum á því tjóni, sem hann beið við að greiða þeim peninga í góðri trú um, að hann sé að greiða sína eigin skuld. Leiði þetta af almennum reglum skaðabótaréttarins. Varastefndu hafi verið ljóst eða hafi átt að vera ljóst, að stefnandi var að greiða meira inn á reikning sinn en honum bar.

Um 2.

Stefnandi telur, að með áritun á kaupsamninginn um íbúðina til stefndu Sigríðar, hafi varastefndu tekizt á hendur skyldu til að gera réttilega upp við hann byggingarkostnaðinn í heild og þar með hluta af hagnaði af seldu efni. Eigi hann ekki að vera verr settur en aðrir byggjendur, þótt hann seldi íbúð sína. Varastefndu hafi ekki haft heimild til að láta hluta hans ganga til lækkunar á reikningi Sigríðar Nikulásdóttur, og beri þeim því að greiða sér þessa fjárhæð. Annað mál sé svo, hvort varastefndu kunni að eiga endurkröfurétt á hendur aðalstefndu. Í þessu sambandi hefur stefnandi áréttað, að greiðsluhlutur aðalstefndu virðist hafa verið ákveðinn algerlega af handahófi, án

þess að varastefndu reyndu nokkuð til að komast að hinu rétta.

Þrautavarakrafa á hendur Bsf. starfsmanna ríkisstofnana.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram koma í málinu um samband Bsf. barnakennara og Bsf. starfsmanna ríkisins sín á milli og þar sem Bsf. starfsmanna ríkisins hafði meginhluta íbúðanna í byggingu á sínum vegum, þá telur stefnandi, að það félag hafi haft með að gera efnissöluna, sem um er rætt í málinu. Nefndu félagi hafi verið fullkunnugt um, hverjir áttu íbúðir í umræddri byggingu, og hafi því einnig átt að vera kunnugt um stefnanda, enda hafi íbúðin verið á hans nafni. Ekki sé vefengt, að öðrum íbúðareigendum en stefnanda hafi verið reiknuð efnissalan til tekna. Komi þá að því, sem áður hafi verið ítrekað, að stefnandi átti ekki að vera verr settur en aðrir, þótt hann seldi. Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hafi því í heimildarleysi reiknað efnissöluna til hagnaðar aðalstefndu, en stefnandi telur sig hafa skaðazt um sömu fjárhæð.

Að lokum hefur stefnandi tekið fram, að hann hafi án ástæðulauss dráttar hafizt handa um málssókn, þótt ekki yrði af málshöfðun fyrr en með sáttakæru, birtri 12. nóv. 1958. Það mál var fellt niður vegna formgalla. Stefnandi kveðst áður hafa margsinnis rætt mál þetta við Steinþór Guðmundsson, er hann fékk grun um að hafa ofgreitt. Ennfremur kveðst hann hafa rætt þetta við aðalstefndu, Sigríði, og reynt með góðu að fá leiðréttingu mála sinna.

Aðalstefnda, Sigríður, virðist nú byggja kröfur sínar um sýknu á því, að stefnandi hafi selt íbúðina fyrir ákveðið verð, kr. 216.000.00, og verði að ætla, að verð það hafi verið kostnaðarverð, þar sem íbúðin var byggð í byggingarsamvinnufélagi. Ef svo kostnaðarverðið hefði lækkað vegna sölu á byggingarefni eða einhverjum öðrum orsökum, sé þar aðeins um að ræða lækkun, sem eigandi íbúðarinnar, í þessu tilfelli aðalstefnda, eigi að njóta góðs af. Þar geti ekki orðið um neina endurgreiðslu að ræða. Stefnandi hafi ekki mátt hagnazt af íbúðarsölunni. Ef um einhvern gróða hefði verið að ræða, hafi hann átt að renna til byggingarsamvinnufélagsins, sem svo væntanlega hefði látið aðalstefndu njóta góðs af. Aðalstefnda kveðst hafa fullnægt kaupsamningi um íbúðina bæði gagnvart stefnanda og Bsf. barnakennara. Séu því engin efni til að taka kröfur stefnanda til greina, og sé málssókn stefnanda með öllu tilefnislaus.

Af hálfu stefnda Bsf. barnakennara hefur sýknukrafan verið studd þeim rökum, að Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hafi að

öllu leyti séð um bygginguna og hafi átt að skila íbúðinni fokheldri í hendur stefnanda, er síðan sá sjálfur um að fullgera hana. Einu afskipti Bsf. barnakennara af máli þessu hafi verið þau, að Bsf. barnakennara ábyrgðist, að stefnandi stæði í skilum með greiðslu byggingarkostnaðar til Bsf. starfsmanna ríkisins. Þá hefur Bsf. barnakennara framselt greiðslur vegna sameiginlegs byggingarkostnaðar til Bsf. starfsmanna ríkisstofnana. Þegar stefnandi hafði staðið í skilum, hafi ábyrgð Bsf. barnakennara verið lokið. Stefnandi hafi selt íbúðina fyrir ákveðið verð. Í kaupsamningi sé ekki sundurliðað, hvaða hluti verðsins sé sameiginlegur byggingarkostnaður og hvaða hluti einkakostnaður stefnanda, og verði því að ályktа, að gengið hafi verið út frá, að byggingarkostnaðurinn hafi verið gefinn rétt upp, eins og hann var þá, því að hærra mátti verðið ekki vera skv. lögum um byggingarsamvinnufélög. Hefði sameiginlegur byggingarkostnaður reynzt hærri en gefið var upp hjá Bsf. starfsmanna ríkisins við nefnda samningagerð, virðist ljóst, að aðalstefnda, Sigríður, hefði orðið að greiða þá hækkun. Af því leiði, að hún átti að njóta þess, ef kostnaðurinn reyndist lægri en gefið var upp, þar sem stefnandi hlaut við söluna að hafa fengið kostnaðarverð sitt greitt. Hafi stefnandi misreiknað sig eitthvað við söluna, verði hann sjálfur að taka afleiðingunum af því, þar sem hann einn hafði með framkvæmd kaupsamningsins að gera ásamt stefndu Sigríði. Bsf. barnakennara hafi hvergi komið þar nærri og hafði ekki aðstöðu til þess. Samband stefnanda við Bsf. barnakennara sé ekki þannig vaxið, að Bsf. barnakennara geti nokkra ábyrgð borið gagnvart honum, hvernig sem á sé litið, enda sé málssókn þessi næsta torskilin.

Af hálfu stefnda Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hefur sýknukrafan verið studd þeim rökum, að hvorki stefnandi né Bsf. barnakennara hafi hirt um að láta Bsf. starfsmanna ríkisins vita um sölu íbúðarinnar til aðalstefndu. Fyrirsvarsmönnum Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hafi því ekki verið kunnugt um söluna, fyrr en löngu eftir að byggingu hússins var lokið og allir reikningar varðandi hana upp gerðir. Það hafi fyrst verið í janúar 1960, er fyrirsvarsmenn Bsf. starfsmanna ríkisstofana fengu að vita um efni kaupsamningsins um íbúðina, en sá samningur hafi ekkert komið Bsf. starfsmanna ríkisstofnana við. Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hafi séð um byggingu margnefndrar íbúðar að vissu marki, þ. e. það, sem sameiginlegt var fyrir allt húsið, samkvæmt samkomulagi við Bsf. barnakennara og gegn greiðslu

frá því. Þetta samkomulag hafi verið efnt af beggja hálfu og viðskiptin löngu uppgerð. Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hafi ekki tekið að sér að láta neina frekari þjónustu í té, hvorki Bsf. barnakennara né einstökum meðlimum þess og sé þá stefnandi ekki undanskilinn. Kaupsamningur stefnanda við aðalstefndu, Sigríði, sé sennilega miðaður við kostnaðarverð íbúðarinnar á þeim tíma, sem hann var gerður, og samþykki Bsf. barnakennara hljóti að hafa verið byggt á því, sbr. lagaákvæði þar um, að aðeins sannvirði íbúðarinnar væri fyrir hana greitt. Á þessum tíma hafi efni, sem af gekk við bygginguna og síðar selt, að sjálfsögðu verið inni á kostnaðarreikningi hússins. Ef kostnaðarverðið hefur verið við söluna réttilega metið, hefur stefnandi þegar fengið greiðslu úr hendi Sigríðar fyrir þetta umrædda afgangsefni og getur því þegar af þeirri ástæðu ekki krafið um greiðslu á því aftur. Hvernig sem á málið sé litið, þá komi ekki til nokkurra mála, að Bsf. starfsmanna ríkisstofnana beri að greiða stefnanda hina umstefndu skuld. Bsf. starfsmanna ríkisstofnana hafi að öllu leyti efnt samning sinn við Bsf. barnakennara, en enga ábyrgð tekið á efndum samnings stefnanda við aðalstefndu. Að öllu þessu athuguðu beri að sýkna Bsf. starfsmanna ríkisstofnana og dæma stefnanda til greiðslu ríflegs málskostnaðar.

Um 1.

Stefnandi og aðalstefnda, Sigríður, eru sammála um það, að aðalstefnda hafi átt að greiða allan sameiginlegan byggingarkostnað, sem á íbúðina féll eftir 7. febrúar 1955, er kaupsamningur var undirritaður. Samkvæmt gögnum málsins, þar á meðal dómskjali nr. 7, sem aðiljar eru sammála um að leggja til grundvallar í málinu, hefur aðalstefnda ekki greitt kr. 8.812.83 af þessum kostnaði, eins og hann er reiknaður út á dómskjali nr. 7. Hefur hún því ekki efnt kaupsamninginn við stefnanda að þessu leyti. Stefnandi hefur hins vegar greitt fjárhæð þessa, og ber því að taka þennan kröfulið hans til greina að öllu leyti.

Um 2.

Þess var áður getið, að við kaupin var ekkert rætt um efni, sem afgangs kynni að verða að loknum byggingarframkvæmdum. Fallast má á það með stefnanda, með tilliti til kaupsamningsins, að þurft hefði að taka það sérstaklega fram í kaupsamningnum, ef afgangsefni átti að fylgja með í kaupunum. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi verið eigandi þess afgangs-

efnis, sem keypt var fyrir 7. febrúar 1955, en selt eftir þann dag og fært til lækkunar á sameiginlegum byggingarreikningi íbúðarinnar hjá byggingarsamvinnufélaginu, með þeim áhrifum, að sameiginlegur byggingarkostnaður eftir 7. febrúar 1955 lækkaði reikningslega sem svaraði andvirði hins selda efnis. Aðalstefnda átti að greiða allan sameiginlegan byggingarkostnað eftir 7. febrúar 1955. Með framangreindum reikningsfærslum hefur stefnandi því raunverulega greitt hluta aðalstefndu af sameiginlegum byggingarkostnaði, sem hún átti að greiða. Ber aðalstefndu því að greiða stefnanda fjárhæð þessa kröfuliðs, og er þá ekki á aðalstefndu hallað, sbr. dómskjal nr. 7. Enda skiptir ekki máli í lögskiptum stefnanda og aðalstefndu, á hvaða verði hann seldi íbúðina.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina að öllu leyti ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda koma því ekki til frekari álita.

Samkvæmt þessu ber aðalstefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.600.00.

Rétt þykir eftir málavöxtum öllum, að málskostnaður falli niður, að því er varastefndu varðar.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefnda, Sigríður Nikulásdóttir, greiði stefnanda, Steinari Þorfinnssyni, kr. 16.184.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.600.00 í málskostnað.

Málskostnaður fellur niður, að því er varðar varastefndu, Byggingarsamvinnufélag barnakennara og Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. október 1962.

Nr. 14/1962. **Alþýðublaðið**
gegn
Prentmyndum h.f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alþýðublaðið, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 26. október 1962.

Nr. 88/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að skattstjórnarvöldum verði dæmt að meta hlutabréf stefnda til stóreignaskatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 undir fertugföldu nafnverði þeirra og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, H/f Eimskipafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Eimskipafélagi Íslands h.f. hér í bæ með stefnu, dagsettri 1. september 1960, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að lagt verði fyrir skattstjórnarvöld að ákveða skattgjald það, er félaginu beri að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957 vegna hluthafa félagsins, þannig að byggt verði á tíföldu nafnverði hlutabréfanna. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Tildrög málsins eru þessi:

Með lögum nr. 44 frá 3. júní 1957 um skatt á stóreignir var lagður sérstakur skattur á eignir allra einstaklinga, sem áttu meira en eina milljón króna í hreinni eign, og geyma lögin ýmis fyrirmæli um það, hvernig sá skattstofn skuli fundinn. Meðal annars er svo mælt í 1. mgr. 4. gr. laganna, að hreinum eignum félaga, en verðmæti eignanna er ákveðið samkvæmt fyrirmælum sömu laga, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hluta- eða stofnfjáreign hvers eiganda um sig, og skuli þessi eignarhluti hinna einstöku félagsmanna eða hluthafa teljast með öðrum eignum skattþegns við ákvörðun skattfjárhæðar. Skattstjórinn í Reykjavík ákveður skattinn samkvæmt 10. gr. laganna, en ákvörðunum hans má skjóta til Ríkisskattanefndar. Loks má áfrýja úrskurðum Ríkisskattanefndar til dómstólanna. Í 7. gr. laganna segir m. a., að félög skuli annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum, þar með taldar

hlutafjár- og stofnfjáreignir, og að félögin hafi rétt til að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum.

Á aðalfundi stefnanda 1. júní 1957 var samþykkt, að félagið skyldi ekki beita endurheimturétti á hendur hluthöfum um þann skatt, er félaginu yrði gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957 vegna eignar hluthafa í félaginu.

Á grundvelli matsreglna, sem Ríkisskattanefnd hafði samið og nota átti við mat á hlutabréfum, reiknaði skattstjórinn í Reykjavík út skatt þann, er stefnanda bæri að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957. Nam skattgjaldið kr. 958.559.00 og var byggt á því, að sannvirði hlutabréfa félagsins í árslok 1956 hefðu verið 4005% af nafnverði bréfanna. Þetta gjald kærði stefnandi til Ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 29. desember 1959, og var þess krafizt, að skattgjaldið yrði lækkað til stórkostlegra muna, og þá miðað við, að hlutabréf félagsins yrðu við ákvörðun skattsins ekki metin á hærra verði en tíföldu nafnverði.

21. júní 1960 tilkynnti Ríkisskattanefnd stefnanda, að nefndin hefði úrskurðað, að mat á hlutabréfum félagsins skyldi vera fertugfalt nafnverð og að skattfjárhæð félagsins yrði tilkynnt síðar. Samkvæmt þessum úrskurði varð skattgjald stefnanda kr. 932.042.00. Í úrskurði Ríkisskattanefndar segir, að ekki hafi þótt vera færðar nægilegar sannanir fyrir söluverði hlutabréfa á frjálsum markaði fyrir lægra verð en matsreglur Ríkisskattanefndar segja fyrir um, og þyki nefndinni því ekki ástæða til að breyta matinu af þeim ástæðum.

Þessum úrslitum vildi stefnandi ekki una og höfðaði því mál þetta.

Umboðsmaður stefnda hefur lýst því yfir í réttinum, að aðild stefnanda að máli þessu sé ekki vefengd.

Lagt hefur verið fram bréf undirritað af E. P. Briem f. h. stefnanda (sbr. dskj. 13 og 21), og segir í því, að stefnandi hafi keypt eigin hlutabréf sem hér segir að nafnverði:

Til 1. janúar 1954	kr.	205.700.00
Árið 1954	—	13.750.00
— 1955	—	20.600.00
— 1956	—	7.725.00
— 1957	—	9.750.00
— 1958	—	4.675.00
— 1959	—	2.425.00

Árið 1960	kr.	5.975.00
— 1961 (til 20/12)	—	4.575.00
	Alls kr.	69.475.00(svo)

Jafnframt er tekið fram í bréfum þessum, að frá árinu 1954 hafi ávallt verið greitt tífalt nafnverð fyrir hlutabréfin.

Lagt hefur verið fram svohljóðandi vottorð frá Kauphöllinni, undirritað af Aron Guðbrandssyni 22. ágúst 1960:

„Samkvæmt beiðni viljum vér hér með staðfesta það, að á síðastliðnum sjö árum og allt fram á þennan dag hefur gengi á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands h/f hjá oss verið tífalt nafnverð hlutabréfanna.

Nokkurt magn af þessum bréfum hefur selzt hjá oss, en oss er ekki kunnugt um, að neins staðar annars staðar hafi fengizt hærra verð fyrir hlutabréf þessi á nefndu tímabili."

Svohljóðandi vottorð hefur verið lagt fram, undirritað af Guðlaugi Þorláksyni 23. ágúst 1960:

„Á undanförnum árum hefir það alloft komið fyrir, að viðskiptamenn skrifstofu minnar hafa spurzt fyrir um, hvert væri söluverð hlutabréfa í H/f Eimskipafélagi Íslands. Hefi ég jafnan skýrt þessum viðskiptamönnum frá því, að mér væri ekki kunnugt um hærra söluverð en tífalt nafnverð hlutabréfanna."

Stefnandi rökstyður kröfu sína með því, að við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 eigi að leggja til grundvallar sannvirði hlutabréfa, eins og það var í höndum hluthafa í árslok 1956. Telur hann hreina fjarstæðu að meta hlutabréf í stefnanda á fertugu verði, og bendir í því sambandi á, að arður af bréfum þessum hafi aðeins verið 4 af hundraði af nafnverði bréfanna í árslok 1956 og að hluthafar hafi ekki getað fengið hærra verð en tífalt nafnverð fyrir bréf sín í árslok 1956, sbr. vottorð E. P. Briem, Kauphallarinnar og Guðlaugs Þorlákssonar, enda hafi það aldrei verið véfengt af hálfu ríkissjóðs. Telur stefnandi, að raunverulega sé tífallt verð of hátt mat, en kveðst fallast á, að við ákvörðun skattgjaldsins verði lagt til grundvallar tífallt nafnverð bréfanna. Þá telur stefnandi, að sönnunarbyrðin í máli þessu hvíli á stefnda.

Stefndi rökstyður mál sitt með því, að eðlilegast sé við mat á hlutabréfum að byggja á hag, rekstri og arði viðkomandi skattgreiðanda, eins og skattstofan hafi gert við mat á hlutabréfum stefnanda. Þá telur hann, að með Hæstaréttardómi, uppkveðnum 7. desember 1959, hafi verið fallizt á starfsreglur Ríkis-

skattanefndar við mat á hlutabréfum, þar sem ekki hafi verið hróflað við þeim. Enn fremur telur stefndi, að lítið mark sé takandi á þeim sölum, sem fram hafa farið, þar sem stefnandi hafi sjálfur verið kaupandinn og hafi haft áhuga á að halda verðinu niðri og auk þess sé hér um lítið magn að ræða. Vottorðum Kauphallarinnar og Guðlaugs Þorlákssonar telur stefndi, að ekki sé hægt að byggja neitt á, þar sem ekki sé getið í þeim, hve mikið magn hafi þar verið um að ræða.

Dómarinn fellst ekki á þá skoðun stefnda, að með dómi Hæstaréttar frá 7/12 1959 hafi verið fallizt á matsreglur Ríkisskattanefndar, þar eð í því máli, sem þar var til meðferðar, voru aðiljar sammála um að una við matsverð þeirra hlutabréfa, sem þar komu til sögu. Því er haldið fram að stefnanda og ómótmælt af stefnda, að meta eigi hlutabréf þau, er mál þetta er risið af, á sannvirði þeirra, eins og það var í árslok 1956. Stefnandi hefur upplýst, að það hafi aldrei á árabilinu frá 1954—1961 keypt eigin hlutabréf á öðru verði en tíföldu nafnverði, og einnig hafi verið lögð fram vottorð frá Kauphöllinni og Guðlaugi Þorlákssyni, sem báðir hafa fengizt við verðbréfasölu um langt árabil, að þeir hafi ekki selt hlutabréf þessi á hærra verði en tíföldu nafnverði. Stefnandi þykir með þessu hafa fært miklar líkur fyrir því, að sannvirði hlutabréfanna í höndum eigenda þeirra í árslok 1956 hafi ekki verið hærra en tífalt nafnverð þeirra. Greiddur var aðeins 4% arður af nafnverði bréfanna í árslok 1956. Þegar þetta allt er virt, telur dómarinn, að stefndi hafi ekki sýnt fram á, að sannvirði nefndra hlutabréfa hafi í árslok 1956 verið fertugfalt nafnverð þeirra. Eins og áður segir, hefur stefnandi fallizt á, að sannvirði nefndra hlutabréfa verði talið tífalt nafnverð þeirra. Að svo vöxnu máli þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina, þannig að óheimilt sé að miða skattgjaldið við hærra verð en tífalt nafnverð hlutabréfanna.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Grétar Haraldsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind krafa stefnanda um, að skattálagning samkvæmt lögum nr. 44/1957 vegna hlutabréfa stefnanda verði miðuð við tífalt nafnverð þeirra, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. október 1962.

Nr. 27/1962. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóni Þóri Jónssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1962. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar á þeim. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 30. marz 1962. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 208.446.85 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 16. október 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómendur Hæstaréttar hafa athugað aðstæður á vettvangi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Kemur þar á meðal fram, að Júlíus Einarsson, sem í héraðsdómi getur, var trúnaðarmaður hins reglulega verkstjóra á vinnustað, þegar gagnáfrýjandi slasaðist, þar sem hinn reglulegi verkstjóri var ekki viðstaddur.

Þá hefur og verið lögð fram ný áætlun um atvinnutjón gagnáfrýjanda, dagsett 19. október þ. á., gerð af Þóri Bergssyni tryggingafræðingi. Ef miðað er við, að gagnáfrýjandi hafi þau þrjú ár, sem lögð eru til grundvallar, aflað 70% vinnutekna sinna með almennri verkamannavinnu og 30%

með sjómennsku og áætlunin að öðru leyti gerð samkvæmt úrtakstölum Hagstofu Íslands um vinnutekjur verkamanna í Reykjavík, metur tryggingafræðingurinn atvinnutjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku kr. 54.303.00, og vegna varanlegrar örorku kr. 176.948.00, þ. e. samtals kr. 231.251.00. Þess er að geta, að tryggingafræðingurinn reiknar með 7% ársvöxtum.

Eins og lýst er í héraðsdómi, er um 7° halli á gólfi vörugeymslu aðaláfrýjanda, þar sem slysið varð. Hér er um að ræða stað, þar sem vörur eru geymdar í stórum stíl og tíð ferming og afferming muna fer fram. Gerð gólfs á slíkum stað með þeim hætti, sem lýst var, verður að teljast varhugaverð. Þá verður það og, miðað við þessa staðhætti, að teljast óvarleg aðferð af hálfu verkstjórnarmanns aðaláfrýjanda að láta ofna þá, er um ræðir, snúa með endann undan halla, er þeir voru teknir af bifreiðinni. Þar sem orsakir slyssins þykja að mestu verða raktar til þessa, ber að leggja fébótaábyrgð á aðaláfrýjanda að meginhluta. Á hinn bóginn verður að telja, að gagnáfrýjandi, sem mun hafa verið allvanur vinnu sem þessari, hafi eigi farið fram með nægilegri gát í starfi sínu, miðað við augljósa varasama gerð gólfsins. Þykir eftir atvikum rétt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að ¾ hlutum, en gagnáfrýjandi beri ¼ hluta þess sjálfur.

Gagnáfrýjandi hefur sundurliðað bótakröfu sína þannig:

1. Örorkubætur	kr.	228.136.00
2. Bætur fyrir sársauka, lýti og röskun á stöðu og högum	—	50.000.00
3. Kostnaður af örorkumati	—	750.00
4. Kostnaður af áætlun um orkutjón	—	600.00

Um 1.

Samkvæmt gögnum málsins, þ. á m. fyrrgreindri áætlun tryggingafræðings um atvinnutjón gagnáfrýjanda, þykir tjón hans samkvæmt þessum lið hæfilega metið ..... kr. 180.000.00

Um 2.
Eftir atvikum þykir tjón þetta hæfilega metið kr. 35.000.00

Um 3. og 4.
Þessir liðir hafa ekki sætt andmælum og verða því lagðir til grundvallar ..... — 1.350.00

kr. 216.350.00

Frá dragast greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins ..... — 50.539.15

Kr. 165.810.85

Með vísan til þess, er að framan greinir, ber aðaláfrýjanda að greiða gegnáfrýjanda ¾ hluta þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 124.358.14, að frádregnum kr. 20.527.52, sem aðaláfrýjandi hefur þegar greitt gagnáfrýjanda, þ. e. kr. 103.830.62, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. október 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Þóri Jónssyni, kr. 103.830.62 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 22.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar 1962, hefur Jón Þórir Jónsson, Réttarholtsvegi 33 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. marz 1961, gegn Eimskipafélagi Íslands h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 208.446.85 með 10% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 16. októ-

ber 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi, Eimskipafélag Íslands h/f, hefur aðallega krafizt sýknu af öllum stefnukröfunum og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómarans, en til ýtrustu vara hefur hann krafizt þess, að stefnukröfurnar verði færðar niður til stórkostlegra muna, þ. á m. vextir og vaxtatími.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 11. apríl 1961, hefur stefnandi stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu, en síðargreindir vörulyftarar eru vátryggðir hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Dómarinn hefur reynt að koma á sætt í málinu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að hann hafi verið í vinnu hjá Eimskipafélagi Íslands h/f við venjuleg afgreiðslu- og móttökustörf í Skúlaskálaporti að morgni hins 16. október 1959. Kveðst hann hafa verið úti í „portinu" ásamt verkstjóranum, Júlíusi Einarssyni, og tveimur mönnum öðrum, er stjórnuðu vörulyftara. Verið var að taka á móti miðstöðvarofnum, er vörubifreið hafði flutt inn í „portið" frá skipshlið, og kveður stefnandi, að u.þ.b. 20 ofnar hafi verið saman í „heisi", er bundið hafi verið utan um með tógstroffu. „Heisið" hafi verið tekið niður af bílpallinum með vörulyftara og látið í „portið" og því næst hafi bifreiðinni verið ekið burt. Hafi þeir Júlíus síðan tekið tógið utan af ofnunum, er hafi verið í tveimur stæðum, 10 í hvorri stæðu, er stefnandi telur, að hafi verið rúmur metri á hæð. Hér hafi verið um rimlaofna að ræða, er fallið hafi þétt saman og bundið hver annan. Tveir menn hafi síðan átt að taka ofnana á milli sín og stafla þeim á bretti þar hjá, og skyldu lyftararnir síðan lyfta þeim í stæður. Þeir Júlíus hafi verið búnir að taka einn ofn úr stæðunni og láta hann á brettið, er stæðan hafi skyndilega fallið og allir ofnarnir dottið ofan á vinstri fót stefnanda með þeim afleiðingum, að báðar pípur fótarins brotnuðu. Stefnandi kvaðst hafa staðið með vinstri fótinn alveg við stæðuna, en brettið hafi verið í u.þ.b. meters fjarlægð frá henni. Er slysið vildi til, segir stefnandi, að báðir lyftararnir hafi staðið kyrrir, vörubifreiðin verið farin, og hann kvaðst ekki hafa orðið

var við, að neinn kæmi við stæðuna. Stefnandi kvað Júlíus hafa stjórnað verkinu þarna.

Júlíus Einarsson verkstjóri hefur skýrt rannsóknarlögreglunni í Reykjavík svo frá, að þegar framangreint slys varð, hafi hann og stefnandi verið að vinna við að taka ofna úr stroffu og setja þá á bretti. Kveður hann þá stefnanda hafa verið búna að losa stroffuna, en mundi ekki, hvort þeir voru búnir að taka einn ofn eður ei, er hann sá stæðuna falla, en kveðst þó ekki hafa tekið eftir því, fyrr en hún var alveg að því komin að falla á þá. Júlíus kvaðst hafa sloppið við hana, þar eð hann hafi staðið utar en stefnandi, er einnig hafi reynt að stökkva undan henni, en ekki tekizt það nema með annan fótinn. Stefnandi hafi strax fallið og stæðan ofan á hann. Júlíus vissi ekki, hvernig á því stóð, að stæðan féll, og kvaðst ekki hafa orðið var við, að nokkur kæmi við hana, en taldi ástæðuna hafa verið hinn mikla halla á gólfinu, enda hafi ofnarnir fallið undan hallanum.

Öryggiseftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið sama dag og það vildi til. Starfsmaður hjá þeirri stofnun fór á vettvang samdægurs og átti tal við Júlíus Einarsson verkstjóra um tildrög slyssins og hefur ritað frásögn hans þannig, sbr. dskj. nr. 4: „Við vorum að raða miðstöðvarofnum á bretti, ofnarnir komu í portið til okkar í ca 16 st. heisum, sem lyftari tók af bílnum, og var stroffa bundin um ofnana. Er við leystum stroffuna og vorum búnir að taka einn ofn og láta hann á brettið, runnu 4 ofnar ofan af heisinu og komu á fót slasaða. Slasaði stóð með annan fót á brettinu, en hinn á milli ofna og brettis."

Síðan segir svo í skýrslu starfsmanna Öryggiseftirlitsins:

„Orsakir að slysinu virðast aðallega tvenns konar:

a) Halli á portinu, sem er ca 7°.

b) Óaðgæzla þeirra, er tóku af bílnum, að láta ofnana snúa með endann undan halla, en ekki þvert á hallann."

Stefnandi var fluttur á Slysavarðstofuna þegar eftir slysið. Var hann þá með opið brot á vinstri legg neðarlega. Bæði beinin voru brotin og nokkuð gengin úr skorðum. Gert var að meiðslum hans á Slysavarðstofunni og settar gipsumbúðir á þau, en síðan lá stefnandi í heimahúsum.

Páll Sigurðsson læknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Örorkumat læknisins er dagsett 7. desember 1960, og hljóðar svo að loknum inngangsorðum:

„Brotið greri seint, hann hafði gipsumbúðir þar til í marz 1960. Þá var gipsið tekið og farið var að reyna að liðka öklann, og var hann í sjúkraleikfimi hjá Jóni Þorsteinssyni um 2 vikna skeið um mánaðamótin marz—apríl.

Hann var óvinnufær af þessum sökum til júlíloka 1960, en hefur síðan unnið létta vinnu.

Maðurinn kom til skoðunar 7/11 1960. Hann kveðst eiga erfitt með að vinna erfiðisvinnu og þreytast mikið við gang og stöður. Telur þó, að ástandið fari heldur batnandi, og sé mun betra nú en í vor, er hann byrjaði að vinna. Kvartar aðallega um þreytuverk í leggnum og öklanum, og verkina leggur bæði niður í fót og upp í hné.

Skoðun: Gengur stinghaltur á vinstra fæti, en staflaus. Vinstri ganglimur: Stytting mælist 1 og hálfur cm. Eðlilegar hreyfingar í hné og mjöðm. Neðarlega á leggnum er mjög áberandi varussveigja, og mælist hún ca. 25°. Húðin yfir brotstaðnum, þverhönd fyrir ofan öklalið, er heil, en nokkuð föst og glansandi. Hjarahreyfing í öklaliðnum er svipuð og hægra megin, en hverfihreyfingin er u.þ.b. helmingur af hreyfingu hægra megin. Ekki tiltakanlegur sársauki við hreyfingar, og ekki eymsli við þrýsting.

Röntgenskoðun var gerð á Slysavarðstofunni 5/11 1960, en engin umsögn fylgir. Við athugun á myndunum þá sést, að brotið neðst í sköflung og dálki er vel gróið með allmiklum callus. Töluverð skekkja er á brotstaðnum, og er neðri endi sköflungsins sveigður í varus-stöðu og fram á við, og mælist varus-staðan 25—30°, en sveigjan fram á við ca. 5°. Öklaliðurinn sjálfur lítur eðlilega út, en nokkur úrkölkun er á öllu svæðinu. Dálkurinn hefur verið brotinn á svipuðum stað og sköflungur, og er hann vel gróinn, en sveigjan nokkru minni en á sköflung.

Ályktun: Hér er um að ræða rúmlega fertugan mann, sem slasast við vinnu sína og hlýtur opið brot á vinstri legg neðarlega. Hann var frá vinnu vegna slyssins algerlega í 8 mánuði og hefur ekki enn getað byrjað sömu vinnu og áður.

Skoðun nú sýnir, að brotið hefur gróið með nokkurri sveigju, og röntgenmyndir, teknar á Slysavarðstofunni, staðfesta þetta.

Af þessum sökum má búast við, að maðurinn hafi varanleg óþægindi frá leggnum, og mikil hætta er á því, að hið skakka álag á öklalið valdi því, að hann slitni fyrr en ella.

Maðurinn hefur af þessu slysi hlotið varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 8 mánuði ..... 100% örorka
- 2 — ..... 50% —
- 2 — ..... 25% —
og síðan varanleg örorka 20%."

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því, að stefndi beri ábyrgð á þeim vanköntum vinnustaðarins, að gólfið hallaði um 7°, þar eð alltaf megi búast við, að varningur hreyfist af þeim sökum einum, án þess að við hann sé komið af mannavöldum. Þá beri stefndi einnig ábyrgð á óaðgæzlu þeirra starfsmanna sinna, er tóku ofnana af bílpallinum, þ. e. lyftustjóranna, enda hafi stefnandi engu ráðið þar um eða haft af því nokkur afskipti. Með þessum röksemdum telur stefnandi ljóst, að stefndi beri einn fébótaábyrgð á slysinu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að það sé alveg út í hött, að starfsmenn hans hafi sýnt af sér einhverja ógætni. Hér hafi verið um venjulegt og hættulaust starf að ræða, sem verkamönnum sé falið að vinna. Verkið hafi verið unnið á nákvæmlega sama hátt og tíðkazt hafi um margra ára skeið og við sömu aðstæður, en stefnandi hafi þekkt þær mætavel. Vera kunni, að einhver gólfhalli hafi verið á afgreiðslustaðnum, en allt að einu sé hér um einhvern bezta og vandaðasta afgreiðslustað að ræða í Reykjavík, gerðan af færustu kunnáttumönnum, enda séu allar aðstæður eins góðar og frekast verði á kosið.

Þá heldur stefndi því fram, að slysið verði á engan hátt rakið til bilunar tækja eða búnaðar né heldur til yfirsjónar verkstjóra eða starfsmanna hans. Þvert á móti megi fullyrða, að slysið hafi orsakazt vegna aðgæzluskorts stefnanda sjálfs eða klaufaskapar, sbr. framburð Júlíusar Einarssonar verkstjóra, er rakinn hefur verið hér að framan.

Að endingu bendir stefndi á, að jafnvel þó að talið yrði, að slysið hefði viljað til fyrir hendingu, þá geti hann ekki borið á því fébótaábyrgð, þar sem hér sé eigi um hættulega starfsemi að ræða.

Dómarinn hefur gengið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Má greinilega sjá, að um nokkurn gólfhalla er þarna að ræða. Bæði stefnanda og Júlíusi Einarssyni verkstjóra kemur saman um, að margnefnd ofnastæða hafi fallið undan hallanum af sjálfsdáðum. Er því ljóst, að eigi hefur verið nægilega tryggilega frá henni gengið, eftir að hún hafði verið tekin af palli vörubifreiðarinnar, en verkstjóranum bar að sjálfsögðu að sjá svo um, að stæðan væri það stöðug, að ekki stafaði hætta af henni fyrir

þá menn, er við hana unnu. Þar eð verkstjórinn virðist eigi hafa gætt þessa atriðis, þykir verða að leggja alla fébótaábyrgð af slysi þessu á stefnda, Eimskipafélag Íslands h/f, samkvæmt meginreglum íslenzks skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, er starfsmenn þeirra valda með ólögmætum og saknæmum hætti, enda er ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á slysi því, er hann varð fyrir.

Stefnandi hefur sundurliðað bótakröfu sína þannig:

1.	Örorkubætur	kr. 228.136.00
2.	Bætur fyrir sársauka, lýti og röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
3.	Kostnaður við örorkumat	— 750.00
4.	Kostnaður við útreikning á örorkutjóni	— 600.00
	Samtals	kr. 279.486.00
	Frá þessari upphæð dregur stefnandi greiðslur frá stefnda og Tryggingastofnun ríkisins	— 71.039.15
	Eftir standa þá	kr. 208.446.85

Þessi fjárhæð kemur heim við stefnukröfuna.

Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað út atvinnutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats. Í útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 14. jan. 1961, er stefnandi sagður fæddur 5. júlí 1919 og hefur samkvæmt því verið 40 ára að aldri, er slysið varð. Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum stefnanda fyrir starfsárið 1956—1958 sést, að hann hefur ýmist starfað sem verkamaður eða togarasjómaður, og sundurliðar tryggingafræðingurinn launatekjur stefnanda þannig:

Ár	Vegna verkamannavinnu	Vegna sjómennsku	Samtals
1956	kr. 71.661.00	kr.	kr. 71.661.00
1757	— 54.898.00	— 4.245.85	— 59.143.85
1958	— 8.737.00	— 53.802.13	— 62.539.13

Tryggingafræðingurinn hefur síðan umreiknað verkamannatekjur stefnanda til kauplags eins og það var, er útreikningur-

inn var gerður, með tilliti til þeirra breytinga, er orðið hafa á taxta Dagsbrúnar í almennri dagvinnu. Við umreikning á sjómannstekjunum hefur tryggingafræðingurinn stuðzt við upplýsingar frá Bæjarútgerð Reykjavíkur um tekjur háseta á togurum útgerðarinnar árin 1951—1958, og jafnframt tekið tillit til kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, m. a. áætlað, að hækkun hins reiknaða fiskverðs frá ½ 1960 hafi jafngilt 10% hækkun heildartekna. Þá hefur hann einnig haft til hliðsjónar upplýsingar um tekjur togarasjómanna á íslenzkum togurum árið 1959.

Eftir að hafa umreiknað tekjurnar með framangreindum hætti, reiknast honum meðaltekjur starfsáranna 1956—1958 nema kr. 71.583.00 á tímabilinu frá slysdegi til janúarloka 1960, en eftir það kr. 73.665.00. Miðað við þessar tekjur, reiknast honum verðmæti tapaðra vinnutekna nema á slysdegi:

a) Vegna tímabundinnar örorku í 12 mánuði .. kr. 55.898.00
b) Vegna varanlegrar örorku eftir það ..... — 172.238.00

Samtals kr. 228.136.00

Tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að hann hafi eigi í útreikningi sínum tekið tillit til greiðslna þeirra, er stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins eftir slysið.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en þau, er nú hefur verið getið, eru, að reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla árin 1941—1950.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum, bæði vegna þess að stefnanda sé metin allt of há örorka vegna slyssins, svo og vegna þess að tryggingafræðingurinn reikni með of háu kaupi hjá stefnanda. Þá hefur stefndi og bent á, að lækka beri bætur samkvæmt þessum lið, þar eð einungis sé reiknað með 6% ársvöxtum í útreikningi tryggingafræðingsins, þótt vextir séu nú almennt hærri hér á landi, svo og vegna þess að tryggingafræðingurinn hafi í útreikningi sínum eigi gert frádrátt vegna hugsanlegs atvinnuleysis í framtíðinni né heldur vegna skattaívilnana af tjónsbótum þessum.

Stefndi hefur eigi hnekkt framangreindu örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, og verður það því lagt til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið. Hins vegar þykir verða að lækka nokkuð útreikning tryggingafræðingsins með skírskotun til röksemda stefnda að öðru leyti, en jafnframt ber að hafa

í huga, að á síðastliðnu sumri, eftir að útreikningurinn var gerður, urðu almennar kauphækkanir hér á landi.

Þegar öll þessi atriði eru höfð í huga, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 120.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, er stefnandi hefur þegar fengið frá Tryggingastofnun ríkisins og stefnda og getið hefur verið hér að framan.

Um 2. lið.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þá hefur dómarinn skoðað stefnanda með tilliti til áverka hans. Er um greinilega sveigju að ræða á hinum slasaða fæti, og stefnandi stingur örlítið við í gangi.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 30.000.00.

Um 3. og 4. lið.

Lagðir hafa verið fram reikningar yfir þessa kröfuliði, og hafa þeir eigi sætt tölulegum andmælum og verða því teknir til greina að öllu leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 151.350.00 (þ. e. kr. 120.000.00 + kr. 30.000.00 + kr. 750.00 + kr. 600.00) ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 6% frá 16. október 1959 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% til 29. desember s. á., og 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalyktum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.700.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Jóni Þóri Jónssyni, kr. 151.350.00 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1959 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% til 29. desember s. á. og 8% frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 13.700.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. október 1962.

Nr. 37/1962. **Prentmyndir h/f** (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Alþýðublaðinu (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og svo að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi sótti þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, en er munnlegur málflutningur átti að fara þar fram, kom enginn fyrir dóm af hendi stefnda. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta héraðsdóm og fjárnámsgerð.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og var þá ástæða til, að áfrýjandi bæri málið undir Hæstarétt. Er því rétt, að stefndi greiði málskostnað hér fyrir dómi, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndi, Alþýðublaðið, greiði áfrýjanda, Prentmyndum h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Prentmyndir h/f, Laugavegi 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 26. október 1960, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 382.062.49 með 10% ársvöxtum frá 25. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi lækkað vaxtakröfu sína um 1% á ári.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í greinargerð, en við munnlegan flutning málsins hefur stefndi breytt kröfum sínum á þá lund, að hann krafðist lækkunar á dómkröfum stefnanda í kr. 113.379.15 með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð og að málskostnaður til stefnanda yrði miðaður við þessa fjárhæð.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera vegna kaupa stefnda á myndamótum hjá prentmyndagerð stefnanda samkvæmt eftirfarandi yfirlitsreikningi:

„Prentmyndir h/f

5. júlí 1960.

Alþýðublaðið,
Reykjavík.

Yfirlitsreikningur.

1957.			
Jan. 1.	Skuld frá f. ári (pr. 27/5)	kr. 30.000.00	
Des. 31.	An. Vinna 1957	— 139.042.59	
— —	Pr. Innborgað á árinu '57 ..	—	43.205.00
1958.			
Des. 31.	An. Vinna 1958	— 229.738.35	
— —	Pr. Innborgað á árinu '58 ..	—	66.000.00
— —	An. Yfirfærð skuld Sunnudagsbl. fyrir 1957 og 1958	— 33.697.92	
1959.			
Des. 31.	An. Vinna 1959	— 480.438.80	
— —	Pr. Innborgað á árinu '59 ..	—	249.000.00
— —	An. Reikn. 1959, viðb. ..	— 1.234.68	
1960.			
Jan. 31.	An. Reikn. í jan. 1960 ...	— 11.459.10	
— —	Pr. Innborgun (1959)	—	179.000.00

Júlí 5.	Pr. Mism. færður út	kr.		6.343.65
— —	Mismunur	—		382.062.49
		Kr.	925.611.14	925.611.14
1960.	Skuld 5/7	kr.	382.062.49	

Stefndi hefur samþykkt reikning þennan sem reikningslega réttan að öðru leyti en því, að hann telur, að á reikninginn vanti 30% afslátt, sem stefndi hafi átt að fá hjá stefnanda af kaupverði myndamótanna. Og er síðari krafa stefnda miðuð við það, að reiknaður sé 30% afslátur af „debit"-lið reikningsyfirlitsins að undanskildum kr. 30.000.00, sem er efsta færsla þess liðar, eða af kr. 895.611.14 samtals. Samkvæmt þessu virðist afsláttarinn, sem stefndi telur sig hafa átt að fá, nema kr. 268.683.34, og er það sú fjárhæð, sem endanlega er um deilt í máli þessu.

Axel Kristjánsson, stjórnarmeðlimur Alþýðublaðsins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 5. marz s.l., að hann hafi samið við Pál Finnbogason, framkvæmdastjóra stefnanda, fyrir nokkrum árum um kaup á myndamótum handa Alþýðublaðinu, og hafi samningar þeir verið um áframhaldandi viðskipti. Samkvæmt samningum þessum hafi Alþýðublaðið átt að fá myndamótin með beztu fáanlegum kjörum, og minnir Axel, að afsláttur af verði myndamótanna hafi átt að vera 25—30%. Hins vegar hafi samningar þessir verið við það miðaðir, að Alþýðublaðið greiddi reglulega.

Áki Jakobsson hrl., formaður stjórnar Alþýðublaðsins, skýrir svo frá, að hann hafi tekið við stjórnarformennsku Alþýðublaðsins í febrúar 1958. Eftir það hafi hann oft átt tal við Pál Finnbogason um viðskiptin, sem höfðu þá staðið um nokkurn tíma, og hafi Páll oft tekið fram í þeim samtölum, að Alþýðublaðið skyldi fá beztu fáanleg kjör hjá Prentmyndum h.f. og ekki minna en 30% afslátt frá taxtaverði „klissugerða", enda hafi hann, þ. e. Áki, bent Páli á, að það væru þau kjör, sem Alþýðublaðið ætti kost á hjá öðrum „klissugerðum".

Vitnið Björn Jóhannsson, blaðamaður hjá Alþýðublaðinu, skýrir svo frá fyrir dómi 14. febrúar s.l., að það hafi verið framkvæmdastjóri og gjaldkeri hjá Alþýðublaðinu á árunum 1957 og 1958, en þó ekki samfellt. Vitnið kveðst á þessum tíma hafa átt samtöl við Pál Finnbogason og af þeim samtölum hafi því skilizt, að Alþýðublaðið fengi afslátt af verði myndamóta hjá Prentmynd-

um h.f. og telur vitnið, að kjör þau, sem stefndi hafði þá hjá stefnanda, hafi verið þau beztu fáanlegu.

Vitnið Ingólfur Kristjánsson skýrir svo frá fyrir dómi hinn 22. febrúar s.l., að það hafi verið framkvæmdastjóri Alþýðublaðsins á tímabilinu frá 1/9 1959 til 1/6 1960. Vitnið kveðst á þessum tíma hafa átt samtöl við Pál Finnbogason, og telur vitnið, að í þessum samtölum hafi Páll samþykkt að veita Alþýðublaðinu afslátt af verði myndamóta, sem vitnið í huga sínum taldi, að næmi 30%.

Páll Finnbogason, framkvæmdastjóri Prentmynda h.f., sem mun hafa samið við forráðamenn Alþýðublaðsins um myndamótakaupin, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og skýrt þar svo frá, að það hafi orðið að samningum milli hans og Axels Kristjánssonar forstjóra á aðfangadag jóla árið 1956, að Prentmyndir h.f. veittu Alþýðublaðinu afslátt, sem svaraði 24% af þeirri fjárhæð, sem Alþýðublaðið skuldaði Prentmyndum h.f. þá, þannig að strikuð hafi verið út ákveðin upphæð og hafi þá orðið eftir kr. 30.000.00 af skuldinni í ársbyrjun 1957.

Þá skýrir Páll svo frá, að það hafi orðið að samkomulagi milli sín og Emils Jónssonar, formanns Alþýðuflokksins, að stefnandi gæfi eftir kr. 179.000.00 af skuld Alþýðublaðsins við Prentmyndir h.f., og sé það sú innborgun, sem færð sé á reikningsyfirlitinu á dskj. nr. 3 Pr. 31. janúar 1960.

Annan afslátt af verði myndamóta kveðst Páll aldrei hafa lofað að veita Alþýðublaðinu.

Ekki hafa reikningar þeir, sem Prentmyndir h.f. sendu Alþýðublaðinu yfir myndamótakaupin, verið lagðir fram í málinu, en formaður stjórnar Alþýðublaðsins, Áki Jakobsson hrl., telur, að ekki hafi verið skráður neinn afsláttur á þá.

Með hliðsjón af þessu svo og framangreindum vitnisburðum starfsmanna Alþýðublaðsins þykir ekki sannað gegn eindregnum mótmælum stefnda, að Prentmyndir h.f. hafi lofað Alþýðublaðinu afslætti þeim, sem um er deilt í máli þessu.

Ekki hefur stefndi heldur sannað, að það sé föst venja að veita afslátt í viðskiptum sem þessum.

Samkvæmt framanskráðu ber að taka kröfu stefnanda til greina, þó þannig, að ársvextir reiknast 9% frá 25. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 20.000.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðublaðið, greiði stefnanda, Prentmyndum h.f., kr. 382.062.49 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnám fógetadóms Reykjavíkur 30. og 31. janúar 1962.

Ár 1962, þriðjudaginn 30. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. *Fyrir var tekið:*

Málið A-33/1962, Prentmyndir h.f. gegn Alþýðublaðinu.

Fógeti leggur fram 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur, nr. 2522/1961, svohlj.:

Nr. 1

Einar Ásmundsson,
Hæstaréttarlögmaður — Reykjavík, 4/1 1962

Til borgarfógetans, Reykjavík.

Jafnframt því að senda yður, hr. borgarfógeti, hjálagðan dóm, uppkveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 14. nóvember s.l. í málinu Prentmyndir h.f. gegn Alþýðublaðinu, leyfi ég mér að fara þess á leit, að þér gerið, svo fljótt sem unnt er, fjárnám í eignum dómþola, Alþýðublaðsins, til tryggingar dómskuldinni, kr. 382.062.49 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1960 til 29. desember sama árs, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað ásamt kostnaði öllum við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á mína ábyrgð.

Virðingarfyllst,

Einar Ásmundsson.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Ásmundsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 382.062.49, 9% ársv. frá 25/10 1960 til 29/12 '60, en 8% ársv. frá 29/12 '60 til greiðsludags, kr. 20.000 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Fyrir gerðarþola mætir Jón Þorsteinsson hdl. Hann segist óska eftir fresti í 4 daga, þar eð dómnum á rskj. 2 verði áfrýjað. Áfrýjunarstefna hafi enn ekki verið gefin út.

Einar Ásmundsson mótmælti fresti í málinu lengur en til

morguns. Var ákveðið að halda gerðinni áfram hér á skrifstofunni kl. 10 f. hád. á morgun.

.....

Ár 1962, miðvikudaginn 31. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið A-33/1962, Prentmyndir h.f. gegn Alþýðublaðinu.

Málið var fyrir rétti í gær.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Ásmundsson hrl. Fyrir gerðarþola mætir Sverrir Kjartansson og með honum Jón Þorsteinsson hdl.

Bent var á eftirfarandi til fjárnáms: Fyrirsagnavél af Ludlow-gerð með letrum, keypt fyrir ríflega 2 árum á kr. ca 400.000.00, en letrin hafi kostað á annað hundrað þúsund krónur. Ekkert hvíli á vélinni. Var fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í fyrirsagnavél þessari og letrum henni fylgjandi, og er mættum fyrir gerðarþola kunn þýðing þess.

Uppl. játað. Málinu lokið.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 41/1962. **Indriði Níelsson**
gegn
borgargjaldkera Reykjavíkur f. h. borgarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Indriði Níelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistgjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 42/1962. **Ragnar Finnsson**
gegn
borgargjaldkera Reykjavíkur f. h. borgarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Finnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 7/1961. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
gegn
H/f Vinnuvélar og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 49/1962. **Steingrímur Árnason**
gegn
Árna Böðvarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steingrímur Árnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Árna Böðvarssyni, sem sótt hefur dómþing 3 sinnum og krefst nú ómaksbóta, kr. 1200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 78/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ólafi Þór Árnasyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarmál.

Dómur Hæstaréttar:

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hafa vitnin Ármann Jakob Lárusson lögregluþjónn og héraðslögreglumennirnir Þormóður Ingi Pétursson og Hjálmar Húnfjörð Eyþórsson komið fyrir rétt, gefið þar skýrslur og staðfest þær.

Það er réttilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að ákærði hefur gerzt sekur um brot á þeim lagaákvæðum, sem getur í ákæruskjali, en af því leiðir, að dæma verður hann til varðhaldsvistar, og þykir hún hæfilega ákveðin 10 dagar. Þá ber og að svipta hann ökuleyfi í eitt ár alls.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, að upphæð kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun til verjanda síns fyrir sama rétti, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Þór Árnason, sæti varðhaldi 10 daga. Hann er sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 26. janúar 1962.

Mál þetta, sem þingfest var 19. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ólafi Þór Árnasyni bónda, að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi, fyrir meint brot, er talin eru falla undir 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi 6. júlí 1939, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu áður, svo vitað sé.

Málsatvik eru þessi samkvæmt framburði vitna og viðurkenningu ákærða sjálfs.

Mánudaginn 7. ágúst 1961 voru löggæzlumennirnir Ármann J. Lárusson og Geir Bachman staddir á Norðurlandsbraut við afleggjarann heim að Laugarbakka í Miðfirði. Komu þar til þeirra héraðslögreglumennirnir nr. 1 og nr. 3 og höfðu með sér ökumann bifreiðarinnar H 513, er þeir höfðu tekið úr bifreiðinni rétt hjá, þar sem löggæzlumennirnir voru staddir, og seldu hann í þeirra vörzlu, en ökumaðurinn hafði gert tilraun til flótta. Ökumaðurinn var ákærði, Ólafur Þór Árnason. Tóku löggæzlumennirnir ákærða með sér til Hvammstanga, þar sem héraðslæknir tók úr honum blóðsýni, en ákærði var áberandi ölvaður.

Við rannsókn á blóðsýninu í rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens fundust í því reducerandi efni, er samsvöruðu 1.72‰ af alkóhóli, en það er langt fyrir ofan það mark, er menn ekki lengur teljast færir um að aka bifreið.

Sá verknaður ákærða, að aka bifreið undir áhrifum áfengis, svo sem að ofan greinir, telst falla undir þau ákvæði laga, er greinir hér að framan og tekin eru upp úr ákæruskjali saksóknara ríkisins, og þykir refsing ákærða, sú er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin með hliðsjón af efnahag hans og ástæðum 1500 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi hans í 4 mánuði. Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði í máli þessu, Ólafur Þór Árnason bóndi, að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi innan Húnavatnssýslu, skal sæta 1500 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ennfremur er hann sviptur ökuleyfi í 4 mánuði.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 156/1961. **Kjartan Steingrímsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Árna Gunnarssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theódór B. Líndal prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1961. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 9% frá 1. júlí til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kjartan Steingrímsson, greiði stefnda, Árna Gunnarssyni, kr. 31.500.00 með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. október 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. október s.l., hefur Árni Gunnarsson kennari, Grundarstíg 8, Reykjavík, höfðað hér fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 20. ágúst 1960, gegn Kjartani Steingrímssyni, Silfurtúni H-4, Garðahreppi, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 31.500.00 með 10% ársvöxtum frá 1. júlí 1960 til greiðsludags, og málskostnaðar, þar með talinn löghaldskostnaður, að skaðlausu.

Jafnframt var krafizt staðfestingar á löghaldsgerð, er fram fór í húseigninni Silfurtúni H-4 hinn 18. ágúst 1960. Undir rekstri málsins féll stefnandi frá síðastnefndri kröfu, þar sem stefndi setti aðra tryggingu, eftir að löghaldið var framkvæmt.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar, en til vara er stefnukröfunni mótmælt sem allt of hárri svo og vaxtahæð.

Málavextir eru þessir:

Um áramótin 1959—60 var húseignin Silfurtún H-12, Garðahreppi, eign stefnda, Kjartans Steingrímssonar, auglýst til sölu. Komst stefnandi, Árni Gunnarsson, þá í samband við stefnda og skoðaði húsið í fylgd með honum. Húsið, sem var fokhelt timburhús, um 180 m^2 á steyptum grunni, án miðstöðvar og raflagnar, átti að kosta kr. 240.000.00. Stefnanda þótti verðið of hátt. Kvaðst hann geta hugsað sér að kaupa húsið á kr. 200.000.00, og lauk því svo, að samningar tókust með aðiljum um það verð. Fékk stefnandi afsal fyrir húseigninni, dags. 28. janúar 1960. Kaupverð er í afsali tilgreint kr. 140.000.00, en ágreiningslaust er í þessu máli, að það hafi verið kr. 200.000.00, eins og áður greinir.

Áður en stefnandi keypti húsið, kveðst hann hafa kynnt sér ástand þess, eftir því sem hann hafði vit á. Einnig fékk hann kunningja sinn, sem var trésmiður, til þess að líta á húsið með sér í þeim tilgangi að fá álit hans um það, hvort verðið væri hóflegt. Stefnandi kveðst ekki hafa veitt athygli neinu athugaverðu við frágang hússins, er hann skoðaði það, nema því, að gólfið var óslétt og hallandi, en stefndi hafi sagt honum, að miðstöðvarlögnin ætti að koma ofan á plötuna og því væri gólfið steypt svona. Kveður stefnandi stefnda hafa fullvissað hann um, að húsið væri byggt eftir settum reglum. Er stefnandi skoðaði húsið, var búið að klæða neðan á loftbitana nema í bílskúrnum, sbr. dskj. nr. 7, þar sást upp í þaksperrurnar. Eftir að kaupin

voru gerð, kvaðst stefnandi hafa farið að heyra orðróm um það, að húsið væri stórgallað. Varð þetta til þess, að í júní 1960 fékk hann byggingameistara úr Reykjavík til að þess að skoða húsið. Kvað stefnandi byggingameistarann hafa látið í ljós það álit, að húsið liti illa út og hann tryði því ekki, að það væri í lagi. Eftir ráðleggingu byggingameistarans fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að þess að meta galla hússins.

Í matsbeiðni voru matsmenn beðnir að meta galla á grunni, gólfi og þaki hússins. Matsgerð matsmanna, Sigurgeirs Guðmundssonar iðnskólastjóra og Inga Kristjánssonar byggingameistara, er dagsett 7. ágúst 1960. Mat þeirra tekur einungis til galla á þaki hússins, en um þá segir í matsgerðinni: „Þakviðir hússins eru ekki gerðir samkvæmt þeim byggingarreglugerðum eða venjum, sem við þekkjum. Ástand glugga, skilrúma og veggja virðist, að því er séð verður, fullnægja venjulegum kröfum, en loft er sigið, sem sýnilega orsakast af of veikum þakviðum."

Kostnað við að endurbyggja þak hússins mátu matsmenn á kr. 31.500.00, sem er stefnukrafan í máli þessu. Bótakröfu sína reisir stefnandi á því, að hér hafi verið um leyndan galla að ræða, sem hann hafi ekki getað séð við venjulega skoðun á húsinu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um ástand hússins, áður en hann festi kaup á því. Hann hafi skoðað húsið vandlega áður bæði sjálfur og í fylgd með kunnáttumanni, enda sé fram tekið í afsali, að húsið sé selt ófullgert og í því ástandi, sem það sé í, og kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Er því mótmælt, að nokkrir „gallar" hafi verið á húseigninni, sérstaklega „leyndir" eða ósýnilegir stefnanda eða skoðunarmönnum hans.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að umrætt hús hafi verið byggt fyrir hans reikning í tímavinnu og hafi hann einnig unnið sjálfur við húsasmíðina. Aðstoðaði hann við að reisa sperrurnar, en byggingameistarinn ákvað gildleika þeirra og bilið á milli þeirra. Kvað hann sér ekki hafa verið ljóst, að nokkrir gallar væru á húsinu og hafi hann álitið, að það væri byggt í samræmi við byggingarreglur.

Vitnið Gunnar Jóhann Kristjánsson húsasmíðameistari, Kársnesbraut 13, Kópavogi, er sá um byggingu hússins fyrir stefnda, kveðst hafa talið, að þaksperrurnar væru nægilega gildar og þéttar og frágangur þaksins í samræmi við almennar venjur. Vitnið tók eftir því í september 1958, er hann hætti smíði húss-

ins, að greinileg smádæld var í miðju þakinu. Var þá búið að klæða þakið timbri. Taldi vitnið, að dæld þessi hefði orsakazt af því, að ekki var búið að ganga endanlega frá þakinu, t. d. ekki nægilega fleygað undir þaksperrurnar. Kostnaður við að bæta úr þessu á fullnægjandi hátt, taldi vitnið, að hefði varla orðið hærri en kr. 2000.00. Aðspurt mundi vitnið ekki, hvort það minntist á sigið á þakinu við stefnda.

Matsmennirnir hafa mætt fyrir dómi og staðfest matsgerð sína.

Vitnið Sigurgeir Guðmundsson kvaðst hafa séð dældina, þegar hann gekk upp fyrir húsið. Auðséð hafi verið, að sperrurnar voru allt of grannar og of langt á milli, miðað við burðarmagn þeirra.

Vitnið Ingi Kristjánsson kvað einfaldan borðvið hafa verið notaðan í sperrurnar. Kvaðst hann ekki hafa vanizt slíku né séð það áður. Þegar borðviður sé notaður, sé hann hafður tvöfaldur. Sperrurnar hafi ekki verið sjálfberandi og því hafi þakið sigið. Báðir matsmennirnir töldu, að ekki yrði gert við þennan galla, nema með því að rífa þakið af og endurbyggja það.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér ástand hússins, sem enn er ófullgert, eftir föngum.

Loft og veggir bílskúrs, sbr. dskj. nr. 7, var óklætt og grind hússins og þaksperrur sýnilegar þar. Sjá mátti upp á þak hússins, sem er flatt og lítið eitt hallandi, þegar gengið var nokkurn spöl upp fyrir húsið.

Eins og að framan greinir, var stefnda ókunnugt um, að nokkrir gallar væru á húsinu, enda þótt hann hefði sjálfur unnið við smíði þess. Gallar þeir, sem voru á þaki hússins, eru þess eðlis, að þeir gátu auðveldlega leynzt ófaglærðum manni og jafnvel fagmanni, ef hann leitaði þeirra ekki sérstaklega. Þótt húsið væri ófullgert, var smíði þaksins lokið og búið að klæða það. Verður að telja, að stefnandi hafi mátt treysta því, að smíði þaksins væri í samræmi við byggingarreglur og venjur, er um það gilda, og beri stefndi ábyrgð á því gagnvart stefnanda, að svo reyndist ekki vera.

Stefnandi hefur lagt fram skýrslu yfir kostnað við bráðabirgðaviðgerð á þakinu, samtals að fjárhæð kr. 24.258.75, en eigi er unnt, eins og á málið liggur fyrir, að taka afstöðu til reikninga þessara né þess, á hvaða stigi viðgerðin er.

Framangreindri matsgerð hefur hins vegar eigi verið skotið til yfirmats og þar sem dómendur eru sammála matsmönnum um það, að ekki verði bætt úr ágöllum þaksins, nema með því

að rífa það af og endurbyggja það, ber að leggja matsfjárhæðina, kr. 31.500.00, til grundvallar skaðabótunum.

Úrslit máls þessa verða því þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 31.500.00 með 10% ársvöxtum frá 1. júlí 1960 til 29. des. s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, og meðdómsmennirnir Vigfús Sigurðsson og Haukur Magnússon, byggingameistarar, kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kjartan Steingrímsson, greiði stefnanda, Árna Gunnarssyni, kr. 31.500.00 með 10% ársvöxtum frá 1. júlí 1960 til 29. des. s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 118/1962. **Óskar M. Jóhannsson**
gegn
Hallgrími Jónssyni.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar M. Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 85/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Júlíusi Einarssyni (Vilhjálmur Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Með óáfrýjuðum dómi sakadóms Reykjavíkur 21. september 1961 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt. Saksóknari ríkisins hefur því fyrir Hæstarétti fellt niður kröfu í ákæruskjali um sviptingu ökuréttinda ákærða. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og málflutningslaun til verjanda síns í Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo,

að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun til verjanda síns í Hæstarétti, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1962.

Ár 1962, mánudaginn 30. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2138/1962: Ákæruvaldið gegn Júlíusi Einarssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 12. desember 1961, höfðað gegn ákærða, Júlíusi Einarssyni leigubifreiðarstjóra, Ránargötu 5 A, Reykjavík, fyrir brot gegn 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Telst ákærði hafa gerzt brotlegur við téð lagaákvæði með því að hafa síðdegis fimmtudaginn 17. nóvember 1961 haft meðferðis í bifreið sinni, G 2056-L, 12 flöskur af brennivíni, en áfengi þetta þykir ákærði hafa ætlað til ólöglegrar sölu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar leigubifreiðarstjóraréttinda og atvinnuleyfis samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, fyrrgreint áfengi verði upptækt samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga og loks verði ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. september 1936 á Akranesi.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1954 26/4 Rvík: Áminning fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt.
— 19/11 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1955 28/7 Rvík: Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
— 25/11 Rvík: Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
1956 20/8 Rvík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1956 11/10 Rvík: Sátt 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.
— 21/11 Rvík: Sátt: 200 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
1957 12/4 Rvík: Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1958 11/2 Rvík: Dómur: 2000 króna sekt, sviptur ökuleyfi í eitt ár fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
— 4/3 Rvík: Sátt: 300 króna sekt fyrir ökuhraða.
— 4/5 Rvík: Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun.
— 12/12 Rvík: Áminning fyrir ölvun.
1960 19/2 Rvík: Sátt: 300 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
— 17/5 Rvík: Sátt: 400 króna sekt fyrir of hraðan akstur.
1961 21/9 Rvík: Dómur: 15 daga varðhald og svipting ökuleyfis ævilangt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

Málsatvik eru þessi:

Föstudaginn 17. nóvember 1961, klukkan um 17.40, urðu lögreglumenn þess varir, að borinn var kassi frá áfengisverzluninni við Snorrabraut út í leigubifreiðina G 2056. Bifreiðin var stöðvuð litlu síðar í Austurstræti. Í henni voru tveir menn, ákærði og Bergþór Bergþórsson, Laugavegi 49 hér í borg. Ákærði, sem var eigandi bifreiðarinnar, viðurkenndi að hafa keypt í áfengisverzluninni við Snorrabraut þær 12 flöskur af brennivíni, sem í bifreiðinni voru, og goldið fyrir þær kr. 2.040.00.

Skýrði hann lögreglu svo frá, að hann hyggðist neyta áfengisins sjálfur og veita vinum sínum af því, og væri hann á förum til Akraness þá um kvöldið. Ákærði var undir áhrifum áfengis. Ökumaður bifreiðarinnar sagði, að ákærði hefði haft á orði að fara upp á Akranes og veita kunningum sínum áfengi með sér. Lögreglan tók áfengið í sínar vörzlur.

Við yfirheyrslu í dómi neitaði ákærði, að hann hefði haft í hyggju að selja af áfenginu og staðfesti frásögn sína hjá lögreglu um ætlaða notkun þess. Ákærði tók fram í dóminum, að í þau skipti, sem hann bragðaði áfengi, gerði hann slíkt ræki lega, og færu þá oft um 8—9 flöskur af brennivíni. Loks gat ákærði þess nú, að hann hefði boðið Páli Halldórssyni bifreiðasala með sér í ferðalagið til Akraness.

Vitnið Bergþór Bergþórsson staðfesti og fyrir dómi frásögn sína hjá lögreglu. Vitni þetta kvaðst þekkja ákærða all-vel og oft hafa lyft með honum glasi. Ekki mundi vitnið þó til þess, að slíkt áfengismagn, sem um getur í máli þessu, væri keypt í einu lagi, er þeir hefðu verið við gleðskap saman.

Páll Halldórsson bifreiðasali, Laugarnesvegi 52 hér í borg, bar fyrir dómi, að ákærði hefði umræddan dag boðið honum í skemmtiferð upp á Akranes. Fram er komið í málinu, að nefndu vitni, sem áður hefur starfað við leiguakstur, hefur frá árinu 1955 oftsinnis verið refsað fyrir brot á áfengislögum, seinast hinn 8. desember 1961 sektað um 10.000 krónur vegna brota gegn 18. og 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og þá svipt í 1 ár rétti til að stjórna bifreið, atvinnuleyfi og rétti sem leigubifreiðarstjóri.

Að beiðni skipaðs verjanda voru yfirheyrð tvö vitni, eftir að málið fór í vörn. Jón Hjartarson rakari, Akranesi, skýrði frá því, að ákærði hefði komið til Akraness síðla sumars 1960 og verið með þó nokkrar áfengisflöskur. Ekki vissi vitnið, hversu margar þær voru, en sagðist vita til þess, að ákærði hefði veitt töluvert áfengi, m. a. veitti hann vitninu.

Loks kom Brynja Lárusdóttir, Kársnesbraut 90, Kópavogi, fyrir sakadóm Kópavogs. Hún sagði þau ákærða hafa verið saman í rösk 2 ár, þótt ekki bæru þau hringa, né væru opinberlega trúlofuð. Vitni þetta kvaðst aldrei hafa vitað til þess, að ákærði seldi áfengi, þótti hann hins vegar drekka of mikið, og kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að hann gæfi heilar vínflöskur kunningjum sínum á Akranesi, þegar þau hefðu farið þangað. Frekari skýrslu óskaði Brynja Lárusdóttir ekki að gefa í dóminum.

Fram er komið í málinu, að lögreglan hefur haft nokkur afskipti af bifreið ákærða, G 2056-L. Verða þau nú rakin í örstuttu máli.

Sunnudaginn 18. september 1960, laust eftir miðnætti, töldu lögreglumenn, að ákærði væri að selja farþega, sem í bifreið hans var, áfengi. Höfðu þeir tal af ákærða, sem sagði farþegann hafa beðið sig um áfengi, og hann hafa ætlað að lána honum eina flösku af brennivíni gegn því, að hún yrði greidd í sama síðar. Afhending hafði ekki átt sér stað, en ákærði var með eina flösku af brennivíni undir sæti í bifreið sinni. Ekki var ákært vegna þessa atviks.

Föstudaginn 17. febrúar 1961, klukkan um 22.30, var gerð leit í bifreið ákærða vegna gruns um áfengissölu. Fannst ein flaska af brennivíni undir framsæti, er ákærði sagði föður sinn eiga. Ekki var ákært vegna þessa atviks.

Laugardaginn 8. júlí 1961, klukkan 22.30, fannst undir framsæti við leit í bifreið ákærða ein flaska af brennivíni, sem faðir ákærða kvaðst eiga. Ekki var kært vegna þessa atviks.

Laugardaginn 4. nóvember 1961, klukkan um 20.00, urðu lögreglumenn varir við, að farþegi úr einkabifreið gaf sig á tal við ökumann leigubifreiðarinnar G 2056. Bifreiðunum var síðan ekið á móts við heimili ákærða á Ránargötu. Þar voru þeir til staðar ákærði og áðurnefndur Bergþór Bergþórsson. Játaði hinn síðarnefndi að hafa þarna í bifreiðinni G 2056 selt eina heilflösku áfengis. Var málinu lokið með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur hinn 6. nóvember 1961, þar sem nefndur Bergþór samþykkti að greiða kr. 2.500.00 í sekt til Menningarsjóðs.

Laugardaginn 11. nóvember 1961 var ákærði kærður fyrir að hafa kvöldinu áður selt Herði Gísla Péturssyni, Nökkvavogi 14 hér í borg, eina heilflösku áfengis. Ákærði neitaði sölunni, og var mál ekki höfðað af því tilefni.

Telja verður, að lögreglan hafi hinn 17. nóvember s.l. haft rökstuddan grun um, að í leigubifreiðinni G 2056 væri áfengi, sem ætlað væri til ólöglegrar sölu. Eins og málum var háttað og lýst er hér að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi samkvæmt 4. mgr. 19. gr. áfengilaga nr. 58/1954 leitt að því næg rök, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæruskjali og þar færð til réttra refsiákvæða. Ber að ákvarða refsingu hans samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga kr. 10.200.00 sekt til Menningarsjóðs, sem er samkvæmt álímdum verðmiðum fimmfalt söluverð áfengis þess, sem í vörzlum hans var, og vararefsingu varðhald 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ekki þykja næg efni til að svipta ákærða réttindum samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Samkvæmt 42. gr., 2. mgr. i.f., áfengislaga ber að gera upptækar til handa ríkissjóði þær 12 flöskur áfengis, sem málinu fylgja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Vilhjálms Árnasonar, kr. 2.000.00.

Sú skekkja var í frumskýrslu lögreglu, að föstudagurinn 17. nóvember 1961 var talinn fimmtudagur, en samkvæmt endurriti úr dagbók lögreglunnar í Reykjavík, var skýrslan gefin föstudaginn 17. nóvember 1961.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði 10.200 króna sekt til

Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þær 12 flöskur áfengis, er málinu fylgja, eru gerðar upp tækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Árnasonar, hrl., kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 101/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Ara Ágústssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin Ásgeir Stefánsson strætisvagnstjóri, Guðmundur Jónsson lögregluvarðstjóri og Friðrik Hermannsson lögregluþjónn mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Ennfremur hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens til saksóknara ríkisins, dags. 16. ágúst 1962. Í bréfi þessu segir um rannsókn þá, er gerð var þar á blóði ákærða: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur þessar: þ. e. reducerandi efni samsvarandi alkoholi 1,19‰ og 1,43‰, meðaltal 1,31‰."

Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í framangreint skipti náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þegar tekið er tillit til venju-

legrar mælingarskekkju og þeirra reducerandi efna, annarra en áfengis, sem „eðlilega“ eru í blóði manna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 10 daga varðhald.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 10 daga varðhald.

Ákærði, Jón Ari Ágústsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1962.

Ár 1962, föstudaginn 4. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1911/1962: Ákæruvaldið gegn Jóni Ara Ágústssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 26. apríl 1962, höfðað gegn ákærða, Jóni Ara Ágústssyni múrara, Bakkastíg 9, Reykjavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 3. marz 1962 ekið undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 12547 frá Höfðaborg 86 um Miðtún og Höfðatún að Borgartúni, þar sem bifreiðin stöðvaðist.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 26. júní 1931 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1948 10/4 Rvík: Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1951 21/7 Rvík: Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1953 24/1 Rvík: Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1961 7/2 Rvík: Áminning fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 3. marz 1962, klukkan rösklega 21.00, var lögreglu tilkynnt, að ölvaður maður mundi vera við akstur bifreiðarinnar R 12547. Bifreiðina fundu lögreglumenn nokkru síðar mannlausa á Höfðatúni. Fóru þeir heim til skráðs eiganda hennar, ákærða í máli þessu, og var varðstjóraskýrsla tekin af honum klukkan 22.00 þá um kvöldið. Virtist lögreglu hann þá vera ölvaður.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni greint sinn, þótt hann hefði áður neytt áfengis og fyndi til áhrifa þess við aksturinn. Hann kvaðst hafa neytt frekara áfengis, eftir að hann lauk akstri.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi „reducerandi" efni, er samsvara 1.31‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða, að undanskilinni 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ari Ágústsson, greiði 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 103/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Þorvaldssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Rudolf Axelsson og Óskar Ólason mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Enn fremur hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens, dags. 16. ágúst 1962. Í bréfi þessu segir um rannsókn þá, er gerð var þar á blóði ákærða: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur þessar: Reducerandi efni samsvarandi alkóhóli 1,44‰ og 1,22‰, meðaltal 1,33‰."

Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í framangreint skipti náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þegar tekið er tillit til venjulegrar mælingarskekkju og þeirra reducerandi efna, annarra en áfengis, sem „eðlilega" eru í blóði manna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Þorvaldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1962.

Ár 1962, föstudaginn 4. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1917/1962: Ákæruvaldið gegn Jóni Þorvaldssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 6. apríl 1962, höfðað gegn ákærða, Jóni Þorvaldssyni verkamanni, Hólmgarði 12, Reykjavík, fyrir að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 20. febrúar s.l. undir áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuskírteini meðferðis ekið bifreiðinni R 1092 frá Hólmgarði að Reykjavíkurhöfn og um Vesturgötu, unz lögreglan stöðvaði þar akstur hans.

Telst þetta varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 11. marz 1943 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1957 23/1 Rvík: Kærður fyrir innbrot og þjófnað. Sent barnaverndarnefnd d.u.s.

— 12/2 Rvík: Kærður fyrir samskonar brot. Samskonar afgreiðsla.

1961 3/1 Rvík: Sátt: 250 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr., 3. mgr., umferðarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt þriðjudagsins 20. febrúar 1962, klukkan um 02.10,

stöðvuðu lögreglumenn ákærða við akstur bifreiðarinnar R 1092 um Vesturgötu í Reykjavík. Grunaði lögreglumenn hann um ölvun við akstur.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt um götur borgarinnar, þótt hann hefði neytt áfengis og fundið til áhrifa þess.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi „reducerandi" efni, er samsvara 1.33‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða, þó þannig, að ekki þykir sannað, með vísan til álits Læknaráðs vegna hæstaréttarmálsins nr. 161/1959, að ákærði hafi brotið gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og ber því að sýkna hann af henni.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Þorvaldsson, greiði 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvember 1962.

Nr. 105/1961. **Andrés Haraldsson**
gegn
Tryggva Haraldssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar:

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. júní 1961 til þingfestingar í nóvembermánuði s. á. Er málið var tekið fyrir í októbermánuði s.l., krafðist áfrýjandi þess, að því yrði frestað til fyrsta réttardags í febrúar 1963.

Stefndi hefur mótmælt frestun málsins. Hann krefst þess, að málið verði fellt niður og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Áfrýjandi hefur engin rök flutt fram fyrir frestbeiðni sinni. Verður málið því fellt niður samkvæmt kröfu stefnda og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Andrés Haraldsson, greiði stefnda, Tryggva Haraldssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvember 1962.

Nr. 60/1962. **Ísafoldarprentsmiðja h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Tómstundabúðinni og Flóru h/f og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar:

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1962. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að bera gagnáfrýjanda út úr verzlunarhúsnæði því, sem þeir hafa til afnota í húsinu nr. 8 við Austurstræti, og svo að þeim verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 25. maí 1962. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um synjun útburðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Í úrskurði fógeta er saga máls þessa rækilega rakin. Svo sem þar segir, rak Ingimar Sigurðsson, Hveragerði, Blómaverzlunina Flóru frá því á árinu 1943 á fyrstu hæð húss aðaláfrýjanda, nr. 8 við Austurstræti í Reykjavík. Hér kemur mjög við sögu skriflegur leigusamningur, sem þeir aðaláfrýjandi og Ingimar gerðu hinn 1. október 1955 um leiguhúsnæðið, þ. e. fyrstu hæð og kjallara nefnds húss. Í samningnum segir m. a.: „Leigutíminn er frá 1. október 1955 til 1. október 1960, og er samningurinn óuppsegjanlegur þann tíma. Að loknum leigutímanum skal leigutaki hafa forgangsrétt að öðru jöfnu um áframhaldandi leigu.“ Síðar segir: „Gagnkvæmur uppsagnartími skal vera sex mánuðir.“ Enn segir í samningnum: „Leiga er 8.000 krónur (átta þúsund krónur) á mánuði og greiðist fyrir einn mánuð í senn, 1.—5. hvers mánaðar, í fyrsta sinni 1.—5. okt. 1955. Framangreind húsaleiga hækkar í samræmi við húsaleiguvísitölu á hverjum tíma á ofangreindu tímabili. Leigutaka er heimilt að láta framkvæma þær breytingar á hinu leigða húsnæði, er hann kynni að óska, á sinn kostnað.“ Á tímabili því, sem téður leigusamningur tók yfir, seldi Ingimar Sigurðsson

Orlofi h/f Blómaverzlunina Flóru ásamt rétti til afnota á húsnæði hennar. Aðaláfrýjandi fullyrðir, að framsal leiguréttarins til Orlofs h/f hafi verið heimildarlaust, en eigi verður séð, að hann hafi neytt réttar síns af því tilefni.

Flóra h/f var skrásett í Reykjavík 14. marz 1958. Stjórn hlutafélags þessa skipa bræðurnir, Helgi, Pétur og Þórhallur Filippussynir. Tveir stjórnendur rita sameiginlega firmað, en Helgi er framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Stofnsamningur Flóru h/f er dagsettur 6. desember 1957.

Hinn 8. desember 1957 seldu forráðamenn Orlofs h/f Flóru h/f, sem þá var að vísu eigi orðinn lögaðili, Blómaverzlunina Flóru ásamt viðskiptanafni hennar og viðskiptavild, vörubirgðum, innanstokksmunum, innanbúnaði verzlunarhúsnæðisins, öllum áhöldum, bifreið og öðru lausafé. Í 3. gr. skriflegs samnings þessara kaupunauta segir m. a.: „Jafnframt kaupum framselja seljendur leigusamning, dags. 1. okt. 1955, um húsnæði það, sem verzlunin er nú í, Austurstræti 8 í Reykjavík, með þeirri kvöð, að Ferðaskrifstofan Orlof h/f hafi áfram húsnæði hjá Blómaverzluninni Flóru .....“

Hinn 27. marz 1958 skrifaði aðaláfrýjandi Ingimar Sigurðssyni bréf. Segir í því, að samkvæmt tilkynningu í Lögbirtingablaðinu 8. desember 1957 hafi Blómaverzlunin Flóra verið lögð niður og telji aðaláfrýjandi sig því hafa óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir húsnæði því, sem blómaverzlunin hafi haft á leigu hjá honum. Þrátt fyrir yfirlýsingu þessa beitti aðaláfrýjandi ekki rétti sínum gegn Flóru h/f, þá er hlutafélag þetta tók við rekstri blómaverzlunarinnar í húsnæði aðaláfrýjanda, heldur kvittaði fyrirvaralaust fyrir húsaleigunni, og samkvæmt bréfi Útvegsbanka Íslands til Flóru h/f, dags. 30. maí 1961, framseldi aðaláfrýjandi bankanum húsaleigu frá Flóru h/f samkvæmt húsaleigusamningi, dags. 1. október 1955. Er af þessu ljóst, að samningsígildi um leigu áminnzts húsnæðis hefur skapazt milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Flóru h/f.

Flugmó h/f var skrásett í Reykjavík 30. marz 1954. Stjórn þess skipa þeir Pétur, Helgi og Þórhallur Filippussynir, og

er Þórhallur stjórnarformaður. Tveir stjórnarmenn rita firmað sameiginlega, en Pétur er framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Flugmó h/f rekur starfsemina Tómstundabúðina. Starfsemi þessi hafði fengið húsnæði á annarri hæð hússins nr. 8 við Austurstræti, að því er virðist, eftir að Orlof h/f hafði sagt leiguhúsnæði sínu þar lausu með bréfi 30. ágúst 1958. Með leigusamningi, dags. 31. maí 1959, seldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda Tómstundabúðinni á leigu húsnæði það, er hún þá þegar hafði í húsinu nr. 8 við Austurstræti, þ. e. öll herbergin Austurstrætismegin á annarri hæð og herbergi í vesturenda hússins. Leigutíminn var ákveðinn frá 1. maí 1959 til 30. október 1960 og var óuppsegjanlegur þann tíma nema með samkomulagi aðilja. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur var síðan sex mánuðir. Leigan var 6000 krónur á mánuði, sem greiða skyldi 1.—5. hvers mánaðar fyrirfram fyrir mánuðinn.

Gagnáfrýjendur, Flóra h/f og Tómstundabúðin, sátu síðan í húsinu nr. 8 við Austurstræti um tíma, án þess að til tíðinda drægi, og lét gagnáfrýjandi Flóra h/f gagnáfrýjanda Tómstundabúðina og jafnvel aðra hafa nokkur afnot af fyrstu hæð hússins með sér, án þess að aðaláfrýjandi hafi amazt við því, svo að séð verði. Húsaleiga var, eftir framlögðum gögnum að dæma, greidd í einu lagi fyrir bæði fyrirtækin, og eru kvittanir í september, október og nóvember 1959 stílaðar „Flóra og Tómstundabúðin", en síðan á Tómstundabúðina eina. Fór þessu fram til júníloka 1961. En fyrstu dagana í júlí 1961 lét aðaláfrýjandi gera uppkast að húsaleigusamningi milli aðaláfrýjanda og Tómstundabúðarinnar. Eftir að gerðar höfðu verið útstrikanir í uppkastinu, undirrituðu það Pétur Filippusson, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Flugmós h/f, f. h. Tómstundabúðarinnar og Pétur Ólafsson framkvæmdastjóri f. h. aðaláfrýjanda. Í 1. tl. samnings þessa segir svo: „Leigusali selur Tómstundabúðinni á leigu húsnæði í húseigninni nr. 8 við Austurstræti, og er hér um að ræða sama húsnæði og verið hefur undanfarin ár í leigu hjá Tómstunda-

búðinni. Fullnaðarhljóðan 2. tl. er í öðru samningseintaki: „Leigutíminn hefst 1. júlí 1961 og endar 31/12 1961", en í hinu eintakinu: „Leigutíminn hefst 1. júlí 1961 og 31/12 1961". Í 3. tl. segir: „Umsamin leiga er kr. 18.000.00 — átján þúsund krónur — fyrir húsnæðið, sem að ofan greinir, á mánuði hverjum, og skal leigan greiðast fyrirfram fyrir einn mánuð í senn, 1.—5. dag hvers mánaðar. Leigan greiðist í Útvegsbanka Íslands. Leigan er miðuð við húsaleiguvísitöluna í dag, en verði breytingar til hækkunar eða lækkunar eða verulegar breytingar á verðlagi, breytist leigan samkvæmt því". Af hendi aðaláfrýjanda er staðhæft, að leigusamningur þessi taki yfir húsnæði hvors tveggja gagnáfrýjanda í húsinu nr. 8 við Austurstræti. Sýni leigufjárhæðin það glögglega, en hún er samanlagðar leigur Flóru h/f og Tómstundabúðarinnar. Framkvæmdastjóri og prókúruhafi Flóru h/f, Helgi Filippusson, hafi kynnt sér gaumgæfilega samningsuppkastið, hann hafi síðan verið viðstaddur undirritunina og samþykkt hana af sinni hendi. Samkvæmt þessu krafðist aðaláfrýjandi útburðar á hendur báðum gagnáfrýjendum hinn 3. janúar 1962. Gagnáfrýjandi Tómstundabúðin kveðst rýma húsnæði sitt á annarri hæð hússins og afhenti aðaláfrýjanda lykla að því húsnæði fyrir fógetadómi. Téður leigusamningur frá júlíbyrjun 1961 var eigi undirritaður af réttbærum fyrirsvarsmanni Flóru h/f. Pétur og Helgi Filippussynir þræta harðlega fyrir, að Helgi hafi verið viðstaddur undirritun samningsins og samþykkt hann af hendi Flóru h/f. Tveir skrifstofumenn aðaláfrýjanda voru vitundarvottar að undirskriftinni. Bera þeir, að Helgi hafi verið viðstaddur undirritunina. Segir annar, að Helgi hafi beðið Pétur að skrifa undir, en hinn, að Helgi hafi engar athugasemdir gert, er Pétur undirritaði. Af vætti þessara manna verður eigi ráðið, að Helgi hafi þarna samþykkt leigusamningin fyrir hönd Flóru h/f, og stendur neitun hans um það óhrakin. Hefur aðaláfrýjanda þannig eigi tekizt að sanna, að gagnáfrýjandi Flóra h/f hafi skuldbundizt til að hlíta áminnztum leigusamningi, sem saminn

var á vegum aðaláfrýjanda. Að svo vöxnu máli fær ákvæði samningsins um leigufjárhæð eigi ráðið úrslitum. Útburður verður því eigi reistur á leigusamningnum.

Aðaláfrýjandi hefur að öðrum þræði stutt mál sitt því, að of sein skil hafi verið á leigugreiðslum gagnáfrýjanda Flóru h/f. Af hendi aðaláfrýjanda var leigugreiðslum veitt viðtaka, án þess áskilinn væri útburður eða viðurlög, og hefur þeim rétti til útburðar, sem fyrir hendi kann að hafa verið vegna ófullnægjandi skila, verið fyrirgert.

Eigi eru í máli þessu efni til að skera úr, hvort gagnáfrýjandi Flóra h/f hefur öðlazt með samningsígildi allan rétt samkvæmt samningi aðaláfrýjanda og Ingimars Sigurðssonar frá 1. október 1955, þar sem eigi voru skilyrði til útburðar á gagnáfrýjanda Flóru h/f, þá er útburðarbeiðni kom fram, án tillits til þess, hver skilningur er lagður í leigusamninginn frá 1. október 1955 og afstöðu aðilja til hans.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, og svo forsendna fyrir úrskurði fógeta, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1962.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Ísafoldarprentsmiðju h/f hér í bæ, hafa þær réttarkröfur verið gerðar, að gerðarþolar, Tómstundabúðin og Flóra h/f, verði með útburðargerð svipt umráðum yfir verzlunarhúsnæði því, sem þessi fyrirtæki hafa haft til afnota í húsinu Austurstræti 8 hér í bæ. Þess er enn fremur krafizt, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að umbeðin útburðargerð nái fram að ganga. Er málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 14. þ. m.

Forsaga máls þessa er á þá leið, að allt frá árinu 1943 rak Ingimar Sigurðsson, nú búsettur í Hveragerði, verzlun á 1. hæð hússins Austurstræti 8, eign gerðarbeiðanda, undir nafninu Blómaverzlunin Flóra. Í máli þessu liggur fyrir leigusamningur Ingimars f. h. Flóru við gerðarbeiðanda, Ísafoldarprentsmiðju h/f, sjá rskj. nr. 3. Þar segir, að Flóru sé leigt húsnæði það, sem verzlunin hafi haft á leigu í þá liðin 12 ár, en samningurinn er dags. 1. október 1955. Leigutíminn er sagður hefjast á samningsdegi, en leigutímalok ákveðin 1. október 1960, og er samningurinn óuppsegjanlegur þann tíma, en að loknum leigutíma er leigutaka áskilinn forgangsréttur að öðru jöfnu um áframhaldandi leigu. Leiga er ákveðin 8000 krónur á mánuði, og skal greiðast fyrirfram fyrir hvern mánuð í senn, 1.—5. dag hvers mánaðar, en áskilinn er leiguhækkun samkvæmt húsaleiguvísitölu. Venjuleg ákvæði eru um, hvernig með skuli fara, ef leiga er ekki greidd, svo sem að framan segir. Þá er þess getið, að fari svo, að Austurstræti 8 farist af eldsvoða eða öðru þess háttar fyrir leigutímalok, skuli leigutaki fá inni í endurbyggðu húsi, ef því verði að skipta. Loks er ákvæði um, að gagnkvæmur uppsagnartími skuli vera 6 mánuðir.

Blómaverzlunin Flóra er svo enn um hríð rekin í þessu húsnæði, en síðan framselur Ingimar Sigurðsson leigusamninginn til Orlofs h/f, sem rak blómaverzlunina um sinn. Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að nefnt leiguréttarframsal hafi farið fram án leyfis. Nokkru síðar kaupir Blómaverzlunin Flóra h/f þáverandi Blómaverzlunina Flóru af mönnum þeim, sem á sínum tíma stóðu að hlutafélaginu Orlofi. Hefur kaupsamningur þessi verið lagður fram í málinu sem rskj. 41, og hið selda er þar tilgreint: Blómaverzlunin öll, nafn, viðskiptasambönd og goodwill, bifreiðin R 5857, vörubirgðir, áhöld, innanstokksmunir, skrifstofu- og verzlunarinnrétting. Enn fremur fær Flóra h/f framseldan leigusamning, dagsettan 1. október 1955, um húsnæði það, sem verzlunin notaði í Austurstræti 8.

Samkvæmt firmaskrá Reykjavíkur er Flóra h/f skrásett í Reykjavík hinn 14. marz 1958, og í stjórn félagsins eru bræðurnir Helgi, Pétur og Þórhallur Filippussynir. Er Helgi framkvæmdastjóri með prókúruumboði, en firmað rita 2 stjórnendur sameiginlega. Endurrit hér að lútandi hefur verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 40.

Hefur Blómaverzlunin Flóra, eign Flóru h/f, síðan verið rekin í þessu húsnæði.

Þá ber þess að geta, að hinn 31. maí 1959 leigir Ísafoldarprentsmiðja h/f fyrirtækinu Tómstundabúðinni húsnæði í Austurstræti 8. Hafði Tómstundabúðin að vísu um skeið verið í þessu húsnæði. Í leigusamningi þessum, sem lagður hefur verið fram í málinu sem rskj. 4, segir í upphafi, að leigusali selji leigutaka á leigu húsnæði það, sem Tómstundabúðin sé nú í við undirskrift samnings þessa, sem sé öll herbergin Austurstrætismegin á 2. hæð og herbergin í vesturenda sama húss, og hefur það verið upplýst í málinu, að þessi síðarnefndu herbergi eru einnig á 2. hæð. Leiga skal vera kr. 6000.00 á mánuði, og skal greiðast fyrirfram 1.—5. hvers mánaðar. Leigutími er frá 1. maí 1959 til 30. október 1960. Síðar í samningnum er þó gert ráð fyrir 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Að öðru leyti er það svo, að Tómstundabúðin er óskráð fyrirtæki, sjá vottorð úr firmaskrá á rskj. 10, en hún er rekin af hlutafélaginu Flugmó. Samkvæmt vottorði af hlutafélagaskrá Reykjavíkur, rskj. 38, er Flugmó h/f undir stjórn Þórhalls, Péturs og Helga Filippussona, sem sé hinna sömu og eru í stjórn Flóru h/f. Er Þórhallur Filippusson stjórnarformaður þessa hlutafélags, en framkvæmdastjóri með prókúruumboði er Pétur Filippusson, sjá og rskj. 37. Firmað rita 2 stjórnarmenn sameiginlega.

Eins og að framan segir, skyldi leigusamningur gerðarbeiðanda við Blómaverzlunina Flóru (Ingimars Sigurðssonar), rskj. 3, renna út hinn 1. október 1960, en við Tómstundabúðina, rskj. 4, hinn 30. sama mánaðar.

Nú er fyrir hendi og framlagður sem rskj. 5 og 8 húsaleigusamningur, ódagsettur. Er rskj. 5 lagt fram af gerðarbeiðanda, en rskj. 8 af gerðarþola hálfu. Það er upplýst í málinu, að samningur þessi var ritaður á skrifstofu gerðarbeiðanda um mánaðamótin júní—júlí 1961. Í upphafi hans segir svo: „Ísafoldarprentsmiðja h/f í Reykjavík sem leigusali og Tómstundabúðin s. st. gera með sér svofelldan leigusamning". Samningur þessi er í 10 liðum, og er 1. liður svolátandi: „Leigusali selur Tómstundabúðinni á leigu húsnæði í húseigninni nr. 8 við Austurstræti, og er hér um að ræða sama húsnæði og verið hefur undanfarin ár í leigu hjá Tómstundabúðinni". 2. liður: „Leigutíminn hefst 1. júlí 1961 og endar ári síðar eða 1/7 1962. Verði húsnæðið eða hluti þess leigt öðrum að leigutímanum loknum, skal Tóm-

stundabúðin hafa forgangsrétt að öðru jöfnu um áframhaldandi leigu". Gerð hefur verið útstrikun á þessum lið í báðum þeim eintökum samningsins, sem til staðar eru í máli þessu, og að auki bætt við dagsetningu ofan línu, hvort tveggja með penna. Eftir nefnda aðgerð hljóðar 2. liður á rskj. 5 þannig: „Leigutíminn hefst 1. júlí 1961 og endar 31/12 1961", en á rskj. nr. 8: „Leigutíminn hefst 1. júlí 1961 og 31/12 1961". En að öðru leyti er fullt samræmi milli texta beggja eintaka, og engar leiðréttingar né ritvillur, sem kynnu að valda misskilningi eða mislestri. Annars er rétt að geta þess, að umboðsmenn aðiljanna hafa, þrátt fyrir nefndan samræmiságalla, gengið út frá því í flutningi málsins, að um samhljóða réttarskjöl sé að ræða.

3. liður beggja eintakanna segir, að umsamin leiga sé kr. 18.000.00, tilfært bæði í tölustöfum og bókstöfum, og skuli greiðast fyrirfram 1.—5. hvers mánaðar. Greiðslustaður er í Útvegsbanka Íslands.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að rekja frekar texta leigusamnings þessa. Undir hann skrifa Pétur Ólafsson, framkvæmdastjóri Ísafoldarprentsmiðju h/f, og Pétur Filippusson f. h. Tómstundabúðarinnar. Vitundarvottar eru Björn Jónsson og Kristmann Hjörleifsson, starfsmenn gerðarbeiðanda. Þá er skrifað með penna neðst á bæði eintök: „Samþykkir útstrikun", og er merki við, sem vísar til útstrikunar á lið nr. 2, en undir þetta rita Pétur Ólafsson og Pétur Filippusson á rkj. 5, en aðeins Pétur Ólafsson á rkj. 8.

Útburðarbeiðnin er dagsett hinn 3. janúar s.l. og er tekin fyrir í fógetaréttinum samdægurs. Er málsútlistun gerðarbeiðanda á þessa leið:

Blómaverzlunin Flóra, eigandi Ingimar Sigurðsson, tekur hinn 1. október 1955 á leigu verzlunarhúsnæði á 1. hæð Austurstrætis 8 til 5 ára. Tómstundabúðin tekur svo á leigu hluta af þessu húsnæði og auk þess húsnæði á 2. hæð hússins með samningi, dagsettum 31. maí 1959, en sá samningur rann út hinn 30. október 1960, og frá þeim tíma hækkaði heildarhúsaleigan upp í kr. 18.000.00.

Þá er samningar þessir báðir höfðu runnið sitt skeið í októberbyrjun og októberlok 1960, sátu bæði fyrirtækin um skeið samningslaust. Að öðru leyti er því haldið fram, að Flóra h/f hafi engan rétt til þess að segjast hafa „gengið inn í" leigusamninginn á rskj. 3. Nú hafi verið gengið frá nýjum samningi við Tómstundabúðina um heildarhúsnæðið, þ. e. allt það húsnæði, sem

bæði fyrirtækin höfðu sameiginlega haft til afnota, og um leið var skriflega staðfest, að heildarleigan skyldi hækka upp í kr. 18.000.00, ennfremur að leigutíma skyldi ljúka hinn 31. desember 1961. Þetta síðastnefnda atriði hafi sérstaklega verið áréttað við leigutaka, Tómstundabúðina, með ábyrgðarbréfi, dagsettu hinn 29. september 1961, og aftur með bréfi, dagsettu hinn 23. desember 1961. Sjá rskj. 6 og 34.

Það sé nú að vísu hvergi sagt í leigusamningnum á rskj. 5 og 8, að húsnæði það, sem Flóra h/f hefur notað, falli undir samninginn, en þar sé aðeins um mistök að ræða, sem báðum aðiljum hafi mátt vera og verið ljós, þó ekki væri fyrir annað en það, að leigufjárhæðin, kr. 18.000.00, sé vitanlega fyrir heildarhúsnæðið og væri fjarstæðulega há, ef hún næði ekki til húsnæðis Flóru h/f. En ef þessu skyldi samt sem áður verða haldið fram, þá ber á það að líta, að allt frá því í október hafi ekki verið innt af hendi húsaleiga fyrir Flóru h/f, er leigusamningur Flóru Ingimars Sigurðssonar rann út, og sé þannig um svo veruleg leiguvanskil að ræða, að útburði hljóti að varða, og byggist útburðarkrafan gegn Flóru h/f öðrum þræði á þessum vanskilum. Það megi raunar segja, að þessi 2 fyrirtæki, Tómstundabúðin og Flóra h/f, hafi allan sinn verutíma í húsinu verið í meiri og minni vanskilum með leigu. T. d. hafi þau ekki borgað húsaleigu fyrir júlí og ágúst 1961 fyrr en hinn 5. október, og þá hafi aftur orðið greiðslufall allt til í desember, er deponerað hafi verið leigu fyrir bæði fyrirtækin fyrir eftirstöðvum septemberleigunnar og fyrir nóvember og desember 1961. Er þetta borið fram sem útburðarástæða og vísað til yfirlýsingar Útvegsbankans (sem skv. rskj. 5 og 8 er greiðslustaður á leigu) á rskj. 28, sbr. kvittanir á rskj. nr. 26 og 27.

Málsútlistun gerðarbeiðanda byggist í veigamiklum atriðum á því, að Tómstundabúðin hafi með samningnum á rskj. 5 og 8 samið um leigutöku alls þess húsnæðis, sem notað sé í Austurstræti 8 af þeirri verzlun og Flóru h/f. Er á það bent, að reikningar og kvittanir hafi allt frá 1. október 1960 verið stílaðir á Tómstundabúðina, og vísað til kvittana fyrir húsaleigu, rskj. 12—17 inclusive, Enn fremur er vísað til vottorðs Erlends Erlendssonar og Ásgeirs Gíslasonar trésmiða á rskj. 19. Þessir menn, sem báðir hafa mætt sem vitni í réttinum, hafa vottað, að þeir hafi heyrt gullsmið einn, sem notar lítinn hluta af verzlunarhúsnæðinu á 1. hæð Austurstrætis 8, skýra svo frá í samtali við ofannefndan starfsmann gerðarbeiðanda, Björn Jónsson,

að hann tæki við leigukvittunum frá Tómstundabúðinni. Vottorð og framburður þessara vitna hefur verið tekinn gildur sem staðfestur, en mótmælt sem röngum af hálfu gerðarþolanna.

Af hálfu gerðarþola er framgangi útburðargerðar þessarar mótmælt. Fyrst og fremst er á það bent, að leigusamningurinn frá 1. október 1955, rskj. 3, sé aðeins um neðri hæð hússins Austurstrætis 8 og kjallara þar undir, og aðeins staðfesting á því, sem verið hafði um árabil. Húspláss á efri hæð hússins komi aldrei undir þennan samning. Þá er Flóra h/f var stofnuð, á miðjum samningstíma skv. rskj. 3, til að halda áfram að reka Blómaverzlun Flóru, áður eign Ingimars Sigurðssonar, hafi hlutafélagið gengið inn í þennan samning. Hafi þetta í alla staði verið eðlilegt og alger ákvörðunarástæða, því að forráðamönnum Flóru h/f hefði aldrei dottið til hugar að kaupa fyrirtæki Ingimars, nema húsnæði þetta fengist um leið. T. d. hafi Flóra h/f tekið að sér að greiða 40 þúsund króna skuld Orlofs h/f við Ísafoldarprentsmiðju, og megi nærri geta, hvort slíkt hefði til mála komið upp á þau býti að verða svo samt sem áður að missa af húsnæðinu. Enda hafi Flóra h/f setið óáreitt í húsnæðinu, allt þar til útburðarmál þetta var höfðað.

Nú hafi umgetinn samningur runnið sitt skeið hinn 1. október 1960, þó því aðeins að því er við kom hinum fastákveðna leigutíma, en vel beri þess að gæta, að hinn þannig útrunni samningur geri ráð fyrir 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þannig hafi samningur þessi framlengzt um óákveðinn tíma og hafi honum ekki verið sagt upp með tilskildum 6 mánaða fresti, enda sé hann enn í gildi. Er því fastlega mótmælt, að Flóra h/f sé í neinum leiguvanskilum, sbr. kvittanir þær, sem áður er minnzt á, og er vísað til skilríkja fyrir inngreiðslum leigu eftir s.l. áramót, rskj. 21, 22, 23 og 24 og 36 og 37. Húsaleigukvittanir allar séu líka allsendis fyrirvaralausar, og geti gerðarbeiðandi ekki byggt útburðarkröfuna á neins konar greiðslufalli eða greiðsludrætti.

Viðvíkjandi því atriði, að Flóra h/f sé bundin af samningnum á rskj. 5 og 8, er þetta fram tekið af hálfu gerðarþola: Sú tilhögun hafi viðgengizt, að Flóra h/f hafi leyft Tómstundabúðinni að selja og sýna varning sinn í húsnæðinu á 1. hæð. Gerðarbeiðandi hafi að sjálfsögðu engar athugasemdir gert þar að lútandi. Tómstundabúðin hafi samt aldrei nokkurn tíma haft neitt húsnæði á leigu annars staðar en á efri hæð hússins. Megi allssendis vísa til rskj. 4 um þetta atriði. Sú staðhæfing gerðarbeiðanda,

að tala megi um sameiginlegt húsnæði þessara fyrirtækja, sé beinlínis úr lausu lofti gripin, og er fastlega undirstrikað, að hér sé um 2 sjálfstæð fyrirtæki að ræða, sbr. og framlögð endurrit af firmaskrá Reykjavíkur. Sé staðhæfing gerðarbeiðanda um, að samningurinn á rskj. 5 og 8 taki til húsnæðis Flóru h/f, ósönnuð gegn ákvæðum nefnds samnings og heimildarlaus með öllu. Samningurinn, sem ritaður hafi verið á skrifstofu gerðarbeiðanda, nefni aðilja sína þegar í upphafi: Ísafoldarprentsmiðju h/f og Tómstundabúðina, og í beinu framhaldi þar af sé greinilega tekið fram, að átt sé við húspláss það, sem Tómstundabúðin hafi að undanförnu haft á leigu. Það sé nefnilega aðeins samningurinn á rskj. 4, sem hafi verið endurnýjaður með rskj. 5 og 8. Hvað leiguupphæðina snerti í síðarnefndum samningi, sé um misgáning að ræða, en þó í sjálfu sér skiljanlegt, þegar á það sé litið, að leiga hafi yfirleitt verið greidd í einu lagi fyrir bæði fyrirtækin, 12 þúsund og 6 þúsund, og sömu aðiljar stjórni báðum. Að auki sé það að athuga, að Pétur Filippusson hafi enga heimild til að skuldbinda Flóru h/f og líkast til ekki Tómstundabúðina heldur. Annað mál sé það, að forráðamenn Tómstundabúðarinnar hafi ekkert á móti því að slíta leiguréttarsambandi sínu við gerðarbeiðanda. Skal þess getið hér, að þegar í upphafi máls þessa bauðst umboðsmaður gerðarþola til að rýma það húsnæði, sem hann hélt fram, að Tómstundabúðin væri leigutaki að, sem sé herbergin á 2. hæð. Er málið var munnlega flutt, afhenti hann lykla að þessum herbergjum og staðhæfði um leið, að Tómstundabúðin hefði þar með skilað af sér lyklavöldum að fullu, en um leið og umboðsmaður gerðarbeiðanda tók við þessum lyklum, staðhæfði hann, að Tómstundabúðin hefði ekki að fullu skilað umráðum sínum.

Eitt er það, sem hefur orðið aðiljum máls þessa að miklu deiluefni, og það eru atvik í sambandi við undirritun rskj. 5 og 8. Er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að Helgi Filippusson hafi fengið uppkast að leigusamningnum til glöggvunar, 1—2 dögum áður en undirskrift fór fram. Enn fremur að hann hafi verið viðstaddur, er Pétur bróðir hans skrifaði undir á skrifstofu gerðarbeiðanda. Þannig segja frá starfsmenn gerðarbeiðanda, Björn Jónsson og Kristmann Hjörleifsson, vitundarvottar á skjalinu. Helgi Filippusson neitar því að hafa séð skjal þetta, hvað þá fengið það til athugunar fyrir undirskrift, og segist ekki hafa verið viðstaddur undirskrift Péturs, og tekur Pétur undir það með honum. Samprófun þessara fjögurra manna

hér fyrir réttinum leiddi ekki til neins, hver hélt fast við sína staðhæfingu.

Pétur Filippusson segist aldrei, fyrr eða síðar, hafa skuldbundið Tómstundabúðina með undirskrift sinni, og segist hann ekkert hafa aðgætt, hvað hann var að gera, þegar hann skrifaði undir rskj. 5 og 8, að vísu hafi hann lauslega litið á upphaf samningsins og hugsað sem svo, að þar væri átt við húsnæði Tómstundabúðarinnar á efri hæðinni, sem sér hafi staðið á sama um. Leiguupphæðarákvæðið segist hann ekki hafa litið á, gert ráð fyrir kr. 6000.00, svo sem verið hafði. Annars segist Pétur oftsinnis hafa farið með fjárreiður þessara fyrirtækja, sem þeir bræðurnir standa að, borgað húsaleigu o. s. frv.

Ekki þykir ástæða til að rekja frekar en hér hefur verið gert gögn þau, sem aflað hefur verið í máli þessu.

Eftir því sem fram er komið í máli þessu, var leigusamningur sá, sem Ingimar Sigurðsson á sinni tíð gerði við gerðarbeiðanda, aðeins um húsnæði á 1. hæð og kjallara hússins Austurstrætis 8, og rak hann þar Blómaverzlunina Flóru. Það hefur orðið aðiljum máls þessa að deilu, hvort og hvernig Flóra h/f hafi „gengið inn í" leigusamning þennan, þá er hlutafélag þetta tók til starfa. Hvað sem um þetta má segja, þá hefur Flóra h/f hafzt við í þessu húsnæði allt til þessa dags. Fyrir liggur að sönnu, að gerðarbeiðandi hefur lýst yfir þeirri ætlan sinni, sjá bréfið á rskj. 18, að viðurkenna ekki aðiljaskipti þessi, en ekki liggur neitt fyrir, sem bendi til þess, að meira væri gert til að óheimila Flóru h/f afnotin. Kvittanir fyrir leigugreiðslum munu hafa verið fyrirvaralaust gefnar, sbr. nokkrar þeirra, sem lagðar hafa verið fram í málinu sem rskj. 30, 31, 32 og 33, og er hver þeirra stíluð á Flóru og Tómstundabúðina, en þær eru frá árinu 1959. Virðist a.m.k. liggja ljóst fyrir, að leiguréttarsamband hefur verði milli Ísafoldarprentsmiðju h/f og Flóru h/f, í það minnsta þar til er leigusamningur Flóru Ingimars Sigurðssonar rann út um hinn fastákveðna leigutíma hinn 1. október 1960.

Hvað Tómstundabúðina áhrærir, þá er það nægilega fram komið í málinu, að leigusamningur hennar við gerðarbeiðanda á rskj. 4 tekur aðeins til húsnæðis á 2. hæð hússins. Þessi samningur átti að renna út hinn 30. október 1960, að vísu með nánari ákvæðum um uppsagnarfrest, sem virðast ekki skipta öllu máli, úr því sem komið er.

Aðilja greinir á um það, hvorn þessara aðilja, Tómstunda-

búðina eða Flóru h/f, beri að telja fyrir húsnæði því, sem fyrirtæki þessi hafa til afnota í Austurstræti 8. Í stuttu máli sagt verður þó ekki annað fyrir hendi en að miða við það, að þetta atriði hafi verið afmarkað, a.m.k. unz leigusamningurinn á rskj. 5 og 8 var gerður.

Í upphafi leigusamningsins á rskj. 5 og 8 segir, að hann sé milli Ísafoldarprentsmiðju h/f og Tómstundabúðarinnar, og í áframhaldi af því segir, að Tómstundabúðinni sé leigt húsnæði það, sem hún hafi haft á leigu undanfarin ár. Það er óneitanlegt, að skv. orða hljóðan snertir leigusamningur þessi ekki rétt þann, sem Flóra h/f kynni að hafa til húsnæðisins, en uppkast samningsins er ritað á skrifstofu gerðarbeiðanda, og hefði verið öll ástæða til að taka fram greinilega, að hann skyldi binda Flóru h/f, sem er sjálfstætt hlutafélag. Verður ekki litið svo á, að leigusamningur þessi megi teljast svo öruggt gagn um leigutímalok fyrir Flóru h/f, að hlutafélag þetta verði svipt húsnæðinu með beinni fógetagerð. Skal þá nánar athuguð sú málsástæða gerðarbeiðanda, að ef svo verði talið, að rskj. 5 og 8 bindi Flóru h/f ekki, þá hafi Flóra h/f gerzt sek um mjög veruleg leiguvanskil.

Því er mótmælt af gerðarþola hálfu, að húsaleiga frá október 1960 og síðan hafi verið innt af hendi af Tómstundabúðinni einvörðungu, heldur hafi Flóra h/f greitt kr. 12.000.00, en Tómstundabúðin kr. 6000.00, eins og verið hafði, en leiga hafi verið greidd í einu lagi.

Í þessu sambandi ber að líta á kvittanir, sem gerðarbeiðandi hefur lagt fram í málinu, rskj. 12—17 incl., og eiga við húsaleigu fyrir mánuðina janúar—júní incl. 1961. Þær eru allar gefnar Tómstundabúðinni fyrir 18.000.00 kr. mánaðarlega hver. Það liggur nú ekki fyrir í málinu, að gerðarbeiðandi hafi nokkru sinni á þessum tíma kvartað yfir greiðslufalli við Flóru h/f, og hefði þó með tilliti til þessarar kröfugerðar hans nú verið full ástæða til þess. Að öðru leyti virðist ekki annað sýnna en að telja áritun um greiðanda á þessum kvittunum einhliða yfirlýsingu gerðarbeiðanda um það, hvern hann telji greiðanda fjárhæðar þeirrar, sem hver kvittun fjallar um. Eftir 1. júlí 1961 eru kvittanir Útvegsbankans fyrir húsaleigu ýmist stílaðar á Tómstundabúðina eða Flóru h/f athugasemdalaust af gerðarbeiðanda hálfu, en gerðarbeiðandi gat eðlilega gefið Útvegsbankanum fyrirmæli um það, hvaða aðilja hann óskaði að kvitta fyrir greiðslum og fylgzt með því. Þykir því ekki skv. þessu gerandi

að byggja útburð á gerðarþola á þessu atriði, og virðist gerðarbeiðandi ekki að öðru leyti hafa verið vanhaldinn í sambandi við upphæðir þær, sem hann hefur tekið við, sbr. þær leiguupphæðir, sem hvor aðilja um sig hafa greitt, þar til samningarnir á rskj. 3 og 4 runnu út. Gerðarbeiðandi hefur heldur ekki sýnt fram á það, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður vegna greiðsludráttar þess, sem fyrir liggur, að varð á síðari hluta ársins 1961, en gerðarbeiðandi átti þess allan kost að láta skrá slíkan fyrirvara á kvittanir fyrir leigu. Verður ekki hægt að sinna þessari útburðarástæðu.

Sú útburðarástæða kom fram í munnlegum flutningi, að um óheimila framleigu hafi verið að ræða, og með því er átt við það, að 2 úrsmiðir hafa fengið á framleigu eitt horn af verzlunarhúsnæðinu á 1. hæð og afnot sýningarglugga. Hefur svo verið undanfarin ár. Því er mótmælt af hálfu gerðarþola, að þetta mætti orka útburði. Með tilliti til þess, að ekki mun vera nema um mjög óverulegan hluta húsnæðis að ræða, sem svo er ástatt um, að ekki virðist vera um röskun eða breytingar á húsnæðinu að ræða þessu samfara, og einkum þó því, að gerðarbeiðandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi hreyft athugasemdum við þessu fyrr en í flutningi máls þessa, þótt þessi notkun húsnæðisins hafi lengi staðið, þá þykir ekki rétt að sinna þessari málsástæðu.

Niðurstaðan verður sú, að synjað verður um umbeðna útburðargerð, en málskostnað ber þó að fella niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1962.

Nr. 62/1962. **Árni Böðvarsson** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Steingrími Árnasyni (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Öflun aðfararheimildar á gerðardómi.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1962 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að teknar verði til greina kröfur hans í héraði um 11% ársvexti frá 16. september 1960 til greiðsludags og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í júnímánuði s.l., og því frestað til októbermánaðar. Við fyrirtekt þess þá mætti stefndi ekki og enginn af hans hálfu. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Er áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, hafði stefndi áfrýjað málinu af sinni hendi, en því áfrýjunarmáli lauk með útivistardómi 31. október s.l.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að vaxtaupphæð ákveðst 6% ársvextir frá 1. janúar 1955 til 12. október 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Steingrímur Árnason, greiði áfrýjanda, Árna Böðvarssyni, kr. 180.738.52 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til 12. október 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. marz 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Árni Böðvarsson útgerðarmaður, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 22. október 1960, gegn Steingrími Árnasyni útgerðarmanni, Nýlendugötu 24 B, Reykjavík. Er málið höfðað til að fá aðfararhæfan dóm í samræmi við úrskurð gerðardóms, dags. 16. september 1960. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 180.738.52 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til 16. september 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurði gerðardómsins verði hrundið og hann dæmdur ógildur. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að með samningi aðilja, dags. 18. apríl 1958, var ákveðið, að öll ágreiningsefni aðilja í milli skyldu lögð í gerðardóm. Var í samningi þessum tiltekið, hver ágreiningsefni þau væru, eða „.... þær kröfur, sem við höfum þegar gert hvor á hendur öðrum í dómsmálum, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, og enn fremur um aðrar kröfur, sem hvor okkar kann að gera á hendur hinum, utan réttar, enda verði slíkar kröfur lagðar fram í síðasta lagi fyrir 31. maí 1958". Í lok samnings þessa segir enn fremur, að úrskurður gerðardómsmanna skuli vera endanleg lok á öllum ágreiningsefnum aðilja og skuldbindi þeir sig til að hlíta þeim úrskurði að öllu leyti.

Gerðardómur var skipaður í samræmi við ákvæði samningsins, einn tilnefndur af hvorum aðilja og oddamaður tilnefndur af Hæstarétti. Gerðardómurinn komst ekki að sameiginlegri nið-

urstöðu. Meiri hlutinn, oddamaður og hinn tilnefndi gerðardómsmaður stefnanda, úrskurðuðu stefnda til að greiða stefnanda kr. 180.738.52 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags, hinn síðarnefndi þó með þeirri athugasemd, að hann taldi réttara, að sýkna bæri stefnda aðeins að svo stöddu af kröfum stefnanda um greiðslu vegna þurrfisks, umbúða og beitusíldar, sem kynni að hafa verið fram yfir 600 tunnur, en alger sýkna var um þetta atriði í framangreindri niðurstöðu. Minni hlutinn, hinn tilnefndi gerðardómsmaður stefnda, skilaði sératkvæði á þá lund, að hann taldi stefnanda eiga að greiða stefnda kr. 326.840.51 ásamt vöxtum.

Stefnandi byggir kröfu sína á hinum sameiginlega meirihluta úrskurði gerðardómsins, og þar sem stefndi hafi ekki fengizt til að inna af hendi skyldu sína samkvæmt honum, beri sér nauðsyn til að fá aðfararhæfan dóm um þá niðurstöðu gerðardómsins.

Stefndi byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að meiri hluti gerðardómsins hafi farið út fyrir umboð það og verksvið, er honum hafi verið sett í upphafi og ekki byggt dóm sinn eða niðurstöðu á því réttarsambandi eða grundvelli, sem falizt hafi í leigumála milli aðilja.

Í annan stað byggir stefndi kröfu sína á því, að gerðardómurinn hafi ekki komizt að endanlegri niðurstöðu um ágreiningsefni aðilja, þar sem tveir af þremur gerðardómsmönnunum hafi skilað sératkvæði og undirritað úrskurðinn með fyrirvara.

Í þriðja lagi er krafa stefnda á því byggð, að gerðardómurinn hafi um önnur atriði en þau, er beinlínis komu leigugjaldi aðiljanna við, sem þó hafi verið samið um, að gerðardómurinn fjallaði um, byggt niðurstöðu sína á atriðum, sem ósönnuð séu með öllu, meðal annars vegna falsvottorða eða óviljandi rangra vottorða, sem stefnandi hafi lagt fram í gerðardómi og meiri hluti dómsins síðan að órannsökuðu máli lagt til grundvallar niðurstöðu sinni.

Grundvöllur að samskiptum aðilja, sem leiddi til ágreiningsefna þeirra í milli, er leigumáli, dagsettur í janúar 1953, þar sem stefnandi f. h. Íss h/f í Kópavogi selur stefnda á leigu rekstur hraðfrystihúss félagsins og önnur framleiðslustæki. Stefnandi varð síðan persónulegur aðili að samskiptum aðilja um leigumálann í stað félagsins. Fyrir gerðardómnum höfðu aðiljar uppi hvor um sig kröfur á hendur hinum, og voru þær allar sprottnar af þessum leigusamskiptum aðilja.

Eigi verður séð, að gerðardómurinn hafi á nokkurn hátt tekið afstöðu í úrskurði sínum til annarra atriða en þeirra, sem tóku til samskipta aðilja varðandi leigumálann, og þeirra krafna, sem þeir höfðu uppi hvor á hendur öðrum og ágreiningur var um. Verður því eigi á það fallizt með stefnda, að gerðardómurinn hafi farið út fyrir það umboð, er honum var sett.

Eins og fyrr er greint frá, skilaði gerðardómurinn ekki sameiginlegri niðurstöðu. Meirihlutaniðurstaða úrskurðar stefnda til greiðslu á kr. 180.738.52 ásamt vöxtum. Athugasemd hins tilnefnda gerðardómsmanns stefnanda breytir því ekki, að meirihlutaúrskurður gerðardóms er um þá tölulegu niðurstöðu, og verður sá úrskurður talinn hér gildur sem slíkur.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lagt fram ýmis gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að gerðardómurinn í meirihlutaniðurstöðu sinni hafi byggt á atriðum, sem ósönnuð hafi verið og beinlínis röng. Það er ekki hlutverk þessa dóms að meta efnisatriði í niðurstöðu gerðardómsins, sem, eins og áður segir, skyldi úrskurða um ágreiningsefni aðilja.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að veita stefnanda aðfararhæfan dóm um úrlausn gerðardómsins, þar sem stefndi hefur eigi fengizt til að inna af hendi skyldu sína samkvæmt henni. Eigi þykja efni til að dæma vaxtahæð meiri en ákveðið er í úrlausn gerðardómsins, eða 6%.

Þá þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steingrímur Árnason, greiði stefnanda, Árna Böðvarssyni, kr. 180.738.52 áamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1962.

Nr. 113/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurbirni Árnasyni
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Siðferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar:

Fyrir Hæstarétti hefur af hálfu ákæruvalds verið fallið frá kröfu um sviptingu réttinda samkvæmt 3. málsgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Brot ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, eru þar rétt færð til refsiákvæða að öðru leyti en því, að fyrir verknað, sem varðar við 45. gr. laga nr. 29/1947, ber að ákveða refsingu samkvæmt 191. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málflutnings laun verjanda í Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. júní 1962.

Ár 1962, mánudaginn 25. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Þórði Björnssyni sakadómara, að Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3091/1962: Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Árnasyni, sem tekið var til dóms 12. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherrans, dags. 17. október 1960, er opinbert mál höfðað á hendur Sigurbirni Árnasyni bifreiðarstjóra, Gnoðarvogi 24, hér í borg, fyrir að hafa frá því á árinu 1957, er hann bjó í skála við Faxaskjól hér í bæ, og þar til í maímánuði s.l. oft farið höndum um kynfæri dóttur sinnar D, fæddrar 11. september 1952, bæði í greindum skála og í íbúð sinni að Gnoðarvogi 24, bæði er hún var í byggingu og eins eftir að hann fluttist þangað í desember 1959, svo og fyrir að hafa í eitt skipti farið höndum um kynfæri telpunnar í bifreið sinni, R 8871, sem hann var skráður eigandi að, 24. júní 1959, er þau höfðu verið í kvikmyndahúsi, og einnig niður í báti, sem hann átti vorið 1959 og lá þá við Grandagarð hér í bænum. Málið er höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í eitt skipti, er hann vann við greinda íbúð sína við Gnoðarvog, tekið buxur telpunnar niður um hana, og getnaðarlim sinn út úr buxum sínum og ýtt honum linum að kynfærum hennar svo og fyrir að hafa, eftir að hann fluttist að Gnoðarvogi 24, oft látið telpuna fara í bað með sér og þvo sér bakið.

Teljast framangreind brot varða við 191. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 45. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og við 202. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. svo og við 209. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. marz 1920 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940 19/11 Vestm.eyj. Aðvörun fyrir ölvun.
1947 7/7 Rvík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
— 24/9 Rvík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1950 22/4 Vestm.eyj. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 13/12 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 19/8 Siglufj. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1952 25/9 Vestm.eyj. Dómur: Fangelsi í 5 mánuði, svipting kosningarréttar og kjörgengis fyrir brot á 106., 108., 217. og 218. gr. hegningarlaga, 18. gr. áfengislaga og 1., 4., 5. og 8. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja.
1955 14/3 Hafnarfj. Áminning fyrir brot á 10. gr. bifreiðalaga.
— 17/8 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1956 1/2 Hafnarfj. Dómur: 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
1956 1/2 Hafnarfj. Áminning fyrir ógætilegan akstur.
1959 30/12 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Árið 1949 kvæntist ákærði Esther Snæbirnu Snæbjörnsdóttur í Vestmannaeyjum, og höfðu þau þá búið saman í 2 ár. Árið 1954 fluttust þau til Reykjavíkur. Bjuggu þau fyrst í Eddubæ við Vatnsveituveg, en 15. desember 1956 fluttu þau í bragga við Faxaskjól, og 24. desember 1959 þaðan á Gnoðarvog 24. Hefur ákærði lengstum starfað hér í borginni sem bifreiðarstjóri, bæði fólksflutnings- og vörubifreiða. Þau hjónin hafa eignazt 10 börn saman: 8 drengi, fædda 1947, 1949, 1950, 1951, 1953, 1955, 1957 og 1958, og tvær stúlkur, fæddar 1952 og 1956.

Kona ákærða, Esther Snæbirna, hefur borið það, að í nóvember eða desembermánuði 1959 hafi dóttir þeirra, D, fædd 11. september 1952, skýrt henni frá því, að ákærði hefði verið að eiga við hana. Væri hann að girða niður um hana buxurnar og dónalegur, þegar hún færi með honum á Gnoðarvog 24, þar sem hann væri að vinna. Esther Snæbirna trúði þessu varla og lét málið kyrrt liggja, en sagði telpunni, að hún skyldi ekki fara með ákærða einum inn á Gnoðarvog. Um og eftir miðjan maí 1960 skýrði telpan henni á ný og nánar frá því, hvað ákærði hefði gert við hana, og varð það til þess, að Esther Snæbirna kærði málið til kvenlögreglunnar 27. sama mánaðar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að það muni hafa verið á árinu 1958 og reyndar fyrr, sem hann fann inn á, að Esther Snæbirna vildi ekki láta hann sjá D dóttur þeirra striplast eins og hin börnin. Hafi þetta m. a. orðið til þess, að hann fór að fikta við telpu þessa, eins og hér greinir:

1. Hann fór í ýmis skipti að strjúka hönd sinni yfir kynfæri hennar og, að því er hann bezt minnir, í fyrsta skipti á árinu 1958. Verknað þennan framdi hann a) nokkrum sinnum í skálanum við Faxaskjól, b) einu sinni í bifreið sinni, R 8871, á leið frá kvikmyndahúsi og heim í skálann, og stöðvaði hann þó eigi bifreiðina á meðan, c) einu sinni niðri í bát sínum við Grandagarð eða í fyrrgreindri bifreið á heimleið frá bátnum og d) nokkrum sinnum á Gnoðarvogi 24. Bátinn keypti ákærði

í desember 1958 og seldi hann síðla næsta ár, en bifreiðina R 8871 eignaðist hann 24. júní 1959.

2. Hann kveðst aldrei hafa tekið buxurnar niður um telpuna nema í eitt skipti á Gnoðarvogi 24, þegar hann var að vinna við húsið, en þá leysti hann buxurnar niður um hana, tók út getnaðarlim sinn og ýtti honum linum að kynfærum hennar í eitt skipti. Varð honum ekki sáðfall.

3. Þá fór hann a.m.k. í eitt skipti í bað á Gnoðarvogi 24 með telpuna, og skrúbbaði hún þá bakið á honum, og þar að auki fékk hann telpuna nokkrum sinnum, þegar hann fór einn í bað þar, til að koma inn í baðherbergið og skrúbba bakið á honum.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á greindum verknaði sínum gagnvart telpunni, að hann hafi ekki verið framinn af kynhvöt, heldur til þess að telpan segði móður sinni frá hegðun hans og afstaða móðurinnar gagnvart honum breyttist á þann veg, að hann fengi „trúnaðartraust" hennar.

Telpan D hefur skýrt frá frekari mökum ákærða við hana en í 1.—3. lið hér að framan greinir, en þeim hefur hann eindregið mótmælt, og hefur eigi verið kært út af þeim.

Að fyrirlagi kvenlögreglunnar athugaði Guðjón Guðnason læknir, Grettisgötu 98 hér í borg, telpuna D 27. maí 1960 vegna hugsanlegra kynmaka við hana. Í vottorði læknisins, dags. þann dag, um þá athugun segir m. a. svo:

„Ekki er hægt að sjá neina ytri áverka á burðarbörmunum né heldur er hægt að sjá rifu á meyjarhafti. Leggöng (vagina) svo þröng, að ekki er hægt að koma inn litla fingri. Marblettir eða önnur áverkaeinkenni sjást ekki."

Þá hefur prófessor Símon Jóhann Ágústsson athugað telpuna D, og segir í skýrslu hans, dags. 31. maí 1960, m. a. á þessa leið:

„Telpan virðist vera eðlileg að líkamlegum og andlegum þroska. Við greindarpróf reyndist hún vera ofurlítið á eftir sínum aldri að greindarþroska, eða um 8 mánuði. Hefur hún því greindarvísitölu 91 (meðalgreindarvísitala er 100). Þetta frávik frá meðallaginu er óverulegt, einkum þegar tekið er tilliti til þess, að telpan er alin upp við heimilisástæður, sem eru ekki vel til þess fallnar að örva andlegan þroska barna.

Við þessa athugun mína fann ég ekkert ónormalt eða óheilbrigt við sálarlíf telpunnar. Þó grunar mig, að hugur hennar snúist talsvert um kynferðisleg efni, og gæti það bent til ótíma-

bærrar reynslu á því sviði. Ég spurði hana m. a., hvort hana dreymdi oft, og kvað hún já við því. „Eru það ljótir draumar eða fallegir?“ spyr ég. „Fallegir,“ svarar hún. Ég: „Segðu mér einhvern draum, sem þig hefur dreymt.“ Hún: „Mig dreymdi engil, og hann lá fyrir aftan mig í rúminu með stelpu.“

Telpan er skýr í svörum, þegar hún hefur unnið bug á feimni sinni, og kom ekki fram hjá henni nein tilhneiging til þess að spinna upp sögur (fabulieren), og ekki virðist hún heldur vera sérstaklega áhrifagjörn. Virðist mér telpan því ekki vera lakara vitni en börn á hennar aldri eru almennt.“

Að undangengnum úrskurði sakadóms, uppkveðnum 16. júní 1960, rannsakaði Esra Pétursson geðveikralæknir geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og var niðurstaða læknisins í skýrslu hans, dags. 15. júlí sama ár, á þessa leið:

„Sigurbjörn Árnason er hvorki fáviti né eiginlega geðveikur. Hann er fyrst og fremst geðvilltur (psychopath) og hefur óeðlilegar kynhvatir (pedophilia). Auk þess eru hugsanir hans ofsóknarkenndar.“

Kærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt sekur um refsivert athæfi. Hefur hann með atferli sínu, sem lýst er í 1. og 2. tl. hér að framan, gerzt brotlegur gegn 202. gr. sbr. 200. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940, og 45. gr. laga nr. 29, 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, en með atferli sínu, sem lýst er í 3. tl. hér að framan, þykir hann, eins og atvikum í máli þessu er varið, hafa brotið gegn 209. gr. hegningarlaganna og 45. gr. laga nr. 29/1947. Á hinn bóginn verður 191. gr. hegningarlaganna ekki talin taka til atferlis ákærða, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn þeirri lagagrein. Þykir refsing ákærða með hliðsjón f 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til þess, að skírlífisbrot hans var framið gegn dóttur hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 28. maí 1960 til 16. júlí sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi gæzluvarðhaldsvist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði verður ekki sviptur réttindum samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna breytingar, sem varð á þeirri grein með 6. gr. laga nr. 31 24. marz 1961.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í málinu, Sig-

urðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í málinu, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, sem var einnig réttargæzlumaður ákærða frá upphafi dómsrannsóknar málsins, kr. 5.000.00.

Dráttur varð á máli þessu frá útgáfu ákæru 17. október 1960 til 9. maí sl., sakir þess að ákærði var á þeim tíma í siglingum víðsvegar um heiminn.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Árnason, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 28. maí 1960 til 16. júlí 1960 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í málinu, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00, og laun skipaðs réttargæzlumanns og verjanda ákærða í málinu, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1962.

Nr. 25/1962. **Hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Sigurjóni Jónssyni
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. marz 1962. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst áfrýjandi lækkunar á dæmdum fjárhæðum, að málskostnaður í héraði verði felldur niður og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í Hæstarétti.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst

staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Dráttarbáturinn Magni er aðallega ætlaður til dráttar á stærri eða smærri skipum í Reykjavíkurhöfn og nágrenni hennar. Telja verður það vanbúnað á slíku skipi, að dráttartaug, sem sleppt var, skyldi geta orðið föst í lúgueyra með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi. Vegna þessa vanbúnaðar telst áfrýjandi eiga að bæta stefnda tjón hans að meginhluta.

Stefndi var lengi búinn að vinna sem háseti á dráttarbátnum, er slysið varð, og þekkti allar aðstæður um borð. Að svo vöxnu máli þykir hann eigi hafa gætt nægilegrar varúðar í viðbrögðum sínum við að losa dráttarvírinn. Telst af þeim sökum rétt, að hann beri ¼ hluta tjóns síns sjálfur.

Samkvæmt gögnum málsins er tjón stefnda hæfilega metið í héraðsdómi. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ¾ hluta af kr. 53.836.50, þ. e. kr. 40.377.38, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00, og hljóti talsmaður hans í Hæstarétti þar af kr. 5000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs, greiði stefnda, Sigurjóni Jónssyni, kr. 40.377.38 með 6% ársvöxtum frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hljóti skipaður talsmaður stefnda í Hæstarétti, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Dráttarbáturinn Magni dró m/s Dettifoss frá bryggju í Reykjavíkurhöfn hinn 17. september 1959. Var notaður dráttarvír frá m/s Dettifossi, sem festur var á dráttarkrók í yfirbyggingu m/s Magna og lá aftur eftir honum yfir tvo boga. Þá er drætti var lokið, gáfu menn á m/s Dettifossi stjórnendum m/s Magna merki um að sleppa dráttarvírnum af dráttarkróknum, en það er gert með þar til gerðum tilfæringum. Rann dráttarvírinn nú aftur eftir m/s Magna yfir bogana tvo, en að því búnu festist vírinn í hleraeyra aftast á skipinu. Hljóp stefndi þá ótilkvaddur til ásamt öðrum manni og hugðist losa vírinn af hleranum. En er hann kom að hleranum, stríkkaði á vírnum, og reif hann sig lausan af hleranum. Við átök vírsins hrökk hlerinn upp, lenti á vinstra fæti stefnda og braut fótinn. Hleri sá, sem hér var um að tefla, er í skutnum bakborðsmegin og er nokkru lægri en borðstokkurinn. Hleraeyrað er talið hafa verið „í vinkilhorn", en við viðgerð eftir slysið hafi því verið breytt þannig, að það sé „ávalt". Eigi er vitað, að dráttarvír hafi festst í hleraeyranu nema í þetta eina skipti, þá er honum var rennt útbyrðis.

Frágangur hleraeyrans hefði átt að vera betri en hann var, þá er slysið varð. Stefndi, sem var þaulvanur störfum á m/s Magna, viðhafði eigi gát, þá er hann vatt sér að hleranum, þar sem hann mátti gera ráð fyrir, að á vírnum stríkkaði, hann rifi sig lausan og hlerann upp, svo sem raun varð. Þá er litið er annars vegar til frágangs hleraeyrans og hins vegar til viðbragða stefnda, þykir rétt, að áfrýjandi bæti honum tjón hans að hálfu.

1. Fallast má á, að stefndi eigi rétt til bóta fyrir tapaðar eftirvinnutekjur, sem eru hæfilega reiknaðar kr. 38.836.50
2. Þjáningabætur ber að ákveða ..... — 15.000.00

Samtals kr. 53.836.50

Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda helming þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 26.918.25, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 11.000.00, og hljóti talsmaður hans í Hæstarétti þar af kr. 5000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs, greiði stefnda, Sigurjóni Jónssyni, kr. 26.918.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 11.000.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hljóti skipaður talsmaður stefnda í Hæstarétti, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur Sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. janúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Sigurjón Jónsson, Seljalandi v/Seljalandsveg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 18. ágúst 1960, gegn hafnarstjóranum í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 53.836.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, en með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en *til vara*, að fébótaábyrgð verði skipt og aðeins lítill hluti hennar lagður á stefnda.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Hafa engar kröfur verið gerðar á hendur félaginu, og það heldur engar kröfur haft uppi.

Málsatvik eru þau, að um kl. 19.00 fimmtudaginn 17. september 1959 var dráttarbáturinn Magni, eign stefnda, að aðstoða m/s Dettifoss úr Reykjavíkurhöfn. Stefnandi, sem þá var háseti á dráttarbátnum, var þar að störfum ásamt öðrum skipverjum.

Þegar m/s Dettifoss gaf merki um að sleppa dráttarvírnum, var dráttarbáturinn um 90° til stjórnborða út frá afturenda m/s Dettifoss, í ca. 15—20 faðma fjarlægð. Er dráttarvírnum hafði verið sleppt, festist hann á lúguhlera, sem er yfir niðurgangi í stýrisvélarrúm aftan til á þilfari skipsins. Stefnandi og annar skipsfélagi hans fóru til að losa vírinn, en áður en þeir fengu því viðkomið, stríkkaði á vírnum, og sleit hann sig úr festingunni. Við það kastaðist lúguhlerinn upp, og lenti hann í vinstri fótlegg stefnanda með þeim afleiðingum, að hann fótbrotnaði.

Stefnandi og vitni, sem borið hafa vætti í málinu, eru sammála um það, að framkvæmd við dráttinn hafi verið með eðlilegum og venjulegum hætti. Ekki hafi óeðlilega slaknað á dráttarvírnum, er honum var sleppt, og slysið hafi gerzt með mjög skjótum hætti. Vitnið Kristján Kristjánsson kvað það stundum koma fyrir, að dráttarvírinn festist á ýmsum stöðum aftan til á skipinu, einkum „Pollum", en þó sé það sjaldgæft. Vitnið gat þess, að er fyrir komi, að dráttarvírinn festist þannig, þá sé ekki um aðra aðferð að ræða en að losa hann með höndum nógu fljótt, áður en á honum herðist. Vitnið Sigurður Ólafsson kvaðst hafa séð, að dráttarvírinn hafi festst í umrætt skipti. Hafi það verið á lúgueyranu, sbr. rauðan kross á mynd I á dskj. nr. 3. Eyra þetta hafi verið í vinkilhorn, en við viðgerð eftir slysið hafi það verið gert ávalt.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að hann hafi í alla staði unnið verk sitt í margnefnt skipti á sama hátt og áður og ekki á neinn hátt öðruvísi en af honum hafi verið ætlazt. Starfræksla dráttarskips sé ávallt áhættumeiri en annarra skipa, og beri stefnandi af þeirri ástæðu fébótaábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir með því að hafa ekki gætt þess að hafa tæki skipsins þannig frágengin, að hætta stafaði ekki af þeim.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi með aðgæzluskorti sínum átt alla eða mestan hluta sakar á slysinu. Það hafi verið gálauslega af honum aðfarið að ætla sér að losa vírinn með höndunum.

Það er óvéfengt, að dráttarvírinn hafi festst á umræddu eyra lúguhlerans.

Framangreint slys verður ekki rakið til handvammar eða mistaka skipstjórnarmanna d/b Magna eða annarra skipverja, heldur var orsök slyssins sú bilun í læsiútbúnaði lúguhlerans, sem áður var lýst og stafaði af átaki frá fyrrnefndum dráttarvír. Að svo vöxnu máli þykir bera að leggja á stefnda, skipseigand-

ann og vinnuveitanda stefnanda óskipta fébótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum.

Í vottorði dr. med. Bjarna Jónssonar, dags. 17. september 1960, segir svo um meiðsl stefnanda:

„.... var lagður í Landakotsspítala 17.9. 1959. Hann hafði fyrr um daginn slasazt við vinnu sína, og sýndi skoðun við komu í spítalann, að vinstri fótleggur var brotinn. Brotið var fært í skorður og lagðar á gipsumbúðir, og lá hann hér í spítalanum til 23.12., en fór þá heim í göngugipsi.

Brotið greri í sæmilega góðum skorðum, og byrjaði hann að vinna viku af júní s.l. Sjúklingurinn er nú óþægindalítill, hann þreytist að vísu við göngur og stöður, en hvílist fljótt. Dálítill bjúgur sígur á vinstri legg.

Hann gengur óhaltur á sléttu gólfi, en segist heltast fyrir erfiði, og ef hann flýtir sér. Svolítill bjúgur er um vinstri ökla. Fullar hreyfingar eru í vinstra hné. Hreyfingar í öklum: Hægri 70/130. Vinstri 80/120. Hverfihreyfingar: í vinstri ökla: ⅔ af hægri. Rtg.skoðun þ. 25.5. 1960 í Landakotsspítala sýnir, að brotið er vel gróið. Séð framan frá er öxulstefna ágæt, en á hliðarmyndinni er örlítill recurvatio á brotinu ....“

Frá slysdegi og til þess tíma, er stefnandi hóf starf að nýju þann 1. júní 1960, fékk hann greidd föst mánaðarlaun sín frá stefnda. Hins vegar kveður hann eftirvinnutekjur jafnan hafa verið miklar, og er fjárkrafa hans í málinu til heimtu bóta vegna missis þeirra svo og þjáninga sundurliðuð þannig:

1. Eftirvinnutekjur ..... kr. 38.836.50
2. Þjáningabætur ..... — 15.000.00

Samtals kr. 53.836.50

Um 1.

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann hafi á árinu 1957 haft samtals í eftirvinnutekjur kr. 47.227.60, eða að jafnaði tæpar kr. 4.000.00 á mánuði. Á árinu 1958 hafi hann haft í sömu tekjur kr. 56.041.59, eða að jafnaði kr. 4.666.67 á mánuði. Frá 1. janúar 1959 til 17. september s. á. hafi tekjur þessar numið kr. 42.955.27, eða að jafnaði kr. 5.041.30 á mánuði. Af meðaltali þessara fjárhæða telur stefnandi sig hafa misst ca. kr. 4.569.00 á mánuði.

Það er viðurkennt af stefnda, að stefnandi hafi jafnan haft eftirvinnutekjur, en hann telur hins vegar, að stefnandi eigi

enga kröfu til eftirvinnu, og sé það því á valdi stefnda, hvort eftirvinna sé unnin.

Þegar á það er litið, að eftirvinna hafi jafnan fylgt starfi stefnanda hjá stefnda, og eigi kemur annað fram en að sú tilhögun hafi haldizt áfram á tímabili því, er stefnandi var frá vinnu af völdum slyssins, þá þykir hann eiga rétt til bóta fyrir tapaðar eftirvinnutekjur. Framangreindar upplýsingar stefnanda um eftirvinnutekjur hans hafa ekki sætt andmælum. Og þar sem krafa hans, að því er lið þennan varðar, þykir ekki ósanngjörn, miðað við þær upplýsingar, þá verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Um 2.

Þessum kröfulið hefur stefndi mótmælt sem of háum.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um meiðsli þau, er stefnandi hlaut, og afleiðingar þeirra, þykir bera að taka til greina kröfu hans um kr. 15.000.00 í bætur vegna þjáninga af völdum slyssins.

Af þessu framansögðu verða því dómkröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti. Vexti ber þó einungis að reikna 6% frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, 10% frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 6500.00.

Emil Ágústsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Gunnari M. Guðmundssyni héraðsdómslögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs, greiði stefnanda, Sigurjóni Jónssyni, kr. 53.836.50 með 6% ársvöxtum frá 17. september 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1962.

Nr. 90/1962. **Bæjarstjórn Akranesskaupstaðar**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Halldóri Grímssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1962. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda fyrir héraðsdómi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt ákvæði 24. gr., 1. mgr. i.f., laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962.

Á miðju ári 1961 fluttist stefndi ásamt konu sinni og börnum frá Akranesi að Borgartúni í Innra-Akranesshreppi og hóf þar búskap. Lagt hefur verið fram í Hæstarétti endurrit sakadómsbókar Akraness af dómprófum, sem haldin voru 11. desember 1961 vegna þess, að eldur hafði orðið laus í bæjarhúsum í Borgartúni að morgni sunnudags 3. s. m. Er af dómprófunum ljóst, að þá hefur stefndi og fjölskylda hans átt heima í Borgartúni. Samkvæmt 1. tl. 15. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, skal á kjörskrá taka þá, sem fullnægja skilyrðum laganna og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrár skulu fram lagðar samkvæmt 1. málsgr. 19. gr. Samkvæmt því, er rakið var, var stefndi eigi heimilisfastur í Akranesskaupstað 1. desember 1961, og voru því eigi efni til að taka hann á kjörskrá þá fyrir Akranesskaupstað, sem gilti við bæjarstjórnarkosningarnar vorið 1962. Samkvæmt

þessu ber að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Halldórs Grímssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 26. maí 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var í gærdag, 25. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Akraness samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 52 frá 14. ágúst 1959 af Halldóri Grímssyni, Grímsholti, Akranesi, gegn bæjarstjórn Akraness með stefnu, dags. 23. þ. m., og gerir hann þær réttarkröfur, að stefnda, bæjarstjórn Akraness, verði með dómi skylduð til að taka nafn stefnanda inn á kjörskrá fyrir Akranesskaupstað, þá er gilda skal við í hönd farandi bæjarstjórnarkosningar 27. þ. m.

Af hálfu bæjarstjórnar Akraness var mætt í málinu og krafizt sýknu til handa bæjarstjórnar af kröfu stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 2. þ. m. skrifaði Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, bæjarstjórn Akraness f. h. stefnanda máls þessa, Halldórs Grímssonar, og konu hans, Lilju Gestsdóttur, og kærði yfir því, að þau hjónin hafi verið strikuð út af kjörskrárstofni þeim, er þá lá frammi almenningi til sýnis sem gildandi kjörskrá við væntanlegar bæjarstjórnarkosningar 27. þ. m., og gerði þær kröfur, að nöfn þeirra yrðu sett inn á kjörskrána. Rökstuddi hann þessa kröfu sína m. a. með því, að þau hjónin hafi verið heimilisföst á heimili hans að Suðurgötu 108, Akranesi, allan desembermánuð 1961 og ekki flutt burt frá Akranesi fyrr en seint í janúar 1962. Enn fremur með því, að þau hjónin hafi talið fram

til skatts á Akranesi í janúar s.l., svo og að þau hafi notið hér bóta almennra trygginga allt árið 1961 og njóti ennþá.

Með bréfi bæjarstjórans á Akranesi, dags. 23. þ. m., til umboðsmanns stefnanda tilkynnti hann honum, að bæjarstjórn hafi hinn 22. þ. m. hafnað kröfum hans um, að umbjóðendur hans verði sett inn á kjörskrá þá, er gilda skal við bæjarstjórnarkosningar 27. þ. m. Fylgdi bréfi þessu álitsgerð Haralds Jónassonar lögfræðings, dags. 21. þ. m. (dskj. nr. 5).

Í greindum skjölum og við munnlegan flutning málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Samkvæmt kjörskrá þeirri, er sýnd var í dóminum, er stefnandi fæddur á Akranesi 1. júní 1940. Hefur hann alið aldur sinn hér á Akranesi og haft atvinnu hér allt til þess, er hann flutti með konu sína og börn að Borgartúni í Innra-Akranesshreppi í Borgarfjarðarssýlu á miðju ári 1961, en áður bjuggu þau hjónin að Görðum á Grímsholti, Akranesi. Aðfaranótt 1. desember s.l. varð eldsvoði á heimili þeirra hjóna að Borgartúni, og varð íbúð þeirra þar óíbúðarhæf með öllu vegna brunaskemmda. Flutti stefnandi því með fjölskyldu sína og persónulega muni til fósturforeldra konu sinnar að Suðurgötu 108 hér í bæ hinn 1. desember s.l., en hélt áfram búrekstri í Borgartúni. Var með öllu óráðið, hvort þau, stefndi og kona hans, flyttu aftur í Borgartún, þá þau fluttu á Akranes 1. des. s.l. Bjó stefndi með fjölskyldu sinni að Suðurgötu 108, þar til þau fluttu aftur í Borgartún seint í janúar s.l.

Af framansögðu má ljóst vera, að stefnandi hefur átt heimili á tveimur stöðum 1. des. s.l., það er í Borgartúni í Innra-Akranesshreppi og að Suðurgötu 108 á Akranesi. Hins vegar hafði stefnandi haft aðalatvinnu sína á Akranesi mörg undanfarin ár, miðað við 1. des. s.l., að undanteknum þeim 5 mánuðum, er hann dvaldi í Borgartúni. Þá gefur það, að hann taldi fram til skatts á Akranesi í janúar s.l., ótvírætt til kynna, að stefnandi hefur kosið að telja lögheimili sitt á Akranesi á þeim tíma.

Verður því að telja með tilvísun til 3. gr. laga nr. 35 frá 30. maí 1960 um lögheimili, að lögheimili stefnanda hafi verið að Suðurgötu 108 á Akranesi 1. desember 1961.

Á því leikur ekki vafi, að stefnandi fullnægir öllum kosningarréttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og á rétt á að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns.

Samkvæmt framansögðu átti stefnandi lögheimili að Suðurgötu 108 á Akranesi 1. desember 1961, og ber því að taka kröf-

ur hans í máli þessu til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar og 15. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis, sbr. og 1. gr. laga nr. 5/1962 um sveitastjórnarkosningar.

Dómur þessi er uppkveðinn af skipuðum setudómara, Stefáni Sigurðssyni hdl., samkvæmt símskeyti Dómsmálaráðuneytisins, mótteknu 24. þ. m.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarstjórn Akraness, ber að taka nafn stefnanda, Halldórs Grímssonar, á kjörskrá þá, sem gildir við bæjarstjórnarkosningar á Akranesi 27. maí 1962.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 19/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Húbert Rósmanni Morthens
(Gunnlaugur Þórðarson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

I.

Árni Björnsson, sérfræðingur í skurðlækningum, hefur að tilhlutan verjanda ákærða framkvæmt athugun á gögnum málsins, varðandi dauða Ásbjargar heitinnar Haraldsdóttur, og í skýrslu hans 26. marz 1962 um athugun þessa segir svo:

„Af krufningarskýrslu má ráða, að höfuðorsök að dauða hafi verið miklir áverkar á lifur hinnar látnu.

Lifraráverkar geta verið beinir eða óbeinir. Með beinum áverka er átt við, að eitthvað stingist inn í lifrina utan

frá, t. d. eggjárn, og særi hana þannig. Með óbeinum áverka er átt við, að högg utan frá á brjóst eða kviðarvegg valdi því, að svo mikil hreyfing kemst á lifrina, að hún springur eða rifnar frá festum sínum. Hér hefur því verið um óbeinan áverka að ræða.

Tiltölulega lítil högg geta valdið minni háttar óbeinum áverka á lifur, einkum ef hún er stækkuð vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum, svo sem óhóflegri áfengisneyzlu um langt skeið.

Til að framkalla svo mikinn lifraráverka, sem lýst er í fyrrnefndri krufningarskýrslu, virðist muni þurfa mjög mikið högg eða meira en frá hnefa, þótt fullu afli sé beitt. Hitt virðist líklegra, að látna hafi dottið eða verið hrundið á stólbrík eða borðshorn, sem hafi stungizt undir rifjabogann og þannig valdið áverka þeim, sem lýst er í krufningarskýrslunni."

Fyrir atbeina saksóknara ríkisins var um greinda skýrslu læknisins fengin umsögn Níels prófessors Dungals, dags. 2. apríl 1922, og er meginmál hennar á þessa leið:

„Stórar lifrarsprungur, eins og sú, sem fannst hjá Ásbjörgu Haraldsdóttur, er sjaldgæft að sjá, þar sem meginhluti lifrarinnar (hægri lobus) var flettur í sundur eftir endilöngu framan frá og upp úr, og 8 cm löng sprunga var á þindinni yfir lifrinni. Slíkar stórkostlegar sprungur á lifur hef ég aldrei séð, nema í sambandi við bílslys, t. d. þar sem hjól hefur ekið yfir mann, svo að lifrin bókstaflega kremst í sundur, eins og hér virðist hafa gerzt. Þess ber að gæta, að hægra megin voru 2., 3. og 5. rif brotin, öll í mamillarlínu, og 2. og 3. rif einnig brotin upp við hrygg.

Ég tel algerlega útilokað, að svo stórkostleg sprunga á lifrinni geti hafa stafað af því, að konan hafi rekizt á eitthvað, eða af því, að henni hafi verið hrundið á borðshorn eða stólbrík. Ég tel heldur engan veginn líklegt, að hún hafi getað hlotið þennan áverka, þótt sparkað hafi verið í hana sitjandi eða standandi. Til þess að kremja lifrina svona í sundur, brjóta rif og sprengja þindina hefur konan hlotið að liggja á hörðu gólfi á bakinu og miklum þunga að hafa

verið beitt skyndilega á ofanverðan kvið og brjóst hægra megin. Er vafasamt, hvort spark af öllu afli ofan á konuna hefði getað valdið þessu. Einna líklegast þætti mér, að maðurinn hefði hent sér, t. d. af stól eða borði, ofan á konuna, þannig að skór hans hafi lent á kviði og brjósti konunnar hægra megin, eða hann hafi staðið ofan á henni og hoppað á henni, þannig að hann léti fætur sína falla með fullum líkamsþunga á brjóst hennar og kvið.

Konan getur hafa legið meðvitundarlaus á gólfinu eftir barsmíðina, sem hún hafði hlotið, og kyrkingartilraunina, sem virðist hafa verið gerð á henni."

Greindir læknar komu síðan fyrir dóm, staðfestu skýrslur sínar og skýrðu í því sambandi nánar nokkur atriði.

Árni læknir Björnsson var af verjanda ákærða að því spurður, hvernig gera mætti ráð fyrir, „að ástand lifrar sé hjá mönnum, eins og hjá Ásbjörgu heitinni (þ. e. fitulifur)", og svaraði læknirinn þannig: „Af krufningarskýrslu má ráða, að um fitulifur hefur verið að ræða hjá hinni látnu, sem gæti stafað af langvarandi áfengisneyzlu. Líkur eru til, að slík lifur sé stækkuð, og með stækkun er átt við, að lifrin nái út fyrir eðlileg anatómísk takmörk". Þá lýsti læknirinn því, að af krufningarskýrslunni virðist mega ráða, að aðrir áverkar en þeir, er á lifur voru, hefðu eigi getað leitt til dauða Ásbjargar heitinnar. Loks kvað læknirinn eigi „unnt að útiloka þann möguleika, að slíkur áverki, sem var á lifur hinnar látnu, hefði getað orsakazt af því, að hoppað hafi verið upp á líkama, sem legið hafi á gólfi."

Niels prófessor Dungal lýsti m. a. því:

1. Að „mikil fitulifur" væri jafnaðarlega stækkuð og meirari en heilbrigð lifur". Lifur Ásbjargar heitinnar hefði hins vegar „ekkert" verið stækkuð, aðeins 1320 grömm, og fita ekki svo mikil í henni, að hún hafi verið til muna meirari en eðlilegt er". Væri „í hæsta máta ólíklegt", „að lifrin í Ásbjörgu heitinni hafi sprungið við það, að ákærði hefði dottið ofan á hana, á borðbrún eða stólbak, þannig að bæði hafi dottið í sömu átt á grúfu".

2. Ekki væri „unnt að fullyrða, að um kyrkingartilraun

hafi verið að ræða, þótt áverkamerki bæði innan og utan á hálsinum bentu til þess.“

Með bréfi hinn 10. maí 1962 sendi saksóknari ríkisins Læknaráði Íslands dómsgerðir héraðsdóms í málinu ásamt endurriti af framhaldsrannsókn þeirri, er háð hafði verið, til umsagnar um eftirfarandi atriði:

„1. Hvert er álit Læknaráðs um ósamræmi það, sem fram kemur í skýrslum próf. Níels Dungals og Árna læknis Björnssonar um ástand lifrar hinnar látnu konu og í skýringum þeirra á orsökum áverkanna á lifur hennar?

2. Fellst Læknaráð á þá niðurstöðu Þórðar Möllers yfirlæknis, sem fram kemur í niðurlagi álitsgerðar hans um geðheilbrigði ákærða, dagsettrar 22. desember 1961, að ekkert það sé finnanlegt, sem dragi úr sakhæfi hans?“.

Álitsgerð Læknaráðs um framangreint efni er dagsett 15. ágúst 1962, og er niðurlag hennar á þessa leið:

„Málið var lagt fyrir réttarmáladeild ráðsins. Afgreiddi deildin það með ályktunartillögu á fundi hinn 29. júní 1962, en samkvæmt ósk eins læknaráðsmanns var málið borið undir Læknaráð í heild. Tók ráðið málið til meðferðar á fundi hinn 15. ágúst 1962, og var eftir ýtarlegar umræður samþykkt að afgreiða það með svohljóðandi

á l y k t u n :

Að. 1. Samkvæmt skýrslu um krufningu hinnar látnu verður ekki talið, að um fitulifur hafi verið að ræða í venjulegum skilningi, þótt aukið fitumagn hafi fundizt við smásjárrannsókn.

Hafi svo mikil sköddun á lifur, sem lýst er í krufningarskýrslu, orsakazt af einstökum áverka, hlýtur hann að hafa verið mjög mikill og meiri en svo, að auðskýrt verði með falli á sama fleti, árekstri á stólbak eða borðshorn eða með hnefahöggi. Áverki með þvílíkum hætti, ef snöggur er og mjög kraftmikill, gæti þó undir vissum kringumstæðum valdið lifrarsprungu, sem svo gæti stækkað og vefurinn marizt við frekari áverka og meiri háttar hnjask.

Að. 2. Já. Læknaráð getur fallizt á niðurstöðu Þórðar

Möllers yfirlæknis, að varanlegt andlegt ástand ákærða sé ekki þannig, að það dragi úr sakhæfi hans.“

II.

Saksóknari ríkisins hefur í bréfi 30. október 1962 leitað álits Jóns prófessors Steffensens um, hvort unnt sé, með hliðsjón af blóðrannsókn þeirri, sem gerð var á ákærða hinn 1. október 1961, að áætla áfengismagn í blóði ákærða kl. 05.00 og 06.00 aðfaranótt þess dags. Í bréfi prófessorsins, dags. 3. þ. m., segir m. a.:

„Í blóðsýnishorni úr Húbert Morthens, sem tekið var kl. 14.40 hinn 1. október 1961, fundust reducerandi efni, sem samsvara 0.57‰ af alkóhóli. Sé gert ráð fyrir 75 kg líkamsþunga með 70% vatnsinnihaldi eða samsvarandi 52.5 kg af vatni, þá hefur heildarmagn alkóhóls í líkamanum verið um 30 gr, er blóðsýnishornið var tekið.

Ef reiknað er með 100 mg brennslu á klt. og kg og 2% útskilnaði með þvagi og uppgufun af alkóhóli, þá samsvarar það 7.65 gr af alkóhóli á klt., miðað við 75 kg líkamsþunga. Á 9¾ klt. verða það 73.9 gr alkóhól, og hefur þá heildarmagn þess í líkamanum verið um 104 gr, eða um 2‰ kl. 05.00 sama dag og kl. 06.00 um 1.8‰.“

III.

Skýrslur þriggja vitna, er leidd voru eftir uppsögu héraðsdóms, hníga að því, að allnáin kynni hafi verið með eiginkonu ákærða og Einari Angantý Jónssyni, er í héraðsdómi getur.

IV.

Í héraðsdómi er réttilega lýst válegum atburðum máls þessa samkvæmt þeim sakargögnum, sem leggja verður til grundvallar. Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því, að verknaður ákærða varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og fyrir því, að beita beri refsilækkun samkvæmt þeim ákvæðum hegningarlaga, sem til er vitnað í héraðsdómi, sbr. og II. og III. að framan. Þykir

refsing ákærða samkvæmt því hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og um málskostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlauna til verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Húbert Rósmann Morthens, sæti fangelsi sex ár.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun til verjanda síns í Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Við teljum, að staðfesta beri héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans og með hliðsjón af þeim nýju gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt og rakin eru í atkvæði meiri hluta dómenda, en erum samþykkir því atkvæði, að því er varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 6. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Loga Einarssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 511/1962: Ákæruvaldið gegn Húbert Rósmanni Morthens, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 29. desember 1961,

á hendur Húbert Rósmanni Morthens sjómanni, Laugarnesvegi 118 hér í bæ, fyrir að berja eiginkonu sína, Ásbjörgu Haraldsdóttur, og misþyrma henni svo árdegis sunnudaginn 1. október 1961 á heimili þeirra á Laugarnesvegi 118, að hún beið samdægurs bana af.

Í ákæru þykir þessi verknaður ákærða aðallega varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 218. gr. og 215. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. febrúar 1926 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1944 20/5 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 22/6 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 22/5 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
— 23/5 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 12/6 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir óspektir á almannafæri.
1946 3/1 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 27/1 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 3/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
— 3/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot, 50 kr. skaðabætur í sama máli.
— 19/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 8/5 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 5/6 Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 11/6 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 10/3 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 18/3 Rvík. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 750 kr. sekt og 1000 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga, áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
— 19/3 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1/4 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
— 13/6 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á opinberum veitingastað, 55 kr. skaðabætur í sama máli.
— 22/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 4/9 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 23/1 Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
— 29/1 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 28/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 29/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 5/5 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 11/5 Rvík. Sátt: 175 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 25/6 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 28/6 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 24/1 Rvík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 16/5 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 30/5 Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 28/9 Rvík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 20/10 Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun og 540 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki.
1952 16/9 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt, 309 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
1960 31/1 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

Verður nú greint frá málavöxtum:

Sunnudaginn 1. okt. s.l., um klukkan 13.45, var Ingólfi Þorsteinssyni, yfirvarðstjóra rannsóknarlögreglunnar, tilkynnt frá Slysavarðstofunni hér í borg af Birni L. Jónssyni, aðstoðarlækni borgarlæknis, að þá skömmu áður hefði þangað verið komið með konu, sem þegar hefði verið látin, en á höfði hennar væru miklir áverkar. Brá Ingólfur Þorsteinsson þegar við og fór í Slysavarðstofuna, en þar var ákærði. Hafði hann sjálfur komið með líkið þangað í sjúkrabifreið, en það var af eiginkonu hans, Ásbjörgu Haraldsdóttur, fæddri 30. nóvember 1926. Lá það þarna á sjúkravagni og var lítið farið að kólna, klætt venjulegri kvendragt, jakka og pilsi, og þar innan undir náttfötum og nærbuxum, en sokka- og skólaust. Miklir marblettir voru á andliti líksins og á báðum handleggjum þess, en á brjósti þess voru minni marblettir og nokkrar húðrispur framan á hálsi. Hafði ákærði þegar í Slysavarðstofunni skýrt frá því, að áverkar þessir væru af sínum völdum. Var tekið úr honum blóðsýnishorn til alkóhólákvörðunar, og fundust í því reducerandi efni, er samsvara 0.57‰ af alkóhóli, en því næst var hann færður í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, þar sem Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn tók af honum frumskýrslur. Að því loknu var ákærði færður í fangahúsið við Skólavörðustíg, þar sem hann hefur dvalizt síðan, en mánudaginn 2. október s.l. var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald.

Prófessor Níels Dungal, forstöðumaður Rannsóknarstofu há-

skólans, skoðaði líkið í Slysavarðstofunni, og hinn 2. október s.l. gerði hann á því réttarkrufningu.

Frá Slysavarðstofunni fór Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri ásamt rannsóknarlögreglumönnunum Ragnari Vigni, varðstjóra tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, og Guðmundi Erlendssyni heim í íbúð ákærða til að rannsaka, hvernig þar væri umhorfs, en lykil að íbúðinni fengu þeir rannsóknarlögreglumennirnir hjá Gíslínu Bergþóru Valdimarsdóttur, Sólheimum 27, frænku og uppeldissystur Ásbjargar heitinnar, sem ákærði hafði áður afhent lykilinn og kvatt sér til aðstoðar til að annast þrjú börn þeirra hjóna. Ljósmyndir voru teknar í íbúðinni og gerðir af henni uppdrættir, en hún er á annari hæð í fjölbýlishúsi, tvö herbergi, dagstofa og svefnherbergi og eldhús. Í svefnherberginu var hjónarúm, tvöfalt, og þrjú barnarúm, þar af tvö sambyggð, eða svokallaðar kojur. Ekki hafði verið búið um rúmin, en á kodda hægra megin í hjónarúminu sáust óljósir, nokkuð stórir, blóðlitaðir blettir. Undir koddanum var kvenbaðsloppur, og á tveimur stöðum á honum voru litlir, mjög nýlegir blóðblettir. Í dagstofunni voru teppi á gólfum og mikið af húsgögnum. Mátti heita, að þau væru öll í röð og reglu, en það eina, sem benti til, að þar hefðu óvenjulegir atburðir gerzt, voru margir blóðblettir víðsvegar um stofuna, á suðurvegg hennar í 1.43 metra hæð, 1.65 metra hæð og 2.20 metra hæð frá gólfi. Þá voru og blóðblettir á gólfi og gólfteppi stofunnar, á borðfæti, í legubekk (sófa), á bókahillu við austurvegg hennar, á skáp þar og mynd, sem var fyrir ofan hann. Í baðkeri í baðherbergi var stórt vaskafat og í því tau, sem lagt hafði verið í bleyti, en efst í fatinu var hvít hálferma kvenblússa, og á henni talsvert af blóðblettum, sem virtust nýlegir, en ermar hennar voru nokkuð rifnar út frá saumum. Á vatninu í fatinu var daufur blóðlitur. Í eldhúsinu var ekkert óvenjulegt að sjá, nema hvað á eldhúsborði voru tvær tómar dósir undan erlendum bjór og nokkrar slíkar dósir í skáp á borðinu. Í einum eldhússkápnum var einn eins lítra geneverbrúsi, hálffullur. Einnig var þarna í skáp lítið lyfjaglas með lyfjahylkjum í, sem tekið var í vörzlu dómsins, en ákærði skýrði frá því, að skömmu eftir að þau hjónin voru komin heim til sín og farin að kíta, eins og nánar verður greint frá síðar, hafi Ásbjörg heitin gefið honum eitt lyfjahylki úr glasi þessu, sem hann hafi tekið inn, og sagt það vera róandi lyf, en hann ekki fundið til neinna áhrifa

af því. Á glasi þessu var miði, er á var letrað: „Ásbjörg Haraldsd. 1 hylki 2 sv. á dag. Caps. librium, no XXX 22961 AK."

Heimilislæknir ákærða, Arinbjörn Kolbeinsson, kveðst hafa gefið Ásbjörgu heitinni lyfseðil fyrir lyfi þessu, sem hann segir vera vægt, taugaróandi lyf, og sé því í langfestum tilfellum haldið fram, að ekki sé skaðlegt að taka það inn í sambandi við áfengisneyzlu, en lyf þetta sé að vísu nýlega komið á markað og ekki mikil reynsla fengin af því enn. Í hverju greindra lyfjahylkja segir hann vera 10 milligrömm, en fullt nafn lyfsins sé: 7-chloro-2-methylamino-5-phenyl-3-H-1. 4-benzodiazephine 4 oxyde hydrochlorid, og verzlunarheiti þess Caps. librium.

Bróðir Ásbjargar heitinnar tók að sér að tilkynna ættingjum hennar um andlátið, og bróðir ákærða ættingjum hans.

Í skýrslu prófessors Niels Dungals, dags. 2. okt. s.l., um réttarkrufningu á líkinu segir m. a. svo:

„Í gær, kl. 15.00, var undirritaður beðinn að koma af rannsóknarlögreglunni inn á Slysavarðstofu. Þar lá lík af konu, sem sýnilega var nýdáin, því að líkið var enn glóðvolgt, ekkert farið að stirðna, og engir líkblettir komnir fram. ....

Líkið er af 160 cm hárri konu í meðalholdum. Þegar krufningin fer fram, eru komnir miklir líkblettir á bakið, og líkið er alstirt. Í andlitinu sjást, eins og í gær, miklir marblettir, og má segja, að allt andlitið sé meira og minna þéttsett marblettum: Glóðaraugu á báðum augum, þrír stórir marblettir á enni, nefið bæði marið og hruflað, sérstaklega neðri hluti nefsins, sem er hruflaður á krónu stóru svæði. Utanvert við h. munnvik er barnslófastór blettur, sem er marinn, og sjást blæðingar og hrufl í þessum bletti líka, og niður frá þessum bletti sjást einnig aðrir marblettir. Tennur eru heilar í báðum gómum, en slímhúðin á báðum vörum er sprungin v. m. við miðju á efri vör, þar sem sést um 1 cm löng sprunga sundurtætt í varaslímhúðinni og í neðri vör, nálægt h. munnviki, þar sem einnig er allt að því 1 cm löng sprunga í vörinni. Auk þessara áverka sást, að það voru rispur á hálsinum rétt neðan og h. m. við barkakýlið, þar sem sáust nokkrar samhliða rispur, og á einum stað h. m. sést þar greinilegt naglarfar, sem er djúpt og snýr þannig, að nöglin hafi verið á hönd, sem kom ofan frá, þannig að fingurinn hafi snúið niður á við, en ekki upp á við á hálsinum. Auk þess sjást margir marblettir víðs vegar á handleggjum og einn ofan til v. m. á brjóstinu, ennfremur sést barnslófastór marblettur utan til á h. mjöðm. Einnig sjást marblettir, sem ekki

virðast allir vera ferskir, á báðum fótleggjum. Á v. úlnlið sést barnslófastór marblettur, litlafingurs-megin, og á löngu töng sömu handar sést einnig marblettur á efstu kjúku.

Brjóst- og kviðarhol opnað: Þegar húðinni er flett frá hálsinum, sjást miklar blæðingar í vöðvunum og í kringum þá um miðjan hálsinn, og nær það alla leið niður undir viðbein á meira en mannslófastóru svæði, þar sem allt er fullt af marblettum. Þegar rifin eru athuguð á brjóstkassanum, sést, að h. m. eru þrjú rif brotin: II., III. og V., og eru þau öll brotin nokkurn veginn í mammillar línu, og skaga brotendarnir dálítið fram. Marblettur fannst einnig yfir vinstra III. rifi, nálægt geislungsmótum, og var hann rúmlega tveggja krónu stór. Dálítil blæðing var í brjóstholinu h. m., en ekki svo mikil, að nokkru næmi, eða 10—20 cc af blóði. Um 8 cm löng rifa var á þindinni h. m.

Hálslíffæri: Þegar vélindað var klippt upp, fannst dálítið blóðugur vökvi í því. Einnig fannst dálítið blóð í barkakýli og barka.

H. m. í skjaldarbrjóskinu sést krónustór blæðing í vöðvanum, sem liggur þar utan á brjóskinu.

Engin brot sjást á skjaldkirtilsbrjóski né málbeini.

Hjartað vegur 250 gr. Framan á hjartanu, rétt hjá art. pulm., sést dálítill marblettur, ca fingurgómsstór. Annar sést þar sem vena cava gengur inn í h. atrium, og þriðji marbletturinn sést yfir v. atrium, þar sem vv. pulm. koma inn í hjartað. Allir þessir marblettir eru um fingurgómsstórir. Að öðru leyti sést ekkert sérstakt á hjartanu. ....

Þegar rifin eru aðgætt innan frá brjóstkassanum, sést, að II. og III. rif eru brotin upp við hrygginn h. m. Hefur dálítið blætt undir brjósthimnuna í kringum þessi brot. ....

Í kviðarholinu sést töluvert af blóði. Blóðið var bæði ofan og neðan til í kviðarholinu, og mældist það alls 1 lítri. Þegar athugað er, hvaðan blæðingin hefur komið, finnst, að lifrin er sprungin á stóru svæði. H. lobus lifrarinnar er sprunginn næstum eftir endilöngu, framan frá og upp úr, þannig að sprungan verður hér um bil um miðja lifrina. Er lifrin á þessu svæði sundurtætt. ....

Blæðing finnst einnig í garnahengi smáþarmanna, og sjást þar einnig allmargir marblettir. ....

Maginn er eðlilega stór. Í honum eru aðeins um 20 cc af brúnleitum, þunnum vökva, sem sýnilega er mestmegnis blóð. ....

Heilabúið opnað: Þegar höfuðsverðinum er flett frá, sést hvergi

neitt sár á honum, en undir honum er allt alblóðugt, þannig að öll höfuðkúpan er þakin blóði, nema rétt ennið. ....

Ályktun:

Við líkskoðun og krufningu fundust miklir áverkar: Miklir marblettir og hrufl í andliti og svo að segja samfellt mar undir öllu höfuðleðrinu. Þá fundust marblettir á útlimum og einnig á brjósti. Á brjóstkassanum fundust þrjú rif brotin og tvö þeirra tvíbrotin. Rifa fannst á þindinni, en það, sem valdið hefur dauða konunnar, var stór sprunga í lifrinni, sem mikið hafði blætt úr, og hefur blæðingin út í kviðarholið valdið dauða konunnar. Króníst sár fannst neðst í maganum, alveg niðri við magamunnann, og tvö smærri sár í skeifugörn."

Í viðbótarskýrslu prófessors Níels Dungals, dags. 5. október s.l., segir enn fremur svo meðal annars:

„Lifur: Með fitulitun sést mikil fita í lifrinni. Svo að segja í hverri einustu lifrarfrumu sást mikið af litlum fitukornum, en stórir fitudropar sáust óvíða.

Skjaldkirtill: Folliklar eru yfirleitt miðlungsvíðir, en yfirleitt í stærra lagi. Epithel er yfirleitt kúbískt. Vottar aðeins fyrir háfrumuþekju á stöku stað, en totumyndanir sjást hvergi. Sekretið í folliklunum er sýnilega tiltölulega þykkt.

Ályktanir: Fitubreytingarnar í lifrinni benda til þess, að konan hafi drukkið áfengi meira en góðu hófi gegnir, þótt ekki sé unnt að segja, að hún hafi verið alcoholisti.

Vegna þess hve skjaldkirtillinn var stór, gat verið um Basedows-sjúkdóm að ræða, en slíkir sjúklingar hafa miklu minna andlegt jafnvægi en aðrir. Vefjarannsóknin sýndi engar Basedows-breytingar, en eðlilega kirtilbyggingu.

Alcoholrannsóknir voru gerðar á blóði og magainnihaldi (prof. J. Steffensen):

Í blóði fannst 1.39‰.

Í maga fannst 1.35‰.

Sýnir þetta, að konan hefur verið undir áhrifum áfengis, er hún lézt."

Ákærði, sem var skipsmaður, „spíssari" á b/v Neptúnusi, skýrir svo frá, að laugardagskvöldið 30. september s.l., um miðnætti, hafi botnvörpungurinn komið hingað til lands úr söluferð frá Þýzkalandi og lagzt að hafnarbakkanum milli klukkan 1 og 2 aðfaranótt sunnudagsins 1. október s.l. Segir hann eiginkonu sína, Ásbjörgu heitina Haraldsdóttur, hafa komið niður á hafnar-

bakka til að taka á móti sér og farið um borð í skipið, þar sem hún hafi drukkið úr tveimur til þremur flöskum af þýzkum bjór, Dresler, en sjálfur kveðst hann hafa verið búinn að drekka tvo til þrjá „sjússa“ af gini, auk þess sem hann hafi drukkið úr fjórum til fimm bjórflöskum, er þau héldu frá borði og fóru heim til sín milli klukkan eitt og tvö um nóttina, en meðferðis hafði hann allmikið af vínföngum og sterkum bjór, er hann kveðst hafa haft leyfi tollyfirvalda til að taka með sér frá borði.

Er þau hjónin voru komin heim til sín, segir hann þau hafa farið að neyta áfengis, genevers og þýzks bjórs. Í íbúðinni voru ekki aðrir en þau tvö og börn þeirra þrjú, tveir drengir, tveggja og sex ára, og sjö ára gömul telpa, sofandi í svefnherbergi, en maður, sem hefði gætt barna í næstu íbúð undir íbúð hans (ákærða), hefði hlustað eftir börnum þeirra hjóna, meðan móðir þeirra fór að taka á móti honum. Nokkru eftir að ákærði var kominn heim til sín, segist hann hafa farið að taka utan af barnagullum, en við það hafi börnin vaknað og vakað í um hálfan annan klukkutíma við að skoða leikföngin uppi í rúmum sínum. Á meðan segir hann þau hjónin eingöngu hafa drukkið bjór, en er börnin voru sofnuð aftur, hafi þau tekið að neyta bæði genevers og bjórs og gerzt drukkin. Hve mikils magns áfengis þau neyttu þarna hvort um sig, kveðst hann ekki geta sagt um, en segir konuna fljótt hafa orðið drukkna.

Skömmu eftir að þau voru komin heim til sín, kveður hann þau hafa farið að kíta, þó ekki út af neinu sérstöku, en oft hafi komið til ósamkomulags milli þeirra, sérstaklega er þau höfðu vín um hönd, eins og nánar verður vikið að síðar. Milli þess sem þau kíttu, kveður hann þau hafa látið vel hvort að öðru. Þau hafi háttað, farið í náttföt og fram í stofuna til að hafa þar samfarir saman í legubekk (sófa), til þess að raska ekki ró barnanna, en áður hafði hann aflæst stofudyrunum.

Áður en þau háttuðu og eins eftir það, og þau voru komin fram í stofuna, segir ákærði Ásbjörgu heitina hafa kallað hann Einar og ekki öðru nafni, eftir að hún var orðin drukkin, og honum hafi virzt hún taka hann sem allt annan mann en hann sjálfan. Í eitt skipti hafi hún sagt: „Helvítið þitt, Einar og Halldóra, þið stunguð mig af í hádeginu,“ eða eitthvað á þá leið. Segir ákærði, að til átaka hafi komið milli þeirra, en þó ekki til alvarlegra átaka, fyrr en þau voru að hafa þarna samfarir saman í annað skipti greinda nótt eða árla morguns. Þá hafi konan hrópað upp: „Einar, ekki svona fast,“ en nánar um tíma

eða tímamörk hefur ákærði ekki getað borið. Við þessi orð konunnar kveðst hann hafa orðið alveg óður og ekki vitað mikið, hvað hann gerði. Í æði því, sem greip hann þarna, segist hann hafa barið eiginkonu sína með krepptum hnefum í andlitið og víðar, eins og hann komst að orði, en hann fullyrðir, að hann hafi aldrei barið hana með nokkru barefli eða öðrum hlutum. Sjálfur kveðst hann hafa verið berfættur og skólaus, en konan í hvítum, hælaháum skóm, áður en til átaka kom á milli þeirra. Segir hann konuna hafa reynt að verja sig, barið hann og klórað og hrópað á hjálp, en þau hafi farið víða um stofuna, án þess að kveðið hefði mikið að því, að húsgögn yltu um koll. Kveður ákærði hana hvað eftir annað hafa kallað upp nafnið Einar, en við það hefði hann æstst. Hún hafi sagzt elska þá báða, en við hvaða báða hún átti, hafi hann ekki vitað. Þá segir hann Ásbjörgu heitina oft hafa fallið í gólfið í viðureign þessari og að því hefði komið, að hún stóð ekki aftur upp. Kveðst ákærði ekki minnast þess, að hafa sparkað í hana eða stigið ofan á hana, þar sem hún lá þarna á gólfinu.

Ákærði segist svo hafa tekið Ásbjörgu heitina upp af gólfinu og borið hana inn í rúm, en þá hefði verið lífsmark með henni. Hann hafi ekki talað neitt við hana þá eða síðar, enda talið hana sofa. Hann segist hafa látið börnin fara fram í eldhúsið, er hann bar hana inn í rúmið, og beðið þau um að vera þar, meðan móðir þeirra svæfi, en þau hefðu vaknað, meðan á viðureigninni stóð, og viljað komast inn í stofuna, en hann ekki leyft þeim það.

Í nösum konunnar kveður ákærði hafa verið blóð, sem hann hafi þvegið burt með blautu handklæði, en meðan hann hafi verið að því, segir hann sér hafa fundizt eitthvað óeðlilegt við hana, svo að hann hafi flýtt sér að síma í íbúðinni og árangurslaust reynt að hringja til móður sinnar, en þar hafi enginn svarað. Ákærði hringdi nú til Gíslínu Bergþóru Valdimarsdóttur og bað hana um að koma strax til sín, sem hún gerði.

Er ákærði átti tal við Gíslínu Bergþóru í símann, spurði hún um, hvort eitthvað væri að, og sagði hann það vera, án þess að skýra það nánar, en hún fór þegar í leigubíl heim til hans, og opnaði hann fyrir henni. Segist hún ekki hafa getað séð áfengisáhrif á honum og ekki heldur getað merkt þau, er hún talaði við hann í símann. Að beiðni ákærða kveðst hún hafa farið inn í stofu og þar hefði hann tjáð henni, að hann mundi

vera búinn að berja eiginkonu sína til óbóta, og að hún væri farin að kólna, jafnframt því sem hann hefði beðið hana að hringja eftir sjúkrabíl, en hún náði ekki símasambandi við slökkvistöðina, svo að hún hringdi heim til dóttur sinnar og bað hana um að annast þetta fyrir sig. Gíslína Bergþóra kveðst hafa farið inn í svefnherbergið til að sækja föt á börn ákærða, sem voru óklædd, og þá séð, hvar Ásbjörg heitin lá í rúminu undir sæng, en andlit hennar hafi verið óþekkjanlegt. Hún segist ekkert hafa talað til Ásbjargar heitinnar og ekki gert sér þá grein fyrir því, hvort hún væri lífs eða liðin.

Gíslína Bergþóra kveðst ekki hafa hreyft við neinu í íbúðinni, nema hvað hún náði í föt á börnin, og segir húsgögnin ekki hafa verið mikið úr skorðum, þó hafi legubekkurinn (sófinn) í stofunni ef til vill ekki verið alveg á sínum stað.

Meðan hún talaði í símann, kveðst hún hafa séð ákærða færa eiginkonu sína í föt, dragt, en fljótlega hafi sjúkrabíll komið að húsinu og hafi Ásbjörg heitin verið flutt í honum á Slysavarðstofuna og ákærði farið með, en hún hafi klætt börnin, læst íbúðinni og tekið þau með sér heim til sín.

Ekki kveðst ákærði vita, hvort lífsmark hafi verið með Ásbjörgu heitinni, er hann færði hana í dragtina, en segir hana hafa verið í náttjakka, sem hann færði hana ekki úr, og buxum, en hvenær hún fór í þær, veit hann ekki.

Í íbúð þeirri, sem er beint fyrir neðan íbúð þá, er ákærði bjó í að Laugarnesvegi 118, búa hjónin Erna Aðalheiður Marteinsdóttir og Kristinn Þorsteinn Kristinsson verzlunarmaður. Um helgina 1. október s.l. voru gestkomandi hjá þeim hjón frá Neskaupstað, Kristín Steinunn Marteinsdóttir, systir Ernu Aðalheiðar, og Jóhann Karl Sigurðsson verkstjóri. Laugardagskvöldið 30. september s.l. var fólk þetta á dansleik, en kom heim til Ernu Aðalheiðar og eigimanns hennar um klukkan tvö aðfaranótt sunnudagsins 1. október s.l. og gekk þá fljótlega til náða.

Kristín Steinunn skýrir svo frá, að sér hafi gengið illa að sofna og, um klukkutíma eftir að hún kom heim til systur sinnar, að því er hún telur, hafi hún heyrt óskapleg læti úr íbúð ákærða, dynki og brambolt, og segist hafa talið eftir hávaðanum að dæma, að húsgögn hefðu verið brotin. Segist hún hafa heyrt, að karlmaður og kona áttu orðaskipti saman, en gat ekki greint orðaskil, nema hvað hún hafi heyrt konuna bölva, auk þess sem heyrzt hafi frá henni grátur og vein. Segist Kristín

Steinunn hafa heyrt þetta alllengi, en hefur ekki getað tilgreint það nánar. Er bjart var orðið af degi og eftir að fótaferðatími var kominn, að því er hún ætlar, segist hún hafa heyrt í börnum, er þau tóku í hurðarhún og virzt vilja komast inn í einhvert herbergi, en karlmaður hafi þá sussað á þau og sagt þeim að þegja. Þá segist hún hafa heyrt, að skrúfað hafi verið frá vatnskrönum í íbúð ákærða eða bunað í salernisskál, en sofnað svo og ekki vaknað fyrr en um eða rúmlega klukkan tíu um morguninn.

Kristín Steinunn segir sér hafa fundizt óhugnanleg lætin í íbúð ákærða og því tvívegis um nóttina farið að herbergisdyrum mágs síns til að vekja hann, en hætt við það í bæði skiptin, þar eð hún hefði ekki kunnað við það, enda heyrt áður af systur sinni, að læti hefðu fyrr verið í íbúð ákærða.

Jóhann Karl kveðst hafa vaknað, er komið var fram undir morgun, við dynki í gólfið í íbúðinni fyrir ofan hann og hafi hann heyrt eins og högg þar í gólfið þó nokkra stund, en sofnað aftur, er þetta rénaði. Ekki veit hann, hvað klukkan var, er hann vaknaði, og eigi heldur, hvort þá hafi verið orðið bjart af degi, enda tjöld verið dregin fyrir glugga herbergis þess, er þau hjónin sváfu, í, en hann segir konu sína þá hafa verið vakandi.

Hjónin Kristinn Þorsteinn Kristinsson og Erna Aðalheiður Marteindóttir bera, að þau hafi komið heim til sín af dansleiknum ásamt fyrrgreindum hjónum klukkan rúmlega tvö um nóttina, drukkið kaffi og gengið svo til náða klukkan langt gengin þrjú. Kveðst Erna Aðalheiður fljótlega hafa sofnað og ekki orðið vör við neinn hávaða eða neitt óvenjulegt úr íbúð ákærða. Kristinn Þorsteinn segist aftur á móti hafa vaknað milli klukkan sjö og átta um morguninn, að því er hann telur, og þá heyrt hávaða frá börnum í íbúð ákærða, en ekki gefið þessu frekari gaum, enda áður heyrt hávaða þaðan, er fólk var þar að skemmta sér.

Á annarri hæð að Laugarnesvegi 118, í íbúð gegnt íbúð þeirri, er ákærði bjó í, búa hjónin Sigurður Þorkelsson viðskiptafræðingur og Jóhanna Guðbjörg Guðbrandsdóttir. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við nein óvenjuleg hljóð úr íbúð ákærða aðfaranótt sunnudagsins 1. október s.l., nema hvað hún hafi heyrt mikinn barnsgrát þaðan um klukkan sex um morguninn, en slíkt hafi ekki verið neitt óvenjulegt. Sigurður Þorkelsson segist ekki heldur hafa orðið var við óvenjulegan hávaða úr íbúð ákærða nótt þessa eða þá um morguninn, og hið sama ber Björk

Guðjónsdóttir húsfreyja, sem segir, eins og Jóhanna Guðbjörg, að komið hafi fyrir, að háreysti hafi heyrzt frá íbúð ákærða, en Björk hefur s.l. þrjú ár búið að Laugarnesvegi 118.

Þorgerður Bjarney Kristjánsdóttir húsfreyja, sem býr í íbúð á þriðju hæð að Laugarnesvegi 118, beint fyrir ofan íbúð þá, er ákærði bjó í, kveðst hafa heyrt háreysti úr íbúð hans greinda sunnudagsnótt, en þó ekkert frekar en venja var, er ákærði kom heim úr siglingu, enda þá oftast heyrt hávaða úr íbúð hans og þá oftast verið haft þar vín um hönd. Segist hún aðallega hafa heyrt hávaðann um sjö-leytið um morguninn og þó af og til fram undir klukkan níu.

Mánudaginn 2. október s.l. skoðaði Kristján Hannesson, læknir við hegningarhúsið hér í borg, ákærða og gaf vottorð um þá skoðun, en ákærði kveðst hvorki hafa lent í átökum né orðið fyrir nokkrum áverkum í síðustu ferð sinni hingað til lands eða áður en hann kom heim til sín aðfaranótt 1. október s.l. og eigi heldur hlotið aðra áverka, áður en læknirinn skoðaði hann, en þá, er hann hlaut í viðureigninni við Ásbjörgu heitina. Í vottorði Kristjáns Hannessonar læknis segir svo:

„Ég hef í dag, kl. 15.50, skoðað Húbert Morthens sjómann, f. 26/2 '26, pt. Hegningarhúsinu í Reykjavík.

Höfuð (andlit): Mar og léttur þroti umhverfis vinstra auga, bæði neðan við augað utanvert og yfir augnloki. Þetta svæði er aumt viðkomu.

2 húðrispur eru á hálsi v. megin neðan til, ca 4—5 cm langar, með ca 1 cm millibili. Rispurnar liggja þversum.

Á baki, rétt fyrir neðan herðablöð, hægra megin við hrygg, er ca lófastór rauðleitur marblettur. Hann er aumur viðkomu. Yfir hryggtindum í sömu hæð og marbletturinn er húðrispa, sem er dýpst efst og grynnist niður á við. Hún er ca 8 cm löng og liggur langsum, en beygir til vinstri, niður á við.

Á vinstra upphandlegg miðjum, utan til, er grunn húðrispa 5 cm löng. Á hægra upphandlegg er húðrispa, 5 cm löng, er liggur þversum og virðist gömul.

Á hægri hendi, handarbaksmegin, eru 4 húðrispur yfir úlnlið, liggja næstum þversum, upp af þumalfingri og á handarbaki svo og á baugfingri. Rispan á handarbaki er ca 4 cm löng, hinar eru minni. Rispan á handarbaki liggur langsum. Hnúar eru aumir og hönd aum, og er einkenni um marblett á handarbaki upp af vísifingri.

Vinstri hönd er marin og bólgin á handarbaki, handarjaðarsmegin, og smá húðrispa er ofan á baugfingri.

Sjl. kennir til í báðum höndum, þegar hann réttir og kreppir fingur.

Allar húðrispur virðast ungar nema á upphandlegg hægra megin.

Fauces et st. p. + C. ÷. Blóðþr. 110/70.

Abd. ÷ Sjl. hefur í mörg ár liðið af meltingartruflun.

Refl. eðlilegir.

Annars staðar en að ofan er talið sjást ekki áverkar."

Ákærði segir fjárhagsafkomu sína hafa verið góða, enda getur hann þess í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni, að þau hjónin hafi bæði haft hug á að eignast fé og gæta þess vel. Vegna þessa hafi oft orðið ágreiningur þeirra á milli, án þess að öðru þeirra væri frekar um að kenna en hinu. Raunar hafi samkomulag þeirra verið stirt og sambúð skrykkjótt, sérstaklega er þau höfðu vín um hönd, og komið hafi fyrir, að hann hafi farið af heimilinu um stundarsakir vegna misklíðar og særinga milli þeirra, sem og hafi komið fyrir, að Ásbjörg heitin hafi gert. S.l. sumar hafi hún t. d. farið af heimilinu með yngsta barnið með sér, er tvö þau eldri voru í sveit, og verið í burtu í þrjá daga, án þess að hann vissi, hvar hún dvaldist þennan tíma. Að nóttu til hringdi hann þá til Gíslínu Bergþóru, frænku og uppeldissystur Ásbjargar, og spurði eftir henni þar, en Gíslína Bergþóra vissi þá ekki, hvar hún var. Kvaðst ákærði þá hafa ætlað að fyrirfara sér og skar sig á púls, en Gíslína Bergþóra gerði lögreglu aðvart og fór sjálf heim til ákærða. Hafði hann þá hætt við ætlun sína og bundið um úlnlið sinn. Þá skýrði ákærði svo frá, að veturinn 1959 til 1960 hafi Ásbjörg heitin farið af heimilinu vegna misklíðar þeirra og dvalizt í um tveggja mánaða tíma hjá Gíslínu Bergþóru. Segir ákærði oft hafa komið til átaka á milli þeirra, hans og Ásbjargar heitinnar, og bar hann fyrst, að þá hefði oftar séð á Ásbjörgu heitinni eftir þau átök en sér, en síðar sagði hann, að í tugum skipta, sem Ásbjörg heitin hefði barið hann, hefði hann ekki snert við henni, enda hefði oft komið fyrir, er ósamkomulag var á milli þeirra, að hún hefði barið hann, og í eitt skipti kastað framan í hann þungum gleröskubakka, svo að hann hafi hlotið meiðsli af og ör hægra megin á efri vör. Þá skýrir ákærði svo frá, að s.l. sumar, er gleðskapur var heima hjá honum og vín haft um hönd, en meðal gesta þar hafi verið Ólína Kristín Þorvaldsdóttir,

Skúlagötu 68, systir hennar Sigríður Þorvaldsdóttir, Skúlagötu 76, og skipsfélagi hans Ellert Þorsteinsson, Lágholtsvegi 6, öll hér í borg, hefði Ásbjörg heitin af tilefnislausu tvívegis slegið hann og hrækt framan í hann, auk þess sem hún hafði farið úr blússu sinni og brjóstahöldum, en hann ekki hreyft hönd við henni, enda orðið undrandi á þessu hátterni hennar. Segir hann Ásbjörgu heitina hafa verið mjög flangsgefna, svo að hann hafi oft átt í vandræðum með hana af þeim sökum. Sem dæmi þess nefnir hann, að s.l. sumar, er þau hjón hafi verið að skemmta sér saman í veitingahúsinu Þórskaffi hér í borg, hafi hún verið að flangsa utan í einum skipsfélaga hans og tvívegis boðið honum upp í dans, þótt „dömufrí" hefði ekki verið. Þá getur hann þess, að eitt skipti í fyrra vetur, er hann var nýkominn frá Þýzkalandi, hafi maður nokkur komið heim til þeirra hjóna með frænda Ásbjargar heitinnar og þegið áfengan bjór, en skömmu áður en hann fór, hefði Ásbjörg heitin kysst hann á munninn, þar sem hún sat við hlið hans á legubekk (sófa). Segir ákærði sér hafa fundizt þetta mjög óviðeigandi, en ekkert aðhafzt.

Þær Ólína og Sigríður Þorvaldsdætur og Ellert Þorsteinsson bera mjög á sama veg og ákærði um framkomu Ásbjargar heitinnar, er þau voru á heimili þeirra hjóna, eins og að framan getur. Segir Ellert Þorsteinsson, að í gleðskap hafi það komið fyrir, að Ásbjörg heitin hafi reynt að reita ákærða til reiði og slegið hann af tilefnislausu, en ekki hafi borið á því, að ákærði hafi reiðzt. Þá kveður Ellert Þorsteinsson það hafa komið fyrir, að Ásbjörg heitin hafi verið að flangsa utan í honum í þeim tilgangi, að því er hann telur, að gera ákærða afbrýðissaman, en ekki segist Ellert hafa orðið var við afbrýðissemi hjá ákærða vegna þessa.

Ólína Kristín, sem kveðst hafa þekkt ákærða og Ásbjörgu heitina í tæplega tvö ár, segist tvívegis hafa orðið vör við, að hún hafi reynt að reita hann til reiði á heimili þeirra, er vín hafi verið haft þar um hönd, en ekki reynt að gera hann afbrýðissaman, heldur hafi ertni hennar verið fólgin í látbragði hennar og svörum til ákærða, sem verið hafi rólegur og reynt að gera hið bezta úr ertni Ásbjargar heitinnar. Segir Ólína Kristín hana í fyrra skiptið, sem hún var vitni að þessu, hafa kastað einhverjum hlut í ákærða, en hann rólegur tekið hlutinn upp af gólfinu og sett hann aftur upp á borð.

Sigríður Þorvaldsdóttir kveðst tvisvar hafa hitt ákærða og

Ásbjörgu heitina s.l. sumar, í annað skiptið á heimili þeirra, eins og vikið er hér að framan. Segir Sigríður Ásbjörgu heitina þá hafa rokið svo upp, að hún hafi hvorki fyrr né síðar séð annað eins og engu hafi verið líkara en Ásbjörg heitin hafi verið alveg óð. Hún hafi slegið ákærða, hárreytt hann og hrækt á hann, en hann hafi ekki sagt eitt einasta orð. Ástæðuna til þessa ofsa Ásbjargar heitinnar telur Sigríður þá, að ákærði hafi ekki brugðið við nógu fljótt til að hella í glas Ásbjargar, sem verið hafi tómt. Þá skýrir Sigríður Þorvaldsdóttir svo frá, að Ásbjörg heitin hafi í gleðskap þessum setið við hlið Ellerts Þorsteinssonar og ekki hagað sér kvenlega né giftri konu sæmandi. Hún hafi farið úr blússu sinni og brjóstahöldum, en ákærði hafi aðeins beðið hana að fara aftur í fötin, því að engum þætti gaman að sjá hana svona.

Þá hefur ákærði getið þess, að Ásbjörg heitin hafi verið með magasár og mjög hjartaveil.

Arinbjörn Kolbeinsson læknir kveðst hafa verið heimilislæknir þeirra hjóna frá því á árinu 1954. Segir hann Ásbjörgu heitina hafa verið með sár í skeifugörn, og að á árinu 1956 hafi hún verið lögð inn á Landspítalann til rannsóknar vegna meltingartruflana, taugaveiklunar og óþæginda frá hjarta, en á árinu 1959 hafi fundizt greinilegar truflanir á hjartastarfsemi hennar Hún hafi um langan tíma verið búin að nota allmikið magn af róandi lyfjum og með köflum tekið kvalastillandi lyf vegna óþæginda af magasjúkdómi og taugatruflun, en eftir því sem hann bezt viti, hafi hún notað lyf rétt eftir forskrift, og að ekki hafi verið annað að sjá af innihaldi lyfjaglass þess, er áður getur og hún gaf ákærða eitt lyfjahylki úr, en hún hafi neytt lyfsins úr því eins og til var ætlazt, en í dóminum sá læknirinn glas þetta og taldi lyfjabelgi þá, sem eftir voru í því, 10 að tölu, en lyfið var afgreitt í lyfjabúð 22. sept. s.l. og átti að neyta af því eins hylkis tvisvar á dag.

Eins og áður greinir, ber ákærði það, að Ásbjörg heitin hafi kallað hann Einar, áður en hann réðst á hana og barði hana, og segir ákærði sig gruna, að hún hafi átt við Einar Angantý Jónsson, gjaldkera hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Heiðargerði 46 hér í borg, en ákærði kveðst vita, að með þeim hafi verið kunningsskapur, áður en hann kvæntist Ásbjörgu heitinni, og jafnvel hafa haft grun um, að með þeim hefði verið einhver kunningsskapur, eftir að þau, ákærði og hún, gengu að eigast.

Gíslína Bergþóra Valdimarsdóttir segir, að sér sé kunnugt um,

að kunningsskapur hafi verið milli þeirra Ásbjargar heitinnar og Einars Angantýs, áður en þau ákærði og Ásbjörg giftust, en ekki viti hún til, að nokkurt samband hafi verið þeirra á milli eftir það.

Nokkrir íbúar að Laugarnesvegi 118, hjónin Jóhanna Guðbjörg Guðbrandsdóttir og Sigurður Þorkelsson, Björk Guðjónsdóttir og Þorgerður Bjarney Kristjánsdóttir, bera það, að þeir hafi orðið varir við, að Einar Angantýr kæmi s.l. sumar í greint hús, aðallega að kvöldi til, er ákærði var úti á sjó, og telja hann hafa verið að fara í íbúð ákærða, enda segist Þorgerður Bjarney í eitt skipti hafa séð hann fara inn í íbúð hans milli klukkan ellefu og tólf að kvöldi til og í annað skipti séð hann fara út úr húsinu seint um nótt eða árla morguns. Þá segjast þær Þorgerður Bjarney og Björk Guðjónsdóttir í eitt skipti s.l. sumar, að degi til, hafa séð Ásbjörgu heitina fara ásamt tveimur börnum sínum með Einari Angantý í bíl frá húsinu, og Sigurður Þorkelsson kveðst í eitt skipti að kvöldi til hafa séð þau Einar Angantý og Ásbjörgu heitina fara saman í bíl frá húsinu.

Einar Angantýr Jónsson skýrir svo frá, að hann hafi verið nokkuð kunnugur Ásbjörgu heitinni, og hafi þau kynnzt á árinu 1947, er hann vann hluta úr degi hjá fyrirtækinu Akur h.f. hér í borg, þar sem faðir hennar vann einnig. Segir Einar Angantýr, sem þá var kvæntur, að allnáinn kunningsskapur hafi tekizt með þeim Ásbjörgu heitinni og honum, þau hafi hitzt oft og farið saman á dansleiki, en þau hafi aldrei, hvorki þá né síðar, haft líkamleg mök saman. Kveður hann kunningsskap þeirra hafa staðið í eitt ár eða liðlega það, en þá fallið niður. Nokkuð löngu eftir þetta kveðst Einar Angantýr svo að beiðni Ásbjargar heitinnar hafa aðstoðað hana við lánsútvegun, svo að unnt yrði að greiða föður hennar hans hluta af sameignarbúi hans og þá verandi konu hans, móður Ásbjargar, en þau skildu. Þá kveðst Einar Angantýr ásamt öðrum manni hafa lánað Ásbjörgu heitinni eða einhverju venzlafólki hennar kr. 6000.00.

Alllöngu eftir að slitnaði upp úr kunningsskap þeirra Ásbjargar heitinnar og Einars Angantýs, kveður hann hana hafa beðið hann um að aðstoða sig við lánsútvegun vegna fyrirhugaðra kaupa hennar og ákærða á íbúð inni í Heimahverfi hér í borg, en af þessum íbúðarkaupum hafi ekki orðið, svo að hann viti til, enda hafi hún ekki ámálgað þetta við hann aftur. S.l. sumar segir hann hana svo hafa aftur átt tal við sig um lánveitingu vegna kaupa á íbúð, sem hún og ákærði hafi virzt hafa haft hug á

að fá úthlutað úr bæjarbyggingum við Grensásveg, en hann þá tjáð henni, að á þeim íbúðum hlytu að hvíla svo stór lán á fyrsta veðrétti, að útilokað væri, að lán fengist til þessara íbúðarkaupa hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem ætlunin var að fá lán hjá.

Um mánaðamót ágúst og september s.l. eða fyrst í september s.l. kveður Einar Angantýr Ásbjörgu heitina svo hafa hringt til sín og beðið hann um að koma heim til hennar, en erindi hennar hafi verið að spyrja hann um, hvort hún og ákærði mundu geta fengið lán á frjálsum markaði til að geta staðið straum af útborgun í fyrirhuguðum íbúðarkaupum í greindum bæjarbyggingum.

Til að ræða um nefndar lántökur segist Einar Angantýr að beiðni Ásbjargar heitinnar í tvö til þrjú skipti hafa komið heim til hennar að kvöldi til og einnig þrjú til fjögur skipti s.l. sumar, án þess þó að eiga þá neitt sérstakt erindi til hennar, nema hvað hann hafi í eitt skiptið sótt til hennar afborgun af greindu 6000 króna láni. Kveðst hann tvívegis hafa þegið kaffi hjá henni, en farið þaðan um miðnætti eða nokkru síðar. Þá kveðst hann í eitt skipti hafa komið til hennar á laugardegi og að ósk hennar ekið henni og börnum hennar upp í Kjós, þar sem hún hafi heimsótt venzlafólk sitt, en þau hafi komið aftur til borgarinnar um eftirmiðdaginn, milli klukkan sjö og níu.

Ákærði skýrir svo frá, að þau hjón hafi búið í leiguíbúð að Laugarnesvegi 118, en fyrir jólin 1958 hafi þau fest kaup á ófullgerðri íbúð að Sólheimum 38 hér í borg, sem þau hafi svo selt aftur á árinu 1959, þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið, að þau gætu ekki eignazt hana.

Í byrjun árs 1959, er þau bjuggu að Hofteigi 6, kveðst hann hafa tekið sér frí frá sjómennsku til að vinna við íbúðina, en í febrúarmánuði það ár, eftir því sem hann bezt muni, hafi Einar Angantýr Jónsson að beiðni Ásbjargar heitinnar komið til þeirra að kvöldlagi til að tala um möguleika á lánveitingu, en Einar Angantýr hafi beðið í bíl fyrir utan húsið, svo að hann kveðst hafa spurt hana, hvort hún ætlaði ekki að bjóða honum inn, því að vegna fjárhagsörðugleika hefði hann haft hug á að ræða við Einar Angantý um möguleika á lánveitingu og fallast á að taka lán fyrir milligöngu Einars Angantýs, þótt hann hefði áður verið því mótfallinn. Kveður ákærði Ásbjörgu heitina engu hafa svarað, heldur farið út í bílinn til Einars Angantýs og þau ekið brott, en hún hafi þá gengið með þriðja

barn þeirra hjóna. Ákærði segist svo einnig hafa farið út, en komið aftur heim til sín um miðnætti eða klukkan rúmlega eitt um nóttina. Er Ásbjörg heitin hafi verið ókomin heim um klukkan þrjú um nóttina, kveðst ákærði hafa farið brott af heimilinu og verið fjarverandi í fjóra til fimm mánuði, en þá horfið heim aftur, tíu til tólf dögum áður en hún ól þriðja barn þeirra.

Eftir að þau seldu íbúðina að Sólheimum 38, kveðst ákærði hafa frétt, að á vegum Reykjavíkurbæjar væri verið að byggja íbúðarhús við Grensásveg og Skálagerði og segist hafa sótt um að fá úthlutað íbúð við Skálagerði, en ekki farið fram á lánveitingu frá greindum sparisjóði vegna fyrirhugaðra kaupa á íbúð þessari.

Þórði Möller, yfirlækni í sjúkrahúsinu á Kleppi, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, var falin rannsókn á geðheilbrigði ákærða. Í álitsgerð yfirlæknisins, dags. 22. desember s.l., er í stórum dráttum rakinn æfiferill ákærða, sem ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til þau skildu, er hann var 4—5 ára gamall. Eftir það dvaldist hann hjá móður sinni og stjúpa, en hún giftist aftur, er ákærði var 11 eða 12 ára gamall, þar til hann kvæntist Ásbjörgu heitinni Haraldsdóttur hinn 29. desember 1951. Eignuðust þau saman þrjú börn, telpu fædda 10. maí 1954, og tvo drengi, fædda 16. ágúst 1955 og 22. ágúst 1960, en auk þess kveðst ákærði, áður en hann kvæntist, hafa eignazt einn dreng, er nú muni vera um 12 ára gamall.

Ákærði lauk barnaskólaprófi, en hefur ekki notið annarrar menntunar, nema hvað hann var um hálfs árs skeið í iðnskóla, er hann lagði stund á rafvirkjanám.

Í álitsgerð yfirlæknisins segir, að ákærði muni hafa þroskazt ósköp venjulega, en þótt í æsku skapmikill og hinn mesti ofstopi. Á unglingsárum hafi hann drukkið talsvert, en nú minna að eigin sögn, eins og raunar sakavottorð hans beri með sér. Hann hafi verið allafbrýðisamur, sambúð hans og Ásbjargar heitinnar hafi verið mjög brösótt, og yfirleitt hafi hún virzt vera á heldur lágu mannlegu stigi. Ástæða sé til að ætla, að Ásbjörg heitin hafi drukkið þó nokkuð, a.m.k. með manni sínum. Tvímælalaust sé samkvæmt rannsókn á alkóhólinnihaldi í blóði, að Ásbjörg heitin hafi verið mjög drukkin, er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af, og ákærði sennilega líka, því að þess ber að gæta, að þótt mjög verulega minna alkóhólmagn hafi fundizt í blóði hans, hafi hann haldið áfram að brenna alkóhóli

og það þannig eyðzt úr blóði hans, talsverðum tíma eftir að hún var látin.

Þá segir í álitsgerðinni, að ákærði muni mjög óljóst það, sem gerðist um nóttina, og komi þar sennilega til hvorttveggja sljóvguð meðvitund af völdum vínđrykkju og svo geðofsi, en honum sé fyllilega ljóst, hve illa sé fyrir honum komið, hvert ódæði hann hafi unnið, og að hann finni sér enga afsökun.

Enn fremur segir í álitsgerðinni, að greind ákærða virðist í lélegra meðallagi. Ekki sé unnt að finna neitt óeðlilegt innhverfi hjá honum, engar þvingunarhugmyndir eða ranghugmyndir, óeðlilegar rangtúlkanir, ofskynjanir, sjúklegar tilfinningalífssveiflur eða annað, er bent gæti á íbúandi geðveiki eða aðrar sjúklegar sálrænar truflanir.

Loks segir yfirlæknirinn svo í álitsgerð sinni:

„Álit mitt er því: Húbert R. Morthens er hvorki fáviti né geðveikur, og sennilega getur hann varla talizt geðveill, þó að hann eigi ýmislegt sameiginlegt með þeim afbrigðilega hópi manna, heldur er hann *ofsafenginn maður,* drykkjumanns son ur, sem sjálfum *hættir mjög til að drekka illa, afbrýðissamur* að auki, og aðfaranótt 1/10 1961 ræðst hann að konu sinni, að því er honum finnst þá að gefnu tilefni, *drukkinn og í reiði og afbrýði* misþyrmir henni, svo að hún bíður bana af.

Ekkert er það finnanlegt, er dragi úr sakhæfi hans."

Eins og lýst hefur verið hér að framan, réðst ákærði að Ásbjörgu heitinni, barði hana og misþyrmdi henni svo mjög, að hún lézt af áverkum þeim, er hann þannig veitti henni, en bæði af réttarkrufningsskýrslunni svo og af myndum, sem af líkinu voru teknar, er ljóst, að árás ákærða á konuna hefur verið ofboðsleg. Að sögn hans hefur hún oft fallið í gólfið, meðan á þessu stóð, reynt að verja sig og hrópað á hjálp, en hann því engu skeytt, fyrr en hún loks stóð ekki aftur upp. Bar hann hana þá inn í svefnherbergið og lagði hana í rúm, en þá var hún dáin eða lézt stuttu síðar.

Ekki er sannað, að ákærði hafi ætlað að svipta Ásbjörgu heitina lífinu, er hann hóf árásina á hana, en hitt má honum hafa verið ljóst, hverjar afleiðingar kynnu að verða af þessari hrottalegu aðför að henni og misþyrmingu, sem virðast hafa staðið yfir í langan tíma, enda lætur hann ekki af þessu, fyrr en konan getur ekki lengur rönd við reist og liggur ósjálfbjarga á gólfinu, þá þegar látin eða að því komin að deyja. Þykir þessi verkn-

aður ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki eru aðrir en ákærði til frásagnar um atburð þennan eða um það, sem þeim Ásbjörgu heitinni og honum fór á milli, áður en hann réðst að henni, og verður því að byggja á frásögn hans, eins og hún er rakin hér að framan, að hann hafi fyllzt slíkri bræði vegna afbrýðisemi, sem hún olli hjá honum með því að kalla hann nafni annars manns hvað eftir annað, og eins, er þau voru að hafa samfarir saman, svo að hann hafi ekki getað haft vald á geðsmunum sínum, og þykir mega við ákvörðun refsingar taka tillit til þessa samkvæmt 75. gr. nefndra laga. Einnig þykir í þessu sambandi mega taka tillit til hegðunar ákærða, eftir að hann framdi hinn refsiverða verknað, sbr. 8. tl. 70. gr. laganna, eins og bæði skipaður sækjandi og skipaður verjandi málsins bentu á í málflutningi, en ákærði viðurkenndi þegar brot sitt.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber gæzluvarðhaldsvist hans frá 2. október 1961 að koma refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Gunnlaugs Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Húbert Rósmann Morthens, sæti fangelsi í 7 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 2. október 1961 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, og verjanda, Gunnlaugs Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 139/1962. **Árni Friðriksson**
gegn
Marínó Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun héraðsdóms staðfest.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 15. október 1962 og hingað kominni 23. s. m. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 6. október 1962, í máli sínu gegn varnaraðilja og gagnsök. Krefst sóknaraðili, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og kærumálskostnaðar úr höndum sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur lagt fram ýmis ný gögn í Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum þeim, sem lágu fyrir héraðsdómi, er hinn kærði dómur var kveðinn upp, hefur héraðsdómarinn veitt rétta úrlausn í málinu, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Árni Friðriksson, greiði varnaraðilja, Marinó Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., höfðaði Árni Friðriksson, Birkeröd, Danmörku, með utanréttarstefnu, birtri 6. júlí 1961, gegn Marínó Jónssyni, Hávallagötu 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 56.429.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 16.

febrúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af dómkröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 6.734.00, svo og krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 2. október 1961, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 17.715.00 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi krafðist sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti aðalstefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í aðalsök. Krafðist hann 9% ársvaxta, þar sem áður var krafizt 10%, og 7% ársvaxta, þar sem áður var krafist 8%.

Í aðalsök sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

Húsaleiga	kr. 29.250.00	
Pr. seldar töskur		kr. 13.651.00
Umboðslaun	— 2.730.20	
Peningalán	— 38.100.00	
Jöfnuður		— 56.429.20

Í greinargerð lögmanns stefnanda í aðalsökinni er gerð nánari grein fyrir hinum einstöku kröfuliðum. Um hinn fyrsta segir svo: „Á öndverðu ári 1955 tók stefndur á leigu þrjú herbergi í kjallara húss umbjóðanda míns, Höfn á Seltjarnarnesi. Fyrri kona umbjóðanda míns, Eba Bagge Friðriksson, mun hafa gert leigumála við stefnanda án samráðs við umbjóðanda minn og án umboðs frá honum. Veit umbjóðandi minn því eigi um hæð leigugjalds, en stefndi rak iðnað í húsnæðinu, töskugerð. Virðist því sanngjarnt að krefjast 1500 króna leigu á mánuði, svo sem umbjóðandi minn hefur gert."

Að því er varðar annan og þriðja liðinn, „seldar töskur" og „umboðslaun", segir svo í greinargerð lögmannsins: „Þann 4. nóv. 1955 hóf Sápuhúsið h/f, er var eign umbjóðanda míns og fyrri konu hans og að nafninu til þriggja annarra, að taka af stefndum töskur í umboðssölu. Stóðu þau viðskipti til 7. febrúar 1956. Liggja frammi nótur um afhendingu á töskum þessum."

Stefnandi reiknar stefnda til skuldar 20% í umboðslaun.

Þriðji liðurinn í kröfugerð stefnanda er peningalán, er stefndi hafi fengið hjá Sápuhúsinu h/f.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsökinni eru annars vegar andvirði seldra taskna, sem hann kveðst hafa selt Sápuhúsinu h/f, svo og andvirði búðardisks og sýningarskáps, er hann hafi einnig selt Sápuhúsinu h/f.

Frú Eba Bagge Friðriksson andaðist hinn 11. janúar 1957.

Engin lýsing liggur fyrir í málinu á húsnæði því, sem aðalstefndi hafði á leigu í húsinu Höfn á Seltjarnarnesi, né heldur liggur fyrir mat á hæfilegu leigugjaldi eftir það. Er því ekki unnt að gera sér grein fyrir réttmæti kröfuliðs aðalstefnanda að því leyti.

Aðrir hlutar í kröfulið aðalstefnanda svo og krafa gagnstefnanda í gagnsökinni eru viðvíkjandi viðskiptum Sápuhússins h/f. Engin grein hefur verið gerð fyrir erfðaskiptum eftir frú Eba Bagge Friðriksson. Heldur ekki hefur verið upplýst í málinu, hvort hlutafélaginu Sápuhúsinu hefur verið slitið eða eigi.

Að þessu athuguðu þykir rekstur máls þessa alls brjóta svo mjög í bág við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls, að vísa beri því frá dómi, bæði í aðalsök og gagnsök, ex officio.

Rétt þykir, að hvor málsaðili um sig beri kostnað sinn af málinu.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu, aðalsök og gagnsök, er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 6/1962. **Bragi h/f**
gegn
Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bragi h/f, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, sem krafizt hefur ómaksbóta, kr. 1200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 24/1962. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Guðmundi Steinssyni og gagnsök
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. marz 1962. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda, enda verði málskostnaður þá felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1962. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 158.177.28, en *til vara* aðra lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Prófessor Snorri Hallgrímsson skoðaði gagnáfrýjanda af nýju 16. ágúst 1962. Um þá skoðun segir m. a. í vottorði prófessorsins, dags. sama dag:

„Líðan Guðmundar hefur lítið breytzt frá því, sem lýst er í umsögn minni, dags. 15.8. 1960. Hann þreytist fyrr í v. öxl en þeirri hægri við áreynslu og fær þá þreytuverk í herðar v. megin og vinstra megin í hálsinum.

Við skoðun finnst hið sama og lýst er í áðurnefndri umsögn, nema hvað ummál upphandleggja mælist nú jafnt, en hins vegar virðist grófur kraftur í axlarvöðvunum (supra- og infra-spinatus svo og deltoidens) greinilega minni v. megin en hægra megin.

Röntgenskoðun 14.8. 1962 sýnir slitbreytingar þær, sem lýst er 15.6. 1960, óbreyttar, en nú koma einnig í ljós vægar slitbreytingar á milli V. og VI. hálsliðar.

Eins og tekið er fram í fyrrgreindri umsögn, eru varanlegar afleiðingar af völdum slyssins væg lömun á axlarvöðvum v. megin svo og arthrosis í hálsliðum."

Þá er og leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hefur frá hausti 1959 stundað nám í lyfjafræði hérlendis og erlendis og mun væntanlega ljúka fullnaðarprófi í þeirri grein í júnímánuði 1964.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um skiptingu skaðabótaábyrgðar.

Samkvæmt gögnum málsins þykir tjón gagnáfrýjanda vegna örorku hæfilega metið kr. 100.000.00 og vegna þjáninga svo og röskunar á högum kr. 30.000.00. Að öðru leyti ber að fallast á úrlausn héraðsdómara um ákvörðun tjóns gagnáfrýjanda. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða

gagnáfrýjanda ⅗ hluta af kr. 134.838.00 (kr. 100.000.00 + kr. 2.338.00 + kr. 2.500.00 + kr. 30.000.00), þ. e. kr. 80.902.80 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Svo greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 21.500.00, og hljóti talsmaður gagnáfrýjanda þar af kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Steinssyni, kr. 80.902.80 með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 21.500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., var höfðað hér fyrir rétti, að fenginni gjafsókn, með stefnu, útgefinni 25. maí s.l., af Guðmundi Steinssyni stud. pharm., Kirkjustíg 7, Siglufirði, með heimild í 73. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 5. tl. 5. gr. sömu laga, gegn bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs. Gerði hann í stefnu kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 159.517.28 auk 6% ársvaxta frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og málskostnað eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þó verði þóknun til lögmanns hans tiltekin í dóminum. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi aðalkröfuna um kr. 1.340.00, eða í kr. 158.177.28, en óskaði að hækka málskostnaðarkröfuna um sömu upphæð.

Einnig var forstjóra Brunabótafélags Íslands stefnt til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir: Sunnudaginn 22. febrúar 1959 var stefnandi staddur í innisundlauginni á Akureyri, sem er eign stefnda, bæjarsjóðs Akureyrar, ásamt fleiri piltum úr 6. bekk Mennta-

skólans hér, og voru þeir við sundæfingar á vegum skólans, en æfingatími þessi var á tímanum kl. 12.00—12.30. Um það bil er stefnandi var að hætta æfingu, eða um kl. 12.30, ákvað hann að stinga sér enn til sunds til að taka þátt í leik skólabræðra sinna í lauginni, og mun þá hafa svo illa til tekizt, að hann hefur fallið með höfuðið í botn laugarinnar, sem er steinsteyptur, og slasaðist alvarlega einkum í hálsliðum. Skólafélagar stefnda urðu þess brátt áskynja, að stefnandi var eitthvað miður sín og komu honum til aðstoðar og færðu hann upp úr lauginni og kölluðu á lækni, sem síðan mun hafa látið flytja hann í Fjórðungssjúkrahúsið hér. Jafnframt gerðu piltarnir Hermanni Stefánssyni, forstjóra sundlaugarinnar, sem jafnframt mun hafa verið kennari þeirra í íþróttum, aðvart, og kom hann á vettvang og athugaði aðstæður. Við skoðun í sjúkrahúsinu kom í ljós, að stefnandi hafði slasazt þannig, að 3. hálsliður hafði skekkzt og brotnað, og varð stefnandi að liggja lengi í gipsumbúðum, fyrst í sjúkrahúsinu og síðan heima og gat lítið unnið um sumarið eftir. Verður síðar vikið nánar að meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra.

Nóttina fyrir slysið hafði verið gert innbrot í sundhöllina, og hafði innbrotsmaður hleypt vatni úr lauginni, svo hún var ekki nema rúmlega hálf, þegar laugarvörður, Magnús Ólafsson, kom að um morguninn. Laugarvörður hafði nú samband við sundlaugarstjórann, þar sem honum þótti tvísýnt, að hægt yrði að hafa laugina opna vegna slysahættu og vegna þess, að lögreglan þyrfti að hafa aðstöðu til að athuga staðinn, en niðurstaða varð sú, að haft yrði opið. Lét laugarvörður nú vatn renna í laugina úr útilauginni, en þar sem það vatn var heldur kalt, vildi hann ekki fylla laugina alveg og taldi, að hiti vatnsins hafi ekki farið niður fyrir 24—25°C, en um morguninn hafði hitinn í lauginni verið 28—30°C. Sundlaugarvörður, sem var við laugina fram til kl. 12.00, sagðist hafa farið að hleypa fólki í laugina strax, meðan verið var að renna í hana, en kvaðst hafa sett bann við, að nokkur stykki í laugina, og hafi hann framfylgt því allan morguninn, og kvað fólk ekki hafa stungið sér þannig, meðan hann var við laugina. Hann kvað vatnsborðið í lauginni hafa verið miklu lægra, þegar fólk byrjaði að fara í hana um morguninn, en þegar hann fór frá lauginni, en þá kvað hann borðið á lauginni hafa verið á að gizka 10 cm. Í málinu hafa verið lagðir fram uppdrættir af Sundlaug Akureyrar, sbr. dskj. nr. 16 og 17. Samkvæmt dskj. nr. 16 er lengd laugar 12 m, breidd 6 m

og dýpt 130 cm í dýpri enda, en 90 í þeim grynnri, en samkvæmt vottorði Hermanns Stefánssonar, sbr. dskj. nr. 13, er lengd laugarinnar 12.5 m. Samkvæmt sama vottorði er dýpt laugarinnar, miðað við brún yfirfallsrennu, þessi: Grynnri endi 96 cm, um miðja 130 cm og dýpri endi 150 cm. Þá segir, að venjulega standi vatnið 3—5 cm yfir rennubrún.

Það er upplýst, að þegar framangreindur sundlaugarvörður hvarf frá starfi kl. 12, kom enginn annar starfsmaður stofnunarinnar til starfa en Hermann Stefánsson sundlaugarstjóri, og kennari skólapiltanna hafði falið umsjónarmanni skólans umsjá og eftirlit af sinni hálfu, á meðan æfingatími skólapilta stóð yfir, og gerði hann það, og er upplýst, að það hafði áður tíðkazt.

Skal nú vikið að því, sem fram hefur komið í málinu um ráðstafanir í öryggisskyni og nauðsyn á slíkum ráðstöfunum. Að framan er vikið að banni sundlaugarvarðar við, að menn styngju sér af bakka. Þá hefur sami sundvörður borið, að þeir hafi haft kaðlagirðingu á vesturbrún laugarinnar til tálmunar því, að menn styngju sér af hliðarkanti, en kvað sundverðina eingöngu hafa tekið þetta upp hjá sjálfum sér, en þetta hafi oft verið skemmt og eyðilagt. Hann kvaðst halda, að slík girðing hafi ekki verið, þegar slys stefnanda skeði, en vitni þetta var eigi krafið skýrslna um mál þetta fyrr en 13. desember s.l. Vitnið kvað girðinguna hafa verið setta til að hindra slysahættu af stökkum frá hliðarkanti og kvað sér kunnugt um slys af slíku á þeim, er undir verða, þegar maður stingur sér þannig. Þá kvað vitni þetta, að íþróttafulltrúi ríkisins hafi verið búinn að fara þess á leit við forstöðumann laugarinnar, að keðjugirðing yrði sett á vesturkantinn, en það hafi eigi verið gert. Það skal fram tekið, að að austan liggur laugin að útvegg hússins, og kemur ekki til, að hægt sé að stinga sér þaðan. Þá tók vitni þetta fram í þessu sambandi, að þessi laug væri fyrst og fremst kennslulaug og öll talin vera grunn, enda væri hún alls staðar stæð fullorðnum mönnum, miðað við venjulegt vatnsborð, og taldi vitnið, að þetta væri ein grynnsta laug á landinu. Ekki kvað vitnið nein aðvörunarspjöld hafa verið fest upp í laugarsalnum né annars staðar í byggingunni.

Skal nú vikið nánar að atvikum að sjálfu slysinu, eins og því er lýst af stefnanda sjálfum og vitnum, og orsökum þess.

Dagana 26. og 28. september 1959 fór fram opinber rannsókn vegna þessa slyss í sakadómi Akureyrar. Kom þar fram m. a. þetta um atvik að slysinu. Stefnandi segir þar, að meðan þeir

félagarnir voru í lauginni, hafi hækkað í henni, og taldi, að vantað hafi um eitt tígulborð, þegar slysið skeði. Hann kvaðst hafa stungið sér um miðja laugina í átt að dýpri endanum. Hann sagðist ekki með fullri vissu geta gert sér grein fyrir, hvernig slysið atvikaðist, hvort það hafi verið af því, að hann hafi ekki komið fyrir sig höndunum og lent í botninum. Hann kvaðst fyrr um morguninn hafa stungið sér, meðan vatnið var minna í lauginni, án þess að neitt kæmi fyrir. Stefnandi kvað sig hafa ástæðu til að ætla, að slysið hefði ekki komið fyrir, ef laugin hefði verið full.

Tryggvi Pálsson, 23 ára, skólabróðir stefnanda, hefur borið eftirfarandi: Hann kvaðst hafa stungið sér í laugina og verið að koma upp úr, er hann hafi séð, að stefnandi var að stinga sér í laugina, og hafi honum virzt stefnandi öðruvísi en venjulega, er hann stakk sér. Nánar aðspurður um þetta atriði, sagði vitnið, að sér hafi helzt virzt Guðmundur vera krepptur í herðum, eða með öðrum orðum, að hann félli ekki eðlilega í vatnið, hann tók þó fram, að hann hefði ekki séð greinilega, því að vatn muni eitthvað hafa daprað honum sýn. En af ofangreindum ástæðum kvaðst hann hafa ósjálfrátt fylgzt með stefnanda. Hann sagði, að andlit stefnanda hafi svo að segja strax komið upp úr vatninu og hafi hann þá haldið, að allt væri í lagi. Stefnandi hafi svo aftur sigið í kaf, en rétt í sama mund hafi Ingólfur Sverrisson rekizt á hann í vatninu, en mun ekki hafa séð, að neitt væri athugavert við manninn. Hann kvaðst svo hafa séð, að Guðmundur hafi legið einkennilega í vatninu, og einnig hafi hann furðað sig á því, að hann hafi ekki komið upp, er Ingólfur hafi rekizt á hann, og hafi hann þá hraðað sér til hans og tekið hann upp úr vatninu og þá séð, að hann var meiddur. Vitnið kvað stefnanda hafa stungið sér í laugina norðan til við hana miðja. Vitnið gizkaði á, að um fet hafi skort á, að laugin væri full. Þá sagði vitnið það álit sitt, að ef laugin hefði verið full, hefði verið minni hætta á að svona slys kæmi fyrir, en honum hafi þó ekki fundizt hættulegt að vera í lauginni, þótt eigi væri meira vatn í henni.

Vitnið Ingólfur Sverrisson, 20 ára, er að framan er nefndur, hefur borið, að hann hafi ekki séð, þegar stefnandi stakk sér, og gat því ekki sagt um, hvort honum hafi fatazt, og kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvernig slysið hafi borið að höndum, en kveðst álíta, að ef laugin hefði verið full, hefði það meira dregið úr höggi og ef til vill hefði slysið þá ekki komið fyrir.

Vitnið taldi, að vantað hafi á hálfa aðra flísarbreidd til, að laugin væri full. Ekki kvað vitni þetta sér hafa þótt hættulegt að vera í lauginni, þótt hún væri ekki full.

Hermann Stefánsson sundlaugarstjóri og íþróttakennari M.A. hefur skýrt svo frá, að umsjónarmaður skólans hafi strax hringt til sín, þegar slysið hafi orðið, og tilkynnt sér það, og hafi hann farið strax á vettvang og athugað aðstæður. Hann kvað þá hafa vantað á að gizka einnar flísar breidd, þ. e. um 15 cm, er hann kom að. Þá kvaðst mætti hafa leyft sundverði að hleypa fyrst almenningi og síðan skólapiltum í laugina, þótt eigi væri fullrunnið í hana, og kvaðst hann telja, að það hafi verið hættulaust, ef farið hefði verið að með gætni, og sagðist hefði látið æfingar piltanna óátaldar, þótt hann hefði verið viðstaddur, en kvað slysið einstaka óhappatilviljun. Þó kvað hann minni líkur fyrir, að slysið hefði orðið, ef laugin hefði verið full, en þó væri ekkert hægt að fullyrða í því efni. Þá kvað hann æfingar áður hafa verið leyfðar í lauginni, þótt hún væri ekki full, og hefði það ekki komið að sök fyrr.

Magnús Ólafsson sundlaugarvörður, er að framan er nefndur, hefur borið þetta varðandi spurninguna um hættu af lauginni, miðað við hið lægra vatnsborð en venjulega. Hann kvaðst hafa framfylgt banninu við, að sundfólkið kastaði sér af bakka, þar sem hafi verið að ræða um fólk af ýmsum aldri, og hann þekkti ekki nema að litlu leyti til sundhæfni þess. Þá sagði vitnið, að ef það hefði haft með að gera kennslu nefndra skólapilta og verið búinn að hafa þá frá því um haustið og hefði verið vel kunnugt um getu þeirra, þá hefði hann sennilega leyft þeim að stinga sér af bakka. Varðandi það, hvort vitnið hefði leyft þeim að stinga sér nema í dýpri endann, tók hann fram, að engar beinar reglur séu um það, hvar megi stinga sér í laugina, en við kennslu láti hann að jafnaði ekki stinga sér nema í dýpri endanum, þótt hann geri einstöku sinnum undantekningar þar frá.

Stefnandi hefur byggt kröfur sínar um ábyrgð stefndu á tjóni hans einkum á eftirfarandi atriðum. Hann telur aðalorsök slyssins þá, að eigi hafi verið nægilegt vatn í sundlauginni, eða 20—30 cm lægra en venjulega, auk þess að laug þessi er talin vera meðal grynnstu lauga. Menn hafi ekkert verið varaðir við hættunni eða bann sett við að stinga sér af hliðarbakka. Þá hafi enginn kennari eða sundeftirlitsmaður verið við laugina, því að umsjónarmaður skólans, er viðstaddur var, hafi aðeins

átt að slíta æfingunni á tilteknum tíma, loka húsinu og afhenda lykla, auk þess að yfirlýst sé, að piltur þessi hafi starfað þarna á ábyrgð sundlaugarstjóra. Þá hefur verið bent á, að laugarvörður hafi eiginlega ekki talið fært að hafa laugina opna þennan dag, og ljóst sé, að hann hafi talið hættulegt að stinga sér af bakka, þar sem hann hafi sett slíkt bann þennan morgun og framfylgt því til kl. 12, þ. e. þangað til hann fór frá starfi við laugina. Þá hefur hann fært fram eftirfarandi rök. Sundlaug Akureyrar er rekin af Akureyrarbæ og er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Einnig er stofnunin styrkt af Ríkissjóði vegna afnota laugarinnar til kennslu og sundiðkana skólafólks. Sundnám og sundiðkun sé þess eðlis, að því fylgi hætta fyrir þá, sem þetta stunda, og sé því þörf stöðugs og vakandi eftirlits með framferði sundfólks og ástandi sundstaðar. Jafnan getur sundmanni, reyndum sem óreyndum, fatazt sund, svo hjálpar sundkennara sé þörf, og ýmsar hættur geti stafað frá ástandi sundlaugar, t. d. af of miklu dýpi, þar sem óvönum nemendum er ætlað að vera, eða of litlu dýpi, þar sem mönnum er ætlað að æfa stungur og dýfingar mega fara fram. Í því efni verði að telja ófullnægjandi, þótt vanur maður geti steypt sér með lagi í vatnið, án þess að rekast í botn. Þá kröfu verði að gera, að stungur og dýfingar geti farið fram án allrar hættu á því, að stökkmaður geti slasazt af falli á botn laugarinnar, jafnvel þótt stökkmanni fatist eða mistakist í stökki.

Stefndi styður kröfur sínar einkum með eftirfarandi röksemdum. Hann telur upplýst með skýrslu vitna, að eigi hafi verið nema um 15 cm borð á lauginni, þegar slysið bar að, og hafi því dýpið um miðja laugina, þar sem stefnandi stakk sér, verið 110—115 cm, og gengur þá út frá, að dýpið þar hafi verið 130 cm, miðað við fulla laug. Telur hann, að það geti ekki talizt óforsvaranlegt að nota laugina með því dýpi, enda verði að ganga út frá því, að stefnandi hafi vitað, að laugin hafi ekki verið alveg full og að dýpið hafi verið það mikið, að við venjulegar kringumstæður hafi ekki átt að geta orðið neitt slys. Telur hann, að ljóst liggi fyrir, að slys þetta hafi orðið fyrir óhappatilviljun og klaufaskap stefnanda sjálfs, er hann stakk sér, en hann muni hafa verið þaulvanur sundmaður. Ekki telur hann heldur, að það geti talizt óforsvaranlegt, þótt enginn af starfsmönnum laugarinnar hafi verið viðstaddur, þar sem vanur maður hafi verið skipaður til eftirlits. Þá telur stefndi, að ekki sé í ljós leitt, hvernig slysið hafi atvikazt, og telur, að möguleiki

sé á, að slysið hafi orðið strax við vatnsyfirborðið, enda bendi vitnisburður Tryggva Pálssonar, sbr. hér að framan, til þess, að stefnanda hafi fipazt, er hann stakk sér. Loks telur hann að hafa verði hér í huga, að sundlaugin hér sé ekki rekin sem gróðafyrirtæki, heldur sé hún rekin af opinberri hálfu sem menningar- og heilbrigðisstofnun, aðgangseyrir sé mjög lágur og auk þess hafi skólapiltar haft ókeypis aðgang í greint sinn, og sé því eðlilegt, að farið sé vægara í sakirnar með ábyrgð en ella.

Rétt þykir að leggja mælingu Hermanns Stefánssonar á dýpi laugarinnar til grundvallar, enda var henni ekki mótmælt af stefnanda fyrr en við flutning málsins, þótt fyrir lægi í málinu uppdráttur af lauginni, er sýndi annað dýpi (minna). Með hliðsjón af því og skýrslum vitna má þá ganga út frá því, að dýpið um miðja laugina, eða þar sem stefnandi stakk sér, hafi verið 110—115 cm og 15—20 cm grynnra en venjulega eða jafnvel heldur meira, þar sem sundlaugarstarfsmenn telja, að vatnið hafi staðið venjulega heldur hærra en rennubrúnin, sem dýpið er miðað við. Þá verður að telja upplýst, að hér sé um tiltölulega grunna laug að ræða, miðað við það, sem almennast er um slíkar laugar. Þegar á þetta er litið ásamt því, að engar viðvaranir voru viðhafðar og enginn starfsmaður sundlaugarinnar var látinn vera við eftirlit við laugina í greint sinn, þótt nauðsyn virtist vera á því fremur venju, verður að telja, að stefnandi hafi fært það sterk rök fyrir því, að starfsmenn stefnda hafi ekki gætt þess öryggis, er þeim bar í sambandi við sundlaugina, og eigi stefndi því að bera ábyrgð á tjóni stefnanda, enda þá gengið út frá því, að slysið hljóti að hafa orðið af viðkomu stefnanda við botn laugarinnar. Hins vegar þykir stefnandi hafa sýnt af sér óaðgætni með því að stinga sér í miðja laugina, sérstaklega eins og vatnsmagni í lauginni var háttað, og beri honum því sjálfum að bera hluta tjónsins. Þykir eftir atvikum hæfilegt, að hann beri ⅖ hluta tjónsins, en stefndi ⅗ hluta.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

I. 1.	Tjón vegna tímab. örorku	kr. 26.968.00	
	Þar frá tekjur sumarið 1959 ..	— 3.312.72	
		Kr. 23.655.28	
2.	Tjón vegna varanlegrar örorku	— 88.934.00	112.589.28

II.	1.	Kostnaður af læknisrannsókn, vottorð, röntgen og sjúkraleikf.	—	2.338.00	
	2.	Kostnaður af örorkumati og örorkutjóni	—	1.340.00	
	3.	Ferða- og dvalarkostnaður	—	3.250.00	6.928.00
III.		Bætur fyrir þjáningar og miska kr.			40.000.00
				Samtals kr.	159.517.28

Auk þess krefst hann 6% ársvaxta og málskostnaðar, eins og að framan greinir. Við flutning málsins óskaði lögmaður stefnanda að draga lið II.2, kr. 1.340.00, frá aðalkröfunni, og lækka hana þannig niður í kr. 158.177.28, hækka málskostnaðarkröfuna um sömu upphæð.

Um lið I, tjón vegna örorku.

Fyrir liggja í málinu ýtarleg vottorð yfirlæknanna Guðmundar Karls Péturssonar og Snorra Hallgrímssonar svo og örorkumat Bergþórs Smára læknis, en skýrslur hans munu byggðar að mestu eða öllu leyti á vottorðum fyrrgreindra yfirlækna. Í örorkumatinu segir svo:

Guðmundur Steinsson, Kirkjuteigi 7, Siglufirði, f. 24.6. 1938, slasaðist 22. febrúar 1959.

Slysið mun hafa viljað þannig til, að slasaði stakk sér til sunds í Sundlaug Akureyrar, en lenti með höfuðið í botni laugarinnar, og brotnaði við það og skekktist 3. hálsliður. Slasaði var vistaður í Sjúkrahúsi Akureyrar, og þar dvaldist hann frá 22.2.—27'4. 1959. Var slasaði meðhöndlaður með togi á höfuðið og síðan settur í gipsumbúðir. Var slasaði með þær fram í byrjun júní 1959.

Í byrjun hafði slasaði miklar lamanir og verki í báðum efri útlimum, en þessi óþægindi fóru smáminnkandi, og nú um alllangt skeið hefur slasaði verið óþægindalaus í hægri handlim, en hefur tilkenningu í vinstri axlarlið við hreyfingu, þreytist fljótt í öxlinni við áreynslu og fær þá þreytuverk í herðar vinstra megin. Slasaði stundaði skólanám s.l. vetur, jafnframt því sem hann stundaði æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni. Hann telur sig ekki hafa verið færan um að stunda vinnu s.l. vetur, en gat hafið starf í apóteki 10. júní 1960.

Skoðun 5. sept. '60: Lítilsháttar rýrnun er mm. supra- og infra-spinatus v. megin, og kraftur virðist nokkuð minni í þeim en h. megin. Vinstri upphandleggur er ca. ½ cm rýrari en hægra

megin (slasaði er þó örvhentur). Kraftar í upphandleggsvöðvum, hálsvöðvum og hægri öxl virðast eðlilegir. Nokkur stirðleiki er í hálsliðum, og snúningur út á við í vinstri öxl virðist nokkru minni en eðlilegt er. Rtg. skoðun á hálsliðum 14. des. 1959 sýnir byrjandi slitbreytingar (arthrosis) á liðnum milli 3. og 4. hálsliðar. Líklegt þykir, að þær breytingar stafi frá slysinu. Varanlegar afleiðingar af völdum slyssins má telja vægа lömun á axlarvöðvum v. axlar (supra- og infra-spinatus) og arthrosis í hálsliðum, sem búast má við, að fari vaxandi.

Örorka slasaða af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi, 22.2. '59, til 30.4. '59 ..... 100%
— 1.5. '59 til 30.6. '59 ..... 80%
— 1.7. '59 til 30.11. '59 ..... 60%
— 1.12. '59 til 30.4. '60 ..... 25%
Varanleg örorka 8%.

Upplýst er, að þegar slysið varð, var stefnandi tvítugur að aldri, nemandi í 6. bekk Menntaskólans á Akureyri, og gat hann ekki lokið stúdentsprófi vorið 1959, eins og ætlað var, en lauk því þá um haustið. Samkvæmt skjölum málsins voru sumarvinnutekjur stefnanda sem hér segir: 1956 kr. 26.680.54, 1957 kr. 21.264.04, 1958 kr. 25.908.70, 1959 kr. 3.312.72. Haustið 1959 hóf stefnandi nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og er gert ráð fyrir 3ja ára námi þar og síðan þriggja ára námi erlendis.

Guðjón Hansen cand. act. hefur framkvæmt mat á örorkutjóni stefnanda, er fyrir liggur í málinu. Byggir hann mat sitt á ofangreindu örorkumati, framangreindum upplýsingum um tekjur stefnanda af sumaratvinnu og kauptaxta Lyfjafræðingafélags Íslands. Tjón vegna tímabundinnar örorku frá slysdegi til 30. apríl 1960 hefur tryggingafræðingurinn miðað við meðaltekjur stefnanda árin 1956—1958, umreiknað til kauptaxta sumarið 1959 með tilliti til breytinga á almennum Dagsbrúnartaxta, og telur hann þær kr. 26.968.00, og hefur stefnandi miðað kröfu sína um bætur vegna tímabundinnar örorku við þá upphæð.

Tjón vegna varanlegrar örorku, þ. e. frá 1. maí 1960, hefur tryggingafræðingurinn áætlað þannig:

Sumartekjur 1960 og 1961, hvort sumar ..... kr. 26.968.00
Sumartekjur 1962—1964, þriggja mánaða laun exam. pharm. hvert sumar ..... — 21.118.00
Frá vori 1965 laun cand. pharm. (6% lífeyrissjóðsgjald meðtalið) árslaun ..... — 105.112.00

Eftir að lífeyrissjóðsframlag fellur niður og til 67 ára aldurs, árslaun ..... — 99.163.00

Á þessum grundvelli reiknast honum tap vinnutekna vegna varanlegrar örorku nema kr. 88.934.00. Samanlagt metur hann örorkutjónið þannig kr. 115.902.00.

Jafnframt hefur hann reiknað tjónið, miðað við meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum starfsárin 1951—1958, en slíkar tekjur telur hann kr. 60.052.00 á ári. Með því að reikna með þeim tekjum frá slysdegi, þó með 5% lækkun til 21 árs aldurs, reiknast honum tjónið allt kr. 105.000.00, þar af 67 þús. kr. vegna varanlegrar örorku.

Með tilvísun til upplýsinga þeirra, er fyrir liggja um nám stefnanda í lyfjafræði frá því haustið 1959, þykir rétt að leggja fyrri upphæðina til grundvallar. Með tilvísun til þess, er nú hefur verið rakið, þykir tjón stefnanda undir þessum lið, það er allt örorkutjónið, nema kr. 90.000.00, og ber að dæma stefnda samkvæmt framansögðu til að greiða 3/5 af því, eða kr. 54.000.00.

Um lið II.

1. Kostnaður við læknisrannsóknir o. fl. Þessum lið hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður hann því tekinn til greina að fullu, þannig að dæma beri stefnanda 3/5 af upphæðinni, kr. 2.338.00, það er kr. 1.402.80.

(2 fellur niður samkvæmt framansögðu).

3. Ferða- og dvalarkostnaður. Þessum lið hefur algerlega verið mótmælt vegna þess, að upplýst sé, að upphæðin hafi ekki öll verið greidd. Þykir hæfilegt að taka til greina kr. 2.500.00 af þessari upphæð, og ber að dæma stefnda til að greiða 3/5 hluta af þeirri upphæð, kr. 1.500.00. Samtals ber því að dæma stefnda til að greiða kr. 2.902.80 undir lið nr. II.

Um lið III. Bætur fyrir þjáningar og miska.

Samkvæmt þeim upplýsingum, er að framan eru raktar að nokkru um eðli slyss stefnanda og afleiðingar þess, og annarra gagna málsins, m. a. ljósmynda, er fram hafa verið lagðar af stefnanda í umbúðum, þykir þessi liður hæfilega metinn á kr. 25.000.00, og ber að dæma stefnda til að greiða kr. 15.000.00 af því.

Ber þannig að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 54.000.00 samkvæmt lið III, eða samtals kr. 71.902.80, með 6%

ársvöxtum frá slysdegi, 22. febrúar 1959, til greiðsludags. Eftir þessa niðurstöðu þykir með tilliti til þeirra gagna, er fyrir liggja um kostnað stefnanda af máli þessu, hæfilegt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 10.500.00 í málskostnað, og skulu kr. 8.200.00 af því renna til skipaðs lögmanns stefnanda, Friðriks Magnússonar hdl.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda kr. 71.902.80 með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 10.500.00 í málskostnað, þar af kr. 8.200.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Friðriks Magnússon hdl., allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 65/1962. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Braga h/f. (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfrýjun til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða málskostnað.

Mál þetta var þingfest í júnímánuði s.l., því fyrst frestað til októbermánaðar þ. á. og síðan til 14. þ. m. Er málið kom þá fyrir Hæstarétt, sótti stefndi eigi þing og enginn af hans hálfu. Mál þetta er því flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hendi, þegar áfrýj-

andi tók út áfrýjunarstefnu sína, en áfrýjunarmáli stefnda lauk með útivistardómi 14. þ. m.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að staðfesta hann. Þá ber og að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í Hæstarétti, er ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Bragi h/f, greiði áfrýjanda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. janúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 9/1 s.l., hefur Skipasmíðastöðin Dröfn h/f hér í bæ höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 8. des. s.l., gegn Braga h/f, Ytri-Njarðvík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 413.525.61 með 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1961 til greiðsludags og málskostnaðar, þ.m.t. löghaldskostnaðar. Þá krefst stefnandi, að staðfest verði löghald í m/b Jónasi Jónassyni, GK 101, eign stefnda, er fram fór 28. nóv. s.l.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt reikningum eftirstöðvar af kaupverði nýs vélbáts, Jónasar Jónassonar, GK 101, er hann seldi stefnda ásamt vinnu við og viðgerð á bátnum.

Af hálfu stefnda var mætt við þingfestingu málsins, en eigi síðan. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 24.000.00.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Löghaldsgerð í m/b Jónasi Jónassyni, GK 101, staðfestist.

Stefndi, Bragi h/f, greiði stefnanda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, kr. 413.525.61 með 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1961 til greiðsludags og kr. 24.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 38/1962. **Sameinaðir verktakar h/f**
(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.)
gegn
Guðbrandi Guðmundssyni
(Agnar Gústafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar dæmdrar bótafjárhæðar, og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjanda.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, hlutaðist áfrýjandi ekki til um rannsókn á slysi því, sem mál þetta er af risið, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. En af gögnum þeim, sem fram eru komin, þykir sýnt, að slysið verði rakið til skorts öryggisbúnaðar af hendi áfrýjanda til varnar grjóthruni í skurð þann, er stefndi vann í á vegum áfrýjanda. Hins vegar er ekki í ljós leitt, að stefnda verði nokkur sök á slysinu gefin. Ber því að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi eigi að bæta stefnda tjón hans að fullu.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð áætlun Þóris Bergssonar tryggingafræðings um orkutjón stefnda, dags. 15. þ. m. Er hún miðuð við verkamannavinnu og launataxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Segir þar venju „að reikna unglingum á tuttugasta aldursári 90% af vinnutekjum fullorðinna, og eftir þann aldur 5% hækkun á ári í 2 ár". Eru vinnutekjur stefnda, sem fæddur er 22. október 1934, því næst áætlaðar þannig: „Fram til 22. aldursárs er gert ráð fyrir launataxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þá er reiknað með 48 dagvinnustundum og 5 eftirvinnustundum á viku , 47⅓ vikur á ári og 6% orlofi. Þessar tekjur eru síðan lækkaðar, svo sem segir hér að ofan, vegna ungs aldurs". Stefndi kvæntist 8. desember 1958, 24 ára að aldri. Frá þeim tíma er stuðzt við úrtakstölur Hagstofu Íslands yfir vinnutekjur kvæntra verkamanna. Loks eru lagðir til grundvallar 6% ársvextir til ársloka 1961, en eftir það 7% ársvextir. Er niðurstaða áætlunarinnar sú, að tekjumissir stefnda, miðað við slysdag, nemi kr. 140.700.00. Með hliðsjón af þessu og gögnum, sem rakin eru í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykja bætur til handa stefnda samkvæmt 1. kröfulið hans hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00 auk tryggingarbóta, sem í héraðsdómi er getið. Fallast ber á ákvæði héraðsdóms, að því er varðar 2. og 3. kröfulið stefnda. Verður áfrýjanda samkvæmt þessu dæmt að greiða stefnda kr. 120.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 24.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sameinaðir verktakar h/f, greiði stefnda, Guðbrandi Guðmundssyni, kr. 120.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. desember 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 24.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur þæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. maí, hefur Guðbrandur Guðmundsson, Stóru-Drageyri, Skorradalshreppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. desember 1959, gegn Sameinuðum verktökum h/f til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 189.163.17 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.Í. Til vara krafðist stefnandi þess við munnlegan flutning málsins, að vextir yrðu reiknaðir frá 7. ágúst 1959.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar, vextir einungis reiknaðir frá útgáfudegi stefnu, 3. desember 1959, og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Dómarinn hefur leitazt við að sætta aðiljana, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru svofelldir:

Hinn 15. janúar 1954 vann stefnandi að skurðgreftri á Keflavíkurflugvelli á vegum stefnda. Var skurður þessi ætlaður fyrir skolpleiðslur, og var hann yfirleitt um mannhæðar djúpur, en í honum voru með vissu millibili grafnir eins konar brunnar, er voru mun dýpri en aðalskurðurinn. Vinnutilhögun var þannig háttað, að fyrst var skurðurinn grafinn með vélskóflu niður á klöppina, en þar sem sú dýpt nægði ekki, var klöppin sprengd. Að sprengingu lokinni fóru nokkrir verkamenn niður í skurðinn og brugðu vírlykkjum á grjót það, er losnað hafði, eða settu það í net. Síðan var grjótið dregið upp úr skurðinum af bifreið með þar til gerðum gálgaútbúnaði að framan og staðsett var á skurðbakkanum.

Stefnandi var einn þeirra manna, er unnu niðri í skurðinum við að koma lausagrjótinu fyrir í vírstroffunum. Skiptust mennirnir á að lyfta steinunum og bregða á þá. Er stefnandi var eitt sinn áðurgreindan dag að lyfta undir stein, meðan einn starfsfélagi hans skyldi smeygja á hann vírlykkju, vildi það slys til, að steinn féll úr skurðbakkanum og lenti á þumalfingri vinstri handar honum, er kramdist það illa, að nema varð af honum fremsta köggul og fjórðung hins næsta.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið að vinna ofan í einum þeirra brunna, er grafnir voru í aðalskurðinn, þegar slysið vildi til. Framkvæmd verksins kveður stefnandi hafa verið þannig háttað, er slysið varð, að á bakka skurðsins hafi verið ekið bifreið með bómu framan á. Bifreiðar-

stjórinn hafi setið í bifreiðinni og stjórnað vír, er grjótið var híft með, en á bakkanum hafi staðið maður, sem stefnandi kveðst ekki muna nafn á, og hafi hann gefið bifreiðarstjóranum merki um, hvenær mætti lyfta eða slaka á. Stefnandi segir, að með honum niðri í brunninum hafi unnið í umrætt sinn Hreinn Kristinsson og maður, að nafni Ingólfur. Í gryfjunni hafi verið steinn, á að gizka 60 pund að þyngd. Kveðst stefnandi hafa lyft enda steinsins upp, svo að félagi hans Hreinn Kristinsson gæti brugðið vírlykkju á hann. Meðan stefnandi var að þessu, kveður hann kranabílnum hafa verið ekið fram á skurðbarminn, en við þunga bifreiðarinnar hafi þá fallið steinn úr skurðbakkanum og lent á vinstri hendi honum með þeim afleiðingum, að þumalfingur þeirrar handar marðist í sundur. Ekki mundi stefnandi, hve stór steinn þessi var. Stefnandi kvaðst hafa staðið gegnt bakka þeim, er steinninn datt úr, og minnir, að þumalfingur hans hafi verið ofan á steini þeim, er hann var að lyfta, og hafi steinninn því fallið ofan á hann. Ekki kvaðst stefnandi hafa vitað um, að steinninn væri laus í skurðbakkanum, og enginn hafi aðvarað hann um það. Verkstjóra við verk þetta kveður stefnandi hafa verið Skafta Skaftason, en hann hafi ekki verið viðstaddur, er slysið vildi til.

Vitnið Sveinn Sigurður Haraldsson hefur skýrt svo frá, að það hafi unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, er slysið varð. Kveðst vitnið hafa haft þann starfa að standa á skurðbakkanum og hafa gætur á hífingu grjótsins upp úr skurðinum. Vitnið minnir, að fjórir verkamenn hafi verið að vinnu niðri í skurðinum, en man ekki nöfn annarra en stefnanda. Kveðst vitnið þá hafa veitt því athygli, að steinn efst í skurðbakkanum upp undir jarðskorpunni hafi verið í þann veginn að losna, og hafi það þá kallað til mannanna að fara frá. Hafi allir mennirnir gegnt því nema stefnandi og steinninn fallið á vinstri hönd hans og þumalfingurinn marizt, svo að taka varð hann af. Vitnið kvaðst ekki muna, hvað stefnandi eða hver einstakur af mönnunum hafðist að um það leyti, er slysið varð, en segir suma mennina hafa verið bogna yfir steinum, sem þeir hafi verið að bisa við. Ekki gat vitnið sagt, hve langur tími leið frá því, að það sá, að steinninn var að losna, og þar til hann féll, en segist hafa kallað nógu snemma til þess, að stefnandi hefði getað forðað sér, ef hann hefði vikið undan strax. Vitnið kvaðst ekki vera öruggt um, hvort stefnandi hafi heyrt til þess, er það kallaði, en býst við, að stefnandi hafi heyrt kallið. Vitnið gizkaði á, að

orsök þess, að steinninn losnaði, hafi verið hristingur frá bifreiðinni eða að steinninn hafi losnað vegna hitabreytinga. Vitnið tók fram, að hífingar hefðu ekki staðið yfir, er slysið vildi til. Vitnið kveður Skafta Skaftason verkstjóra ekki hafa verið á staðnum, er slysið vildi til, en vinnu hafi verið hagað, eftir því sem venja var til, enda hafi verkamennirnir verið vanir vinnu þessari.

Stefnandi hefur við yfirheyrslu hér fyrir dóminum mótmælt því að hafa heyrt nokkur aðvörunarköll frá vitninu Sveini Sigurði Haraldssyni um, að margnefndur steinn væri að losna.

Vitnið Hreinn Kristinsson hefur skýrt svo frá, að það hafi unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, er slysið vildi til. Kveðst það hafa unnið með stefnanda niðri í nefndum skurði við að setja grjót, er sprengt hafði verið, í net og stroffur. Hafi trukkur með bómu framan á verið notaður til þess að draga grjótið upp úr skurðinum. Ekki kvaðst vitnið muna það lengur ljóslega, hvernig aðstaða þeirra hafi verið, þegar þeir stefnandi voru að bisa við steininn, en telur líklegt, að það hafi verið að smokka vírlykkju undir steininn, meðan stefnandi hafi haldið honum uppi, enda hafi þeir skipzt á að bregða á og lyfta steinum þarna í skurðinum. Vitnið taldi, að stefnandi hefði ekki á neinn hátt sýnt af sér gáleysi við framkvæmd verksins. Vitnið segir slysið hafa viljað til með þeim hætti, að steinn hafi allt í einu hrunið úr bakkanum og lent á þumalfingri vinstri handar á stefnanda með framangreindum afleiðingum. Vitnið kveður bómu bílsins hafa verið mjög stutta og hafi hann því orðið að standa afar tæpt á skurðbakkanum, og telur vitnið, að þetta hafi ásamt þunga bílsins orsakað steinlosið. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar bifreiðin stóð, er slysið varð, en taldi líklegast, að hún hafi verið við bakkabrúnina, en tekur fram, að lyfting hafi ekki staðið yfir, er steinninn datt. Vitnið kvað skurðinn hafa verið minnsta kosti eitthvað á aðra mannhæð á þeim stað, er slysið varð, og net hafi ekki verið notað á skurðbökkunum til þess að verja þá hruni. Vitnið kvað mann oftast nær hafa staðið á bakkanum, er grjót var dregið upp, en man ekki, hvort svo var í þetta sinn. Ekki mundi vitnið heldur, hvort fleiri menn voru í skurðinum en það og stefnandi, er slysið varð. Vitnið segir, að þeim hafi engin aðvörun verið gefin um það, að steinninn væri laus. Vitnið kveður verkstjórann ekki hafa verið á vinnustaðnum, er margnefnt slys vildi til, en þeir hafi hitt hann í vinnuskúr skammt frá strax eftir slysið.

Vitnið Skafti Skaftason hefur skýrt svo frá, að það hafi verið verkstjóri hjá stefnda á Keflavíkurflugvelli og m. a. stjórnað framkvæmd þess verks, er hér um ræðir. Vitnið kveður skurðinn hafa verið grafinn með vélskóflu og hafi hann verið um það bil 3 m, þar sem slysið varð, en þar eð sú dýpt hafi eigi verið talin nægileg, hafi nauðsyn borið til að sprengja klöpp í botni hans til frekari dýpkunar. Eftir að búið var að sprengja klöppina, kveður vitnið lausagrjót hafa verið híft upp af bifreið með bómu framan á. Vitnið telur slysið hafa orsakazt af því, að bakkinn hafi ekki þolað þunga bómu-bílsins, þegar honum var ekið fram á bakkabrúnina, og við það hafi fallið úr bakkanum á stefnanda. Vitnið segir, að frost hafi verið nóttina áður, en minnir, að veður hafi verið mildara daginn, sem slysið varð. Telur vitnið, að bakkinn hafi verið lausari í sér af þessum sökum. Vitnið kveður hlífðarnet ekki hafa verið notað á skurðbakkana, meðan unnið var niðri í skurðinum, en til öryggis hafi verið farið með járnkarla á skurðbakkana og hinu lausasta verið rutt niður.

Vitnið segir það hafa verið algengt að setja vírstroffur á stóra steina, og hafi oft tveir til þrír menn gert það saman, einn eða tveir menn hafi þá lyft steininum, stundum með járnkörlum, en aðstoðarmaður brugðið á á meðan.

Þegar eftir slysið var stefnanda ekið til Keflavíkur. Þar náðist ekki í lækni, svo að farið var aftur með hann upp á Keflavíkurflugvöll og þar gert til bráðabirgða að hinum lemstraða fingri á herspítala staðarins. Að því búnu var stefnandi fluttur á Landspítalann, og var þar tekið framan af fingrinum.

Hinn 20. apríl 1954 skoðaði Bergþór Smári tryggingayfirlæknir stefnanda og mat örorku hans af völdum slyssins. Í staðfestu afriti þessa örorkumats, dags. 5. ágúst 1959, segir svo, að loknum inngangsorðum: „.... Slasaði var að verkamannavinnu á Keflavíkurflugvelli, er slysið varð. Varð þumalfingur vinstri handar milli tveggja steina, og brotnaði og marðist fingurinn svo, að fremsti köggullinn hékk aðeins á beygisininni. Var gert að sárum slasaða í Landspítalanum og þar tekinn burtu fremsti köggullinn og fjórði hluti næst-fremsta kögguls. Skoðun 20. apríl 1954: Vinstri hönd: Fremsti köggull og einn fjórði af næstfremsta köggli þumalfingurs er numið brott. Örið er vel gróið, en dálítið aumt. Tímabært telst að meta varanlega örorku slasaða af völdum nefnds slyss, og telst hún hæfilega metin: *15%*."

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því, að stefndi sé bóta-

skyldur gagnvart honum, vegna þess að eigi hafi verið gætt þeirrar varúðarráðstöfunar að hafa hlífðarnet á skurðbökkunum, er menn voru að vinnu niðri í skurðinum. Ósannað sé, að aðvörunarmerki hafi verið gefið um, að steinninn væri að losna í skurðbakkanum, sbr. framburð þeirra stefnanda og Hreins Kristinssonar hér að framan. Að lokum bendir stefnandi á, að stefndi hafi ekki hlutazt til um rannsókn á atvikum að slysinu, eins og honum hafi borið skylda til samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952, og beri því allur vafi um sönnunaratriði að koma stefnda í koll. Af þessu megi ljóst vera, að stefndi sem atvinnurekandi beri fulla ábyrgð á slysinu, enda verði stefnanda á engan hátt um það kennt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilviljun eða óaðgæzlu stefnanda sjálfs, enda hafi hann haft nægan tíma til að gaumgefa allar aðstæður fyrir slysið og þar með forða því, þar sem lyfting hafi ekki staðið yfir, er óhappið vildi til. Stefndi hefur eindregið andmælt því, að nokkuð hafi á skort af hans hálfu um öryggi og eftirlit á slysstað.

Stefndi kveður það rétt, að slysið hafi ekki verið tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins, en hins vegar hafi Tryggingastofnunin verið látin um það vita, og telur stefndi, að sú stofnun hefði átt að vekja athygli hans á því, að tilkynna bæri Öryggiseftirlitinu slysið, þar eð lögin nr. 23/1952 hafi þá verið tiltölulega nýgengin í gildi og því ekki verið farin að verka fullkomlega, auk þess sem 26. gr. þeirra laga, er kveði á um tilkynningarskylduna, sé fyrst og fremst sett til hagsbóta fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Að þessu athuguðu telur stefndi, að hann eigi ekki að bera hallann af vafa um sönnunaratriði, þótt hann hafi ei gætt tilkynningarskyldu sinnar, enda hafi því fyrst með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 14. febrúar 1958, verið slegið föstu, að atvinnurekandi skyldi jafnan bera hallann af sönnunarskorti um atvik að slysi, ef hann vanræki að gæta 26. gr. laga nr. 23/1952.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi dregið óhæfilega lengi að höfða bótamál þetta, þrátt fyrir það, að afleiðingar slyssins væru augljósar frá upphafi og örorkumat hafi legið fyrir þegar um vorið 1954. Það hafi hins vegar fyrst verið 5½ ári eftir slysið, að stefnandi bar fram bótakröfu sína. Þessi dráttur sé vítaverð misnotkun á hinum langa fyrningarfresti, er um þessar bótakröfur gildi, og hafi stefndi jafnvel verið farinn að ætla,

að stefnandi væri fallinn frá öllum kröfum á hendur honum vegna slyssins, enda hafi stefnandi haft góða vinnu hjá stefnda um tæpra tveggja ára skeið eftir margnefnt slys og þá aldrei hreyft þessu máli.

Skurður sá, er hér um ræðir, var það djúpur, að verkamönnum þeim, er niðri í honum unnu, var mikil hætta búin, ef grjót féll úr bökkum hans. Það hefði því verið sjálfsögð öryggisráðstöfun af hálfu stefnda að koma fyrir neti á skurðbakkana til að fyrirbyggja þessa hættu.

Stefndi vanrækti að tilkynna slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952, og verður því að bera hallann af vafa um sönnunaratriði, enda voru greind lög löngu gengin í gildi, er slysið varð. Ósannað er, að stefnandi hafi verið aðvaraður, áður en slysið vildi til. Verður því ekki talið, að honum verði á nokkurn hátt kennt um slys það, er hann varð fyrir.

Að þessu athuguðu þykir stefndi eiga alla sök á slysinu, og ber honum að bæta stefnanda að fullu tjón það, er hann hefur beðið af völdum þess, enda verður ekki talið, að bótaréttur stefnanda sé niður fallinn sakir tómlætis.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1.	Örorkubætur samkvæmt útreikningi tryggingafræðings, kr. 183.342.00, sem að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 19.778.83 gera	kr. 163.563.17
2.	Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	— 25.000.00
3.	Bótaútreikningur	— 600.00
	Samtals	kr. 189.163.17

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um lið 1.

Stefnandi hefur fengið Guðjón Hansen tryggingafræðing til að reikna út atvinnutjón sitt á grundvelli þess örorkumats, er rakið hefur verið hér að framan. Samkvæmt útreikningi hans, dags. 5. október 1959, er stefnandi talinn fæddur 22. október 1934 og hefur því verið 19 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Vegna aldurs stefnanda tekur tryggingafræðingurinn fram, að vart sé unnt að miða við tekjur stefnanda fyrir slysið, þegar áætlað sé frambúðartap vinnutekna. Með tilliti til þessa virðist tryggingafræðingnum tvær leiðir koma til greina við áætlun tekna, en þ. e., að styðjast annað hvort við tekjur stefnanda eftir slysið eða miða við meðaltekjur verkamanna.

A. Meðaltekjur verkamanna.

Miðað við 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikur á ári auk orlofs, reiknast tryggingafræðingnum svo til, að árstekjur dagsbrúnarverkamanna nemi kr. 50.481.00, er útreikningurinn var gerður, en hafi numið kr. 35.338.00 árið, sem slysið vildi til. Síðan hefur tryggingafræðingurinn miðað við þessar meðaltekjur að öðru leyti en því, að á 20. ári gerir hann ráð fyrir því, að tekjur séu 90% af tekjum fullorðinna og 95% á 21. aldursári, og reiknast honum þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema *kr. 107.685.00.*

B. Meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík.

Á vegum Hagstofu Íslands hefur farið fram úrtaksrannsókn á meðaltekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík árin 1951—1958, og telst tryggingafræðingnum svo til, að tekjur þeirra séu 18.96% hærri en tekjur, sem eingöngu eru miðaðar við dagvinnukaup verkamanna. Miðað við þessar tekjur, reiknað á sama hátt og undir A lið, telst honum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema *kr. 128.102.00.*

C. Vinnutekjur stefnanda eftir slysið.

Þá hefur tryggingafræðingurinn reiknað út atvinnutjón stefnanda, miðað við tekjur hans árin 1955 og '56, og umreiknað þær með tilliti til breytinga á Dagsbrúnarkaupi, en þá verður útkoman sem hér segir:

Ár	vinnutekjur	umreiknað pr. 1/10 '59
1955	kr. 82.735.00	kr. 106.460.00
1956	— 57.087.00	— 65.436.00
	Meðaltal kr.	85.948.00

Síðan miðar tryggingafræðingurinn við meðalárstekjurnar, kr. 85.948.00, frá 1/2 1959, og reiknar með breytingum aftur í tímann í hlutfalli við breytingarnar í A-lið hér að framan, og telst honum þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema *kr. 183.342.00.*

Hinn mikli mismunur á niðurstöðutölum í A-lið og C-lið stafar aðallega af hinum háu tekjum stefnanda árið 1955.

Tryggingafræðingurinn lét þess getið, að hann hefði reiknað með 15% tapi vinnutekna frá slysdegi, en hvorki tekið tillit til meira orkutaps fyrst eftir slysið né til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Önnur atriði í reikningsgrundvellinum eru 6% aktíftöflur, samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla árin 1941—1950.

Stefnandi hefur krafizt bóta undir þessum lið samkvæmt C-liðnum í útreikningi tryggingafræðingsins hér að framan, en jafnframt krafizt þess, að tekið verði tillit til þess við ákvörðun bóta, að tryggingafræðingurinn hefur ekki reiknað með 100% orkutapi fyrst eftir slysið, heldur aðeins hinni varanlegu örorku — 15% — allan tímann. Samkvæmt framburði stefnanda hér fyrir dóminum var hann óvinnufær í um það bil 6 vikur eftir slysið, en fékk greitt einnar viku kaup hjá stefnda á þessu tímabili. Ber að hafa þetta í huga við ákvörðun bóta.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Sérstaklega hefur hann mótmælt því, að hinar háu tekjur stefnanda árið 1955 verði lagðar til grundvallar við útreikning örorkubótanna. Og beri fremur að miða við meðaltekjur verkamanna, enda séu tekjur stefnanda árið 1956 í samræmi við þær. Enn fremur bendir stefndi á, að möguleikar stefnanda til að stunda arðbæra verkamannavinnu séu því sem næst óskertir þrátt fyrir slysið, sbr. tekjur hans þessi tvö ár eftir slysið, og sama gildi um margar aðrar atvinnugreinar.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans árið eftir slysið numið sem hér segir: Árið 1955 kr. 82.735.00, árið 1956 kr. 57.087.00, árið 1957 kr. 51.086.00 og árið 1958 kr. 65.856.00.

Þegar litið er til þessara skattframtala stefnanda, þykir bera að lækka nokkuð útreikning tryggingafræðingsins á atvinnutjóni hans, og ber þá jafnframt að hafa í huga, að vextir í þjóðfélaginu eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með og að bætur þessar verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. En auk þess ber að taka tillit til, að verðlag í landinu hefur hækkað nokkuð síðan áætlað atvinnutjón stefnanda var reiknað út.

Þegar öll þau atriði eru virt, er nú hafa verið rakin, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 130.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefndi hefur fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins, svo og vikukaup það, er stefndi greiddi honum eftir slysið.

Um 2. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og telur, að kr. 4.000.00 séu hæfilega ákveðnar bætur samkvæmt honum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkra-

saga hans rakin. Lagðar hafa verið fram myndir í málinu af hinni lemstruðu hendi. Á þeim sést, að einungis er eftir lítill stúfur af þumalfingri vinstri handar. Hefur þetta í för með sér veruleg lýti. Að því er þjáningar og óþægindi varðar, þá hefur stefnandi borið fyrir dóminum, að hann hafi haft þrautir í fingrinum vegna slyss þessa, og ennþá sé fingurinn mjög næmur fyrir kulda og viðkvæmur við átök og snertingu. Þegar það er virt, er nú hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 150.600.00.

Stefnandi dró óhæfilega lengi að reka réttar síns í máli þessu, og þykir því ekki rétt að dæma honum vexti frá slysdegi, heldur miða upphaf vaxta við 7. ágúst 1959, en þá krafði stefnandi stefnda fyrst um greiðslu bóta vegna slyssins, og verður stefndi dæmdur til að greiða honum 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.900.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sameinaðir verktakar h/f, greiði stefnanda, Guðbrandi Guðmundssyni, kr. 150.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. ágúst 1959 til greiðsludags og kr. 13.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 39/1962. **Kristján Jónsson**
(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.)
gegn
Tómasi Högnasyni og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um starfskjör og starfslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 3597.75 auk vaxta og orlofsfjár. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Er það aðalkrafa hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 24.151.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa gagnáfrýjanda, sem risin er af vinnusamningi hans við aðaláfrýjanda, er greind í fjórum kröfuliðum í héraðsdómi, og verða þeir teknir til úrlausnar hér í sömu töluröð.

Um 1. tölulið, kr. 4011.50. Í hinum áfrýjaða dómi er aðaláfrýjanda dæmt að greiða kr. 3597.75 samkvæmt þessum kröfulið, og ber að staðfesta þá niðurstöðu með skírskotun til forsendna dómsins.

Um 2. tölulið, kr. 13.256.22. Gagnáfrýjandi telur sig eiga rétt til þessarar fjárhæðar fyrir 362 eftirvinnustundir á því tímabili, er hann vann í þjónustu aðaláfrýjanda. Þessum kröfulið hefur aðaláfrýjandi mótmælt eindregið. Kveð-

ur hann, að „þótt stefnandi“ (þ. e. gagnáfrýjandi) „hafi unnið einhverja eftirvinnutíma“, þá sé þar um tiltölulega fáar klukkustundir að tefla, enda hafi gagnáfrýjandi fengið leyfi frá vinnu á öðrum tímum, sem þeim eftirvinnustundum svari. Sé tilgreining gagnáfrýjanda á stundafjölda mjög fjarri sanni.

Samkvæmt kjarasamningi þeim, er í héraðsdómi greinir, skyldi vinnutími gagnáfrýjanda vera 10 klst. á dag, en þar frá dregst ein klst. til matar og tveir stundarfjórðungar til kaffidrykkju. Gagnáfrýjandi hefur um eftirvinnutíma einungis vísað til dagbókar sinnar frá 1958, þar sem tímasetningar eru skráðar án skýringa, og kveður hann þær eiga að merkja, hvenær hann hafi hætt vinnu að kvöldi, en ekki er þar greint, hvenær vinna hófst né nánar um vinnutíma dag hvern. Ekki fékk gagnáfrýjandi staðfest, þegar hann tók fyrirvaralaust við launum sínum sumarið 1958, að hann ætti kröfu til greiðslu síðar fyrir eftirvinnustundir. Eins og kröfugerð og sönnunaratriðum er hér háttað, þykir ekki unnt að taka þenna kröfulið til greina að neinu leyti.

Um 3. tölulið, kr. 6095.25. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um þenna kröfulið.

Um 4. tölulið, kr. 1202.00. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1943, sbr. 3. gr. laga nr. 8/1957, ber að dæma gagnáfrýjanda orlofsfé af fjárhæð þeirri, sem tekin er til greina samkvæmt 1. tölulið, 6% af kr. 3597.75, þ. e. kr. 215.87.

Niðurstaða verður samkvæmt framansögðu sú, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 3813.62 ásamt vöxtum, er ákveðast 6% ársvextir frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristján Jónsson, greiði gagnáfrýj-

anda, Tómasi Högnasyni, kr. 3813.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Tómas Högnason, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. júní 1960, gegn Kristjáni Jónssyni, Saurbæ, Ölfusi, Árnessýslu, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 24.564.97 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni þannig, að hann krafðist frá 29. des. 1960 8% ársvaxta í stað 10%.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 3.184.00 auk vaxta og orlofs.

Málavextir eru þeir, að í júlí 1958 réð stefndi stefnanda til vinnu, og átti stefnandi að aka bifreið stefnda á leiðinni Reykjavík—Hveragerði—Ölfus. Umsamið kaup var kr. 5.000.00 á mánuði. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt, að eftirvinna yrði greidd með fríum næsta sumar. Stefnandi kveðst hafa álitið, að kr. 5.000.00 á mánuði væru laun langferðabifreiðarstjóra, en er hann komst að því, að þau væru nokkru hærri, kveðst hann hafa fært það í tal við stefnda og spurt, hvort hann vildi ekki greiða fullan taxta. Kveður stefnandi stefnda hafa lofað að athuga það. Stefndi hefur hins vegar haldið fast við, að umsamið kaup hafi verið kr. 5.000.00 á mánuði. Um miðjan nóvember 1958 hætti stefnandi að aka hjá stefnda. Stefnandi skýrir þannig frá atvikum að því, að stefndi hafi morgun nokkurn í nóvember komið til sín og ætlað að draga bifreið í gang. Kveðst stefnandi þá hafa sagt stefnda, að hann færi ekki í áætlunarferð á bifreiðinni, þar sem hún væri bremsulaus. Bað stefndi stefnanda þá að hjálpa sér að draga bifreiðina í gang, og fór stefndi síðan sjálfur áætl-

unarferðina. Næsta kvöld kom stefndi til stefnanda. Spurði stefnandi, hvort búið væri að gera við bifreiðina, og svaraði stefndi því til, að ekkert að ráði væri að henni. Segist stefnandi þá hafa skýrt stefnda frá því, að hann færi ekki með bifreiðina í áætlun, fyrr en búið væri að gera við hana. Tveim kvöldum þar á eftir kom stefndi enn til stefnanda og var að færa honum vörur. Stefnandi kvaðst þá hafa spurt, hvort búið væri að gera við bifreiðina, og stefndi hafi svarað því til, að stefnanda varðaði ekkert um það. Segist stefnandi hafa mótmælt því, þar eð hann væri ráðinn til að aka bifreiðinni. Stefnandi segir stefnda þá hafa sagt, að hann hefði ekkert við sig að gera. Kveðst stefnandi þá hafa spurt, hvort hann ætti að taka þetta sem uppsögn, og hafi stefndi svarað því til, að hann gæti gert það. Stefndi hefur hins vegar skýrt svo frá, að hann hafi farið heim til stefnanda, sem hafi þá sagt honum, að hann væri hættur að vinna hjá sér. Ekki kvaðst stefndi muna eftir neinum deilum út af uppsögninni. Aðiljar málsins komu báðir fyrir dóm, en ekkert samræmi náðist um þetta atriði í framburði þeirra.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Vangreiddur launamismunur júlí—nóv. ..	kr. 4.011.50
2.	Aukavinna	— 13.256.22
3.	Laun í 1 mánuð	— 6.095.25
4.	Orlof	— 1.202.00
		Kr. 24.564.97

Um 3.

Lið þennan telur stefnandi vera laun í einn mánuð, frá því að hann hætti að starfa hjá stefnda, en hann telur, að ekki hafi verið heimilt að segja sér upp fyrirvaralaust, og því beri honum laun í einn mánuð.

Stefndi hefur neitað, að hann hafi sagt stefnanda upp, en telur hann hafa hætt vinnu fyrirvaralaust, og þar af leiðandi eigi hann ekki rétt á launum í lengri tíma en hann vann.

Ljóst er af því, sem að framan greinir, að stefnandi hætti að starfa hjá stefnda fyrirvaralaust, en hins vegar er óupplýst, hvernig á því stóð, og þar sem stefnanda hefur ekki tekizt að sanna, að honum hafi verið sagt upp, þá verður þessi kröfuliður hans ekki tekinn til greina.

Um 1.

Liður þessi er mismunur á þeim launum, sem stefnandi fékk

greidd og launum samkvæmt samningi, sem gilti á þessum tíma milli Félags sérleyfishafa annars vegar og Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, Reykjavík, og Bifreiðarstjórafélagsins Fylkis, Keflavík, hins vegar um kaup og kjör bifreiðarstjóra á sérleyfisleiðum; „þar sem ekki gilda aðrir samningar", eins og í samningnum stendur.

Stefnandi telur, að óheimilt hafi verið að greiða honum lægri laun en í samningi þessum greinir, og að hann sé óbundinn af því samkomulagi, sem hann gerði við stefnda um að hafa kr. 5.000.00 á mánuði, enda kveðst hann hafa álitið, að það væru laun langferðabílstjóra, þegar hann réð sig.

Stefndi hefur neitað að greiða stefnanda hærri laun en samið var um. Hann kveðst vera í Félagi sérleyfishafa, en telur þó, að nefndur samningur gildi ekki um viðskipti aðilja máls þessa, þar sem stefnandi hafi verið í Dagsbrún, en ekki þeim félögum, sem stóðu að nefndum samningi.

Stefndi var bundinn af nefndum samningi, og var honum skylt að láta stefnanda njóta launa samkvæmt ákvæðum samningsins, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, og verður þessi liður því tekinn til greina, þó þannig, að mismunur þessi reiknast aðeins fyrir þann tíma, sem stefnandi var í þjónustu stefnda. Samkvæmt þessu verður liður þessi tekinn til greina með kr. 3.597.75.

Um 2.

Liður þessi er vegna launa fyrir eftirvinnu stefnanda. Stefnandi er einn til frásagnar um eftirvinnu sína, en ljóst er, að hann hefur orðið að vinna fram yfir tilskilinn vinnutíma, og ósannað er, að hann hafi fengið þau frí, sem stefndi segir, að hann hafi átt að fá í stað aukavinnu sinnar, og verður þessi liður því tekinn til greina.

Um 4.

Stefnandi hefur krafizt orlofs af því kaupi, er hann á ógreitt hjá stefnda. Því hefur ekki verið mótmælt, og samkvæmt kjarasamningnum telst stefnandi eiga hjá stefnda vegna orlofs kr. 1.011.24, og verður þessi liður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 17.865.24 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber stefnda eftir þessum úrslitum að greiða stefnanda kr. 2.800.00 í málskostnað.

Grétar Haraldsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Jónsson, greiði stefnanda, Tómasi Högnasyni, kr. 17.865.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1962.

Nr. 100/1962. **Óskar Sigurðsson**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Hannesi Guðleifssyni
(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1962. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 11.780.81 auk 7% ársvaxta frá 28. janúar 1961 til greiðsludags og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ljóst er af gögnum málsins, að ökumaður bifreiðar áfrýjanda missti stjórn á henni á hálum veginum vegna of hraðs og ógætilegs aksturs, með þeim afleiðingum, að bifreiðin skall aftan á bifreið stefnda. Ósannað er, að staða bifreiðar stefnda og akstur hans hafi verið með þeim hætti, að áhrif eigi að hafa á skaðabótaskyldu áfrýjanda. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Sigurðsson, greiði stefnda, Hannesi Guðleifssyni, kr. 3.500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Hannes Guðleifsson bifreiðarstjóri, Sogavegi 52 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. maí 1961, gegn Óskari Sigurðssyni, Hvassaleiti 26 hér í borg, til heimtu skaðabóta, að fjárhæð kr. 23.561.62 með 8% ársvöxtum frá 28. janúar 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til stórkostlegra muna og stefnda verði gert að greiða honum málskostnað.

Almennum tryggingum h.f. hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Kröfur eru ekki gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur haft uppi.

Stefnandi skýrir svo frá tildrögum málsins, að hinn 28. janúar 1961, um kl. 15.40, hafi hann ekið bifreið sinni, R 5670, sem er 6 manna Chevrolet fólksbifreið, austur Miklubraut í Reykjavík. Er hann átti skammt ófarið að Seljalandsvegi, hafi hann stöðvað bifreiðina yzt á sínum vinstri götujaðri. Þar hafi hann beðið í um það bil 4 mínútur eftir bróður sínum, er hann átti von á. Er hann taldi þýðingarlaust að bíða lengur, hafi hann ákveðið að aka af stað. Hafi hann sett bifreiðina í fyrsta ganghraðastig, en hreyfill bifreiðarinnar hafi verið í gangi, á meðan hann dokaði við. Áður en hann tók bifreiðina af stað, hafi hann litið til hægri og aftur fyrir sig til þess að huga að umferð. Sá hann þá bifreiðina R 4540, fólksbifreið Ford Station, eign stefnda, koma akandi austur Miklubrautina á 60—70 km hraða, að því er hann áætlar, og stefna á sína bifreið. Hafi R 4540 verið í á að gizka 100 faðma fjarlægð, þegar hann sá hana fyrst. Ekki varð hann var við, að ökumaður þeirrar bifreiðar drægi úr hraðanum, fyrr en hún var komin rétt að bifreið stefnanda. Það fyrsta, sem stefnanda datt í hug, var að aka vinstra megin út af götunni til að forða árekstri. Hætti hann þó við það, þar sem hann óttaðist, að R 4540 mundi við það hvolfa R 5670. Kveðst stefnandi hafa tekið bifreiðina aðeins af stað, en stigið á tengslið von bráðar, til þess að draga úr árekstrinum, sem hafi verið yfirvofandi, en ekki hafi verið tími til þess að aka undan bifreiðinni R 4540 og forða þannig árekstri. Skipti það engum togum, að bifreiðin R 4540 rann á R 5670. Höggið, sem R 4540 veitti við áreksturinn, kveður stefnandi hafa verið svo mikið, að bifreiðin R 5670 hafi kastazt áfram. Stýrði stefnandi bifreið-

inni út á hægra vegarhelming. Ekki kveðst stefnandi geta sagt um, hve langt bifreið hans kastaðist áfram við höggið, og hann man ekki, hvort hann ók bifreiðinni fyrir eigin vélarafli, áður en hann stöðvaði hana á hægra vegarhelmingi, eins og á uppdrættinum á dómskjali nr. 7 greinir. Stefnandi heldur því ákveðið fram, að bifreið hans hafi verið alveg út á vinstri vegarjaðri, er áreksturinn varð.

Sýnilegar skemmdir á R 5670 voru þessar: Vinstra afturbretti og kistulok mikið dældað. Stuðari að aftan skekktur og dældaður. Vinstra afturljós brotið. Púströr hafði losnað og leki hafði komizt að benzíntanki. Stefnandi segir, að auk þessa hafi sleðinn undir framsæti bifreiðarinnar rifnað upp frá gólfinu við árekstrinn.

Skemmdir á R 4540 voru þessar: Samstæða að framan hægra megin öll gengin inn og mikið dældað, stuðari hægra megin skekktur og dældaður og hjólkoppur hægra framhjóls dældaður.

Vitnið Kornelía Óskarsdóttir, dóttir stefnda, ók bifreiðinni R 4540 í umrætt sinn. Hefur vitni þetta skýrt svo frá, að það hafi séð bifreiðina R 5670 í allmikilli fjarlægð og þá ekki séð betur en að bifreiðinni væri ekið hægt áfram. Vitnið kveðst hafa ekið á ca 50 km hraða, miðað við klukkustund. Þegar vitnið var komið allnálægt bifreiðinni, kveðst það hafa áttað sig á því, að bifreiðin hafði staðið kyrr, en var að aka af stað. Vitnið hemlaði bifreið sína. Vegna hálku kveðst vitnið ekki hafa getað dregið nægilega úr hraðanum og hafi bifreiðin látið illa að stjórn vegna hálkunnar. Þegar R 5670 var komin út á miðja götuna, kveðst vitnið hafa reynt að aka bifreið sinni út af götunni vinstra megin og forða þannig árekstri. Telur vitnið, að árekstur hefði ekki orðið, ef hálku hefði ekki gætt á götunni. Er áreksturinn varð, hafi R 5670 verið á miðri götunni og vísað beint eftir henni og því ekkert verið skökk á veginum.

Stefndi, Óskar Sigurðsson, sat í framsæti R 4540 við hlið dóttur sinnar, er áreksturinn varð. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi séð R 5670 standa kyrra vinstra megin á akbraut Miklubrautar, er þau feðginin áttu enn alllangt ófarið að bílnum. Er þau nálguðust bílinn, kveðst stefndi hafa séð, að honum var ekið af stað og um leið beygt út í götuna til hægri. Hafi R 5670 þannig fyrirvaralaust lokað akbrautinni. Kornelía hafi þá þegar hemlað, en hafi verið komin of nálægt til þess að geta numið staðar á hálli götunni og hafi henni ekki tekizt að forða árekstrinum, þótt hún beygði til vinstri. Er það álit

stefnda, að ökumaður R 5670 hafi verið valdur að árekstrinum með því að aka af stað og beygja til hægri út á götuna. Stefndi segir, að R 5670 hafi verið á ská úti á miðri akbrautinni, þegar árekstur inn varð.

Ekki er vitað um aðra sjónarvotta að árekstrinum.

Lögreglan fór á vettvang og gerði uppdrátt að árekstursstaðnum. Ekki var þá búið að malbika götuna. Samkvæmt uppdrættinum virðist Miklabrautin hafa verið um 6.6 m að breidd. 12 metra hemlaför eftir R 4540 eru sýnd á uppdrættinum. Eru hemlaförin dregin alveg jafnhliða vinstri vegarbrún, og eru hemlaförin eftir vinstri hjól bifreiðarinnar um það bil 35—40 cm frá nyrðri vegkanti brautarinnar. Hefur bifreiðin stöðvazt þannig, að afturhjól hennar eru alveg inn á veginum, en vinstra framhjól og bifreiðin hálf að framan eru fyrir utan vegarbrúnina. R 5670 er um 13 m austar á Miklubrautinni, alveg út á hægra vegarhelming. Á uppdrættinum er hins vegar ekki gerð grein fyrir, hvar ætla megi, að bifreiðin R 5670 var, þegar árekstur inn varð.

Lögregluþjónn sá, sem gerði uppdráttinn, hefur komið fyrir dóm svo og lögregluþjónn sá, er skráði lögregluskýrslu í umrætt skipti. Geta þeir ekkert um það sagt, hvar ætla megi, að R 5670 hafi verið, er árekstur inn skeði.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að stjórnandi R 4540 hafi einn átt sök á árekstrinum. Í fyrsta lagi hafi hún ekið óhæfilega hratt, sennilega um 60—70 km, miðað við klst. Hafi svo hraður akstur verið háskalegur og ámælisverður, þar sem hálka var á götunni. Í öðru lagi hafi R 4540 verið ekið á bifreið stefnanda yzt á vinstri helmingi götunnar. Hemlaförin á uppdrætti lögreglunnar beri þess glöggan vott. Hin réttu viðbrögð ökumanns R 4540 hefðu átt að vera þau, að aka fram úr R 5670 hægra megin og gefa hljóðmerki, enda hafi verið nægjanlegt svigrúm til þess. Sé helzt svo að sjá, að stjórnandi R 4540 hafi annað hvort alls ekki beint sjónum fram fyrir bifreið sína umrætt sinn eða með öllu skort það öryggi og dómgreind, sem bifreiðarstjórar verði að hafa til að bera í ríkum mæli til þess að geta farið með svo háskaleg tæki, sem bifreiðar eru. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að stefndi beri sem eigandi R 4540 fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem stefnandi varð fyrir við árekstur inn. Tjón sitt telur stefnandi nema samtals kr. 23.561.62, sem er kostnaður við viðgerð á skemmdunum á bifreiðinni R 5670.

Stefndi telur það fjarri lagi, að sök árekstursins hvíli óskipt

á stjórnanda bifreiðarinnar R 4540 og að honum beri af þeim sökum að bæta stefnanda allt það tjón, sem stefnandi varð fyrir. Telur stefndi að vísu, að beita eigi sakarskiptingu, en að ekki verði lengra gengið en að skipta sök þannig, að leggja ⅔ hluta sakarinnar á stefnanda, en ⅓ á stefnda. Þessu til stuðnings bendir stefndi á í fyrsta lagi, að sannað sé með uppdrætti lögreglunnar, að bifreiðinni R 4540 var ekið á vinstri brún Miklubrautar, svo nærri vegarbrúninni, sem frekast var auðið. Í öðru lagi sýni skemmdir bifreiðarinnar og uppdráttur lögreglunnar, að hægra framhorn R 4540 hefur lent á vinstra afturhorni R 5670. Með þessum gögnum sé sannað, að það sé rangt hjá stefnanda, að bifreiðin R 5670 hafi verið yzt á vinstra helmingi Miklubrautar, er árekstur inn átti sér stað. Jafnframt sé með gögnum þessum sannað, að skýrsla stjórnanda R 4540 sé rétt. Bifreiðin R 5670 hafi því, er árekstur inn varð, verið komin inn á miðja Miklubrautina eða vel það og lokað akbrautinni. Stjórnandi R 5670 hafi þannig ekið inn á Miklubrautina án þess að gefa merki og síðan ekkert gert til að afstýra árekstri. Sök stefnanda hafi því verið miklum mun meiri en stjórnanda R 4540. Komi því ekki til mála, að stefnda beri að greiða meira en ⅓ hluta tjóns þess, er stefnandi varð fyrir. Sérstaklega hefur stefndi á það bent, að óheimilt sé að leggja bifreið vinstra megin á Miklubrautinni, eins og stefnandi hafi gert.

Í máli þessu er ekki deilt um það, hve tjón stefnanda var mikið. Ágreiningsefnið er aðeins, hvort stefnandi eigi sjálfur einhverja sök á árekstrinum, og ef svo er, að hve miklu leyti.

Hvorki skýrslur aðilja né önnur gögn málsins skera ótvírætt úr um það, hvar bifreið stefnanda var og hvaða stefnu hún hafði, þegar árekstur inn varð. Hins vegar er ljóst af því, sem áður er rakið, að hún var á ferð, þegar bifreið stefnda ók á hana. Þegar þetta er virt svo og önnur atvik málsins, þykir stefndi ekki hafa sannað, að stefnandi eigi nokkra sök á árekstrinum. Stjórnandi R 4540 ók hins vegar, miðað við allar aðstæður, allt of hratt og óvarlega. Verður að líta svo á, að með þessum gálausa akstri eigi ökumaður R 4540 alla sök á árekstrinum. Verður skaðabótakrafa stefnanda því tekin til greina að fullu ásamt 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1961 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.600.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Óskar Sigurðsson, greiði stefnanda, Hannesi Guðleifssyni, kr. 23.561.62 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1961 til greiðsludags og kr. 3.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1962.

Nr. 141/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Halldóri Karel Jakobssyni
(Gísli Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu er það upplýst með játningu ákærða, sem kemur heim við vætti vitna þeirra, sem leidd hafa verið, að hann ók bifreiðinni Y 1011 um götur Siglufjarðarkaupstaðar aðfaranótt laugardagsins 21. júlí 1962 með áhrifum áfengis. Reyndust vera í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 2.2‰ af alkóhóli.

Ber því samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem getur í ákæruskjali, að dæma hann til varðhaldsvistar, sem þykir hæfilega ákveðin 15 dagar.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 að svipta hann ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, sem renni í ríkissjóð, og laun skipaðs verjanda hans fyrir sama rétti, sem ákveðast kr. 3000.00.

Það athugast, að ekki verður séð af skjölum málsins, að

Hjörleifur Magnússon, bæjarfógetafulltrúi á Siglufirði, sem fór með hluta af rannsókn þess, hafi bent bróður ákærða, Lárusi Jakobssyni, á, að hann gæti skorazt undan að bera vætti í málinu, sbr. 3. lið 89. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Karel Jakobsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Hann er sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla hæstaréttarlögmanns Einarssonar, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 21. september 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, útgefnu af saksóknara ríkisins 7. september 1962, gegn Halldóri Karel Jakobssyni sjómanni, til heimilis að Sæmundargötu 9, Sauðárkróki, fyrir að hafa ekið bifreiðinni Y 1011 undir áhrifum áfengis um götur í Siglufirði, síðast um Snorragötu, Aðalgötu, Tjarnargötu, á hafnarbryggjuna og þaðan til baka, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á mótum Tjarnargötu og Gránugötu þar í bæ aðfaranótt 21. júlí 1962.

Er atferli ákærða talið varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Halldór Karel, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. júlí 1942 á Sauðárkróki, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardags 21. júlí 1962 fengu lögreglumenn í

Siglufirði, nr. 5 og nr. 11, þeir Stefán Friðriksson og Svavar Ármannsson, veður af, að akstur ökumanns bifreiðarinnar Y 1011 þætti grunsamlegur og ógætilegur. Hófu þeir í lögreglubifreiðinni F 11 þegar leit að bifreiðinni Y 1011 og fundu hana innan stundar á mótum Tjarnargötu og Gránugötu þar í bæ og stöðvuðu akstur hennar.

Ökumaður bifreiðarinnar Y 1011 reyndist vera Halldór Karel Jakobsson, ákærði í máli þessu. Sáu lögreglumennirnir strax greinileg merki áfengisáhrifa á ákærða, enda viðurkenndi hann umsvifalaust að hafa neytt og ekið bifreiðinni Y 1011 undir áhrifum áfengis. Var ákærði þegar fluttur í lögreglubifreiðinni á lögreglustöðina og síðan færður til héraðslæknis staðarins, sem tók sýnishorn úr blóði ákærða.

Með ákærða í bifreiðinni í umrætt sinn voru Lárus Fjeldsted, bróðir ákærða, Tryggvi Þorbergsson frá Sauðárkróki og Baldur Björnsson frá Mógskógum í Haganeshreppi. Hafa þeir allir komið fyrir dóm og borið vitni.

Ákærði hefur fúslega viðurkennt fyrst fyrir lögreglu og síðar í dómi í Siglufirði að hafa ekið bifreiðinni Y 1011 aðfaranótt 21. júlí s.l. undir áhrifum áfengis.

Vitnið Lárus Fjeldsted Jakobsson ber, að umrætt sinn hafi það verið í bifreiðinni Y 1011, fyrst um kvöldið og svo aftur um nóttina, skömmu áður en lögreglan kom á vettvang og tók ákærða. Í fyrra skiptið, er vitnið var í bifreiðinni, segist það ekki hafa séð merki áfengisáhrifa á ákærða. Í síðara skiptið, sá það, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og hefði vitnið því beðið ákærða að láta af akstri sakir þessa, og hafi ákærði því aðeins ekið einn „rúnt" um Aðalgötu og niður Tjarnargötu og verið á leið suður að „Sunnubrakka" til að leggja bifreiðinni, þá lögreglu bar að.

Vitnið Tryggvi Þorbergsson, sem var samfleytt með ákærða, áður og eftir að ákærði hóf akstur bifreiðarinnar Y 1011 þetta sinn, allt þar til lögreglan kom að, segist ekki hafa séð ákærða neyta áfengis þennan tíma, né haft hugmynd um eða grunað, að svo væri, fyrr en lögreglan kom og stöðvaði akstur ákærða. Vitnið kveður ákærða að vísu hafa drukkið gosdrykki í bifreiðinni, en kveðst eigi hafa vitað, að drykkurinn væri blandinn áfengi. Vitnið segist hafa verið mjög drukkið, er þetta skeði.

Vitnið Baldur Björnsson ber, að það hafi aðfarnótt 21. júlí 1962 setið í bifreiðinni Y 1011, um 15—20 mínútur áður en lögreglu bar að, og þá séð greinileg merki áfengisáhrifa á ákærða.

Vitnið Svavar Ármannsson, lögreglumaður nr. 11, annar þeirra, er stöðvuðu akstur ákærða, ber, að það hafi séð á framkomu og heyrt á rödd ákærða, að ákærði var með áfengisáhrifum, enda hefði hann strax og án refja viðurkennt það. Ákærði hefði þó ekki verið „útúrdrukkinn".

Vitnið Stefán Friðriksson, lögreglumaður nr. 5, sem var með vitninu Svavari, er akstur ákærða var stöðvaður, segir, að ákærði hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis, vínþef lagt af honum og hann verið nokkuð þvældur í útliti, en ekki virzt útúrdrukkinn.

Telja verður sannað með játningu ákærða, vætti vitna og niðurstöðu blóðrannsóknar, en niðurstaða hennar sýndi, 2.2‰ reducerandi efni í blóði ákærða samkvæmt vottorði Jóhanns Þorkelssonar læknis á Akureyri, að ákærði hafi undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni Y 1011 um götur í Siglufirði aðfaranótt 21. júlí 1962 og þá verið með tilliti til áfengismagns í blóði ákærða óhæfur til að aka bifreið.

Þetta atferli ákærða er brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, og ber því að refsa honum samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga.

Rétt þykir, þar sem ákærði játaði brot sitt umsvifalaust og skýrði rétt og skilmerkilega frá málavöxtum, að færa refsingu hans niður úr því lágmarki, sem áskilið er í 80. gr. umferðarlaga, samkvæmt 9. tölulið 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir og verða að taka tillit til, að ákærði hefur enn hvorki sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé, og að ekkert tjón hlauzt af broti hans.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, kr. 2.000.00. Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga skal ákærði sviptur ökuleyfi eitt ár, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Málið hefur í meginatriðum verið rannsakað í sakadómi Siglufjarðar.

Jón Óskarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Karel Jakobsson, greiði kr. 2.000.00 — tvö þúsund — í sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10

daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi eitt ár frá sama tíma.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1962.

Nr. 59/1962. **Halldór Jónsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hirti Valdimarssyni og gagnsök
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1962. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. júní 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, og hefur hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 259.094.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1957 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi bar sem vélstjóri á v/b Glað, S H 67, samkvæmt 47. gr. laga nr. 41/1930 ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélar bátsins, leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar teljast. Samkvæmt mennt sinni og starfa hafði gagnáfrýjandi betri aðstöðu en aðaláfrýjandi til að leggja dóm á öryggisútbúnað vélarinnar. Hann kvartaði allt að einu eigi fyrir slysið undan frágangi vélarinnar, svo vitað

sé, en meðhöndlaði vélina með því gáleysi, sem í héraðsdómi er lýst. Leiða þessir málavextir til sýknu aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti ákveðast kr. 8000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Halldór Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hjartar Valdimarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Hjörtur Valdimarsson, Skjaldartröð, Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu, höfðað með stefnu, útgefinni 7. janúar 1960, gegn Halldóri Jónssyni útgerðarmanni, Ólafsvík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 259.094.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda auk hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi.

Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur, og sáttatilraunir í málinu hafa eigi borið árangur.

Stefnandi, er hafði verið vélstjóri á m/b Glað, S H 67, frá því um haustið 1956, hefur skýrt svo frá málavöxtum, að báturinn hafi verið að koma úr róðri hinn 18. marz 1957, er hann hafi veitt því athygli, að allmikill sjór var kominn í vélarrúmið fyrir aftan vélina, sem ekki hafi náðst með lensidælu, þar eð rásirnar undir vélinni, sem sjórinn rennur eftir, höfðu stíflazt. Ekki hafi verið unnt að ráða bót á þessu, nema farið væri með

soggrein lensidælunnar í smiðju og soðinn á hana aukastútur ásamt skiptikrana. Þegar hann hafi verið búinn að setja lensirörið við aftur, hafi komið í ljós, að fremra sigtið hafi stíflazt, og varð stefnandi því að skrúfa rörendann frá og hreinsa hann. Þegar stefnandi var að koma rörinu fyrir á sinn stað, sem hann segir, að hafi gengið fremur illa sökum vindings á leiðslunni, hafi hann rekið hægri hönd í kílreimar, sem ganga í sporum á kasthjóli vélarinnar og hjólinu, sem knýr rafalinn, með þeim afleiðingum, að þumalfingur og baugfingur hægri handar urðu á milli rafalhjólsins og reimanna, og tók af þumalfingurinn og framan af baugfingrinum. Stefnandi kveður bátinn hafa legið bundinn við bryggju, er hann byrjaði á viðgerðinni, en skipstjórinn hafi fært bátinn sökum útfalls, meðan á viðgerðinni stóð, og hafi slysið orðið við lok færslunnar. Stefnandi kveður enga hlíf hafa verið um reimarnar, er slysið vildi til, en hún hafi verið sett á síðar.

Þessi frásögn stefnanda af slysinu er samkvæmt skýrslu hans, dags. 9. janúar 1958 og staðfestri í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 13. febrúar 1958. Nánar aðspurður um tildrög slyssin í sama réttarhaldi, skýrði stefnandi svo frá, að op lensidælunnar sé fyrir neðan kasthjól vélarinnar og útbúnaðinn, sem hann lét setja á sogrör lensidælunnar, hafi hann ætlað að nota til að tengja aðra soggrein við lensidæluna til að dæla með henni sjónum fyrir aftan vélina, enda hafi enginn útbúnaður verið í bátnum til að dæla burt sjó af þeim stað. Venjulega sé keðja í rásum undir vélinni til að halda þeim opnum, en slík keðja hafi ekki verið í rásum þessum, meðan stefnandi var á bátnum. Stefnandi tók fram, að útgerðarmanni og skipstjóra bátsins hafi verið kunnugt, að engin hlíf hafi verið um framangreindar kílreimar, og hann kvaðst ekki hafa farið fram á, að slík hlíf yrði sett yfir þær. Stefnandi gat þess, að báturinn hefði legið alveg inni í höfninni í umrætt sinn, og kvaðst ekki hafa getað gert sér grein fyrir, hvort nokkur sérstakur veltingur hafi verið á honum eða hvort hann hefði rekizt í, enda hafi hann haft allan hugann við það, sem hann var að gera.

Hinn 27. nóvember 1959 kom stefnandi enn fyrir dóminn. Var hann þá spurður að því, hvort nauðsynlegt hafi verið að nema burt öryggisslána í vélarrúminu, meðan á viðgerðinni stóð, en slá þessari er rækt í auga á vél og vélarrúmsþili og á að varna því, að menn falli á framangreindan kílreimaútbúnað. Stefnandi svaraði því til, að hann myndi nú ekki, hvort sláin

hafi verið krækt á í umrætt sinn, en tók fram, að þegar búið sé að taka upp gólfplötur vélarrúmsins, eins og hann hafi gert í umrætt skipti, þá hafi sláin ekki það gildi, sem hún eigi að hafa. Stefnandi taldi nauðsynlegt að hafa vélina í gangi, meðan á viðgerðinni stóð, þar sem verið var að „smúla" bátinn og taka bjóðin um borð, og auk þess hafi rafgeymarnir verið nokkuð lélegir. Stefnandi tók fram, að formanni bátsins hafi verið fullkunnugt um, að hann væri að gera við lensirör bátsins, enda hafi hann séð sig koma með rörin um borð. Hins vegar hafi formaðurinn ekki vitað, hvar í vélarrúminu viðgerðin hafi farið fram.

Er slysið vildi til, kveðst stefnandi hafa verið aðeins framan við miðja vél og verið að festa fremstu samskeyti soggreinarinnar. Hafi hann setið á hækjum sínum við verkið og horft að kílreimunum. Ekki gat stefnandi gefið neinar frekari skýringar á því, hvernig slysið vildi til, nema þá, að einhver slingur hafi komið á bátinn eða eitthvað slíkt. Þó vissi stefnandi ekki, hvort báturinn hefði verið bundinn við bryggju á þeirri stundu, er slysið varð, en kveður bátinn hafa verið bundinn við Suðurgarð, er viðgerðin hófst, en er stefnandi hafi komið upp eftir slysið, hafi verið búið að færa bátinn að Norðurgarði. Stefnandi sagði formann bátsins ekki hafa tilkynnt honum tilfærslu bátsins eða að hún stæði til.

Stefnandi kom enn fyrir dóminn 31. janúar 1962 og skýrði svo frá, að síðast fyrir slysið hafi hann verið að skrúfa ró þá, er merkt er með „A" á 5. myndinni, er fylgir matsgerðinni á dskj. nr. 11 og síðar mun verða rakin. Ró þessi er fremst á soggreininni næst kílreimunum. Ekki mundi stefnandi, hvort hann var að skrúfa hana með höndunum eða skiptilykli, en sagði sig örugglega ekki hafa verið búinn að fastherða hana, er slysið vildi til. Ekki mundi hann heldur, hvora höndina hann notaði til að skrúfa róna í umrætt sinn, en tók fram, að þegar verið sé að skrúfa saman slíka „uniona" og hér um ræðir, þurfi í upphafi jafnan að nota báðar hendurnar.

Kristmundur Halldórsson, skipstjóri á m/b Glað, sonur eiganda bátsins, stefnda í máli þessu, hefur komið fram fyrir dóminn og skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi báturinn verið bundinn við Norðurgarðinn, og kveður Kristmundur sér hafa verið kunnugt um, að stefnandi hafi verið að laga eitthvað niðri í vélarrúmi, enda hafi stefnandi tilkynnt honum á leiðinni í land úr veiðiferðinni, að eitthvað væri í ólagi með „lensigræjur" fyrir

aftan vél. Ekki kvaðst Kristmundur þó hafa vitað, að stefnandi ætlaði að breyta neinu þarna. Eftir að búið var að landa úr bátnum, kveður Kristmundur hann hafa verið fluttan að Norðurgarði, þar eð hann hefði ella fjarað uppi við Suðurgarð. Kristmundur kvaðst sjálfur hafa fært bátinn, en áður en hann hafi gert það, hafi hann farið niður í gang vélarrúmsins og kallað til stefnanda, hvort færa mætti bátinn. Hafi stefnandi þá kallað, að það væri allt í lagi. Eftir tilfærsluna kveðst Kristmundur hafa farið niður í hásetaklefann á m/b Bjarna Ólafssyni, er hafi verið bundinn næst fyrir ofan m/b Glað. Síðan telur Kristmundur, að hafi liðið um það bil hálf klukkustund, þar til Jósteinn bróðir hans hafi komið og tilkynnt honum, að stefnandi hefði orðið fyrir slysi. Er þetta gerðist, segir Kristmundur, að hafi verið norð-austan kaldi, en einskis veltings gæti í þeirri átt, þar sem bátarnir hafi legið í umrætt sinn, og hafi verið sléttur sjór við hafnargarðinn.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð, dags. 16/1 1960, undirritað af Madsveyn Meinhard Vestureið, Föroyar, og Guðna Sumarliðasyni stýrimanni, þess efnis, að Kristmundur Halldórsson hafi verið búinn að dveljast í um það bil hálfa klukkustund niðri í lúkar m/b Bjarna Ólafssonar ásamt vottorðsgefendum, frá því að m/b Glaður var færður til í höfninni og þar til nefndur Jósteinn kallaði til þeirra niður í lúkarinn, að stefnandi hefði orðið fyrir slysi.

Stefndi, Halldór Jónsson, hefur komið fyrir dóminn, og skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur heima hjá sér, er framangreint slys varð, og hafi Kristmundur sonur hans komið og tilkynnt honum það. Stefndi kveðst þá hafa farið niður í bátinn til að athuga, hvernig umhorfs væri í vélarrúminu, og þá séð, að gólfið var allt rifið upp, fremra lensirörið í lausu lofti og vélin í gangi. Einnig hafi öryggishliðið að dælu- og reimakerfi vélarinnar verið opið.

Stefndi kvað bátinn byggðan í Danmörku eftir íslenzkri teikningu og undir íslenzku eftirliti. Hafi hann fyrst verið gerður út frá Reykjavík í þrjú ár, en eftir að stefndi festi kaup á honum árið 1956, hefur hann verið gerður út frá Ólafsvík. Allan þann tíma, sem báturinn var gerður út frá Reykjavík, og ávallt síðan kveður stefndi hann hafa verið háðan eftirliti Skipaskoðunar ríkisins og hafi allar skýrslur þeirrar stofnunar verið án athugasemda.

Í vélarrúmi bátsins, sagði stefndi, að komið væri fyrir eins-

konar öryggishliði, þ. e. járnslá, sem hangir annars vegar í stálauga á hornstoð vélarhússkappans og á hins vegar að vera krækt í stálauga, sem er fremst á bullustokk. Slá þessi eigi að vera krækt, meðan vélin er í gangi, og megi ekki hreyfa hana, fyrr en vélin hefur verið stöðvuð. Telur stefndi, að með þessum hætti hafi svo virzt, að bæði skipasmíðastöðin og Skipaskoðun ríkisins hafi litið svo á, að öryggisútbúnaður þessi hafi uppfyllt fyllstu kröfur.

Lagt hefur verið fram vottorð skipaskoðunarstjóra, dags. 31. jan. 1962, þar sem þess er getið, að síðasta vélskoðun m/s Glaðs, S H 67, fyrir slysið hafi farið fram í Reykjavík hinn 25. janúar 1956, og hafi þá engin athugasemd verið gerð við öryggisútbúnað í vél af skoðunarmanni.

Þá hefur einnig verið lagt fram vottorð frá Skipaskoðun ríkisins, dags. 26. nóvember 1959, undirritað af Ágústi G. Sigurðssyni um sérstaka aukaskoðun á m/b Glað, S H 67, að því er varðar öryggisútbúnað aðalvélar. Í vottorði þessu segir, að öryggisútbúnaður vélar sé samkvæmt reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Með dómkvaðningu borgardómarans í Reykjavík, dags. 5. desember 1959, voru þeir Jóhannes Zoëga verkfræðingur og Þórður Runólfsson öryggismálastjóri dómkvaddir til að skoða og gera athuganir í vélarrúmi m/b Glaðs vegna framangreinds slyss. Hinir dómkvöddu menn hafa skilað skoðunargerð, dags. 4. marz 1960, ásamt 5 ljósmyndum, teknum í vélarrúmi bátsins. Skoðunargerðin hljóðar svo að loknum inngangsorðum, ... „Nokkrar ljósmyndir tókum við á slysstaðnum, og eru þær tölumerktar 1—5.

Mynd 1 er nærmynd af slysstaðnum. B eru kílreimarnar, sem knýja rafalinn frá kasthjóli mótorsins. C er hlíf, sem sett mun hafa verið yfir snúð rafalsins og kílreimarnar, sem á hann ganga, eftir að slysið varð. Fremst á myndinni hægra megin sést á gólfplötu í vélarrúminu.

Mynd 2 sýnir vélarrúmið með upprifnum gólfplötum, eins og slasaði telur, að hafi verið, er slysið varð. A er tengiró, sem slasaði telur sig hafa verið að skrúfa, er slysið varð. D er öryggisslá milli vélarrúmsþils og mótors. H2 er hæð slárinnar frá undirstöðutré undir mótor, sem mældist 1270 mm.

Mynd 3 sýnir sama hluta vélarrúmsins og mynd 2, en nú eru gólfplötur á sínum stað, og hæðin H1 sýnir hæð öryggisslarinnar frá gólfi, sem mældist 825 mm.

Mynd 4 sýnir að mestu það sama og mynd 3, og stafamerkingar eru þær sömu og áður. Mynd þessi sýnir greinilega, hvernig öryggisslánni D er smeygt í augu, öðru á þili vélarrúmsins F, hinu á mótornum G.

Mynd 5 sýnir að mestu það sama og myndirnar 3 og 4, en tengiróin A sést einna greinilegast á þessari mynd.

Eins og myndirnar bera með sér, er hér um stjórnborðshluta vélarrúmsins að ræða, og rafallinn, sem um er að ræða, er staðsettur út við þil og að mestu framan við mótorinn, þannig að reimhjól hans, sem knúð er frá kasthjóli mótorsins, snýr aftur og er á móts við fremri hluta kasthjólsbanans, þar sem sporin fyrir reimarnar eru. Hvað hæð snertir, er rafallinn þannig staðsettur, að reimhjólið er um það bil allt ofan við gólf vélarrúmsins.

Á brún gólfplötunnar er soðinn um það bil 2 cm hár listi, sem á að hindra það, að menn renni út af plötunni og lendi t. d. á kasthjólinu, og hefur brún þessari jafnframt verið ætlað að hindra það, að menn gætu runnið til og lent á reimhjóli rafalsins, sem var opið, áður en hlífin C var settt. En hlíf þessi mun hafa verið sett yfir hjólið og reimarnar, eftir að slysið varð.

Sláin D á að varna því, að menn geti kastazt fram á kasthjólið og reimarnar til rafalsins og virðist örugg og fulltraust vörn, hvað þetta snertir, miðað við hæð hennar frá gólfi. Sláin getur hins vegar ekki talizt ná tilgangi sínum, ef staðið er á undirstöðubitum mótorsins, sem eru 445 mm neðar en gólfið, og hæðin upp í slána þá 1270 mm, enda vart gert ráð fyrir því, að menn standi þar við vinnu, meðan mótorinn er í gangi og öryggisbúnaður miðaður við venjulegt rekstrarástand."

Skoðunarmennirnir hafa komið fyrir dóminn og staðfest skoðunargerðina og svarað nokkrum spurningum í sambandi við hana. Báðir töldu þeir hugsanlegt, að slysið hefði orðið með þeim hætti, er stefnandi heldur fram, enda hafi fjarlægðin frá ró þeirri, er stefnandi var að skrúfa, er slysið varð, að kílreimunum naumast verið meiri en ½ m. Þeir kváðust þó ekki hafa mælt þessa fjarlægð sérstaklega, heldur áætluðu þeir hana af mynd nr. 5, miðað við aðrar fjarlægðir í vélarrúminu, er þeir mældu. Skoðunarmennirnir töldu báðir, að hlíf sú, er sett var yfir kílreimarnar eftir slysið, hafi haft aukið öryggi í för með sér.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysi þessu, vegna þess að öryggisútbúnaður um kílreimarnar hafi verið ófullnægjandi, þar sem hlíf hafi vantað

um reimarnar, en í reglugerð nr. 11/1953, 49. gr., 4. tl., um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, segir: „Hraðgeng drifhjól og ganghlutar á vindum og orkuleiðurum (transmission) og víðar skulu varðir með hlífum eða öðru á öruggan hátt."

Í öðru lagi byggir hann kröfur sínar á því, að það hafi verið gálauslegt af skipstjóranum að færa bátinn án þess að gera sér aðvart.

Í þriðja lagi, að hér sé um hættulegan atvinnurekstur að ræða, og við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi enn fremur fram þeirri málsástæðu, að stefndi ætti að bera hallann af vafa um sönnunaratriði, þar eð hann hefði eigi hlutazt til um að láta fara fram sjóferðapróf þegar eftir slysið, heldur hafi stefnandi sjálfur orðið að sjá um það löngum tíma síðar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að öryggisútbúnaður í vélarrúmi hafi verið í fullkomnu lagi, og vitnar í vottorð skipaskoðunarstjóra, dags. 31. janúar 1962, er rakið hefur verið hér að framan, máli sínu til stuðnings, svo og í skoðunargerð hinna dómkvöddu manna þess efnis, að öryggissláin virðist örugg og fulltraust vörn, miðað við venjulegt rekstrarástand. En er slysið varð, hafi aðstæður í vélarrúminu verið allt annað en venjulegar, þar eð stefnandi hafi verið búinn að rífa upp gólfplöturnar og staðið á undirstöðubitum mótorsins við verkið, öryggissláin hafi verið ókrækt og vélin í gangi. Stefnandi hafi sjálfur skapað þetta hættuástand og ákveðið að vinna við það. Geti hann því sjálfum sér um kennt, hvernig fór, en ekki því, að öryggisútbúnaður hafi verið ófullnægjandi.

Stefndi mótmælir því, að tilfærsla bátsins í höfninni hafi átt nokkurn þátt í slysinu, enda sé það sannað, með framburði skipstjórans, studdum af vætti tveggja manna, að færslu bátsins var fyrir löngu lokið, er slysið vildi til.

Stefndi mótmælir því, að vélgæzla á mótorskipum geti almennt talizt til hættulegs atvinnureksturs í þeirri merkingu, að bótaskylda vegna slysa verði af þeim ástæðum einum lögð á atvinnurekandann. Sízt af öllu geti verið um slíkt að ræða í því tilfelli, er hér um fjallaði, þar sem báturinn hafi verið bundinn við bryggju í blíðskaparveðri og sléttum sjó.

Að endingu mótmælir stefndi því, að hann eigi að bera hallann af því, að sjóferðapróf fór ekki fram þegar eftir slysið. Stefnandi sé einn til frásagnar um atvik að slysinu og hafi því sú töf, er varð á rannsókn þess, engin áhrif haft á þau atriði, er til greina koma við að upplýsa tildrög slyssins.

Af framburði Kristmunds Halldórssonar skipstjóra, sem studdur er af vottorði þeirra Madsveyns Meinhards Vestureid og Guðna Sumarliðasonar, þykir sannað, að slysið hafi ekki orsakazt af tilfærslu bátsins innan hafnarinnar.

Ekki verður heldur fallizt á það með stefnanda, að vélstjórastarf þetta falli undir hættulega starfsemi í þeim skilningi, sem lagður er í það hugtak á vettvangi skaðabótaréttar.

Allt að einu þykir verða að leggja nokkra fébótaábyrgð á stefnda vegna slyss þess, þar sem kílreimarnar voru eigi varðar af hlíf, er slysið vildi til, enda firrir það stefnda ekki bótaábyrgð á slysi þessu, þótt starfsmenn skipaskoðunar ríkisins hafi eigi hreyft athugasemdum við öryggisútbúnaði í vélarrúmi bátsins fyrir slysið.

Á hinn bóginn þykir stefnandi eiga meginsök á slysinu sjálfur, með því gálauslega atferli sínu að hafa vél bátsins í gangi við það hættulega ástand, er stefnandi hafði skapað í vélarrúminu, meðan viðgerðin stóð yfir.

Þegar þau atriði eru virt, sem nú hafa verið rakin, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjónið að ⅕ hluta, en stefnandi beri sjálfur tjón sitt að ⅘ hlutum.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

Um 1. lið:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðings, kr. 238.731.00, að frádreginni greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 29.637.00 .. kr. 209.094.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti ..... — 50.000.00

Samtals kr. 259.094.00

Fjárhæð þessi kemur heim við stefnufjárhæðina. Verða nú hinir einstöku liðir hennar teknir til athugunar.

Bergþór Smári læknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 8. janúar 1958, segir svo að loknum inngangsorðum: ..... „Gert var að slysinu í Ólafsvík og í handlæknisdeild Landspítalans. Slasaði byrjaði vinnu að nýju í byrjun maí s.l. og hefur unnið að sjómennsku síðan.

Skoðun 8. jan. '58: Hægri hönd: Tæplega hálfa aðra kjúku vantar á þumalfingur. Örið er vel gróið, en dálítið aumt. Nokkur stirðleiki er í grunnlið þumalfingurs. Tæplega hálfa kjúku vantar á baugfingur. Sárið er vel gróið.

Varanleg örorka slasaða af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin: *20%*.

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda. Í útreikningi hans, sem dagsettur er 18. ágúst 1959, er stefnandi sagður fæddur 1. nóvember 1933 og hefur því verið 23 ára að aldri, er slysið varð. Samkvæmt afritum af skattaframtölum stefnanda, er lögmaður hans lét tryggingafræðingnum í té, hafa vinnutekjur hans starfsárin 1956—58 verið sem hér segir (tryggingafræðingurinn getur þess, að einungis fyrsta framtalið sé staðfest):

Árið 1956	.....	kr. 52.794.63
— 1957	.....	— 68.000.00
— 1958	.....	— 83.632.80

Tryggingafræðingurinn kveður tekjur stefnanda árin 1956 og 1957 munu að mestu leyti vera fyrir vélstjórastarf á fiskibáti, en árið 1958 hafi hann hins vegar starfað fyrir verktaka á Keflavíkurflugvelli. Erfitt sé að umreikna með nákvæmni tekjur bátasjómanna með tilliti til kauplagsbreytinga, er orðið hafa, en hins vegar sé fyrir hendi upplýsingar um tekjur togarasjómanna til ársloka 1958 svo og um meðaltekjur sjómanna og verkamanna til ársloka 1957 samkvæmt úrtaksrannsókn Hagstofu Íslands. Við umreikning framangreindra vinnutekna stefnanda hefur tryggingafræðingurinn stuðzt við hinar fyrrnefndu upplýsingar ásamt þeim breytingum, er urðu á árinu 1958 og snemma á árinu 1959, að því er tekur til tveggja fyrstu áranna, en tekjur ársins 1958 hefur hann umreiknað með tilliti til breytinga á Dagsbrúnarkaupi. Með þessum hætti reiknast honum umreiknaðar meðaltekjur áranna 1956—1958 nema kr. 68.111.00 á árinu 1957, en nema nú (þ. e. þegar útreikningurinn er gerður) kr. 82.058.00. Sé frambúðartap vinnutekna miðað við síðastnefndar tekjur, reiknast honum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 238.731.00, en með því að miða eingöngu við tekjur áranna 1956—1957 reiknast honum verðmætið nema kr. 217.366.00.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en nú hefur verið getið eru þau, að reiknað er með 6% starfsorkutöflum samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla árin 1941—1950. Tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að hann hafi eigi reiknað með hærra örorkustigi fyrst eftir slysið, og ekki heldur tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Í

fyrsta lagi telur hann örorku stefnanda of hátt metna, þar sem hann sé örvhentur. Lagt hefur verið fram vottorð í málinu, dags. 16/1 1960, undirritað af Kristni Þorgrímssyni og Leifi Þorleifssyni, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem unnum á vetrarvertíð árið 1957 á m/b Glað, Ólafsvík, en Hjörtur Valdimarsson var þá vélstjóri á bátnum, vottum hér með, að okkur virtist ávallt Hjörtur vera örvhentur, því að hann notaði vinstri hönd til vandasamra starfa og framar hægri hendi, á sama hátt og rétthentir menn nota hægri hönd framar þeirri vinstri. Hann dró enga dul á, að hann væri örvhentur, og viðhafði ummæli um það í okkar áheyrn.

Þetta vottorð erum við reiðubúnir að staðfesta með eiði, ef með þarf."

Leifur Þorleifsson hefur komið fyrir dóm og staðfest vottorðið, og nefndi hann sem dæmi um vinstrihandarnotkun stefnanda, að þegar hann hafi misst af fiski, hafi hann gripið gogginn með vinstri hendi, ef svo bar undir, enda taldi vitnið stefnanda öruggari að gogga fisk með vinstri hendi en þeirra hægri. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að hafa séð stefnanda skrifa né heldur kasta spjóti, kúlu eða kringlu. Vitnið kvaðst hafa heyrt stefnanda segja, að hann væri örvhentur, en mundi ekki eftir að nefna ákveðin tilvik í því sambandi. Vitnið taldi óhætt að fullyrða, að stefnandi hefði sagt sér þetta fyrir slysið, en kvaðst þó ekki vita, hvort þetta hefði verið sagt í gamni eða alvöru.

Stefnandi hefur mótmælt framburðinum sem röngum og vilhöllum og ávallt haldið fast við það, að hann sé rétthentur. Hann kveðst skrifa með hægri hendi og kasta kúlu, kringlu og spjóti eingöngu með þeirri hendi.

Gegn eindregnum andmælum stefnanda þykir ekki sannað, að hann sé örvhentur, og verður því framangreint örorkumat Bergþórs Smára læknis lagt til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið.

Þá hefur stefndi mótmælt tjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, þar sem atvinnutjón stefnanda í framtíðinni sé ekki miðað við tekjur hans fyrir slysið nema að litlu leyti, en samkvæmt venju beri að miða við tekjurnar næstu þrjú árin fyrir slysið við útreikning á örorkutjóni.

Þá bendir stefndi á, að tekjur stefnanda hafi stórlega hækkað eftir slysið, og mótmælir hann því, að stefnandi eigi nokkra kröfu á bótum fyrir atvinnutekjumissi fyrr en það sannast, að tekjur hans fari rýrnandi vegna slyssins.

Rétt þykir að miða bætur samkvæmt þessum lið við lægri fjárhæðina í útreikningi tryggingafræðingsins, byggða á atvinnutekjum stefnanda fyrir árin 1956 og '57, enda eru það tekjur fyrir samskonar störf og stefnandi vann, er slysið vildi til. Hins vegar ber að lækka þá fjárhæð nokkuð með tilliti til þess, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuútsvari, svo og vegna þess, að vextir hér á landi eru nú almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með.

Á hinn bóginn ber þess að gæta, að síðan útreikningurinn var gerður, hafa orðið almennar kauphækkanir hér á landi.

Þegar öll þessi atriði eru höfð í huga, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 170.000.00, og hafa þá verið dregnar frá þær bætur, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. lið.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og meiðslum hans lýst eftir þeim gögnum, er fyrir liggja.

Þegar þessi atriði eru virt og önnur þau atriði höfð í huga, er hér skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar nr. 30.000.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 40.000.00, þ. e. ⅕ (170.000.00 + 30.000.00) auk vaxta, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalyktum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.300.00.

Einar Arnalds yfirborgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Björnssyni verkfræðingi og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu, og stafar hann af önnum formanns dómsins við önnur dómstörf.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Jónsson, greiði stefnanda, Hirti Valdimarssyni, kr. 40.000.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1957 til greiðsludags og kr. 8.300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1962.

Nr. 6/1962. **Magnús Andrésson**
gegn
Guðjóni Steingrímssyni f. h. The Bank of Nova Scotia og Maríu Östlund f. h. db. Georgs Östlunds.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Andrésson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. nóvember 1962.

Nr. 138/1961. **Hótel Borg h/f** (Lúðvík Gizurarson hrl.)
gegn
Almennum Tryggingum h/f og gagnsök
(Axel Einarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Umferðarréttur um lóð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1961. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að gagnáfrýjanda verði, að viðlögðum 1000 króna dagsektum til aðaláfrýjanda, dæmt skylt að láta breyta svo gangi gegnum húsið nr. 9 við Pósthússtræti, að hvergi verði breidd hans óhindruð til umferðar minni en 3.15 m og hæð hans hvergi minni en 3.50 m. Á þetta einnig við um dyr þær, er gagnáfrýjandi hefur sett í báða enda gangsins.

2. Að viðurkennt verði, að í umferðarkvöð um nefndan gang felist, að aðaláfrýjanda sé þar heimil umferð ökutækja svo og að láta bifreiðir og önnur flutningatæki standa þar, meðan þau eru fermd eða affermd.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1961. Krefst hann sýknu af dómkröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ýmissa nýrra gagna verið aflað, þar á meðal eftir ábendingu í úrskurði Hæstaréttar 22. júní þ. á. Meðal gagna þessara eru ýmsir uppdrættir og vætti nokkurra vitna.

Eins og lýst er í héraðsdómi, lögðu eigendur lóðarinnar nr. 9 við Pósthússtræti þá kvöð á nefnda eign við sölu á lóðinni nr. 11 við sömu götu hinn 2. október 1928, að eigendur þeirrar fasteignar skyldu eiga „frjálsan rétt til umferðar“ um tiltekinn hluta lóðarinnar nr. 9. Kaupandi lóðarinnar nr. 11 við Pósthússtræti var þá að hefja undirbúning að byggingu veitinga- og gistihúss þess, sem skömmu síðar var reist á lóðinni. Samkvæmt uppdrætti þeim af gistihúsinu, sem samþykktur var 1. desember 1928, var m. a. gert ráð fyrir nokkru auðu svæði á baklóð hússins við enda gangs þess, sem um er að tefla. Dyr inn í kjallara veitingahússins eru og í samræmi við það við norðausturhorn hússins. Á árinu 1930 fór þáverandi eigandi gistihússins þess á leit við byggingayfirvöld að fá að reisa viðbótarhýsi á þessu auða svæði. Þeirri beiðni var synjað. Á austanverðri lóð þessari munu þó nokkru síðar, en óvíst hvenær, hafa verið reistir tveir smáskúrar, sem virðast hafa skert lóðina lítið og að engu inngang á svæðið. Allstórt hlið mun og á þessum tíma hafa verið sett fyrir inngang þennan. Á árinu 1960 voru nefndir skúrar svo rifnir og byggt yfir alla baklóðina.

Samkvæmt orðalagi kvaðargerningsins frá 1928, sem orðrétt er tekinn upp í héraðsdóm, verður að telja, að samn-

ingurinn hafi einungis veitt eigendum fasteignarinnar nr. 11 við Pósthússtræti rétt til umferðar um nefndan gang. Þessum skilningi til stuðnings er og, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, var, eins og rakið hefur verið, nokkurt autt athafnasvæði á eigin lóð gistihússins. Hins vegar verður að telja, að nefndur umferðarréttur taki til allrar venjulegrar og eðlilegrar umferðar, sem kvaðarþoli mátti gera ráð fyrir í sambandi við rekstur veitinga- og gistihúss, þar á meðal umferðar bifreiða og annarra ökutækja. Samkvæmt samningnum var hér um að tefla ósýnilega kvöð í réttarlegum skilningi.

Er þá athugunarefni, hvort eigendur fasteignarinnar nr. 11 við Pósthússtræti hafi síðar fyrir afnotahefð öðlazt víðtækari umferðarrétt en kvaðargerningurinn veitti samkvæmt framansögðu.

Af gögnum málsins er ljóst, að frá því skömmu eftir að rekstur gistihússins hófst, mun það hafa verið látið afskiptalaust af eigendum fasteignarinnar nr. 9 við Pósthússtræti, að farartæki með varning til gistihússins eða frá því hefðu viðdvöl á nefndum gangi, meðan þau voru fermd eða affermd. Mun svo hafa haldizt, þangað til gagnáfrýjandi eignaðist lóðina nr. 9 við Pósthússtræti og hóf þar byggingarframkvæmdir. Í sambandi við þessi víðtækari not af ganginum en kvaðargerningurinn heimilaði samkvæmt framansögðu er þó ekki leitt í ljós, að eigendur fasteignarinnar nr. 11 við Pósthússtræti hafi fyrr en á árinu 1960 komið þar fyrir neinum þeim mannvirkjum, sem gert gætu slíka kvöð sýnilega. Aðaláfrýjandi hefur því ekki öðlazt slíkan víðtækari kvaðarrétt fyrir afnotahefð, sbr. 2. gr., 7. gr. og 8. gr. laga nr. 46/1905.

Þau frávik frá breidd og hæð gangsins samkvæmt ákvæðum kvaðargerningsins, sem gagnáfrýjandi hefur látið gera, eru að mestu leyti svo lítils háttar og skipta ekki því máli um beitingu kvaðarinnar, að efni séu til að kveða á um breytingu á þeim dýra og snyrtilega búnaði gangsins, sem gagnáfrýjandi hefur þegar látið fullgera.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að stað-

festa hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 25. júlí 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hótel Borg h.f. hér í bæ höfðað fyrir merkjadómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. október 1960, gegn Almennum Tryggingum h.f. hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 2. október 1928, seldi Íslandsbanki Jóhannesi Jósefssyni fasteignina nr. 11 við Pósthússtræti hér í bæ. Í afsali þessu segir meðal annars svo:

„Kaupandi og síðar eigendur hinnar seldu eignar skulu hafa frjálsan rétt til umferðar um ofangreindan 3,15 metra breiðan gang sunnan af lóðinni nr. 9 við Pósthússtræti, meðfram öllum norðurtakmörkum þeirrar lóðar, en umferðarréttur þessi skal eigi vera því til hindrunar, að eigandi nr. 9 byggi yfir gang þennan í minnst 3½ metra hæð.

Eignarheimild þessi var þinglesin.

Íslandsbanki átti á þessum tíma einnig fasteignina nr. 9 við Pósthússtræti. Með kaupsamningi, dags. 9. október 1928, seldi Íslandsbanki firmanu Á. Einarsson & Funk eign þessa. Í kaupsamningnum segir meðal annars svo:

„Á 3.15 metra breiðum gangi meðfram suðurtakmörkum lóðarinnar hvílir sú kvöð, að eigendur húseignarinnar nr. 11 við Pósthússtræti skulu hafa frjálsan rétt til umferðar um þennan gang meðfram öllum suðurtakmörkum hinnar seldu lóðar, en umferðarréttur þessi skal eigi vera því til hindrunar, að kaupandi eða síðari eigendur hinnar seldu húseignar byggi yfir þennan gang í minnst 3½ meters hæð."

Afsal fyrir eiginni var gefið út 3. nóvember s. á., og voru eignarheimildir þessar þinglesnar. — Jóhannes Jósefsson reisti gistihús á lóðinni nr. 11 við Pósthússtræti, og var byggingu þess lokið snemma á árinu 1930. Hefur þar síðan verið rekið veitinga- og gistihús. Samkvæmt afsali, dags. 20. janúar 1960, varð stefnandi eigandi fasteignarinnar nr. 11 við Pósthússtræti. Sam-

kvæmt afsali, dags. 19. marz 1955, varð stefndi eigandi fasteignarinnar nr. 9 við Pósthússtræti. Reisti hann á lóðinni fimm hæða skrifstofuhús, og var byggingu þess lokið á árinu 1960. Í gegnum hús þetta var hafður gangur, þar sem áður var sund milli húsa þeirra, sem áður stóðu á umræddum lóðum. Voru hafðar hurðir fyrir þeim enda gangsins, sem að götu snýr, og er hægt að læsa þeim. Á lóð stefnanda hefur verið byggt að mörkum hennar og lóðar stefnda. Að beiðni stefnanda dómkvaddi borgardómarinn í Reykjavík tvo menn til þess að skoða umræddan gang og segja til um, hvort hann sé í samræmi við stærðarákvæði þau, sem fram koma í greindum eignaheimildum frá árinu 1928, lýsa dyraumbúnaði, nothæfni, hæð og breidd dyra. Í matsgerð matsmanna, þeirra Ögmundar Jónssonar verkfræðings og Eiríks Einarssonar arkitekts, segir meðal annars svo:

„Á uppdrætti Gísla Halldórssonar af 1. hæð hússins Pósthússtræti 9 er lega og afstaða gangsins sýnd. Breidd gangsins reyndist vera (ljósmál) 313,5 cm við götuhlið og 317,5 cm inn að garði. Veggurinn að Pósthússtræti 11 er 24,0 cm þykkur að meðtöldu mosaiklagi innan á honum.

Hæð gangsins inn að garði er 344,0 cm. Fram að götunni er búið um dyr, eins og sýnt er á uppdrætti Hartmann, Hamburg. Ofan við dyraumbúnað er föst brík. Gangdyr eru vængjahurðir í miðju opinu. Auk þess er svo um búið, að opna má stærri vængi jafnt til hvorrar handar, og verður þá dyraopið 260,5 cm á hæð (ljósmál), en breiddin er 282,5 cm, þar sem hún er minnst, mælt frá hurðarhún að hinum vængnum.

Út að gangstéttinni er eitt þrep niður úr ganginum u.þ.b. 14,5 cm hátt.

Á uppdrætti frá skrifstofu bæjarverkfræðingsins, mælingadeild, dags. í janúar 1959, eru sýnd mörk lóðanna nr. 9 og 11 við Pósthússtræti og enn fremur lóðarræma sú, sem á hvílir kvöð um umferð fyrir húsið Pósthússtræti 11. Uppdrátturinn fylgir matsgerð þessari sem fylgiskjal nr. 1.

Í afsölum segir, að byggja megi yfir þann hluta, sem umferðarkvöðin er á, í minnst 350 cm hæð.

Eins og áður er sagt, er 24,0 cm þykkur veggur að lóðarmörkum. Þar inn af er gangur með 313,5—317,5 cm frírri breidd. Út að garðinum er frí hæð gangsins 344,00 cm. Í dyrabúnaði út að götu eru opnanlegar dyr með frírri hæð 260,5 cm og minnstri frírri breidd 282,5 cm.“

Hinn 23. marz s.l. lét stefndi setja hurðir fyrir innri enda umrædds gangs. Að beiðni stefnanda dómkvaddi borgardómarinn í Reykjavík tvo menn til þess að skoða ganginn og þennan dyraumbúnað í innri enda hans, lýsa umbúnaðinum, nothæfi dyranna og hve mikið umferðarrými sé um þær, bæði breidd og hæð. Í matsgerð matsmannanna Ögmundar Jónssonar verkfræðings og Eiríks Einarssonar arkitekts segir meðal annars svo:

„Eins og um getur í matsbeiðninni, liggur fyrir frá undirrituðum matsgerð (dags. 31. okt. 1960) um fyrrnefndan gang og dyraumbúnað að Pósthússtræti. Er þar aðstæðum lýst, og vísast hér með til þess.

Hér liggur fyrir lýsing og athugun á dyrum í innri enda gangs (austurenda), en þeim var komið fyrir, eftir að fyrra matið var gert.

Dyraumbúnaður þessi er úr tré. Fyrirkomulag hans er lauslega sýnt á meðfylgjandi uppdrætti (fylgiskjal nr. 1) og einnig á vinnuteikningu, undirritaðri af Ól. Júlíussyni (fylgiskjal nr. 2). Opinu er skipt í tvo hluta með láréttri þverslá, og er frí hæð frá henni niður að gólfi 240,0 cm. Gangdyr eru vængjahurðir í miðju opinu. Auk þess er svo um búið að opna má stærri vængi jafnt til hvorrar handar, og verður þá dyraopið 298 cm á breidd og 240,0 cm á hæð, eins og áður er sagt. Þess ber að geta, að matsmönnum var tjáð, að málmlisti verði felldur í gólfið þvert yfir dyraopið til stuðnings hurðunum. Þessi listi mun þurfa að vera um 2,5 cm á hæð. Ofan þverslár eru gluggar, er opna má á líkan hátt og hurðirnar. Séu gluggarnir opnir, er minnsta breidd opsins 296,0 cm.

Þverslána má taka úr opinu, séu hurðir og gluggar öðru hvoru megin teknir af hjörum. Sé þetta gert, verður hæð opsins niður á gólf 341,0 cm. Þess ber að geta, að losa þarf skrúfur á hjörum, áður en hurðir eru teknar af."

Stefnandi telur, að stærð umrædds gangs sé ekki í samræmi við þau stærðarmörk, sem fram koma í eignarheimildum, og að umferðarrétti hans sé þannig spillt. Þá kveður stefnandi stefnda hafa mótmælt því, að hann eigi rétt til að láta bifreiðir standa á svæði því, sem umferðarrétturinn nær til. Af þessum ástæðum kveðst stefnandi vera knúinn til að höfða mál þetta.

Í stefnu hefur stefnandi gert eftirfarandi dómkröfur:

1. Að stefndi verði skyldaður til, að viðlögðum 1000 króna dagsektum til stefnanda, að láta breyta svo nefndum gangi í gegnum húsið nr. 9 við Pósthússtræti, að breidd hans óhindr-

uð til umferðar sé hvergi minni en 3.15 m og hæð hans hvergi minni en 3.50 m. Á þetta einnig við um dyr þær, er stefndi hefur sett fyrir ganginn.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að í nefndri umferðarkvöð stefnanda felist það, að honum sé heimilt að láta standa þarna bifreiðir og önnur flutningatæki, meðan þau eru fermd eða affermd.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins var dómkröfum stefnanda breytt og þess krafizt samkvæmt 2. lið, að viðurkennt verði með dómi, að í nefndri umferðarkvöð stefnanda felist það, að honum sé auk almennrar umferðar ökutækja heimilt að láta standa þarna bifreiðir og önnur flutningatæki, á meðan þau eru fermd og affermd.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt 1. lið eru reistar á því, að stefndi hafi algerlega brotið umferðarrétt þann, sem stefnandi telur ótvíræðan, og beri stefnda því að láta breyta ganginum í það horf, er heimildarskjöl ákveða.

Að því er varðar 2. lið dómkröfu stefnanda, þá er því haldið fram af hans hálfu, að í umferðarrétti hans felist ótvírætt það, að honum sé heimilt að láta bifreiðir standa á lóðarspildu þeirri, sem kvöðin hvílir á, meðan þær eru fermdar og affermdar. Er því haldið fram, að þannig hafi þetta einnig verið í framkvæmd, óátalið af eigendum Pósthússtrætis 9, allt frá árinu 1929 og þar til nú. Hafi gangurinn þannig verið notaður til að flytja öll matföng til hótelsins.

Að því er varðar 1. lið dómkrafna stefnanda, þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að það sé ekki á hans valdi að breyta útliti húss þess, er hann byggði á umræddri lóð. Það sé eingöngu á valdi bæjaryfirvalda. Það hafi hins vegar verið ætlun hans að hafa þá breidd og hæð á ganginum, sem fram komi í afsalsbréfunum. Skorti eitthvað á það, hafi það verið gert án vitundar hans. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, varðandi þetta atriði, að það myndi hafa mjög mikinn kostnað í för með sér fyrir hann að þurfa að láta höggva upp gólf og veggi gangsins, auk þess sem það myndi vera til stórra lýta. Á hinn bóginn sé þetta mjög veigalítið atriði fyrir stefnanda. Verði stefnandi fyrir einhverju tjóni af þessum sökum, kynni hann að eiga fjárkröfu

á hendur stefnda. Er því þó mótmælt af hálfu stefnda, að stefnandi eigi slíka kröfu.

Varðandi 2. lið dómkrafna stefnanda, er því haldið fram af hálfu stefnda, að í afsalsbréfum þeim, sem fram hafi verið lögð í máli þessu, komi hvergi fram, að eigandi umrædds ítaks megi fara með bifreiðir eða önnur farartæki um lóðina nr. 9 við Pósthússtræti, þ. e. umræddan gang. Er því lýst yfir í þessu sambandi, að Júlíus Schopka, sá er seldi stefnda umrædda lóð, hafi tekið það fram við fyrirsvarsmenn stefnda, er samið var um kaupin, að hann hefði margoft mótmælt því, að Hótel Borg léti bifreiðir fara um ganginn. Í þessu sambandi er á það bent af hálfu stefnda, að búast megi við mikilli umferð um umræddan gang, en úr ganginum liggi aðaldyr húss stefnda.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að jafnvel þótt það hefði vakað fyrir fyrrverandi eigendum greindra lóða, að sú kvöð skyldi lögð á eignina nr. 9 við Pósthússtræti, að eigendur Hótel Borgar mættu fara þar með bifreiðir og önnur flutningatæki, þá sé sú kvöð ólögleg, þar sem gildandi lagaákvæði mæli svo fyrir, að ökutæki megi ekki fara um gangstéttir.

Þá er því að lokum haldið fram af hálfu stefnda varðandi þennan lið dómkrafna stefnanda, að jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi hefði lögmætan rétt til að fara með bifreiðar og önnur flutningatæki um greindan gang, þá geti stefnandi ekki notað ganginn sem athafnasvæði með því að ferma og afferma þar bifreiðir. Er því haldið fram, að umferðarréttur eiganda Hótel Borgar geti aldrei náð lengra en svo, að þeir noti ganginn til að komast inn á sína lóð.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefnandi hefur fengið lykla að þeirri hurð gangsins, sem snýr út að götu, en innri hurð gangsins er jafnan höfð opin.

Það hafði viðgengizt, að bifreiðum væri ekið um sund það, sem var milli húsanna nr. 9 og 11 við Pósthússtræti, áður en stefndi reisti hús sitt. Er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þessari notkun sundsins væri mótmælt.

Það kemur að vísu ekki berlega fram, að umferðarréttur sá, sem eigendum lóðarinnar nr. 11 við Pósthússtræti var veittur yfir lóðina nr. 9 við sömu götu samkvæmt greindum afsölum til Júlíusar Schopka og Jóhannesar Jósefssonar, skyldi ná til umferðar bifreiða eða annarra ökutækja. En þegar virt er tilskilin hæð og breidd gangsins og hin mikla nauðsyn, sem hinu fyrirhugaða hóteli bar til að hafa slíkan aðgang að lóðinni og

að ekki mun hafa verið um annan slíkan aðgang að ræða, þá verður að telja, að í umferðarrétti þessum felist heimild til allrar almennrar umferðar, þar á meðal eðlilegrar umferðar bifreiða og annarra ökutækja við aðdrætti að hótelinu. Verður ekki talið, að eðlileg umferð ökutækja af götu, yfir gangstétt og um gang þennan brjóti í bága við gildandi lög. Eins og fram er komið, fullnægir umræddur gangur um hús stefnda ekki ákvæðum greindra heimildarbréfa um hæð og breidd. Ætla má, að tilskilin hæð hafi m. a. verið ákveðin með tilliti til lofthæðar bygginga á lóðunum nr. 9 og 11 við Pósthússtræti og að breidd gangsins hafi á sama hátt miðazt við það, að hafa mætti inngöngudyr í húsið nr. 9 við Pósthússtræti úr ganginum milli húsanna. Þegar þetta er haft í huga og jafnframt tekið tillit til þess, að hæð og breidd gangsins, eins og hann er nú og að framan er lýst, verður að teljast nægileg til þess að fullnægja allri venjulegri bifreiðaumferð um hann inn á lóð stefnanda, þykja ekki efni til að taka kröfu stefnanda um breytingu á ganginum til greina.

Þá verður ekki heldur talið, að í umferðarrétti þessum felist heimild til að nota lóð stefnda sem athafnasvæði. Verður því ekki tekin til greina sú krafa stefnanda, að honum verði heimilað að láta bifreiðir og önnur flutningatæki standa í umræddum gangi, á meðan þau eru fermd eða affermd.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verða úrslit málsins þau, að viðurkenndur er réttur stefnanda til eðlilegrar umferðar bifreiða og annarra ökutækja yfir lóðina nr. 9 við Pósthússtræti, en að öðru leyti ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Árna Snævarr verkfræðingi og Hákoni Guðmundssyni hæstaréttarritara.

Dómsorð:

Stefnandi, Hótel Borg h.f., hefur rétt til umferðar bifreiða og annarra ökutækja yfir lóðina nr. 9 við Pósthússtræti, en að öðru leyti á stefndi, Almennar Tryggingar h.f., að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 3. desember 1962.

Nr. 162/1962. **Þórscafé h/f**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð héraðsdóms.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1962, er barst Hæstarétti 20. s. m., og gert þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Vitni er í sambandi við heitfestingu vættis síns að lögum óskylt að svara spurningum varðandi trúarskoðanir sínar. Verður hinn kærði úrskurður því úr gildi felldur.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði sóknaraðilja, Þórscafé h/f, kærumálskostnað, kr. 1.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 30. október 1962.

Í máli þessu, sem þingfest var hinn 16. okt. 1961, hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Þórscafé h.f., til tryggingar álögðum og ógreiddum tekjuskattshækkunum gerðarþola fyrir gjaldárið 1958, kr. 114.811.00, og kr. 145.755.00 fyrir gjaldárið 1959.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að hin umbeðna lögtaksgerð verði látin fara fram fyrir framangreindum skattupphæðum ásamt lögmæltum dráttarvöxtum af þeim, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, svo og málflutningsþóknun eftir taxta Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur gerðarþola eru hins vegar þær, að synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að honum verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1960 lét skattstjórinn fram fara skoðun á bókhaldi gerðarþola fyrir skattárin 1957 og 1958. Voru gerðarþola sendar skriflegar athugasemdir við bókhald og framtal tekna og gjalda fyrir þessi ár, dags. 8. febr. 1960. Gerðarþoli svaraði þeim með bréfi dags. 7. maí s. á. Þann 4. okt. s. á. tilkynnti svo skattstjóri gerðarþola, að tekjuskattur hans fyrir gjaldárið 1958 hafi verið hækkaður úr kr. 26.828.00 í kr. 151.966.00 — og tekjuskattur fyrir gjaldárið 1959 úr kr. 36.461.00 í kr. 191.659.00. Gerðarþoli kærði álagningar þessar til skattstjóra, sem lækkaði tekjuskatt fyrir gjaldárið 1958 niður í kr. 141.639.00 og tekjuskatt fyrir gjaldárið 1959 niður í kr. 182.216.00. Gerðarþoli kærði til yfirskattanefndar og síðan til Ríkisskattanefndar, sem báðar staðfestu ákvarðanir skattstjóra. Að frádregnum áður álögðum tekjuskatti á gerðarþola fyrir umrædd ár er því skattur sá, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, sem hér segir: Fyrir gjaldárið 1958 kr. 114.811.00 og fyrir gjaldárið 1959 kr. 182.000.00.

Skatthækkanir þær, sem um ræðir í máli þessu, eru að mestu leyti byggðar á áætlun skattstjóra um vantalda sölu á öli og gosdrykkjum á umræddum árum, og skiptir þá verulegu máli, hvert útsöluverð þessara veitinga hefur verið hvort ár fyrir sig. Greinir málsaðilja mjög á um það, en skjallegar sannanir fyrir söluverðinu hafa ekki verið lagðar fram í málinu. Hins vegar hafa báðir aðiljar leitt vitni til upplýsingar um þetta atriði, og greinir þau verulega á um það.

Meðal vitna, sem leidd hafa verið í málinu, er Hallgrímur Jónsson lögregluþjónn, er mætti fyrst í dóminum hinn 30. okt. 1961. Hinn 2. júlí s.l. kom hann aftur fyrir dóminn að tilhlutan umboðsmanns gerðarþola, er óskaði þess, að vitnið staðfesti framburð þess frá 30. okt. f. á. Spurði fógeti þá vitnið, hvort það væri í viðurkenndu trúfélagi og tryði á guð. Vitnið neitaði að svara þeirri spurningu og kvað það einkamál sitt og að það teldi sér

ekki skylt að staðfesta framburð sinn með eiði, en væri fúst að staðfesta hann með drengskaparheiti.

Umboðsmaður gerðarþola krafðist þess þá, að vitnið yrði látið staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti, enda yrði það ekki skyldað til að svara framangreindri spurningu fógeta, sbr. hæstaréttardóm frá 1954, dómasafn bls. 16—17.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að vitnið yrði skyldað til að svara spurningu fógeta, þar eð hinn tilvitnaði hæstaréttardómur ætti ekki við um tilvik það, er hér um ræðir.

Samkvæmt 222. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 gildir 134. gr. sömu laga um staðfestingu í fógetaréttarmálum. Samkvæmt því ákvæði fer staðfesting fram með eiðvinningu, ef vitni er í viðurkenndu trúfélagi og tjáir sig að gefnu tilefni fyrir dómara trúa á guð. Ella skal staðfesting fara fram með drengskaparheiti. Leiðir af því, að staðfesting getur ekki farið fram, ef vitni neitar að svara spurningu sem þeirri, er hér um ræðir.

Því úrskurðast:

Vitninu Hallgrími Jónssyni er skylt að svara framangreindri spurningu fógeta, áður en hægt er að ákveða, á hvern hátt það skuli staðfesta framburð þess hér fyrir dóminum.

Miðvikudaginn 5. desember 1962.

Nr. 161/1962. **Gunnar Ásgeirsson**
gegn
Áka Jakobssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbann. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. október 1962, er barst dóminum hinn 16. nóvember s. á. Hann krefst þess, að lögbann verði sett við fram-

kvæmdum Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns á lóð hans og sóknaraðilja við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík, gegn tryggingu, sem eigi verði ákveðin hærri en kr. 250.000.00, og að teknir verði gildir sem trygging fyrir lögbanninu tveir víxlar, annar að fjárhæð kr. 50.000.00, eiginn víxill, útgefinn af sóknaraðilja, og hinn að fjárhæð kr. 200.000.00, samþykktur af sóknaraðilja og útgefinn af Einari Gunnarssyni, Smáratúni 32, Keflavík. Enn krefst hann, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Í máli þessu er gerð krafa um framkvæmd lögbannsgerðar að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Málið sætir því eigi kæru til Hæstaréttar, sbr. 3. tl.a 21. gr. laga nr. 57/1962, og ber sjálfkrafa að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. okt. 1962.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Gunnars Ásgeirssonar, Smáratúni 32, Keflavík, hefur þess verið krafizt, að lögbann verði lagt við því, að Áki Jakobsson, Mávahlíð 36, Reykjavík, haldi áfram framkvæmdum á lóð við Brekkustíg í Njarðvíkurhreppi gegn þeirri tryggingu, er rétturinn metur gilda. Á síðara stigi málsins hefur hann krafizt, að 250.000 kr. víxlar, sem áður hafa verið settir sem trygging, verði teknir gildir.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og þess krafizt, að um hana verði synjað. Ennfremur hefur gerðarþoli krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. En ef fógeti teldi rétt að taka kröfu gerðarbeiðanda um lögbann til greina, er þess krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að setja lögbannstryggingu, kr. 1.000.000.00 í peningum.

Lögbannsbeiðni þessi barst fógetaréttinum hinn 19. júlí 1962 og var tekin fyrir 27. júlí og þá lagt lögbann við framkvæmdum, þar sem gerðarþoli hafði ekki mætt.

Síðan fóru að berast réttinum ýmis gögn, er urðu þess valdandi ásamt beiðni gerðarþola, að lögbannið var fellt niður og gerðin tekin fyrir að nýju. Þessum aðförum fógeta vildi gerðarbeiðandi ekki una, kærði þessa meðferð til Hæstaréttar, og stöðvaðist málið því hér fyrir réttinum. Hæstiréttur vísaði síðan málinu til fógetaréttarins til meðferðar og uppsögu rökstudds úrskurðar, og kom það hér aftur fyrir 8. október s.l. Síðan hafa aðiljar beðið um fresti á víxl til framlagningar á skjölum, en málið var síðan tekið til úrskurðar 19. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 14. sept. 1961, fara þeir gerðarbeiðandi og gerðarþoli í máli þessu á leit við stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, að þeim verði veitt lóð til að byggja á fiskhús til söltunar, beitingahús og mötuneyti svo og hús til fiskþurrkunar. Hinn 28. nóvember úthlutaði stjórn Landshafnarinnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi þeim lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Að því er virðist, hafa þeir félagar hafið ýmsan undirbúning að væntanlegum framkvæmdum, t. d. fengið teiknuð hús, ráðið meistara til að sjá um byggingar o. fl.

Er kom fram á útmánuði 1962, fór samvinna á milli þeirra félaga að gerast allerfið, og svo fór að lokum, að upp úr slitnaði.

Gerðarbeiðandi og gerðarþoli virðast án samvinnu hafa byrjað framkvæmdir á lóðinni um svipað leyti, eða um mánaðamótin maí og júní s.l. Framkvæmdir gerðarbeiðanda virðast þó óverulegar, því að brátt hætti hann framkvæmdum. Gerðarþoli hélt hins vegar framkvæmdum áfram, og er lögbanns þessa var beiðzt, hafði hann slegið upp talsverðu af steypumótum, haldið síðan verkinu áfram, og mun nú að mestu vera lokið að steypa upp 700 m^2 hús á lóðinni. Talsvert mun þó vanta á, að hús þetta sé komið í það ástand, að hægt sé að taka það í notkun.

Hinn 21. júní 1962 gefur hafnarstjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps út leigusamning til handa gerðarbeiðanda og gerðarþola samkvæmt ályktun hafnarstjórnar frá 28. nóvember 1961, og er þeim leigð 3.375 m^2 lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík til að byggja á fiskverkunarhús og verbúðir. Gerðarbeiðandi undirritar þenna samning, en gerðarþoli ekki. Þenna sama dag greiðir gerðarbeiðandi helming lóðarleigu eftir hina margnefndu lóð fyrir árið 1962, kr. 4.218.75 til Landshafnarinnar.

Gerðarbeiðandi telur, að framkvæmdir gerðarþola á lóðinni

séu gerðar án nokkurs samráðs við sig og gegn mótmælum sínum. Hann telur einnig, að það sé óumdeilt, að hann eigi leigurétt yfir lóðinni að hálfu á móti gerðarþola í óskiptri sameign, og vísar þar til leigusamnings, sem útgefinn var af Landshöfninni 21. júní 1962. Með því að taka algjörlega í sínar hendur byggingu hússins gerir hann að engu fyrir gerðarbeiðanda þá vinnu, fyrirhöfn og peninga, sem hann hafi lagt í húsið, og hrifsar þetta til sín.

Gerðarþoli kveður lögbannsbeiðnina of seint fram komna, þar sem framkvæmdir séu nú þegar hafnar á lóðinni. Gerðarbeiðandi hefði átt að fá lögbann lagt við því, að framkvæmdir yrðu hafnar. Lóðarsamningur sá, sem gerðarbeiðandi hafi lagt hér fram sem réttarskjal nr. 11, sé ekki skjal til að veita gerðarbeiðanda rétt. Lögbannið nú þjóni engum skynsamlegum tilgangi, sem réttarverndar getur notið, og svo mun það valda miklu tjóni.

Það er upplýst, að samkvæmt ályktun hafnarstjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps hinn 28. nóvember 1961 var þeim gerðarbeiðanda, Gunnari Ásgeirssyni, og gerðarþola úthlutað lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Þeir hófu í sameiningu ýmis undirbúningsstörf til þess að geta byrjað framkvæmdir á lóðinni. Gerðarþoli hefur síðan einn og gegn vilja gerðarbeiðanda hafið byggingarframkvæmdir og heldur þeim áfram. Eigi verður annað séð en gerðarbeiðandi hafi öðlazt þann rétt yfir hinni margnefndu lóð, að framkvæmdir þessar geti varðað hagsmuni hans.

Aðilja máls þessa greinir mjög á um tryggingu þá, er hæfileg sé vegna lögbanns þessa. Upplýst er, að gerðarþoli hefur í smíðum stórt fiskverkunarhús á lóðinni, og virðist stöðvun byggingarinna geta valdið honum ófyrirsjáanlegu tjóni. Þykir því verða að krefjast hárrar tryggingar, áður en lögbann verði sett við frekari framkvæmdum.

Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögbannsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn tryggingu, sem talin er hæfilega ákveðin kr. 400.000.00.

Málskostnaðarkröfur verða ekki teknar til greina sérstaklega hér fyrir fógetaréttinum.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðar-

beiðanda og gegn 400.000.00 króna tryggingu, sem rétturinn tekur gilda.

Miðvikudaginn 5. desember 1962.

Nr. 97/1962. **Guðjón Jónsson og Ágúst Ólafsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Atvikum málsins og málsástæðum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 24/1958 skal ágreiningur aðilja sæta úrlausn gerðardóms. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 22. nóvember 1961

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Páli Sigurðssyni forstjóra f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum með stefnu, útgefinni 7. marz 1961, birtri s. d. á hendur Guðjóni Jónssyni, Heiðavegi 25, og Ágústi Ólafssyni, Brekastíg 24, báðum í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á iðgjaldi af bráðafúatryggingu fyrir árið 1958 af m.b. Blátindi, VE 21, sem þá var eign þeirra, að fjárhæð kr. 15.346.65, virðingarkostnaði, kr. 200.00, eða alls kr. 15.546.65, ásamt 8% ársvöxtum frá stefnudegi, 7. marz 1961, til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur í bátnum fyrir stefnukröfunum.

Stefndu mættu í málinu og gerðu þær réttarkröfur, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Með lögum nr. 24 frá 29. apríl 1958 var öllum eigendum tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, gert að skyldu að vátryggja þau hjá stefnanda gegn skemmdum af bráðafúa og fleiru. Iðgjöldin skyldu ákveðin af ráðherra í samráði við Samábyrgðina, og fylgdi þeim lögveð í skipi. Stefndu voru á þessum tíma eigendur að m.b. Blátindi, V E 21, sem var tréskip með þilfari og ætlað til fiskiveiða. Stefnandi taldi, að skipið félli undir ákvæði laganna og væri tryggingarskylt. Samkvæmt þeim reglum, sem farið var eftir við ákvörðun iðgjalda, reyndist tryggingargjald bátsins kr. 15.346.65 fyrir árið 1958, og að viðbættum virðingarkostnaði, kr. 200.00, áttu stefndu að greiða kr. 15.546.65, og er það stefnukrafa málsins.

Stefndu draga ekki í efa, að umrædd lög nái almennt til bátsins, en hins vegar telja þeir, að þeim sé óskylt að greiða tryggingariðgjald af bátnum árið 1958, vegna þess að þá var báturinn undir viðgerð og stóð óhreyfður allt árið. Á þessu er byggð sýknukrafa þeirra.

Upplýst er, að þurrafúa varð vart í bátnum haustið 1957, og lagði ríkisskoðunin fyrir, að viðgerð og endurbætur skyldu fara fram. Viðgerð hófst þó ekki fyrr en í nóvember 1958 og lauk í október 1959. Báðir aðiljar virðast sammála um, að báturinn hafi staðið uppi í dráttarbraut allt árið 1958. Stefndu fóru fram á af þessum sökum, að bráðafúatryggingariðgjaldið fyrir árið 1958 yrði niður fellt. Þeim tilmælum var synjað, að fenginni umsögn Sjávarútvegsmálaráðuneytisins, og kvað stefnandi þess engin dæmi, að iðgjöld væru felld niður vegna hafnarlegu eða

uppistöðu. Þykir verða að fallast á þessi sjónarmið, þar eð hvorki verður leitt af ákvæðum laga nr. 24/1958 né af eðli málsins, að báteigendur eigi heimtingu á niðurfellingu iðgjalda af þessum ástæðum. Þessi sýknunarástæða stefndu verður því ekki tekin til greina.

Við hinn munnlega málflutning krafðist umboðsmaður stefndu einnig sýknu af þeirri ástæðu, að tryggingarskírteini hefði ekki verið gefið út, og vísaði í því sambandi til 3. gr. laga nr. 24/1958. Tryggingarskírteini liggur ekki fyrir í málinu, en málflutningsmaður stefnanda kvað það hafa verið gefið út og sent til umboðsmanns Samábyrgðarinnar hér á staðnum, sem nú er fjarverandi, og myndi það sennilega vera glatað, en að sjálfsögðu hefðu stefndu getað, hvenær sem væri, fengið nýtt skírteini afhent gegn greiðslu iðgjaldsins. Með tilvísun til skýringa málflutningsmanns stefnanda þykir þessi sýknuástæða ekki eiga rétt á sér, og verður hún ekki tekin til greina.

Þá hélt og umboðsmaður stefndu því fram við hinn munnlega málflutning, að iðgjaldið, sem krafið væri um, væri of hátt, þar eð lög nr. 24/1958 tóku gildi þann 1. maí 1958, samkvæmt 7. gr. þeirra laga, og beri því aðeins að greiða iðgjald fyrir tímabilið frá þeim degi til ársloka. Málflutningsmaður stefnanda upplýsti, að iðgjaldið væri miðað við allt árið 1958, enda hefði lögunum allsstaðar verið beitt þannig, að tryggingin tæki til fúa, sem kæmi í ljós á öllu því ári. Verður ekki talið, að sú framkvæmd laganna sé í ósamræmi við ákvæði þeirra. Lækkunarkrafa stefnda er því ekki tekin til greina.

Að lokum hefur umboðsmaður stefndu vakið máls á, að ágreiningsefni máls þessa eigi að leggjast í gerð samkvæmt 6. gr. laganna. Ekki hefur hann þó sett fram kröfu um frávísun málsins á þeim grundvelli. Ákvæði nefndrar greinar virðist ekki ná til ágreinings út af iðgjöldum, og þykir því athugasemd stefndu ekki eiga rétt á sér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verða kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu teknar til greina, og þeir dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 15.546.65 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. marz 1961 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndu greiði stefnanda kr. 2500.00 í málskostnað.

Lögveðréttur fylgir iðgjöldunum samkvæmt 3. gr. laga nr. 24/1958. En upplýst er, að m.b. Blátindur, V E 21, var farinn úr eign hinna stefndu, löngu áður en mál þetta hófst, en hinum

nýju eigendum ekki stefnt til þess að þola lögveð í bátnum. Kröfu stefnanda um lögveðrétt í bátnum verður því vísað frá réttinum.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu um lögveðrétt í m.b. Blátindi er vísað frá réttinum.

Stefndu, Guðjón Jónsson og Ágúst Ólafsson, greiði in solidum stefnanda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, kr. 15.546.65 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. marz 1961 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. desember 1962.

Nr. 58/1961. **Bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**
(Árni Gunnlaugsson hdl.)
gegn
Lýsi & Mjöl h/f
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um gildi samþykktar, er gerð var á hluthafafundi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefjast þeir þess, að ógild verði dæmd samþykkt hluthafafundar hins stefnda félags frá 6. nóvember 1957 þess efnis, að áfram skuli haldið sölu hlutabréfa í félaginu upp í kr. 1.500.000.00. Svo krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í Hæstarétti hafa áfrýjendur fært fram þær málsástæður fyrir ógildingarkröfu sinni, sem hér verða raktar og metnar.

Þeir telja í fyrsta lagi, að óheimilt hafi verið að taka ákvörðun um hlutafjáraukningu á hluthafafundi hins stefnda félags 6. nóvember 1957, þar sem málefnis þessa hafi ekki verið getið sérstaklega í fundarboði. Skírskota þeir um þetta bæði til 3. málsgr. 30. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921, þar sem tekið er fram, að dagskrá skuli jafnan greina í fundarboði, og til 13. gr. samþykkta félagsins, en þar segir í 2. málslið: „Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboðinu."

Í kvaðningu til greinds hluthafafundar, dags. 30. október 1957, er svo að orði kveðið: „Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 25. þ. m., telur félagsstjórnin rétt að boða til almenns hluthafafundar, þar sem rædd verði þau viðhorf, sem skapazt hafa við dóminn, og hvernig eigi að leysa fjárþörf félagsins í því sambandi". Með hinum tilvitnaða hæstaréttardómi hafði verið felld úr gildi tiltekin ákvörðun félagsstjórnar um sölu nýrra hlutabréfa. Þar sem hluthöfum mun almennt hafa verið það mál kunnugt, máttu þeir gera ráð fyrir, eins og fundarboði var háttað, að hlutafjáraukning mundi m. a. koma til umræðu á fundinum. Fundinn sóttu aðiljar með atkvæðisrétti fyrir næstum allt atkvæðamagn félagsins. Þegar þessi atriði eru virt, þykir greind málsástæða ekki eiga að valda ógildi samþykktarinnar.

Í öðru lagi halda áfrýjendur því fram, að með aðalfundarsamþykkt hinn 5. júní 1952 hafi hið stefnda félag tekið þá ákvörðun, að ekki skyldi notuð framar en þá var orðið sú heimild til hlutafjáraukningar í 4. gr. félagsamþykktanna, sem samþykkt hafði verið á aðalfundi 25. janúar 1948.

Hinn 5. júní 1952 höfðu nokkrir aðiljar, sem áskrifendur voru að hlutum í félaginu, ekki enn leyst þá til sín með fullri greiðslu. Var þá á aðalfundi í félaginu gerð svofelld samþykkt: „Framhaldsaðalfundur í Lýsi & Mjöl h/f, hald-

inn 5. júní 1952, samþykkir að veita þeim hluthöfum, sem ekki hafa enn greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, frest til þess að ljúka greiðslu þeirra til 31. des. 1952. Það, sem þá verður ógreitt af hlutafjárloforðum, verði fellt niður og hlutaféð fært niður um þá upphæð". Samþykkt þessi varðar aðeins þá aðilja, sem þegar höfðu skráð sig fyrir hlutum, en haggar ekki rétti hluthafafundar til að auka hlutaféð samkvæmt 4. gr. félagssamþykktanna með nýju útboði og áskriftum. Getur greind ákvörðun frá 1952 því ekki staðið í vegi samþykkt félagsins frá 6. nóvember 1957.

Þá hafa áfrýjendur talið hér fyrir dómi eins og í héraði, að samþykktin frá 25. janúar 1948 um aukningu hlutafjár hafi hinn 6. nóvember 1957 verið fallin úr gildi fyrir aldurs sakir og vegna breyttra aðstæðna. Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum héraðsdóms um þessa málsástæðu, verður ekki á hana fallizt.

Áfrýjendur hafa enn fremur skírskotað til laga nr. 59/1957. Kveða þeir, að tillagan um aukningu hlutafjár hefði verið felld á fundinum, ef ekki hefði verið beitt um atkvæði þeirra takmörkun á atkvæðisrétti samkvæmt 2. málslið 2. málsgr. 31. gr. laga nr. 77/1921. Á hluthafafundinum gerðu áfrýjendur ekki kröfu til, að um atkvæðisrétt þeirra skyldi fara með öðrum hætti en annarra hluthafa samkvæmt 17. gr. félagssamþykktanna, og ekki andmæltu þeir þá af þessum sökum þeirri niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, sem lýst var á fundinum. Er þessi véfenging á atkvæðagreiðslunni því of seint fram komin, og verður henni þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt, án þess að afstaða sé tekin til gildis laga nr. 59/1957 eða skýringar á þeim að öðru leyti.

Loks hafa áfrýjendur borið það fram, að hlutafjáraukning hafi verið óþörf árið 1957, eins og fjárhag og ástæðum hins stefnda félags var þá háttað. Hafi þeir, sem fóru með meiri hluta atkvæða á fundinum 6. nóvember 1957, gert samþykktina í því skyni að beita minni hlutann ofríki, en ekki með hag félagsins fyrir augum. Ekki verður séð, að

með samþykktinni sé hluthöfum mismunað um félagsréttindi, og eru engin haldbær rök komin fram fyrir þessari málsástæðu,.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Lýsi & Mjöl h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 23. ágúst 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. júní síðastl., hefur bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 5. febrúar 1958, gegn Lýsi & Mjöl h.f. hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. nóvember 1957 var haldinn hluthafafundur í Lýsi og Mjöl h.f., og hafði verið boðað til fundarins með svohljóðandi fundarboði:

„Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 25. f. m., telur félagsstjórnin rétt að boða til almenns hluthafafundar, þar sem rædd verði þau viðfangsefni, sem skapazt hafa við dóminn og hvernig eigi að leysa fjárþörf félagsins í því sambandi."

Á fundi þessum bar formaður stjórnar Lýsis og Mjöls h.f. fram svolátandi tillögu:

„Með dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp föstudaginn 25. október 1957, var talið ógilt loforð, sem félagið hafði gefið Jóni Gíslasyni um sölu á hlutafé í félaginu, að upphæð kr. 267.000.00. Sama mun að sjálfsögðu gilda um hlutafjárloforð félagsins, sem eins stóð á um, að upphæð kr. 100.000.00.

Eins og félagsmönnum er kunnugt, voru nefndar fjárhæðir greiddar félaginu, og gerði það á sínum tíma félaginu mögulegt

að koma upp soðkjarnaverksmiðju, en afkoma þess undanfarin ár hefur að verulegu leyti byggzt á starfrækslu hennar.

Samkvæmt ofangreindum dómi ber félaginu skylda til að endurgreiða fjárhæðir þessar ásamt vöxtum og kostnaði, en hins vegar er svo ástatt fjárhag félagsins, að greiðslur þessar verða ekki inntar af hendi án sérstakra ráðstafana.

Almennur hluthafafundur lítur því svo á, að sjálfsagt sé að reyna til þrautar að leita fyrir sér um aukin hlutafjárframlög fremur en að leita eftir lánsfé eða selja af eignum félagsins, hvorttveggja mundi óhjákvæmilega leiða til truflunar í rekstri þess.

Með skírskotun til framanritaðs felur fundurinn stjórn félagsins að nota nú þegar heimild 4. gr. félagslaganna og halda áfram sölu hlutabréfa upp í leyfilegt hámark, eða 1.500 þúsund, enda verði nú öllum hluthöfum formlega tilkynnt um sölu hlutabréfanna og gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns."

Eftir að framangreind tillaga formanns stjórnar Lýsis og Mjöls h.f. hafði komið fram, tók stefnandi til máls og ræddi nokkuð málaferli þau, sem lokið hafði með dómi Hæstaréttar, þeim sem vikið er að í tillögu formannsins. Taldi hann heimild þá, sem stjórn félagsins notaði til hlutabréfasölunnar á árinu 1952, ekki vera lengur fyrir hendi. Flutti hann að lokum eftirfarandi frávísunartillögu:

„Ég tel, að til sölu nýrra hluta í Lýsi og Mjöl h. f. nú þurfi að koma til breyting á samþykktum félagsins samkvæmt 26. gr. félagslaganna, þar sem 4. gr. félagslaganna gildir ekki lengur sem heimild til hlutafjáraukningar. Rökstyð ég þá skoðun með skírskotun til almennra grundvallarreglna félagsréttar og vísa jafnframt í forsendur undirréttardóms og hæstaréttardóms í nýafstöðnu máli um hlutafé félagsins í því sambandi. Til þessa fundar hefur ekki verið boðað á þann hátt, að hægt sé að taka lagabreytingar á dagskrá samkvæmt 26. gr. félagslaganna, og krefst ég þess og geri það að tillögu minni, að tillögu Guðmundar Guðmundssonar (tillögu formanns) verði vísað frá."

Allmiklar umræður urðu um tillögur þessar. Var frávísunartillaga stefnanda borin fyrr upp og felld með 757 atkvæðum gegn 643, en auðir seðlar voru 5.

Áður en atkvæðagreiðsla hófst um tillögu formanns, óskaði hann bókað sérstaklega, að tillaga sín skoðaðist einnig sem sjálfstæð heimild til að auka hlutafé félagsins innan ramma félagslaganna. Þessu næst óskaði stefnandi bókað: „Með tilvísun til 26. gr. félags-

laga þá mótmæli ég því, að tillaga formanns geti verið sjálfstæð heimild til hlutafjáraukningar um kr. 367.000.00 og fengið afgreiðslu á þessum fundi."

Síðan var gengið til atkvæða um framangreinda tillögu formannsins og hún samþykkt með 757 atkvæðum gegn 632, en auðir seðlar voru 16.

Að atkvæðagreiðslu lokinni óskaði stefnandi þetta bókað:

„Þar sem fundarstjóri lítur svo á, að hér hafi verið samþykkt sjálfstæð heimild til hlutafjáraukningar, þarf ⅔ atkvæða til samþykktar á hlutafjáraukningu. Tillaga Guðmundar Guðmundssonar er því felld, jafnvel þótt fundarboðun hefði verið lögleg sem lögmætur hluthafafundur til að fjalla um lagabreytingu."

Og enn óskaði stefnandi eftirfarandi bókað:

„Áskil Hafnarfjarðarbæ allan rétt til að leita réttar síns sem hluthafa út af þeirri samþykkt, sem hér hefur verið gerð. Þrátt fyrir þær tillögur, sem ég hef hér fram borið, áskil ég Hafnarfjarðarbæ eftir atvikum fullan rétt til að taka þátt í þeirri hlutafjáraukningu, sem framkvæmdastjóri telur, að hafi verið ákveðin, enda yrði það gert með fyrirvara af hans hálfu, og í því felst alls engin viðurkenning á þeim lögleysum, sem ég tel, að meiri hluti fundarins hafi framið með greindum samþykktum."

Í málinu hefur stefnandi f. h. umbjóðanda síns gert eftirgreindar dómkröfur á hendur stefnda Lýsi og Mjöl h.f.:

1. Að samþykkt hluthafafundar í Lýsi og Mjöl h. f. frá 6. nóvember 1957 þess efnis, að halda áfram sölu hlutabréfa í félaginu upp í kr. 1.500.000.00, verði dæmd ógild.
2. Að stefndi Lýsi og Mjöl h.f. verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans f. h. umbjóðenda sinna eftir mati dómsins.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að heimildin í 4. gr. laga félagsins til að hækka hlutafé í félaginu upp í kr. 1.500.000.00 sé fallin niður. Heimild þessi til hækkunar hlutafjár félagsins í nefnda fjárhæð hafi verið samþykkt á aðalfundi í félaginu hinn 25. janúar 1948 og því verið nálega 10 ára gömul, þegar félagsfundurinn hinn 6. nóvember 1957 var haldinn. Á þeim næstum 10 árum, sem liðið hafi, frá því að samþykktin var gerð, hafi efnahagur félagsins og aðstaða ger-

breytzt. Gildandi lög um hlutafélög á Íslandi séu frá árinu 1921 og því orðin úrelt og ófullkomin. Í þeim sé ekki að finna neitt ákvæði um það, hve gömul samþykkt um aukningu hlutafjár megi verða, til þess að hún verði talin virk. Í lögum og rétti erlendra þjóða sé hins vegar heimild til hækkunar hlutafjár innan tiltekinna marka mjög tímabundin. Telur stefnandi, að enda þótt að ekkert ákvæði sé um þetta í íslenzkum lögum, þá sé ekki þar með sagt, að þau séu ekki til í íslenzkum hlutafélagarétti. Bendir stefnandi í þessu sambandi á, að í frumvarpi til nýrra hlutafélagalaga, sem samið hafi verið og lagt fyrir Alþingi á sínum tíma, hafi svofellt ákvæði verið í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins:

„Í stofnsamningi og félagasamþykktum má ákveða, að hlutafé megi hækka eða lækka innan tiltekinna marka um 2 ára skeið frá stofnfundi án breytinga á félagssamþykktum."

Telur stefnandi, að ákvæði þetta fjalli um efni náskylt því, sem hér sé um að ræða, og að í ákvæðinu komi fram grundvallarregla.

Í öðru lagi reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að þar sem hin nálega 10 ára gamla heimild í 4. gr. félagslaganna til hlutafjáraukningar sé raunverulega fallin niður, þurfi nú til hækkunar hlutafjárins samþykki nýs hluthafafundar í félaginu og með þeim hætti, sem fyrir sé mælt í 26. gr. laga félagsins, en hún fjalli um, hvernig félagslögunum verði breytt.

Í nefndri grein segi m. a. svo:

„Lögum félagsins má breyta á félagsfundi, sem boðaður hefur verið með nægum fyrirvara, og þar sem staddir eru hluthafar, er ráð hafa yfir a.m.k. ¾ atkvæða, og sé lagabreytingin samþykkt með ⅔ atkvæða a.m.k. Væntanlegrar lagabreytingar skal getið í fundarboði ...."

Engu þeirra skilyrða, sem sett séu í hinu tilvitnaða ákvæði, hafi verið fullnægt í sambandi við hluthafafundinn 6. nóvember 1957 og sé því samþykkt hans um hlutafjáraukningu í félaginu markleysa.

Stefndi reisir kröfur sínar um sýknu á því, að ennþá standi óhögguð í 4. gr. félagslaganna heimild til þess að auka hlutafé félagsins upp í kr. 1.500.000.00. Sé því samþykki einfalds meirihluta hluthafa á hluthafafundi nægilegt til þess að heimila aukningu hlutafjár félagsins upp í það mark.

Slíkur meirihluti hluthafa hafi samþykkt aukningu á hlutafé

í félaginu innan ramma laga þess á fundinum 6. nóvember 1957 og sé því samþykkt fundarins um hlutafjáraukningu fyllilega lögmæt.

Hinn 4. desember 1945 var hlutafélagið Lýsi og Mjöl stofnað hér í bænum.

Í stofnsamningi var upphæð hlutafjár ákveðin kr. 305.000.00, en varð þó í reyndinni 306.000.00. Var í samræmi við það ákveðið í 4. gr. laga (samþykkta) félagsins, að hlutafé þess skyldi vera kr. 306.000.00.

Á aðalfundi Lýsis og Mjöls h.f. 25. janúar 1948 var samþykktur sá viðauki við 4. gr. félagslaganna, að auka mætti hlutaféð upp í allt að kr. 1.500.000.00. Samkvæmt þessari heimild var hafin hlutafjársöfnun upp í þetta tiltekna mark, og stóð hún til 31. desember 1952, en þá höfðu framkomin hlutafjárloforð náð markinu. En með hæstaréttardómi þeim, sem áður er getið um, var dæmt ógilt það loforð stjórnar Lýsis og Mjöls h.f. um sölu til nafngreinds manns á hlutafé, að nafnverði kr. 267.000.00, og af dóminum leiddi, að einnig voru talin ógild loforð stjórnarinnar um sölu á nýju hlutafé til tveggja annarra aðilja, samtals að nafnverði kr. 100.000.00. Að söfnuninni lokinni hafði óvéfengt hlutafé í félaginu þannig aðeins komizt upp í kr. 1.133.000.00.

Það er óvéfengt, að breytingin á 4. gr. félagslaganna frá 25. janúar 1948, þar sem heimilað var að auka hlutafé félagsins upp í kr. 1.500.000.00, hafi verið gerð á lögmætan hátt. Það verður ekki séð, að síðan hafi á fundinum í Lýsi og Mjöl h.f. verið gerðar nokkrar breytingar á nefndri grein, enda hefur stefnandi ekki haldið því fram, og á það verður ekki fallizt hjá stefnanda, að eftir óskráðum gildandi íslenzkum rétti hafi heimild umræddrar lagagreinar til hlutafjáraukningar upp í hið tiltekna mark greinarinnar fallið niður af sjálfsdáðum fyrir aldurs sakir og/eða breyttar aðstæður. Stendur því umrædd 4. gr. laga félagsins, eins og henni var breytt á aðalfundi í félaginu 25. janúar 1948, ennþá óhögguð.

Í 1. málsgr. 30. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921 segir, að hluthafafundur hafi æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti, sem lög ákveði og samþykktir þess. Þá er 11. gr. laga Lýsis og Mjöls svohljóðandi: „Innan þeirra takmarka, er lög þessi setja, hafa lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.“

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst, að hluthafafundurinn 6. nóvember 1957, sem boðað hafði verið til með fundarboði, sem gaf til kynna, að á fundinum ætti að ræða fjárþörf félagsins, hafði vald til þess að taka ákvörðun um aukningu hlutafjár í félaginu upp í það mark, sem 4. gr. félagslaganna setur. Svo sem áður segir, var á fundinum samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða tillaga þess efnis að auka hlutafé í félaginu innan marka 4. gr. Hefur því krafa stefnanda um ógildingu þessarar samþykktar fundarins ekki við rök að styðjast, og ber þá að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Ísleifi Árnasyni, fulltrúa borgardómara í Reykjavík, og Ragnari Péturssyni kaupfélagsstjóra.

Vegna mikilla anna við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og borgardómaraembættið í Reykjavík í sambandi við þingleyfi svo og vegna fjarveru dómenda vegna sumarleyfa á mismunandi tímum hefur dómur ekki verið kveðinn upp fyrr í málinu, enda þótt dómsatkvæði hafi verið tilbúið til uppsagnar 21. f. m.

Dómsorð:

Stefndi, Lýsi og Mjöl h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarstjórans í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. desember 1962.

Nr. 140/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Konráði Þorsteinssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, fyrrverandi sýslumaður, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm sem setudómari.

Ummæli þau, sem mál þetta er af risið, voru birt í 269. tölublaði 42. árgangs Alþýðublaðsins 29. nóvember 1961 og undirrituð af ákærða.

Ummælunum í 1., 2. og 6.—9. lið ákærunnar, sem tekin er upp í héraðsdóminn, er beint að Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar í heild, en ummælunum í 3.—5. lið að formanni nefndarinnar, Rögnvaldi Finnbogasyni bæjarstjóra, sem áður var bæjargjaldkeri kaupstaðarins. Eru þeir allir opinberir starfsmenn og ummælunum beint að framkomu þeirra í starfi, og á því ákæruvaldið saksóknarrétt í máli þessu.

Hin átöldu ummæli eru öll meiðandi og móðgandi fyrir þá, sem þeim er beint að, og hafa á engan hátt verið réttlætt. Eru þau því brot á 108. gr. laga nr. 19/1940.

Ber því að dæma ákærða í refsingu fyrir að viðhafa þau, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 5000.00 sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummælanna, greiðslu á kr. 800.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Krafan um miskabætur var ekki miðuð við tiltekna upphæð. Er hún því ódómhæf, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, er renni í ríkissjóð, og laun verjanda hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 3500.00.

Dómsorð:

Kröfunni um miskabætur í máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Konráð Þorsteinsson, greiði í ríkissjóð 5000.00 króna sekt, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um ómerkingu ummæla, greiðslu kostnaðar af birtingu dóms í málinu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3500.00, og málsvarnarlaun Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 21. ágúst 1962.

Mál þetta, sem var þingfest 30. apríl þ. á. og tekið til dóms 14. þ. m. að afloknum munnlegum málflutningi, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Konráði Þorsteinssyni kaupmanni, Sauðárkróki, fyrir að hafa í grein með fyrirsögninni „Opið bréf til Niðurjöfnunarnefndar Sauðárkrókskaupstaðar", í 269. tölublaði 42. árgangs Alþýðublaðsins hinn 29. nóvember 1961 birt eftirfarandi ummæli um Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar og að nokkru um formann nefndarinnar, bæjarstjórann sem slíkan, og einnig í sambandi við önnur störf hans í þágu bæjarfélagsins:

1. „.... sakast um það við ykkur, elsku vinina og klíkubræðurna ...."
2. „.... benti á augljósa mismunun, sem beitt var gagnvart mér, samanborið við aðra ...."
3. „.... að undir handarjaðri hans hefur þróazt sú mesta bókhaldsóreiða, sem um getur á Sauðárkróki ...."
4. „.... að hann hafi ætlað að stela koparnum, sem hann komst yfir hjá Rafveitunni ...."
5. „Hann hefur heldur ekki brugðizt vonum, hvað það snertir, enda tilþrifameira að gera hagkvæma verzlun við bæjarfyrirtæki og nota til þess aðstöðu sem bæjarstjóri, heldur en vera að kvotla við að komast yfir kopar, til þess að smygla honum til útlanda, enda fyrirhöfn að vera að eiga við þess háttar og standa í tvöföldu smyglveseni, þegar hægt er að selja bæjarfyrirtæki gamalt skip, sem bæjarstjórafrúin á hlut í. Og þó sumum kunni að virðast eitthvað hárugt við viðskiptin, þá eru sumir menn bæði belgmiklir og kokvíðir og munar ekki um að kingja smávegis, þegar álitleg upphæð er annars vegar ...."

6. „.... til lagfæringar á rangsleitni þeirri, sem mér hefur verið sýnd."
7. „Samanborið við tekjuáætlun sumra annarra, virðist vera um svo óeðlilega mismunun að ræða, að ekki gæti verið um eðlilega skýringu á því, nema að hér eigi að vera, hvað mig snertir, um beina áníðslu og hefndarráðstafanir að ræða...."
8. „Þvílíkur hundavaðsháttur og hroðvirkni virðist hafa ríkt við niðurjöfnun útsvara, að slíkt er algerlega óviðunandi...."
9. „.... að það beri ekki svo augljósan vott um kæruleysi og hroðvirkni."

Öll framangreind ummæli eru talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Enn fremur er þess krafizt, að framangreind ummæli verði dæmd ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, dæmdur til að greiða niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar hæfilega fjárhæð til að standast kostnað við birtingu dómsins í opinberu blaði eða riti og að ákærði verði dæmdur til að greiða niðurjöfnunarnefndarmönnum miskabætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er fæddur 26. marz 1914 á Litlu-Hámundarstöðum á Árskógsströnd. Samkvæmt fyrirliggjandi sakavottorði hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1955 8/8 Skagafj.: Sátt, 300 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.
— 5/10 Skagafj.: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Hinn skipaði verjandi ákærða í máli þessu, hrl. Áki Jakobsson, Reykjavík, gerir þær réttarkröfur, aðallega, að málinu verði vísað frá sakadómi, en til vara, að ákærði, Konráð Þorsteinsson, verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þá gerir hann og þá kröfu, að honum verði tildæmd málsvarnarlaun samkvæmt mati dómsins.

Kröfu sína um frávísun málsins byggir verjandi ákærða á því, að ekki verði séð, að samþykkt niðurjöfnunarnefndar Sauðárkróks frá 14. des. s.l., hafi gefið tilefni til þeirra krafna, er bornar voru fram af lögfræðingi niðurjöfnunarnefndar, Guttormi Erlendssyni hrl., við saksóknara ríkisins, en samþykkt nefndarinnar var svohljóðandi:

„Eftir allmiklar umræður var niðurjöfnunarnefnd sammála um

að fela lögfræðingi að taka skrif þessi til lögfræðilegrar meðferðar í heild og lið fyrir lið, svo að rannsökuð verði réttmæti þessarar blaðagreinar. Þá samþykkir nefndin að fara þess á leit við Guttorm Erlendsson hrl., að hann taki að sér mál þetta fyrir hönd nefndarinnar."

Undir samþykkt þessa skrifa allir nefndarmennirnir, 5 talsins.

Undir rannsókn málsins sló ákærði því fram, án þess þó að leggja á það áherzlu, „að hann efaðist stórlega um, að niðurjöfnunarnefnd hafi óskað eftir meiðyrðamálshöfðun". Þegar dómarinn svo síðar varð þess var í símtali við verjanda, að hann teldi, að þarna væri um raunverulegt ágreiningsatriði að ræða, taldi hann rétt að gefa kæranda tækifæri til að tjá sig að nýju um málið, hver meining hennar hefði verið, áður en málið kæmi undir dóm. Þetta leiddi til þess, að fram kom ný yfirlýsing frá niðurjöfnunarnefnd, en nú í tvennu lagi. Einn nefndarmannanna, Arnór Sigurðsson, lét bóka svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að á fundi Niðurjöfnunarnefndar Sauðárkróks, sem haldinn var 14. des. s.l., var aldrei einu orði á það minnzt, að nefndin kærði hr. Konráð Þorsteinsson kaupmann á Sauðárkróki fyrir meiðyrði vegna ummæla hans í blaðagrein þeirri, er fundurinn fjallaði um. Tel ég meiðyrðamálshöfðun á hendur Konráði Þorsteinssyni ekki framkomna í umboði nefndarinnar."

Yfirlýsing meirihluta niðurjöfnunarnefndar, sem gerð var samtímis, segir, að í samþykktinni frá 14. des. 1961 „felist viljayfirlýsing nefndarinnar til hvers konar lögfræðilegrar meðferðar, m. a. til málshöfðunar að lokinni rannsókn."

Hina síðbúnu yfirlýsingu Arnórs Sigurðssonar verður að telja, að jafngildi ósk hans um, að málið verði dregið til baka og látið niður falla. En af því leiðir aftur, að hann telst að sínu leyti hvorki gera kröfu til ómerkingar ummæla ákærða um niðurjöfnunarnefnd, sem málið er risið af, né hlutdeildar í miskabótum, ef dæmdar yrðu samkvæmt kröfu saksóknara ríkisins.

Í samþykkt niðurjöfnunarnefndar frá 14. des. 1961, sem þá var gerð samhljóða, er í fyrsta lagi samþykkt „að taka skrif þessi til lögfræðilegrar meðferðar". Í öðru lagi „að fela tilteknum lögfræðingi að taka að sér málið fyrir hönd nefndarinnar". Og í þriðja lagi, „að rannsöknuð verði réttmæti blaðagreinarinnar". „Lögfræðileg meðferð" verður vart skilin á annan veg en beiðni um málshöfðun og alls ekki sem beiðni um álitsgerð. Umboðið til lögfræðings virðist með öllu tvímælalaust. Og rann-

sókn á réttmæti blaðaummælanna virðist aðeins geta komið til greina sem opinber rannsókn, því að ekki er unnt að gera ráð fyrir, að menn, sem kosnir eru í niðurjöfnunarnefnd, séu svo ráðvilltir, að þeir óski eftir rannsókn til sönnunar sakleysi sínu af áburði ákærða og losa hann þann veg frá fyrirhöfn að sanna mál sitt. Verður því að líta svo á, að umboð lögfræðings niðurjöfnunarnefndar til kæru og kröfu um rannsókn hafi frá upphafi verið nægilegt og gilt, en hin síðari yfirlýsing taki þó af allan hugsanlegan vafa um það efni. Krafa verjanda um frávísun málsins ber því ekki að taka til greina.

Hin kærðu blaðaummæli eru tvíþætt. Annars vegar eru ummæli um niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks og störf hennar. Er þau að finna í fyrsta og öðru og síðan í 6.—9. kæruatriði. Hins vegar eru í 3.—5. kæruatriði ummæli um formann nefndarinnar, Rögnvald Finnbogason bæjarstjóra. Er þar um persónulegar dylgjur og aðdróttanir að ræða, sem ekki snerta niðurjöfnunarnefnd sem slíka. Ummælin um niðurjöfnunarnefnd verður að telja móðgandi fyrir hana (þ. e. nefndarmennina), sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að þau eru borin fram í víðlesnu blaði, og jafnframt tekið tillit til þess, að ákærði taldi ekki fram, að hann sá sér ekki fært eða lét dragast úr hömlu að gefa niðurjöfnunarnefnd umbeðnar upplýsingar, enda ekkert eða mjög ófullkomið bókhald fyrir hendi, svo að hún gæti fellt úrskurð um útsvarskæru ákærða, er hann síðan gæti áfrýjað til yfirskattanefndar og loks til Ríkisskattanefndar, ef ástæða þætti til. Rannsókn á réttmæti ádeilna hans á niðurjöfnunarnefnd í sambandi við útsvar hans gat aðeins farið fram með þeim hætti, þar sem mörg atriði í slíku máli geta verið matsatriði, er nefndar nefndir eru einar bærar um að úrskurða. Verður því að taka til greina kröfuna um að dæma hin kærðu ummæli um Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks ómerk og ákærða til sektar fyrir að viðhafa þau. Hins vegar verður að fallast á þá röksemd verjanda ákærða, að ósanngjörn og móðgandi ummæli um niðurjöfnunarnefndir séu svo almenn, þó að undantekning sé, að þau séu borin fram í víðlesnum blöðum, svo sem hér var gert, að þau séu yfirleitt ekki tekin svo alvarlega, að um álitshnekki sé að ræða, og þykir því ekki næg ástæða til að dæma niðurjöfnunarnefndarmönnunum miskabætur þeirra vegna.

Varðandi hin persónulegu ummæli ákærða um formann niðurjöfnunarnefndar, Rögnvald Finnbogason bæjarstjóra, er öðru máli að gegna. Sérstaklega þar sem þau eru birt í víðlesnu blaði,

eru þau ekki aðeins móðgandi, heldur einnig beint til þess fallin að kasta skugga á mannorð bæjarstjórans og skapa vanmat á hæfileikum hans og heiðarleik. Er aldrei fyrirfram hægt að vita, hve mikið tjón unnt er að gera manni með slíkum áburði.

Í setningunni „.... undir handarjaðri hans hefur þróazt hin mesta bókhaldsóreiða, sem um getur á Sauðárkróki" felst óbein ákæra um vanrækslu í starfi eða vankunnáttu eða hvort tveggja. Að hér er skrifað gegn betri vitund, virðist augljóst, þegar þess er gætt, að upplýst er í málinu, að bókhald það, sem við er átt, Fiskivers Sauðárkróks h.f., er Rögnvaldi Finnbogasyni óviðkomandi, þar sem félagið starfar undir eigin stjórn og hefur sjálfstætt bókhald, en ákærði sjálfur í stjórn þessa útgerðarfélags og hafði sem slíkur aðgang að bókhaldinu og bar skylda til að hlutast til um, að úr væri bætt, ef hann hefði grun um, að bókhaldið væri ekki í fullu lagi. Liggur fyrir í málinu, að reikningar félagsins hafi nú verið gerðir upp og reynzt í lagi.

Þá er það setningin: .... „varla hefur bókhaldinu verið um að kenna, þótt einhverjum kynni að detta í hug, „að hann hafi ætlað að stela koparnum, sem hann komst yfir frá Rafveitunni, þegar hann var bæjargjaldkeri", er í hæsta máta móðgandi og fallin til að rýra álit bæjarstjórans og kasta skugga á heiður hans. Auk þess sem orðið „stela" er notað, þó að ekki segi beinlínis, að hann hafi gert sig sekan um þennan verknað, þá notar ákærði einnig orðið „komast yfir", þó að honum sé vel ljóst, að því er bezt verður séð, að koparinn var keyptur venjulegu verði af opinberum aðilja, og aðeins um vírbúta „brotakopar" að ræða. Loks er gefið í skyn í 5. ákærulið, að bæjarstjórinn hafi notað aðstöðu sína til þess að fá útgerðarfyrirtækið, Fiskiver Sauðárkróks h.f., sem Sauðárkróksbær á hlut í, til þess að kaupa skip, sem kona hans átti hlut í. Í málinu er þó upplýst, að kaup skipsins var, að undangenginni skoðun og mati fagmanna, samþykkt af stjórn Fiskivers Sauðárkróks h.f., þar með talið ákærða sjálfum sem stjórnarnefndarmanni félagsins. Er hér enn gegn betri vitund, að því er séð verður, vegið að mannorði bæjarstjórans á móðgandi og vitaverðan hátt.

Vegna hinna sérstöku ummæla ákærða um Rögnvald Finnbogason bæjarstjóra verður auk sekta að dæma ákærða til að greiða honum miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Með tilvísun til framanritaðra ákæruatriða og forsendna þykir verða að dæma ákærða til sektargreiðslu, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 3.000.00, er renni í ríkissjóð og

afplánist með 15 daga varðhaldi, sé sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks kr. 800.00 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar og skipuðum verjanda sínum kr. 1000.00 í málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Konráð Þorsteinsson kaupmaður, Sauðárkróki, greiði 3000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hin kærðu ummæli skulu vera ómerk. Þá greiði ákærði Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks kr. 800.00 til þess að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Svo greiði ákærði og Rögnvaldi Finnbogasyni, bæjarstjóra á Sauðárkróki, kr. 2000.00 í miskabætur. Og loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 1000.00 til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., Reykjavík, í málsvarnarlaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. desember 1962.

Nr. 137/1962. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Einari Hafstein Guðmundssyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umferðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms, hafa tvö vitni komið fyrir dóm af nýju og staðfest vætti sitt með eiði. Annað þeirra

er Sverrir Kristinsson, sem endurtók fyrri vitnaskýrslu í öllum meginatriðum. Þá hefur og verið lagt fram bréf frá forstöðumanni Bifreiðaeftirlits ríkisins, þar sem hann svarar þeirri fyrirspurn frá verjanda ákærða, „hvort bifreið, sem lagt hefur verið í halla, geti hreyfzt úr stað, án þess að átt sé við stjórntæki hennar". Í bréfi þessu segir: „Standi bifreið í halla og hafi verið sett í lægst ganghraðastig (gír), mótsett við hallann, og handhemill ekki spenntur, er möguleiki á, að bifreið renni lítils háttar (sakki) undan hallanum, sérstaklega ef vél bifreiðarinnar er orðin slitin og óþétt. Þetta fer þó einnig eftir öðru, t. d. því, hve hallinn er mikill, hve marga strokka vélin er og hversu óþétt vélin er". Bifreið sú, sem um er að tefla, er talin hafa verið af árgerð 1953.

Samkvæmt gögnum málsins ók vitnið Sverrir Kristinsson ákærða í bifreið hans að gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar. Þar í nokkrum halla stöðvaðist bifreiðin vegna benzínleysis. Sverrir hvarf því næst á brott, en ákærði sat kyrr í bifreiðinni. Að því er virðist skömmu síðar, bar þar að þrjá lögreglumenn, sem í héraðsdómi getur, og hafa þeir borið, þó ekki alveg samhljóða, að þeir hafi séð bifreið ákærða renna örlítið. Tveir lögreglumannanna bera, að þeir hafi þá séð ákærða sitja undir stýri bifreiðarinnar. Í lögregluskýrslu, sem staðfest er af einum lögreglumanna, segir, að ákærði hafi viðurkennt að hafa „startað" bifreiðinni, og annar ber, að hann hafi séð, að „svisslykli" bifreiðarinnar hefði verið snúið í samband. Ákærði hefur hins vegar eindregið neitað því, að hafa reynt að setja bifreiðina í gang. Hann hafi aðeins snúið lykilrofa öfugt, til þess að hlusta á útvarp bifreiðarinnar.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og framangreindrar álitsgerðar forstöðumanns Bifreiðaeftirlits ríkisins, þykja ekki í refsimáli gegn neitun ákærða fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi í nefnt skipti reynt að aka eða ekið bifreið í skilningi umferðarlaga. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti

greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómur sakadóms Kópavogs 7. ágúst 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl s.l., höfðar saksóknari ríkisins af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 5. marz s.l., gegn Einari Hafstein Guðmundssyni prentara, Hlíðarvegi 46, Kópavogi, fæddum 14. september 1932 í Reykjavík, fyrir að hafa árla morguns laugardag 23. desember 1961 undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreið R 9948 nokkurn spöl á Litluhlíð við Reykjanesbraut í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, er fæddur 14. september 1932 í Reykjavík og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1951	19/8	Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1953	9/12	Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1956	29/3	Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1958	22/5	Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1959	28/2	Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
—	29/3	Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1960	30/3	Kópav. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
—	27/6	Kópav. Dómur: 1400 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
1961	17/3	Kópav. Dómur: Varðhald í 20 daga fyrir brot á 27. og 48. gr. umferðarlaga.

— 24/7 Kópav. Sátt: 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
— 20/10 Kópav. Sátt: 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þeir, að laugardagsnótt 23. desember 1961, kl. 05.55, komu lögregluþjónar í Reykjavík, nr. 65, 102 og 135, að bifreið R 9948, þar sem hún stóð í brekku Litluhlíðar í Reykjavík. Bifreið R 9948 stóð skökk á veginum, og sáu lögregluþjónar, að hún rann örstuttan spöl aftur á bak undan brekku og að steinum, sem afmarka veginn á þessum stað til hliðar. Eigandi bifreiðarinnar, Einar Hafsteinn Guðmundsson, ákærði í máli þessu, sat þá undir stýri bifreiðarinnar, var hann áberandi ölvaður og var fluttur á lögreglustöð til yfirheyrslu og síðan slysavarðstofu í Reykjavík, þar sem honum var tekið blóðsýnishorn kl. 06.45. Er lögregluþjónar hugðust aka bifreið R 9948 af staðnum, reyndist það ókleift, vegna þess að bifreiðin var benzínlaus. Ákærði virðist hafa verið í þann veginn að yfirgefa bifreiðina, er lögreglan kom að, því hann steig út úr bifreiðinni í því að lögregluþjónar gengu að bifreiðinni. Við blóðrannsókn hefur blóðprufa, er ákærða var tekin sömu nótt, reynzt innihalda reducerandi efni, er samsvara 1.12‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið við vinnu sína til kl. 4.00 umrædda nótt. Þegar vinnu lauk, fór ákærði að drekka áfengi með vinnufélögum sínum, og fundu þeir til áfengisáhrifa.

Nokkru síðar, líklega um það bil klst., fóru þeir af vinnustað, ætluðu þeir að fá sér leigubíl heim, þar sem ákærði kveðst ekki hafa viljað aka bifreið sinni vegna ölvunaráhrifanna. Ákærði og maður sá, sem veitti honum áfengið, urðu viðskila, og fór þá ákærði gangandi áleiðis að B.S.R. í Lækjargötu og hugðist taka sér leigubíl heim til sín í Kópavogi. Á leiðinni þangað kveðst ákærði hafa hitt mann, að nafni Sverrir Kristinsson, vitni í þessu máli. Pilt þennan bað ákærði um að aka bifreið sinni heim. Hann féllst á það, og sneru þeir þá við og gengu að bifreið ákærða í Mjóstræti, þar sem ákærði hafði lagt bifreiðinni, áður en hann hóf vinnu sína, og ók nefndur Sverrir bifreiðinni suður áleiðis í Kópavog. Þegar kom að gatnamótum Litluhlíðar og Reykjanesbrautar, stöðvaði ökumaður bifreiðina við stanzmerki, en kom vél hennar ekki í gang aftur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess. Bíllinn var orðinn benzínlaus. Nefndur Sverrir hafi þá ætlað að leggja bílnum til hliðar á akbrautinni og látið hann renna aftur á bak í því skyni. Sverrir Kristinsson hafi svo yfirgefið ákærða í bifreiðinni, að því er hann taldi,

til þess að útvega leigubíl eða benzín. Ákærði kveðst því hafa beðið í bifreiðinni nokkurn tíma og hlustað á útvarp bifreiðarinnar, en til þess kveðst ákærði hafa þurft að snúa kveikjulykli bifreiðarinnar. Bifreiðina segir ákærði hafa staðið á sama stað, er lögreglan kom, og þegar vitnið Sverrir skildi við hana. Ákærði kveðst þá hafa verið í þann veginn að yfirgefa bifreiðina, þar sem hann hafi verið orðinn úrkula vonar um, að Sverrir kæmi aftur. Ákærði kveðst ekki hafa ekið bifreiðinni og ekki hafi hann gert neina tilraun til þess að aka henni, þar sem honum hafi verið ljóst, að svo á sig kominn sem hann var, mátti hann ekki gera það.

Vitnið Sverrir Kristinsson skýrir svo frá, að umrædda nótt hafi hann verið á gangi í miðbæ Reykjavíkur. Þá hafi ákærði, sem vitnið kannast við með nafni, beðið sig um að aka bifreið sinni, þar sem hann væri undir áfengisáhrifum. Vitnið féllst á það og ók síðan bifreið ákærða frá Mjóstræti í Reykjavík áleiðis heim til ákærða, sem kvaðst eiga heima í Kópavogi. Vitnið ók Hafnarstræti, Hverfisgötu, Stórholt, Stakkahlíð, Miklubraut, Lönguhlíð, Litluhlíð. Vitnið kveðst hafa stanzað við stöðvunarskyldumerki á horni Litluhlíðar og Reykjanesbrautar og sett í 1. gír. Þegar hann hafi ætlað að leggja aftur af stað, hafi vélin drepið á sér, og kveðst vitnið hafa reynt nokkrum sinnum að koma vélinni í gang aftur, en án árangurs. Bifreiðin hafi verið orðin benzínlaus. Vitnið kveðst hafa ætlað sér að leggja bifreiðinni neðar lengra frá horninu til hliðar með því að láta bifreiðina renna aftur á bak og beygja um leið til vinstri. Bifreiðin hafi verið orðin skökk fyrir á veginum, er vitnið tók eftir vegarbrúnarsteinum, sem bifreiðin var komin alveg upp að. Vitnið kveðst því hafa gengið tryggilega frá bifreiðinni og séð, að ógerningur hafi verið að hreyfa bifreiðina, þar sem hún var benzínlaus og því ekki hægt að aka henni áfram, og staðið fast upp við vegarsteinana og því ómögulegt að láta bifreiðina renna aftur á bak. Vitnið kveðst hafa skýrt ákærða frá, hvernig ástatt var, og ákærða hafi verið ljóst, að bifreiðin var föst, þar sem hún stóð benzínlaus, auk þess hafi ákærði allan tímann verið ákveðinn í að aka ekki bifreiðinni. Vitnið kveðst því hafa talið sér óhætt að yfirgefa ákærða og fá honum kveikjulykla bifreiðarinnar.

Vitnið Olgeir Haukur Matthíasson, Ásgarði 77, Reykjavík, lögregluþjónn nr. 65, skýrir svo frá og hefur staðfest með eiði, að er hann var ásamt lögregluþjónum nr. 102 og 135 á leið heim

af næturvakt, hafi hann séð bifreið R 9948, þar sem hún stóð skökk í Litluhlíð í Reykjavík. Undir stýri bifreiðarinnar sat ákærði í þessu máli. Vitnið kveðst þá hafa séð bifreið R 9948 renna örlítið aftur á bak, að steinum á vegarbrún. Er lögregluþjónar gengu að bifreiðinni til að athuga málið, hafi ákærði stigið út úr bifreið sinni vinstra megin. Ákærði var áberandi ölvaður, en neitaði aðspurður að hafa ekið bifreiðinni, heldur hefði það gert maður, sem hann ekki vissi, hvað héti, og hann hefði hitt niðri í miðbæ og beðið um að aka bifreiðinni fyrir sig. Bifreiðin reyndist benzínlaus, en ákærði var fluttur á lögreglustöð, þar sem hann viðurkenndi að hafa startað bifreiðinni.

Vitnið Ólafur Guðmundsson, lögregluþjónn nr. 102, skýrir svo frá og staðfestir með eiði, að er hann hafi verið á leið heim af vakt með lögregluþjónum nr. 65 og 135, hafi hann séð bifreið R 9948, þar sem hún stóð skakkt fyrir á Litluhlíð, kippast aftur á bak upp á vegarsteinana og svo niður af þeim áfram og staðið kyrr. Ákærði í máli þessu sat undir stýri og steig út vinstra megin úr bifreiðinni. Vitnið tók þá í handlegg ákærða og spurði, hvort hann væri drukkinn. Ákærði játaði því, en neitaði því, að hann hefði ekið bifreiðinni, það hefði maður gert, sem ákærði hitti niðri í Reykjavíkurbæ. Hins vegar gat ákærði ekki nafngreint mann þennan. Bifreið ákærða reyndist benzínlaus, og var ákærði fluttur á lögreglustöð.

Vitnið Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, lögregluþjónn nr. 135, skýrir svo frá, að er hann ásamt lögregluþjónum nr. 65 og 102 var á leið heim til sín af næturvakt, hafi hann séð bifreið R 9948 með ákærða undir stýri renna aftur á bak að vegarsteinum. Þá hafi honum heyrzt bifreið R 9948 startað og sýnzt bifreiðin færast um 1 m áfram. Ökumaður, ákærði í máli þessu, hafi stigið út úr bifreið sinni vinstra megin. Ákærði játaði aðspurður, að hann væri drukkinn, en maður, sem hann vissi ekki, hvað hét, hefði ekið bifreið sinni fyrir sig. Ákærði var síðan fluttur á lögreglustöð, en bifreið hans reyndist benzínlaus.

Við yfirheyrslu varðstjóra svaraði ákærði já og nei, er hann var spurður um, hvort hann hefði verið að aka bifreið. Hann kvaðst ekki geta fullyrt, hvort bifreið hans var á hreyfingu eða ekki, er lögreglumenn komu að bifreið hans.

Ákærði hefur útskýrt svör sín við varðstjóra þannig, að hann hafi játað, að hafa startað bifreiðinni, en með því hafi hann átt við, að hann hafi snúið kveikjuláslykli til þess að kveikja á útvarpi. Með því að snúa þeim lykli, er vél bifreiðarinnar einnig

sett í gang. Þannig hafi hann neitað að hafa startað í þeirri merkingu að hafa reynt að setja bifreiðina í gang, en játað að hafa startað í þeirri merkingu að snúa kveikjuláslykli, þannig að kvikni á rafmagninu.

Með eiðfestu vætti þriggja vitna, þeirra Ólafs Hauks Matthíassonar, Ólafs Guðmundssonar og Sigurðar Kristjáns Guðmundar Sigurðssonar, telst sannað, að bifreið R 9948 hafi í umrætt skipti runnið aftur á bak örstuttan spöl að vegarsteinum, þar sem bifreiðin var stödd á Litluhlíð í Reykjavík. Í bifreiðinni sat ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, einn undir stýri hennar, og verður dómarinn að líta svo á, að bifreiðin hefði ekki getað hreyfzt í umrætt sinn, nema ákærði hafi átt á einhvern hátt við stjórntæki hennar, og þykir verknaði ákærða fullkomlega verða jafnað við akstur bifreiðar.

Við akstur bifreiðar R 9948 telst ákærði hafa verið undir áhrifum áfengis, og er sannað með alkóhólrannsókn, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í umrætt sinn verið 1.12‰.

Ákærði hefur viðurkennt áfengisneyzlu og ölvun í umrætt sinn, en staðfastlega neitað að hafa ekið eða reynt að aka bifreið R 9948 í umrætt skipti.

Brot ákærða þykir varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða þykir, þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald skv. 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga.

Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í máli þessu.

Ákærði greiði verjanda sínum, Hauki Jónssyni hrl., 1500 krónur í málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hafsteinn Guðmundsson, sæti 10 daga varðhaldi.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. desember 1962.

Nr. 34/1962. **Bæjarsjóður Ísafjarðar**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking dóms og heimvísun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1962.

Við sérstakan málflutning, sem fram hefur farið í Hæstarétti um formhlið málsins, hefur áfrýjandi aðallega krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara hefur áfrýjandi krafizt ómerkingar héraðsdóms og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda i héraði og fyrir Hæstarétti.

Í þessum þætti krefst stefndi þess, að framangreindum kröfum áfrýjanda verði hrundið og honum dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Meðferð málsins í héraði hefur í stórum dráttum verið þessi:

Við þingfestingu þess hinn 4. september 1961 var af hálfu stefnanda, þ. e. stefnda hér fyrir dómi, lögð fram stefna, greinargerð og nokkur önnur gögn. Sótt var þing af hálfu varnar aðilja, þ. e. áfrýjanda, og h/f Ísfirðings, og fengu þeir fresti í málinu til 29. s. m. Þá var af hálfu bæjarsjóðs Ísafjarðar lögð fram greinargerð ásamt nokkrum öðrum málsskjölum. Með samkomulagi aðilja var málinu því næst frestað til 30. október 1961, en þann dag var því enn frestað til 13. nóvember s. á. að ósk stefnanda. Er málið kom þá fyrir héraðsdóm, var sótt þing af hálfu stefnanda h/f Ísfirðings, en hins vegar eigi af hendi bæjarsjóðs Ísafjarðar. Í upphafi

þinghalds var kveðið á um, að málið skyldi flutt skriflega samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936. Þá var og lögð fram greinargerð ásamt aðiljaskýrslu af hálfu h/f Ísfirðings auk skjals af hendi stefnanda, sem nefnt var greinargerð. Málinu var því næst með samkomulagi frestað til 27. nóvember 1961 og þá með sama hætti til 5. desember s. á. Þann dag var dómþing sótt af hálfu allra málsaðilja. Var þá tekin aðiljaskýrsla af bæjarstjóra Ísafjarðar, málflutningsmenn stefnda og bæjarsjóðs Ísafjarðar fengu skráðar svonefndar bókanir í þingbók, og loks var tekin skýrsla af bankastjóra stefnanda. Enn var málinu frestað með samkomulagi til 8. janúar 1962. Að ósk stefnanda var málinu þá frestað til 15. s. m., og þann dag enn með samkomulagi til 5. febrúar s. á. Þá var sótt þing af hálfu stefnanda og bæjarsjóðs Ísafjarðar, sem bað um framhaldsfrest, en þeirri beiðni var andmælt af hálfu stefnanda. Næsta dag, er málið var enn tekið fyrir, var af hálfu stefnanda fallizt á lokafrest til 12. s. m. Þann dag var sótt þing af hálfu sömu aðilja. Samkvæmt þingbók lýsti umboðsmaður bæjarsjóðs Ísafjarðar því, að fallizt væri á, að gagnasöfnun teldist lokið og að frumvörn yrði lögð fram af hans hálfu, jafnskjótt og frumsókn hefði borizt. Málflutningsmaður stefnanda fékk þá enn lagt fram skjal, svonefnda bókun. Er svo hafði verið gert, lét héraðsdómari færa til bókar, að málflutningsmaður bæjarsjóðs Ísafjarðar, sem hefur skrifstofu í Reykjavík, hafi 6. febrúar 1962 fengið lokafrest í málinu og þrátt fyrir tvær ferðir frá Reykjavík frá þeim tíma hefði ekkert frá honum borizt nema framangreind yfirlýsing umboðsmanns hans. Að kröfu stefnanda var málið því næst tekið til dóms og dómur upp kveðinn 22. s. m.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að meðferð máls þessa í héraði hefur orðið með þeim hætti, að mjög brýtur í bága við ákvæði IX. kafla laga nr. 85/1936. Eftir að málsaðiljar höfðu hvor um sig á dómþingi 13. nóvember 1961 lagt fram greinargerð í samræmi við 105. og 106. gr. nefndra laga og héraðsdómari hafði samkvæmt 109. gr. sömu laga kveðið á um skriflegan málflutning, átti hann eftir þörfum að veita aðiljum frest til

öflunar gagna samkvæmt 110. gr. sömu laga. Fleiri greinargerðum eða svonefndum bókunum varð ekki að komið. Að gagnasöfnuninni lokinni áttu fyrirsvarsmenn aðilja því næst samkvæmt 110. gr. laganna rétt til að flytja tvisvar skriflega sókn og vörn, áður en málið væri tekið til dóms.

Þar sem svo mjög hefur verið brotið gegn þessum ákvæðum réttarfarslaga og raun ber vitni, verður ekki hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði, eftir að greinargerð og aðiljaskýrsla höfðu verið lagðar fram af hálfu h/f Ísfirðings hinn 13. nóvember 1961.

Eftir atvikum verður málskostnaður þó látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur svo og málsmeðferð í héraði, eftir að greinargerð og aðiljaskýrsla höfðu verið lagðar fram af hálfu h/f Ísfirðings hinn 13. nóvember 1961.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 22. febrúar 1962.

Ár 1962, fimmtudaginn 22. febrúar, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 12. febrúar síðastl.

Mál þetta, sem þingfest var 4. sept. 1961, hefur Jón Grímsson málflutningsmaður á Ísafirði höfðað f. h. útibús Landsbanka Íslands á Ísafirði gegn Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar og Kjartani J. Jóhannssyni lækni, stjórnarformanni Ísfirðings h.f., f. h. félagsins með stefnu, útgefinni 10. júlí 1961.

Krefst stefnandi þess, að stefndu greiði honum in solidum tvo víxla, að upphæð kr. 75.000.00 og kr. 50.000.00, alls kr. 125.000.00, 11% ársvexti af umstefndri upphæð frá 11. júlí 1960 til greiðsludags ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eftir taxta L.M.F.Í.

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður eða lækkaður verulega. Þá mótmælir hann vaxtakröfum stefnanda sem of háum.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að mótmæli stefnanda gegn varnarástæðum hans væru of seint fram komin.

Af hálfu stefnda Ísfirðings h.f. hafa engar kröfur verið settar fram.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. janúar 1958 fór stjórn Ísfirðings h.f., Ísafirði, þess á leit við bæjarstjórn Ísafjarðar, að hún ábyrgist fyrir félagið 250 þúsund króna lán, sem notað skyldi til þess að halda úti skipum félagsins, b.v. Ísborgu og b.v. Sólborgu. Í bréfi, þar sem tekin er upp samþykkt félagsstjórnar og send bæjarráði, er tekið svo til orða, „að til greiðslu á láni því, sem tekið yrði með þessari ábyrgð, ráðstafar félagið hækkun dagpeninga til togaranna, sem er 24 þús. krónur á mánuði, þar til lánið er að fullu greitt".

Bæjarráð Ísafjarðar tók erindi félagsstjórnarinnar fyrir sama dag, þ. e. 9. janúar 1958, og var málaleitun félagsins samþykkt þar og sömuleiðis á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar, er haldinn var 10. janúar 1958, og með þeim skilyrðum, að ráðgerð hækkun á dagpeningum togaranna, sem nam kr. 400.00 á skip, gangi til greiðslu á láninu.

Hinn 11. janúar 1958 gefur Jón Guðjónsson bæjarstjóri út og ábekur f. h. bæjarsjóðs tvo víxla, hvorn að upphæð kr. 125.000.00, en samþykkjandi var f. h. Ísfirðings h.f. Ásberg Sigurðsson forstjóri. Víxlar þessir voru síðan seldir útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Af hálfu Ísfirðings h.f. hafði Útflutningssjóði verið skrifað 17. janúar 1958 og farið fram á það, að Útflutningssjóður greiddi bæjarsjóði Ísafjarðar hækkun á dagstyrk togaranna Ísborgar og Sólborgar, a.m.k. 25 þús. krónur á mánuði, í „fyrsta skipti af styrk skipanna fyrir febrúarmánuð n.k. og síðan áfram mánaðarlega, þar til upphæðin er að fullu greidd", þ. e. þær 250 þús. krónur, sem lánið nam. Tekið var fram af hálfu Ísfirðings h.f., að ávísun þessi væri framseljanleg, enda framseldi bæjarsjóður Ísafjarðar útibúi Landsbankans á Ísafirði ávísunina með bréfi 17. janúar 1958. Var þar tekið fram, að óskað væri, að útibúið gerði ráðstafanir til þess að tryggja greiðslurnar hjá Útflutningssjóði og að þær gengju til greiðslu víxilskulda þeirra, sem áður eru nefndar.

Hinn 14. júní 1958 var dagstyrkur til botnvörpuskipa felldur niður. Útflutningssjóður skrifaði útibúi Landsbankans á Ísafirði 18. júní 1958 og tilkynnti, að um frekari greiðslur upp í áðurnefnda ávísun Ísfirðings h.f. til útibúsins verði ekki að ræða af hálfu sjóðsins. Var ávísunin þá að eftirstöðvum kr. 175.000.00, og höfðu þannig með þessum hætti verið greiddar kr. 75.000.00 af víxlunum.

Útibú Landbankans á Ísafirði tilkynnti bæjarsjóði Ísafjarðar með bréfi, dags. 23. júní 1958, hvernig komið væri, þ. e. að ekki verði um meiri greiðslur vegna Ísfirðings h.f. af hálfu Útflutningssjóðs að ræða og þar með, að útibúið ætlist til þess, að víxlarnir verði áframhaldandi greiddir niður með 25 þús. krónum á mánuði, eins og ætlazt var til með ofangreindri ávísun.

Bæjarráð Ísafjarðar hafði mál þetta til meðferðar 28. júní 1958 og bæjarstjórn Ísafjarðar 1. ágúst 1958. Er í fundargerð bæjarráðs, sem afgreidd var sem tilkynning á bæjarstjórnarfundi, sagt, að náðst hefði samkomulag milli bæjarráðs, forstjóra Ísfirðings h.f. og útibússtjóra Landsbankans hér um það, að bankinn annist þessar greiðslur í stað Útflutningssjóðs áður. „Hin tilvitnuðu orð eru, að því er segir í eftirriti af fundargerð bæjarráðs, dskj. nr. 12 í málinu, byggð á munnlegum upplýsingum staðgengils bæjarstjóra, sem mættur var á bæjarráðsfundinum. Útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði hefur neitað því, að nokkurt samkomulag hafi átt sér stað af hálfu bankans um greiðslu víxlanna og benti á kröfur bankans um þetta atriði í bréfi frá 23. júní, dskj. nr. 11.

Forstjóri Ísfirðings h.f., Ásberg Sigurðsson, telur tilvitnuð ummæli á algerum misskilningi byggð. Verður því að telja þetta atriði ósannað.

Af dagpeningum togaranna höfðu greiðzt upp í víxlana kr. 75.000.00, og eru kvittanir bankans dagsettar 3. marz, 8. apríl og 9. maí 1958, dskj. nr. 13—15. Hinn 31. marz 1960 keypti útibú Landsbankans á Ísafirði tvo víxla, að upphæð kr. 50.000.00 og 75.000.00, af Ísfirðingi h.f. til endurnýjunar víxlum sömu upphæða. Hafa því víxlar þessir verið greiddir niður á tímabilinu frá júní 1958 þangað til í marz 1960 um kr. 50.000.00, og mun Ísfirðingur h.f. hafa séð um þessar afborganir, en stefndi hefur haldið því fram, að upphæðin hafi verið greidd af útibúinu af útflutningsuppbótum Ísfirðings h.f.

Hinn 13. júlí 1960 fellur bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar frá afsögn víxla þessara, samtals kr. 125.000.00, og er mál

þetta risið út af þeim, og höfðað eins og áður segir. Þrátt fyrir það þó stefnandi hafi fallizt á að veita langa fresti í máli þessu, hefur hann þó haldið því fram, að málið væri hreint víxilmál og því tilgangslaust fyrir stefnda bæjarsjóð að draga inn í það varnarástæður, sem óheimilt væri að hafa uppi í víxilmálum.

Það verður að fallast á það með stefnanda, að varnarástæður stefnda séu ekki þess eðlis, sem fyrir er mælt í 208. gr. laga nr. 85/1936, og að ekki liggi fyrir samþykki samkv. kröfum 209. gr. sömu laga.

Þá verður ekki heldur fallizt á það, að of seint séu fram komin mótmæli stefnanda við því, að stefndi hefði uppi varnir. Stefnandi hefur að vísu um alllangt skeið fengizt við málflutning, en er ólöglærður.

Dómarinn telur, að það eigi ekki að koma stefnanda að sök, ef leiðbeiningarskylda hvílir á dómaranum, að hann hefur ekki notið leiðbeininga í upphafi máls þessa.

Sækjandi hefur krafizt þess, að svohljóðandi ummæli Árna Guðjónssonar hrl., umboðsmanns stefnda, verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir (dskj. nr. 6):

„Eigi liggur fjarri, að sú skýring sé á málatilbúnaði þessum á hendur umbj.m., að stefnandi hafi, er halla tók mjög undan fæti fjárhagslega fyrir Ísfirðing h.f., tekið þær fjárhæðir, sem um bankann fóru fyrir útflutningsverðmæti Ísfirðings h.f., upp í aðrar og ótryggari skuldir þessa fyrirtækis við bankann til þess að minnka tap bankans á hugsanlegu gjaldþroti Ísfirðings h.f.“

Þar sem telja verður ummæli þessi meiðandi fyrir Einar B. Ingvarsson bankastjóra, ber að verða við kröfu sækjanda og dæma þau dauð og ómerk. Árni Guðjónsson hrl. greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Niðurstaða málsins verður því samkvæmt framansögðu sú, að taka ber til greina kröfur stefnanda að öllu leyti, en þó þannig, að af upphæðinni greiðist 11% ársvextir frá 11. júlí 1960 til 1. jan. 1961, en 9½% ársvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða in solidum kostnað málsins, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 12.674.00.

Þess skal getið, að Ísfirðingur h.f. var úrskurðaður gjaldþrota 31. janúar 1962.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar og þrotabús Ísfirðings h.f., greiði in solidum stefnanda, Jóni Grímssyni f. h. Landsbanka Íslands, útibús á Ísafirði, kr. 125.000.00 ásamt 11% ársvöxtum frá 11. júní 1960 til 1. janúar 1961 og 9½% frá 1. janúar 1961 til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun og kr. 12.674.00 í málskostnað.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk. Árni Guðjónsson hrl. greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað hennar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1962.

Nr. 9/1962. **Árni Haraldsson og Ásbjörn Ólafsson**
(Gústaf Ólafsson hrl.)
gegn
Birni Haraldssyni,
Erlu Haraldsdóttur og
Kristínu Haraldsdóttur og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um eignarrétt að lóð og lóðamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1962, gera þessar dómkröfur:

1. „Að staðfest verði, að mörk lóðarinnar. nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík séu, eins og fram kemur á uppdrætti þeim af lóðinni, sem gerður var af skrifstofu bæjarverkfræðingsins í Reykjavík, mælingadeildinni, í febrúarmánuði 1961, sbr. hdskj. nr. 3 í málinu", þannig, eins og segir í héraðsstefnu, „að norður- og austurmörk séu hús-

hliðarnar með Austurstræti og Lækjargötu, suðurmörk séu norðurgafl Nýja bíós og vesturmörk línan 17—18 á uppdrættinum, sem er bein lína frá austurkanti steypts garðs, framlengd til skurðar við mörkin í Austurstræti, línuna 17—23 á uppdrætinum."

2. Að gagnáfrýjendum verði, að viðlögðum 3000 króna dagsektum, er þeir greiði aðaláfrýjendum in solidum, dæmt að fjarlægja af nefndri lóð innan mánaðar frá uppsögu dóms þessa skúrinn nr. 24 við Austurstræti.

3. Að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjendum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 21. febrúar 1962 og gert þessar dómkröfur:

1. **Austurstræti 24.**

Aðalkrafa, „að mörk eignarlóðar þeirra nr. 24 við Austurstræti verði ákveðin mörk hyrningsins H C G D á uppdrættinum á hdskj. nr. 50 (Fskj. nr. I)".

Varakrafa, „að mörk eignarlóðar þeirra nr. 24 við Austurstræti verði dæmd mörk hyrningsins H C E F á uppdrættinum á hdskj. nr. 49 (Fskj. nr. II)".

2. **Austurstræti 22.**

Aðalkrafa, „að mörk eignarlóðar þeirra nr. 22 við Austurstræti verði dæmd línan H I á uppdrættinum á hdskj. nr. 60 (Fskj. nr. III)".

Varakrafa, „að mörk eignarlóðar þeirra nr. 22 við Austurstræti verði dæmd línan 18, A G H á uppdrættinum á hrskj. nr. E (Fskj. nr. IV, sem sýnir sömu mörk og hdskj. nr. 52)".

3. Að þeim verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjenda „um brottflutning hússins nr. 24 við Austurstræti".

4. Að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilegt lýst í héraðsdómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu.

1. Eins og rakið var, krefjast aðaláfrýjendur viðurkenn-

ingar á því, „að norður- og austurmörk“ lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu „séu húshliðarnar með Austurstræti og Lækjargötu“ og „suðurmörk séu norðurgafl Nýja bíós“. Fyrirsvarsmönnum um mörk þessi gagnvart aðaláfrýjendum var eigi stefnt fyrir merkjadóminn. Í máli þessu verður dómur því ekki á þau lagður og kröfur aðaláfrýjenda um ákvörðun þeirra vísað frá héraðsdómi.

2. Hin sömu mörk, sem í héraðsdómi eru ákveðin milli lóðanna nr. 22 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu, skiptu ágreiningslaust samkvæmt málflutningi og málsgögnum nefndum lóðum, er Haraldur heitinn Árnason kaupmaður eignaðist fyrrnefndu lóðina samkvæmt afsali 13. desember 1917. Eigi er í ljós leitt, að nokkur breyting hafi hér á orðið. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um mörk þessi.

II.

Austurstræti 24.

Eins og lýst er í héraðsdómi, reistu nokkrir bifreiðarstjórar á árinu 1921 skúrbyggingu á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu með leyfi þáverandi eigenda lóðarinnar í bréfi 26. nóvember 1920 og með samþykki stjórnvalda byggingarmála Reykjavíkur, dags. 3. desember s. á. Var grunnflötur skúrs þess, sem nota átti til afgreiðslu bifreiða, samkvæmt ákvörðun byggingarnefndar 2.5×5.8 metrar, og var hann staðsettur í norðvesturhorni lóðarinnar, þ. e. við Austurstræti og að mörkum lóðarinnar nr. 22 við Austurstræti. Á árinu 1925 var skúrinn rifinn og reistur af nýju með leyfi byggingaryfirvalda á núverandi grunni sínum. Í skúr þessum, sem talinn er nr. 24 við Austurstræti, eru nú rekin verzlunarviðskipti.

Í greindu bréfi lóðareigenda 26. nóvember 1920 er m. a. það skilyrði sett fyrir byggingu skúrsins á lóðinni, „að önnur samningsatriði, sem um getur í sérstökum samningi“, verði haldin. Hvorki hefur samningur þessi komið fram í málinu né vitneskja fengizt um efni hans. Í afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur er þess getið, að lóðaskrárritari telji skúr þenna standa á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu,

og í fasteignamati Reykjavíkur 1942 segir, að hann sé á þeirri lóð. Eru engar frekari heimildir en nú hafa raktar verið fyrir hendi um lóðarréttindi, er skúrnum fylgi.

Telja verður með ólíkindum, að eigendur hinnar verðmætu byggingarlóðar, sem hér er um að tefla, hafi viljað skerða hana með því að binda hluta hennar óuppsegjanlega við umrætt smáhýsi. Þá var leyfi lóðareigenda til byggingar skúrsins svo háttað, eins og að framan er getið, að aukin lóðarréttindi eiganda skúrsins til handa gátu eigi unnizt fyrir hefð, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur rakið verið, þykir eðlilegast við það að miða, að einungis hafi verið leyfð lóðarafnot til óákveðins tíma, er segja mætti upp með hæfilegum fyrirvara, miðað við not skúrsins og framkvæmd brottflutning hans. Þar sem eigi er í ljós leitt, að gagnáfrýjendur hafi eignazt frekari lóðarréttindi með skúrnum, verður þeim samkvæmt kröfu lóðareigenda, aðaláfrýjenda máls þessa, dæmt að fjarlægja skúrinn af lóðinni fyrir 1. janúar 1964, að viðlögðum 2000 króna dagsektum, er gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjendum in solidum.

III.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Vesturmörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík eru samkvæmt uppdrætti á héraðsdómsskjali nr. 3, um beina línu, 17—18, frá austurkanti steypts garðs, þar til hún sker lóðarmörk við Austurstræti.

Gagnáfrýjendur, Björn Haraldsson, Erla Haraldsdóttir og Kristín Haraldsdóttir, eiga að fjarlægja skúrinn nr. 24 við Austurstræti af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu fyrir 1. janúar 1964, að viðlögðum 2000 króna dagsektum, er þau greiði in solidum aðaláfrýjendum, Árna Haraldssyni og Ásbirni Ólafssyni.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Haraldur Árnason kaupmaður keypti 1917 fasteignina nr. 22 við Austurstræti, en seldi Nýja Bíó h/f suðurhluta hennar 1919.

Austan við lóðina nr. 22 við Austurstræti er lóðin nr. 2 við Lækjargötu. Eigandi hinnar síðarnefndu lóðar veitti 1920 nokkrum bifreiðarstjórum leyfi til að reisa smáhýsi á lóðinni fyrir afgreiðslu bifreiða. Samþykktu bæjaryfirvöld byggingu þá, sem reist var 1921. Veit smáhýsi þetta að Austurstræti, og var það síðar skráð sjálfstætt í veðmálabækur Reykjavíkur sem eignin nr. 24 við Austurstræti. Á árinu 1925 fékk Haraldur Árnason leyfi byggingarnefndar til að flytja nefnt smáhýsi til austurs á lóðinni og upp að húsi því, sem þar er, og svo til að framlengja „Haraldarbúð" allt að smáhýsinu. Hinn 10. desember 1926 og 11. og 12. febrúar 1927 keypti Haraldur Árnason fasteignina nr. 2 við Lækjargötu, en seldi aftur hinn 20. desember 1929 Nýja Bíó h/f suðurhluta þeirrar lóðar.

Haraldur Árnason andaðist á árinu 1949. Kona hans, Arndís B. Árnason, sat í óskiptu búi, unz hún andaðist 1952.

Fimm börn þeirra hjóna erfðu sameiginlega ofangreindar eignir, og gerðu skiptagerning um þær hinn 11. desember 1952. Að samningu gerningsins stóðu með þeim Bjarni Bjarnason lögfræðingur, sem kvæntur er Jóhönnu Haraldsdóttur, og Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, eiginmaður Kristínar Haraldsdóttur. Gerningurinn hljóðar svo:

„Við undirrituð, erfingjar Haralds Árnasonar og Arndísar Árnason, sem höfum átt fasteignirnar Austurstræti nr. 22 og 24 og Lækjargötu 2 í óskiptri sameign, síðan skipti

á dánarbúi foreldra okkar fóru fram hinn 3. þ. m., skiptum hér með nefndum fasteignum þannig milli okkar:
Árni Haraldsson fær Lækjargötu 2 að hálfu,
Jóhanna Haraldsdóttir fær Lækjargötu 2 að hálfu,
Kristín Haraldsdóttir fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta,
Erla Haraldsdóttir fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta,
Björn Haraldsson fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta.

Skuld þá við ríkissjóð, kr. 180.935.00 vegna stóreignaskatts, er hvílir á ofangreindum eignum, greiðum við að ⅕ hluta hvert."

Lóðarskrárritari skráði þessi skipti, og þeim var þinglýst.

Hinn 1. nóvember 1960 afsalaði Jóhanna Haraldsdóttir Árna Haraldssyni eignarhluta sínum í húseigninni nr. 2 við Lækjargötu, og Árni afsalaði síðar sama dag Ásbirni Ólafssyni stórkaupmanni eignarhlutanum.

Börn Haralds Árnasonar, þau er skiptagerninginn undirrituðu, voru réttbær til að ráðstafa þeim fasteignum, sem skipt var, innan þeirra marka, sem lög setja eignarrétti. Með skýrum og ótvíræðum orðum skiptagerningsins var eigninni nr. 24 við Austurstræti úthlutað sem fasteign án nokkurra takmarkana þeim Erlu, Kristínu og Birni, og verður eigi annað ráðið af skiptagerningnum en að lóðarréttindum sé úthlutað með byggingunni Austurstræti 24. Þeim Árna og Jóhönnu var hins vegar úthlutað fasteigninni Lækjargötu 2. En nú sást öllum samningsaðiljum yfir það, að lóðarskikinn Austurstræti 24 hefur eigi verið skilinn frá lóðinni nr. 2 við Lækjargötu samkvæmt reglum 11. gr. laga nr. 35/1914. Lóðarskikanum undir byggingunni nr. 24 við Austurstræti hefur því greinilega verið úthlutað tvívegis með skiptagerningnum. Af þessum sökum verður að fylla og þýða skiptagerninginn samkvæmt eðlisrökum. Með hliðsjón af 11. gr. laga nr. 35/1914 þykir verða að telja lóðarskikann Austurstræti 24 til lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu. Fallast má því á ákvæði dóms Hæstaréttar, að því er varðar frávísun dómkröfu og mörk nefndrar lóðar. En hins vegar hefur sameign aðilja að nefndum lóðarskika enn eigi löglega verið slitið, og eru því eigi að svo stöddu efni til að dæma gagnáfrýjendur til að nema bygginguna á brott.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Vesturmörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík eru samkvæmt uppdrætti á héraðsdómsskjali nr. 3 um beina línu, 17—18, frá austurkanti steypts garðs, þar til hún sker lóðarmörk við Austurstræti.

Gagnáfrýjendur, Erla Haraldsdóttir, Kristín Haraldsdóttir og Björn Haraldsson, eiga að svo stöddu að vera sýknir af kröfum aðaláfrýjenda, Árna Haraldssonar og Ásbjörns Ólafssonar, um að nema bygginguna nr. 24 við Austurstræti á brott.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 30. desember 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hafa þeir Árni Haraldsson verzlunarmaður og Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður, báðir hér í bæ, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, birtri 6. og 7. júní s.l., gegn Erlu Haraldsdóttur, Miðtúni 90, Kristínu Haraldsdóttur, Hrefnugötu 5, báðum í Reykjavík, og Birni Haraldssyni, Miðbraut 23, Seltjarnarneshreppi, sem eigendum lóðarinnar nr. 22 við Austurstræti hér í bæ.

Í stefnu gerðu stefnendur eftirfarandi dómkröfur fyrir merkjadóminum:

1. Að staðfest verði, að mörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík séu eins og fram kemur á uppdrætti þeim af lóðinni, sem gerður var af skrifstofu bæjarverkfræðings í Reykjavík, mælingadeildinni, í febrúarmánuði 1961, sbr. dómskj. nr. 3 í málinu, þannig að norður og austurtakmörk séu húshliðarnar með Austurstræti og Lækjargötu, suðurmörk að norðurgafli Nýja Bíós og vesturmörk línan 17—18 á uppdrættinum, sem er bein lína frá austurkanti steypts garðs framlengd til skurðar við mörkin í Austurstræti, línuna 17—23 á uppdrættinum.
2. Að stefndu verði dæmd til að fjarlægja þau mannvirki, sem þau eiga á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, þegar í stað, að viðlögðum 3.000.00 króna dagsektum til stefnenda, sem stefndu greiði in solidum.

3. Að stefndu verði gert að greiða stefnendum málskostnað in solidum að skaðlausu.

Í greinargerð stefndu, sbr. dskj. nr. 21, voru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega: Að máli þessu verði vísað frá merkjadómi Reykjavíkur.

Til vara: Að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda.

Til þrautavara: Að mörk lóðanna nr. 22 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu annars vegar og lóðanna nr. 24 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu hins vegar verði ákveðin, svo sem merkt er inn á uppdrátt, er lagður mun verða fram á síðara stigi málsins.

Til þrauta-þrautavara: Að mörk lóðanna nr. 22 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu annars vegar og nr. 24 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu hins vegar verði ákvörðuð, svo sem merkt verður inn á uppdrátt af framangreindum lóðum og lagður mun verða fram á síðara stigi málsins.

Í öllum tilvikum kröfðust stefndu málskostnaðar in solidum úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Hinn 17. október s.l. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Féllu stefndu þá frá kröfu sinni um, að málinu yrði vísað frá í heild, en kröfðust þess einungis, að 2. lið stefnukröfunnar yrði vísað frá dómi.

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. október s.l., var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Undir síðari rekstri máls þessa breyttu stefnendur 2. lið stefnukröfunnar á eftirfarandi hátt, sbr. dskj. nr. 63:

„2. Að stefndu verði dæmd til að fjarlægja skúrinn nr. 24 við Austurstræti (áður B.S.R.) af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu að viðlögðum 3.000.00 króna dagsektum til stefnenda, sem stefndu greiði in solidum."

Að öðru leyti halda stefnendur fast við fyrri kröfur sínar og áskilja sér jafnframt rétt til að krefjast þess síðar, ef með þurfi, að stefndu fjarlægi öll önnur mannvirki, sem þeir eiga á lóðinni nr. 2 við Lækargötu með hæfilegum fyrirvara, allt eftir kröfu stefnenda.

Undir rekstri málsins gerðu stefndu eftirfarandi breytingar á dómkröfum sínum, án þess þó að gagnstefna í málinu, sbr. dskj. nr. 64.

„*I. Austurstræti 24.*

Aðalkrafa: Stefndu krefjast þess, að mörk eignarlóðar þeirra nr. 24 við Austurstræti, verði dæmd mörk hyrningsins H C D G á dskj. nr. 50.

Varakrafa: Til vara krefjast stefndu þess, að mörk eignarlóðar þeirra nr. 24 við Austurstræti verði dæmd mörk hyrningsins H C E F á dskj. nr. 49.

II. Austurstræti 22.

Aðalkrafa: Stefndu krefjast þess, að mörk eignarlóðar þeirra nr. 22 við Austurstræti, verði talin línan H I á dskj. nr. 60.

Varakrafa: Til vara krefjast stefndu þess, að mörk eignarlóðar þeirra nr. 22 við Austurstræti verði talin línan 18 A G F, og frá þeim punkti lína við hlið hússins nr. 22 við Austurstræti í götulínu, sbr. dskj. nr. 52.

III. Hvernig sem málið fer að öðru leyti, er krafizt sýknu af öðrum kröfulið stefnenda um brottflutning hússins nr. 24 við Austurstræti.

IV. Krafizt er málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Dómurinn hefur reynt að sætta aðiljana, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru svofelldir:

Með afsalsbréfi, dags. 13. desember 1917, seldi fjármálaráðherra Íslands Haraldi kaupmanni Árnasyni í Reykjavík húseign landssjóð nr. 22 við Austurstræti hér í bæ, hið svonefnda Prestaskólahús, ásamt meðfylgjandi lóð, sem í virðingargerð var talin 865 fermetrar, og öllu því, er nefndri húseign fylgdi og fylgja ber. Haraldur Árnason hóf síðan verzlunarrekstur í húsnæði þessu undir nafninu „Haraldarbúð".

Hinn 6. maí 1919 afsalaði Haraldur Árnason Nýja Bíó h/f hér í bæ baklóðinni við Austurstræti 22, og var tekið fram í afsalinu, að hinn afsalaði skiki væri 337,1 fermetrar að stærð.

Hinn 26. nóvember 1920 veitti Guðmundur Jensson samkvæmt umboði bifreiðarstjórunum Zóphoníasi Baldvinssyni, Jóni Guðmundssyni, Agli Vilhjálmssyni, Jóni Ólafssyni, Gunnari Guðnasyni og Kristni Guðnasyni heimild til að reisa bifreiðaafgreiðsluskúr á lóð hússins nr. 2 við Lækjargötu. Skúrinn skyldi vera 4 álnir meðfram Austurstræti og 9 álna langur að innanmáli. Sama dag rituðu framangreindir bifreiðarstjórar Byggingarnefnd Reykjavíkur og fóru þess á leit við hana, að þeim yrði veitt

leyfi til að byggja bráðabirgðaskúr úr steini fyrir bifreiðaafgreiðslu.

Þessari málaleitan var svarað með bréfi, dags. 3. des. 1920, er hljóðar m. a. á þessa leið: „Bygginganefnd og bæjarstjórn hafa leyft yður að byggja geymsluskúr fyrir bifreiðar, 2,5×5,8 mtr að stærð, við Austurstræti á lóð hússins nr. 2 við Lækjargötu ....“

Einhvern tíma á árinu 1921 mun skúr þessi hafa verið reistur, sbr. dskj. nr. 40, á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu Austurstrætismegin, við mörk lóðarinnar nr. 22 við Austurstræti, sbr. uppdrættina á dskj. nr. 32, 33 og 59. Á þessum stað var skúr þar til árið 1925, en þá var hann fluttur upp að húsinu nr. 2 við Lækjargötu (Eymundsenshúsinu svokallaða) og Haraldarbúð lengd til austurs allt að skúrnum, eins og hann var nú staðsettur eftir flutninginn, sbr. dskj. nr. 32, 33, 57, 58 og 59. Við þessa lengingu á búðinni stækkaði hún um 20,75 fermetra. Síðan hefur skúrinn staðið óhreyfður á sama stað og lengst af verið notaður sem bifreiðastöð, og þá ýmist kallaður B.S.R.-skúrinn eða Austurstræti 24. Nú er hann hins vegar notaður fyrir pylsusölu o. fl.

Með afsölum, dagsettum 11. og 12. febrúar 1927, komst fasteignin nr. 2 við Lækjargötu hér í bæ ásamt tilheyrandi mannvirkjum í eigu Haralds Árnasonar, sbr. dskj. nr. 43—47 incl. Áður hafði fasteign þessi verið í óskiptri sameign 7 testamentserfingja frú Sólveigar Eymundsson, þeirra Gunnars G. Björnssonar, Jóhanns G. Björnssonar, Sigfúsar G. Björnssonar, Solveigar G. Björnssonar, Björns G. Björnssonar, Gunnlaugs G. Björnssonar og Ólafar G. Björnssonar. Í afsölum þessum er stærð lóðarinnar hvergi getið.

Með afsali, dags. 20. desember 1929, seldi Haraldur Árnason Nýja Bíó h/f suðurhluta lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu ásamt þeim mannvirkjum, er hann átti á hinum selda lóðarskika. Í afsalinu er stærðar hins selda lóðarskika eigi getið, heldur vitnað í uppdrátt af honum, en lögmönnum aðilja hefur eigi tekizt að hafa upp á honum.

Eftir þetta eru fasteignirnar Austurstræti nr. 22 og Lækjargata nr. 2 óskertar í eigu Haralds Árnasonar, meðan hann lifði, en hann lézt á árinu 1949. Búi Haralds var þó ekki skipt milli erfingjanna við lát hans, heldur fékk ekkja hans, frú Arndís B. Árnason, búsetuleyfi og sat í óskiptu búi, þar til hún lézt árið 1952.

Hinn 11. desember 1952 gerðu eftirlifandi börn þeirra hjóna,

þau Erla, Jóhanna og Kristín Haraldsdætur og Árni og Björn Haraldssynir með sér svofelldan skiptasamning, sbr. dskj. nr. 22:

„Við undirrituð, erfingjar Haralds Árnasonar og Arndísar Árnason, sem höfum átt fasteignirnar Austurstræti 22 og 24 og Lækjargötu 2 í óskiptri sameign, síðan skipti á dánarbúi foreldra okkar fóru fram hinn 3. þ. m., skiptum hér með nefndum fasteignum þannig milli okkar:

Árni Haraldsson fær Lækjargötu 2 að hálfu,
Jóhanna Haraldsdóttir fær Lækjargötu 2 að hálfu,
Kristín Haraldsdóttir fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta,
Erla Haraldsdóttir fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta,
Björn Haraldsson fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta.

Skuld þá við ríkissjóð, kr. 180.935.00, vegna stóreignaskatts, er hvílir á ofangreindum eignum, greiðum við að ⅕ hluta hvert."

Sama dag gerðu eigendur Lækjargötu 2, þau Jóhanna Haraldsdóttir og Árni Haraldsson, sameignarsamning. Í samningi þessum er m. a. tekið fram eftirfarandi:

„1. Neðsta hæð hússins og nyrðri helmingur lóðarinnar skal vera eign Jóhönnu.
2. Efri hæð hússins og risið og syðri helmingur lóðarinnar, skal vera eign Árna.
3. Hvort um sig hefur forkaupsrétt að hluta hins."

Með afsalsbréfi, dags. 1. nóvember 1960, seldi Jóhanna Haraldsdóttir Árna Haraldssyni eignarhluta sinn í húseigninni nr. 2 við Lækjargötu, „sem er neðsta hæð hússins og nyðri (sic) hluti meðfylgjandi eignarlóðar (helmingur) með öllu múr- og naglföstu og öðru, sem eigninni fylgir og fylgja ber". Í afsali þessu segir enn fremur: „Eignarhlutinn er seldur í því ástandi, sem hann nú er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við."

Með afsali, dagsettu sama dag, seldi Árni Haraldsson meðstefnanda sínum, Ásbirni Ólafssyni stórkaupmanni eignarhluta sinn í húseigninni nr. 2 við Lækjargötu, „sem er neðsta hæð hússins og nyðri (sic) hluti meðfylgjandi eignarlóðar (helmingur) með öllu múr og naglföstu og öðru, sem eigninni fylgir og fylgja ber". Enn fremur segir svo í afsali þessu:

Eignarhlutinn er seldur í því ástandi, sem hann er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við."

Stefnendur, sem hafa ákveðið að reisa stórhýsi á lóð sinni nr. 2 við Lækjargötu, sneru sér til skrifstofu bæjarverkfræðings í Reykjavík til þess að fá nákvæma mælingu og uppdrátt af lóðinni.

Samkvæmt mælingu og uppdrætti, gerðum á skrifstofu bæjarverkfræðings í febrúar 1961, reiknaðist lóðin vera 294 m², en hafði áður verið talin 288,4 m², sbr. dskj. nr. 3, 4 og 15. Á uppdrætti þessum, sbr. dagskj. nr. 3, nær lóðin yfir Austurstræti 24 (B.S.R.-skúrinn) og enn fremur austasta hluta verzlunarhúsnæðisins (Haraldarbúðar) á lóðinni nr. 22 við Austurstræti.

Með uppdrætti þessum fylgir bréf frá skrifstofu bæjarverkfræðings (mælingadeild), dags. 3. maí 1961, sbr. dskj. nr. 4 svohljóðandi:

„Mæling og uppdráttur af lóðinni Lækjargata 2 var gerður af mælingadeild skrifstofu bæjarverkfræðings í febr. 1961 samkvæmt ósk eigenda.

Dagbók mælingamanns er glötuð, og í lóðamerkjabók eru engar lýsingar á mörkum færðar. Við ákvörðun lóðamarka var því stuðzt við eftirfarandi gögn:

1) Mælingu og kort Ólafs Þorsteinssonar, gert á árunum 1918—20.
2) Uppdrátt af „Nýja bíó og lóðum í kring“ í mkv. 1:250, gerðum 1926 af Magnúsi Konráðssyni og árituðum af lóðaskrárritara.
3) Uppdrátt lóðaskrárritara í mkv. 1:500, dags. 6/7 1931.
4) Mannvirki á staðnum (húshliðar og steyptur garður).

Lóðamörk með Austurstræti og Lækjargötu (n- og a-mörk) eru ákveðin í húshliðum (sbr. uppdr. hjá lóðaskrárr. af „Nýja-bíó og lóðunum í kring“ í mk. 1:250, dags. 6/11 '26, áritaðir af lóðaskrárr.

S-mörk eru ákveðin n-gafl Nýja Bíós (sbr. afsal, dags. 20/12 '29, þinglesið 12/2 '31).

V-mörk (línan 17—18) eru ákveðin í austurkanti steypts garðs, bein lína framlengd til skurðar við mörkin við Austurstræti (línuna 17—23). Við athugun á mælingu Ólafs Þorsteinssonar frá því á árunum '18—1921, kemur í ljós, að pkt. 17, ákveðinn eins og að framan greinir, fellur saman við hornpunkt girðingar, sem sýnd er á korti Ó. Þ. milli lóðanna Lækjargata 2 og Austurstræti 22.

Flatarmál Lækjargötu 2, miðað við framangreind mörk, verður 294 m² (lóðin talin 288,4 m²), og flatarmál Austurstrætis 22 og 22b samanlögð verður ca. 1051 m² (taldar 512 + 517 = 1029 m²).“

Uppdrættir þeir, sem getið er um í hinu tilvitnaða bréfi frá

skrifstofu bæjarverkfræðings, hafa verið lagðir fram í málinu, sbr. dskj. nr. 6—10 incl.

Stefndu hafa hvorki viljað fallast á uppdrátt þennan af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu né heldur viljað rífa niður greind mannvirki sín á hinum umdeilda lóðarskika.

Kveðast stefnendur því hafa verið tilneyddir að höfða mál þetta til ákvörðunar lóðamarkanna svo og til þess að fá stefndu dæmda til að fjarlægja mannvirki þau, sem þeir eigi á lóð stefnenda samkvæmt framangreindum uppdrætti, gerðum á skrifstofu bæjarverkfræðings í febrúar 1961.

Árni Haraldsson, stefnandi máls þessa, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi eigi verið viðstaddur, er samningsgerðin á dskj. nr. 22 fór fram (þ. e. skiptasamningur þeirra Haraldsbarna um fasteignirnar (Austurstræti 22 og 24 svo og Lækjargötu 2), heldur hafi hann komið og undirritað samninginn eftir á. Hann kveður þá mága sína lögfræðingana Bjarna og Jón Bjarnasyni hafa annazt skiptin að öllu leyti og gengið frá samningum, og hafi þá aldrei komið til tals að skerða ætti lóðina nr. 2 við Lækjargötu. Er salan til Ásbjarnar Ólafssonar á helmingi fasteignarinnar nr. 2 við Lækjargötu fór fram, segir Árni, að þeir Bjarni Bjarnason, mágur hans, hafi tjáð Ásbirni, að stærð lóðarinnar væri 288,4 m^2, enda hafi þeir þá talið það hina réttu stærð hennar, þótt hún hafi síðar við mælingu reynzt vera 294 m^2. Hins vegar kvað Árni, að mörkin milli lóðanna nr. 2 við Lækjargötu og nr. 22 við Austurstræti hafi eigi borið á góma við sölu þessa, né hafi þá heldur verið um það rætt, hversu lengi eigendur skúrsins nr. 24 við Austurstræti (B.S.R.-skúrsins) fengju að hafa hann þar áfram.

Bjarni Bjarnason hdl., eiginmaður Jóhönnu Haraldsdóttur, hefur skýrt svo frá, að þeir bræðurnir, hann og Jón Bjarnason hrl., hafi komið fram f. h. allra systkinanna (Haraldsbarna), er skiptasamningurinn á dskj. nr. 22 var gerður. Hann segir, að lóðamörkin milli Lækjargötu 2 og Austurstrætis 22 hafi ekkert borið á góma við samningsgerð þessa, enda hafi skipti þessara eigna eingöngu verið miðuð við það verðmætismat, sem fram kom í fasteignamatinu, til þess að þau yrðu sem jöfnust milli erfingjanna. Austurstrætis 24 hafi verið sérstaklega getið í skiptasamningnum, en erfingjarnir hafi hins vegar allir vitað, að númer þetta væri lóðarlaust. Ekki kvaðst Bjarni þó minnast þess, að þetta atriði væri sérstaklega rætt við skiptin, á hinn bóginn

hafi það aldrei komið til tals, hvorki þá né síðar að skerða ætti lóðina nr. 2 við Lækjargötu. Bjarni kvað það ekki hafa verið rætt sérstaklega við gerð skiptasamningsins á dskj. nr. 22, hversu lengi eigendur hússins nr. 24 við Austurstræti (B.S.R.-skúrsins) fengju að hafa það áfram á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu. Bjarni kvað enga uppdrætti hafa legið frammi af lóðunum nr. 2 við Lækjargötu eða Austurstræti nr. 22, er skiptasamningurinn á dskj. nr. 22 var gerður, enda sagðist hann ekki vera viss um, að hann hefði nokkurn tíma séð uppdrætti af þessum lóðum. Ekki kvaðst Bjarni minnast þess, að það hafi verið rætt sérstaklega, er margnefndur skiptasamningur var gerður, að austasti hluti Haraldarbúðar væri byggður inn á lóðina nr. 2 við Lækjargötu.

Bjarni kvaðst hafa verið viðstaddur, er afsalið á dskj. nr. 37 var undirritað, þ. e. þegar Árni Haraldsson seldi Ásbirni Ólafssyni hálfa eignina nr. 2 við Lækjargötu. Hafi þeir Árni þá tjáð Ásbirni, að stærð lóðarinnar væri 288,4 m² og stuðzt þar við viðskiptaskrána, en í þá bók sé stærðin komin úr fasteignamatinu, enda hafi þeir haldið það hina réttu stærð hennar, þótt hún hafi síðar við mælingu reynzt vera 294 m².

Ásbjörn Ólafsson, stefnandi máls þessa, hefur skýrt svo frá, að mörk lóðanna nr. 2 við Lækjargötu og nr. 22 við Austurstræti hafi eigi borið á góma við undirritun afsalsins á dskj. nr. 37, þ.e.a.s. þegar hann keypti helming fasteignarinnar nr. 2 við Lækjargötu af Árna Haraldssyni, hins vegar hafi Bjarni Bjarnason hdl. sagt honum, að stærð lóðarinnar (Lækjargötu nr. 2) væri 288,4 m².

Ásbjörn kveður Bjarna Bjarnason hdl. hafa sagt sér við sama tækifæri, að lóðin undir skúrnum nr. 24 við Austurstræti væri skilyrðislaust eign Ásbjarnar, en börn Haralds Árnasonar, þau Björn, Kristín og Erla, hirtu tekjur af skúrnum. Ekki kvað Ásbjörn það hafa verið rætt sérstaklega við undirritun afsalsins á dskj.. nr. 37, hversu lengi framangreindir erfingjar Haralds Árnasonar fengju að hirða arð af skúrnum nr. 24 við Austurstræti, en Ásbjörn kveðst hafa tekið það fram við Bjarna Bjarnason hdl., að hann myndi fljótlega láta rífa þarna allt af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, og hafi það engum andmælum sætt.

Ásbjörn tók fram, að áður en hann festi kaup á eigninni nr. 2 við Lækjargötu, hafi það mál verið búið að vera lengi á döfinni hjá sér og hafi hann því athugað lóðamörkin gaumgæfilega með

því að ganga margoft á vettvang. Af þessari athugun sinni hafi hann ályktað, að austasti hluti Haraldarbúðar, sem svarar u.þ.b. einni og hálfri gluggabreidd, stæði á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu. Hins vegar kvað Ásbjörn þetta atriði ekki hafa verið rætt sérstaklega við samningsgerðina á dskj. nr. 37.

Þormóður Ögmundsson lögfræðingur hefur skýrt svo frá, að hann hafi samið afsalið á dskj. nr. 37 svo og afsalið á dskj. nr. 36 (þegar Jóhanna Haraldsdóttir afsalaði Árna Haraldssyni helming eignarinnar nr. 2 við Lækjargötu). Þormóður minntist þess ekki, að lóðamörkin milli Lækjargötu nr. 2 og Austurstrætis 22 hefðu verið rædd sérstaklega, er samningurinn á dskj. nr. 37 var gerður. Ekki hafi heldur verið rætt neitt um skúrinn nr. 24 við Austurstræti við þetta tækifæri né heldur, að austasti hluti Haraldarbúðar stæði á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu.

Þormóður kvað veðbókarvottorð hafa legið frammi, er afsölin á dskj. nr. 36 og 37 voru gerð, hins vegar kvaðst hann ekki minnast þess, að nokkrir uppdrættir af lóðunum lægju frammi, né heldur skiptasamningur systkinanna á dskj. nr. 22. Hann sagði, að sér hefði verið ókunnugt um, að vafi léki á um mörk lóðanna nr. 2 við Lækjargötu og nr. 22 við Austurstræti, þegar afsölin á dskj. nr. 36 og 37 voru gerð. Undir samningsgerðinni kvað Þormóður stærð lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu hafa verið rædda. Hafi Bjarni Bjarnason hdl. þá upplýst, að stærð hennar væri 288,4 m^2. Til að sannreyna þetta kveðst Þormóður hafa flett upp í Viðskiptaskránni og þar hafi lóðin einnig verið talin 288,4 m^2.

Jón Bjarnason hrl., eiginmaður Kristínar Haraldsdóttur, stefndu í máli þessu, hefur skýrt svo frá, að áður en skiptasamningur systkinanna á dskj. nr. 22 hafi verið gerður, hafi erfingjar Haralds Árnasonar og tengdasynir hans komið saman á nokkrum fundum til að ræða skiptin. Hafi þá alltaf verið litið á Austurstræti 22, Austurstræti 24 og Lækjargötu 2 sem þrjár sjálfstæðar eignir, og hafi því mörkin milli lóðanna nr. 2 við Lækjargötu og nr. 22 við Austurstræti aldrei borið á góma. Jón kvað það aldrei hafa komið til tals á skiptafundum þessum, að ein eða nein af eignum þessum væri lóðarréttindalaus. Hins vegar kvað Jón það hafa komið fram á einum þessara skiptafunda, að eignarheimildin að Austurstræti 24 kynni að vera gölluð. Kvaðst hann því hafa athugað veðmálabækur varðandi eignina, áður en skiptasamningurinn á dskj. nr. 22 hafi verið undirritaður.

Hafi þá staðið í veðmálabókum, að um eignarlóð væri að ræða og eignin komin á nafn Arndísar B. Árnason samkvæmt búsetuleyfi.

Jón kvað Bjarna Bjarnason hdl., bróður sinn, hafa samið skiptasamninginn á dskj. nr. 22, en Jón kvaðst hafa litið yfir hann og ekkert athugavert séð við hann.

Er skiptasamningurinn á dskj. nr. 22 var gerður, kveður Jón, að hvorki hafi legið frammi uppdrættir af lóðunum né eldri samningar um fasteignir þessar.

Jón sagði, að skiptasamningurinn á dskj. nr. 22 hafi verið sérstök skipti milli erfingjanna, þar sem ekki hafi verið skipt, miðað við það verðmætismat, sem fram komi í fasteignamatinu, heldur hafi skiptin verið samkvæmt samkomulagi systkinanna. Hafi þar mörg atriði komið til greina, svo sem aðrar eignir, er dánarbú Haralds Árnasonar hafi átt. Jón tók fram, að er skiptasamningurinn á dskj. nr. 22 var gerður, hafi það aldrei verið ætlunin, að hlunnfara neitt af systkinunum, enda kvaðst hann telja, að skiptin á þessum eignum hafi verið eins jöfn milli systkinanna og unnt hafi verið að ná.

Erla Haraldsdóttir, stefnda í máli þessu, hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið viðstödd á framangreindum skiptafundum og hafi þar aldrei verið rætt um lóðamörk milli þeirra fasteigna, er um getur í skiptasamningnum á dskj. nr. 22. Ekki hafi heldur verið á það minnzt, að skúrinn nr. 24 við Austurstræti væri lóðarréttindalaus, heldur ávallt talað um þessi þrjú götunúmer sem þrjár sjálfstæðar fasteignir. Erla kvaðst ekki minnast þess, að það hafi verið rætt sérstaklega á skiptafundum þessum, að skiptum á þeim eignum, er um getur á dskj. nr. 22, skyldi haga þannig, að þau yrðu sem jöfnust milli systkinanna.

Stefndu, Kristín Haraldsdóttir og Björn Haraldsson, hafa einnig komið fyrir dóminn og gefið skýrslu. Var framburður þeirra samhljóða framburði Erlu Haraldsdóttur að öðru leyti en því, að Kristín kvað það hafa verið rætt sérstaklega á skiptafundunum, að skiptum á fasteignum þeim, er um getur á dskj. nr. 22, skyldi haga þannig, að þau yrðu sem jöfnust milli systkinanna.

Lögmaður stefnenda hefur mótmælt framburði stefndu og Jóns Bjarnasonar hrl. sem röngum.

Lögmaður stefndu hefur mótmælt framburði stefnenda og Bjarna Bjarnasonar hdl. sem röngum.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að samkvæmt upp-

drætti af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, gerðum á skrifstofu bæjarverkfræðings í febrúar 1961, sbr. dskj. nr. 3, standi B.S.R.-skúrinn (Austurstræti nr. 24) svo og austasti hluti Haraldarbúðar, nr. 22 við Austurstræti, á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu. Uppdráttur þessi sé byggður á eldri teikningum og mælingu af lóðinni, sbr. dskj. nr. 4—10 incl., er rakin hafa verið hér að framan. Af þessu telja stefnendur ljóst, að staðfesta beri í dómi þessum mörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, eins og þau koma fram á uppdrættinum á dskj. nr. 3, enda hafi stefndu ekki tekizt að hnekkja honum.

Er B.S.R.-skúrinn var byggður á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, nú Austurstræti nr. 24, hafi einungis verið veitt leyfi til byggingar bráðabirgðaskúrs og ekkert tekið fram um það, hversu lengi hann fengi að standa á lóðinni. Telja stefnendur því augljóst, að þeir sem núverandi eigendur lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu geti, hvenær sem er, krafizt þess, að stefndu fjarlægi skúrinn af lóðinni, enda sé þeim veittur til þess hæfilegur frestur, en stefnendur telja þrjá mánuði nægilega í því tilfelli, er hér um ræðir.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því, að eigendur lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu hafi á sínum tíma veitt skilyrðislaust leyfi til byggingar þeirra mannvirkja, er nú standi á lóðinni nr. 24 við Austurstræti, og samþykki byggingarnefndar og bæjarráðs hafi þar komið til, einnig án nokkurra skilyrða.

Stefndu telja, að þessi ráðstöfun varðandi lóð, sem þegar hafi verið fullbyggð gagnvart Lækjargötu, verði ekki skilin á annan veg en sem samþykki á skiptingu lóðarinnar sem byggingarlóðar, enda hafi byggingin átt að standa við aðra götu, þ. e. Austurstræti, og vera úr varanlegu efni, steinsteypu. Þessi eign hafi þannig verið leyst úr sambandi við lóðina nr. 2 við Lækjargötu og verið skráð sérstaklega í veðmálabækur Reykjavíkur sem eignin nr. 24 við Austurstræti.

Síðar hafi allar þessar eignir (Austurstræti 22 og 24 og Lækjargata 2) komizt í eigu sama manns, Haralds Árnasonar, og við skipti á dánarbúi hans, 3. desember 1952, í óskipta sameign fimm barna hans. Hinn 11. desember s. á. hafi þau síðan skipt með sér fasteignum þessum, eins og segir á dskj. nr. 22. Hinn 20. febrúar 1953 hafi lóðaskrárritari ritað á skjalið, að eigendaskipta væri getið, og næsta dag, hinn 21. febrúar 1953, hafi skjalið verið fært í veðmálaskrár Reykjavíkur á allar eignirnar, Austurstræti 22, Austurstræti 24 og Lækjargötu 2.

Af þessu telja stefndu ljóst, að enginn grundvöllur sé fyrir kröfum stefnenda, en hvernig sem málið fer, krefjast þeir sýknu af 2. kröfulið stefnenda um brottflutning hússins nr. 24 við Austurstræti, þar eð það hafi verið byggt úr varanlegu efni með samþykki þáverandi eigenda lóðarinnar og byggingarnefndar og bæjarráðs án nokkurra tímatakmarkana, og sé þeim því heimilt að láta það standa áfram á lóðinni, eins lengi og þeir óski.

Af gögnum málsins er ljóst, að bæði B.S.R.-skúrinn, nr. 24 við Austurstræti, og austasti hluti Haraldarbúðar hafa upphaflega verið byggð á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu. Er þessar byggingaframkvæmdir áttu sér stað, var Haraldur Árnason ekki eigandi lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, og höfðu því framkvæmdir þessar enga breytingu í för með sér á mörkum þeirra eignarlóða, sem deilt er um í máli þessu. Árið 1927 kaupir Haraldur Árnason fasteignina nr. 2 við Lækjargötu, en ekki verður séð, að það út af fyrir sig breyti heldur nokkru um mörk marggnefndra lóða.

Síðan á Haraldur fasteignirnar nr. 22 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu yfir 20 ár, og verður ekki séð, að á þeim tíma hafi lóðamörkin milli þeirra breytzt.

Sama ástand í þessum efnum ríkir enn, þegar börn Haralds Árnasonar skipta með sér fasteignum þessum hinn 11. desember 1952, sbr. dskj. nr. 22. Viðurkennt er í málinu, að á skiptafundunum, sem voru undanfari skiptagerningsins á dskj. nr. 22, hafi mörk lóðanna ekki verið rædd og ekki hafi heldur legið frammi samningar eða uppdrættir af lóðum þessum. Þegar þetta er haft í huga og þess er enn fremur gætt, að í skiptasamningnum á dskj. nr. 22 er þess eigi getið, að ætlunin sé að skerða lóðina nr. 2 við Lækjargötu í skiptum þessum, þá verður að telja, að samningur þessi hafi ekki leitt til breytinga á lóðamörkum, eins og þau voru fyrir skiptin og ríkt höfðu yfir tvo áratugi.

Þessari niðurstöðu til enn frekari stuðnings er það, að samkvæmt fasteignamati því er gilti, þegar skiptin fóru fram, var Austurstræti nr. 22 metið á kr. 124.300.00, Lækjargata nr. 2 er metin á kr. 77.400.00, en húsið við Austurstræti nr. 24 var metið á kr. 2.100.00 og þess jafnframt getið í fasteignamatinu, að það stæði á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, sbr. dskj. nr. 15, 16 og 17.

Af þessu sést, að þau Árni Haraldsson og Jóhanna Haraldsdóttir hafa samkvæmt fasteignamati borið nokkuð skarðan hlut

frá borði við skiptin á fasteignum þessum hinn 11. desember 1952.

Væru hins vegar kröfur stefndu teknar til greina í máli þessu, yrði hlutur þeirra Árna og Jóhönnu enn rýrari, miðað við hlut hinna systkinanna við fasteignaskipti þessi, þar eð það myndi hafa í för með sér verulega skerðingu lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu.

Að öllu því athuguðu, er nú hefur verið rakið, þykir rétt að staðfesta mörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, eins og þau eru dregin á uppdrættinum á dskj. nr. 3, er gerður var á skrifstofu bæjarverkfræðings í febrúarmánuði 1961.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir verða að dæma stefndu til að fjarlægja skúrinn nr. 24 við Austurstræti af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, enda eru hagsmunir stefnenda til að fá skúrinn fjarlægðan langtum ríkari heldur en hagsmunir stefndu til áframhaldandi stöðu hans á lóðinni.

Hæfilegur frestur fyrir stefndu til að fjarlægja skúrinn þykir vera 4 mánuðir frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 2000 króna dagsektum, er þau greiði stefnendum in solidum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Einari B. Guðmundssyni hrl. og Árna Snævarr verkfræðingi.

Dómsorð:

Framangreind mörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, eins og þau eru dregin á uppdrættinum á dskj. nr. 3, eru staðfest.

Stefndu, Erlu Haraldsdóttur, Kristínu Haraldsdóttur og Birni Haraldssyni, ber að fjarlægja skúrinn nr. 24 við Austurstræti af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu innan 4 mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 2000 króna dagsektum, er þau greiði stefnendum, Árna Haraldssyni og Ásbirni Ólafssyni, in solidum.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1962.

Nr. 50/1962. **Bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Páll S. Pálsson hrl.) ,
gegn
Daníel Ágústínussyni og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fébætur fyrir svipting starfa og miskabætur fyrir meinyrði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. marz 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1962 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. marz 1962, áfrýjað málinu með stefnu 9. apríl 1962 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 346.879.15 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. október 1960 til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I. Með skírskotun til kröfugerðar gagnáfrýjanda og raka hins áfrýjaða dóms þykir rétt að ákveða fébætur handa honum vegna uppsagnar á bæjarstjórastarfa kr. 114.000.00.

II. Á fundi bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar hinn 24. ágúst 1960 var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2 að víkja gagnáfrýjanda frá störfum bæjarstjóra með svofelldri ályktun:

„Með því að sannað er, að bæjarstjóri Akraness, Daníel Ágústínusson, hefur á eigin ábyrgð dregið bænum fé af uppbótargreiðslum til ellilífeyrisþega í Elliheimili Akraness, að upphæð samtals kr. 62.223.00, nýlega ákveðið fjárfestingu fyrir hönd bæjarins, að upphæð kr. 300.000.00, án samráðs við bæjarstjórn, vanrækt að framkvæma samþykktir bæjarráðs og tíðum stungið undir stól erindum til bæjar-

stjórnar, í stað þess að leggja þau fyrir bæjarráð til úrlausnar, þá samþykkir bæjarstjórn Akraness að segja honum upp bæjarstjórastarfinu frá og með 25. ágúst 1960 að telja."

Sakargiftir á hendur gagnáfrýjanda í ályktun þessari eru móðgandi og meiðandi. Þær eru mun meinlegri fyrir þá sök, að þær voru fram bornar sem rökstuðningur fyrir því að víkja honum úr stöðu hans. Eigi hefur verið reynt í málinu að finna sakargiftunum stað né réttlæta þær. Að svo vöxnu máli ber að dæma aðaláfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 til að greiða gagnáfrýjanda miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00.

III. Úrslitin verða því þau, að aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 114.000.00 + kr. 35.000.00, þ. e. kr. 149.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. marz 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Daníel Ágústínussyni, kr. 149.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. marz 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akranesskaupstaðar 31. ágúst 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Daníel Ágústínusson, fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi, höfðað fyrir bæjarþingi Akraness með stefnu, útgefinni 13. marz s.l., gegn bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs til greiðslu vangreiddra launa og bóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, samtals að fjárhæð kr. 370.660.00, auk vaxta og málskostnaðar.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt vaxtakröfunni með samþykki umboðsmanns stefnda. Eru kröfur stefnanda þær,

að stefndi verði dæmdur til að greiða framangreinda fjárhæð *aðallega* með 10% ársvöxtum frá 1. okt. 1960 til 29. des. s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. *Til vara* krefst stefnandi 10% ársvaxta af kr. 200.000.00 frá 1. október 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, 10% ársvaxta af kr. 8533.00 frá 1. október 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, 10% ársvaxta af kr. 8533.00 frá 1. nóvember 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, síðan 8% ársvaxta til greiðsludags af sömu fjárhæð frá 1. hvers mánaðar frá og með 1. janúar 1961 til og með 1. maí 1962.

Málsatvik eru þessi:

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 17. marz 1954 var stefnandi kosinn bæjarstjóri og endurkosinn á fundi 6. febrúar 1958 „til næstu 4 ára". Aðiljar eru sammála um, að 3 bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins, einn bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins og einn bæjarfulltrúi Sameiningarflokks Alþýðu—Sósialistaflokksins hafi staðið að þessu kjöri stefnanda, en 4 seðlar bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins hafi verið auðir. Á fundi bæjarstjórnarinnar þann 24. ágúst 1960 var samþykkt að víkja stefnanda frá störfum og kosinn nýr bæjarstjóri. Báru allir bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins fram tillögu um þetta, og var hún samþykkt með atkvæðum þeirra og bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins gegn tveimur atkvæðum bæjarfulltrúa hinna flokkanna (7:2). Er enginn ágreiningur um þetta í málinu. Tillagan er svohljóðandi: „Með því að sannað er, að bæjarstjóri Akraness Daníel Ágústínusson hefur á eigin ábyrgð dregið bænum fé af uppbótagreiðslum til ellilífeyrisþega í Elliheimili Akraness, að upphæð samtals kr. 62.223.00, nýlega ákveðið fjárfestingu fyrir hönd bæjarins, að upphæð kr. 300.000.00, án samráðs við bæjarstjórn, vanrækt að framkvæma samþykktir bæjarráðs og tíðum stungið undir stól erindum til bæjarstjórnar, í stað þess að leggja þau fyrir bæjarráð til úrlausnar, þá samþykkir bæjarstjórn Akraness að segja honum upp bæjarstjórastarfinu frá og með 25. ágúst 1960 að telja."

Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að fela forseta bæjarstjórnar, Hálfdáni Sveinssyni, að gegna bæjarstjórastarfinu fyrst um sinn." Stefnandi taldi uppsögn þessa á starfi hans ólögmæta og taldi sér því eigi skylt að víkja úr embætti. Þar sem stefnandi neitaði að láta af störfum, beiddist bæjarstjórn þess með bréfi til bæjarfógetans á Akranesi, dags. 25. ágúst 1960, að hinn

nýkjörni bæjarstjóri yrði settur inn í embætti bæjarstjóra og veittur aðgangur að bókum og skjölum kaupstaðarins og skrifstofu bæjarins. Stefnandi mótmælti framgangi þessarar gerðar, og lauk því máli á þann veg, að kveðinn var upp úrskurður í fógetarétti Akraneskaupstaðar hinn 31. ágúst 1960 á þá leið, að stefnandi skyldi sviptur umráðum yfir öllum eignum Akraneskaupstaðar, sem hann hefði undir höndum, og þau afhent Hálfdáni Sveinssyni, forseta bæjarstjórnar, f. h. bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Úrskurðinum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Stefnandi vék síðan sama dag úr bæjarstjórastarfinu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að brottvikningin hafi verið ólögmæt gagnvart sér, þar sem hann hafi með kosningunni þann 6. febrúar 1958 verið ráðinn út þáverandi kjörtímabil bæjarfulltrúa, eða til 1. júní 1962. Vitnar hann í þessu sambandi til 30. gr. laga nr. 81 frá 1936 um sveitarstjórnarkosningar. Bæjarstjóri annist framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórna, veiti forstöðu fjármálum bæjarins, annist bréfagerðir bæjarstjórnar og hafi eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Sé hann því fastur starfsmaður bæjarins kjörtímann. Vísar stefnandi um þetta efni til þriggja samþykkta um stjórn bæjarmálefna, 21. gr. samþykktar nr. 91/1945, 23. gr. samþykktar nr. 88/1946 og 18. gr. samþykktar nr. 215/1947. Telur stefnandi því, að bæjarstjórnin hafi ekki haft lögmæta ástæðu til brottvikningarinnar, þar sem sér hafi verið sagt upp starfinu án saka. Mótmælir hann ásökunum þeim, sem koma fram í fyrrgreindri tillögu frá 24. ágúst 1960, og bendir á, að reikningar Elliheimilis Akraness hafi ekki sætt athugasemdum af hálfu endurskoðenda bæjarreikninga og bæjarstjórnin í heild hafi fallizt á það fyrirkomulag, sem haft var, með því að samþykkja áður reikninga, þannig úr garði gerða. Kveðst stefnandi hafa haft samþykki tveggja bæjarráðsmanna til fjárfestingar þeirrar, kaupa Vélasjóðs Akraness á bifreiðinni E 170, sem vikið er að í tillögunni. Þessi kaup, sem hafi reynzt hagkvæm, hafi orðið að gera strax, ef bæjarsjóður átti ekki að verða af þeim. Loks mótmælir stefnandi því, að hann hafi átt sök á upphafi ósamkomulagsins við bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins, þótt hann byði sig fram til þings af hálfu Framsóknarflokksins í alþingiskosningunum í júní og október 1959. Telur stefnandi sig eiga kröfu til fullra launa út kjörtímabilið frá 1. október 1960, kr. 8533.00 á mánuði í 20 mánuði, eða samtals kr. 170.660.00. Fyrirvaralausa brottvikningin hafi auk þess valdið sér miklum miska

og álitshnekki, sér hafi verið borinn á brýn fjárdráttur í þágu bæjarsjóðs, og eigi hann því einnig kröfu til kr. 200.000.00 miskabóta.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi. Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að bæjarfulltrúar þriggja pólitískra flokka hafi staðið að ráðningu stefnanda þann 6. febrúar 1958, og hún hafi verið byggð á samkomulagi þessara flokka. Sé því ljóst, að ráðningin hafi ekki átt að standa lengur en samkomulagið hélzt. Segir svo um þetta efni í greinargerð stefnda: „Svo sem kunnugt er, var þann 6. febrúar 1958 við völd í landinu ríkisstjórn, sem studdist við þá sömu 3 flokka, sem stóðu að ráðningu stefnanda sem bæjarstjóra, og hafði það mikil áhrif á þá ráðningu. Þann 4. des. 1958 fór sú stjórn frá völdum, en þann 24. des. s. á. myndaði Alþýðuflokkurinn einn stjórn og naut til þess skilorðsbundins stuðnings Sjálfstæðisflokksins. Sú stjórn sat fram í nóvemberlok 1959, og á valdatímabili þeirrar ríkisstjórnar var breytt kjördæmaskiptingu landsins, og því fóru kosningar fram tvisvar á árinu 1959. Eftir að stjórn Alþýðuflokksins var mynduð seint í desember 1958, snerist samvinna og samstaða Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins upp í fjandskap, með því að Framsóknarflokkurinn lýsti yfir fullri andstöðu við ríkisstjórn Alþýðuflokksins og gegn kjördæmabreytingunni. Með því að stefnandi, Daníel Ágústínusson, var aðalforystumaður Framsóknarflokksins á Akranesi, varð þá strax mikill ágreiningur milli hans og bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins, sem óx mjög verulega, er stefnandi gerðist frambjóðandi Framsóknarflokksins í Borgarfirði í opinberri baráttu við Alþýðuflokkinn. Segir það sig sjálft, að samstarf stefnanda sem bæjarstjóra við bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins hlaut að fara algerlega út um þúfur, þegar svo var komið. Stefnandi átti fyllilega sinn þátt í því, að svo fór. Þegar hér var komið, var bæjarstjórn Akranesskaupstaðar raunverulega orðin óstarfhæf. Stefnandi hlaut að gera sér það ljóst, að hið fullkomna rof á samstöðu, sem átti sér stað milli Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, gæti, og það mjög eðlilega, leitt til þess, að honum yrði sagt upp bæjarstjórastarfi. .... Stefnandi, Daníel Ágústínusson, var sem forystumaður Framsóknarflokksins á Akranesi mjög virkur þátttakandi í þeim pólitísku atburðum, er ollu breytingunum í samskiptum bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins á Akranesi. Hin breyttu pólitísku viðhorf í landinu, sem verða á árinu 1959,

komu einnig fram á Akranesi og urðu þess valdandi, að allt samstarf milli bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins þar og stefnanda, Daníels Ágústínussonar, fór út um þúfur. Sá meirihluti, sem stóð að ráðningu stefnanda, var ekki lengur fyrir hendi og bæjarstjórn raunverulega óstarfhæf". Í öðru lagi hafnar stefndi algerlega skilningi stefnanda á 30. gr. laga nr. 81 frá 1936 og telur þá grein einungis skapa þá reglu, að bæjarstjóri skuli ekki vera ráðinn til lengri tíma en kjörtímabil bæjarfulltrúanna stendur. Þetta sé sérregla um bæjarstjóra, allir aðrir starfsmenn bæjarfélaga séu ráðnir til óákveðins tíma. Og þegar þess sé gætt, að 4. málsgr. 5. gr. sömu laga setji þá meginreglu, að bæjarstjóri skuli ekki vera í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, þá sé ljóst, að hann sé pólitískur starfsmaður með svipaða afstöðu til bæjarstjórnar og ráðherrar hafa til Alþingis. Séu því ákvæði 30. greinar ekki því til fyrirstöðu, að meiri hluta bæjarstjórnar hafi verið heimilt að víkja stefnanda fyrirvaralaust úr starfi án launa eða bóta, enda hafi stefnandi ekki orðið fyrir nokkrum miska. Ef svo yrði hins vegar litið á, að stefnandi ætti einhverja fjárkröfu á hendur sér, þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi svipt sig henni með þeirri óbilgjörnu framkomu eftir uppsögnina að neita að víkja úr embætti.

Upphaf 2. mgr. 30. gr. laga nr. 81 frá 23. júní 1936 hljóðar svo: „Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa." Þetta orðalag er skýrt og ótvírætt, og verður ekki fallizt á þann skilning stefnda, að greinin ákveði *einungis*, að kjörtími bæjarstjóra megi ekki vera lengri en bæjarfulltrúanna. Samkvæmt 3. gr. sömu laga skulu bæjarstjórnir kosnar til 4 ára í senn. Árið 1958 fóru bæjarstjórnarkosningar fram á Akranesi síðasta sunnudag í janúarmánuði, samkvæmt 4. gr. sömu laga. Þessari lagagrein var breytt með lögum nr. 44 frá 29. maí 1958, og eiga nú næstu bæjarstjórnarkosningar á Akranesi að fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en það er 27. maí 1962. Kjörtímabil þeirra bæjarfulltrúa Akraneskaupstaðar, sem kosnir voru í kosningunum 1958, er því til þess tíma, og þar sem kjörtími bæjarstjóra skal vera hinn sami, framlengdist ráðningartími stefnanda að sama skapi. 33. gr. laga nr. 58/1961 skiptir ekki máli gagnvart stefnanda, en orðalag hennar þykir styrkja þann skilning á 30. gr. laga nr. 81/1936,

sem hér er lagður til grundvallar. Ekki verður fallizt á það með stefnda, að breytt pólitísk viðhorf í landinu eigi að hafa þau áhrif, að ráðningarsamningur stefnanda falli úr gildi bótalaus af þeim sökum einum. Í þessu máli hefur stefndi ekki uppi varnir byggðar á því, að stefnandi hafi brotið af sér í starfinu. Koma því ekki til álita þær sakir, sem bornar voru á stefnanda í tillögunni, sem bæjarstjórn samþykkti þann 24. ágúst 1960. Krafa stefnda um, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti til launa eða bóta vegna neitunar að víkja úr embætti, þykir ekki á rökum reist. Samkvæmt þessu verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina. Ráðning stefnanda var samkvæmt framansögðu til loka maímánaðar 1962. Honum var sagt upp starfinu fyrirvaralaust þann 24. ágúst 1960, en fékk greidd laun til 1. október 1960. Frá þeim tíma og til ágústloka 1961 munu tekjur stefnanda hafa verið kr. 27400.00 auk þingfararkaups í tæplega einn mánuð. Þykir stefnandi eiga rétt til þeirra launa, sem hann hefði borið úr býtum, ef hann hefði gegnt starfinu til loka ráðningartímans, en að frádregnum framangreindum kr. 27400.00 og þeirri fjárhæð, sem ætla má, að hann vinni sér inn frá ágústlokum 1961 út ráðningartímann. Þykja þessar bætur hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00, og er þá haft í huga, að þær eru dæmdar í einu lagi og upphafstími vaxta miðaður við stefnubirtingu, 13. marz 1961.

Eins og atvikum málsins er háttað og lýst er hér að framan, þykir hins vegar ekki efni til að dæma stefnanda miskabætur.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 120.000.00 með 8% ársvöxtum frá 13. marz 1961 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Dóm þennan kvað upp Einar Arnalds, en hann var skipaður setudómari í máli þessu með bréfi Dómsmálaráðuneytisins 19. apríl 1961.

Dómsorð:

Stefndi, Hálfdán Sveinsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Akraneskaupstaðar, greiði stefnanda, Daníel Ágústínussyni, kr. 120.000.00 með 8% ársvöxtum frá 13. marz 1961 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1962.

Nr. 52/1962. **Guðni Vilberg Björnsson**
og
Samvinnutryggingar
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Ólafi Snorra Guðnasyni
(Gústaf Ólafsson hrl.)
og
Skiptaráðandanum í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar (Enginn)
og
Ólafur Snorri Guðnason
gegn
Guðna Vilberg Björnssyni,
Samvinnutryggingum
og
Skiptaráðandanum í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Máli á hendur þrotabúi vísað frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1962 og gert þessar réttarkröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendur verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að þeim verði dæmdur úr hendi gagnáfrýjanda og stefnda, skiptaráðandans í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, in solidum málskostnaður fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, en gagnáfrýjandi verði einnig dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi.

Til vara krefjast þeir, að fjárhæðir þær, sem aðaláfrýjendum var gert að greiða gagnáfrýjanda með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkaðar verulega og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Ólafur Snorri Guðnason, hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 4. maí 1962 og krafizt þess, að aðaláfrýjendur, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, og stefndi, skiptaráðandinn í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum kr. 158.198.75 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins ásamt 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda, skiptaráðandans í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, voru sótt dómþing fyrir Hæstarétti, þar til munnlegur málflutningur fór fram.

Samkvæmt 33. gr. sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878 ber úrlausn málsins, að því er varðar þrotabúið, undir skiptarétt, og ber því að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms og málsmeðferð í héraði að þessu leyti og vísa kröfunni á hendur þrotabúinu frá héraðsdómi.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Eiríks Björnssonar læknis, dags. 16. þ. m., er sýnir, að engar breytingar, sem máli skipta um örorkumat, hafa orðið á heilsufari gagnáfrýjanda.

Fallast má á rök héraðsdómarans fyrir því, að aðaláfrýjendur beri solidariska ábyrgð á tjóni því, sem slysið olli, og að ekki sé ástæða til skiptingar tjónbóta vegna framkomu gagnáfrýjanda í sambandi við það.

Örorkubætur gagnáfrýjanda samkv. 1. lið dómkrafna hans þykja hæfilega metnar kr. 95.000.00 í stað kr. 80.000.00, sem í héraðsdómi greinir.

Að öðru leyti má staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er til upphæða tekur, þó svo, að vaxtahæð reiknast 9% í stað 10% og 7% í stað 8%.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 20.000.00, en málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, að því er varðar þrotabú Jóns Kr. Gunnarssonar, og er kröfum á hendur þrotabúinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður gagnvart þrotabúinu fellur niður.

Aðaláfrýjendur, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Ólafi Snorra Guðnasyni, kr. 112.685.00 með 9% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., hefur Ólafur Snorri Guðnason, Hvaleyrarbraut 11, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 12. maí 1961, gegn skiptaráðandanum í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar útgerðarmanns, Guðna Vilberg Björnssyni bifreiðarstjóra, Herjólfsgötu 28, Hafnarfirði, og Samvinnutryggingum, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum, að fjárhæð kr. 145.585.75, eða annarri lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. des. 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Vátryggingafélaginu h.f., Reykjavík, sem Jón Kr. Gunnarsson hafði ábyrgðartryggingu hjá, var stefnt til réttargæzlu.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 158.198.75, og byggist sú hækkun á nýjum örorkuútreikningi og kostnaði við hann.

Stefndu samþykktu, að hækkun þessi fengi að komast að án framhaldsstefnu.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður látinn niður falla. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar.

Vegna aðildar Guðna Vilbergs Björnssonar og Samvinnutrygginga að máli þessu þykir, þrátt fyrir ákvæði skiptalaga um, að kröfur á hendur þrotabúi skuli bera upp fyrir skiptaráðanda, þessi málsmeðferð óhjákvæmileg, en bú Jóns Kr. Gunnarssonar útgerðarmanns var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar 15. september 1960.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. marz 1960 voru starfsmenn Jóns Kr. Gunnarssonar útgerðarmanns að flytja „asdic"-bát í geymslu í Þórðarskemmu við Norðurbraut hér í bæ. Báturinn var fluttur að skemmunni á palli vörubifreiðarinnar G 494, eign stefnda, Guðna Vilbergs, en hann var bifreiðarstjóri hjá útgerð Jóns Kr. Gunnarssonar. Verkinu var þannig hagað, að bifreiðinni var bakkað að skemmudyrunum, en á skemmugólfið, sem var úr rauðamöl, hafði spírum verið raðað þversum með stuttu millibili frá pallenda bifreiðarinnar og inn eftir skemmunni. Átti að losa bátinn af palli bifreiðarinnar með því að lyfta honum og láta bátinn síga niður á spírurnar. Báturinn var nokkuð lengri en pallurinn, og röðuðu verkamennirnir sér tveir hvoru megin við hann, við afturenda pallsins. Áttu þeir að taka á móti bátnum og styðja við hann, þegar hann rynni niður af pallinum. Gunnar E. Jónsson, verkstjóri Jóns Kr. Gunnarssonar, stóð hægra megin við bifreiðina, framanvert, og stjórnaði verkinu.

Stefnandi stóð hægra megin við bátinn ásamt Finnboga Ólafssyni, en hinum megin við hann voru Páll Hjörleifsson og Úlfar G. Randversson. Stefndi Guðni Vilberg var inni í bifreiðinni og stjórnaði lyftingu pallsins eftir fyrirsögn verkstjóra.

Allir þessir menn hafa komið fyrir dóm og ber frásögn þeirra saman í öllum höfuðatriðum. Stefndi Guðni Vilberg kveðst hafa smályft pallinum ca 1 metra frá grind. Ber öllum saman um, að pallinum hafi verið lyft rólega, nema stefnanda, sem telur, að honum hafi verið lyft nokkuð snöggt. Þegar báturinn rann af stað, virðast þeir, sem áttu að styðja við hann, ekki hafa ráðið við hann sökum ferðar hans og þyngdar. Lenti báturinn ofan á spírunum og velti þeim á undan sér með þeim afleiðingum, að stefnandi og Páll Hjörleifsson urðu á milli með fæturna, þegar spírurnar runnu saman, en við þetta brotnaði hægri fótur stefnanda og fór úr liði um ökla. Hinum mönnunum, Finnboga og Úlfari, tókst að forða sér. Upplýst er, að spírurnar voru lengri en breiddin á palli bifreiðarinnar, þannig, að þeir, sem

áttu að styðja við bátinn, urðu að standa á milli þeirra. Bifreiðin var í kyrrstöðu, er slysið vildi til.

Stefnandi var fluttur í Slysavarðstofuna í Reykjavík, en síðan í Landspítalann, þar sem gert var að meiðslum hans. Þar lá stefnandi í 18 daga, en eftir það var hann í 6 vikur í göngugipsi.

Páll Sigurðsson læknir hefur fylgzt með bata stefnanda og metið örorku hans 23. marz 1961. Þar segir svo um meiðsli stefnanda:

„Hann var óvinnufær til 1/7 1960. Við skoðun hjá tryggingalækni 17/10 1960 þá kom í ljós, að mikill stirðleiki var í öklaliðnum. Hann var þá sendur í æfingameðferð, og við eftirlit 24/11 1960 hafði komið í ljós, að liðurinn hafði liðkazt mikið.

Kom síðast til skoðunar 13/3 1961. Hann hefur unnið fulla vinnu síðan 1/7 1960. Núverandi óþægindi: Kvartar um þreytuverki í ökla og kálfa við stöður og gang, og stundum eru þreytuverkir í hvíld eftir áreynslu.

Skoðun: Gengur óhaltur.

Hægri ganglimur: Nokkur fyrirferðaraukning er um hægri öklann, og rýrnun á hægri kálfa. Kálfinn mælist 2 cm rýrari en vinstri, en öklinn 1 cm gildari. Enginn bjúgur er á legg eða rist. Vel gróið ör eftir aðgerðir á ökla.

Hreyfing	Hægri	Vinstri
Fetta	20°	30°
Beygja	30°	40°

Hverfihreyfing ⅓ af eðlilegri hreyfingu / eðlilegt.

Hreyfingar í öðrum liðum eðlilegar.

Gerð var röntgenskoðun á röntgendeild, Landakoti, 14/3 1961, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Hægri ökli: Situs í hægri talo-crural-lið er góður og skrúfnaglinn í gegnum malleolus lateralis dx. fer vel. Rétt fyrir neðan skrúfnaglann er að sjá dál. brot af nagla í tibia, rétt fyrir innan syndesmosis tibio fibularis og fyrir ofan liðflötinn í öklaliðnum. Brotið í fibula dx. er vel gróið."

Ályktun: Hér er um að ræða fertugan verkamann, sem slasast við vinnu sína fyrir 1 ári síðan og brotnar á hægri ökla og fer úr lið. Hann var alveg óvinnufær 3—4 mánuði eftir slysið, en byrjaði síðan að vinna svipaða vinnu og áður og hefur gert það síðan.

Þau óþægindi, sem maðurinn hefur vegna meiðslisins nú, er nokkur stirðleiki í hægri ökla, og þreyta við og eftir áreynslu.

Vegna þessa slyss hefur maðurinn hlotið varanlega örorku, sem telst hæfilega metin svo:

Í 3 mánuði ..... 100% örorka
– 1 mánuð ..... 75% —
– 2 mánuði ..... 50% —
– 6 mánuði ..... 25% —
og síðan varanleg örorka *10%*."

Stefnandi reisir bótaábyrgð þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar á því, að vinnuveitandi beri fébótaábyrgð á því tjóni, sem starfsmaður hans valdi með saknæmum hætti, en slysið sé að rekja til þess, að verkstjórinn hafi látið framkvæma verkið á gálausan og vítaverðan hátt. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á hendur búinu á því, að vinnuveitandi beri ábyrgð á tjóni, sem hljótist vegna hættulegs atvinnurekstrar eða starfs, sem fyrir hann er unnið.

Bótakröfu á hendur stefnda Guðna reisir stefnandi á 67. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958, þar sem slysið hafi orðið við notkun bifreiðarinnar G 494, eign Guðna. Þá beri stefndu Samvinnutryggingar ábyrgð á tjóninu samkvæmt 2. mgr. 74. gr. sömu laga.

Loks telur hann stefnda Guðna bera fébótaábyrgð á slysinu, þar sem hann hafi átt sök á því með gáleysi sínu við að losa pall bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnda skiptaráðandans í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Guðnasonar er því haldið fram, að slysið hafi hlotizt við notkun bifreiðar og bifreiðarstjóranum hefði borið að ganga úr skugga um, að forsvaranlegt væri að losa bátinn af bifreiðinni, en ekki hlíta verkstjórn annars um það, enda ósannað, að Gunnar E. Jónsson hefði stjórnað verkinu. Varakrafan er byggð á því, að stefnandi hefði hagað sér gáleysislega og beri því að skipta sökinni. Loks er stefnukröfunni mótmælt sem of hárri.

Stefndu Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar reisa sýknukröfur sínar á því, að slysið hafi ekki hlotizt af ökutækinu G 494 í notkun í skilningi umferðarlaga. Við þetta verk hafi ekki komið fram sérkenni bifreiðarinnar G 494 sem ökutækis og sérreglum umferðarlaganna um bótaábyrgð verði því ekki beitt. Vélsturta bifreiðarinnar sé sjálfstætt vinnutæki undir stjórn verkstjóra og á ábyrgð vinnuveitanda.

Bótaábyrgð verði heldur eigi lögð á stefnda Guðna Vilberg samkvæmt almennum skaðabótareglum, þar sem hann hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og farið eftir fyrirmælum verkstjóra.

Varakröfu sína byggja stefndu á því að lækka beri stefnukröfuna og skipta sök.

Af því, sem að framan er rakið um tilhögun verksins, virðist ljóst, að slysið orsakaðist af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að spírur þær, sem lagðar voru fyrir bátinn og hann átti að setjast á, eru svo langar, að mennirnir verða að standa á milli þeirra. Með því að nota styttri tré, gátu stefnandi og félagar hans staðið fyrir utan þau. Í annan stað reynist báturinn svo þungur, að mennirnir réðu ekki við hann, með þeim afleiðingum, að spírurnar riðlast og stefnandi og annar maður til lenda á milli þeirra.

Telja verður, með hliðsjón af þyngd bátsins, að óvarlegt hafi verið að nota ekki styttri spírur undir hann eða hafa á honum bönd, svo hægt væri að halda við hann og stjórna hraða hans niður af pallinum.

Á þann hátt, sem verkið var framkvæmt, var það ekki hættulaust. Upplýst er, að verkstjóri Jóns Kr. Gunnarssonar var viðstaddur og stjórnaði verkinu.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að aðalstefndi þrotabú Jóns Kr. Gunnarssonar beri fébótaábyrgð á því lysi, sem stefnandi varð fyrir í þjónustu Jóns Kr. Gunnarssonar.

Aðalstefndi Guðni Vilberg virðist ekki hafa lyft palli bifreiðarinnar óeðlilega eða ógætilega, og verður honum ekki gefið að sök, að hann fór eftir fyrirmælum verkstjórans í þessu efni.

Eitt af aðaleinkennum flestra vörubifreiða sem ökutækja hefur frá öndverðu verið það, að hægt er að sporðreisa pall þeirra og láta farminn renna niður af honum. Oft er þá bifreiðinni einnig ekið áfram um leið.

Áður var pallinum lyft með handafli, en nú er það gert með vökvalyftu, sem knúin er af vélarafli bifreiðarinnar, eins og í því tilfelli, sem hér um ræðir.

Þar sem bifreið aðalstefnda var þannig í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið og hún er tryggð sem slík, verður að telja, að aðalstefndu Guðni Vilberg og Samvinnutryggingar beri solidariska fébótaábyrgð á slysi þessu ásamt þrotabúi Jóns Kr. Gunnarssonar, samanber 67. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958.

Eigi er annað í ljós leitt en stefnandi hafi í einu og öllu farið eftir fyrirmælum verkstjóra eins og hinir félagar hans, og ekkert er fram komið, er bendi til þess, að hann hafi hagað sér ógæti-

lega eða öðruvísi en þeir, enda sleppa tveir samstarfsmenn hans naumlega, en sá þriðji klemmist einnig á milli trjánna.

Þar sem stefnanda þykir ekki verða gefin sök á því fremur en stefnda Guðna Vilberg, að hann hlýddi verkstjóra sínum, verður krafan um sakarskiptingu eigi tekin til greina. Samkvæmt þessu ber að dæma aðalstefndu til að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyssins.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Bætur vegna örorkutaps	kr. 137.701.00
2.	Lækniskostnaður og útreikningur á fjártjóni vegna örorkutaps	— 2.685.00
3.	Bætur fyrir þjáningar, sársauka, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 25.000.00
		Kr. 165.386.00
	÷ Greiðsla vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins	— 7.187.25
		Samtals kr. 158.198.75

Fjárhæð þessi er í samræmi við hækkun þá, sem stefnandi gerði á kröfum sínum við munnlegan flutning málsins. Hinir einstöku kröfuliðir skulu nú teknir til athugunar.

Um 1. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað út atvinnutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats Páls Sigurðssonar læknis, en því hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar við ákvörðun örorkubóta. Fyrri útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 1. apríl 1961, en hinn síðari 12. janúar 1962.

Stefnandi er talinn fæddur 24. júní 1920 og var því 39 ára, er hann slasaðist. Hann er ókvæntur, en með eitt barn, fætt 1947, á framfæri sínu.

Til grundvallar áætlun sinni um atvinnutjón stefnanda leggur tryggingafræðingurinn atvinnutekjur hans árin 1957—1959, er voru sem hér segir:

Árið 1957 kr. 62.197.01, árið 1958 kr. 79.561.00 og árið 1959 kr. 72.680.00.

Á þessu tímabili starfaði stefnandi hjá tveimur fyrirtækjum, Óðni h.f., Raufarhöfn, og Jóni Kr. Gunnarssyni, ýmist sem verkstjóri eða verkamaður, að eigin sögn. Tryggingafræðingurinn umreiknar þessar tekjur með tilliti til kauplags á slysdegi til

þess dags, sem útreikningurinn er gerður, og með hliðsjón af breytingum á dagvinnutaxta Dagsbrúnar í almennri verkamannavinnu.

Í síðari útreikningi sínum, 12. janúar 1962, hefur tryggingafræðingurinn tekið tillit til þeirra breytinga, sem orðið höfðu á almennum Dagsbrúnartaxta, frá því fyrri útreikningur var gerður. Breytingarnar eru þær, að í júnílok 1961 hækkaði taxtinn um 10%, og í núgildandi kjarasamningi er gert ráð fyrir 4% hækkun 1. júní 1962.

Meðalárstekjur þriggja framangreindra ára, umreiknaðar á þann hátt, sem að framan greinir nema kr. 74.278.00 á tímabilinu frá slysdegi til júníloka 1961, síðan kr. 81.717.00 til maíloka 1962 og eftir það kr. 84.987.00.

Reiknað með 6% ársvöxtum og reynslu af langlífi íslenzkra karla á tímabilinu 1941—1950, áætlar tryggingafræðingurinn verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi kr. 137.701.00, sem er sú fjárhæð, er stefnandi reisir kröfu sína á, samkvæmt þessum lið.

Tryggingafræðingurinn hefur einnig reiknað út atvinnutjón stefnanda, miðað við 7% ársvexti, og nemur sú fjárhæð kr. 127.806.00.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Þegar allt það er virt, sem hér að framen greinir, og höfð er hliðsjón af því, að dæmdar fébætur eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, að miðað er við stöðuga atvinnu og vextir eru nú almennt hærri en 6%, þykja bætur samkvæmt þessum lið að frádregnum þeim bótum, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar greitt, hæfilega áætlaðar kr. 80.000.00.

Um 2. Kröfulið þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum og órökstuddum.

Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og sjúkrasögu hans, eins og hún er rakin í vottorði Páls Sigurðssonar tryggingalæknis hér að framan, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 15.000.00.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að dæma ber aðalstefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 97.685.00 (kr. 80.000.00 + kr. 2.685.00 + 15.000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, og kr. 10.000.0 í málskostnað.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndu, skiptaráðandinn í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Snorra Guðnayni, kr. 97.685.00 með 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og frá þeim degi 8% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 29. desember 1962.

Nr. 184/1962. **Dánar- og félagsbú Eyjólfs Guðmundssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur, Guðmundur Eyjólfsson og Sigurður Eyjólfsson**
gegn
Kristjáni Bjarnasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Kristinn Jónsson og Rögnvaldur Guðjónsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember þ. á., og bárust Hæstarétti skjöl kærumálsins 21. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að niður verði fellt ákvæði 2. tl. hins kærða úrskurðar og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess *aðallega*, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti; til vara, að úrskurður héraðsdóms

verði staðfestur. Hann krefst þess og, að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað in solidum.

Þá hafa Hæstarétti og borizt athugasemdir frá formanni héraðsdóms, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1962.

Úrskurður sá, sem kærður er, er upp kveðinn samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936. Slíkur úrskurður verður ekki kærður samkvæmt téðu ákvæði, 21. gr. laga nr. 57/1962 né öðrum lagaheimildum. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja in solidum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, dánar- og félagsbú Eyjólfs Guðmundssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur, Guðmundur Eyjólfsson og Sigurður Eyjólfsson, greiði in solidum varnaraðilja, Kristjáni Bjarnasyni, kr. 2500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadóms Skaftafellssýslu 13. desember 1962.

Eftir munnlegan flutning málsins hinn 29. f. m. þykir enn hafa komið í ljós, að nokkuð skorti á, að gagnaöflun sé fullnægjandi. Þykir því nauðsynlegt að endurupptaka málið samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 um almenna meðferð einkamála í héraði til frekari gagnaöflunar. Þykir því rétt að veita aðiljum kost á að afla eftirgreindra gagna:

1. Skipun eða dómkvaðningu yfirmatsmanna til að annast yfirlandsskipti á jörðinni Hvoli í Dyrhólahreppi.
2. Reynt verði til þrautar að fá yfirlandsskiptamanninn Kjartan Leif Markússon fyrir dóm sem vitni í málinu, sbr. 130. og 131. gr. laga 85/1936.
3. Annað það, sem framangreind gagnaöflun kann að veita tilefni til.
4. Frestur til gagnaöflunar þessarar skal vera 2 vikur, og kemur málið að nýju fyrir á skrifstofu bæjarfógetans í Kópa-

vogi fimmtudaginn 27. desember 1962, kl. 14. Ákvörðun fyrirtöku á þessum degi er byggð á væntanlegri brottför meðdómsmanns úr landi til langdvalar hinn 7. jan. 1963.

Ályktunarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.